Þingsályktunartillögur.

A.
Afgreiddar til ríkisstjórnarinnar.

1. Veðurfregnir frá Grænlandi.

Á 7. fundi í Ed., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um, að landsstjórnin tryggi veðurstofunni meiri veðurfregnir frá Grænlandi (A. 34).

Á 8. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Jónas Jónsson): Það má nú ef til vill segja, að tilefni þessarar till. sje ekki mikið, en við nánari athugun held jeg þó, að menn muni viðurkenna, að það sje ómaksins vert að sinna þessu máli. Alþingi hefir nú á síðustu árum gert meira og meira til þess að hlynna að veðurstofunni, og þá fyrst og fremst í þeirri von, að veðurstofan geti orðið til þess að styðja sjávarútveginn og með veðurspám hindra hinar miklu druknanir hjer við land. Nú býst jeg við, að menn sjeu yfirleitt ánægðir með það, hvernig öllu hefir þokað áfram með vinnu veðurstofunnar, en þess er að gæta, að við erum ákaflega illa settir hjer, á mótum tveggja strauma, og þessar síðustu vikur, síðan vertíðin byrjaði, hafa einmitt verið átakanleg sönnun þess, hve hættuleg sjósókn er, ekki síst fyrir smábáta, og hve mikil hætta er bundin við útveginn. En í vetur hefir einmitt fengist reynsla fyrir því, að veðurstofan hefir getað sjeð fyrir veður, og að minsta kosti í sumum tilfellum getað hjálpað til að afstýra því, að sjómenn færu á sjó, þegar hættulegt veður var í aðsigi. En eitt af því, sem mest nauðsyn er á fyrir veðurstofuna, til þess að geta sjeð veður fyrir, er að fá sem mestar og áreiðanlegastar fregnir frá

Grænlandi. Danska stjórnin hefir reist þrjár loftskeytastöðvar, og það er spor í rjetta átt, að fyrri hluta dags senda allar þessar stöðvar loftskeyti, sem stöðin hjer tekur á móti. En það hefir ekki tekist að fá stærstu stöðina, sem er í Julianehaab, til að senda skeyti síðari hluta dags, en það telja menn að hafi mesta þýðingu, ef hingað kæmi skeyti þaðan um kl. 5 síðdegis. Þá mundi oft hægt að sjá fyrir norðvestan- og vestanstorma, sem hjer eru hættulegastir. Út af fyrir sig er þetta mjög lítill kostnaður. Ef til þess kæmi, að þau stjórnarvöld, sem fara með þessi mál í Danmörku, vildu fá borgun fyrir, er kostnaðurinn svo lítill, að hann er ekki teljandi, það yrðu máske 20 krónur á viku, en myndi verða stærsta skilyrðið fyrir góðum veðurspám, og gætu orðið að mestu gagni sjerstaklega nú á vertíðinni, þegar mest liggur við. Af því nú að hæstv. atvrh. (MG) er kominn, vildi jeg mega beina því til hans, þótt það heyri ekki alveg formlega þessu efni til, hvort ekki mundi unt að koma því þannig fyrir, að landssímastöðvarnar í helstu verstöðvunum tækju á móti skeytum seint á kvöldin. Það hefir komið fyrir, að stöðvarnar hafa verið lokaðar, þegar veðurspár hafa verið sendar út síðdegis, þannig, að menn í þessum verstöðvum hafa ekki fengið að vita um veðurspárnar fyr en daginn eftir, en jeg geri ráð fyrir, að það væri vel hægt að koma þessu betur fyrir.

Í Vestmannaeyjum veit jeg, að menn hafa gert ýmsar ráðstafanir til þess að veðurskeytin komi að sem bestum notum, og ætti það að vera ástæða til þess að ýta undir menn annarsstaðar að gera slíkt hið sama. Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta. Þetta mál mun heyra undir Grænlandsmálastjórnina og ætti að mega vænta þess, að hún taki vel í þessa kröfu, þar sem ekki verður um nein fjárútlát að ræða.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Út af þessari till., sem hjer liggur fyrir, skal jeg taka það fram, að stjórnin er fús á það að reyna að fá því framgengt, sem í tillögunni felst. En jeg vil um leið upplýsa það, að það er langt frá því, að ekkert hafi verið gert í þessu máli. Veðurathugunarstofan hefir gert sjer mikið far um að fá skeytin frá Julianehaab kl. 5 á kvöldin.

Um jólin í vetur var svo komið, að formaður veðurathugunarstofunnar dönsku símaði til formanns veðurathugunarstofunnar hjer, að ekkert væri í veginum frá þeirra hálfu með að fá skeytin, ef samkomulag næðist við loftskeytastöðina hjer. Það var auðsótt mál við loftskeytastöðina, og var það símað út, en þá hefir eitthvað orðið til fyrirstöðu þar, sem maður veit ekki um nú, en fær væntanlega bráðum að vita. Jeg tek þetta fram til þess að sýna, að veðurathugunarstofan hefir verið að vinna að því marki, sem sett er í till. Jeg býst við, að ekki líði á löngu áður en þetta kemst í lag. Þó þori jeg ekki að fullyrða, að það komi að notum á þessari vertíð, því að það er erfitt að fá fljóta afgreiðslu, þar sem hjer eru svo margir milliliðir. Við verðum að snúa okkur til dönsku innanríkisstjórnarinnar, en hún leitar aftur til stjórnar Grænlandsmálanna.

Á alþjóðafundi veðurfræðinga í Zürich í sumar færði forstöðumaður

veðurathugunarstofunnar hjer þetta mál í tal við formann veðurfræðisstofunnar dönsku, og lofaði hann þá að vera málinu hlyntur. Jeg get bætt því við, að ein af ástæðunum til þess að forstöðumaðurinn var sendur á þennan fund voru einmitt þessi Grænlandsskeyti, af því að það var vitað, að þau hafa mikla þýðingu fyrir veðurspár hjer á landi.

Út af fyrirspurn hv. 1. landsk. (JJ) um það, hvort ekki væri hægt að halda stöðvunum lengur opnum um vertíðina en annars er tilskilið, þá býst jeg ekki við, að neitt sje því til fyrirstöðu.

Vænti jeg svo, að hv. flm. finni ekki ástæðu til þess að kvarta undan undirtektum stjórnarinnar í þessu máli.

Jóhann Jósefsson: Jeg stend ekki upp til þess að kvarta undan undirtektum stjórnarinnar. Jeg vissi það fyrirfram, að hún myndi taka vel í þetta mál. En jeg vildi aðeins bæta nokkrum orðum við það, sem hv. meðflm. minn (JJ) sagði, og þá leggja áherslu á það, að nauðsynlegt er að kippa þessu máli sem fyrst í lag. Mjer skildist á hæstv. atvrh. (MG), að það mundi geta dregist nokkuð á langinn, því að það þyrfti að ganga í gegnum hendur grænlensku nýlendustjórnarinnar. Jeg vænti þess, að framgangi þessa máls verði flýtt svo sem unt er. Þetta er ekki stórt atriði fyrir Dani, að láta að vilja okkar, og álít jeg sjálfsagt að bjóða fulla borgun. Okkur er ekki sæmandi að fara neina betliför til Dana um þetta efni, en kostnaðurinn getur hinsvegar ekki verið mjög mikill. Það, sem mestu máli skiftir, er auðvitað fregnirnar sjálfar. Hv. meðflm. minn sagði, að norðvestan- og vestanveður væru hættuleg. Það er satt, en það eru samt ekki hættulegustu veðrin. Hættulegust eru þau veður, sem eiga upptök sín í suðvestri, svo sem veðurstofan hefir sýnt. Það er þýðingarmesti liðurinn fyrir grundvöll veðurspánna hjerlendis að fá ábyggilegar fregnir úr suðvesturátt. Mjer er kunnugt um, að áhugi sjómanna fyrir veðurfræði fer vaxandi, og ekki síst síðan Alþingi gerði veðurathuganastofuna svo úr garði, að þeir góðu menn, sem þar vinna, fá neytt krafta sinna. Sjómenn vorir kunna að meta starf þeirra og munu færa sjer það í nyt. En eins og jeg tók fram, er það mikil vöntun að fá ekki fregnir úr suðvesturáttinni. Það er undir því komið, hvort skip eru á ferð á þessum svæðum, hvort nokkurt skeyti berst þaðan. Veðurstofan hefir stundum fengið fregnir frá skipum, sem eru stödd á ca. 50. breiddargráðu. Þetta er mjög stopult, þótt það sje gott þegar það tekst. Annars er jeg þakklátur hæstv. atvrh. (MG) fyrir það, hversu vel hann hefir tekið í þetta mál, og vænti jeg þess, að áhersla verði lögð á það, að þetta komist sem fyrst í kring.

Flm. (Jónas Jónsson): Til þess að fyrirbyggja misskilning skal jeg geta þess, að mjer var kunnugt um, að veðurstofan hafði gert alt sem hún gat til þess að fá máli þessu framgengt. En jeg álít, að stjórnin standi betur að vígi með að hrinda þessu máli fram, og því höfum við flm. borið till. fram.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal aðeins geta þess, að alt, sem veðurstofan hefir gert, hefir verið gert í fullu samráði við stjórn-

ina. Annars hefi jeg ekkert á móti því, að þessu verði breytt á þann veg, að stjórnin annist þetta beint. Stjórnin mun gera það sem hægt er til þess að hraða málinu. Jeg geri ráð fyrir, að sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn verði beðinn að annast málið og reka það með þeim hraða, sem unt er.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 38).

2. Lögheimili og bygðarleyfi.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 26. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um lögheimili og bygðarleyfi (A. 57).

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 28. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Eins og öllum er kunnugt, hefir atvinnulíf þjóðarinnar breyst allmjög hin síðari ár. Nýjar atvinnugreinar hafa komið upp og sumar þær gömlu gerbreyst, eins og t. d. sjávarútvegurinn. Þess er því ekki að vænta, að sú atvinnulöggjöf, sem sett var áður en þessar miklu breytingar áttu sjer stað, eigi nú við lengur. Þó er það svo, að við búum enn þá við lög um þessi efni, sem sett voru áður. Eru þau því orðin úrelt og eiga ekki við lengur.

Í till. þessari á þskj. 57, sem jeg hefi leyft mjer að flytja ásamt háttv. þm. Dal. (JG), er stungið upp á því, að skora á stjórnina að endurskoða úrelta löggjöf um atvinnumál, sem ekki á við lengur.

Fyrsti liður till. er um það, að vinnuhjúatilskipunin frá 20. jan. 1866 verði endurskoðuð. Hún er nú orðin rúmlega 60 ára, og þó að öll ákvæði hennar gildi ekki nú, þá er hún þó enn að mestu leyti gildandi. Þegar tilskipun þessi var sett, þá voru hjer alt aðrir tímar en nú; kaupstaðirnir voru þá varla annað en nafnið, samanborið við það, sem þeir eru nú. Stórútgerðin, sem hefir breytt atvinnuháttum þjóðarinnar meira en nokkuð annað, og ýmsir fleiri atvinnuvegir, sem þá voru óþektir, hafa komið upp síðar. Þá var högum svo háttað hjer á landi, að alþýðumenn, sem ekki gátu tekið jörð til ábúðar, áttu ekki nema um tvo kosti að velja, annaðhvort að gerast vistráðið árshjú, eða þá að verða flækingar. Í samræmi við þetta ástand var svo vinnuhjúatilskipunin sett. Eins og þá stóð á gat vistarbandið verið eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt, til þess að koma í veg fyrir flæking og aðra óreglu. En tímarnir eru orðnir alt aðrir nú, og vinnuhjúatilskipunin, sem bygð var á þessu gamla ástandi, getur ekki átt við lengur, enda hygg jeg, að óvíða sje eftir henni farið. Það er svo um öll lög, sem eru á eftir tímanum, að menn hætta að fara eftir þeim.

Í öðrum lið þessarar till. er farið

fram á það, að lögin frá 1907, um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, verði endurskoðuð. Þessi lög eru að vísu ekki nema 20 ára, en þó má segja um þau líkt og vinnuhjúatilskipunina, að þau sjeu úrelt orðin og eigi ekki við lengur. Það er ekki heldur lengur farið eftir þeim, enda ekki hægt að framfylgja þeim. Samkv. þeim lögum er svo til ætlast, að lausamenn kaupi leyfisbrjef. Gjaldið er að vísu ekki hátt, en það mun vera hreinasta undantekning, ef nokkur kaupir slíkt brjef. Og þótt sýslumenn spyrji um ólöglega lausamenn á manntalsþingum, þá hygg jeg, að ekki sje verið að rekast í því að ákæra þá, þó til sjeu. Þetta sýnir, að þessi löggjöf er ekki í samræmi við líf þjóðarinnar.

Þótt við flm. þessarar till. teljum þörf á að endurskoða þau lög, sem nefnd eru þar, og þó við teljum rjett að afnema vistarbandið og önnur slík ákvæði löngu horfins tíma, vegna þess að þau eru bæði órjettlát og óframkvæmanleg, þá er samt ekki svo að skilja, að við viljum losa um öll bönd, svo menn geti lifað og látið eins og þeim sýnist og skotið sjer undan að inna af hendi skyldur sínar við þjóðfjelagið og sveitar- eða bæjarfjelagið. Og við teljum, að ekki megi gera minni kröfur í þessu efni en þær, að hver maður verði að eiga lögheimili og þar með hafa ákveðnar skyldur gagnvert sínu sveitar- eða bæjarfjelagi. Einnig þurfa að vera til ákvæði um, hvar hægt sje að ganga að mönnum til uppfyllingar slíkum skyldum. Í núgildandi lögum, vinnuhjúatilskipuninni og lögunum frá 1907, er að vísu svo ákveðið, að hver maður sje skyldur til þess að eiga lögheimili, en það er svo ótryggilega um þessi ákvæði búið, að hægt er að skjóta sjer undan þeim. Okkur flm. er beinlínis kunnugt um það, að til eru menn, sem fara landshornanna á milli og eiga hvergi neitt fast heimili. Slíkir menn sleppa oft algerlega við að greiða gjöld til sveitarsjóða. Þetta er að fara í vöxt og mun enn aukast vegna útsvarslaganna, sem sett voru í fyrra, þar sem svo er ákveðið, að útsvar skuli lagt á mann þar, sem hann á heima. Það er að vísu heimilt eftir þeim lögum að leggja útsvar á mann þar, sem hann er staddur þegar niðurjöfnun fer fram, ef ekki er kunnugt um heimili hans. En það mun vera til, að slíkir menn segjast eiga heimili í annari sveit og það sje tekið trúanlegt. Er mjer beint kunnugt um, að menn hafa af þessum ástæðum skotið sjer undan að greiða útsvar. Þá eru og önnur vandræði, sem stafa af því, að menn eru heimilislausir, en það eru mál út af sveitfesti þurfalinga. Jeg hefi heyrt, að það hafi komið fyrir, að þurfalingur, sem var búinn að dvelja 20 ár í Reykjavík, var dæmdur á sveit í Mýrasýslu, af því að það varð ekki sannað, að hann hefði haft heimili hjer, þó hann hefði dvalist hjer. Við flm. teljum nauðsynlegt að lögbjóða, að menn skuli eiga lögheimili, og jafnframt ákveðna skilgreiningu á því, hvað sje að eiga heimili. Þó margt sje auðvitað úrelt orðið í þeim lögum, sem í till. er stungið upp á að endurskoða, þá leggjum við flm. hennar þó höfuðáhersluna á það, að ákvæði laganna um skyldu manna til að eiga lögheimili verði gerð ákveðnari og gleggri, og er það höfuðtilgangur okkar með tveim fyrri liðum till.

Þá er jeg kominn að þriðja lið till.,

sem fer fram á það að skora á landsstjórnina að taka til athugunar, hvort ekki sje tiltækilegt að setja lagaákvæði, er gefi sveitar- eða bæjarfjelögum rjett til að takmarka innflutning fólks, sem hætta er á að verði þeim til byrði. Hjer er farið fram á, að hugmynd, sem jeg hefi áður komið fram með, verði tekin til athugunar. Jeg flutti hana fram á þinginu 1924 og aftur 1925, þá ásamt hv. þm. Borgf. (PO) og hv. 2. þm. Skagf. (JS). Á þeim þingum gerði jeg grein fyrir því, hvað fyrir mjer vekti, og þarf jeg því ekki að fara langt út í það nú. Jeg gat um það áðan, að jeg teldi tíma til kominn að afnema vistarbandið með öllu, en hjer legg jeg til, að athugað verði, hvort ekki sje tiltækilegt að taka upp þygðarleyfi í einhverri mynd. Einhverjum kynni nú kannske að finnast ósamræmi í þessu, en svo er þó ekki. Vistarbandið var þvingunarráðstöfun gagnvart einstaklingnum, en bygðarleyfið er það ekki, heldur er það varnaðarráðstöfun fyrir sveitirnar og bæjarfjelögin til þess að verjast hættu. Jeg veit það vel, að frv. um bygðarleyfi, sem jeg hefi áður flutt, hefir mætt mikilli mótspyrnu, bæði hjer á þingi og annarsstaðar. Einkum hafa menn fært þau rök gegn því, að í því væri fólgið ófrelsi, það væri þvingunarráðstöfun. En sömu menn hafa þó viljað takmarka rjett útlendinga til þess að njóta rjettinda hjer. En jeg vil nú halda því fram, að það sje stigmunur, en ekki eðlismunur, að þjóðirnar takmarka innflutning útlendinga og að sveitirnar hefðu rjett til að takmarka innflutning til sín. Þetta er að vísu stór stigmunur, en samt ekki eðlismunur. Hvorttveggja getur verið nauðsynleg varnarráðstöfun. Jeg skal nú ganga inn á það, að lög um bygðarleyfi sje neyðarúrræði, en það er þó nauðsynlegt, nema ef fyrirkomulagi fátækraframfærslunnar yrði gerbreytt. Í stjórnarskránni er það tekið fram, að hver sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer sjálfur, skuli eiga rjett á styrk úr almennum sjóði. En þjóðfjelagið leggur svo þessa byrði á hin einstöku sveitar- og bæjarfjelög, og kemur hún mjög misjafnlega niður. Jeg hefi ekki nein gögn í höndunum til þess að sýna þetta greinilega, en jeg vænti þess, að jeg geti það síðar í sambandi við annað mál. Meðan ríkið varpar þessari byrði á sveitar- og bæjarfjelögin, þá finst mjer þau eiga að hafa íhlutunarrjett um það, hve mikla ábyrð þau vilja taka á innflutningi aðkomufólks. Sama er að segja meðan atvinnuvegum þjóðarinnar er hagað eins skipulagslaust og nú. Það kemur oft fyrir, að á einstöku stöðum safnast fleira fólk saman en svo, að fyrir það sje næg atvinna. Þá finst mjer eðlilegt, að íbúar slíkra staða geti sett takmörk fyrir því, að aðrir komi og taki atvinnuna frá þeim. Jeg gæti hugsað mjer þá leið í bygðarleyfismálinu, að lög um þetta efni væru gefin sem heimildarlög, að sveitarfjelögunum væri heimilað að samþykkja að taka upp bygðarleyfi, ef sjerstaklega stæði á, og þyrfti leyfi stjórnarinnar í hvert sinn til slíkra samþykta.

Í hittifyrra lágu fyrir þinginu mörg frv. viðvíkjandi sveitarstjórnar- og fátækramálum. Meðal þeirra var frv. um bygðarleyfi. Hjer í þessari hv. deild var samþykt till. um að skipa millibinganefnd til þess að undirbúa öll þessi mál undir næsta þing. En í Ed. var þessu breytt á þann veg, að mál-

unum var vísað til stjórnarinnar. Stjórnin hefir orðið við ósk Ed. bæði í fyrra og nú og lagt fyrir þingið frv. viðvíkjandi sveitarstjórnar- og fátækramálum. En í þessum frv., sem komu frá stjórninni, er ekkert frv. eða ákvæði um bygðarleyfi. Jeg vildi nú gjarna, áður en þessi till. kemur til atkvæða, fá að heyra frá stjórninni, hvort hún hafi tekið afstöðu til þessa máls og þá hverja. Ef svo væri, að stjórnin vildi ekkert sinna þessu máli, þá er ekki ástæða til þess að afgreiða þessa till. Þá væri rjettara að flytja þetta mál í frv.-formi. En jeg hefi nokkra ástæðu til að ætla, að það sje af eðlilegum ástæðum, að ekkert hefir enn verið gert í málinu frá stjórnarinnar hendi, og að í því liggi engin yfirlýsing um það, að hún vilji ekki sinna því. Vona jeg að fá að heyra svar hæstv. atvrh. (MG) um það og yfirleitt um það, hvort stjórnin vill taka á móti þessari þáltill. Hjer er ekki farið fram á annað en að stjórnin taki málið til íhugunar, og vil jeg gjarna heyra af munni hæstv. ráðh. (MG), hvort hann sjer sjer ekki fært að verða við þeim tilmælum.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg gæti fyrir mitt leyti greitt atkv. með tveim fyrri liðum þessarar till., en þriðja liðnum er jeg algerlega andvígur. — Að vísu er varla hægt að búast við miklum umbótatillögum, þó að hæstv. stjórn fari að athuga þau mál, sem upp eru talin í fyrri liðum till., en þó er ekki alveg óhugsandi, að eitthvað gott kynni að slæðast með. En verði farið að samþykkja eitthvað í þá átt, sem þriðji liðurinn fer fram á, væri það beint til hins verra.

Það má kallast gleðiefni, að hv. flm. (BSt) hefir nokkuð hopað á hæl í þessu máli, frá því sem verið hefir á fyrri þingum. Nú á aðeins að skora á stjórnina að athuga málið, í stað þess að undanfarið hefir hv. þm. (BSt) viljað setja um það bein lagafyrirmæli. Þó var það auðheyrt, að hann bjóst við, að farin yrði sú leið í málinu, sem hann áður hefir haldið fram. En frv. hans á undanförnum þingum hafa ekki mætt neinum óskapafögnuði. Hjer á þinginu hafa þau sofnað sætt, og enginn efi er á því, að þau hafa mætt meiri mótstöðu en fylgi úti um land. Er þetta engin furða, því að eftir till. hv. þm. (BSt) eiga sveitar- og bæjarstjórnir að ráða því, hvort menn megi setjast að í umdæmi þeirra. Gætu þær þá farið eftir pólitík eða eftir efnahag um það, hvort þær hleyptu mönnum inn í sveitina eða bæinn. Fátækum mönnum yrði alstaðar varnað inngöngu, og yrði þannig tvennskonar „rjettur" í landinu, eftir efnahag manna. Jeg er líka í vafa um, hvert gagn gæti orðið að slíkum lögum. Varla yrðu þau aðallega sett vegna sveitanna, því að ekki heyrist manni vera svo ógurlegt aðstreymi af fólki þangað, að stemma þurfi stigu fyrir það með lagasetningu. Mun því mega gera ráð fyrir, að þeim sje aðallega ætlað að hefta innflutning manna í bæina. Jeg veit nú ekki til, að nokkur bæjarstjórn hafi farið fram á að fá slíka heimild. Og þó að bæjarstjórnir hefðu beðið um slíka heimild, hvað ætti þá að verða um fólkið? Þá fengi fátækur maður aldrei að flytjast

þar inn, sem bjargvænlegast er, heldur yrði hann rekinn aftur með lögregluvaldi. Yrði þá ekki um annað að gera fyrir menn heldur en að flýja land eða sitja kyrrir við hin aumustu kjör og afarkosti.

Engin hætta er á því, sem hampað hefir verið, að menn mundu þyrpast þangað, sem atvinnuleysið er mest. Það er almenn regla, að sje atvinnuleysi á einhverjum stað, leita menn þaðan til þess staðar, sem meiri atvinna er.

Þessi þáltill. og þessi vandræðafrv. um bygðarleyfi, sem hjer hafa verið á ferð að undanförnu, stafa af því, að fátækralögin eru á eftir tímanum. Eina lausnin á þessum málum er að gera alt landið að einu framfærslufjelagi. Þó að e. t. v. sje eðlilegt að hafa einhver rjettindi bundin við búsetu í bæ eða sveit, má það ekki ganga svo langt að gera sveitirnar að ríki í ríkinu. A. m. k. eru fáir sammála bóndanum hjer á Suðurlandi, sem var óánægður við landsstjórnina og vildi, að sinn hreppur sliti öllu sambandi við Ísland.

Eftir því sem samgöngur hafa batnað, hefir orðið tíðara, að fólkið flyttist fram og aftur um landið eftir atvinnunni. Jeg held, að því verði best hjálpað í þeim efnum með því að láta það óáreitt. Skorður eins og þær, sem talað er um í 3. lið tillögu þessarar, verða altaf til hins verra.

Jeg vil því leyfa mjer að biðja hæstv. forseta (BSv) að bera 3. lið till. upp sjer í lagi.

Klemens Jónsson: Enda þótt jeg sje ekki sjerstaklega mótfallinn þessari þáltill., er jeg í vafa um, hvort rjett muni að samþykkja hana núna. Vil jeg í því sambandi fyrst benda á, að hjer er aðeins farið fram á áskorun frá n e ð r i deild, og er hv. efri deild því að engu leyti bundin af þeirri áskorun. og það hefir jafnvel komið fyrir, að þegar deild hefir samþykt tillögu um að láta endurskoða einhver lög, og stjórnin hefir orðið við því og borið fram frv. um efnið, þá hefir sú sama þingdeild eigi viljað fallast á að breyta neitt hinum gömlu lögum. T. d. var fyrir nokkrum árum samþ. í annari þingdeildinni þál. um að skora á stjórnina að endurskoða vinnuhjúalögin. Stjórnin tók því vel og ljet semja ítarlegt frv. til laga um efnið, sem lagt var fyrir hið háa Alþingi 1923. En þá var það felt, og aðalmótbáran gegn frv. var sú, að gamla hjúatilskipunin væri fullgóð enn. Verð jeg að segja, að það væri hart fyrir landsstjórnina að undirbúa nú á ný ítarlegt lagafrv. um þetta efni, en eiga svo á hættu, að alt sje felt á næsta þingi. Er enn þá óheppilegra að samþ. till. nú fyrir þá sök, að kosningar standa fyrir dyrum. Má búast við, að næsta þing verði að einhverju meira eða minna leyti skipað nýjum mönnum, og er það þá enn óbundnara við ályktanir þessa þings en ella. Þó að till. sjálf sje í eðli sínu rjettmæt, hygg jeg ekki rjett að samþykkja hana að þessu sinni af þessum ástæðum.

Þá langar mig til að minnast ögn á 3. lið till., sem mjer virðist vera aðalatriði hennar. Verð jeg að segja, að hv. flm. hafa mikið til síns máls um bygðarleyfin. Það er kunnugt, að áður höfðu sveitarstjórnir vald til að banna mönnum að setjast að innan umdæma þeirra, og var því valdi óspart beitt, einkum þar sem aðstreymi fólks var

mest, svo sem hjer í Reykjavík. Er mjer kunnugt um það af gerðabókum bæjarstjórnar frá fornum tíma, að fjölda manna var synjað bygðarleyfis, og þar á meðal ýmsum, sem síðar urðu mjög merkir menn. Var þessu svo stranglega beitt, að fram yfir 1860 þurftu jafnvel innfæddir menn að tilkynna bæjarstjórn, að þeir ætluðu að setjast að í bænum, eða jafnvel sækja um leyfi til þess. Þetta varð að vonum óvinsælt hjá þjóðinni og lyktaði með því, að um leið og vistarbandið var leyst fyrir 30 árum var þetta vald sveitarstjórna og afnumið.

En síðan hafa komið fram nýjar kröfur, sem gera það vafasamt, hvort ekki þarf að taka til þessa á ný. Er það meðal annars ein af aðalkröfum verkamannaforingjanna, að jafnskjótt og einhver er kominn inn í kaupstað eða sveit, sje sveitarstjórnin skyld að sjá honum fyrir atvinnu. Nú er það svo, að eftir lögum 22. nóv. 1907, um lausamenn, húsmenn og fl., þurfa menn aðeins að skýra lögreglustjóra frá, að þeir ætli að setjast að, og sanna fyrir honum, að þeir eigi vissan bústað eitt ár að minsta kosti (10. gr. laganna). Þó er víst ekki farið of stranglega í þær sakir, því að eftir því sem jeg veit best er algengt, að menn komi hingað til bæjarins og setjist hjer að, án þess að hafa trygt sjer annan bústað en einhverja kjallaraholu í nokkrar nætur. — Ef þeir eru þá þegar orðnir lögmætir borgarar og eiga kröfu á, að bæjarstjórn sjái þeim fyrir vinnu, þá fæ jeg ekki betur sjeð en að nauðsyn sje á, að bæjarstjórn megi hafa hönd með í bagga um það, hverjir til bæjarins flytjast. Gæti það hæglega annars leitt til stórvandræða fyrir bæjarfjelagið. Hjer hefir það komið fyrir, að bæjarstjórn hefir orðið að útvega fjölda manna atvinnu, og getur það hæglega endurtekið sig, jafnvel í enn stærra stíl. Af þessum ástæðum virðist mjer rjett að samþykkja 3. lið tillögunnar, sem ekki fer fram á annað en að a t h u g a, hvort eigi sje tiltækilegt að setja ákvæði um bygðarleyfi í lög. En þó er jeg hálfhræddur, að það komi ekki að gagni að þessu sinni að samþykkja till., af þeim ástæðum, sem jeg hefi áður talið. Væri þó fróðlegt að heyra frá hæstv. landsstjórn, hvort hún teldi sig geta undirbúið slíkt lagafrv. fyrir næsta þing.

Björn Líndal: Jeg gæti nú í raun rjettri fallið frá orðinu, því að það má heita, að hv. 1. þm. Rang. (KlJ) hafi sagt alt, sem jeg ætlaði að segja. En jeg vil þó nota tækifærið til að benda hv. 4. þm. Reykv. (HjV) á, að ein öfgastefnan leiðir jafnan af annari, og er það alveg undantekningarlaus regla. Verður þá síðari villan venjulegast argari hinni fyrri. — Jeg hefi altaf verið á móti frv. þeim um bygðarleyfi, sem fram hafa komið hjer í þinginu, síðan jeg eignaðist hjer sæti, af því að mjer hafa þótt þau ganga í þveröfuga átt við þá, er jeg tel rjetta vera. En það dugir ekki að líta á þetta mál aðeins frá einni hlið, eins og hv. 4. þm. Reykv. (HjV) virðist gera. Þá er helst von um, að rjett leið verði fundin í hverju máli, ef það er skoðað hlutdrægnislaust frá öllum hliðum. En hitt leiðir aldrei til viðurkenningar sannleikans, að einblína á mál frá einni hlið, en loka augunum fyrir öllu öðru.

En þetta gerir einmitt hv. 4. þm. Reykv. (HjV) í þessu máli. Vilji maður finna sannleikann í einhverju máli, er ekki nóg að skoða það frá einni hlið, því að þá er áreiðanlegt, að andstæðingarnir líta ekki heldur á það nema frá einni hlið, hinni gagnstæðu.

Það er alveg rjett, sem virðist vaka fyrir fylgismönnum þessarar till., að af því getur leitt hin megnustu vandræði, að menn þyrpist saman á einn stað og geti síðan heimtað að fá þar undir eins atvinnu og það kaup, er þeim sjálfum sýnist, jafnvel þótt það nái engri sanngirni. En þessi er stefnan hjá jafnaðarmönnum hjer á landi. Einhversstaðar verður að draga takmarkalínuna. Því að varla er það ætlun hv. 4. þm. Reykv. (HjV) að veita mönnum ótakmarkaða heimild til að flykkjast til bæjarins, en reka þá síðan burtu, er þeir koma og heimta að fá atvinnu. — En það er einmitt hin gagnstæða óheillakenning hv. 4. þm. Reykv. (HjV) og annara fylgifiska hans í öfgunum. Og hún er sú, að menn eigi rjettmæta kröfu til góðrar atvinnu, fyrir almannafje, ef ekki er annars kostur, hvar sem þeim þóknast að setjast að. Það hefir komið af stað þessum fáránlegu bygðarleyfisfrumvörpum, þessum margítrekuðu tilraunum til þess að svifta menn persónulegu ferðafrelsi, miklu átakanlegar en nokkurn tíma hefir áður þekst á þessu landi.

Sama stefnan kemur fram í brtt. þessa hv. þm. (HjV) við fátækralögin, að ekki megi flytja þurfaling sveitarflutningi, nema leyfi hans sjálfs komi til. Jeg hefi bent á það áður hjer á Alþingi, út í hvílíkum öfgum þetta lendir. Get jeg nú tekið sama dæmið og áður, þegar um þetta mál hefir verið rætt. Hugsum oss tvo bræður í sveit; þeir eru báðir vel vinnandi menn, en fátækir, og standa að öllu jafnt að vígi. Annar þessara bræðra flyst til Reykjavíkur, en hinn stundar búskap heima. Og einn góðan veðurdag verður bróðirinn, sem til Reykjavíkur fór, styrkþurfi og þarf að segja sig til sveitar. Er þá sanngjarnt að íþyngja bróður hans og öðrum heima í sveitinni með því að þurfa að kosta margfalt dýrara uppihald hans hjer í bænum heldur en ef hann hefði flust heim til þeirra?

Ef hv. 4. þm. Reykv. (HjV) vill eigi gera ranglátan greinarmun á verkamönnum í kaupstöðum og verkamönnum í sveitum, verður hann að breyta þessari stefnu sinni, því að sjeu nokkrir sannkallaðir verkamenn til á þessu landi nú á tímum, þá eru það bændurnir. Engir verkamenn í kaupstöðum komast í námunda við það að leggja á sig eins látlausa erfiðisvinnu og þeir.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal ekki tala langt mál um þessa till. En út af orðum hv. flm. (BSt) vil jeg taka fram, að jeg álít, að stjórninni sje skylt að undirbúa hvert það lagafrv., sem Alþingi óskar. Því mundi hún sjálfsagt telja sjer skylt að koma með frv. um þetta efni fyrir næsta þing, ef till. verður samþykt. Þar fyrir getur það oft verið erfitt fyrir stjórnirnar að semja slík lagafrv., og er engan veginn víst, að þau verði eins og þingið vill. — Verð jeg því að segja, að stjórnin hefir ekkert á móti því að taka við þessari þáltill. og það því síður, sem hún er svo kurteislega

orðuð, að hún fer aðeins fram á, að málið sje athugað, en heimtar ekki, að nein sjerstök ákvæði verði tekin upp í væntanlegt lagafrv.

Um 3. liðinn, bygðarleyfistillögurnar, vil jeg segja það, að mjer finst mjög eðlilegt, að lög um það efni sjeu sett í sambandi við lög um heimilisfesti, eins og hjer er farið fram á. Hitt er alveg rjett, sem hv. 1. þm. Rang. (KlJ) sagði, að þau afdrif, sem vinnuhjúafrv. fekk á þingi 1923, eru ekki sjerlega hvetjandi fyrir stjórnina til að undirbúa frv. um þetta efni. En um slíkt tjáir vitanlega ekki að fást.

Svar mitt er þá í stuttu máli það, að stjórnin er fús að takast á hendur það verk, sem till. leggur henni á herðar, en getur að sjálfsögðu ekki lofað, að það verði þannig af hendi leyst, að meiri hluti hv. deildar geti fallist á till. stjórnarinnar.

Það kemur ekki beinlínis þessu máli við, sem hv. 4. þm. Reykv. (HjV) mintist á fátækralögin. Það mál kemur sennilega bráðum á dagskrá hjer í hv. deild, og gefst þá tækifæri að deila um það. En hitt kann jeg ekki við, að hann sje að hælast um illan undirbúning þess máls, á meðan ekki er sjeð, hvernig hv. deild tekur í það. En sæti það miklum aðfinslum hjer, þá gæti fyrst verið um að ræða, að jeg taki ákúrum frá hans hendi.

Sami hv. þm. (HjV) var eitthvað að tala um það, að ekki væri rjett að hindra með lögum atvinnuleit manna til kaupstaðanna. Þetta finst mjer því undarlegra, sem jeg man ekki betur en gefin væri út nú í vetur auglýsing um að vara fólk við að sækja hingað í atvinnuleit, og mun þetta, eftir því sem jeg best veit, hafa verið gert eftir fyrirlagi þess flokks, er hann telur sig til. Virðist mjer því, að þm. sje hjer í ósamræmi við flokkinn.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Jeg get fyrir mitt leyti verið ánægður með svar hæstv. atvrh. (MG); hann virtist till. velviljaður í því formi, sem hún er fram borin. Vil jeg þakka honum undirtektirnar, en hefi svo ekki ástæðu til að segja neitt frekar út af orðum hans.

Ætla jeg þá að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Hann hóf mál sitt með því að segja um mig, að jeg hefði hopað á hæli frá því, er jeg í fyrstu hefði borið fram frv. um bygðarleyfi. En það er nú svo, að þegar maður kemst ekki þá leiðina, sem maður hafði kosið sjer, þá er að reyna aðra og nýja leið. Jeg hefi nú í þessu máli reynt frumvarpsleiðina tvisvar, en það ekki dugað. Því er það, að þetta mál er nú fram borið í þál.-formi, og það af þeirri einföldu ástæðu, að jeg tel þá leið líklegri til framgangs. Þess vegna get jeg ekki fallist á, að hjá mjer sje um undanhald að ræða í þessu máli. Það er nú líka svo, að oft er heppilegra, að mál komi frá stjórn og að hún undirbúi þau. Því er ekki nema eðlilegt, þó að við flm. reynum þál.-leiðina í þessu máli.

Þá sagði hv. sami þm. (HjV), að frv. mitt hefði átt litlum fögnuði að mæta hjer á Alþingi, og er það rjett. En um hitt efast jeg, að hann fari með rjett mál, er hann segir, að það hafi mætt sömu andúðinni úti um land. Að minsta kosti get jeg frætt hann um það, að margir flokksbræður hans á Akureyri hafa hallast að þeirri hugsun, sem fólst í frv. mínu.

Þá mintist hann á aðstöðu til stjórn-

mála í þessu sambandi og taldi, að hún mundi verða þess ráðandi, hvort maður fengi bygðarleyfi eða ekki. Úr þessari fjarstæðu hans geri jeg ekki neitt og tel óþarft að eyða frekari orðum að henni.

Hann spurði líka, hvað um fólkið ætti að verða, ef það mætti ekki flytja sig neitt, og vildi halda því fram, að það yrði þá að flýja úr landi. En þetta eru öfgar hjá honum eins og ýmislegt fleira, er hann segir um þetta mál. Jeg er þess fullviss, að um bygðarleyfi yrði ekki neitað nema í ítrustu nauðsyn. En af því að slík nauðsyn getur samt verið fyrir hendi, þá þarf þessi heimild að vera til í lögum.

Þá mintist sami hv. þm. (HjV) á atvinnuleysið og sagði, að fólkið mundi ekki sækja þangað, sem atvinnuleysi væri fyrir. Því er til að svara, að reynslan hefir sýnt og sannað, að fólkið fer meira eftir ástandinu eins og það var undanfarið, en athugar minna, hvernig það er á þessum eða hinum staðnum, sem það sækir til. Mjer detta í hug Vestmannaeyjar í þessu sambandi. Þar hefir verið góð atvinna undanfarin ár og fólk streymt þangað í stórum hópum, margir aðeins um stundarsakir, en þó hafa eflaust margir tekið sjer þar bólfestu, því íbúatalan hefir vaxið hröðum skrefum. Í vetur auglýsa svo verkamenn í Vestmannaeyjum, að þar sje um litla vinnu að ræða, og vara fólk við að sækja þangað í atvinnuleit. Þetta sýnir, að fljótt getur skift um og að góð atvinna undanfarið á staðnum dregur menn þrátt fyrir yfirstandandi atvinnuleysi. Það er í slíkum tilfellum sem þessum, að jeg tel bygðarleyfi heppilegt, svo hægt sje að reisa skorður við því, að fólkið flykkist saman, áður en til vandræða kemur, og steypi með því sjálfu sjer í glötun.

Þá fanst honum fjarskylt að nefna ríkisborgararjett í sambandi við framfærslurjett í einstakri sveit. En jeg verð nú að telja þetta töluvert skylt, enda má segja, að sveitarfjelögin sjeu einskonar ríki í ríkinu, sem hafa sín sjermál og sína hagsmuni að verja, eins og ríkið.

Það sem hv. 4. þm. Reykv. (HjV) taldi lausn á þessu máli, að ríkið taki að sjer fátækraframfærsluna, þá má vel vera, að það verði framtíðarskipulagið. Og yrði horfið að því ráði, þá hverfur þörfin til bygðarleyfislaga. Hinsvegar sje jeg ekki, að slík breyting muni komast á í náinni framtíð, og er því þörf á þessu lagaákvæði, á meðan ástandið er hið sama og nú.

Út af ræðu hv. 1. þm. Rang. (KlJ) þarf jeg ekki margt að segja. Hann mælti heldur með till., en ljet þess þó hinsvegar getið, að þar sem kosningar stæðu fyrir dyrum, þá mundi ekki heppilegur tími nú til þess að samþ. slíka till. Þótt hæstv. stjórn legði fram frv. um þetta efni, gæti svo farið, að næsta þing yrði á móti því. Þetta má vel vera, enda mun hann hafa haft í huga þál. um undirbúning vinnuhjúalaga, er samþ. var á þingi 1923, en lítinn árangur hefir borið, þar sem frv. stjórnarinnar um þetta efni náði ekki samþykki 1924.

En svona fer það ekki æfinlega, og mætti í því sambandi benda á, að á þinginu 1925 var stjórninni falið að endurskoða sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfina. Sú till. hefir þó borið þann árangur, að 2 lagafrv. um þetta efni komu frá hæstv. stjórn í fyrra og

náðu bæði samþ., og nú liggja önnur tvö fyrir Alþingi, sem búast má við að nái fram að ganga.

En úr hinu geri jeg ekki mikið, að óheppilegra sje að samþ. till. nú, þó að nýjar kosningar sjeu fyrir dyrum og nýtt þing að meira eða minna leyti setjist hjer næst á rökstóla. Jeg hefi þá trú á mínum málstað, að jeg hefi alveg eins mikla von um, að nýkosið þing taki slíku frv. vel, og það alveg að þessu þingi ólöstuðu.

Hv. þm. Ak. (BL) kallaði þessa stefnu um bygðarleyfi öfgastefnu, er gengi í ófrelsis- og íhaldsátt. En um það ætla jeg ekki að deila. Það getur vel verið, að hjer mæti öfgar öfgum. Að minsta kosti má segja með fullum rökum, að komið sje út í öfgar, hvað ríkið leyfir sjer að leggja sveitarfjelögunum þungar byrðar á herðar. Það hefir verið stefna síðari ára, að þegar þingið hefir ekki sjeð sjer fært að leggja meira á ríkið eða ríkissjóð, þá er ýmsum gjöldum slengt á bæjar- og sveitarfjelögin og það án tillits til þess, hvort þau eru fær um að bera það. Og á meðan slíku heldur áfram, er síst að furða, þó einhver verði til að fara fram á, að sveitarfjelögunum sje veittur einhver rjettur til að verja sig.

Hjeðinn Valdimarsson: Það er aðeins örlítil athugasemd, er jeg vildi gera.

Mjer finst satt að segja, að skörin fari að færast fullmikið upp í bekkinn, þegar á að auka svo vald bæjar- og sveitarfjelaga, að þau geti ráðið því, hvernig einstaklingar þjóðarinnar haga atvinnuleit sinni, og einnig ráðið því, hvort þurfalingur hafi kosningarrjett eða ekki, eins og kemur fram í fátækralagafrv. því, sem hæstv. stjórn leggur nú fyrir þingið. Hv. flm. (BSt) gat þess, að flokksbræður mínir á Akureyri mundu standa nærri þessari till. hans. Um það veit jeg ekkert, en get þó ímyndað mjer, að þeir muni fylgja sumum liðum hennar. En hinu trúi jeg ekki, að þeir sjeu fylgjandi ákvæðinu um bygðarleyfi. Það er vitanlega satt, að það er ekki mikið að gert, þótt einum manni sje synjað bygðarleyfis, en úr því að ekki á að beita ákvæðinu, þá er líka óþarft með öllu að hafa það í lögum.

Hjer í Reykjavík er ástandið svo, að altaf flyst fjöldi manna úr bænum og í hann, svo að segja alla tíma árs og skiftir mörgum hundruðum árlega.

Ef þetta bygðarleyfisákvæði kæmist í framkvæmd, þá mundi þetta falið einhverri undirnefnd bæjarstjórnar eða borgarstjóra, að hafa slíkt mál með höndum, og yrði þá algerlega komið undir geðþótta meiri hl. nefndarinnar eða borgarstjóra, hverjum synjað væri um bygðarleyfi eða ekki. Og þar sem pólitískar bylgjur rísa jafnhátt og í þessum bæ, efast jeg alls ekki um, að þess mundi gæta í framkvæmd laganna, þó að ákvæðið hljóði eitthvað á þá leið, að því skuli ekki beitt nema í ítrustu nauðsyn. Það er aðeins laglegt orðalag, sem enginn mun telja sjer skylt að fara eftir.

Þá komu þeir báðir, hæstv. atvrh. (MG) og hv. flm. (BSt), með það og töldu sem rök fyrir bygðarleyfisákvæðinu, að gefin hefði verið út auglýsing í Reykjavík og Vestmannaeyjum nú í vetur um það að vara menn við að sækja til þessara staða í atvinnuleit. Þeir hefðu nú getað bætt Hafnarfirði við, því að samskonar auglýsing kom frá bæjarstjórninni þar. En jeg get

ekki skilið, hvernig þeir hugsa sjer, að þetta geti talist rök fyrir þeirra málstað. Þetta er óskylt með öllu. Það er alt annað að vara menn við að sækja þangað, sem um litla eða enga atvinnu er að ræða, heldur en að banna mönnum að vera sjálfráða um atvinnuleit sína.

Jeg get þakkað hv. 1. þm. Rang. (KlJ) fyrir stuðning hans við skoðun mína á þessu máli. Hann sagðist vita þess dæmi, að á meðan þessu ákvæði var beitt hefði mörgum verið synjað um bygðarleyfi, sem síðar hefðu orðið með allra merkustu mönnum landsins. Þetta sýnir best, hve ranglát slík aðflutningsbannslög mundu verða í höndum pólitískra klíku-nefnda.

Þá töluðu þeir um það báðir, hv. þm. Ak. (BL) og hv. 1. þm. Rang. (KlJ), að menn heimtuðu strax vinnu og þeir væru hingað komnir. En þetta er fjarstæða. Eftir gildandi lögum er því miður enginn rjettur til fyrir menn að fá að vinna.

Annars lýsir það best þekkingu hv. þm. Ak. (BL) á Reykjavík og atvinnu manna hjer, er hann heldur því fram, að hingað geti allir safnast, og hjer sje sú gullnáma, sem aldrei tæmist. Á hann þar víst við atvinnubætur þær, er bæjarstjórn beitti sjer fyrir í vetur. En um þær er það að segja, að þær eru aðeins notaðar handa nokkrum mönnum, sem hjer eru sveitlægir, og skiftast þeir á um vinnuna. Mun láta nærri, að einstakir menn hafi upp úr þeim sem næst 100—200 krónur yfir mestallan veturinn. Er það ekki trúlegt, að allir Íslendingar mundu safnast til Reykjavíkur til að ná sjer í slíka atvinnu!

Að lokum voru það örfá orð til hæstv. atvrh. Hann gat þess í ræðu sinni, að hann mundi skoða þessa hv. deild sem einskonar æðsta dómstól í meðferð fátækramálanna. En úr því svo er, vildi jeg ráða honum til að skoða hv. deild hæstarjett í fleiri málum og leita þá einnig til hennar um traust handa sjer og stjórn sinni, því jeg veit ekki betur en að hann eða stjórnin sje í minni hluta í þessari hv. deild.

Jón Guðnason: Þó að jeg kveðji mjer hljóðs, þá er það ekki vegna þess, að jeg þurfi miklu við að bæta það, sem hv. meðflm. minn (BSt) hefir sagt um þessa till. okkar. Hann hefir reifað málið vel og rækilega, og það, sem mjer þykir mest um vert, hæstv. atvrh. hefir tekið till. vel, svo að vænta má, að hæstv. stjórn verði við þeim tilmælum, sem í till. felast.

En áður en þessari umr. er lokið vildi jeg nota tækifærið til þess að minnast örlítið á það atriðið, sem fyrir mjer er aðalatriðið, en það er skylda sú, sem ætlast er til, að lögð verði á menn um að eiga lögheimili.

Nú er það að vísu svo, að til eru lög, sem mæla svo fyrir, að menn skuli eiga lögheimili. En þau lög eru svo ófullkomin og gölluð, að oft reynist lítt mögulegt að útvega nokkra vissu um lögheimili manna, enda er svo komið, að margir svíkjast undan þessu ákvæði laganna. Það er því mesta nauðsyn að geta búið svo um hnútana, að fyrirbyggja megi það los, sem á er orðið í þessu efni.

Þegar fjöldi manna á ekkert heimili, reynist oft erfitt og stundum jafnvel ómögulegt að eltast við menn til þess að ná hjá þeim lögboðnum skyldum og sköttum, enda er mjer ekki grunlaust um, að mörgum sje ljóst, hve lögunum er ábótavant, og skjóti

sjer því viljandi undan þeirri skyldu, að eiga lögheimili. Þetta hefir best komið í ljós, þegar menn hafa leitað sveitarstyrks; þá er tíðum erfitt að grafa upp, hvað lengi þeir voru á hverjum stað og hvar þeir þá eru sveitlægir, vegna þessarar óreglu, sem er á um heimilisfangið.

Jeg álít því, að hjer sje um svo stórt mál að ræða, að alls ekki megi dragast lengur en orðið er að setja rækileg ákvæði um þetta efni. Og mjer hefir komið í hug, að naumast væri hægt að fyrirbyggja það los, sem á sjer stað í þessu efni, með öðru móti en því — hvað snertir sveitir að minsta kosti — að öllum væri gert að skyldu að tilkynna hreppstjórum breytingar á heimilisfangi sínu, áður en manntalsþing eru haldin að vorinu, og hreppstjórar leggi síðan fyrir sýslumenn á þingum skrá yfir allar breytingar á heimilisfangi, sem hafa orðið innan hreppsins, ásamt skrá yfir fólk, sem flytti inn í hreppinn og út úr honum. Með þessu móti yrði hægt að leita uppi heimilisfang þeirra, sem ekki eru búnir að útvega sjer það í tæka tíð og tilkynna það.

Svo er eitt atriði í sambandi við þetta mál, sem einnig þyrfti að taka til athugunar. Það hefir komið fyrir — að minsta kosti í þeim sveitum, þar sem jeg þekki til — á seinni árum, að menn, sem hafa dvalið og haft alla atvinnu sína í sveit, þar sem töluverð sveitarþyngsli eru, hafa, til þess að losna við skatta og skyldur, sem á þeim hvíldu, útvegað sjer heimilisfang í annari sveit, þar sem ljettari voru byrðar á hreppsbúum, þótt þeir hafi aldrei í þá sveit komið og hafi ekkert annað saman við hana að sælda. Þetta atriði vildi jeg óska að hæstv. stjórn tæki til athugunar og setti reglur í væntanlegt lagafrv. um þetta efni, svo að mönnum yrði ekki eins auðvelt fyrir og nú að skjóta sjer undan þeim skyldum, sem á þeim hvíla þar, sem þeir hafa alla atvinnu sína og njóta lífsframfæris síns og þeirrar aðstöðu, sem dvöl þeirra í sveitinni að öðru leyti veitir þeim.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það eru aðeins fáein orð til hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Hann var að tala um fátækralögin og dæma þau út frá sínu sjónarmiði. Jeg vildi aðeins segja honum, að jeg álít fullsnemt fyrir hann að dæma um þau, áður en þau hafa komið til atkvæða hjer í þinginu. Jeg get ekki heldur tekið við ákúrum fyrir slæman undirbúning á þeim, fyr en þingið hefir dæmt um þau.

Þegar jeg benti hv. þm. á, að hann hefði sjálfur verið með því að leggja höft á innflutning manna hingað til bæjarins, vildi jeg sýna honum, að hann er í ósamræmi við það, sem hann sagði í dag, sem sje að hafa engar skorður gagnvart fólki í atvinnuleit. Þetta tvent getur ekki samrýmst. Því að slík auglýsing hlýtur að eiga að vera skorður við innflutningi fólks í atvinnuleit; annars er hún meiningarlaus.

Viðvíkjandi því, hvort jeg hefi minni hluta hjer í hv. deild, þá er hv. 4. þm. Reykv. (HjV) innan handar að fá það upplýst á þinglegan hátt. Jeg þarf ekki að kenna honum, hvernig það er gert; vonandi, að hann sje svo vel að sjer í þingsköpum. En jeg vil líka benda honum á, að það eru tvær deildir í Alþingi;

hin deildin hefir líka nokkurn rjett, og verður að taka tillit til hennar, þegar dæmt er um það, hvernig meiri hluta og minni hl. er háttað í þinginu.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vil aðeins lýsa yfir því, að það er með öllu rangt, að jeg hafi nokkurn tíma á nokkurn hátt verið með því að leggja höft á, að menn gætu farið sinna ferða í atvinnuleit. Auglýsingar um það, hvort hægt sje að fá atvinnu á einhverjum stað eða ekki, getur enginn skynsamur maður álitið nein höft, því að auglýsingarnar eru aðeins greiði fyrir menn í atvinnuleit, gefa rjettar upplýsingar.

En viðvíkjandi trausti og vantrausti á hæstv. atvrh. (MG), þá þykist jeg vita, að honum muni kunnugt um, hvernig flokkar skipast í deildunum. En til þess að gleðja sálu hans, læt jeg hann vita, að jeg mun áður en þetta þing er á enda koma með einhverja tillögu þess efnis, að sýnt verði, hvernig hann standi hjer á Alþingi, enda þótt það sje skylda stjórnar að leita trausts í neðri deild, eftir breytingarnar á forsætinu í ráðuneytinu.

Bernharð Stefánsson: Fundartími er bráðum á enda, svo að jeg vil ekki þreyta menn. En jeg verð að leiðrjetta eitt atriði í ræðu hv. 4. þm. Reykv. (HjV), því að annars mætti líta svo á, að jeg hefði farið með ósannindi hjer í hv. deild. Það var út af fylgi flokksbræðra hans á Akureyri við bygðarleyfið. Hann kvaðst ekki vita, hvað þeir á Akureyri vildu taka upp hjá sjer, en þóttist vita, að þeir væru á móti frv. mínu um bygðarleyfi.

En þetta er ekki rjett. Það eru mjög ákveðnir jafnaðarmenn á Akureyri, sem hafa beinlínis tjáð sig samþykka því frv., sem jeg hefi flutt hjer áður á þingi um bygðarleyfi.

Hv. þm. þótti það mjög vel að orði komist hjá hv. þm. Ak. (BL), að sú stefna, sem kæmi fram í bygðarleyfisfrv., væri íhalds- og öfgastefna. Ef þetta er rjett, þá eru góðir flokksbræður hv. þm. þannig innrættir, að þeir fylgja íhalds- og öfgastefnu.

Það er ekki rjett hjá hv. 4. þm. Reykv. (HjV), að jeg álíti, að fólk myndi flykkjast ár eftir ár að þeim stöðum, þar sem atvinna er horfin. En jeg álít, að nokkurn tíma eftir að atvinnulaust er orðið á einum stað, eftir góða atvinnu áður, þá geti þetta átt sjer stað.

Það getur vel verið að vísu, að hjer áður hafi mönnum verið synjað um bygðarleyfi, sem síðar urðu miklir og nýtir menn. En það voru alt aðrir tímar þá. Það var ýmislegt gert þá, sem engum dettur í hug nú. Jeg fyrir mitt leyti er ekkert hræddur um það, eftir þeirri stefnu, sem nú er uppi í þjóðfjelaginu, að ákvæði í þessa átt yrðu misbrúkuð á sama hátt og gert var — ef til vill — fyrir 50—100 árum síðan. Hugsunarháttur manna hefir tekið þeim breytingum síðan í mannúðaráttina.

ATKVGR.

1.—2. liður tillgr. samþ. með 13 shlj. atkv.

3. liður tillgr. samþ. með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, BSt, HStef, HK, JAJ, JG, JÓl, JS, JörB, KlJ, MG, ÓTh, PO.

nei: ÁJ, ÁÁ, BL, HjV, IngB, JakM, JK, MJ, BSv.

Þrír þm. (TrÞ, ÞórJ, MT) fjarstaddir.

Fyrirsögn till. samþ. án atkvgr.

Till. í heild samþ. með 15:4 atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 79).

3. Rannsókn á akvegarstæði.

Á 20. fundi í Ed., laugardaginn 5. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn á akvegarstæði milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Fljótsdalshjeraðs (A. 103).

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 7. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 23. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. mars, var till. tekin til einnar umr. (A. 103, 116).

Flm. (Jón Baldvinsson): Það, sem þáltill. þessi ræðir um, er gamalt áhugamál Seyðfirðinga, alt frá þeim tíma, er ákveðið var, að akbrautin frá Reyðarfirði lægi um Fagradal upp á Fljótsdalshjerað. Stóð þá þegar reipdráttur um það, hvort akbrautin skyldi lögð þá leið eða frá Seyðisfirði um Fjarðarheiði. Að það varð ofan á, að leiðin um Fagradal var valin, var ekki af því, að hún væri styttri, þvert á móti, því hún er töluvert lengri, heldur mun það hafa mestu um ráðið, að talið var, að auðveldara myndi að byggja hana, og minni bratti á leiðinni um Fagradal.

Þó nú að því væri slegið föstu í vegalögunum 1893, að akbrautin skyldi lögð um Fagradal, fjell málið eigi niður á Seyðisfirði, því var altaf haldið lifandi, og nú er sjerstök hreyfing komin á þetta mál og sterkar kröfur um að hrinda málinu í framkvæmd.

Að vísu er til rannsókn á vegstæði yfir Fjarðarheiði, gerð af Sigurði Thoroddsen 1901. En þar sem nú er farið að byggja vegi töluvert öðruvísi en þá, sjerstaklega með tilliti til bílaumferðar, þá virðist óhjákvæmilegt að gera áætlun og rannsókn að nýju, og ætti það ekki að vera tilfinnanlegt, þar sem vegamálastjóri hefir verkfræðinga í þjónustu sinni, sem hann getur látið framkvæma rannsóknina, ef hann hefir eigi sjálfur tækifæri til þess.

Að nauðsyn sje á að leggja þennan veg, þarf ekki að fjölyrða um, því það er öllum vitanlegt, sem til þekkja. Á Seyðisfirði er ein besta höfn á Austfjörðum, og þar er einhver stærsti verslunarstaður Austurlands. Þangað koma öll skip, sem fara til Norður- og Austurlandsins. Liggur því í augum uppi, að jafnstór verslunarstaður sem Seyðisfjörður er þarf að hafa greiðar samgöngur við hið víðáttumikla Fljótsdalshjerað. Eins og jeg gat um áðan, er leiðin milli Fljótsdalshjeraðs um Fjarðarheiði styttri en um Fagradal til Reyðarfjarðar. Þannig er símalínan frá Seyðisfirði að Egilsstöðum ekki nema ca. 22 km., en vegalengdin milli Reyðarfjarðar og Egilsstaða er um 35 km. Að sjálfsögðu má búast við, að vegurinn yrði eitthvað lengri

en símalínan, en fram úr 25 km. mun vegurinn þó tæpast fara.

Í till. okkar flm. er farið fram á, að rannsakaðar verði tvær leiðir, leiðin yfir Fjarðarheiði að Egilsstöðum, og um Vestdalsheiði að Eiðum. Að till. er borin fram í þessu formi nú, er fyrir þá sök, að það getur ekki liðið langur tími þangað til akvegur verður lagður á milli Seyðisfjarðar og Fljótsdalshjeraðs, og því sje rjettara að rannsaka strax báðar þessar leiðir, því vegna Seyðisfjarðar er sama, hvor leiðin er farin. Að vísu er leiðin um Vestdalsheiði dálítið lengri, en vel má vera, að þar sje betra vegstæði.

Jeg geng út frá því sem sjálfsögðu, að þegar vegur þessi verður bygður, þá verði bygging hans að öllu leyti kostuð af ríkissjóði, því hjer yrði um akveg að ræða, sem liggur frá fjölmennum verslunarstað að víðlendu sveitahjeraði. Vænti jeg svo, að háttv. deildarmenn taki þessari tillögu vel, því kostnaðurinn, sem af henni leiðir, getur aldrei orðið tilfinnanlega mikill. Að við viljum láta flýta þessari rannsókn, er til þess, að hægt verði að grípa tækifærið, þegar fje yrði fyrir hendi, og byrja á brautinni.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg get verið hv. flm. þessarar till. þakklátur fyrir að hafa komið fram með hana, því með því hafa þeir að nokkru leyti tekið af mjer ómak.

Á Alþingi 1925 bárust mjer tilmæli frá bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar um það, að jeg hlutaðist til um, að Alþingi legði fyrir stjórnina að láta rannsaka á komandi sumri vegarstæði milli Seyðisfjarðar og Fljótsdalshjeraðs og gera jafnframt áætlun um kostnað við að leggja akveg þar á milli.

Jeg átti þá þegar tal um málið við hæstv. atvrh., sem tók vel í, að rannsókn yrði framkvæmd.

Skrifaði jeg því næst atvinnumálaráðuneytinu brjef, dags. 11. apríl 1925, og beindi þeirri fyrirspurn til þess, hvort bæjarstjórnin myndi ekki mega vænta þess, að rannsóknin og kostnaðaráætlunin yrði framkvæmd sumarið 1925, þótt engin þáltill. þar að lútandi lægi fyrir. Þessu brjefi mínu svaraði atvinnumálaráðuneytið 9. maí 1925 á þá leið, að vegamálastjórinn eða aðstoðarmaður hans myndu athuga þetta vegarstæði þá um sumarið, þegar færi gæfist. Þetta svar ljet jeg mjer svo nægja.

Á síðasta þingi fjekk jeg svo að vita, að rannsókn þessi hefði ekki farið fram sumarið 1925, og að engin kostnaðaráætlun hefði heldur verið gerð. En þá var aftur talið sjálfsagt, að rannsóknin færi fram sumarið 1926.

En þrátt fyrir þetta mun engin ábyggileg rannsókn á vegarstæðinu hafa farið fram síðastliðið sumar. Hefði jeg því orðið að bera fram þáltill. um málið á þessu þingi, ef hv. flm. hefðu ekki borið fram till. á þskj. 103.

Áhugi manna á Seyðisfirði fyrir málinu fer mjög vaxandi. Verslunarmannafjelagið þar tók það fyrst að sjer og skipaði nefnd í það. Þessi nefnd skilaði ítarlegu nefndaráliti, sem fjelagið fjelst á. Gekst það síðan fyrir því, að almennur borgarafundur var haldinn um málið nú í vetur. Skoraði sá fundur svo aftur á bæjarstjórnina að beitast fyrir málinu. Bæjarstjórnin

tók það síðan fyrir á fundi, og hefir nú snúið sjer til mín með kröfur sínar. Fer hún ekki aðeins fram á, að vegarstæðið á Fjarðarheiði verði athugað næsta sumar og áætlun gerð um kostnað við byggingu akbrautar yfir hana, heldur fer hún líka fram á, að veitt verði fje í fjárlögum fyrir 1928 til vegarins.

Skjöl þessa máls hefi jeg lagt fram í lestrarsal Alþingis, og nú eru þau hjá hv. fjvn. Nd. til athugunar. Jeg tel hinsvegar þáltill. eins og hún liggur fyrir nú óþarflega víðtæka og er hræddur um, að það verði til að tefja framgang málsins. Hún fer fram á, að rannsakað verði vegarstæði bæði yfir Fjarðarheiði og Vestdalsheiði, og að áætlun verði gerð yfir kostnað við byggingu akbrautar yfir þær báðar.

Það eru nú fyrst og fremst engin líkindi til, að vegarstæði yfir Vestdalsheiði myndi reynast betra en yfir Fjarðarheiði, síst ef ætlast er til, að vegurinn liggi niður að Eiðum. Þegar um það hefir verið rætt að leggja akveg yfir Vestdalsheiði, hefir verið gengið út frá því, að hann komi niður Hjeraðsmegin við Tókastaði, en sá bær er nokkuð langt fyrir innan og ofan Eiða, svo vegur að Eiðum þessa leið mun vera lengri en frá Seyðisfirði yfir Fjarðarheiði að vegamótum Austurlandsvegar og akbrautarinnar yfir Fagradal.

Vestdalsheiði er, ef jeg man rjett, að minsta kosti 200 fetum hærri yfir sjávarmál en Fjarðarheiði, og enginn vafi er á, að viðhald akvegar yfir hana yrði miklu dýrara en viðhald vegar yfir Fjarðarheiði, sem er flöt brúna á milli.

Eftir vegalögunum frá 1924 telst vegurinn yfir Vestdalsheiði til fjallvega, en vegurinn yfir Fjarðarheiði til þjóðvega. Og samkvæmt vegalögunum hvílir ekki önnur skylda á ríkissjóði, að því er fjallvegi snertir, en að þeir sjeu gerðir reiðfærir og varðaðir, sem nauðsyn ber til. Hinsvegar má samkvæmt þeim gera þjóðvegakafla akfæra á kostnað ríkissjóðs, þegar það er álitið gagnlegt, og ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, gegn framlagi á ákveðnum hluta kostnaðarins frá hlutaðeigandi sveitarfjelögum eða sýslufjelögum.

Þess er því síst að vænta, að Alþingi myndi fáanlegt til þess að leggja fram nokkra verulega upphæð til akvegar yfir Vestdalsheiði, en Austfirðingum væri um megn að leggja veginn að mestu á sinn kostnað. Hinsvegar er ríkissjóði skylt að kosta akveg yfir Fjarðarheiði, því enginn vafi getur leikið á því, að sá vegur er nauðsynlegur, bæði fyrir Seyðisfjarðarkaupstað og Fljótsdalshjerað, og ný rannsókn mun sýna, eins og rannsókn Sigurðar Thoroddsens verkfræðings, sem gerð var nokkru eftir síðustu aldamót, að vel er gerlegt og hlutfallslega ekki dýrt að leggja akveg yfir heiðina og halda honum við.

Þá er og þess að gæta, að væntanlegur akvegur yfir Fjarðarheiði kemst í samband við Fagradalsbrautina og Austurlandsveginn, sem aftur stendur í sambandi við Norðurlandsveginn, en hann við Vesturlandsveginn, sem nær að vegamótunum við Ártún í Mosfellssveit. Akvegur yfir Vestdalsheiði myndi hinsvegar ekki komast í samband nema við sýsluveginn um Eiðaþinghá og hreppavegi og því vera alls-

endis ófullnægjandi, bæði fyrir Seyðisfjarðarkaupstað og Fljótsdalshjerað.

Loks myndi rannsókn á tveim leiðum og tvær kostnaðaráætlanir verða helmingi dýrari fyrir ríkissjóð en á annari leiðinni og spurning um, hvort hægt væri að framkvæma undirbúninginn á næsta sumri, ef um báðar leiðirnar væri að ræða. Hinsvegar er enginn vafi á því, að hægt er að rannsaka aðra heiðina á einu sumri og útbúa kostnaðaráætlun um verkið.

Af þessum ástæðum hefi jeg leyft mjer að koma fram með brtt. á þskj. 116, sem fer í þá átt, að rannsóknin nái aðeins til Fjarðarheiðar. Vænti jeg þess, að henni verði vel tekið af hæstv. stjórn, flm. þáltill. á þskj. 103 og af hv. deild og tekin til greina af hæstv. stjórn, svo að frekari dráttur verði ekki á þessu máli.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er rjett hjá hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), sem hann sagði um rannsókn á vegarstæði yfir Fjarðarheiði, að það hefir verið lagt fyrir vegamálastjóra 1925 að rannsaka vegarstæði þarna, en af þeirri rannsókn hefir ekki orðið enn. Jeg hefi átt tal við hann um þetta mál. Segist hann hafa farið þarna um tvisvar og athugað vegarstæðið, en ekki álitið ástæðu til að leggja vinnu í það, þar eð hæpið væri, að vegurinn yfir þessa heiði myndi nokkurn tíma verða ofan snævar nema lítinn hluta ársins. Jeg hefi sagt honum, að það væri ekki næg afsökun, og beðið hann um að gera alvöru úr því í sumar að rannsaka vegarstæði þarna, og hefir hann lofað því. En jeg vil jafnframt geta þess, að þótt vegamálastjóri hafi tvo menn sjer við hlið, þá hafa þeir mjög mikið að gera, svo að jeg dreg það mjög í efa, að komist verði yfir að rannsaka vegarstæði á báðum heiðunum. Það er alls ekki svo lítið verk að gera kostnaðaráætlun um vegarlagningu á svona erfiðu svæði. Það er ekki nóg að fara þar um sem ferðamaður, heldur verður að athuga alt sem vandlegast, gera mælingar og afla athugana og upplýsinga kunnugra manna austur þar um snjóalög o. fl. Jeg vildi aðeins sýna fram á, að það er ekkert áhlaupaverk að gera svona rannsókn, og því er ekki vert að fara að samþykkja meira af ályktunum en komist verður yfir að framkvæma.

Jónas Jónsson: Út af ræðu hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) vil jeg segja það, að mótbáran um möguleikana á því að rannsaka vegarstæði á Vestdalsheiði hefir ekki við mikil rök að styðjast. Ef rannsókn leiddi í ljós, að betra væri að leggja veginn yfir Vestdalsheiði, myndi vegalögunum áreiðanlega verða breytt í það horf að gera þann veg að þjóðvegi, svo að vegarlagningin yrði ekki á ábyrgð hjeraðanna. Það liggur nú fyrir þinginu breyting á vegalögunum, að vegurinn frá Eiðum verði tekinn í þjóðvegatölu.

Enn liggur ein ástæða til þess, að jeg áleit rjett að athuga Vestdalsheiðarveginn, sú, að eins og hv. þm. (JóhJóh) veit, þá hafa kunnugir menn á Seyðisfirði talað um það, að leggja mætti veginn upp svokallaða Stafi, en kæmi niður norðar en Fjarðarheiði, hjá Eiðum. En okkur er það ekkert kappsmál, heldur hitt, að ýta málinu áfram, og get jeg vel sætt mig við, hvora leiðina samþykt verði að rannsaka. Og þótt syðri leiðin yrði valin, hefði það

samt fræðilega þýðingu að hafa rannsakað norðurleiðina.

Eins og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) veit, hefir verið talað um norðurleiðina. Ef ekki væri rannsökuð nema önnur leiðin, gæti það orsakað hreppapólitík, það gætu myndast straumar á móti henni, bæði á Seyðisfirði og á Hjeraði. Gæti þá rannsókn, sem sýndi kostnaðarmismun, kveðið þá mótstöðu niður og skorið úr ágreiningi.

Það væri gott, ef hæstv. atvrh. (MG) gæti látið rannsaka, þó ekki væri nema aðra leiðina í sumar. Það er því meiri ástæða til þess, sem, eins og sjá má af blöðum eystra, seyðfirskir borgarar leggja mikla áherslu á þetta mál og tala um að leggja fram mikinn hluta kostnaðarins sjálfir. Og þótt þess sje ekki þörf, eins og aðalflm. tók fram, þá er þetta þó vottur þess, að Seyðfirðingum er hjer full alvara. Jeg tek þetta fram til að sýna áhuga þeirra.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vona, að enginn hafi skilið orð mín svo, að jeg hafi verið mótfallinn því að rannsaka vegarstæði á Vestdalsheiði. En jeg álít ekki heppilegt að skora á stjórnina að láta rannsaka báðar leiðirnar að sumri, því að það væri ekki hægt nema með miklum kostnaði. En það er ekkert við það að athuga, þótt rannsakaður væri kostnaðurinn við vegarlagningu á Vestdalsheiði, þótt jeg sje viss um, að Fjarðarheiði yrði valin, af þeim ástæðum, sem jeg nefndi áðan, og það gæti haft verkanir í þá átt að gera alla ánægða, ef rannsókn sýndi, að alt mælti með Fjarðarheiði.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það er ekki ástæðulaust, að þessi tillaga er fram komin. Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) hefir gert tilraun til þess að koma þessu máli á leið við stjórnina. Jeg vona nú, að í hvaða formi sem till. verður samþ., þá verði það tillit tekið til þessarar hv. deildar, að stjórnin láti á næsta sumri þá rannsókn fram fara, er í till. felst. Seyðfirðingar eru orðnir langeygðir eftir þessari rannsókn og vildu fá fjárveitingu í fjárlögum 1928. En til þess var málið ekki nægilega undirbúið, að hægt væri að veita fjeð. Hefði rannsókn verið gerð sumarið 1925, þá hefði nú verið hægt að veita hið umbeðna fje. Vona jeg því, að rannsóknin dragist ekki lengur. Mjer fanst hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) gera of mikið úr því, að vegur yfir Vestdalsheiði gæti ekki komið til mála. Það þarf að fara fram ný rannsókn á báðum heiðunum, en hægt er að styðjast við eldri athuganir. Og þegar fyrir liggja eldri skýrslur um báða vegina, þá ætti kostnaðurinn við nýja rannsókn að verða minni.

Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) sagði, að Vestdalsheiðarvegurinn þyrfti meira viðhald. Þetta myndi koma í ljós við rannsókn. En jeg bið hv. þm. að athuga það, að verði sá vegur ekki rannsakaður, getur það verið notað sem ástæða á móti fjárveitingu til vegarins. T. d. gætu menn úr öðrum hjeruðum, sem vildu fá vegi hjá sjer, sagt, að þetta mál væri lítt undirbúið, Vestdalsheiðin væri hentugri. Væru báðar leiðir athugaðar, væri ekki hægt að segja það. Niðurstöður rannsóknanna sýndu, hvar best væri að leggja veginn, og slægju þannig vopnin úr höndum þeirra, er standa kynnu á móti fjárveitingu. Samt er mjer ekkert kappsmál um, að tillagan verði samþykt óbreytt. En þetta síðastnefnda var ástæðan til þess,

að við flm. tókum báðar leiðirnar upp í till. Viðvíkjandi því, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði, þá getur maður nú vænst þess, að rannsókn fari fram í sumar, og því fremur, sem till. verður samþ. Er þess og að vænta, að hann láti ekki vegamálastjóra haldast uppi að ganga fram hjá vilja þingsins, heldur gangi ríkt eftir því, að rannsókn fari fram. Hæstv. atvrh. (MG) mæltist til þess, að ekki yrði samþykt mikið af till. Það er nú ekki gott að hindra þm. í því að koma fram með áhugamál sín í tillöguformi, þau er þeir álíta að nauðsynlegt sje að rannsaka. En jeg vænti þess, að hæstv. ráðh. (MG) sjái um, að ef vegamálastjóri og starfsmenn hans komast ekki yfir að rannsaka þetta, þá verði þeim fengin nægileg aðstoð til þess að rannsaka það, sem tillagan fer fram á.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil aðeins gera þá örstuttu athugasemd, að jeg held, að ekki geti verið um að ræða að leggja akveg aðra leið en yfir Fjarðarheiði, enda er það sú leið, og engin önnur, sem farið er fram á í skjölum málsins, að lögð verði.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætlaði að benda á það sama og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) nú hefir gert. Annars voru það tvö atriði í ræðu hv. 5. landsk. (JBald), sem jeg vildi leiðrjetta. Hann sagði, að ekki væri hægt að veita nú þegar fje til akvegarins, af því að engin kostnaðaráætlun hafi verið samin. Það er vissulega hægt að veita fje, þótt svo sje, því að þótt veittar væru t. d. 100 þús. kr., væri það vissulega óhætt, þar sem allur vegurinn mun koma til að kosta á 3. hundrað þús. kr. Það hefir verið athugað, hvað vegurinn myndi kosta, og þegar tillit er tekið til kostnaðarauka fram úr áætlunum á öðrum vegum, kostar hann minst 350 þús. kr. Það er því ekkert afgerandi, þótt kostnaðaráætlun vanti. Vilji einhverjir þm. koma fram með fjárveitingartill. við fjárlögin til þessa vegar, er það alhægt. Hv. 5. landsk. (JBald) getur komið fram með slíka till., ef hann vill.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það lá ekki í orðum mínum, að ómögulegt væri að veita nú þegar fje til þessa vegar. En af því að hæstv. ráðh. (MG) skoraði á mig að koma með brtt. við fjárlögin um fje til vegarins, þá vil jeg skora á hann að flytja í hv. Nd. till. um 100 þús. kr. til vegarins. Jeg skal styðja þá till., er hingað kemur. Og þar sem hann nú hefir lagt til, að veittar verði 100 þús. kr., þá vona jeg, að honum sje alvara, og að hann noti vald sitt í flokki sínum til þess að fá henni framgengt.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg dró það ekkert í efa, að hv. 5. landsk. (JBald) vildi flytja till. um fje til þessa vegar. Hann er jafnan ör á landsfje. En þar sem hann var að barma sjer yfir því, að ekki væri hægt að flytja till. um fjárframlag til þessa vegar vegna dráttar á kostnaðaráætlunum, þá vildi jeg sýna honum, að svo er ekki. En það lá ekki í orðum mínum, að jeg ætlaði að flytja till. Jeg hefi þegar útbúið fjárlagafrv., og þar er mitt svar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg slæ því föstu, að hæstv. ráðh. (MG) hefir dregið sig til baka með fjárveitinguna, sem hann bauð fram áðan.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg slæ því föstu, að hv. 5. landsk. (JBald) flytur ekki till. af því að hann heldur, að það sje til einkis, ef jeg flyt hana ekki líka. Sýnir þetta traust hans á mjer.

ATKVGR.

Brtt. 116 samþ. með 9:1 atkv.

Tillgr. svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgreidd sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 150).

4. Síldarverksmiðja á Norðurlandi.

Á 12. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. febr., og á 13. fundi í Nd., sama dag, var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á kostnaði við að byggja fullkomna síldarverksmiðju á Siglufirði (A. 49).

Á 2. fundi í Sþ., laugardaginn 5. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 4. fundi í Sþ., fimtudaginn 24. mars, var till. tekin til einnar umr. (A. 49, 179).

Flm. (Magnús Kristjánsson): Eins og kunnugt er, hafa þinginu borist áskoranir um að reyna að finna einhver ráð til viðreisnar atvinnuvegum landsins, einkum sjávarútveginum. Þessi tillaga á að vera frá minni hálfu einskonar tilraun til þess að svara þessari spurningu að einhverju leyti, að því er snertir síldarútveginn. Tillagan stendur í nánu sambandi við samþyktir, sem gerðar voru á síðasta þingi. Á jeg þar við lög um sölu á síld o. fl., sem samþykt voru á síðasta þingi. Jeg álít, að þau lög hafi að vissu leyti stefnt í rjetta átt, en hinsvegar voru þau ekki nægileg til þess að ráða bót á hinum miklu vandkvæðum, sem verið hafa undanfarin ár á þessum atvinnurekstri. Þessi lög hafa ekki komist til framkvæmda, og verð jeg að telja það illa farið. Þess ætti þó að mega vænta, að stjórnarvöld og aðrir hlutaðeigendur muni hjer eftir taka á sig meiri rögg en áður, til þess að þessi lög, sem að miklu gagni gætu orðið, væru ekki látin liggja ónotuð. Það kann að vera, að jeg víki lítillega að því síðar, hversu mikið tjón gæti af því hlotist, ef nokkur verulegur dráttur yrði á framkvæmdum í þessu efni.

Það er þegar fengin áþreifanleg reynsla um það, að síldarútvegur verður ekki að jafnaði rekinn með hagnaði hjer við land, nema samvinna eigi sjer stað meðal atvinnurekenda og hún hafi að baki sjer stuðning löggjafarvaldsins. Þetta hafa vitrir menn fyrir löngu sjeð. Vil jeg í því sambandi nefna þá Böðvar Bjarkan lögfræðing og Óskar Halldórsson útgerðarmann, sem báðir hafa ritað talsvert um þessi mál. Jeg álít, að þeir eigi heiður og þakkir skilið fyrir þá framsýni og þann áhuga, sem þeir hjer hafa sýnt.

Eins og kunnugt er, varð mikið tjón

á þessum atvinnuvegi árið 1919. Jeg hygg, að ekki sje ofmælt, að þá hafi margar miljónir tapast. Jeg skal ekki staðhæfa, hvað mikið tapið hefir verið, en jeg hugsa, að óhætt sje að segja, að það hafi ekki verið minna en 10 miljónir. Jeg verð að leyfa mjer að geta þess, hvort sem það þykir viðeigandi eða ekki, að þetta ólán hafi stafað af því, að mönnum hafi ekki verið ljós nauðsynin á skipulagsbundinni samvinnu meðal atvinnurekenda. Einmitt það, að hvarflað var frá fyrirkomulaginu, sem tekið var upp 1918, um sölu síldar á einni hendi, hefir valdið miklu tjóni. Þá tókst fyrir harðfylgi ýmissa manna að koma því í kring, að stjórnin annaðist sölu á síld, og þetta gafst ágætlega. En svo tókst svo illa til, að strax var hvarflað frá þessu, enda var þess þá ekki langt að bíða, að ólánið steðjaði að.

Það má að vísu segja, að þetta standi ekki í beinu sambandi við tillöguna sjálfa, sem hjer liggur fyrir. Þó finst mjer það ekki vera úr vegi að minnast á það, sem á undan er gengið.

Út af þessu óstandi vaknaði hjer talsverður áhugi meðal útvegsmanna til þess að gera einhverjar ráðstafanir til umbóta. 1921 var svo gerð tilraun til þess að stofna skipulagsbundinn fjelagsskap meðal útgerðarmanna. Að því kom, að margir hinna stærri útgerðarmanna mynduðu með sjer fjelag. Fyrir þinginu 1921 lá frv. um útflutning og sölu síldar. Jeg var flm. að þessu frv. Svo virtist sem þingmenn væru yfirleitt málinu fylgjandi og sæju nauðsyn þess, en samt fór svo, að við meðferð málsins komu fram brtt., er drógu úr aðalhugsun frv., og að síðustu var alveg kipt undan því grundvellinum, þannig að þegar málið fór út úr þinginu, var ekki annað eftir af því en heimildarlög handa ríkisstj. til þess að taka að sjer sölu á síld. Framkvæmdir urðu engar, eins og við var að búast. Að þessu hefir útvegurinn búið hingað til, og árlega hefir tapast stórfje, á móts við það, sem hefði þurft að vera, ef vel hefði verið á haldið.

Till. á þskj. 49 er í raun og veru ekki svo margbrotin, að miklar málalengingar þurfi til þess að skýra hana. Hún er fram komin til þess að reyna að tryggja það, að þegar farið er að takmarka sölu á síld, þá verði líka sjeð fyrir því, að fyrir hinn hlutann, sem ekki er saltaður og fluttur út, fáist sannvirði. Eins og kunnugt er, eru bræðslustöðvar norðanlands allar í höndum útlendinga. Afleiðingin er sú, að þessar verksmiðjur hafa, eins og ekki er óeðlilegt, notað aðstöðu sína til þess að fá hrávöruna með sem lægstu verði. Þetta er venjuleg og eðlileg verslunaraðferð. En þó að það sje mjög æskilegt fyrir þá atvinnurekendur, sem að verksmiðjunum standa, liggur það í hlutarins eðli, að hið gagnstæða á sjer stað um þá, sem með ærnum kostnaði fást við síldarframleiðsluna. Það er ekki ofmælt, þó að sagt sje, að verðlagið hafi ekki staðið í neinu skynsamlegu hlutfalli við framleiðslukostnaðinn. Þegar boðnar eru 8—9 krónur fyrir hverja máltunnu, er það þriðjungi of lágt. Mjer er óhætt að fullyrða, að hið sanna verðgildi vörunnar er þriðjungi til helmingi hærra en framleiðendurnir eiga kost á að fá fyrir hana. Jeg álít því, að eina ráðið til þess að halda vörunni í sannvirði sje stofnun fjelags, sem sjái um,

að framleiðendur geti notað sjer alla framleiðsluna sjálfir, með því að eignast þau tæki, sem þeir þurfa til þess að geta hagnýtt sjer hana.

Úr því að málið er ekki lengra á veg komið en þetta, er auðsjeð, að því verður ekki nægilega fljótt hrundið í framkvæmd, nema löggjafarvaldið komi til. Tillaga mín fer nú fram á, að þingið hlutist til um, að hæstv. stjórn hafi forgöngu í að láta rannsaka, hvað slíkt fyrirtæki mundi kosta. Jeg vona, að sá kostnaður verði ekki tilfinnanlegur, þar sem í þjónustu landsins eru ýmsir verkfræðingar, sem væru færir um að inna þetta af hendi án þess að vanrækja önnur störf sín.

Menn kunna nú að óttast, að á bak við þessa hugsun mína liggi einhver hætta. Þar sem jeg hefi verið kallaður „einokunarpostuli", kynnu menn að halda, að jeg mundi hjer sem annarsstaðar beita mjer fyrir ríkisrekstri. Jeg mundi að vísu ekki vera á móti honum, en jeg býst við, að sá væntanlegi fjelagsskapur sjái sjer hag í að taka fyrirtækið í sínar hendur og láta ríkið fá kostnaðinn fullkomlega endurgoldinn, bæði undirbúningskostnað þann, sem af rannsókninni leiddi, og auk þess stofnkostnaðinn með fullum vöxtum. Jeg er í engum vafa um, að fyrirtækið væri fært um það.

Jeg ætla, áður en jeg skilst við þetta mál, að reyna í fám orðum að sýna fram á þann ávinning fyrir afkomu útvegsins í framtíðinni, ef þetta fyrirkomulag kæmist á. Mjer er óhætt að fullyrða, að á síðari árum hefir reynslan verið sú, að á hverjum 100 þúsund tunnum af síld hefir orðið einnar milj. kr. tap. Mjer þykir ljósast að taka dæmi þannig, er hjer er ofurlítill mismunur á eftir verðlaginu. Hinsvegar álít jeg, að væri þetta fyrirkomulag tekið upp, eins og lög frá síðasta þingi ætlast til, og þessi tillaga verði samþykt og komist til framkvæmda, mundi þetta snúast við, þannig að hagnaður á hverjum 100 þúsund tunnum yrði álíka mikill og tapið hefir verið undanfarin ár.

Jeg skal aðeins geta þess, að þegar síldarframleiðslan er meiri en markaðurinn tekur við, þá er það nokkurn veginn föst regla, að verðið sje svo lágt, að láta mun nærri, að tap á hverri tunnu sje um 10 kr. Hinsvegar má gera ráð fyrir, ef framleiðslan er hæfileg og í samræmi við eftirspurnina, þá verði um 10 kr. hagnaður af hverri tunnu.

Um verð þeirrar síldar, sem ekki kemur til söltunar, er það að segja, að sem stendur er það svo lágt, að það mun nokkurn veginn rjett ályktað, að það sje 5 kr. lægra á hvert mál en framleiðslukostnaðurinn nemur. Þegar okkur býðst 9 kr. fyrir hvert mál síldar, þurfum við að rjettu lagi að fá 14 kr. til þess að útvegur þessi beri sig.

Niðurstaðan af þessum athugunum mínum verður því sú, að á þjóðarbúskapnum muni það um 3 milj. kr. árlega, verði horfið að því ráði, sem jeg ætlaðist til með till. minni.

Í venjulegum árum geri jeg ráð fyrir, að með því fyrirkomulagi, sem nú er á rekstri þessa atvinnuvegar, muni tapið nema á honum um 3 milj. kr., en með þeirri breytingu, sem jeg ætlast til að verði, ætti að græðast á honum um 3 milj. kr.

Um brtt. þá, sem fram er komin á

þskj. 179, hefi jeg ekki mikið að segja, enda finn jeg ekki ástæðu til að berjast á móti henni, þótt jeg hins vegar telji heppilegasta staðinn á Siglufirði. Þó býst jeg ekki við, að það þurfi neinum vandkvæðum að valda, þó að brtt. verði samþ.

Að vísu þykist jeg sjá, að með brtt. verði rannsókn þessa máls dálítið tvískift og flóknari, því að þegar um þá staði er að ræða, sem ekki eru ríkiseign, kemur margt til athugunar, svo sem gjald fyrir lóðarrjettindi og margt fleira. Afleiðingin af brtt. mundi því verða sú, að undirbúningur og rannsókn þessa máls mundi hafa meiri kostnað í för með sjer heldur en að miða rannsóknina við Siglufjörð einan.

Annars hygg jeg, að ekki sje nema um þrjá staði að ræða við Eyjafjörð, sem til mála gæti komið að reisa síldarbræðslustöð á, sem sje í Hrísey, á Hjalteyri og Svalbarðseyri, en þó held jeg, að Siglufjörður sje heppilegasti staðurinn.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um till. að svo stöddu. En það vil jeg undirstrika að lokum, og biðja þingheim að athuga vel, að hjer er ekki um neitt hjegómamál að ræða, heldur er þetta metnaðarmál og um leið sjálfstæðismál, því að það ætti öllum að vera ljóst, að með því að taka þennan rekstur í okkar hendur erum við ekki lengur upp á þá útlendinga komnir, sem hingað til hafa skamtað okkur verðið fyrir þessa framleiðsluvöru okkar. Þess vegna ætti maður að geta vænst þess, að öllum Íslendingum ætti bæði að vera það ljúft og skylt að veita stuðning slíku velferðarmáli, sem hjer er um að ræða.

Björn Líndal: Það er fjarri mjer að vera á móti þessari till. í því formi, sem hún er fram borin, og þá enn síður, ef brtt. mín verður samþ. En jeg tel ekki jafnbrýna nauðsyn á að taka upp þetta mál eins og hv. flm. (MK) vill vera láta. Og það byggi jeg á því, að sem stendur eru það margar síldarverksmiðjur í landinu, að þær geta tekið á móti allri þeirri síld, sem ekki verður söltuð. Eftir því, sem jeg kemst næst, geta þær verksmiðjur, sem nú eru til í landinu, brætt nálægt 5600 málum á dag. Veiðitíminn er venjulegast nálægt 50 dögum, og geta þá allar verksmiðjurnar unnið úr 280 þús. málum á þeim tíma. Auk þessa geta þær tekið á móti miklu meiri síld, sem geymd er í stórum þróm, þangað til tími vinst til þess að vinna úr henni.

Það má því gera ráð fyrir, að þessar verksmiðjur komist yfir að bræða um ½ miljón mála, því að oft starfa þær fram í októbermánuð sum árin. Þess vegna sje jeg ekki nauðsyn á, að verksmiðju þessari verði komið á fót, nema ef vera skyldi til þess, eins og hv. flm. (MK) vildi halda fram, að reyna að koma í veg fyrir, að verksmiðjurnar geti þrýst niður verði á síldinni úr öllu hófi. En jeg á erfitt með að hugsa mjer það, að verksmiðjunum takist þetta eða þær geti komið sjer saman um það, því að samkepni er vitanlega milli þeirra um síldina. Jeg lít því ekki eins svart á þetta eins og hv. flm. (MK). Það má að vísu segja, að verðið sje lágt, eða hafi verið það undanfarin ár, saman borið við það, sem útgerðarmenn og sjómenn þurfa að fá til þess að síldarveiðin geti svarað kostnaði. En þá er spurningin: Borgar það sig fyrir síld-

arbræðslustöðvarnar að borga hærra verð? Jeg er að vísu enginn fagmaður á þessu sviði, en jeg hefi reynt að útvega mjer upplýsingar um þennan atvinnurekstur. Og öllum ber saman um það, að hann sje engin örugg og ábyggileg gróðalind, frekar en annar atvinnurekstur, sem bygður er á veiði. Sum árin hefir hann gefið góðan arð, en stundum hefir tapið verið alltilfinnanlegt. Stundum stafar tapið af því, að verksmiðjurnar hafa búið sig undir það að taka á móti mikilli síld, sem svo fæst ekki. Verða þær þá að standa tímunum saman aðgerðalausar, og fjöldi af dýru fólki gengur þá jafnlengi iðjulaus.

Það var ekki alveg rjett hjá hv. flm. (MK), að verksmiðjur þær, sem brætt hafa síld undanfarið, væru allar eign útlendinga. Síldarverksmiðjan á Hesteyri er t. d. ekki lengur eign útlendinga, og svo mun vera um aðra stöð, sem starfað hefir fram að þessu á Vesturlandi. (MK: Jeg sagði á Norðurlandi). Nú jæja, enda mun það rjett, að flestar síldarverksmiðjur á Norðurlandi eru eign útlendinga.

Enn er þess að gæta, að ef við byrjum á þessum atvinnurekstri, þá verðum við að keppa við duglega og margreynda útlendinga á þessu sviði. Jeg held, að Krossanesverksmiðjan sje að allra dómi rekin með hagsýni og miklum dugnaði. Hún hefir samband við stóra verksmiðju í Osló, sem á í henni hlutafje og gagnkvæmt, að því er jeg frekast veit. Og fyrir þetta samband fær Krossanesstöðin hærra verð fyrir vöru sína í Osló, af því að þessi verksmiðja þar tekur að nokkru leyti við af Krossanesverksmiðjunni og vinnur einkum úr síldarolíunni ýmsar dýrar og útgengilegar olíur. Jeg efast alls ekki um, að útgerðarmenn þurfi að fá meira verð fyrir síld sína en nú stendur til boða, en jeg efast um það, að það spor, sem hjer á að stíga, verði til þess að bæta úr því á nokkurn hátt. Hann vildi halda því fram, hv. flm. (MK), að með því að ríkið tæki upp þennan atvinnurekstur mundi verð á hverju síldarmáli verða um 14—15 kr. Þetta verð jeg að telja hreinustu fjarstæðu, sem við engin rjett rök hefir að styðjast. En ef þetta væri rjett, þá leiðir af sjálfu sjer, að verð á saltsíld verður líka að hækka. En þá ber þess að gæta, að sem stendur er það vitanlegt, að okkur veitir mjög örðugt að keppa við Norðmenn á útlendum síldarmarkaði. Þeir standa betur að vígi að ýmsu leyti, því að bæði verður aflinn frá þeim ódýrari og tunnurnar þeim mun ódýrari, sem flutningsgjald þeirra nemur frá Noregi og hingað. Auk þess er þeim hægara og ódýrara að koma síldinni á markað. Að standast þá samkepni er erfitt fyrir okkur, þar sem við verðum aðallega að byggja á því, að Svíar kaupi af okkur og stundum fyrir þrefalt hærra verð en norsk síld er boðin fyrir, sem að vísu er talsvert lakari tegund, en þykir þó sæmileg vara. En við því er ekki að búast á þeim krepputímum, sem nú eru, að almenningur kaupi til daglegrar neyslu dýrari matartegundir en þörf er á. Jeg vildi að sjálfsögðu óska eftir sem hæstu verði fyrir þessa framleiðslu landsmanna. En verðið verður nú ekki bygt á óskum einum, heldur verðum við að venjast því að horfast í augu við ástandið eins og það er og reynslu undanfarandi ára um afkomu þessa atvinnuvegar. Verð-

ið fer fyrst og fremst eftir eftirspurninni, eða með öðrum orðum eftir því, hvað síldarneytendurnir vilja hæst fyrir síldina borga.

Þá ætla jeg að víkja örfáum orðum að brtt. minni. Hv. flm. (MK) tók henni hlýlega, og er jeg honum þakklátur fyrir. Vona jeg svo, að hann sannfærist um, að eigi slík þáltill. að ná fram að ganga, þá sje sjálfsagt að samþ. hana með þeirri breytingu, er jeg legg til, enda skal jeg leyfa mjer að rökstyðja það nokkru nánar.

Þegar til þess kemur, að reisa á slíka stöð, sem hjer er um að ræða, er margs að gæta. Það þarf að tryggja sjer nægilega stóra og trausta lóð, sem gerlegt sje að reisa á slíkar byggingar. Þarna þarf að reisa bryggjur, þar sem skipin losa, og þær verða að vera það margar, að skipin geti fengið skjóta og greiða afgreiðslu, þó að mörg komi í einu. Oft getur leitt af því stórtjón að láta skipin bíða eftir afgreiðslu og tefja þau á þann hátt frá því að komast sem fyrst út aftur og á veiðar. Það leiðir af sjálfu sjer, að þar sem stöðin er reist þarf að vera góð höfn og aðdýpi nóg, svo að kostnaður við bryggjugerð verði sem minstur.

Þá ætla jeg nú að athuga Siglufjörð í sambandi við það, sem hjer var sagt, og verð jeg þá, eftir þeim kunnleikum, sem jeg hefi af staðnum, að álíta hann of landlítinn og þröngan til þess, að þar yrði reist síldarbræðslustöð. Eini staðurinn, sem um er að gera á Siglufirði, er nú eign útlendinga, og þó ekki hugsanlegt að fá þar nóg lóðarrými til verksmiðjunnar. Þar vantar líka nægilegt sjávardýpi. En verði nú samt að því horfið, að svæði þetta verði tekið undir bræðslustöð, þá er þess að gæta, að það er tekið frá síldarsöltun, sem þarna hefir farið fram. En eins og allir vita, hefir Siglufjörður verið sjerstaklega talinn heppilegur fyrir smábátaútveginn, en slík útgerð ætti þá örðugra með að komast þar að til síldarsöltunar, ef síldarsöltunarstöðvar yrðu teknar undir verksmiðjuna.

Ef þetta verksmiðjumál skal rannsaka á annað borð, finst mjer ekki nema sjálfsagt, að það verði athugað vel og rækilega, h v a r heppilegast muni að reisa slíka bræðslustöð, og hvar tiltækilegast sje að fá nógu stórt svæði, þar sem færa megi út byggingarnar jafnóðum og þörf gerist. Er þar margs að gæta og einnig þess, að verksmiðjan komi síldarsöltuninni að sem mestu liði. Kemur þar meðal annars til athugunar að sjá því borgið, að sem best fari um síldina, eftir að hún kemur á land. Hún má helst ekki liggja úti undir beru lofti í sólskinshita, eins og venja er til. Í þessu sambandi vil jeg geta þess, að vert er að athuga, hvort ekki skuli banna að láta saltaða síld liggja undir beru lofti í sumarhitum, því af því leiðir, að síldin rýrnar og rennur, en tunnurnar smita, og verður þá varan ekki eins útgengileg. Til þess að koma í veg fyrir þetta, gæti svo farið, að byggja yrði nægilega stór skýli, sem tunnurnar yrðu svo geymdar í, en þá þarf stórt svæði, svo að hægt verði að koma öllu slíku fyrir sem haganlegast. En alt land í og umhverfis Siglufjarðarkaupstað er dýrt, landþrengsli mikil og staðhættir að ýmsu leyti óhentugir.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg hefi ekki ástæðu til að

tala langt mál. Aðeins vil jeg lýsa því yfir, að stjórnin hefir ekkert að athuga við það að láta þá rannsókn fara fram, er í till. greinir. En þar sem þessi þáltill. er aðeins til einnar umr., skil jeg það svo, að ekki hafi verið búist við, að rannsókn þessi hefði mikinn kostnað í för með sjer. Mun því meiningin vera sú, að fastir menn í þjónustu ríkisins verði látnir framkvæma rannsóknina, og sje jeg ekkert athugavert við það frá stjórnarinnar hálfu.

Hins vegar verð jeg að leiða athygli að því, að ef brtt. á þskj. 179 verður samþ., þá mun ekki unt að útvega lóð án fjárframlags úr ríkissjóði, nema ef valið fjelli á Siglufjörð, því að annarsstaðar á ríkissjóður ekki lóðir við Eyjafjörð, svo að jeg muni. Jeg held, að einmitt þetta hafi vakað fyrir hv. flm. (MK), og að hann þess vegna hafi miðað till. við Siglufjörð.

Flm. (Magnús Kristjánsson): Jeg hefi ekki mikið að athuga við ræðu hv. þm. Ak. (BL), og það því síður vegna þess, að hann tók fram, að athugasemdir hans væru aðeins gerðar til skýringar málinu, en ekki til þess að tefja það eða leggja stein í götu þess.

Honum fanst okkur ekki standa fyrir þrifum vöntun á samskonar starfrækslu eins og till. fer fram á, að tekin verði upp. En þetta er aðeins önnur hlið á málinu. Það stoðar lítið, hvað margar verksmiðjur eru hjer starfandi, ef reynslan sýnir, að þessi viðskifti okkar við hinar erlendu verksmiðjur eru óhagkvæm, og eftir því, sem jeg best veit, eru þau það. Jeg held, að það sje búið að skýra það nóg, að okkur sje fullkomin nauðsyn á að stofna slíka verksmiðju til þess að verja aðstöðu okkar. Hjer er því um nauðvörn þjóðarinnar að ræða, og till. fram borin til þess að gera okkur samkepnisfæra á þessu sviði.

Ef sannanlegt væri, að verksmiðjur þessar störfuðu alþjóð til hagsmuna, þá væri hægt að segja, að skilningur hv. þm. Ak. (BL) væri rjettur. En þegar það er ekki, heldur það gagnstæða, þá verð jeg að halda fram minni till. Hann mun líka undir niðri líta svo á, að hjer þurfi að koma öryggisráðstafanir, svo að framleiðendum sje trygt sanngjarnt verð fyrir vöru sína.

Jeg verð þá að koma að því, sem í raun og veru er aðalatriðið í þessu máli, og það er þetta: Getur skipaflotinn íslenski, sem þennan atvinnuveg stundar, nokkurn tíma staðið straum af öllu því fje, sem í hann hefir verið lagt, þannig að hann geti svarað vöxtum og afborgunum af höfuðstólnum og orðið lífvænlegur fyrir þá, sem hann stunda? Það er í raun og veru aðalspurningin í þessu máli. Væri sá skilningur hv. þm. Ak. (BL) algerlega rjettur, að útlendu síldarverksmiðjurnar gætu ekki svarað kostnaði, ef þær greiddu hærra verð en þær hafa gert, þá finst mjer, að það sje mjög mikill vonleysisbragur yfir framtíðarmöguleikum útvegarins, ef svo er, en hv. flm. (BL) fullyrti það ekki, sem betur fór, því hafi svo verið að undanförnu, að þær hafi greitt það hæsta verð, sem þær hafa með nokkru móti getað, til þess að hafa aðeins hæfilegan arð af sínu fyrirtæki, þá sje jeg ekki, að í því liggi annað en nokkurskonar dauðadómur á útveginn. En jeg hygg, að þessir menn

sjeu fyrst og fremst kaupmenn, og að það hafi aðallega gert vart við sig hjá þeim á þann hátt, að þeir hafi ákveðið verðið lægra en góðu hófi gegnir, og þótt jafnvel nokkur samkepni hafi átt sjer stað hjá þeim, þá sje því svo varið með þeim mönnum, sem hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta, þótt þá kunni að greina á um eitthvað, að þeir geti tekið saman höndum um það að skapa sjer betri aðstöðu gagnvart sínum viðskiftamönnum. Og þess vegna held jeg því fram, að í mörgum árum hafi framleiðendurnir fengið lítið meira en hálfvirði, og í öðrum tilfellum þriðjungi minna fyrir sína vöru en sanngjarnt hefði verið og þurft hefði, til þess að útvegurinn hefði nokkrar framtíðarvonir. Þess vegna álít jeg, að ekki hafi enn þá komið fram neinar röksemdir, sem geti gert það að verkum, að hægt sje á þessu stigi málsins að álíta, að þetta sje ótímabær tillaga.

Þá sagði hv. þm. Ak. (BL), að ef gerðar væru þær ráðstafanir, sem leiddu til þess, að varan hækkaði í verði um þriðjung, þá myndi það í raun og veru leiða til þess, að það yrði lítt hugsandi, að nokkur maður gæti hugsað til að kaupa síld til söltunar. Jeg er ekki alveg sammála um, að svo sje, vegna þess að á meðan síldarverksmiðjurnar geta ekki boðið hærra verð heldur en boðið er fyrir síld til söltunar, þá finst mjer í raun og veru, að sú samkepni geti ekki verið ákaflega hættuleg fyrir síldarsöltunina; það er fyrst þegar verksmiðjurnar væru farnar að sækjast svo mikið eftir þessari vöru, að þær byðu jafnvel hærra verð heldur en menn sæju sjer fært að kaupa fyrir til söltunar, þá fyrst væri að þessu komið. En hins vegar álít jeg, þó að svo skyldi fara, sem jeg nú ekki geri ráð fyrir, þá væri hættan ekki svo ýkjamikil, því að það væri aðalatriðið að fá sannvirði fyrir vöruna, svo að atvinnuvegurinn geti borið sig. Það er því ekkert aðalatriði, hvort saltað er eða brætt, aðeins að útgerðarmenn geti fengið það verð, sem þeir þurfa, svo að af atvinnurekstrinum geti orðið dálítill hagnaður.

Þá skal jeg minnast örfáum orðum á aðstöðuna, eftir því hvar staðurinn yrði valinn, en í raun og veru snertir það ekki svo mjög ummæli hv. þm. Ak. (BL). Jeg hygg, að við sjeum nokkurn veginn sammála um það atriði, að það sje ekkert því til fyrirstöðu, að rannsókn fari fram á fleiri stöðum, heldur skal jeg þá víkja örfáum orðum að ræðu hæstv. atvrh. (MG).

Jeg er hæstv. atvrh. (MG) þakklátur fyrir þá upplýsingu, sem hann hefir gefið um, að stjórnin vill alls ekki skorast undan því að láta þessa rannsókn fara fram, og það er rjett skilið hjá hæstv. ráðh. (MG), að jeg bjóst ekki við, að það þyrfti að hafa verulegan kostnað fyrir ríkissjóð í för með sjer, því hefði svo verið, þá myndi tillagan hafa verið borin upp í nokkuð öðru formi, en jeg vil samt taka það fram, að hæstv. ráðh. má ekki vera ákaflega viðkvæmur fyrir kostnaðaratriðinu, því að jeg geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. yrði aldrei legið mjög alvarlega á hálsi fyrir það, ef hann sýndi verulegan áhuga á að greiða fyrir málinu, jafnvel þótt það kynni að baka ríkissjóði einhvern dálítinn kostnað. Og jeg vona og treysti því, að hæstv. ráðh. láti ekki það atriði út af fyrir

sig hafa þau áhrif, að sú rannsókn, sem maður getur búist við, að fari fram, verði ófullnægjandi. En með því nú að verið er að athuga þetta mál hjer, þá er í raun og veru varla hægt að komast hjá því að minnast örfáum orðum á það, hvernig ástatt er nú á Siglufirði. Það ástand, sem þar hefir skapast, þetta ráðleysu-ástand, sem búið er að ríkja þar um langt árabil, er það, að allar þær ágætu lóðir, sem þar eru, sem kalla má að liggi í þessum hjartastað Norðurlands, ef svo má að orði kveða, og að minsta kosti má segja það, þegar þau orð eru sett í samband við ummæli, sem oft er haldið fram, að sjórinn sje sú sanna gullkista landsins, þá verður ekki fjarri sanni að álíta, að lóðirnar á Siglufirði sjeu mikils virði, ef ekki væri búið fyrir margra ára ráðleysi að svifta ríkið þeim arðsvonum og arði, sem mátt hefði verða af þessum lóðum og þessari dýrmætu eign ríkisins, sem verið er smátt og smátt að sleppa í hendur útlendinga, sem ekki eingöngu hefir gert það að verkum, að ríkið hefir tapað stórfje, heldur hefir það líka bægt fjölda landsmanna frá því að geta notið eðlilegrar aðstöðu til að geta hagnýtt sjer gæði lands og sjávar á þessu sviði. Jeg hygg, að það sje nú komið svo, að þessi útlendinga-yfirgangur á Siglufirði sje orðinn þess valdandi, að lóðir, sem ríkið á, hafa gengið kaupum og sölum, þannig að fyrir hverja eina krónu, sem útlendingar hafa greitt í leigu fyrir lóðirnar á bestu stöðum, muni þeir nú taka í sinn vasa alt að 1000 krónum. Hygg jeg þannig, að landið muni bera uppi sem svarar einni krónu á móti hverjum þúsund, sem því bæri með rjettu, ef hægt væri að kippa þessu í lag. En þetta er það sorglega, sem viðgengst dag frá degi, að þessar lóðir, sem látnar eru af hendi fyrir nær ekkert, ganga kaupum og sölum fyrir slíkt geipiverð, eða er það ekki ánægjulegt fyrir innlenda menn að þurfa að greiða 10—20 þús. krónur í leigu fyrir pláss, sem einhver útlendingur hefir verið svo heppinn að klófesta fyrstur, gegn því að greiða 20—30 krónur fyrir það? Þetta er ástand, sem ekki er ástæðulaust að benda á í þessu sambandi, og úr því að jeg fór að minnast á þetta, þá vildi jeg meðal annars benda á það, þegar gert er ráð fyrir að láta rannsaka, hvort þarna væri hæfilegur staður, að jeg veit til þess, að ein lóð, sem látin hefir verið af hendi fyrir lítið sem ekkert, mun nú vera auð, en auðvitað kostar hún stórfje, ef sá, sem umráðarjettinn hefir, getur fengið sínum vilja framgengt. En jeg vildi óska, að hæstv. stjórn vildi láta athuga það, hvort hún gæti ekki fengið umráð yfir landinu aftur, t. d. þegar maðurinn, sem hafði það á leigu, kynni að vera flosnaður upp eða orðinn gjaldþrota, því að þá álít jeg það mjög alvarlegan hlut, ef lóðirnar halda áfram að ganga kaupum og sölum með hækkandi verði. Þetta álít jeg að sje atriði, sem tímabært sje að athuga, og það er að minsta kosti fullkomin ástæða til um hina svokölluðu Hendriksenslóð á Siglufirði, hvort ekki væri sá rjetti tími fyrir ríkið til þess að reyna að ná tökum á þeirri lóð, hvað sem kann að verða um framkvæmdir tillögu minnar.

Það er svo sorglegt ástand, sem nú

ríkir á Siglufirði, að það væri rjett að taka þessa lóð, jafnvel þótt hún kostaði margfalt á við það, sem hún var látin af hendi fyrir upphaflega. Það verður einhvern tíma að nema staðar með þetta lóðabrask á Siglufirði, og vildi jeg því nota tækifærið til að beina þessu til hæstv. stjórnar.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta, því að það virðist vera svo gott samkomulag um þetta mál, að það gefur ekki tilefni til lengri umræðu en orðið er, því að mjer virðist, að hv. þm. hafi fullan skilning á þessu máli, og ef svo er, þá er jeg í engum vafa um það, að till. muni fá góðan byr hjer í þinginu.

Björn Líndal: Það er að vísu satt, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði, að lóðirnar á Siglufirði muni vera, að nafninu til, eign ríkissjóðs, en svo er líka hitt, eins og hv. flm. till. (MK) sagði, að allar þær lóðir, sem nokkurs virði eru, munu vera í annara manna höndum, og einnig þær tvær lóðir, sem hjer gætu komið til greina. Þær eru meðal þeirra lóða, er lengst er síðan að leigðar voru út á Siglufirði. Jeg man ekki betur en að ársleigan fyrir hvora þeirra fyrir sig sje 50 krónur, og leigutíminn er langur. Þessar lóðir hefir nú danskt firma til umráða, og jeg hygg, að það yrði ekkert smáræði, sem heimtað yrði fyrir þessar lóðir, ef Alþingi færi að einskorða sig við það, að hlynna að byggingu síldarolíuverksmiðju á þessum stað, og þá ætti hv. þm. að vera það ljóst, hve vanhugsað það er að einskorða sig alveg við einn stað. Líka hefi jeg heyrt, að þessi lóð muni þegar vera seld undir verksmiðju, og ætlaði jeg að útvega mjer upplýsingar um það áður en þingfundur byrjaði, en það mistókst, svo að jeg get ekkert sagt um það fyrir víst.

Hv. flm. till. (MK) hefir víst skilið orð mín svo, sem jeg liti einhverjum vonleysisaugum á framtíð þessa atvinnuvegar, en það er misskilningur. Jeg lít einmitt mjög vonbjörtum augum á síldveiðarnar hjer við land. En hitt er annað mál, að við megum hvorki reyna að telja sjálfum okkur nje öðrum trú um það, að síldarbræðsluverksmiðjur sjeu alveg öruggar gróðalindir, sem ekki geta brugðist. Þeir, sem mesta reynslu hafa í þessari atvinnugrein, telja að minsta kosti hyggilegast að fara mjög varlega, því að auk þess sem veiðarnar geta brugðist, eru oft stórfeldar og ófyrirsjáanlegar verðsveiflur á afurðunum, einkum olíunni. Sú síldarverksmiðjan, sem talið er, að einna best hafi verið stjórnað og mesta reynslu mun hafa fengið í þessari atvinnugrein, hefir gert sjer það að reglu að selja afurðir sínar fyrirfram. Hafi hún svo nokkurn veginn fengið þá síld, sem hún hefir reiknað með að fá og fyrir það verð, sem hún hefir líka reiknað með, þá hefir alt gengið vel. En þetta vill oft bregðast, og ef mikil brögð eru að því, verður tap á atvinnurekstrinum. Mjer er kunnugt um það, að nú er hægt að fá þessa síldarverksmiðju keypta með tiltölulega vægu verði. Sá maður, sem hefir umráð yfir henni, hefir hvað eftir annað boðið okkur hana til kaups. Það lítur út fyrir, að hann hafi ekki trú á framtíð þessarar atvinnugreinar hjer, og þó er verðið á afurðum hennar ótrúlega hátt að sumu leyti. Jeg vil leyfa mjer að benda á það, að við verðum oft að borga

sama verð hjer á Íslandi fyrir tunnu af síldarmjöli og hægt er að fá rúgmjölstunnu. En sakir þess, að verðið á síldarolíu og síldarmjöli er oft tiltölulega hátt, samanborið við aðrar líkar vörutegundir, hættir mönnum til þess að komast á þá trú, að hjer sje altaf um mjög arðvænlegan atvinnuveg að ræða. — Þeir, sem versla með þessar afurðir, munu hafa nokkuð svipaða reynslu og við, sem verslum með síld. Þegar verðið lækkar eftir að selt hefir verið fyrirfram, eru kaupendurnir furðu lagnir á að setja eitt og annað út á vöruna, ýmist til þess að reyna að þrýsta verðinu niður eða til þess að losna við kaupin með öllu. Er þá oftast erfitt að ná rjetti sínum og stundum útilokað með öllu.

Jeg er ekki að halda því fram með þessu, að jeg sje neinn sjerfræðingur á þessu sviði, — enginn taki orð mín svo. En eftir þeirri litlu þekkingu, sem jeg hefi fengið á þessum málum, þá held jeg, að ekkert sje hægt að fullyrða um það fyrirfram, að hjer sje um stórgróðafyrirtæki að ræða.

Svo vil jeg benda hv. flm. (MK) á það, að jeg lít öðrum augum á söltun og kryddun síldar annarsvegar og síldarbræðslu hinsvegar en hann virðist gera. Þar er mjög ólíku saman að jafna, eftir minni skoðun. Þótt mikið sje kvartað yfir skorti á verkafólki í sveitum landsins, þá er þó nú komið svo landshögum, að þess er enginn kostur, að allir þeir, sem verða að lifa á handafla sínum, geti fengið atvinnu í sveitunum að sumrinu, sem vitanlega er aðalbjargræðistíminn, og þá kemur síldarvinnan að góðum notum, því að við hana geta flestir unnið, bæði þeir, sem hraustir eru, og þeir, sem hafa minni máttinn, gamalmenni, konur og börn. Því verður ekki neitað, að það er stórfje, sem kemur inn í landið fyrir þessa atvinnu, og því má aldrei gleyma, þegar talað er um, að einhver hafi tapað svo og svo mörgum hundruðum eða þúsundum á síldarútgerð, hversu mikið hann hefir orðið að borga í vinnulaun og tolla til ríkisins.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vildi aðeins, út af því, sem hv. flm. (MK) sagði um lóðirnar á Siglufirði, upplýsa það, að þær eru leigðar, eins og kunnugt er, til alllangs tíma, mig minnir, að það sje venjulegast til 50 ára, og fyr en sá tími er liðinn getur ríkissjóður ekkert annað gert til þess að fá notkunarrjett yfir þeim en að kaupa þann rjett aftur af hlutaðeigendum, og hann getur þá ekki komist að betri kjörum en að sæta því, sem aðrir kunna að bjóða í þann sama rjett, og það skiftir ekki máli, þótt hlutaðeigandi verði gjaldþrota eða deyi, því að rjetturinn, samkvæmt samningi, gengur yfir á þrotabú hans eða til erfingjanna, og þess vegna verður að kaupa hann af búinu, ef það á að ná honum aftur, alveg eins og maðurinn hefði ekki orðið gjaldþrota eða dáið. Þetta veit jeg að flestum muni vera ljóst, og jeg hygg, að enn þá muni vera alllangur tími þar til nokkur af þessum samningum fellur úr gildi á Siglufirði, vegna þess, að leigutíminn sje á enda, því að það er ekki svo langur tími síðan lóðaútmæling þar byrjaði fyrir alvöru.

Flm. (Magnús Kristjánsson): Það er

nú tilefnislítið fyrir mig að fara að leggja út í að tala frekar um þetta mál, því að mjer finst, eins og jeg hefi áður tekið fram, vera sá samúðarandi um þetta, að það gefur mjer ekki tilefni til að fara að orðlengja um það, og þess vegna verð jeg að biðja afsökunar á, að jeg bæti við nokkrum orðum enn þá.

Það eru aðeins þrjú smávægileg atriði í ræðu hv. þm. Ak. (BL), sem jeg vildi víkja lítið eitt að, ekki til þess að vekja deilur, heldur til þess að benda á, að hv. þm. (BL) lagði mjög mikið upp úr því, að verksmiðjurnar, eða að minsta kosti ein þeirra, gerðu mjög mikið til þess að geta selt afurðir sínar hjer á landi. Þetta er að vísu virðingarvert, en jeg verð samt að álíta, að því að eins geti maður verið mjög þakklátur fyrir þetta, að verðið sje þá nokkurn veginn við hæfi kaupendanna, en jeg álít einmitt, að það verð, sem verksmiðjan hefir heimtað fyrir sínar vörur, sanni það einmitt, að fyrirtækið sje arðvænlegt, og annað hitt, að framkvæmdarstjóri þess muni hafa verið heldur ófeiminn um verðlagningu, þegar Íslendingar áttu í hlut, og jeg get hugsað, að honum hafi ekki verið móti skapi að tryggja sjer hærra verð innanlands en hann gat fengið utanlands, en verðlagið, sem um var getið, sannar einmitt mitt mál, að fyrirtækin hljóta að skoðast sem mjög arðvænleg, þegar gengið er út frá því, hvaða verð verksmiðjurnar hafa farið fram á hjer á landi.

Þá er þriðja atriðið, að færi svo, að í framtíðinni yrði nokkur breyting á því, hve hátt framleiðsluverðið yrði, og færi svo, að verðið hækkaði, þá gæfi það nokkurt tilefni til umhugsunar, ef það gæti leitt til þess, að síldarsöltun minkaði, og þá mundi það vera gott, því að jeg er nefnilega þeirrar skoðunar, að það væri mjög æskilegt, að minni fólksstraumur legðist að þessum stað heldur en verið hefir, því að hann hefir verið svo mikill, að hann hefir aðeins verið til tjóns fyrir atvinnureksturinn og starfsfólkið, og jeg vil ekki lýsa því með svo átakanlegum orðum sem við ætti, en jeg álít, að þessi hugmynd, og þá alls ekki síður lögin, sem hv. þm. Ak. (BL) barðist fyrir á síðasta þingi, hafi verið ákaflega mikilsverður þáttur í að stemma stigu fyrir því, að yngri kynslóðin úr sveitunum dragist á síldarstöðvarnar í þeirri von að fá þar einhverja hlaupasnata-vinnu hjá útlendingum, og geri sig þannig að nokkurskonar undirlægjum hjá þeim háu herrum.

Jeg læt þá staðar numið um þetta atriði, en ætla að víkja örfáum orðum að því, sem hæstv. atvrh. gat um, að stöðvarnar hefðu verið leigðar út til 50 ára. Það er satt, en það kastar engri rýrð á mín ummæli, hversu grátlegt þetta ástand er. Og þótt þessir óheillasamningar sjeu til, þá er ekki hægt að slá því föstu, að afleiðingin af þessum löngu samningum þurfi óhjákvæmilega að vera sú, að ekki sje hægt að endurheimta eitthvað af þessum lóðum. Komið getur fyrir, að vegna ólags á þessum atvinnurekstri verði menn að gefast upp eða hætta vegna fjárskorts, og þá ætti atvrh. að vera á verði, ef ske kynni, að ríkið gæti þá endurheimt eitthvað af þessum lóðum, án þess að þurfa að greiða okurverð fyrir þær. Þetta er nauðsynlegt, því að sá tími

getur komið, að þessar lóðir þurfi ekki að vera á höndum útlendinga um aldur og æfi.

ATKVGR.

Brtt. 179 samþ. með 25:2 atkv.

1. liður, svo breyttur, samþ. með 32:1 atkv.

2. liður samþ. með 31:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. í heild samþ. með 28:2 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis, með fyrirsögninni:

Till. til þál. um rannsókn á kostnaði við að byggja fullkomna síldarverksmiðju á hentugum stað á Norðurlandi (A. 247).

5. Landsstjórn.

Á 37. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um vantraust á núverandi ríkisstjórn (A. 237).

Á 38. fundi í Nd., föstudaginn 25. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 41. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var till. tekin til einnar umr. (A. 237, 273).

Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv. um brtt. á þskj. 273, er of seint var útbýtt..

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Frá því að fyrverandi forsætisráðherra, Jón Magnússon, fjell frá og fram til þessa þings, sem nú situr, hefir verið hjer á landi bráðabirgðastjórn, en ekki regluleg þingræðisstjórn eins og áður. Í byrjun þessa þings birtist boðskapur frá Jóni Þorlákssyni þess efnis, að hann yrði skipaður forsætisráðherra af konungi, ef ekki kæmu fram mótmæli gegn því á þinglegan hátt. Við alþýðuflokksfulltrúarnir á þingi sendum stjórninni strax brjef, þar sem við lýstum því yfir, að við teldum sjálfsagt, að stjórnin leitaði traustsyfirlýsingar í sameinuðu þingi eða a. m. k. í neðri deild. Jeg veit ekki um svör annara flokka, en um endalok málsins hafa engar upplýsingar heyrst frá hæstv. forsrh.

Hæstv. atvrh. (MG) gat þess hjer í umræðunum um fátækralögin, að þótt stjórnin hefði ekki leitað trausts, væri æskilegt, að jeg kæmi með till., sem sýndi, hve mikið traust hún hefði. Þetta hefi jeg nú gert. Það er nú auðsýnilegt, að miklu varðar, hvers eðlis sú stjórn er, sem með völdin fer. Það er nokkur munur á því, hvort hún er bráðabirgðastjórn eða regluleg þingræðisstjórn. En það er auðsjeð, að stjórnin ætlar að breyta sjálfri sjer úr bráðabirgðastjórn í „þingræðisstjórn", án þess að hafa yfirlýstan vilja Alþingis að baki sjer. Bráðabirgðastjórn getur yfirleitt ekki tekið neinar ákvarðanir eða gert ráðstafanir, sem bindandi eru fyrir eftirtímann. Aftur á móti má segja um slíka stjórn, að hún þurfi ekki að hafa meiri hluta þingsins að baki sjer, þar sem viðurkendar þingræðisstjórnir verða að hafa a. m. k. velviljaðan meiri hluta og helst stuðning ákveðins meiri hluta að baki sjer. Hæstv. ráðh. (JÞ) veit, að hjer

er ekki rjett að farið. En hann hefir áður reynt að komast í forsætisráðherrasessinn og mishepnast. Nú hefir hann haldið, að sjer tækist að ná markinu með þessari leið.

Jeg hefi borið fram þessa till., til þess að það gæti komið glögt fram, hvort núverandi stjórn á að teljast þingræðisstjórn, og svo af því, að jeg er stjórnarandstæðingur og tel best fyrir land og lýð, að hún leggi niður völdin þegar í stað.

Það var vitanlegt þegar eftir síðustu kosningar til efri deildar nú í vetur, að íhaldsflokkurinn átti ekki nema 13 atkv. í hv. neðri deild af 28. Ef stjórnin hefir engan stuðningsmann úr öðrum flokki, er bersýnilegt, að hún hefir aðeins fylgi minni hluta deildarinnar. Nú er það auðvitað, að engin þingræðisstjórn, sem hefir minni hluta í Nd., getur setið áfram. Sú deild hefir mest áhrif á löggjöfina, og hjá henni er aðalfjárveitingavaldið. Þangað koma fjárlögin fyrst, og hún hefir einnig mest áhrif á samþykt þeirra, ef þau þurfa að koma í Sþ. vegna deilu milli deildanna. Það er alment viðurkent nú orðið í þingræðislöndum öllum, að þingræðisstjórn geti ekki setið aðeins með samþykki efri málstofunnar. Jeg geri því ráð fyrir, ef till. mín verður samþ., að stjórnin segi af sjer.

Alþýðuflokkurinn er aðalandstöðuflokkur íhaldsins og greinir á við það í flestum málum. Ágreiningsefnin eru því ekki vandfundin. Þótt íhaldsflokkurinn hafi kjósendur í öllum stjettum, þá er það vitanlegt, að mergur hans eru stóratvinnurekendurnir við sjóinn. Þeir ráða stefnu hans, kosta blöð hans og bera kosningakostnað. Flokknum er því beitt til hagsmuna fyrir þessa stjett, en stjórnin, sem nú situr, er pólitísk framkvæmdastjórn þessara atvinnurekenda. Flest hagsmunamál þeirra eru gagnstæð hagsmunum verkalýðsins og alþýðunnar, sem aðallega fylkir sjer í flokk jafnaðarmanna. Það er því auðvelt í flestöllum stefnumálum að draga fram andstæðurnar við núverandi stjórn. Má nefna fátækramál og önnur mannrjettindamál, skatta- og tollamál, tryggingarmál, atvinnumál o. s. frv. En jeg ætla heldur að taka dæmi af síðustu stjórnarathöfnum og athafnaleysi núverandi landsstjórnar til að sýna, að nægar ástæður eru til þess að lýsa á henni fullu vantrausti. Því að þótt hún hafi reynt að hafast sem minst að upp á síðkastið til þess að losna við ábyrgð gerða sinna, hafa þó afskifti hennar af mörgum málum orðið til þess að koma upp um hana.

Jeg skal þá fyrst snúa mjer að hæstv. forsrh. (JÞ). Hann er skipaður formaður bankaráðs Íslandsbanka. Það segir sig sjálft, að hann muni ekki eiga að sitja þar aðeins til þess að prýða stjórn bankans og hirða laun sín. Hann á að sjálfsögðu að hafa eftirlit með starfsemi bankans og beita áhrifum sínum þar til almenningsheilla. En það er nú kunnugt, að bankinn hefir tapað miklu fje á útlánum, af því að þeim hefir verið hagað þannig, að tiltölulega fáum mönnum hefir tekist að gleypa margar miljónir, sem svo hafa að miklu leyti tapast. Það er líkt og þegar bankinn tapaði mestu á fiskhringnum um árið. Það reyndist bæði þá og nú óheppilegt fyrir þjóðina, að bankinn legði margar miljónir af veltufje sínu í hendur fárra manna. Það er ekki vitanlegt, að hæstv. forsrh. hafi gert neitt til þess að afstýra þessari hættulegu stefnu

bankans, enda eru nú afleiðingarnar orðnar stórkostlegar, þar sem er hið mikla hrun á Vestfjörðum. Þar tóku báðir bankarnir af skuldheimtumönnunum mótorbáta, sem þeir höfðu haft að veði, og þar sem um var að ræða fjölda báta, sem mikill hluti Ísfirðinga lifði á, var sjálfsagt, að bankarnir gerðu ráðstafanir til þess, að veiði gæti haldið áfram. En þótt Landsbankinn kæmi brátt bátum þeim, sem á vegum hans voru, á veiðar, ljet Íslandsbanki sína báta sitja kyrra. Af þessu hefir skapast hið mesta atvinnuleysi, sem ósjeð er fyrir endann á, þar sem fjöldi fólks á þessum slóðum hefir eingöngu lifað á vinnu við veiðar og fiskverkun. Og þetta er alt á ábyrgð hæstv. forsrh. (JÞ), því að honum mun vera fullkunnugt, ekki síður en bankastjórum Íslandsbanka, hverju fram fór, en beitti þó ekki áhrifum sínum til þess að koma bátunum á flot. En hæstv. ráðh. hefði ekki aðeins getað beitt áhrifum sínum sem bankaráðsmaður Íslandsbanka, heldur hafði hann svipuna í hendi sjer, þar sem bankinn lifir mestmegnis á opinberu fje. Hversvegna voru ísfirsku bátarnir stöðvaðir? Útibússtjórinn hefir lýst því yfir, að ekki væri hægt að reka útgerð frá Ísafirði, af því að jafnaðarmenn rjeðu þar í bæjarstjórn. Því væri best að sýna þeim í tvo heimana með því að taka bátana af þeim. Þetta var bankastjórum Íslandsbanka hjer og ríkisstjórninni fullkunnugt um. Þeim var líka kunnugt, að útibússtjórinn gerði sitt til að selja bátana burtu frá Ísafirði. En með því var verið að eyðileggja atvinnulífið í þessum stóra kaupstað.

Í Landsbankafrv. stjórnarinnar, sem nú liggur fyrir þinginu, eru ákvæði um, að stjórnskipaðir bankastjórar megi ekki vera þingmenn og gildi þetta um bankastjóra Íslandsbanka, meðan sá banki fái lán úr Landsbankanum. En hvers virði eru slík ákvæði, þegar útibússtjórum líðst að neyta bolmagns við pólitíska andstæðinga, eins og hjer hefir átt sjer stað, með vitund og samþykki fjármálaráðherrans? Þessi sami maður hefir líka gengið svo langt að leggja til í blaði fyrir vestan, að fjárráðin verði tekin af bænum, og þetta gerir hann um sama leyti og bærinn er að kaupa Neðstakaupstaðareignina. Slíkt framferði gegn einstökum manni hefði áreiðanlega verið kallað atvinnurógur. En það verður ekki sjeð, að bankastjórar Íslandsbanka nje stjórnin hafi haft neitt við þetta að athuga. Jeg veit ekki, hvernig á að bera traust til þess ráðherra, sem lætur sig engu skifta, þótt aðalatvinnuvegur heils kaupstaðar sje lagður í rústir til þess að reyna að ná sjer niðri á pólitískum andstæðingum.

Það er auðsjeð, að hæstv. ráðh. lætur sjer ant um Íslandsbanka, því það er viðurkent, að lánið mikla, sem hjer hefir verið mikið um rætt, sje aðallega tekið hans vegna. En ekki verður annað sjeð en að hæstv. ráðh. ætli að halda áfram sömu braut og hingað til, hafa Íslandsbanka fyrir höfuðvígi íhaldsins í landinu og nota það til útrásar á andstæðingana. Af atferli hæstv. ráðh. í þessu lántökumáli má líka sjá, hvaða meðferð hann vill hafa á opinberum málum, hvað hann vill láta þjóðina fá að vita um, hvað gerist í hinum stærri málum. Hann lagði mikla áherslu á, að enginn fengi að vita um upphæð lántökunnar, vaxtakjörin, eða til hvers ætti að nota lánið. Með töngum var

hægt að toga sumt af þessu út úr honum, en sumt ekki. „Vjer einir vitum" virðist kjörorð hans. Um öll stærstu málin má almenningur ekki vita neitt. Þetta er líka í fullu samræmi við einræðisstefnu íhaldsins.

Þá má minnast á eftirlit stjórnarinnar með embættismönnum og starfsmönnum landsins, ekki síst tollgæslu- og tollheimtumönnum. Það er vitanlegt, að á síðustu árum hafa verið seldar vörur úr skipum, sem enginn tollur hefir verið greiddur af. Það virðist yfirleitt lítið eftirlit með slíku annarsstaðar en hjer í Reykjavík. Hjer er það í góðu lagi. En heyrst hefir, að þessi síðasta sendiför tollmanna austur, sem mönnum er kunnugt um, hafi leitt það í ljós, að á þessum slóðum væri ekkert tolleftirlit. Þegar samþ. var að hækka tóbakstollinn 1925, var ákveðið, að merkja skyldi allar tóbaksvörur með merkinu: Tollur greiddur. Þetta hefir nú verið framkvæmt svo, að 10—20 manns hafa ekki haft annað starf með höndum en að klína þessum merkjum á umbúðirnar. Við þá verslun, sem jeg veiti forstöðu, hafa stundum að þessu unnið jafnmargir menn og starfsmenn verslunarinnar eru. Merking þessi mun kosta ríkið 40—50 þús. krónur. Þetta virðist þó framkvæmt með öðrum hætti úti um land. Það munu vera dæmi til þess, að kaupmönnum sjálfum hafi verið afhentir tollmiðarnir, og má geta nærri, hve mikil trygging er í því fólgin. Þessum peningum er því algerlega kastað í sjóinn. — Við tollinnheimtuna hjer er miðað við meðalþyngd, en úti um land er farið eftir því, sem gefið er upp á reikningum, eða eftir því, sem kaupmenn gefa upp, og munar sumstaðar um $^1/_3$, hvað minna er greitt en hjer. — Hjer í Reykjavík er tollur greiddur út í hönd, en úti um land er algengt, að gefinn sje langur gjaldfrestur, og stundum mun tollurinn þá alls ekki hafa fengist greiddur. Í þessu öllu kemur fram ósamræmi, eftirlitsleysi og stjórnleysi.

Þá hefir ekki heldur enn verið svo um búið, að vextir af fje, sem lögreglustjórar hafa undir höndum, renni til ríkissjóðs, nje að þeir hafi ekki slíkt fje á reikningum undir eigin nafni. Nema þessir vextir miklu fje, sem ríkissjóður að rjettu á, en nú rennur til lögreglustjóranna, án þess að hæstv. forsrh. geri neitt til að varna því.

Sú venja, sem mun tíðkast víða um land, að sýslumenn hafi aðalverslun á staðnum sem umboðsmenn, er ranglæti gagnvart öðrum verslunum. Ríkissjóður mun einnig hafa brent sig á þessu fyr og síðar. Nýlega hafa t. d. tapast 16 þús. kr. á einum stað fyrir vestan, og veit jeg þó ekki, hvort öll kurl eru komin þar til grafar, svo sem um póstfje.

Þá má nefna drátt á ýmsum málum hjá embættismönnum, sem oft er óforsvaranlegur, og má þar minna á skifti búa og drengsmálið í Skagafirði, sem tók 1½ ár í hjeraði, ekki margbrotnara en það er. Allir sjá, hve miklu skiftir, að málin gangi greiðlega, bæði í undirrjetti og hæstarjetti. Það getur engu síður verið óþægilegt fyrir menn, sem eiga kröfur í búum, að þurfa að bíða oft árum saman eftir því, að skifti fari fram. En stjórnin virðist ekki gera sjer neitt far um að hafa eftirlit með embættismönnunum í þessum efnum, heldur eru þeir látnir haga sjer eins og þá lystir.

Þá eru tvö eða þrjú mál, sem jeg

vildi sjerstaklega beina til hæstv. atvrh. (MG). Fyrst er það útvarpsmálið. Í lögunum um útvarpið frá 1925 er krafist 100 þús. króna stofnfjár og að stöðin skuli vera alt að 1½ kw., „enda draga um land alt". Það hefir heyrst, að fjelagið hafi ekki haft nema 58 þús. kr., þegar leyfið var veitt, og það er vitanlegt, að stöðin er miklu minni en lögin ætlast til og dregur ekki svipað því um land alt. Menn þurfa að hafa dýr móttökutæki hjer í nágrenninu til þess að sæmilega heyrist það, sem útvarpað er. Í sumum landshlutum heyrist alls ekki neitt til stöðvarinnar, hvaða móttökutæki sem höfð eru. Fjelagið fullnægir því engan veginn þeim skilyrðum, sem því voru sett með lögum. Hæstv. atvrh. (MG) hefir því farið algerlega í bága við lögin sjálf með því að veita þessu fjelagi sjerleyfi. Í sömu lögum frá 1925 er heimild til, að ákveða megi með reglugerð stofngjöld og árgjöld fyrir þá, sem móttökutæki hafa. En í reglugerð frá 23. mars 1926 eru sett ýms sjerstök skilyrði. Það er bannað að flytja inn, selja og kaupa tæki og hluta af þeim nema með sjerstöku leyfi landssímastjóra og lagðar sektir við. Sjerstakt gjald til útvarpsstöðvarinnar er lagt á varahluta. Útvarpsstöðinni er heimilað nákvæmt eftirlit með verslunum þeim, sem tækin selja, og þeim gert að skyldu að gera nákvæmar skilagreinir til stöðvarinnar. Atvrh. á að úrskurða ágreining um þetta, og má ekki skjóta slíkum málum til dómstólanna. Allar þessar hömlur á verslun með þessi tæki, gjaldið á varahlutunum, sektirnar og ákvæðin um úrskurð, eru með öllu án heimildar í lögunum sjálfum. Þar er einungis ætlast til, að greitt verði árgjald og stofngjald af uppsettum stöðvum, en viðskiftin sjeu frjáls, enda var einkasala fjelaginu til handa feld á þingi. En auk þess er það svo, að þegar ákveðið var, að stofngjald skyldi sett, var ekki ætlunin að setja það svo hátt, að ókleift væri fyrir alla aðra að versla með vöruna. Í reglugerðinni er það svo ákveðið 85 krónur, sem útvarpsstöðin sjálf þarf ekki að borga, svo að illgerlegt er fyrir aðra að keppa, og þannig breytt á móti anda laganna.

Þá má minnast dálítið á starfsemi útvarpsstöðvarinnar. Það er viðurkent, að hún getur haft mikið menningarlegt gildi, ekki síst í strjálbýlinu hjá okkur, en þá verður að gæta þess, að það, sem stöðin varpar út, sje einhvers virði. Fyrir utan hljóðfæraslátt er svo að segja eingöngu varpað út ræðuhöldum úr kirkjunum. (**Atvrh. MG:** Er það ekki gott?). Fyrirlestrar eru af skornum skamti. Þó má geta eins kafla, sem reglulega er varpað út, en það er dagbók „Morgunblaðsins". Þó að ekki væri ætlast til, að þetta fyrirtæki væri pólitískt, hefir samt verið varpað út pólitískum dylgjum úr dagbók „Morgunblaðsins", og eina ræðan, sem flutt hefir verið af stjórnmálamanni í útvarpið, var fjárhagsræða hæstv. fjrh. (JÞ). Öðrum hefir ekki verið hleypt að. Það segir sig sjálft, að ekki er hægt að fylgja því lengi, að útvarpsstöðin starfi svona. Flestir sjá, að heppilegast er, að ríkið taki hana að sjer. En alt þetta sýnir, að hæstv. atvrh. (MG) hefir farið á snið við lögin með reglugerðinni og brotið þau með því að veita fjelaginu leyfi til að starfrækja stöð, sem ekki dregur um alt land. Yfirleitt virð-

ist annað hafa vakað fyrir hæstv. atvrh. í þessu máli heldur en að fara að vilja þingins og eftir lögunum, eða hugsa um hagsmuni almennings gagnvart fjelaginu.

Þá ætla jeg að benda á framferði hæstv. atvrh. í öðru máli, atvinnu við siglingar. Með lögum 1922 var afnumin undanþága, sem hægt var að veita, í lögum frá 1915, um að menn gætu tekið að sjer skipstjórn og stýrimensku án fullra þekkingarskilyrða og siglingatíma. Með lögunum 1922 voru ákveðnar skýlausar og skilyrðislausar kröfur um þessi þekkingarskilyrði og sjóferðatíma. Hjer liggur fyrir þinginu stjfrv., sem fer fram á, að ekki aðeins verði undanþágan frá 1915 sett í lög aftur, heldur miklu víðtækari undanþága frá öllum ákvæðum gildandi siglingalaga og flestar þeirra jafnvel án þess að meðmæli stýrimannaskólans komi til. Það segir sig sjálft, að það er mjög varhugavert að veita slíkar undanþágur, þegar nóg er til af mönnum, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru, eins og nú, þegar á fimta hundrað manna hafa fullan rjett til skipstjórnar og stýrimensku á fiskiskipum og í utanlandssiglingum, og helmingur þeirra siglir sem hásetar. En forsaga málsins sýnir það, að þetta stjfrv. á eftir á að rjettlæta lögleysur, sem hæstv. atvrh. hefir framið nýlega. Á síðastliðnu sumri veitti hann sem sje þremur mönnum að vestan slíkar undanþágur, tveimur til skipstjórnar og einum til stýrimensku, fyrir milligöngu stuðnings manna íhaldsstjórnarinnar. Fleiri áttu að fá sömu undanþágur frá þekkingarskilyrðum og sjóferðatíma þeim, sem lögin heimta, en þá kom skipstjórafjelagin „Aldan“ til skjalanna og gerði nefnd á fund stjórnarinnar til þess að mótmæla þessu, og hæstv. atvrh. (MG) lofaði, að slíkt skyldi ekki koma fyrir aftur. Þó hefur núna eftir nýárið verið veitt að minsta kosti ein undanþága. En það merkilega er, að þessi undanþáguleyfi hæstv. atvrh. (MG) eru hvergi í lögum. Hann hefir ekki haft meiri rjett til þess að veita þau heldur en jeg eða hver annar, og þessir undanþágumenn hafa því engan rjett til að fara með stjórn á skipum þeim, sem þeir eru nú á. Hæstv. ráðh. (MG) verður að lifa eftir lögunum, jafnvel þó að hann sje dómsmálaráðherra. Undanþágur frá lögunum má aðeins veita eftir 25. gr. stjórnarskrárinnar, en hún gildir einungis um lög, sem voru í gildi fyrir 1874. Til að veita undanþágur frá síðari lögum þarf lagaheimild, svo að þarna er um skýlaust lagabrot að ræða hjá hæstv. ráðh. (MG).

Nú stóð svo á, að fjöldi manna hafði nóg til brunns að bera til þess að taka að sjer skipstjórn og stýrimensku á þessum skipum. Jeg hefi hjer nöfn á 36 mönnum, sem hafa próf og nægan siglingatíma að baki sjer og hafa lengi verið á línuveiðurum og jafnvel sumir verið óbreyttir hásetar á skipunum, sem þessir undanþágumenn fengu til stjórnar, svo að ekkert er til, sem getur mildað þetta lagabrot hæstv. atvrh.

Jeg vil benda á, að í lögum um ábyrgð ráðherra Íslands frá 1904 stendur í 3. gr.: „Og enn varðar það ráðherrann ábyrgð eftir lögum þessum, ef hann veldur því, að brotið sje gegn öðrum lögum landsins en stjórnarlögum þess“. b-liður: „Með því að framkvæma eða valda því, að framkvæmt sje nokkuð það, sem fer í bága við lögin . . .“ Nú er alveg greinilegt, að

hæstv. atvrh. hefir stórlega og af ásettu ráði brotið á móti lögunum, og á hann því að sæta ábyrgð eftir lögunum um ábyrgð ráðherra, þó að hann líklega, eins og þing er skipað, verði látinn sleppa. En jeg sje ekki, hvernig hægt er að bera traust til slíkrar stjórnar, sem virðir að engu lög landsins.

Jeg hefi þá hjer dregið fram nokkur þau atriði, er sýna, hvernig núverandi hæstv. landsstjórn er, ónýt þegar vanda ber að höndum, og lætur að minsta kosti viðgangast pólitískar ofsóknir á heil bæjarfjelög, jafnvel þó að af leiði atvinnuhrun, eftirlitslaus með embættismönnum landsins og ljeleg í allri framkvæmdastjórn, en þó kastar tólfunum, er hún þverbrýtur landsins lög. Mörg fleiri dæmi mætti tilfæra úr ferli stjórnarinnar, þó að þessi eigi að nægja til að rökstyðja fult vantraust og óskirnar um stjórnarskifti.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) byrjaði tölu sína með hugleiðingum um skipun stjórnarinnar, og þá einkum forsætisráðherra. Út af því vil jeg taka það fram, að samkvæmt því, sem gert var ráð fyrir í tilkynningu, sem lesin var upp hjer snemma þingsins, hefir farið fram skipun forsætisráðherra. Jeg þarf ekki að fara út í hugleiðingar hv. þm. (HjV) um mismun bráðabirgðastjórnar og reglulegrar stjórnar, eins og t. d. það, að bráðabirgðastjórn þurfi ekki að hafa þingmeirihluta á bak við sig, en regluleg stjórn þurfi þess. Það liggur ekki hjer fyrir. En jeg þykist þó mega ráða af ummælum hans, að honum sje ljóst, að ef stjórnarskifti verða, og hann fær að taka við, eins og skylda hans er, þá verður hann að sýna til þess þingmeirihluta. Hv. þm. (HjV) sagði, að engin stjórn gæti setið við minni hluta í Nd. Það er nú svo. Eftir allri skipun Alþingis getur engin stjórn látið sjer nægja það út af fyrir sig að hafa meiri hluta í Nd. Okkar skipun er ekki þannig háttað, að forsvaranlegt sje að framkvæma Nd.-þingræði eingöngu. Hjer verður að framkvæma fullkomið þingræði. Væntanleg stjórn verður að sýna meiri hluta alls þingsins.

Hv. þm. (HjV) lýsti því rjettilega, að alþýðuflokkurinn er aðalflokkur stjórnarandstæðinga. Sú eðlilega flokkaskifting er á milli sócialista og íhaldsmanna. Þessi skilningur hv. þm. kemur líka rjettilega fram, þegar hann gengur fram fyrir skjöldu stjórnarandstæðinganna, ber merki þeirra og segir: „Fylgið hinum rjetta foringja". Meðan hv. þm. er eini fulltrúi síns flokks hjer, getur ekki komið til álita um val á forustumanni samkvæmt persónulegum hæfileikum. Meðan hann er hjer einn, skilur hann hlutverk sitt rjett, það, að hann er líka foringi síns flokks.

Mjer er mjög kært að fá þannig sem skýrastar línur milli tveggja andstæðra stefna. En þegar svo hv. þm. (HjV) fer að lýsa því, hvernig núverandi stjórnarflokkur sje skipaður, þá er hann kominn út fyrir sínar herbúðir og inn á þær eyðimerkur, þar sem honum vill verða villugjarnt. Hann sagði, að hann væri skipaður stóratvinnurekendum við sjóinn, og væri stjórnin framkvæmdarstjórn þeirra.

Þetta er vanþekking, sem hv. þm. (HjV) var alveg vorkunnarlaust að leiðrjetta. Hann þarf ekki annað en að litast um hjer í hv. deild, meðal fylgismanna stjórnarinnar hjer, svo að jeg ekki vísi honum í aðra eins fjarlægð og þá að gera sjer grein fyrir, hvernig atkvæði kjósenda skiftast á milli flokkanna.

Það hefir verið margtekið fram, að íhaldsflokkurinn er ekki stjettarflokkur og vill ekki vera það. Hann vill bera fyrir brjósti hagsmuni allra stjetta og allra heiðarlegra atvinnuvega jöfnum höndum, og hann álítur hverri einstakri stjett best borgið, ef allar hinar geta staðið í sæmilegum blóma. Þá hefir stjórnin fullkominn skilning á því, að stór og smá útgerð þarf að geta staðið í blóma. Og jeg vil segja, að íhaldsflokkurinn hafi betri skilning á þörf verkalýðsins en hv. 4. þm. Reykv. (HjV) og þeir, sem tala í sömu tóntegund og hann. Jeg verð að halda, að þeir álíti það bestu gegna fyrir verkalýðinn, að sem flest atvinnufyrirtæki komist á knje, eða jafnvel alveg í þrot. Af því að íhaldsflokkurinn hefir rjettari skilning á þessu, er það svo, að honum fylgir yfirleitt mikill hluti sjómanna og verkamanna.

Hv. þm. fann stjórninni það til foráttu, að hún reyndi að aðhafast sem minst, en hann færði engin rök að þessari staðhæfingu og benti ekki á neitt, sem stjórnin ætti að aðhafast, en hefði ógert látið, nema ef vera skyldi missögn út af ástandinu á Ísafirði, sem jeg síðar skal koma að.

Hv. þm. sneri sjer að mjer sjerstaklega og byrjaði á því að minnast formensku minnar í bankaráði Íslandsbanka. Hann lýsti því átakanlega, að bankinn hefði tapað stórfje, að Vestfirðir hefðu gleypt miljónir af fje bankans og að hann hefði lánað alt of stórar upphæðir til alt of fárra manna, en öllu þessu hefði jeg ekki afstýrt. Jeg vil þá fyrst minna hv. þm. á, að það er ekki nema síðan í júlíbyrjun síðastliðið ár, sem jeg hefi átt sæti í bankaráði Íslandsbanka, svo að þau ummæli, að jeg hafi ekki afstýrt töpunum, eru gott dæmi þess, að hv. þm. (HjV) hefir ekki af miklu að taka. Allir vita, að þessi töp stafa ekki frá tímabilinu, síðan jeg tók sæti í bankaráðinu, heldur eru þau afleiðingar af eldri ráðstöfunum.

En samkvæmt lögum Íslandsbanka er bankaráðinu eigi ætluð sú aðstaða gagnvart stjórn bankans, að bankaráðið geti borið ábyrgð á töpunum. Jeg er ekki að segja, að það ætti að vera svona. En svona er það. Mjer verður ekki legið á hálsi, þótt jeg hafi ekki gert breytingar á lögum Íslandsbanka, því að það er löng og ströng leið, þar sem til breytinga þarf bæði samþykki hlutafjelagsins og löggjafarvaldsins.

Hv. þm. (HjV) sagði hrunið á Vestfjörðum stafa af því, að lánaðar hefðu verið of stórar upphæðir á of fáar hendur. Það má vel vera, að Íslandsbanki hafi liðið nokkur töp, sem meðfram stafa af þessu, en aðalástæðan var auðvitað önnur, og það veit hv. þm. (HjV), þó að honum henti ekki að kannast við það núna. Aðalástæðan er sú, að sú atvinna, sem rekin var fyrir lánsfje bankans, hefir ekki borið sig. Tilkostnaðurinn varð of mikill, meðal annars af því, að gerðar voru meiri kröfur til fyrirtækjanna, bæði að ofan og neðan, en forsvaranlegt var. Kaupgjaldskröfur voru meiri en þau gátu

staðið sig við að uppfylla. Einnig voru gerðar of miklar kröfur af hálfu ríkisins, en þó einkum sveitarfjelagsins, til þess að fyrirtækin gætu risið undir þessu.

Í þessum bágindum eiga að minsta kosti forsprakkarnir í flokki hv. þm. (HjV) langmestan þátt, því miður. Það væri því sönnu nær af honum að snúa sjer til sinna eigin samverkamanna og flokksbræðra en að gera þetta að aðfinsluefni við stjórnina.

Hv. þm. mintist því næst á stöðvun útvegsins á Ísafirði og sagði, að Íslandsbanki hefði látið bátana liggja ónotaða, sem hann tók upp í skuld, en bátar Landsbankans hefðu verið gerðir út. Þeir voru miklu færri, en hv. þm. bætti við, að þetta væri á ábyrgð stjórnarinnar, því að hún hefði getað beitt áhrifum sínum til þess að koma bátunum út. Þegar svona vandamál kemur fyrir, er fyrst á það að líta, að stöðvunin var óhjákvæmileg. Það er eitt af því, sem menn eru mest sammála um hjer, að það má ekki halda áfram, að bankarnir haldi uppi fyrirtækjum, sem altaf eru að tapa. Fje bankanna er lánsfje, sem þeim er trúað fyrir af landsmönnum til geymslu, og bankarnir mega ekki láta það tapast. Þessi ráðstöfun var því alveg rjettmæt. En svo lá fyrir að finna úrræði til þess að útvegurinn gæti haldið áfram, og er handhægt fyrir hv. þm. að koma nú og segja, að það sje á ábyrgð landsstjórnarinnar, að sumum bátunum var ekki haldið út. Jeg verð að segja, að þegar svona vandi kemur fyrir, verður fyrst að heimta af þeim mönnum, sem mest eiga í húfi og næstir standa fyrirtækjunum, að koma með tillögur til umbóta. Nú hafa talað við mig tvisvar menn af Ísafirði. Jeg hefi sagt þeim, að ef þeir kæmu með tillögur í þá átt að koma útgerðinni af stað aftur, skyldi jeg taka þær til velviljaðrar íhugunar og gera það, sem jeg gæti, til þess að styðja þær, ef mjer sýndust þær skynsamlegar. En engar slíkar tillögur hafa komið fram.

Jeg skal gjarnan geta þess hjer, að einn mikilsmetinn flokksbróðir hv. 4. þm. Reykv. (HjV), frá Ísafirði, sem tvisvar sinnum átti tal við mig um þetta mál, leit svo á í fyrra skiftið, sem hann talaði við mig, að þessir bátar væru svo ljelegur farkostur, að ekki myndi hægt að gera þá út. En í síðara skiftið hafði hann skift um skoðun og taldi þá kleift að gera bátana út, en gat þó ekki komið með neina tillögu um skynsamlega lausn á málinu. Jeg verð því að segja, að úr því að þeir, sem kunnugastir eru, geta ekki upphugsað neina slíka tillögu, þá sje ekki von, að stjórnin geri það.

Þá var hv. þm. að ausa sjer út yfir Íslandsbanka-útibússtjórann á Ísafirði og kvarta undan grein, sem hann hefði skrifað í blað á Ísafirði. Jeg sje satt að segja ekki, hvað þetta kemur þessu máli við. Læt jeg þá því eiga þetta sín á milli. Hann sagði ennfremur, að jeg ljeti mig þetta engu skifta. Það er satt. Jeg læt mig það engu skifta, hvað útibússtjórar á Ísafirði skrifa í blöð, alveg eins og jeg læt mjer það á sama standa, hvað háttv. 4. þm. Reykv. skrifar í blöð.

Þá bar hann það fram sem ásökunarefni, að jeg ljeti mjer ant um Íslandsbanka. Jeg veit ekki, hvers vegna það er fyrirskipað í lögum, að forsrh. skuli vera formaður bankaráðs Íslandsbanka, ef ekki er sú meiningin, að

skylda forsrh. til að láta sjer ant um bankann, enda er mjer það. Jeg læt mjer ant um, að hann geti int af hendi nauðsynlegan stuðning atvinnuvegunum, og mjer þykir leitt, að þessi banki hefir ekki nú um skeið getað veitt þeim sama stuðning og áður. Jeg vildi því óska, að þetta krepputímabil yrði sem styst, og jeg mun láta mjer ant um, að hann geti fengið aftur sem fyrst kraft til að inna af hendi þessa skyldu fyrir þjóðfjelagið.

Þá var hann að tala um, að Íslandsbanki yrði nokkurskonar íhaldshreiður, ef að honum væri hlynt. Þetta skil jeg ofurvel hjá þessum hv. þm., því að ekki er verra til fyrir hans flokk og hans stefnu en að atvinnuvegirnir gangi vel og vel sjálfstæðum einstaklingum fjölgi í landinu. Það er því von, að velgengni bankans sje þyrnir í augum hans.

Næst fann hv. þm. að því, að ekki hefði verið látið uppi opinberlega lánskjör o. fl., snertandi lán það, er Landsbankinn hefir tekið hjá National City Bank of New York. Þessu er því að svara, að það hefir alt verið látið uppi um lán þetta, sem Landsbankastjórnin hefir óskað að láta uppi, en ekki meira.

Þá talaði hann um, hve vont væri eftirlitið með tollgæslunni úti um land. Út af þessum ummælum vil jeg segja hv. 4. þm. Reykv. (HjV) það, að honum getur tæplega verið annara um, að tollgæslan sje í lagi, en mjer, því fátt er mjer meira móti skapi en að fluttar sjeu inn vörur bak við tollinn. Og þess má geta, að í minni tíð hafa komið fyrir tvö tilfelli, þar sem reynt hefir verið að komast undan að greiða lögmælta tolla, og í báðum tilfellum voru hlutaðeigendur látnir sæta fullri ábyrgð fyrir gerðir sínar. Jeg ætla alls ekki að fara að krefja hv. þm. sagna hjer um átyllur þær, sem hann hefir fyrir ummælum sínum, en hann mun eiga von utanþings vinsamlegra tilmæla frá fjármálaráðuneytinu að láta þetta uppi, til þess að hlutaðeigendur geti fengið sín makleg málagjöld. Annars held jeg, að rjettara hefði verið fyrir þennan hv. þm. að koma strax með þetta beint til ráðuneytisins heldur en að vera að leyna því þar til nú og verða á þann hátt meðsekur þeim, sem sökina hefir drýgt, en það verður hver sem þegir yfir lögbroti, sem hann veit um, og hjelt jeg, að hv. þm. vildi vita sig hreinan af slíku. Hann taldi tolleftirlitið hjer í Reykjavík gott, betra en úti á landi. Þetta er rjett, og liggur munurinn í því, að ekki er hægt að koma við eins góðri tollgæslu úti á landi eins og hjer, nema með mjög miklum tilkostnaði, en því fje, sem til þess þyrfti, hefir stjórnin ekki yfir að ráða.

Þá fanst mjer ekki anda hlýtt hjá honum, þegar hann fór að tala um tollmerkinguna á tóbakinu. Sjerstaklega fanst honum eftirlitið með þessu vont úti um land. Þetta má vel vera rjett að einhverju leyti, en það stafar þá af þeirri ástæðu, sem jeg var að geta um, að ekki er hægt að koma við strangri tollgæslu með allri strandlengjunni, nema þá með miklu fje. En hjer í Rvík er reynt að hafa eftirlitið eins gott og hægt er, því að hingað flyst mest af þessum vörum, og væri því stórkostlegast, ef um tollsvik væri að ræða.

Þá talaði háttv. 4. þm. Reykv. um ósamræmi í framkvæmd tollunar að því er vindlinga snertir. Það kann að vera eitthvað til í þessu hjá háttv. þm., en jeg hefi ekki heyrt það fyr en nú

nýlega. Ástæðurnar liggja sýnilega í þeirri grein tolllaganna, sem um þetta ræðir, og virðist full ástæða til að leiðrjetta hana að þessu leyti. Af flestum öðrum vörum er tollur greiddur eftir þyngd vörunnar að meðtöldum þeim umbúðum, sem hún flyst í til landsins, og þessa þyngd sýna skipsskjölin. En um tóbaksvindlinga er svo ákveðið, að þeir tollast aðeins í þeim umbúðum, sem þeir seljast í, og sú þyngd stendur venjulega ekki á neinum þeim skjölum, sem koma í hendur tollheimtumanna. Þetta mætti leiðrjetta með því að kveða svo á, að tollur skuli greiðast af þeim með þeim umbúðum, sem þeir eru sendir í til landsins. Að tollurinn sje greiddur út í hönd hjer, en gjaldfrestur oft gefinn úti á landi, veit jeg ekki um. En það er víst, að ákvæði þau, er þann gjaldfrest snerta, eru mjög ströng. Út af þessu gat hann um 16 þús. kr., sem tapast hefðu í tolli á Vestfjörðum. Það vill nú svo vel til, að jeg get glatt hv. deild með því, að nú þegar hafa verið greiddar inn í ríkissjóðinn 15 þús. af þessari upphæð, og fullar líkur eru fyrir, að þær 1000 kr., sem eftir standa, verði greiddar innan skamms. Jeg geri sem sagt ráð fyrir, að háttv. þm. hafi átt við eftirstöðvar þær úr Barðastrandarsýslu, sem síðasti landsreikningurinn sýndi.

Meðal annars gat hv. þm. um umboðsmenn sýslumannanna. Það er svo um þessa menn, að í lögum eru engin ákvæði um laun handa þeim. En sýslumennirnir, sem flestir eru vinsælir menn, hafa getað fengið þá til þess að annast þessa tollgæslu í þeim kauptúnum, sem þeir eru ekki búsettir í. Annars vil jeg nota tækifærið til að geta þess, að löggjafarvaldið virðist ekki hafa gengið vel frá þessum málum.

Næst talaði hv. 4. þm. Reykv. (HjV) um drátt á embættisfærslu embættismanna og nefndi því til sönnunar drengsmálið úr Skagafirði, sem jeg veit alls ekki, hvort rjettmætt var að nefna til sönnunar því. Hann sagði og, að stjórnin liti ekkert eftir, hvernig embættismenn ræktu embætti sín. En þetta verð jeg að telja ómaklega mælt um núverandi stjórn, því að hún hefir gert það betur en fyrv. stjórnir, enda þótt hún hafi ekkert verið að guma af því. Í reglugerð frá 1919 er svo kveðið á, að eftirlit skuli vera með embættisfærslu sýslumanna og bæjarfógeta, og skuli skoðun hjá embættismönnum þessum fram fara eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Þessu var ekki framfylgt fyr en í tíð núverandi stjórnar, en nú er það gert á þann hátt, að menn úr stjórnarráðinu, sem fullkomlega eru því starfi vaxnir, eru látnir ferðast um og koma á skrifstofur sýslumannanna. Þeir hafa ekki aðeins athugað fjárreiður sýslumannanna, heldur hafa þeir líka farið gegnum dómabækur þeirra og aðrar embættisbækur, athugað skifti á búum og yfir höfuð framkvæmt fullkomna endurskoðun.

Áður var þessu eftirliti svo fyrir komið, að landshöfðingi og síðan ráðherrar komu við hjá sýslumönnum svona einstöku sinnum og litu á bækur þeirra. Það verður því ekki annað sagt en hjer hafi orðið breyting til bóta á þessu sviði hin síðustu þrjú árin. Jeg get því ekki annað en verið hv. 4. þm. Reykv. (HjV) þakklátur fyrir það, að hann

með hinum ósanngjörnu ummælum sínum hefir gefið mjer tilefni til að geta þessa hjer.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson*): Jeg ætla fyrst að segja nokkur orð út af inngangínum að vantraustsræðu hv. 4. þm. Reykv. (HjV).

Hann færði fram sem ástæðu fyrir till. sinni, að jeg hefði óskað þess hjer í deildinni, að hann kæmi fram með hana. Þetta er ekki rjett. Hv. þm. var einu sinni nokkru eftir þingbyrjun að minna mig á, að jeg hefði ekki traust þessarar hv. deildar. Benti jeg honum þá á, að eftir þingræðisreglum gæti hann gengið úr skugga um traust mitt með því að koma fram með vantraustsyfirlýsingu. Af þessu gladdist hann mjög, og eftir að hafa melt þetta með sjer í fullan mánuð kemur hann fram með till. þessa. Verður því ekki annað sagt en hann sje duglegur.

Hv. þm. sagði, að aðalkjarni íhaldsflokksins væru stórútgerðarmennirnir við sjávarsíðuna. Jeg býst nú við, að enda þótt þeir sjeu margir, þá hafi hann þó sjeð þá í stækkunargleri, og ekki aðeins 10-falda eða 100-falda, heldur þúsundfalda, því hann þarf ekki annað en kynna sjer kosningarnar síðastliðið sumar og haust, til þess að sjá, að íhaldsflokkurinn hefir víðar fylgi en við sjávarsíðuna.

Þá sagði hv. þm., að svo virtist sem stjórnin hugsaði um það eitt að aðhafast sem minst. Þetta verð jeg að segja að komi undarlega við, þegar það er alkunna, að aldrei síðan landið bygðist hefir verið unnið þvílíkt að verklegum framkvæmdum sem í tíð núverandi stjórnar, og nú er í uppsiglingu það stórkostlegasta mannvirki, sem enn þá hefir verið hugsað hjer á landi, og eigi að síður leyfir hv. 4. þm. Reykv. sjer að halda því fram, að stjórnin hafi ekkert gert. Það er svo sem ekki verið að líta á rökin.

Hann mintist líka á embættisfærslu sýslumanna og gerði sjerstaklega að umtalsefni skifti á búum. Það er rjett, að oft getur dregist töluvert með skifti á þeim, en það stafar af því, að oft verður að sæta lagi með sölu á eignum, til þess að sæmil. verð fáist fyrir eignir búanna. Er þetta ekkert einsdæmi hjer, það er líka svo í öðrum löndum.

Þá mintist hann á drengsmálið í Skagafirði og sagði, að það hefði dregist í 1½ ár. Þetta er rjett, það drógst þennan tíma, en það verður ekki kallað að hafa dregist lengi. Og er síst hægt að ásaka stjórnina fyrir meðferð þess, því að hún gerði það sem hægt var, þar sem hún ljet æðsta dómstól landsins prófa það.

Aðallega voru það tvö atriði sem hv. 4. þm. Reykv. (HjV) gerði að umtalsefni. Hv. þm. (HjV) var reyndar að tala um, að það mætti til tína ýmislegt fleira, en jeg þekki svo snarpan stjórnarandstæðing, að jeg veit, að hann velur ekki það besta, hann velur æfinlega það, sem honum þykir verst, og þá gefur þar á að líta, hvað hv. 4. þm. Reykv. (HjV) álítur að jeg hafi gert verst á þessum árum í þeim málum, sem hann nefndi. Þessi tvö helstu atriði voru útvarpsmálið og lögin um atvinnu við siglingar. Um útvarpsmálið er það að segja, að fjelagið fekk ekki einkaleyfi fyr en trygt var, að það hafði það hlutafje, sem til er tekið í lögunum um útvarp, og þó svo væri, að sú stöð, sem notuð

*) Ræðuhandrit óyfirlesið.

er, sje ekki 1½ kw. í loftnetið, þá er það svo, að í lögunum stendur, að stöðin eigi að vera alt að 1½ kw., en svo er bætt við, að hún eigi að ná um alt land, en þessi viðbót getur ekki staðist, samanborið við stærð stöðvarinnar, vegna þess að fyrst og fremst er það óvíst, að til sje sú verksmiðja, sem búið geti til þá stöð, sem nái um alt land; það er nefnilega svo, að í öllum löndum eru svonefndir dauðir punktar, sem ekkert heyrist á, og svo er nú hitt, sem mjer dettur ekki í hug að neita, að stöðin er of lítil. En það er fyrir efnaskort, að útvarpsfjelagið hefir ekki fengið sjer stærri stöð, og sömuleiðis að það hefir aðeins leigt þá stöð, sem hjer er. En það er svo um ýms mál, þótt góð mál og menningarmál sjeu, að ekki er hægt að fá menn til að leggja fram fje til þeirra, og það er ósköp hægt að ávíta fjelagið fyrir það, að það hafi ekki fengið nægilegt fje, en það er ekki sanngjarnt að heimta það, að fáeinir menn leggi til svo mikið fje úr eigin vasa, þegar svo er, að nær engir aðrir vildu leggja fje til fyrirtækisins. Því var einmitt spáð hjer, þegar útvarpsmálið var hjer til umræðu, að það mundi verða fjöldi manna, sem vildi leggja fje í þetta menningarfyrirtæki. En það hefir reynst á alt annan veg, og að stofngjaldið og árgjaldið var svo hátt eins og það varð, var einmitt af hræðslu við það, að fjelagið myndi ekki fá nægilegt fje til að starfa fyrir. Jeg gerði það, sem jeg gat, til þess að fá gjöldin lækkuð, en hluthafarnir svöruðu, að annaðhvort yrðu gjöldin að vera þetta eða þá að þeir hættu við alt saman, og þegar enginn annar hafði sótt um leyfið, var annaðhvort að láta málið stranda eða gefa þeim sjerleyfi, sem um það sóttu. Hv. flm. (HjV) áleit, að eftirlitið með innflutningi á tækjunum mundi vera ólöglegt, en jeg vil spyrja, hvernig á að hafa eftirlit með því, að þeir, sem setja upp móttökutæki og eiga að borga fyrir að hafa þau, geri það, ef ekkert eftirlit er með innflutningi á slíkum tækjum? Þá sagði hv. flm. (HjV), að óleyfilegt væri að leggja gjald á varahluta, en jeg hefi áður upplýst, að þetta er algerlega rangt. Það er einmitt lagður skattur á varahluta til þess að ljetta undir með þeim, sem fá sjer tækin í heild, því væri ekki neinn skattur á varahlutum, væri ekkert ljettara en að kaupa sjer eintóma varahluta og setja svo upp heil tæki úr þeim og komast þannig hjá öllu gjaldi. Þá kvartaði hv. flm. (HjV) yfir því, að útvarpið væri slæmt, og nefndi þar sjerstaklega til, að ræður prestanna í kirkjunni heyrðust illa. Það er nú alt annað mál heldur en ef hv. þm. (HjV) hefði ekki kvartað um nema það, að útvarpað hefði verið dagbók Morgunblaðsins. En jeg man nú samt eftir því, að hans góði flokksbróðir, Ólafur Friðriksson, hefir haldið fyrirlestur í útvarpið, og þó að jeg viti, að það muni vera heldur grunt á því góða á milli þeirra flokksbræðra, þá dettur mjer þó ekki í hug að halda, að hv. flm. (HjV) vilji væna flokksbróður sinn um það, að hann sje neinn þræll eða leiguþý hjá íhaldinu. En þetta kemur ekki heim við það, sem hv. þm. (HjV) sagði, að stjórnin ljeti ekki útvarpa öðru en því, sem henni kæmi best. Annars er það vitaskuld svo um það, sem útvarpað er, að

stjórnin hefir ekki neina hönd í bagga með um val á því, og þykir heldur ekki ástæða til að gera það, vegna þess að hún telur, að þetta mál sje enn þá á tilraunastigi, og má jafnvel búast við, að þetta mál komi að meira eða minna leyti til umræðu hjer síðar á þinginu.

Þá vil jeg nefna hitt málið, sem hv. 4. þm. Reykv. (HjV) mintist á, en það eru lögin um atvinnu við siglingar og það frv., sem stjórnin hefir borið fram um það mál hjer á þingi. Það er nú reyndar nokkuð snemt, finst mjer, að bera fram vantraustsyfirlýsingu á þeim grundvelli, þegar þess er gætt, að það frv. er enn þá til meðferðar í nefnd. **(HjV:** Þetta er misskilningur). Það er enginn misskilningur, því að hv. þm. (HjV) var að tala um, hve óhæfilegt þetta frv. væri, enda er mjer kunnugt um, að hv. þm. (HjV) hefir barist á móti þessu frv. það sem hann hefir getað, en hitt er rjett, að stjórnin áleit rjett að fá undanþágur frá þessum lögum, eins og flestum öðrum lögum. Það er að minsta kosti svo, að ólærðir menn geta fengið leyfi til að fást við lækningar, og ólöglærðir menn fást oft við lögfræðisstörf, og undanþáguheimildir eru til um flest atriði, sem stjórnin hefir eftirlit með, og get jeg því ekki sjeð annað en að hjer sje algerlega það sama á ferðinni og það, sem þingið í fyrra samþykti nær einróma, nefnilega undanþága um vjelstjóra á skipum, og get jeg ekki sjeð, að neinn verulegur munur sje á því, hvort hægt er að veita vjelstjórum undanþágu eða skipstjórum, og jeg skal gjarnan viðurkenna það, að það hefir verið farið á flestar slóðir með að veita undanþágur, — jeg bið hv. þm. (HjV) að taka vel eftir, — þegar svo hefir staðið á, að sjávarútvegurinn mundi bíða hnekki við það, ef því hefði verið neitað, og jeg get ekki sjeð, að neinn skaði sje að því, þó að á skipi væri lærður maður, sem ekkert vald hefði, og svo annar ólærður maður, sem væri fiskiskipstjóri og hefði öll ráð á skipinu. Jeg veit, að hv. 4. þm. Reykv. (HjV), sem vill alla útgerð niður í sorpið, vill ekki leyfa þetta henni til ljettis, en þeim, sem vilja þessum atvinnuvegi vel, mun sýnast, að það sje ekki rjett að vera að herða á honum með óþörfum byrðum, og það var heldur alls ekki svo eftir þessu frv. stjórnarinnar, að það ætti að veita þessar undanþágur án þess að sjerfróður maður segði álit sitt um það, því það er ætíð svo, að forstöðumaður stýrimannaskólans er spurður um þessi mál, og leggi hann á móti þeim, þá eru slíkar undanþágur mjög sjaldan eða aldrei veittar, og það er ósköp hægt að binda stjórnina við það að veita aldrei slíkar undanþágur nema eftir meðmælum þessa manns. Það er maður, sem öll sjómannastjettin ber fult traust til.

Þá sagði hv. flm. (HjV), að það væru nægilega margir menn til, sem tekið gætu að sjer slíkar skipstjórastöður, en hann verður að athuga það, að það er stundum ekki svo ljett að ná í þá menn. Þeir erú kannske komnir í atvinnu hingað og þangað, eða þeir eru einhversstaðar úti á sjó, og það kemur oft fyrir, þegar menn fatlast frá starfinu á einhvern hátt, að þá er ekki hægt að ná í þessa menn, en það verður að vera hægt.

Hótun hv. þm. (HjV) um landsdóm tek jeg mjer ekki nærri. Hv. þm. (HjV) er svo gjarn á að fara í mál, að það er ekki undarlegt, þó að málaferli verði

á milli hans og landsstjórnarinnar, þegar hv. þm. (HjV) liggur í málaferlum við sína eigin flokksbræður, og jeg get alls ekki búist við, að hv. þm. (HjV) vilji gera mjer hærra undir höfði en sínum bestu flokksbræðrum, því að jeg verð að skoða þetta svo sem hv. þm. (HjV) vilji sýna sanngirni.

Hv. flm. (HjV) var eitthvað að minnast á það, að tollheimtan úti um land væri of slæleg, en jeg hefi það fyrir satt, að hv. þm. (HjV) hafi þó ávítað einn bæjarfógeta úti á landi fyrir það, að hann væri of harður í kröfum um toll frá þeirri heildverslun. sem hv. þm. (HjV) er framkvæmdarstjóri fyrir. En þessar aðfinslur hv. 4. þm. Reykv. (HjV) eru svo magrar og veigalitlar og lítils virði, að það er ekki hægt að halda verulega svarræðu við þeim, og vil jeg því aðeins benda hv. þm. (HjV) á það, að hvað sem verður um þessa vantraustsyfirlýsingu, getur landsstjórnin og flokkur hennar verið ánægð með þá traustsyfirlýsingu, sem hún fekk við það landskjör, sem fram fór á síðastliðnu hausti, því að það er meira virði að fá traustsyfirlýsingu frá kjósendum landsins heldur en þótt hv. þm. (HjV) tali 1—2 tíma máttlaust í þessari hv. deild.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Þá fregn sagði hæstv. fjrh. (JÞ), að hann væri skipaður forsætisráðherra, og þykir mjer það mjög undarlegt, að svo sje, þegar hæstv. ráðh. (JÞ) hefir haldið því öllu leyndu fyrir þinginu. Vildi jeg þá beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh. (JÞ), hvenær þetta hafi skeð, hvort hann hafi ef til vill fengið þá skipun nú í morgun. Annars er það mjög gleðilegt, að þingið fær að vita um það, þegar spurt er að því. En það kemur ekki í bág við hitt, sem jeg hefi sagt, að stjórnin eigi ekki að geta látið skipa sig af konungi án þess að hafa yfirlýstan þingvilja á bak við sig. Þessa trausts þingsins hefir stjórnin ekki leitað og heldur ekki fengið. Ef um þessa vantraustsyfirlýsingu mína fer svo, að hún verði feld, eða ef traustsyfirlýsing til stjórnarinnar verður samþykt, þá er öðru máli að gegna, en hjer leggur stjórnin út í það að láta skipa sig, þótt hún viti það, að hún hefir ekki fengið neina traustsyfirlýsingu eða yfirlýstan þingvilja til þess, og megi telja víst, að meiri hl. hv. Nd. sje á móti henni. Finst mjer hæstv. stjórn því hafa farið út á mjög hála braut, og að hæstv. ráðherrar leggi ofurkapp á að komast í þessi sæti, með því að láta konung skipa sig án þess að hann viti um afstöðu flokkanna á þinginu. Jeg vil nú ekki öfunda hæstv. stjórn, ef endalokin á máli þessu yrðu þau, að stjórnin yrði valdskert og yrði að starfa áfram sem bráðabirgðastjórn, þrátt fyrir hina leynilegu skipun.

Jeg verð að taka því sem glensi, að jeg mundi þurfa að taka við störfum stjórnarforseta hjer, ef þessi vantraustsyfirlýsing verður samþykt, því að hæstv. ráðh. (JÞ) veit það, að á meðan hann og hans flokkur sjer um að halda við þeirri kjördæmaskipun hjer á landi, sem nú er, þá eru ekki líkindi til, að alþýðuflokkurinn ráði stjórn landsins fyrst um sinn, hvað þá heldur jeg einn, enda þótt alþýðuflokkurinn telji sjer skylt, þegar hæstv. stjórn ætlar að gera slíkar breytingar á ráðuneytinu, sem nú áttu fram að

fara, að láta fram koma þingúrskurð um það. Jeg get ekki verið sammála hæstv. forsrh. (JÞ) um það, að nægilegt sje fyrir stjórnina að hafa meiri hl. þings að baki sjer, þótt hún sje í minni hl. í Nd. Finst mjer mjög óeðlilegt af hæstv. fjrh. (JÞ) að halda því fram, að hann geti setið í trássi við hv. deild, og þrátt fyrir það haft fjármálastjórnina á hendi með aðalfjárveitingavaldið á móti sjer. En hjer er nokkru öðru máli að gegna, því ef atkvæðagreiðslan fer hjer eins og við er búist, þá sannast það, að hæstv. stjórn hafi ekki einu sinni meiri hl. Sþ. og sje í minni hl. hjer í deildinni. Er það sannarlega ekki glæsileg aðstaða, og mundi engin stjórn í heimi geta eftir það talið sig þingræðisstjórn.

Bæði hæstv. forsrh. (JÞ) og hæstv. atvrh. (MG) voru að fetta fingur út í það, sem jeg sagði, að mergur íhaldsflokksins væri stóratvinnurekendurnir. Mergur flokksins og tala kjósenda hans er sitt hvað, en þeim kjósendum, sem íhaldsflokkurinn safnar að sjer, safnar hann fyrir atfylgi stóratvinnurekenda í landinu. Þeir leggja fram fje til blaða flokksins, kosta almennar kosningar og landskjör og annað þess háttar. Þeir, sem leggja til fjeð úr pyngju sinni, hljóta mestu að ráða um stefnu flokks þess, sem alt metur eftir peningum. Þetta sýnir best það, sem hæstv. ráðh. (JÞ) vildi ekki viðurkenna, að íhaldsflokkurinn er í raun og veru stjettarflokkur, enda má þar benda á helstu áhugamál hans, svo sem ríkislögregluna, sem var ætluð til að halda niðri verkamönnum í kaupdeilum þeirra við atvinnurekendurna. Væru atvinnurekendur ekki öllu ráðandi um stefnu íhaldsflokksins, mundi slíkt mál aldrei hafa getað orðið flokksmál hans. Hygg jeg, að hæstv. ráðh. (JÞ) geti ekki talið mörgum verkamönnum trú um það, að ríkislögreglan hafi verið ætluð til verndar þeim, enda hafa undirtektir verkalýðsins alstaðar á landinu um það mál verið nægilega ákveðnar.

Þá hlýtur það að hafa verið glens, sem hæstv. forsrh. (JÞ) sagði, að íhaldsflokkurinn hefði meira af sjómönnum og verkamönnum meðal sinna kjósenda heldur en alþýðuflokkurinn. Bæjarstjórnarkosningarnar víða úti um land hafa nú um síðustu áramót sýnt fylgisleysi íhaldsflokksins í kaupstöðum landsins.

Hæstv. forsrh. (JÞ) ætlaði svo að skjóta núverandi stjórn hjá þeirri ábyrgð, er leiðir af því, að forsætisráðherra er sjálfkjörinn formaður bankaráðs Íslandsbanka, og honum hefði því verið skylt að sjá um, að bankinn dreifði meira fjármagni sínu og áhættunni við útlánin heldur en gert hefir verið, eins og miljónatöp bankans á Vestfjörðum sýna. Jeg hygg samt, að fáir verði hrifnir af þeirri vörn hæstv. forsrh. (JÞ), því enda þótt hann hafi aðeins verið formaður bankaráðsins hálft ár, þá var á undan honum formaður bankaráðsins samherji hans og stjórnarbróðir, fyrv. forsætisráðherra. Öll stjórnin ber sameiginlega ábyrgð á svo greinilegu stefnumáli, hvernig bankinn, sem er undir eftirliti stjórnarinnar, dreifir fjármagni sínu meðal landsmanna.

Hæstv. fjrh. (JÞ) vildi síðan kenna verkamönnum um það, að atvinnufyrirtækin á Vestfjörðum hefðu farið eins illa og raun er á orðin, með því að þeir hefðu gert of miklar kaupkröfur. Jeg veit ekki, hvernig verkalýðssamtök

hafa felt fjelagið Andvara á Flateyri um koll, með þeirri miljón króna, sem þar fór í súginn. Þar á staðnum var ekkert verkamannafjelag. Sama er að segja um gjaldþrot verslananna á Bíldudal og Þingeyri, þar voru heldur engin verkalýðssamtök þá. Verkalýðsforkólfar voru heldur ekki þá á neinum þessara staða, því að hvernig geta verið verkalýðsforkólfar, þar sem engin verkalýðssamtök þekkjast og engin verkalýðshreyfing er til. Það sýnir rökþrot hæstv. ráðh. (JÞ) að segja þetta. Á Ísafirði, þar sem verkalýðssamtök eru, er ekki hægt að segja, að tapið sje þeim að kenna, af þeirri ástæðu, að kaupgjald hefir ekki verið hærra þar en t. d. á Akureyri, þar sem ekkert slíkt hefir fyrir komið.

Þá kom hæstv. ráðh. (JÞ) að stöðvun útgerðarinnar á Ísafirði. Það er rjett, að nauðsyn hafi borið til að stöðva útgerðina að því leyti, að bátarnir skiftu um eigendur. Hæstv. ráðh. (JÞ) kom hjer með greinilega vantraustsyfirlýsingu á þá menn, sem höfðu stýrt þeim fyrirtækjum áður og verið aðalstuðningsmenn hans þar, og skal jeg síst bera blak af þeim. En slík eigendaskifti eru alt annað en að láta bátana liggja gersamlega kyrra og alt fólkið atvinnulaust. Það þurfti ekki mikla heilbrigða skynsemi til að sjá, að það væri atvinnubót að láta bátana ganga í þá 3—4 mánuði, sem vertíðin stendur yfir hjer syðra, til bráðabirgða, en nota þann tíma til þess að koma útgerðinni á fastan fót aftur. Mjer er ekki kunnugt annað en að Landsbankinn hafi sjálfur látið gera bátana út, og það hefði Íslandsbanki líka getað, í stað þess að spilla algerlega atvinnu fjölda manns, með því að láta bátana liggja kyrra. Hygg jeg, að hæstv. ráðh. (JÞ) hefði ekki þurft að láta benda sjer á þetta atriði, því að hann mun hafa vitað, að bankinn gat gert bátana út sjálfur. En þar kemur það til, að bankastjórinn var látinn ráða, og hann vildi ekki láta Ísfirðinga hafa atvinnu á bátunum, nje heldur við þann fisk, sem bátarnir öfluðu, og ekkert af þessu reyndi hæstv. ráðh. (JÞ) að hindra, svo að það lítur helst út fyrir, að hann sje mjög ánægður með að láta Ísfirðinga kenna á því, hvernig það er að vera í andstöðu við ráðandi stjett í landinu. Þótt hæstv. forsrh. og fjrh. (JÞ) geti gert útibússtjórann á Ísafirði ómerkan orða sinna, þar sem eru umsagnir hans um fjárhag bæjarins, þá getur þó hæstv. ráðh. (JÞ) aldrei gert hann ómerkan gerða sinna, að láta bátana liggja kyrra yfir háþjargræðistímann.

Þá finst mjer það mjög vesallegt hjá hæstv. ráðh. (JÞ), þegar hann er að kenna stjórn Landsbankans um alt pukrið við lántökuna, því að bankastjórnin mun ekki hafa tekið fram nema 1—2 atriði, sem hún óskaði að stæðu í lögunum, án þess að óska þess, að öðru væri leyndu haldið, enda hefði slík ósk ekki verið verjandi, þegar þjóðin átti að taka á sig ábyrgð vegna bankans. Þetta er sama aðferðin og miðlungi vandaðir menn nota stundum til þess að láta auðtrúa menn skrifa upp á óútfylta víxla fyrir sig. Þingið og þjóðin á að samþykja lánið, án þess að fá að vita nokkuð um kjörin fyrir því nje upphæðina.

Það sje fjarri mjer að segja það, enda hefi jeg líka tekið það fram áður, að jeg sje á móti því, að Íslandsbanki fái aukið rekstrarfje, en jeg er

á móti því að láta mikinn hluta af lánstrausti landsins ganga yfir til Íslandsbanka, án þess að landið fái frekari ráð yfir honum en verið hefir og rannsakaður sje hagur hans, og því síður ef stjórnin ætlar að nota bankann til þess að hefna sín á pólitískum andstæðingum sínum í sumum landshlutum.

Það er með öllu rangt hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að jeg hafi sagt, að mikið væri selt af ótolluðu tóbaki í Reykjavík. Mjer er ókunnugt um það og tel tollgæsluna hjer að ýmsu leyti góða. En jeg sagði, að það ætti sjer stað víða úti um land, enda hafa ferðamenn orðið þess varir. Jeg vænti þess að geta gefið honum nánari upplýsingar um þetta, en álít samt, að hann ætti frekar að snúa sjer til lögreglustjóranna heldur en til mín. Og jeg kalla það ekki að hylma yfir lögbrot að skýra frá þessu hjer á þingi. Hinu gat jeg ekki trúað, að hann vissi ekki um þetta, en það sýnir ekki annað en það, að hann fylgist ekkert með því, sem gerist í landinu, þó að það heyri undir verksvið hans.

Þá gat hæstv. fjrh. (JÞ) þess, að jeg hefði vítt það eftirlit, sem væri falið í tollmerkingu tóbaksins. Jeg sagði, að jeg áliti betra að verja öllu þessu fje, sem jeg geng út frá, að sje milli 40 og 50 þús. kr., til þess að senda menn kringum landið til eftirlits, heldur en að láta menn og stúlkur sitja við að líma þessa miða á pakkana. Þar sem tollgæsla á að vera í skipunum hjer í Reykjavík, þá er þessum peningum fleygt í sjóinn. Hitt varð hæstv. fjrh. að viðurkenna, að þessari tollmerkingu væri ábótavant, og það sýnir, hve mikið „humbug" hún er, þegar kaupmenn fá tollmerkinguna sjálfir í sínar hendur alveg eftirlitslaust.

Þá var heldur barnaleg skýring hæstv. ráðh. á tollinum á vindlum og vindlingum. Vindlar eru tollaðir eftir nettóþunga þeirra, en vindlingar eftir þunga, að meðtöldum umbúðum þeim, sem þeir seljast í.

Hann gat þess, að skýrslur vantaði erlendis frá um þungann. En það er ekkert auðveldara en að fá þær, og raunar eru engar skýrslur á reikningum verksmiðjanna til um tollþunga eins og hann er reiknaður hjer á vindlingum. Þótt slíkar skýrslur kæmu, væru þær varla öruggar, en einföld leið er þá að vega tóbakið, eins og gert er hjer í bæ, fá smámsaman reynslu og reikna svo sömu tegund eins alstaðar. En að fara að tolla það með vörutolli kæmi vitanlega ekki til mála.

Hæstv. atvrh. (MG) gat þess, að jeg hefði lent í deilu við bæjarfógetann í Vestmannaeyjum út af tollmerkingunni. En sú deila sýnir, hve mikið handahóf er hjá umboðsmönnum stjórnarinnar og hjá henni sjálfri í þessum málum.

Í Vestmannaeyjum hefir bæjarfógetinn tekið vigt af vindlingum eftir þyngd á innkaupsreikningunum, en á þeim er reiknuð nettóþyngd. Þannig mun hann ekki hafa innheimt nema $^2/_3$ af því, sem honum bar að innheimta. Þetta munar mörgum þús. kr. þar á staðnum. Jeg hringdi bæjarfógetann upp, en hann gat engar upplýsingar gefið. Þá fór hann að athuga lögin og fór að vega tóbakið og tók þá meiri þyngd. En jeg lenti í deilu við hann út af því, að mjer þótti undarlegt, að það skyldi vera önnur þyngd en löng reynsla hefir sýnt hjer í Reykjavík. En

þarna frelsaði jeg mikla peninga handa ríkissjóði.

Í sambandi við þetta vil jeg svo geta þess, að bæjarfógeti hefir gefið 2—3 mánaða gjaldfrest á tolli, sem verslanir hafa átt að greiða í ríkissjóð. Og jeg held, að svo sje víðar. Þetta getur verið áhætta fyrir ríkissjóð og vaxtatap, auk þess misrjettis, sem verður á milli þeirra, sem flytja inn tollvörur úti um land, og þeirra, sem flytja inn hjer í Reykjavík.

En ókunnugleiki hæstv. ráðh. á þessu máli öllu sýnir, hve lítið ant honum er um störf sín og hve lítið skynbragð hann ber á þessi tollmál.

Það er gleðilegt að heyra, ef eftirstöðvarnar á Bíldudal koma inn. En eftir landsreikningi virðast þær hafa verið tapaðar. Annars hefir hæstv. ráðh. viðurkent, að þetta fyrirkomulag geti haft stórtap fyrir ríkissjóð í för með sjer, og mun áður hafa haft það.

Það má þá benda á aths. endurskoðenda landsreikninganna viðvíkjandi eftirstöðvum af ógreiddum ríkissjóðstekjum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem nema á annað hundrað þús. kr. Það virðist svo, sem að minsta kosti töluverður hluti þessara ógreiddu og ófáanlegu eftirstöðva stafi af slælegri innheimtu og eftirlitsleysi hæstv. stjórnar.

Þá kom hæstv. ráðh. að því, að sýslumennirnir hafi skipað umboðsmenn stjórnarinnar á hinum ýmsu stöðum úti um land. Jeg fann ekki að því, að þess gæti ekki verið þörf, heldur að því, að skipaðir hafa verið umboðsmenn yfirleitt stærstu verslanirnar á stöðunum, en þær eru ekki vel til fallnir umboðsmenn, ekki síst þar, sem samkepni er milli þeirra og annara verslana. Jeg sje ekki, að stjórnin hafi ráðið nokkra bót á þessu máli, enda þótt oft hafi verið yfir því kvartað.

Það er gleðilegt, ef stjórnin hefir gert sitt til þess að flýta málum meir en áður, með því að senda eftirlitsmenn út til sýslumannanna. En þeir, sem eiga kröfur í búum, verða lítið varir við það, enda liggja þær tugum saman, sumar margra ára gamlar. Og þar sem hæstv. ráðh. gat þess, að erfitt væri að koma búunum í verð, þá er það ekki þess vegna, að menn fá ekki kröfur sínar, því að meiri hluti þeirra innheimtist án dráttar, þar sem lítið er um fasteignir. Það er ekki nema ca. 10% af kröfunum, sem þarf að draga að greiða, til að koma eignunum í verð, og gætu skuldheimtumenn þó fengið nokkuð upp í kröfur sínar smámsaman.

Þótt eftirlitsmennirnir hafi sent skýrslur til stjórnarinnar, þá hefir ekki sýnt sig, að þær skýrslur rjeðu bót á þessu sleifarlagi.

Þá ætla jeg að snúa mjer að hæstv. atvrh. (MG). Það er misskilningur hjá honum, að ástæðan til vantraustsins sje sú, að hann hafi óskað eftir því. En jeg vildi láta þessa getið til að sýna, að hann þyrfti ekki að undrast, þótt það kæmi fram. Hann áleit, að mergur íhaldsflokksins, stórútgerðarmennirnir, gætu skift jafnvel tugum þúsunda. Jeg efa, að íhaldsmenn skifti tugum þúsunda í landinu, hvað þá heldur ráðandi stjettin innan þess flokks, stórútgerðarmennirnir. Hæstv. ráðh. fór áreiðanlega út fyrir landssteinana, því að menn hafa ekki orðið varir við allan þann fjölda íhaldsmanna hjer á landi.

Mig undrar ekkert, þótt stjórnin hafi framkvæmt það, sem samþ. hefir verið

hjer í þinginu, en jeg get hugsað, að hæstv. ráðh. hefði kannske viljað brjóta lögin um þau atriði sem önnur. En það er ekki nema eðlilegt, að hún gerði það ekki.

Fyrir utan löggjafarsviðið hefir stjórnin reynt að fara með löndum fram. Jeg ávíta hana ekki fyrir það að láta opinberar framkvæmdir verða eftir fjárlögunum, heldur fyrir þau atriði, þar sem vilji sjálfrar stjórnarinnar ræður gerðum hennar, úlfurinn kemur fram úr sauðargærunni.

Það er líka rangt, að jeg geti aðeins fundið tvö atriði vítaverð hjá hæstv. atvrh. (MG). Jeg get rakið þannig allan feril hans og skal bæta við öðrum tveimur málum.

Jeg sný mjer þá fyrst að þeim málum, sem stjórninni eiga að vera kærust, hermálunum, og þá fyrst og fremst sjóhernum.

Það er kunnugt, að hæstv. ráðh. ljet sjá um byggingu strandvarnaskipsins „Óðins", og það var eytt svo miklum peningum í það skip, að þess hefði mátt vænta, að verulega vandað skip fengist fyrir það. Hæstv. ráðh. hafði svo marga ráðunauta og eftirlitsmenn sjer við hlið, að átt hefði að duga. Samið var við Flydedokken, enda þótt hennar tilboð væri ekki það lægsta — og það hefir engin skýring fengist á því, hvers vegna ekki var tekið lægsta tilboði. Þegar svo skipið kemur, verður reynslan sú, að það er talið ósjófært af dómbærum mönnum, og það jafnvel svo, að háskalegt sje fyrir skipverjana að sigla á því. Norður fyrir Siglufirði kemur það eitt sinn fyrir s. l. sumar, að skipið legst alveg á hliðina og getur ekki rjett sig, öðruvísi en hásetarnir velti kolunum úr einni hlið skipsins í aðra. Það var hreinasta mildi, að skipið fórst ekki með allri áhöfn, og hefði skipið lent í vondu veðri og hrept brotsjói, má telja öldungis víst, að það hefði farist. Þessi dugnaður hæstv. atvrh. endar svo með því, að taka verður skipið frá þeirri ónógu strandgæslu, sem fyrir var, og senda það til Kaupmannahafnar til aðgerðar. Það er nú fyrst og fremst undarlegt, að ekki skyldi vera hægt að sjá um, að skipið væri sæmilega bygt, og í öðru lagi er undarlegt, að það skyldi vera látið fara leiðsögulaust til Khafnar, þegar kunnugt var orðið, hvernig það var. Hæstv. ráðh. gat búist við því, að það færist á leiðinni, ef það hrepti vont veður. Hvernig hefði þá farið með samvisku hæstv. ráðh.?

Svo liggur Óðinn þrjá mánuði í Khöfn. Það er svo gert við hann. Þótt Flydedokken verði að borga mikið af viðgerðarkostnaðinum, verður stjórnin samt að borga 8 þús. kr. Skipið er frá strandgæslunni allan þennan tíma, svo bætist þar við tímatöfin, mannakaup, fæði, vextir o. fl., og alt þetta er fyrir eftirlitsleysi hæstv. ráðh. við skipssmíðina. Hann ber fyllilega ábyrgð á því, hvernig þetta tókst til.

Þegar skipið loksins kemur heim aftur, er sagt, að það sje alls ekki gott, enda ekki við því að búast, þegar farið er að umsmíða skip, að þau verði góð sjóskip. Þá má tala um það, hvernig Óðinn hefir starfað síðan hann kom heim. Í janúar—mars hefir verið fult af togurum í landhelgi við Öndverðarnes. Þeir hafa verið á nýjum togaramiðum, sem liggja á takmörkum landhelgislínunnar, og togað bæði fyrir innan hana og utan.

Þótt landsstjórnin hafi hlotið að vita

um alt þetta, sem öll Reykjavík veit um, hefir hún ekkert aðhafst. Þess má geta, að þessi mið eru afarmikilsverð vegna þess, að þau eru hrygningarsvæði, að áliti skipstjóranna. Ef togurum er leyft að vera á þessum miðum í landhelgi, þá eyðileggur það ekki aðeins fiskiveiðar þar, heldur líka fiskigöngurnar til miða við Breiðafjörð og Faxaflóa, þar sem bátar veiða. Smáútgerðin er því í veði á þessum slóðum. Strandvarnarskipið virðist ekki hafa gert mikið til að hindra þessi tíðu landhelgisbrot, og enginn íslenski togarinn hefir verið tekinn þarna. Svo hefir strandvarnarskipið farið mjög vægilega að við innlenda togara. En sagt er jafnvel, að Óðinn hafi í marsmánuði komið hjá Lónsdröngum þar vestra, og er hann sást þar, hafi verið að veiðum í landhelgi á miðunum hjá Öndverðarnesi um 20 togarar, aðallega íslenskir, sem hafi flýtt sjer út úr landhelginni, en Óðinn engan tekið. Hið einasta, er strandvarnarskipið hafi aðhafst, hafi verið að hleypa af viðvörunarskoti án þess að sekta þá. **(Atvrh. MG:** Vill ekki hv. þm. segja, hvaðan hann hefir þetta). Jeg tel, að hæstv. atvrh. (MG) hljóti að vita þetta sem sjómálaráðh. Þetta eftirlitsleysi við Snæfellsnes er vítavert. Hæstv. forseti Ed. (HSteins) hefir borið hið sama og jeg nú hefi gert um landhelgisbrot íslensku togaranna þar vestra.

Þá vil jeg benda á skipið „Stefni". Hæstv. atvrh. (MG) hefir lánað 15 þús. kr. úr fiskiveiðasjóði út á það skip, þótt skrifstofustjóri hans neitaði að undirskrifa lánið. En síðan hefir komið á daginn, að sjóðurinn hefir látið leggja sjer út skipið, eftir að á það voru fallin svo mikil sjóveð, að víst er, að alt þetta fje sje farið forgörðum. Jeg vil benda á það, að lánið út á þetta skip fekst fyrir milligöngu flokksmanns hæstv. ráðh., og því er óviðkunnanlegt, hversu farið hefir með það.

Þá vil jeg aðeins með nokkrum orðum svara svörum hæstv. atvrh. (MG) um útvarpið. Hann gat þess, að sjerleyfið hefði ekki verið veitt fyr en 100 þús. kr. hlutafje hafi verið trygt. En með lögunum er ætlast til, að innborgað hlutafje hefði átt að vera 100 þús. kr. áður en leyfið hefði verið veitt, og því hefir hæstv. ráðh. farið þarna á snið við lögin. Eins getur hæstv. ráðh. ekki komist fram hjá því, að stöðin átti samkvæmt lögunum að draga um land alt. En hæstv. ráðh. hefir veitt sjerleyfið fjelagi, er ekki gat uppfylt þá skyldu. Hann hlýtur því sjálfur að viðurkenna, að hann hafi farið þarna á snið við lögin. Þá gat hæstv. ráðh. þess, að ekki hefði verið hægt að hafa lægra stofngjald vegna þess, hve fjelagið væri fátækt. En fyrir hverja er nú útvarpsfjelagið? Er það fyrir hluthafana í útvarpsfjelaginu eða notendurna, almenning? Þingið ætlaðist auðvitað til, að það væri fyrir notendurna, og þá átti stofngjaldið ekki að vera svo hátt, að almenningur gæti ekki notað útvarpið. Þingið lagði áherslu á, að fjelagið hefði ekki einkasölu á tækjum, en þá einkasölu hefir fjelagið í raun og veru, þegar stofngjaldið er svona hátt, en fjelagið borgar ekkert stofngjald af tækjum, er það selur. Þá spurði hæstv. ráðh., hvernig ætti að hafa eftirlit með uppsetningu tækjanna. En hvers vegna spyr hann mig? Hann hefir hingað til

ekki spurt mig viðvíkjandi stjórnarathöfnum. Mjer fyndust engir erfiðleikar á því að láta landssímastjóra hafa þetta eftirlit á hendi og hafa gjaldið á tækjunum uppsettum eins og lög mæla fyrir. En það er engin heimild í lögunum til þess að banna einstökum mönnum að flytja inn tæki nema með leyfi landssímastjóra og selja þau án þess að leyfi hans komi til. Þegar fjelagið tekur hátt stofngjald, þá má því síður banna viðskifti í þessu efni með hömlum á versluninni með tækin. Hæstv. ráðh. kemst ekki fram hjá því, að hann hafi hvergi lagaheimild til að gefa út slíka reglugerð. Og þótt honum persónulega hafi þótt, að eitt og annað hefði öðruvísi átt að vera í heimildarlögunum, þá bar honum skylda til að fylgja lögunum. Hjer á að vera þingræðisstjórn, en ekki Mussolinisstjórn Fascista.

Hæstv. ráðh. segir, að lagt hafi verið gjald á varahluti til að ljetta undir samsetningu nýrra útvarpstækja. En þetta gjald hefir líka verið sett á þá varahluti, sem fara eiga í gömul tæki, og greiða notendur því oft sama stofngjald. Hæstv. ráðh. gat þess, að þetta hafi verið gert til þess að ljetta undir með fjelaginu. En nú voru ákveðin skilyrði sett fjelaginu, og frá þeim mátti ekki víkja. Gæti nú fjelagið ekki uppfylt þessi skilyrði, hefði átt að koma með málið fyrir þingið og þá veita öðru fjelagi þetta sjerleyfi, ef hitt gat ekki uppfylt sett skilyrði, eða ríkið að taka útvarpið í sínar hendur.

Þá gat hæstv. ráðh. þess, að Ólafur Friðriksson hefði talað í útvarpið, og hefi jeg ekkert út á það að setja. En hitt er víst, að það hefir ekki verið pólitísk ræða, og hefir enginn andstæðingur íhaldsstjórnarinnar enn fengið leyfi til að halda pólitíska ræðu, er varpað væri út, en það er leyft hæstv. fjrh. (JÞ), og pólitískum slettum úr dagbók Morgunblaðsins er útvarpað.

Þótt hæstv. atvrh. (MG) finnist lítið til um það að ganga á móti lögum landsins, þá finst öðrum, að sjálfur dómsmálaráðherrann eigi ekki að ganga á undan með slíkt.

Þá gat hæstv. atvrh. þess, að vantraust mitt væri bygt m. a. á frv. um siglingalögin. Jeg hefi auðvitað meðfram fylsta vantraust á stjórninni þess vegna, en lýsti ekki vantraustinu í þetta sinn vegna frumvarpsins, heldur forsögu þess máls, lagabrota hæstv. atvrh. (MG). Jeg vítti það að vísu, að stjórnin vildi láta menn, sem ekki hafa næga þekkingu og sjóferðatíma til að stjórna skipi, fá undanþágu til þess, þar sem til eru á 5. hundrað manns. sem hafa fullkomin rjettindi til þess. En aðalatriðið er, að stjórnin hefir brotið lög með þessum undanþágum, sem hún hefir veitt, þar sem engin lög heimila þær, og hefir hann hjer enn að nýju sett sig yfir lögin og brotið þingræðið.

Það má í þessu sambandi benda á það, hvernig hæstv. ráðh. tók í það, að stúdentaefni frá Akureyrarskóla fengju að taka próf fyrir norðan og síðan að innritast hjer við háskólann. Þar mátti ekki víkja frá venjum, jafnvel þótt hægt væri að gera það löglega með reglugerð fyrir Akureyrarskóla. Það virðist því ekki sitja á hæstv. ráðh. að vilja veita þessa undanþágu, þar sem þó er miklu meira í húfi, jafnvel mannslíf.

Þá gat hæstv. ráðh. þess, að líka væru veittar undanþágur fyrir vjel-

stjóra á mótorskipum. En hvernig eru þær í framkvæmdinni? Það er rjett að geta þess, að þær eru hreinasta hneyksli. Samkvæmt lögum á að greiða 10 kr. fyrir undanþágu, en Gísli Jónsson og Ólafur Sveinsson taka 50 kr. af hverjum mani. Hvert rennur mismunurinn? Þetta er líka gert undir handarjaðri hæstv. ráðh. (MG). Svona mundi fara um aðrar undanþágur, sem hæstv. ráðh. veitti. Gæðingar stjórnarinnar mundu væntanlega fá þær til meðferðar og ekki tapa á því, frekar en þeir Gísli Jónsson og Ólafur Sveinsson.

Hæstv. atvrh. (MG) gat þess, að jeg vildi draga útgerðina niður í skítinn. En jeg veit ekki til, að hann kæmi fram með nein rök fyrir því. Mjer finst það ekki vera að draga útgerðina niður í skítinn, eins og hann komst svo fagurlega að orði, þó að maður vilji fá sem hæfasta menn til þess að fara með skipin. Hæstv. atvrh. (MG) gerir sjálfur sitt til í því efni með því að leyfa þekkingarlausum mönnum að fara með stór skip, fylgismönnum hans. Fullfærir menn í þessum efnum voru fyrir hendi og gátu tekið að sjer þessi störf fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið, þar sem þeir voru ýmist hásetar á skipum hjer, er gátu farið í land hvenær sem var, eða með öllu atvinnulausir. Hæstv. atvrh. (MG) hefir nú líka viðurkent að hafa farið á fremsta hlunn með þessar undanþágur. En hann bætti því við, að hann hefði gert það vegna atvinnuveganna. Hann hefði þó átt að vita það, að jafnvel þótt einhver útgerðarmaðurinn hafi haft gagn af því, þá mátti hann samt ekki gerast svo djarfur að breyta gegn landsins eigin lögum. Jeg veit auðvitað, að hæstv. atvrh. (MG) verður ekki dreginn fyrir landsdóm, hvað svo sem undanþágunum líður, þó að ætti að gera það, en hann er sekur þrátt fyrir það.

Jeg hygg, að jeg hafi nú svarað flestu af því, sem hæstv. ráðh. (JÞ og MG) hafa komið fram með til andsvara. Þeir hafa viðurkent, að flest af því, sem jeg sagði, væri rjett, og hæstv. atvrh. (MG) hefir jafnvel ekki borið á móti því að hafa framið lagabrot í embættisrekstri sínum. Öfunda jeg ekki þann stjórnmálaflokk nje þá þingmenn, sem vilja verja gerðir slíkrar stjórnar.

Sigurjón Jónsson: Jeg ætla mjer ekki að ganga fram fyrir skjöldu til að fara að verja hæstv. ríkisstjórn. Það er síður en svo, að nokkur ástæða sje til þess. Hæstv. ráðherrar eru svo langsamlega færir um að bera hærri hlut í þeirri orðasennu, er hjer fer fram. En jeg verð að leiðrjetta mishermi hjá hv. flm. (HjV), sjerstaklega af því, að hann hefir komið tvisvar að því sama. En ranghermi þetta ber mjer sjerstaklega að leiðrjetta, af því að það snertir Landsbankaútibúið á Ísafirði, sem jeg veiti forstöðu. Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) sagði, að bæði útibúin á Ísafirði hefðu stöðvað þann bátaútveg á Ísafirði, er þau hafa áður styrkt. Hann sagði nú ekki, að Landsbankaútibúið hefði stöðvað á Ísafirði allan þann bátaútveg, er það áður hefir haldið þar uppi, en það tók hv. þm. fram, að útibú Íslandsbanka hefði gert. Svo hefir hann komið tvívegis að því, að stjórn Íslandsbanka, og þá sjerstaklega útibússtjórinn þar, hefði gert þetta til að hefna sín á pólitískum and-

stæðingum í kaupstaðnum. Hjer er geipilega hallað rjettu máli um öll þessi atriði.

Hvað Landsbankaútibúið fyrst snertir, þá hefir það ekki enn stöðvað neitt af þeim bátum, er útibúið hefir áður styrkt. Það gerir heldur ekki sjálft út neinn bát. Hitt skal jeg ekkert um segja, hve lengi útibúið sjer sjer fært að halda þessari útgerð uppi. Hv. flm. (HjV) gat þess, að 23 bátar frá Ísafirði hefðu stöðvast, en þetta er ekki rjett. Þeir voru 9 frá Ísafirði og 5 frá Hnífsdal.

Þá er annað atriði. Útibú Íslandsbanka stöðvaði ekki alla þá báta í haust, er haft hafa fjárhagslegan styrk frá útibúinu.

Ásökunin á hendur útibússtjóranum er með öllu rakalaus. Erfið afkoma þess útvegs hefir skapað það, sem nú er fram komið. Eignir þær, er bak við útgerðina höfðu staðið, voru eyddar, og lánstraust það, er mennirnir höfðu notið, var þrotið. Þar liggja þær raunverulegu ástæður. Það er annars hálfeinkennileg tvídrægni í þeim ásökunum, sem hjer eru bornar fram á hendur Íslandsbanka. Sumpart er hann ásakaður fyrir að hafa lánað of óvarlega til útgerðarinnar og á því tapað fje, meira en góðu hófi gegndi, en ef hann stöðvar útlán sín og segist ekki geta eða vilja tapa meiru, þá er hann enn grimmilegar skammaður fyrir það.

Skil jeg mjög illa, hve gjarnt hv. 4. þm. Reykv. (HjV) er að draga atvinnuleysi Ísfirðinga inn í umræður hjer á hv. Alþingi og leita að orsökum fyrir því þar, sem þær er ekki að finna. Hv. þm. ætti í stað þessa að hvetja skoðanabræður sína á Ísafirði til þess að taka við atvinnurekstrinum og láta fólkið ekki gjalda atvinnuleysisins og komast í örbirgð. Væri ekki nema eðlilegt, að þeir menn, sem svo hátt tala um það, að atvinnufyrirtækin sjeu illa rekin, beittu sjer sjálfir fyrir þeim til þess að firra bæjarfjelagið vandræðum vegna atvinnuskorts almennings.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. flm. (HjV) hefir fundið, að það var lítið, sem hann gat tínt til af ásökunum á hendur stjórninni í fyrri ræðu sinni, og nú hefir hann því bætt við 2 atriðum, sem sjerstaklega snerta mig. Áður en jeg vík að þessum atriðum ætla jeg að svara hv. flm. (HjV) nokkrum orðum út af því, sem hann vjek að viðvíkjandi fyrri ræðu minni. Hv. þm. (HjV) spurði mig, hvort jeg neitaði því, að það væru ríku mennirnir, sem legðu fje í blöð íhaldsflokksins. Finst hv. þm. (HjV) sanngjarnara, að hinir fátæku geri það? Getur hann ekki reiknað það út, að það komi ljettara niður, ef efnaðri mennirnir gera það. En annars hjelt jeg, að efnamennirnir væru ekkert verri menn en hinir, og sá flokkur, sem við þá styðst, því ekkert verri en sá, sem styðst við hina efnaminni.

Hvað framkvæmdir stjórnarinnar snertir, þá viðurkendi hv. þm. (HjV), að þær væru miklar, en hann hafði þau orð um þær, að stjórnin færi þar með löndum fram, sem líklegast á að þýða það, að stjórnin fari varlega. Í munni stjórnarandstæðinga þýðir það hið sama og að stjórnin gefi lítinn höggstað á sjer. Jeg skal játa það, að hv. þm. (HjV) sýnir í þessu meiri hreinskilni en jeg hafði búist við úr þeirri átt.

Út af ummælum hans um útvarps-

málið, þá sje jeg ekki ástæðu til að segja margt. Hann getur ekki ásakað stjórnina, þó að honum líki ekki það, sem varpað er út. Stjórnin hefir ekki sjeð ástæðu til þess að taka fram fyrir hendur fjelagsstjórnarinnar í því efni. Þó að hv. þm. (HjV) vilji halda því fram, að fjelaginu sje illa stjórnað, þá skal jeg benda honum á það, að fyrir fyrirtækinu stendur sami maður, sem hv. þm. (HjV) fekk til þess að hjálpa sjer til að koma á stofn því stóra fyrirtæki, sem hann nú veitir forstöðu. Ef hann hefir verið góður þá, þá ætti hann alveg eins að vera góður nú. Jeg hjelt, að hv. þm. (HjV) gæti skilið það, að það er ekki hægt annað en að skattleggja varahluti til útvarpstækja, því annars væri hægt að fara í kringum lögin með því að fá hlutina sjerstaka og setja þá síðan saman. Annars er það um útvarpsfjelagið að segja, að það hefir verið mjög örðugt að koma því á stofn vegna þess, hve erfitt hefir verið að fá menn til þess að leggja fje í það, og hvað hv. 4. þm. Reykv. (HjV) snertir, þá hygg jeg, að hann hafi ekki lagt einn eyri í það.

Út af því, sem hv. þm. (HjV) sagði um undanþágu þá, er jeg veitti frá siglingalögunum, þá hefi jeg engu við að bæta.

Hv. þm. (HjV) mintist á 17. gr. háskólalaganna, sem rætt var um hjer fyrir nokkrum dögum. Jeg skal aðeins geta þess, að hv. þm. (HjV) var þá í því máli ekki hræddur við að ganga á móti skilningi lögfræðinga á þeim lögum. Þá vildi hann ótrauður brjóta lögin, þó að hann vilji það ekki nú, hvað undanþáguna snertir.

Þá beindi hv. þm. (HjV) þeirri spurningu til mín, hvort það væri satt, að tveir menn, sem hann nafngreindi, þeir Gísli Jónsson og Ólafur Sveinsson vjelfræðingar, tækju 50 kr. fyrir það að veita undanþáguleyfi fyrir vjelstjóra, en skiluðu ekki nema 10 kr. hinu opinbera. Mjer er alveg ókunnugt um það, en jeg skal spyrja mennina um hið sanna í þessu máli. En hv. þm. (HjV) getur ekki ætlast til þess, að jeg viti um allar peningagreiðslur manna á milli í þessum bæ.

Þá mintist hv. þm. (HjV) á smíðina á „Óðni“ og áleit þar illa að farið af hálfu stjórnarinnar. Jeg á hjer hlut að máli, þann, að jeg samdi um smíðina á þessu skipi. En hv. þm. (HjV) ætti að vita það, að samningarnir voru svo tryggir, að hægt var að láta skipasmíðastöðina bera ábyrgð á þeim göllum, sem fram komu á smíði skipsins. Mjer finst ósanngirnin vera komin á nokkuð hátt stig hjá hv. þm. (HjV), ef hann ætlast til þess, að ráðherra geti staðið yfir byggingu skips og athugað smíðagalla á því. Auk þess stóð smíðin á skipinu yfir um þingtímann, og jeg hygg, að mönnum hefði ekki þótt það viðeigandi, að jeg væri úti í Danmörku allan tímann. Mitt verk var að búa til samninginn. Ef skipið reyndist ekki samkvæmt samningnum, þá var að vita, hvort samningurinn var svo tryggur, að hægt væri að setja skipasmíðastöðinni stólinn fyrir dyrnar. Og það hefir nú sýnt sig, að þetta var hægt. Af ráðherranum var ekki hægt að heimta meira. Auk þess varð afleiðingin af smíðisgallanum sú, að við fengum skipið lengt svo án endurgjalds, að það mundi hafa kostað 50—70 þús. kr. meira, ef það hefði átt að vera svo í upphafi. Fyrir það, hve samningarnir voru tryggir og vel gerð-

ir, fengum við betra og ódýrara skip en við hefðum fengið, ef það hefði verið eins og ætlast var til í upphafi.

Jeg öfunda hv. þm. (HjV) ekki af því að hafa komið hjer fram með vantraust á stjórnina, en hafa ekki af meiru að taka en raun hefir orðið á.

Hv. þm. (HjV) sagði, að með því að taka skipið um langan tíma frá strandgæslunni, þá hefði eyðst mikið fje auk þess, sem mikið fje hefði farið í ferðir skipsins fram og aftur milli landa. En þessu er því til að svara, að skipið hefði þurft að fara til Danmerkur hvort eð var, því að svo var ákveðið, að skipið ætti að reyna í 6 mánuði, en að þeim liðnum ætti það að koma aftur til skipasmíðastöðvarinnar til þess að hún gæti litið á væntanlega galla. Er þetta fastur siður um kaup skipa. Það er nú einu sinni svo með skip, að það koma oft fram á þeim smíðagallar, er frá líður, og þess vegna var ákveðinn þessi 6 mánaða reynslutími. Hv. flm. (HjV) gerði meira úr göllum skipsins en rjett er, þar sem hann hjelt því fram, að það hefði verið að stofna lífi manna í hættu að senda það til Kaupmannahafnar. En hann getur ekki haft betra vit á því en skipstjórinn, sem verið hafði með skipið í 5½ mánuð. En hann áleit það hættulaust. Það, sem vantaði til þess að gera skipið stöðugt, var ekki annað en lítilsháttar kjölfesta. Það er nú svo, að við höfum ekki enn þá tekið endanlega við skipinu, þar eð það á eftir að reynast í 6 mánuði enn. Og enn þá hefir ekkert verið greitt fyrir skipið. Það verður ekki gert fyr en það hefir fyllilega sýnt sig, að skipið sje gott. Hv. þm. (HjV) segir, að skipið sje ekki gott, en skipstjórinn hefir sagt mjer, að enn þá hafi ekkert það komið í ljós, er beri vott um, að það sje ekki gott. Jeg vil því leyfa mjer að spyrja hv. flm. (HjV) um það, hver hafi sagt honum það, að skipið sje ekki gott? Jeg hefi fyrir mjer sögusögn skipstjórans. Hverra sögusögn hefir hann?

Hv. þm. ljet mikið yfir því, að togararnir væru í landhelgi, og sagði, að varðskipið, mjer skildist það eiga að vera Óðinn, skeytti ekki um að sekta þá, ljeti sjer nægja með að aðvara þá og ræki þá hópum saman út úr landhelginni. Hann sagði áðan: Það er sagt, að þetta sje svona. Jeg spurði hann þá: Hverjir segja þetta? En hann svaraði því ekki þá. Nú vil jeg spyrja hann í heyranda hljóði: Hverjir segja þetta? Ef hann ekki svarar þessu, þá verð jeg að álíta þetta eins og hverja aðra Gróusögu, sem hann ber hjer fram. Þetta er ljótur áburður á skipstjórann á Óðni. Þó hv. þm. sitji hjer í þinghelgi, þá má hann ekki misbrúka hana svona herfilega gagnvart manni, sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sjer. Jeg bíð eftir því, að hv. þm. sanni, að hann sje ekki hjer að bera slúðursögur inn í deildina. Þegar hann hefir nefnt heimildir sínar, þá verður gerð gangskör að því að fá að vita hið sanna í þessu efni. Jeg hjelt, að hv. þm. væri svo viti borinn, að hann vissi, að stjórnin getur ekki verið um borð í varðskipunum og sagt fyrir um það, hvaða togara þau eigi að taka. Hún getur aðeins gefið þeim fyrirskipanir um, hvar þau eigi að vera. Hér er því að ræða um áburð á skipstjórana, en ekki á stjórnina. Það eru skipstjórarnir, sem svíkja skyldu sína, ef þetta væri rjett.

Annað mál, sem hv. þm. mintist á, var lán úr fiskiveiðasjóði út á skipið

„Stefni". Það er rjett, að eitthvað mun tapast á því láni, jeg veit ekki, hve mikið, því að skipið er óselt enn. Það er vitleysa ein, að skrifstofustjórinn hafi neitað að skrifa undir þessa lánveitingu. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem fiskiveiðasjóðurinn tapar á lánveitingum. Slíkt getur altaf komið fyrir, og það vil jeg segja hv. þm., að jeg þori óhikað að bera þessa lánveitingu saman við lán þau, sem hann hefir veitt sem opinber starfsmaður við Landsverslunina.

Jeg gleymdi áðan að taka það fram viðvíkjandi útvarpinu, að það er rjett, að stöðin dregur ekki um alt land. En þess er þá fyrst að geta, að það er vafasamt, hvort hægt er að fá slíka stöð, og í öðru lagi er þessi stöð aðeins til reynslu. Þá spurði hann, fyrir hvern útvarpið væri. Útvarpið er fyrir allan almenning. En getur hv. þm. heimtað það, að fáeinir menn hugsi svo mikið um almenning í þessu efni, að þeir leggi fram stórfje í þetta fyrirtæki. Því að það er fyrst þegar nægilegt fje er fyrir hendi, að hægt er að gera háar kröfur. Jeg hugsa, að hann sjálfur hafi ekki lagt svo mikið fje fram, að hann geti djarft úr flokki talað. Þá sagði hann, að landssímastjóri ætti að hafa eftirlit með því, hverjir fengju sjer tæki. Hvernig á hann að geta haft slíkt eftirlit? Það er ekki hægt að vita, hverjir fá sjer útvarpstæki, nema haft sje eftirlit með innflutningnum. Á annan hátt er ekki hægt að vita, hvort menn austur á Síðu eða norður á Melrakkasljettu fá sjer tæki. Þá sagði hv. þm., að jeg hefði ekki borið á móti því, að jeg hefði brotið lögin, og leiddi af því, að jeg hefði játað það. Jeg veit ekki, hvort aðrir hv. þdm. hafa skilið mig á þennan hátt, en hitt veit jeg, að hv. 4. þm. Reykv. (HjV) tók svo vel eftir orðum mínum, að hann hefir engan rjett til þess að leiða þetta út af þeim.

Þá mun það ekki vera fleira, sem jeg þarf að svara að svo stöddu.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) óskaði að vita, hvenær skipun forsætisráðherra hefði farið fram. Tillaga um skipunina var afgreidd hjeðan til konungs 16. mars, og samkv. símskeyti frá konungsritara hefir konungur undirskrifað skipunarbrjefið hinn 28. mars.

Þá vildi sami hv. þm. halda því fram, að það vantaði yfirlýstan vilja meiri hluta Alþingis til slíkrar skipunar. En hjer vantaði ekki neitt. Núverandi stjórn hefði í raun og veru haft fullan rjett á því að leggja til, að endanleg skipun væri gerð þegar eftir að kunn var orðin atkvæðagreiðslan við landskjörið í haust. Með þeirri kosningu kom vilji kjósendanna ótvírætt í ljós. En stjórninni þótti þó rjett að gera þinginu aðvart um þetta, og því var hjer gefin yfirlýsing skömmu eftir að þing kom saman, þess efnis, að ef ekki kæmi innan hæfilegs tíma á þinglegan hátt ósk frá meiri hluta Alþingis um stjórnarskifti, þá mundi verða lagt til við H. H. konunginn, að út yrði gefið á venjulegan hátt skipunarbrjef handa mjer til þess að vera forsætisráðherra í núverandi ráðuneyti. Yfirlýsingu þessari var ekki svarað með öðru en því, að þm. alþýðuflokksins — minsta flokks þingsins — sendu mjer brjef og kváðust álíta, að stjórninni bæri að leita trausts þingsins áður en slík skipun færi fram. Þetta náði auðvitað engri átt. Það var þingsins að

segja til, ef það óskaði stjórnarskifta. Slík ósk kom ekki fram á næstu vikum, og því var gerð sú tillaga, sem H. H. konungurinn nú hefir fallist á. Þegar við þetta bætist, að í brtt. við þáltill. hv. 4. þm. Reykv. (HjV), sem hjer liggur fyrir á þskj. 273, er því yfir lýst af 5 flm. úr fjölmennasta andstöðuflokki stjórnarinnar, að þeir telji ekki sjáanlegt, að hægt sje að mynda meiri hluta stjórn á þessu þingi, þá held jeg, að fengnar sjeu þær yfirlýsingar, sem öllum ættu að nægja til þess að rjettlæta það, að núverandi stjórn situr með venjulegu skipunarbrjefi konungs. Að því er snertir skyldu stjórnarinnar til þess að leita trausts, þá má hv. 4. þm. Reykv. (HjV) vita það, að það er ekki stjórnarandstæðinganna að segja fyrir um það. Það geta fylgismenn hennar gert, ef hún ekki gerir það sjálf. Stjórnarandstæðingar eiga að fara hina leiðina, þá leið, sem hv. þm. hefir nú farið, að bera fram vantraust, ef þeir óska stjórnarskifta. Að því leyti er þetta mál rjett flutt hjer nú, en það var það ekki í brjefi því, sem hv. 4. þm. Reykv., ásamt 5. landsk. (JBald), sendi mjer.

Þá sagði hv. þm., að það mundi hafa verið í glensi mælt, er jeg gerði ráð fyrir því, að hann mundi mynda hina nýju stjórn. Hv. þm. má gjarnan líta svo á, sem þetta hafi verið glens, en glensið byrjar þá, þegar hann gerist svo framur að hlaupa fram í fylkingarbrjóst stjórnarandstæðinga með vantraustsyfirlýsingu. Ef svo ólíklega vildi til, að hún yrði samþykt hjer og fengi nægilegan stuðning úr efri deild til þess, að meiri hluti þings stæði á bak við hana, þá mundi af því leiða stjórnarskifti, svo sem til mun vera ætlast. Þá mundu böndin fyrst og fremst berast að þessum hv. þm. með það, að leggja til menn í hina nýju stjórn. En það vill nú svo vel til, eins og einn hv. þm. sagði, að meðan ráðherrarnir eru ekki nema 2, þá getur flokkur sá, sem þessi hv. þm tilheyrir, lagt til menn í bæði sætin. Þá hafði hv. þm. það ekki rjett eftir mjer, sem jeg sagði um afstöðu meiri hluta Alþingis og meiri hluta neðri deildar til stjórnarskifta. Jeg sagði, að til þess að mynda stjórn nægði ekki meiri hluti Nd., heldur þyrfti til þess meiri hluta Alþingis. Hann er nú ungur þm. og því kannske ekki von, að honum sje kunnugt um þetta, en þeirri reglu er altaf fylgt, að krefjast meiri hluta Alþingis, og leiðir það af því, að allir þm. hafa jafnan íhlutunarrjett um stjórnarmyndun. Hitt, að stjórninni nægði að hafa meiri hluta Alþingis, þótt hún væri í minni hluta í annari hvorri deildinni, um það sagði jeg ekkert og segi ekkert að svo stöddu.

Þá get jeg horfið frá þessari litlu kenslustund í stjórnlagafræði og vikið að öðru, sem hv. þm. bar fram. En það var að vísu ekki mikið annað en daufar endurtekningar á því, sem hann sagði í fyrri ræðu sinni. Hann tók nú aftur að mestu leyti það, sem hann hafði sagt um stjórnina og stóratvinnurekendurna. Hann sagði í fyrri ræðu sinni, að stjórnin væri skipuð af þeim, og hún væri framkvæmdastjórn þeirra, en nú sagði hann, að þeir væru mergur þeirra, sem stjórnin styddist við. Þetta er samlíking, sem hann má gjarnan eiga. Það eru þá væntanlega einhverjir aðrir, sem eru beinin, taugarnar o. s. frv.

Þá mintist hv. þm. á ríkislögregluna sem dæmi þess, að íhaldsflokkurinn

væri stjettarflokkur. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. vill halda því fram, að þeir, sem vilja halda uppi lögum landsins og hafa lögregluvald í landinu, sjeu sjerstök stjett manna. Ef svo er, þá eru væntanlega í hinum flokknum tómir lögbrjótar, menn, sem vitandi vits vilja óhlýðnast lögunum. Jeg hefi ekki heyrt nefnda slíka stjettaskiftingu fyr. Hann má gjarnan skipa sjer í þann flokkinn, sem hvorki vill hafa lög eða rjett nje lögreglu. Hinu er búið að marghnekkja, að lögreglunni sje ætlað að ganga á móti verkamönnum sjerstaklega. Henni er ætlað að ganga á móti lögbrjótunum. Það kann að vera, að verkamenn liggi meira undir fortölum til lögbrota en aðrar stjettir manna, en þrátt fyrir þessar fortölur forkólfanna, þá ber jeg það traust til verkamanna, að þeir óhlýðnist ekki boðum lögreglunnar frekar en aðrir.

Þá talaði hv. þm. um bankaráð Íslandsbanka. Jeg þarf ekki að bæta miklu við það, sem jeg hefi áður sagt um það. Eins og lögum bankans er háttað, þá hefir bankaráðið ekki aðstöðu til þess að hafa áhrif á einstakar lánveitingar úr bankanum. Þetta hefir verið svo frá upphafi, svo sem m. a. má sjá af því, að 3 af 7 bankaráðsmönnum eru búsettir erlendis. Í sambandi við þetta fór hv. þm. að segja sögu af ástandinu á Ísafirði. Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) hefir svarað því, svo jeg þarf ekki miklu þar við að bæta. Þó vil jeg leiðrjetta það, er hv. þm. sagði, að jeg hefði kent verkalýðnum á Ísafirði um töpin. Jeg sagði, að það mætti rekja kröfurnar um hækkun kaupsins annarsvegar og þyngingu útgjaldanna hinsvegar til verkalýðsforkólfanna. Jeg get tekið undir með hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), að þeir forkólfar alþýðunnar á Ísafirði, sem hæst tala um það, hve útgerðarmennirnir sjeu ónauðsynlegir í bæjar- og þjóðfjelaginu, ættu ekki að standa ráðþrota núna, heldur reyna að finna upp á einhverju til þess að koma starfrækslu á útgerðina aftur. Því að það eru mestu ráðþrotin að heimta, að bankinn taki við og haldi útgerðinni áfram, þegar skuldunautar hans eru orðnir uppgefnir á því.

Þá ljet hv. þm. orð falla um það, að jeg vildi gera útibússtjóra Íslandsbanka á Ísafirði ómerkan orða sinna. Þetta er með öllu tilefnislaust. Alt tal hv. 4. þm. Reykv. (HjV) um þetta mál hjer, og sömuleiðis tal hv. 5. landsk. (JBald) um þetta í Ed., er ekki annað en tilraunir manna, eða í þessu tilfelli flokks, sem veit sig hafa farið frámunalega vitleysislega og klaufalega að, til þess að skella skuld sinni á aðra. Þessi herferð á hendur alsaklausum manni er gerð til þess að breiða yfir mistök og misgerninga alþýðuforkólfanna á Ísafirði. Annars má hv. þm. vita, að umræddar ráðstafanir Íslandsbanka eru ekki ákvarðaðar af útibússtjóranum á Ísafirði, heldur af bankastjórninni hjer. En það virðist sem hún sje svo voldug, að þeir þori ekki að beina skeytum sínum til hennar. En það lýsir ekki mikilmensku að taka einn undirmann hennar og ráðast að honum.

Þá kom hv. þm. að lánsheimildinni fyrir Landsbankann og sagði, að jeg hefði átt að skýra opinberlega frá öllum málavöxtum viðvíkjandi henni. En hann veit það fullvel, að jeg skýrði frá öllu viðvíkjandi því máli á þann hátt,

að allir þm. höfðu fullan aðgang að þeirri vitneskju.

Að því er snertir tolleftirlitið, þá vænti jeg þess, að hv. þm. komi til mín einhvern næstu daga og skýri mjer frá, hvers hann hefir orðið var um tollsvik; hann reyndi að víkja sjer undan því áðan og sagði, að mjer stæði nær að snúa mjer til lögreglustjórans um þetta. En það er nú því miður svo, að þegar lögbrjótar eru á ferðinni, þá byrja þeir ekki á því að heilsa upp á lögreglustjórann. Fyrsta vitneskja um lögbrotin verður venjulega að koma frá öðrum.

Þá upplýsti hv. þm. það, að sömu tóbakstegundirnar reyndust misþungar við vigt í Vestmannaeyjum og í Reykjavík. Jeg vona nú, að vigtin í Reykjavík sje ekki minni en rjett er, því að ef svo er, þá er það tilfinnanlegur tekjumissir fyrir ríkissjóðinn. En jeg mun nota þetta tilefni til þess að láta fara fram athugun á þessu. Á því getur hv. þm. markað, að það er ekki rjett, sem hann sagði, að mjer væri lítið ant um tollgæsluna.

Þá mintist hv. þm. á eftirstöðvarnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem talað er um í landsreikningnum. Athugasemdum yfirskoðunarmannanna um það hefir nú verið svarað. Ef hv. 4. þm. Reykv. (HjV) þykir ekki fullsvarað, getur hann gert sínar athugasemdir, þegar landsreikningurinn kemur til umræðu. Annars er það svo um þessa upphæð, að síðan landsreikningurinn var saminn, hefir heimst inn allmikill hluti af upphæðinni, en nokkur hluti hennar er áreiðanlega ófáanlegur — tekjuskattur öreiga fyrirtækja og tekjuskattur, sem hefir verið færður niður með dómi, — og um sumt er eigi enn sjeð, hvort hægt verður að innheimta það. Þó er vonin um það betri nú en þegar svörin við aths. yfirskoðunarmanna voru skrifuð.

Það má vel vera, að það geti oft verið óhentugt fyrir ýmsa kaupmenn, ef aðrir keppinautar þeirra hafa með höndum innheimtu og umboð fyrir sýslumenn. En meðan fjárveitingarvaldið veitir ekkert fje til þessara umboðsmanna, er erfitt að gera sýslumönnum sjerstakar kröfur um það, hverja þeir velji. Samt held jeg nú, að þegar völ er á öðrum hæfum manni en þeim, sem rekur kaupmensku eða viðskiftaatvinnu, þá gangi sýslumenn heldur fram hjá þeim.

Hæstv. atvrh. (MG) svaraði því, sem fram kom hjá hv. þm. (HjV) um landhelgisgæsluna, sem sagt ásökununum um hlutdrægni foringjanna á varðskipunum. Jeg vil aðeins bæta því við, að það er ákaflega óheppilegt fyrir landið, þegar slíkar órökstuddar ásakanir koma fram um hlífð gagnvart innlendum sökudólgum, þegar þetta eru ekki heldur annað en sögusagnir óhlutvandra manna. Við verðum að vera vel á verði gegn því, að þeim erlendu fiskiþjóðum, sem helst verða fyrir barðinu á landhelgisgæslunni, þyki ekki brotinn á sjer þjóðarjettur. Eins og nú er, vantar síst kvartanirnar. Þegar útlendir skipstjórar koma heim, eftir að hafa verið dæmdir hjer í þungar sektir, hefir æði oft kveðið við sami söngurinn. Þeir hafa talað við blöðin í landi sínu og sagt, að þetta væri ekki sjer að kenna, heldur fákunnandi skipstjórum á íslenskum varðskipum og fákunnandi og hlutdrægum dómendum. En þessar ásakanir hafa altaf verið ósannar og ósannanlegar. Þess vegna

hafa þær ekki gert okkur mein. En það er dálítið hættulegt, þegar fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi fara að bera fram svona ásakanir, því að með því gefa þeir þessum útlendingum mjög svo bætta aðstöðu um að vekja tortrygni gagnvart landhelgisgæslu Íslendinga í heimalandi sínu. Því álít jeg, að það hafi verið mjög vanhugsað af hv. 4. þm. Reykv. (HjV) að ráðast þannig á þá stofnun, sem einna mikilsverðast er að haldi fullum heiðri í augum umheimsins.

Þorleifur Jónsson: Jeg skal byrja með að gleðja hv. deild á því, að jeg skal ekki lengja mjög þær umræður, sem hjer hafa farið fram. Jeg ætla ekki að gefa mig neitt í þær miklu deilur, sem hjer hafa átt sjer stað milli hæstv. stjórnar og hv. flm. (HjV). En jeg og nokkrir fleiri hv. þm. höfum borið fram brtt. á þskj. 273 við þáltill. hv. 4. þm. Reykv. (HjV), og fyrir henni ætla jeg að mæla nokkur orð. Þó að jeg og aðrir Framsóknarmenn berum nú fram þessa till., þá er það ekki af því, að okkur hafi aukist traust til hæstv. stjórnar í seinni tíð. Það er öllum kunnugt, að svo mikið skilur á milli flokkanna, að ekki er líklegt, að það falli strax niður, og það eru svo merk stefnumál, að okkur er ómögulegt að votta hæstv. stjórn fylgi okkar, meðan þau eru á dagskrá. En hinsvegar verður að taka tillit til ákaflega margs, jafnvel frá sjónarmiði stjórnarandstæðinga, þegar svona mál koma upp, hvort samþykkja eigi vantraustsyfirlýsingu eða ekki.

Það er fyrst og fremst helgasta skylda hvers þings og stjórnar að gæta þess, að þingræðinu sje ekki traðkað, og það má ekki eiga sjer stað, að stjórn sitji við völd til langframa, án þess að hafa fylgi meiri hl. þings. Um núverandi landsstjórn er það kunnugt, að hún er í minni hl. í neðri deild, og í sameinuðu þingi hefir hún aðeins helming atkvæða, er því ekki meiri hluta stjórn. Aftur á móti er það fyrirfram vitanlegt, að þótt hæstv. núv. landsstjórn vildi beiðast lausnar, yrði ekki hægt að mynda nýja meiri hluta stjórn á þessu þingi. Þannig er alt komið í sjálfheldu, og slíkt má ekki lengi eiga sjer stað. Ef kosningar stæðu ekki fyrir dyrum, áliti jeg það því skyldu hæstv. stjórnar að rjúfa þing og sjá, hvort ekki rættist úr við nýjar kosningar. En þar sem nú á að kjósa í sumar hvort sem er, er það álit okkar Framsóknarmanna, að við þetta ástand verði að una um sinn, og þessi stjórn verði að halda áfram að gegna nauðsynlegum stjórnarstörfum þar til kosningar skera úr.

Vantrauststillagan er ekki fram komin frá Framsóknarmönnum, og enginn þeirra hefir svo að jeg viti til hvatt til þess, að hún kæmi fram. Flokknum er því enginn vandi á höndum um þessa till. hvað það snertir, enda þótt hann hefði að sjálfsögðu verið vantrausti fylgjandi, ef hann hefði álitið, að hægt væri að mynda aðra stjórn á þessu þingi.

Hæstv. forsrh. (JÞ) lýsti því á öndverðu þessu þingi, að íhaldsflokkurinn hefði tilnefnt hann sem forsætisráðh. og að hann mundi leggja það til við konung, að hann yrði skipaður í það embætti, ef ekki væri mótmælt á þinglegan hátt. Framsóknarflokkurinn hefir nú ekki látið þetta til sín taka og ekki þótt það skifta miklu máli. Nú

hefir hæstv. forsrh. (JÞ) lýst yfir því, að honum hafi þótt rjett að leggja til við konung, að hann undirskrifaði skipunarbrjefið. Jeg vil nú ekki fara að mótmæla þessu, en þótt landskjörið í haust hafi sýnt nokkurn meiri hluta hjá íhaldsmönnum, þá sýnir það engan veginn, að það sje þingræðisstjórn, sem nú situr við völd.

Till. sú, sem við 5 þm. flytjum, er ljós og greinileg, og þarf ekki að eyða mörgum orðum til að skýra hana. Við viljum með henni slá því föstu, að slíkri stjórn, sem nú situr og ekki er meiri hluta stjórn, sje fyrst og fremst ætlað að framkvæma þær stjórnarathafnir, sem þingið leggur henni á herðar, og hin daglegu störf, sem ekki verður hjá komist.

Í öllum löndum eru ýmsar stjórnarvenjur, sem smámsaman hafa myndast og fylgt er engu síður en skrifuðum lögum. Hjer er verið að mynda eina slíka stjórnarvenju, ef brtt. okkar verður samþ. Hún er bending um það, að standi svo á, sem hjer er nú, að ekki sje hægt að mynda meiri hluta stjórn, þá skuli sá sitja áfram, sem hjer er gert ráð fyrir. Þetta er auðvitað altaf hálfgert neyðarúrræði og má aldrei standa nema sem allra stystan tíma. Auðvitað verður ekki hægt að ætlast til, að slík stjórn geti beitt sjer neitt að ráði fyrir nýjungum eða verulegum framkvæmdum, öðrum en hinum daglegu afgreiðslum. Þess vegna er svo til orða tekið í till., að stjórnin sje „starfandi til bráðabirgða". Meiningin er sú, að úr þessu verði innan skamms að skera með nýjum kosningum.

Af því að við Framsóknarmenn lítum nú svo á, sem þessi stjórn verði að sitja fyrst um sinn, sjáum við ekki ástæðu til að fara að gera upp reikningana við hana frá okkar hálfu, án þess að hún gefi tilefni til þess að fyrra bragði. Það er altaf gert öðru hverju í öðrum málum hvort sem er. Við látum því sem sagt nægja þessa brtt. okkar, sem ætti að geta orðið til þess að skapa nýja stjórnarvenju. Ef hún verður samþykt, er vantrauststillagan úr sögunni og þessi stjórn situr áfram sem starfsstjórn.

Eins og hæstv. forsrh. (JÞ) sagði í sinni ræðu, er það Alþingis að segja til, hvort landsstjórnin eigi að sitja eða ekki. Ef þessi brtt. er samþ., þá er þar með látinn í ljós sá vilji, að hæstv. stjórn haldi áfram starfi sínu fyrst um sinn, enda þótt hún sje ekki meiri hluta stjórn, uns þjóðinni hefir gefist kostur á að skera úr.

Vona jeg, að þetta megi nægja til að sýna, hvað fyrir okkur flm. vakir, og liggi því málið nægilega skýrt fyrir frá okkar hálfu.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), formaður Framsóknarflokksins og aðalflm. brtt. á þskj. 273, hefir nú gert grein fyrir, hvað hann telur felast í þeim. Aðalkjarninn er sá, að þar sem núverandi stjórn hafi í sínum eigin flokki á bak við sig helming þingsins, þá sje sjáanlegt, að engin önnur meiri hluta stjórn verði mynduð á þessu þingi, og er það alveg rjett. En mjer fanst hv. þm. draga það í efa, að slík stjórn sem þessi væri þingræðisstjórn, þar sem hún hefði ekki meiri hluta þingmanna með sjer. Jeg verð aftur á móti að halda því fram, að hún sje fullkomin þingræðisstjórn eins og nú stendur, og verði það þangað til fyrir liggur atkvgr. í

þingdeildum eða önnur yfirlýsing af hálfu Alþingis, sem annað sannar. Nú er einmitt komin fram þessi brtt. frá langstærsta andstöðuflokki stjórnarinnar, sem sýnir það, að hann óskar ekki stjórnarskifta og er hlutleysisyfirlýsing frá þeim þm., sem greiða henni atkv. Ætti það að nægja til að taka af öll tvímæli.

Að vísu er það rjett, að upphaflega þegar þingræði komst á í Englandi, var þess krafist, að stjórnin hefði í flokki sínum stuðning meiri hluta allra þingmanna, og þessi tveggja flokka tilhögun hjelst þar langa hríð. En nú hefir flokkum fjölgað svo mjög í öllum löndum, að alstaðar hefir verið nauðugur einn kostur, að slá af þessum kröfum. Til þess að vera þingræðisstjórn er nú ekki heimtað meira en það, að stjórnin sje skipuð af þeim flokki, sem samkomulag er um, að sje til þess bærastur, og að hún fái yfirlýsingu nægilega margra þm. úr öðrum flokkum um það, að þeir láti hana hlutlausa. Þannig er nú t. d. í Danmörku. Þar er það ekki einu sinni stærsti flokkurinn, sem stjórninni fylgir, en hún hefir frá öðrum flokki samskonar yfirlýsingu og þá, er hjer liggur fyrir frá Framsóknarmönnum, að flokkurinn vilji leyfa stjórninni að reyna sig fyrst um sinn. Mjer hefir þótt rjett að taka þetta fram til þess að gera það ljóst, að núverandi stjórn er fullkomin þingræðisstjórn. Og jeg býst við, að til þess geti einhvern tíma komið hjer eins og annarsstaðar, að við verðum að viðurkenna þá stjórn þingræðisstjórn, sem minna fylgi hefir heldur en þessi.

Jeg hefi auðvitað ekkert að athuga við yfirlýsingu hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), að stjórnin skuli sitja fram yfir kosningar. En þó að svo sje, get jeg ekki sagt hið sama að öllu leyti um brtt. á þskj. 273. Í henni er margt, sem jeg fæ ekki fallist á. Þar stendur t. d., að vitanlegt sje, að núv. stjórn sje í minni hl. í Nd. Ef sagt hefði verið, að flokkur núv. stjórnar væri í minni hl., þá mætti þetta til sanns vegar færast, en engin atkvgr. hefir farið fram, sem sanni nokkuð af eða á um það, hvort stjórnin hafi minni hl. í hv. deild eða ekki. Það stendur líka í brtt., að stjórnin hafi ekki meiri hl. í sameinuðu þingi. Um þetta hefir ekki heldur farið fram nein atkvgr. Helst mundi kannske vera vísað í forsetakosninguna í Sþ. En hvernig var sú kosning? Stærsti andstöðuflokkur stjórnarinnar, Framsóknarflokkurinn, greip til þess úrræðis að kjósa mann úr öðrum minsta flokknum. Þetta er heldur óvenjuleg aðferð, og þegar samkomulagið er svona dýru verði keypt, tel jeg það enga sönnun þess, hvernig fara mundi atkvgr. um stjórnarskifti. Jeg tel það því líka ósannað mál, að stjórnin sje án meiri hl. fylgis í Sþ., nema átt sje við það eitt, að flokkur hennar sje ekki í meiri hluta. Hitt get jeg viðurkent, sem í tillögunni stendur, að sýnilegt er, að önnur meiri hl. stjórn verður ekki mynduð á þessu þingi.

Það var aðallega eitt, sem jeg hlustaði eftir í ræðu hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), og það var skýringin á niðurlagsorðum greinarinnar, að líta verði á stjórnina sem starfandi til bráðabirgða. Það, sem jeg hleraði einkum eftir, var, hvort þetta ætti að þýða, að litið yrði á stjórnina aðeins sem „fungerandi“ stjórn, sem svo er nefnt á erlendum málum. Það er nokkuð sama og hjer væri talað um stjórn, sem aðeins væri

sett, en ekki skipuð. Munurinn á reglulegri og „fungerandi“ stjórn er nokkurn veginn hinn sami og á skipuðum og settum embættismanni. Jeg heyrði nú ekki, að hv. þm. (ÞorlJ) legði þennan skilning í þetta, enda hefði það ekki verið í samræmi við þá skipun, sem nú er á stjórninni. Mjer skildist helst, að hv. þm. legði þann skilning í orðin, að það væri viðurkent, að stjórnin mætti sitja fram yfir kosningar, og að orðin „til bráðabirgða“ þýddu þá helst, að ekki væri langt til næstu kosninga.

Og jeg verð að segja það, þó að hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) gæfi þessa skýringu, sem var með öllu áreitnislaus í garð stjórnarinnar, þá er jeg hræddur um, ef brtt. verður samþ. með því orðalagi, sem hún hefir, að einhverjir aðrir flokksbræður þessa hv. þm. verði til þess að leggja annan og miður góðgjarnan skilning í orðin „starfandi til bráðabirgða“ en hann gerði. Þess vegna tel jeg þessi orð athugaverð, og mundi því fremur kjósa, að hv. deild sýndi með atkvgr. afstöðu sína til vantrauststill. sjálfrar eins og hún er fram borin af hv. flm. (HjV).

Jeg á ekki atkvæðisrjett í þessari hv. deild og get því engu um það ráðið, hvernig fer um atkvgr. En þó finst mjer eðlilegra, að sjálf till. komi undir atkv. deildarinnar, en með samþ. brtt. er það útilokað, og tel jeg það ver farið. Þess vegna beini jeg þeirri ósk til hv. þdm., að þeir felli brtt., svo að þeim gefist kostur að greiða atkv. um vantrauststill. óbreytta.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) tók til máls áðan til þess að verja gerðir hæstv. stjórnar, og það sem undarlegra var, notaði hann tækifærið til þess að verja gerðir Íslandsbanka og útibússtjóra hans á Ísafirði.

Hann vildi ekki viðurkenna, að bátar Landsbankans hefðu stöðvast eins lengi og jeg hafði sagt. En jeg veit ekki betur en að það sje viðurkent, að þeir hafa stöðvast um mánaðartíma og það á þeim tíma, sem talið er að vertíð byrji hjer sunnanlands og þessir bátar eru vanir að sækja. En sá banki mun hafa sjeð sig um hönd, eins og rjett var. Þá vildi hann ekki viðurkenna, að bátarnir væru eins margir og jeg taldi þá vera. Jeg hefi það nú hjerna fyrir framan mig og bátanöfnin. Þar stendur, að 9 sjeu frá Ísafirði, 7 úr Hnífsdal og 1 úr Súgandafirði, en þetta verður til samans 17 bátar, sem allir voru á vegum Íslandsbanka, auk 5 báta, sem Landsbankinn hafði með að gera. **(JAJ:** Frá hverjum er þessi skýrsla?).

Hann vildi eitthvað draga úr þessu með því að segja, að bátarnir væru ekki allir frá Ísafjarðarkaupstað, en því verður þó ekki neitað, að meginhluti þeirra er þaðan og hinir allir úr nágrenninu.

Þá gat hann þess, að jeg hefði ásakað Íslandsbanka fyrir að lána þessum bátum fje, jafnframt því sem jeg ásakaði hann fyrir það að draga að sjer höndina og stöðva bátana. Jeg held, að reynslan hafi yfirleitt sýnt, hvernig fór fyrir þessum útgerðarmönnum, sem yfir bátunum höfðu að ráða, og hvernig fór um alla þeirra stjórn eða stjórnleysi, en eitt er það að taka bátana af þessum mönnum, og annað að sjá um, að atvinnuvegurinn fari ekki um koll, heldur sjeu framleiðslutækin fengin hæfari mönnum á staðnum. Það hefir

Íslandsbanki ekki reynt. Kunnugt er af orðum útibússtjóra Íslandsbanka, að sá banki hefir helst kosið, að bátaútvegurinn hyrfi af Ísafirði. Sakirnar liggja helst á hendur þessum manni, og því hefði bankaráðið átt að taka í taumana, með hæstv. forsrh. (JÞ) í broddi fylkingar, og banna Íslandsbanka að beita Ísfirðinga slíku gerræði, þar sem auðsjeð var, að atvinna fjölda manna var í veði.

Hæstv. atvrh. (MG) fjelst á það, sem jeg sagði, að ríkustu mennirnir væru í íhaldsflokknum og þeir kostuðu kosningarnar og útgáfu blaðanna, og hann bætti því við, að þeir væru ekki verri menn fyrir það. Jeg var nú ekki að tala um það, að þessir efnuðu íhaldsmenn væru sjerstaklega vondir, heldur sagði jeg, að þeir stjórnuðu flokknum og segðu þannig hæstv. stjórn óbeinlínis fyrir verkum. En það er ekki lýðræði, og ólíkt því, sem á sjer stað um alþýðuflokkinn. Þar er öllum gjöldum jafnað niður á breiðari grundvelli, og þegar til þess kemur að velja t. d. fulltrúa til þess að fara með umboð flokksins á Alþingi, þá taka allir flokksmenn þátt í þeirri útnefningu.

Jeg geri ráð fyrir því, að ef hæstv. stjórn hefði sjeð sjer fært að fara lengra en „kapitalistar" flokksins töldu hófi næst, þá hefði hún ekki borið fram jafnmörg og nauðaómerkileg frv., eins og hún hefir gert. Þar er víðast hvar um sáralitlar eða nauðaómerkilegar breytingar að ræða, enda er vikið að því í sumum nál., að það hafi svo sem enga þýðingu, þó að það verði samþ.

Stærsta málið er sjerleyfisfrv. til Titans, ef það nær þá fram að ganga. En hæstv. stjórn hefir lýst því yfir, að hún treysti sjer ekki að fylgja því eftir, ef nokkrar tryggingar fylgi með frá fjelagsins hendi fyrir því, að byrjað verði á framkvæmdum. Svo jeg get eins hugsað mjer, að það sje ekki annað en loddaraskapur hjá hæstv. stjórn að hafa borið frv. þetta fram.

Þá þóttist hann ekki geta að því gert, hverju væri varpað út frá útvarpsstöðinni, og að hann gæti ekki tekið fram fyrir hendurnar á þeim, sem stjórnuðu stöðinni.

Jeg ætla nú með leyfi hæstv. forseta að lesa upp dálitla klausu úr nál. allshn. Nd. 1925, þegar hjer var á ferðinni frv. það, sem síðar varð að lögum og útvarpsstöðin hlýtur að vera háð. Þessi klausa hljóðar þá svo:

„Það tíðkast nú mjög, að útvarpsstöðvar flytja ræður stjórnmálamanna, bæði þegar kosningar standa yfir og endranær. Er það og haganlegt, því á þann hátt geta miklu fleiri hlustað á þær en ella. Þetta mundi vafalaust tekið upp hjer, þegar útvarpsstöð er komin. En þess verður að sjálfsögðu að krefjast, að allir stjórnmálaflokkar eigi jafnan aðgang að stöðinni í þessu skyni. Þá verður og að gæta þess, að þau tíðindi eða frjettir, sem stöðin sjálf kann að senda heyrendum, verði eigi lituð í þágu neins sjerstaks stjórnmálaflokks" (þskj. 364 1925).

Með þessu er einmitt lagt í hendur hæstv. stjórnar að hafa eftirlit með því, hverju varpað er út, og gæta þess, að enginn stjórnmálaflokkur sje þar sjerstaklega tekinn fram yfir annan. En nú hefi jeg einmitt skýrt frá því, að það litla, sem varpað hefir verið út af „pólitík", er vegna íhaldsflokksins gert og litað af hans stefnu. Það hafa ýmist verið íhaldsslitur úr dagbók

„Mogga“ eða íhaldsfjármálapólitík hæstv. forsrh. (JÞ).

Þá sagði hæstv. atvrh. (MG), að það væri ekki vel við eigandi af mjer að vera að saka forstöðumann útvarpsstöðvarinnar, af því að hann stæði nærri fjelagi, sem jeg er viðriðinn. En jeg gef forstöðumanni þessum ekki að sök, þó að hann hafi reynt að komast eins langt hjá stjórninni eins og raun hefir á orðið. En jeg saka hæstv. stjórn fyrir frámunalegt eftirlitsleysi, er hún lætur forstöðumann stöðvarinnar vefja sjer svo um fingur. Jeg verð að halda því fram, að það sje ólöglegt að leggja sjerstaklega á varahlutina. Lögin gera ekki ráð fyrir því, og þó að það sje tekið fram í reglugerðinni, þá er það ólöglegt, en því aðeins er reglugerð bindandi, að hún hafi þó einhverja stoð í lögum.

Það getur vel verið, að erfitt hafi verið að fá fje í þetta fyrirtæki. En jeg held, að upphaflega hafi það ekki verið meiningin, að hæstv. stjórn ætti að hugsa mest um það, að hluthafar hefðu arð af því, heldur hitt, að þjóðin hefði sem mest og best not af því.

Það er satt, að jeg hefi ekki lagt fje í þetta fyrirtæki og á engan eyri í því. Jeg hefi talið það gróðafjelag, enda virðist þetta háa stofngjald benda ótvírætt í þá átt.

Þá gat hann þess, að stöðin væri aðeins tekin til reynslu, og því ekkert við því að segja, þó að hún dragi ekki um alt land. Þetta getur vel verið, en hvað sem því líður, er það á móti lögunum að hafa svo veika stöð, að allir landsmenn geti ekki heyrt til hennar.

Jeg hefi heyrt því fleygt, að hæstv. atvrh. (MG) sje hluthafi í fjelaginu „Útvarp“, enda mun það hafa staðið í dönskum blöðum, að hann væri formaður, sem þó mun ekki vera satt. En hitt mun óhætt að fullyrða, að hann sje það mikið viðriðinn fjelagið, að um eftirlit hans með útvarpsstöðinni ráði meira eiginhagsmunir heldur en sæmandi er fyrir mann, sem fyrst og fremst á að hugsa um þjóðarheildina og hvað henni kemur best í þessu efni.

Hæstv. atvrh. (MG) hefir nú algerlega gefist upp við að tala frekar um siglinga-atvinnulögin. Hann vill ekki viðurkenna, að hann hafi brotið lögin, en játar þó í öðru orðinu, að hann muni hafa gengið fulllangt um undanþágurnar. Jeg get vel trúað honum til þess — sem þykist vera mikill lögfræðingur — að vita, að ekki er hægt að veita undanþágu frá lögum, sem ekki er heimild til. Annars skaut hann sjer hjá því að svara, með því að segja, að jeg hefði hjer á dögunum viljað brjóta háskólalögin. En jeg tók það einmitt fram í þeirri deilu, sem varð um það mál, að jeg teldi stúdentana frá Akureyrarskólanum löglega stúdenta, ef prófin væru lögskipuð og í samræmi við próf mentaskólans í Reykjavík, enda eru margir lögfræðingar þeirrar skoðunar.

Mjer kom það dálítið undarlega fyrir, þegar hæstv. ráðh. (MG) kom eins og út úr hömrum og sagðist ekkert vita, hvaða gjald væri tekið fyrir að veita undanþágurnar. Hver ætti þá að vita það, ef ekki hæstv. siglingamálaráðh. (MG)? En mjer er sagt, að einhver hluti þessa gjalds renni til fjelags eins hjer í bænum.

Þegar um varðskipið Óðin er að ræða, þá verður ekki hjá því komist að segja þann sorglega sannleika, að skipið var illa bygt í upphafi, og þess vegna varð að endursenda það. Og

þessar sakir verður að skrifa á bak hæstv. hermálaráðherra (MG). Hann ber ábyrgðina á því, hvernig skipið var úr garði gert af þeim dönsku, sem þegar hefir komið allþungt niður á ríkissjóði. Það hefir enginn ætlast til, að hæstv. ráðh. væri sá fagmaður, að hann gæti ráðið smíðinni, en hann átti að hafa þá ráðunauta við hönd sjer, sem treysta mátti að hefðu bæði vit og þekkingu til þess að segja fyrir um smíði skipsins. Hefði skipið verið gott og rjett smíðað í upphafi, hefði það hvorki þurft að tefjast um 3 mánaða bil frá strandvörnum nje ríkissjóður þurft að greiða þessar 8 þús. kr., sem talið er að hluti ríkissjóðs í viðgerðarkostnaðinum muni nema.

Hann heimtar af mjer að segja hjer, hverjir hafi sagt þetta eða hitt, sem hann á að vita og hlýtur að bera ábyrgð á. Jeg álít þess enga þörf að fara að þylja hjer upp nöfn þeirra manna, sem segja, að skipið sje illa gert og alls ekki fært um að hafa það starf með höndum, sem því er ætlað. Það er hæstv. landhelgismálaráðh. (MG) næst að láta rannsaka þetta, því hann getur aldrei skotist hjá því, að á honum hvílir ábyrgðin fyrst og fremst, og hann verður að standa reikning á gerðum sínum.

Og sama er um sjálfa landhelgisgæslu varðskipanna að segja, að hún er alment talin mjög slæleg. Hundruð manna hafa heyrt það, að landhelgisbrot togaranna íslensku hafi verið mjög tíð í vetur, en varðskipin látið sig það litlu skifta, eða jafnvel ekki komið í veg fyrir, að þau slyppu, eins og dæmið sýnir, er jeg nefndi í fyrstu ræðu minni. Þetta veit allur bærinn, og þó heimtar hæstv. ráðh., að jeg sanni þetta, að mjer skilst, með vitnaleiðslu hjer á Alþingi. En þetta er miklu auðveldara fyrir hann, sem valdið hefir í sínum höndum til þess að kalla skipshafnir togaranna og varðskipanna fyrir rjett og láta með yfirheyrslu sanna þennan áburð eða ósanna. Mjer skildist líka, að hann mundi fara þá leið, og er það vel farið. En hitt er óþarfi að þrátta um, að það er hæstv. atvrh. (MG), sem ber ábyrgð á því, hvernig landhelgisgæslan fer úr hendi, eins og á hverjum öðrum framkvæmdum ríkisstjórnarinnar, sem undir hann heyra.

Mjer skaust yfir að svara því, sem hæstv. ráðh. (MG) tók fram um utanför Óðins, að það hefði verið hættulaust að sigla skipinu landa milli, þó um hávetur væri. En hann játaði þó, að hann hefði ekki spurt háseta skipsins um þetta atriði. Þó var mikið um þetta talað áður en skipið fór, og hásetarnir allir á einu máli um það, að hættulaust væri það ekki að sigla skipinu landa milli, þegar allra veðra var von, og jafnvel töldu þeir tvísýnu á lífi sínu að fara með skipinu svo langa leið, og bygðu það á því, að skipið hefði verið komið að því að farast í Siglufjarðarmynni þá um sumarið.

Þá sagði hæstv. ráðh. (MG), að láninu til „Stefnisfjelagsins“ hefði ekki fylgt meiri áhætta en ýmsum þeim lánum, sem jeg hefði veitt viðskiftamönnum Landsverslunarinnar á meðan jeg hefði verið þar starfandi í þjónustu landsins. Jeg veit ekki, hvað hann meinar með þessu, því að vitanlega veitti jeg engin lán nema með ráði forstjórans, og vil jeg skora á hann að tiltaka nánar, um hvaða lán sje að ræða,

eða taka dylgjurnar aftur. Annars get jeg bætt því við, sem hæstv. ráðh. hlýtur að reka minni til, að mikið var um þessa lánveitingu rætt á sínum tíma, og allir á sama máli um það, að lántakandi væri þá svo illa staddur, að það væri mesta óráð að veita lánið, enda kom fljótt á daginn, að trygging sú, er sett var, var aðeins á pappírnum og Fiskiveiðasjóði einskis virði. Og það er að því, sem jeg er að finna, að veita lán, sem sýnilegt er, að aldrei verði endurgreitt.

Þá kem jeg nú að hæstv. forsrh. (JÞ), og þótti mjer broslegt að heyra um skipun hans og meðstjórnanda, hæstv. atvrh. (MG). Þeir senda þetta út 16. þ. m. og leita þá staðfestingar á skipun þeirri, sem íhaldsflokkurinn hafði lagt til, að yrði á stjórninni. En svar konungs eða samþykki kemur fyrst í gær. Það er svo sem auðsjeð, að hæstv. forsrh. (JÞ) hefir vaknað við vondan draum, þegar vantraustið var komið fram, og farið þá að reka á eftir skipuninni.

Þá voru ekki síður broslegar ályktanir þær, sem hæstv. forsrh. dró út úr landskosningunum í haust. Samband Framsóknar og alþýðuflokksins sannar ekkert um meiri hluta fylgi þjóðarinnar við íhaldsstefnuna. Í fyrsta lagi kusu aðeins þeir, sem voru yfir 35 ára að aldri, en flestir þeir, sem jafnaðarmönnum fylgja, eru yngri, og í öðru lagi hafa jafnaðarmenn ekki fylgt sambandslistanum jafnfast og þeir hefðu gert, ef efsti maðurinn hefði verið úr þeirra flokki. Auk þess mætti og geta þess, að sá maðurinn, sem kosinn var, naut fylgis allmargra bindindismanna, því að hann var talinn mikill bindindisfrömuður og góður „good-templari" á meðan stóð á kosningahríðinni, þó að komið hafi á daginn síðan, að hann muni vera meiri íhaldspostuli en bindindispostuli.

Jeg hefi ekki sagt, að hæstv. stjórn væri skipuð af stóratvinnurekendum og öðrum gróðamönnum, en hitt hefi jeg sagt, að þessir menn væru aðalkjarni íhaldsflokksins, sem ekki aðeins kostuðu allar kosningar flokksins, heldur bera þeir og uppi blöð hans, sem stráð er ókeypis út um sveitir landsins. Þess vegna verða það stóratvinnurekendurnir, sem ráða því, hverjir verða í kjöri af hálfu flokksins við kosningar, en hinir, sem stefnu þessari fylgja, hafa ekkert annað hlutverk en að kjósa eins og fyrir er lagt af þeim, sem kostnaðinn bera.

Þá vildi hæstv. forsrh. (JÞ) gera lítið úr ríkislögreglunni, hún ætti aðeins að halda uppi betri lögreglu í landinu, og gaf þá, að mjer virtist, í skyn, að í alþýðuflokknum mundi helst að leita lögbrjóta. En jeg held, að þarna sje nokkuð langt seilst, því vitanlegt er, að ríkislögreglunni var stefnt að verkalýðsfjelögunum, til þess að vernda hlut atvinnuveitenda í þeim vinnudeilum, sem upp kynnu að rísa. Ríkislögreglunni mundi aldrei hafa verið beitt, þó að lög landsins væru fótum troðin á þeim sviðum, sem nær stendur hæstv. stjórn, svo sem gegn bannlagabrjótum.

Sama er og um bankaráð Íslandsbanka að segja, að hæstv. forsrh. (JÞ) vildi lítið gera úr því og sagði, að það gæti lítið látið sig skifta um daglega stjórn bankans, vegna þess að meiri hl. bankaráðsins væri utanlands. En einmitt þess vegna er aðstaða þeirra manna betri, sem eiga hjer heima, og með aðstoð þeirra ætti hann sem for-

maður bankaráðsins að geta komið á þeim breytingum, sem hann teldi heppilegar um allan rekstur bankans, ekki síst er hann hefir í raun og veru sem fjármálaráðh. fjárráð bankans í hendi sjer með lánveitingunum til hans af hálfu hins opinbera.

Hann sagði, að verkalýðsforkólfarnir vestra hefðu valdið hruninu þar, en þar voru engin verkalýðsfjelög, t. d. á Þingeyri, Flateyri og Bíldudal, og því engir verkalýðsforkólfar. Á Ísafirði hafa raunar verið verkalýðsfjelög, en kaupgjald og álögur ekki meiri en í öðrum kaupstöðum landsins. Þetta er því hrein fjarstæða, sem ekki þarf neinum orðum um að eyða. Jeg skil heldur ekki, hvers vegna hann er að bera það fram, að menn vestra hafi staðið ráðþrota um þessi mál, þegar þeir lögðu einmitt til, að bátarnir yrðu teknir af bankanum 2—3 mánuðum áður en það varð. Það var ekkert eðlilegra en að bátarnir hefðu verið teknir af eigendunum og gerðir út af bankanum. Með því hefði þó verið bjargað atvinnu þeirra manna, sem mest tjón biðu við stöðvunina. Ef ætti að beina ádeilu á einhverja menn út af þessu, þá eru það auðvitað þeir, sem hafa verið við útgerðina riðnir.

Viðvíkjandi tollgæslunni ætla jeg að fara fljótt yfir sögu, þar sem tíminn er naumur. En jeg vil benda hæstv. fjrh. (JÞ) á, að það er vert að athuga skipin, þegar þau koma hjer að landi. Annars er það lögreglunnar auðvitað að hafa upp á sökudólgum, en ekki óviðkomandi manna. Það væri lítil löggæsla, ef lögreglan biði ávalt eftir því að fá kærur frá einstökum mönnum um ákveðin lögbrot. Svo að hæstv. fjrh. og forsrh getur ekki búist við því, að jeg fari að ganga langt í að vinna að því verki, sem er lögreglunnar að vinna.

Jeg skil ekki, hvers vegna hæstv. fjrh. vill ekki hætta við álímingu hjer í Reykjavík, en halda sama ástandi og verið hefir úti um landið, þar sem hún er mesta handahófsverk. Hann viðurkendi, að í Vestmannaeyjum hefði tollurinn yfirleitt verið reiknaður öðruvísi en hjer í Reykjavík. Jeg veit, að það er rjett. Það mun koma á daginn, að ríkissjóður hefir mist mikið vegna of lágt reiknaðs tolls og vegna þessa gjaldfrests á tollgreiðslu, sem hæstv. stjórn hefir ekki skift sjer af hingað til. Það er ófært að fara eftir sinni reglunni á hvorum stað, þar sem fluttar eru inn tóbaksvörur. Til lítils er eftir á að afsaka það, sem hæstv. fjrh. (JÞ) hefir haft heilt ár til að laga.

Viðvíkjandi Gullbringu- og Kjósarsýslu gat hæstv. fjrh. þess, að það væri óinnheimtur tekjuskattur hjá öreiga fyrirtækjum. Mjer er spurn: Er skatturinn ekki óinnheimtur af því, að ekki var gengið rækilega eftir honum á sínum tíma?

Viðvíkjandi umboðsmönnum sýslumanna úti um land er þess að gæta, sem hæstv. fjrh. virtist ekki ljúka upp augunum fyrir, að með því að halda því fyrirkomulagi, sem hæstv. fjrh. vill, að stærsta verslun á staðnum hafi umboð sýslumanna, þá getur hún sjeð alla innkaupsreikninga þeirra verslana, sem við hana keppa.

Jeg vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. (JÞ), hvers vegna var skift um póstmeistara í Vestmannaeyjum?

Þá kvað hæstv. forsrh. mjög óheppilegt, að slík ásökun um ljelega strandgæslu kæmi fram á Alþingi. Jeg vil spyrja: Hvar ætti slík ásökun að koma fram, ef ekki á Alþingi? Jeg hygg, að þótt hæstv. forsrh. vildi helst, að menn kæmu upp í stjórnarráð til að bera fram slíkar kvartanir, þá mundi því harla lítið sint þar. Eina vonin um, að slíkum kvörtunum sje sint, er að þær sjeu gerðar í heyranda hljóði. Og það er best, að útlendingar þeir, sem þykjast hafa eitthvað við strandgæsluna að athuga, sjái það, að Íslendingar sjálfir vilji, að hún nái jafnt yfir alla. Jeg sje ekki, að hægt sje að kalla það hættulegt, að fulltrúar þjóðarinnar komi með slíkt. Það er ekki nema sjálfsögð skylda hvers þeirra, sem um það veit.

Jeg er yfirleitt mjög undrandi yfir þessum svörum hjá hæstv. ráðherrum viðvíkjandi strandgæslunni, að þeim finnist það vera goðgá að skýra frá því, að lög sjeu brotin. En það kemur kannske ekki illa heim við það, að hæstv. atvrh. (MG) lætur sjer það í mjög ljettu rúmi liggja, að hann hefir sjálfur verið að brjóta landslög.

Hæstv. forsrh. (JÞ) sagði, að þar sem jeg væri svo framur að flytja vantraust, þá mundi, ef vantraustið yrði samþ., að mjer berast böndin að mynda stjórn. Ekki veit jeg, hvaðan hæstv. forsrh. hefir þessa þingreynslu sína, og fer mjer nú að þykja ekki ótrúlegt, sem sagt er, að hæstv. forsrh. hafi áður gert sig heldur sekan um þingsafglöp. Ef til kæmi að mynda stjórn, þá myndi konungur auðvitað snúa sjer til forseta Sþ. til þess að leita fyrir sjer um það. Annars finst mjer mega segja það um hæstv. forsrh. sjálfan, að hann gerist framur, þegar hann mælir með því við konung, að hann skipi sig ráðherra á þeim tíma, sem hann ræður ekki meiri hluta í þinginu og á vantraustsyfirlýsingu yfir höfði sjer. Enda geri jeg ráð fyrir, að þessari brtt., sem er fram komin, sje einmitt ætlað að koma í veg fyrir, að sú skipun hafi þá þýðingu, sem hann hefir ætlast til.

Það mætti nú fara nokkuð lengra út í að rekja syndir hæstv. fjrh. (JÞ) en jeg hefi gert. En jeg hefi ekki tekið stefnumálin yfirleitt, heldur drepið á einstök nýleg mál, og alls ekki farið langt aftur í tímann, eins og hæstv. atvrh. bjóst við. Það hafa áður verið eldhúsdagar og þau mál athuguð. En minna mætti hæstv. fjrh. (JÞ) á það, að fjárhagsástandið í landinu er yfirleitt honum og hans stjórn að kenna. Það, sem mest þjakar fólki nú, það eru þeir miklu tollar, sem gera svo að segja ólíft fyrir alla alþýðu manna í þessu landi. Hans stefna er sú, að láta tollana hvíla þungt á alþýðunni, en láta atvinnufyrirtækin græða. En reynslan hefir sýnt, hversu óviturleg slík stefna er. Atvinnufyrirtækin standa sig ekki betur fyrir það. Fjeð, sem þau fá í góðu árunum, eyðist engu síður, en á krepputímum eins og nú fara þau unnvörpum á höfuðið. En alþýðan, sem þá ætti að hafa gjaldþol, ef hyggilega hefði verið farið að, er þá svo rúin af álögum hæstv. fjrh. (JÞ), að engu er á bætandi.

Pjetur Ottesen: Jeg hefi enga löngun til þess að blanda mjer í þær almennu umr., sem hjer hafa orðið um vantraustsyfirlýsinguna. En það var eitt atriði í ræðu hv. 4. þm. Reykv. (HjV), þar sem hann mintist á framkvæmd

landhelgisgæslunnar, sem jeg verð að fara nokkrum orðum um, vegna þess, að jeg er hjer fulltrúi fyrir og fer með umboð fjölda manna, sem eiga mikið undir því, að landhelgisvarnirnar sjeu vel ræktar.

Á síðasta ári var stigið hjer hið stærsta spor, sem stigið hefir verið enn til þess að auka landhelgisgæslu, með því að láta byggja nýtt strandvarnaskip. Því að það er ekki að efa, að aukning á landhelgisgæslu er eitt hið mesta nauðsynjamál þjóðarinnar. Og frá því jeg kom á þing hefir það verið eitt af mínum mestu áhugamálum að koma á auknum endurbótum um landhelgisvarnir. Þess vegna hnykti mjer stórkostlega við, er hv. 4. þm. Reykv. (HjV) upplýsti það um eitt varðskipið — jeg hygg, að hann hafi þar nafngreint varðskipið Óðin — hvernig það hagaði landhelgisgæslunni. Hann sagði það um landhelgisgæsluna, að hún væri mjög slæleg, og nefndi þar sem dæmi þetta, að Óðin hefði — fyrir skömmu, að mjer skildist — borið þar að, sem 20 togarar voru í landhelgi. Og hann sagði, að skipið hefði þá ekki aðhafst annað en það að skjóta einu skoti og látið svo alla togarasyrpuna sigla óáreitta út úr landhelgi. Og hv. þm. (HjV) sagðist geta staðhæft þetta.

Þetta er afskaplega hörð ásökun og sú harðasta, sem borin hefir verið á nokkurn mann á Alþingi í mín eyru, og það því fremur, þegar þess er gætt, að hjer er um að ræða formann á skipi, sem hefir mjög ábyrgðarmiklu starfi að gegna, þar sem honum er falið að vernda annan aðalatvinnuveg landsins. Í starfi hans liggur annað og meira en það að vernda fiskiveiðarnar frá degi til dags, heldur liggur starf hans engu síður í því að vernda framtíð fiskiveiðanna hjer við land, sem reynslan hefir sýnt og mun sýna enn betur, hve mikið á í hættunni vegna rányrkju á grunnmiðum.

Með þessu er lýst þýðingu landhelgisvarnanna fyrir okkur. En önnur hlið málsins snýr að útlendingum, og þar verðum við að gæta alls varhuga, eins og hæstv. forsrh. (JÞ) sagði í dag, þar sem hann lýsti því svo greinilega, hverja þýðingu það hefði fyrir okkur, að sá orðrómur kæmist ekki á, að varðskipin væru hlutdræg, hlífðu íslenskum lögbrjótum, en ofsæktu hina. Í þessu sambandi má líka geta þess, að hjá okkur eru hærri viðurlög fyrir landhelgisbrotum en hjá nokkurri af nágrannaþjóðum okkar. Okkur er þetta nauðsynlegt, að hafa viðurlögin mikil, sökum þess, að landhelgisgæslan er og verður að minsta kosti fyrst um sinn ónóg í samanburði við hið stóra landhelgissvæði umhverfis land alt. Það er nauðsynlegt, að sektir sjeu svo háar, að þær út af fyrir sig veiti nokkurt aðhald gegn ágengninni á landhelgina. Þetta hafa og þær útlendar þjóðir, er senda fiskiskip hingað, viðurkent. Að þessu leyti eru því viðskifti okkar við aðrar þjóðir örugg. En hjer ber fleira að gæta, og þess sem oss ríður lífið á að gæta, svo að vjer stefnum ekki hreint og beint sjálfstæði voru í voða, en það er, að fylsta rjettlætis sje gætt og hið sama látið ganga yfir alla togara, hvort sem þeir eru innlendir eða útlendir. Og það sem jeg veit best til, þá hefir þessarar skyldu verið gætt. En nú í dag hefir verið borin fram sú ásökun hjer á Alþingi á foringjann á „Óðni", að hann hafi látið stóran hóp

af togurum sigla út úr landhelgi, án þess að hafast neitt að, og jeg held, að jeg hafi ekki misskilið hv. 4. þm. Reykv. (HjV), að hann hafi haldið því fram, að flestir þeirra hafi verið íslenskir.

Jeg er ekki að fárast yfir því út af fyrir sig, þó slík ásökun sje borin fram í heyranda hljóði, því að það er gott að ganga hreint til verks, enda þótt gæta verði allrar varkárni, þar sem útlendingar eiga í hlut. En við þetta má ekki sitja. Hv. þm. (HjV) hlýtur að verða til þess knúður, að mjer finst, að verða við ósk hæstv. forsrh. (JÞ) um það að segja skýrt og skilmerkilega frá því, hvað hann hafi fyrir sjer í þessu, og hæstv. atvrh. (MG) verður að láta fara fram nákvæma rannsókn á málinu. Því að sannleikurinn verður að koma í ljós, annað er óforsvaranlegt. Þýðing og mikilvægi landhelgisgæslunnar, og það, að hún sje vel rækt, krefst þess, að hið sanna komi hjer í ljós. Og vegna þess orðróms, er ásökun þessi vekur, og berast mun til útlendinga, því að þeir hafa hjer, ef svo má segja, augu og eyru á hverjum fingri, þegar rætt er um þessi mál á Alþingi, er þetta líka nauðsynlegt. Og síðast en ekki síst á sakborningur, skipherrann á Óðni, fulla rjettlætiskröfu á því, að sannleikurinn komi í ljós.

Skyldi það reynast rjett, að hann hefði vanrækt skyldu sína, þá verður hann að taka afleiðingunum af því, en ef hann er saklaus, þá á hann heimtingu á að fá uppreist, og þeir, sem borið hafa hann röngum sökum, eiga þá að fá makleg málagjöld.

Af öllum þessum ástæðum, sem jeg þykist hafa sett nægilega skýrt fram, þá skora jeg á hv. 4. þm. Reykv. (HjV), í nafni allra þeirra, sem njóta eiga góðs af landhelgisgæslunni, og í nafni rjettlætisins og öryggisins út á við, að segja frómt frá um heimildir sínar fyrir þessum alvarlega áburði. Og jeg vona, að hann telji sjer skylt að gefa þessar upplýsingar.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg þarf aðeins að láta örfá orð falla þess tilefnis, að hæstv. forsrh. (JÞ) hefir reynt að vefengja rökstuðning hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), formanns Framsóknarflokksins, fyrir brtt. okkar á þskj. 273.

Mjer þykir rjett, úr því að hæstv. ráðh. (JÞ) vildi vefengja orð hans, að við Framsóknarmenn og meðflm. að brtt. látum einnig heyra hljóð úr horni, til þess að fram komi, að við stöndum fast að baki honum. Fyrir hönd Framsóknarflokksins hefir hann lagt áherslu á ályktarorð till., að líta beri á landsstjórnina sem starfandi til bráðabirgða, með öllum þeim afleiðingum, er það hefir í för með sjer.

Hæstv. ráðh. (JÞ) mótmælti þeim tveim ástæðum, sem færðar eru fyrir þessari niðurstöðu. Hæstv. forsrh. (JÞ) neitaði því, að rjett væri sem í till. segir, 1) að stjórnin sje í minni hluta í Nd. og 2) án meiri hluta stuðnings í Sþ, og því væru niðurlagsorðin röng. Með öðrum orðum: alt veltur á því, hvor hefir rjett fyrir sjer, hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) eða hæstv. forsrh. (JÞ). Og það er ekki erfitt að benda á ráðið til þess að fá að vita með vissu, hvor hefir á rjettu að standa. Öruggur úrskurður um það fæst við atkvgr. um till. Setjum svo, að till. yrði samþykt. Þá verður af þeirri samþykt og afstöðu þingmanna í Ed. hiklaust ráðið, að þetta

hvorttveggja er rjett, að stjórnin er í minni hluta í Nd. og án meiri hluta í Sþ. Þá er þar með fallinn dómur um þessar deilur hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) og hæstv. forsrh. (JÞ). Og þessa dóms við atkvgr. bíð jeg rólegur.

Úr því jeg stóð upp, vil jeg bæta við nokkrum orðum. Jeg vil benda á og undirstrika, að svo beri að líta á stjórnina „að svo stöddu", eins og tillögunni segir. Hvað sú stund stendur lengi, verður ekki um sagt. Þar eru allar leiðir opnar og allar hendur frjálsar.

Mjer þykir rjett að benda á annað atriði þessu náskylt.

Hæstv. forsrh. (JÞ) upplýsti, að skipun hans sem forsrh. hafi farið fram í gær, með öðrum orðum 5 dögum eftir að till. um vantraustsyfirlýsing á stjórnina er komin fram, og undir þeim kringumstæðum, að hæstv. ráðh. hlýtur að vera kunnugt um, að á völtu stendur um fylgi hans.

Jeg vil undirstrika, að það er vitanlega hæstv. forsrh. (JÞ), sem ber ábyrgð á því að hafa ekki látið H. H. konunginn vita, hvernig ástatt var. Og jeg álít það óforsvaranlegt af honum gagnvart H. H. Og jeg vil bæta því við, að ef atkvgr. sýnir þau hlutföll, er jeg geri ráð fyrir og vona, að komi glögt í ljós, þá hefir hæstv. forsrh. (JÞ) gert sig sekan um mjög alvarlegan hlut, mjög alvarlegan í landi, þar sem á að vera þingræðisstjórn.

Í samræmi við það, að jeg er meðflm. að þessari till., þar sem gert er ráð fyrir að líta á stjórnina sem starfandi aðeins til bráðabirgða, ætla jeg mjer ekki nú, frekar en á eldhúsdeginum, að fara að rifja upp syndir hæstv. stjórnar. Jeg slepti eldhúsverkunum þá og ætla að gera það líka nú í trausti þess, að fram fari það, er kalla mætti pólitíska „castration" stjórnarinnar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg hefi ekki margt að svara hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Ræða hans var ekki annað en stytt útgáfa þeirrar fyrri, sem jeg var búinn að hrekja. Jeg tók svo eftir, að hv. þm. gerði ráð fyrir, að till. um skipun forsrh. hafi verið símuð út til konungs. Hafi hann sagt það, þá er það ekki rjett. Till. er afgreidd hjeðan 16. mars brjeflega í pósti til Kaupmannahafnar.

Jeg verð að halda því fram, eftir því sem fram hefir farið, að afgreiðsla till. hafi verið öldungis þingræðislega rjett. Að vísu vænti jeg ekki viðurkenningar á því frá hv. þm. Str. (TrÞ).

Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) benti rjettilega á það, að þegar svo jafnir flokkar með og móti eru í þinginu, sem hann vill nú vera láta, þá geti að því dregið, að óhjákvæmilegt verði að leysa upp þingið. En þá verður að vera til einhver stjórn, sem getur borið ábyrgð á þingrofi. Það hygg jeg hafi verið öllum ljóst í þingbyrjun, er jeg gaf yfirlýsingu fyrir hönd stjórnarinnar. Þá var ekkert á móti því haft, að forsrh. yrði skipaður. Nú hefir það verið gert, og því situr nú stjórn að völdum, sem ber fulla stjórnskipulega ábyrgð. Hvort hún er skoðuð sem bráðabirgðastjórn eða ekki, get jeg látið mjer í ljettu rúmi liggja.

En út af þingrofunum vil jeg benda á, að ekki færri en 2 eða 3 frv. um stjórnarskrárbreytingar liggja nú fyrir þessu þingi. (**TrÞ:** Þau eru þrjú). Ja, kannske 3, ef hv. þm. Str. (TrÞ) vill telja sína tilraun með. Gerum nú ráð

fyrir þeim möguleika, að eitthvert þeirra nái samþykki beggja þingdeilda. Þá mælir stjórnarskráin svo fyrir, að þing skuli rjúfa þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Heyrir þá til, að til sje í landinu stjórn, sem bær er að gera till. um þingrof til H. H. konungsins. Vilji Alþingi ekki hafa til þess þá stjórn, er nú situr, þá verður það að segja til þess. Gangi alt á þinglegan hátt, fer stjórnin frá, og þingið sjer um myndun nýs ráðuneytis.

Því verður ekki fengið framgengt að afturkalla skipun stjórnarinnar, nema önnur komi í staðinn, eins og mjer skildist helst mega skilja mjög óljósa hugsun hv. þm. Str. (TrÞ). Það er þingsins að velja, hvort það vill þessa stjórn eða vill hana ekki. Þess vegna er rjett, að till. hv. 4. þm. Reykv. (HjV) komi til atkv. eins og hún liggur fyrir.

Jeg skal svo reyna að vera stuttorður út af hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Hann mintist á landskjörið og vildi gera lítið úr því, af því að kjósendurnir væru 35 ára og eldri. Það getur hann ekki. Meðan stjórnarskráin mælir svo fyrir, að þeir, sem kjósa við landskjör, skuli hafa þennan aldur, eru þeir, sem svo eru kosnir, fullkomlega jafnrjetthháir þeim kjördæmakosnu sem þjóðarfulltrúar.

Þrátt fyrir persónulegt fylgi, sem játað skal að hv. 6. landsk. (JKr) hafi haft, geta þó stjórnarandstæðingar aldrei annað en viðurkent, að þeir hafi orðið undir, og kosningin sú gefur þeim því síður en svo rjett eða átyllu til að „troða upp“ og segjast hafa meiri hl. þjóðarinnar að baki sjer.

Um Íslandsbanka læt jeg útrætt, að öðru en því, að jeg kendi ekki verkalýðsforkólfunum um mistök og skaða á Þingeyri, Bíldudal eða Flateyri, heldur um þann þátt, er þeir eiga í því, hve höllum fæti stendur útgerðin á Ísafirði nú. Jeg skal gjarnan fræða hv. 4. þm. Reykv. (HjV) um, hvað tiltækilegast er til þess að reisa við útveg Ísfirðinga, og hann getur þá látið ráðleggingarnar berast til rjettra hlutaðeigenda. Það er fullyrt, að sterkríkustu og tekjuhæstu mennirnir á Ísafirði sjeu einmitt nokkrir helstu forkólfar alþýðuflokksins þar. Nú þætti mjer rjett, að þessir menn tækju rögg á sig og verðu fje sínu og hættu lánstrausti sínu til þess að stofna einkafyrirtæki eða sjerstakt fjelag til þess að taka við útgerðinni og rækju síðan til atvinnu fyrir bæjarbúa. Það mundi greiða fyrir ekki svo lítið, ef þessir helstu efnamenn legðu fram krafta sína, fje og tíma.

Út af því, sem sagt er um slælegt eftirlit með því, að ekki sje selt vín í land úr skipum, skal þess getið, að málið hefir verið til athugunar undanfarið í fjármálaráðuneytinu. Og það hafa verið gerðar uppástungur viðvíkjandi tilhögun um eftirlit með ferðum skipa, er sigla á hafnir hjer við land, sjerstaklega hvað snertir áfengi. Það er að vísu vandkvæðum bundið vegna þess, hve litlum starfskröftum er á að skipa á þeim höfnum, er þau koma við. Það er vandi að sníða eftirlitið svo, að það verði ekki gagnslaust, en þó eigi óframkvæmanlegt með þeirri tilhögun og því liði, sem nú er á að skipa um tollgæslu.

En þó að stjórnin komi endurbótum í verk á þessu, getur hún ekki þar fyrir losað borgara ríkisins, eins og t. d. hv. 4. þm. Reykv. (HjV), undan því að gerast meðsekur með því að hylma yfir tollsvik og smyglun. Það er skylda

hans að gera rjettum yfirvöldum viðvart, og jeg vona, að þau fái hið fyrsta upplýsingar um, hvar honum er kunnugt um misfellur. Hingað til hefir hann hvorki nefnt heimildarmann nje sakborning.

Hv. þm. (HjV) hjelt, að ríkissjóður mundi hafa tapað fje í Vestmannaeyjum vegna ófullkominnar vigtar á tóbaki. Það kemur til athugunar við endurskoðun tollreikninganna í fjármálaráðuneytinu, og jeg get fullvissað hann um það, að komi í ljós, að tollur sje vanreiknaður, verður af hálfu endurskoðanda gefinn úrskurður til lögreglustjóra um að innheimta vangreiddan toll. Þar er ekkert tapað, að ekki verði gengið eftir í tíma.

Þá spurði hv. þm. (HjV), hvers vegna hefði verið skift um póstmeistara í Vestmannaeyjum. Jeg veit það ekki, enda heyrir það ekki undir mína stjórnargrein. Það verða svo oft mannaskifti, ekki síst í kaupstöðum. Og það er ekkert undarlegt um Vestmannaeyjar, sem eru í slíkum vexti, að þetta starf, sem var áður aukastarf og haft í hjáverkum, er nú orðið nóg einum manni. Jeg geri ráð fyrir, að ástæðan sje þessi.

Um ásakanir hv. þm. um landhelgisgæsluna er það að segja, að hv. þm. Borgf. (PO) hefir nú svo rækilega lagt niður fyrir honum, hverjar sjeu skyldur hans gagnvart því máli, að jeg treysti mjer ekki til að gera betur.

Þá endaði hv. þm. (HjV) loks ræðu sína með því að kvarta yfir tollum og sköttum. Jeg neita því ekki, að þeir voru miklir frá því 1. apríl 1924 og þar til farið var að ljetta þeim af aftur. En þar er ekki um stjórnarráðstöfun að ræða. Heldur reyndist það nauðsynlegt af því, hvernig komið var hag ríkissjóðs í höndum fyrverandi stjórnar, og löggjafarvaldið ber á því fulla ábyrgð, því að það hefir gert alt, sem gert hefir verið á þessu sviði.

Jeg ætla þá að enda með því að rifja upp og fá yfirlit yfir það, sem hv. 4. þm. Reykv. (HjV) hefir sagt við þetta tækifæri. Hann hefir ekki dregið fram eina einustu stjórnarathöfn úr mínum verkahring, er teljast megi aðfinsluverð eða jeg hafi vanrækt. Alt eru það vonbrigði yfir því, að mjer hafi ekki tekist að koma í veg fyrir ýmislegt, sumpart í atvinnulífinu eða hjá bönkunum eða hjá tilteknum embættis- og starfsmönnum hins opinbera.

En svo gengur það jafnan í þessum ófullkomna heimi, að eftir á er hægt að benda á eitt eður annað, er betur hefði mátt fara, og jafnan kemst maður skemra en skyldi.

Sú stjórn er þó ekki öllum heillum horfin, er á þeim kjörum að sæta, að ekki er fundið að athöfnum hennar sjálfrar af andstæðingum, heldur því, að henni hefir ekki tekist að afstýra ýmsu, sem liggur fyrir utan hinn eiginlega verkahring hennar.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Str. (TrÞ), sem jeg gerði ráð fyrir í svari mínu til hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), að svo góðgjarnlega sem hann túlkaði brtt. þeirra, þá yrðu einhverjir flokksbræður hans til þess að túlka hana miður góðgjarnlega, ef hún yrði samþykt.

Hv. þm. Str. (TrÞ) var með dylgjur, að stjórnin starfaði til bráðabirgða, með þeim afleiðingum, er það hefði í för með sjer.

Jeg veit ekki vel, við hvað hann átti. Ef hann á við það, að stjórnin sje ekki

skipuð, heldur aðeins sett eða „fungerandi", þá er því ekki til að dreifa. Hafi hv. þm. Str. (TrÞ) þótt stjórnin misgera og brjóta af sjer með till. sinni til H. H. konungsins um skipun forsætisráðherra, ætti það að vera enn ein ástæða til fyrir hann, og hún fullgild, að láta koma til atkv., hvort deildin vill samþykkja vantraust á stjórninni eða ekki. Það nær ekki nokkurri átt að vera með dylgjur um það, að stjórnin hafi gert sig seka um mjög alvarlegan hlut í þingræðislandi, og þora svo ekki að láta koma til atkv. till., sem gefur mönnum kost á að taka afstöðu til annars eins og þessa.

Eftir alt þetta verð jeg að líta svo á, að ef hv. þm. greiðir atkv. með till. eins og hún er nú breytt, tjáir hann þar með þessari stjórn hlutleysi sitt að svo stöddu og fram til kosninga, ef ekkert nýtt kemur fyrir. Þetta er gert ómótmælanlega með brtt.

Seinasta kjarnyrði hans um pólitíska „castration" má þm. eiga fyrir mjer. Smekkvísina í þessum ummælum hefir hann víst fundið í Búnaðarfjelaginu, á það svið var samlíkingin sótt. En hitt verður hann að vita, að hans rjettur sem þingmanns og stjórnarandstæðings er að greiða stjórninni vantraust, ef hann vill, að hún fari frá. En sje hann stjórnarandstæðingur og þori ekki að greiða atkv. gegn henni hjer, þegar á hann er kallað, þá hefir hann ekki í sínum vasa neinn kuta til þess að gera neinar dýralæknisaðgerðir á stjórninni. Hann getur vitanlega skrifað í blað sitt eins og hann hefir nú gert um nokkur ár, en um áhrifin af þeim skrifum fer líklega líkt hjer eftir sem hingað til.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson)*): Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) mun nú dauður vera og betra að fara varlega með hann. Jeg skal nú heldur ekki sauma mjög að honum, enda hefir það verið gert rækilega hjer í dag. Hann var að lýsa íhaldsflokknum og því, hversu alt væri þar á annan veg en í alþýðuflokknum, en jeg held það væri nú best fyrir hann að tala um sinn eigin flokk, en ekki um aðra, sem hann ekkert veit um. Hv. þm. (HjV) var eitthvað að tala um lítilfjörleg stjfrv., en jeg þori vel að leggja stjfrv. og móttöku þeirra hjer á móti hans frv.

Hann var að tala um útvarpsfjelagið og hve ljelegt efni það væri, sem það varpaði út, og fann að því, að stjórnin hefði eigi eftirlit með því. Annars er um þetta að segja, að hingað til hafa ekki heyrst neinar kvartanir um þetta, og þm. hefir sjálfur ekki kvartað fyr. Hinsvegar skal jeg viðurkenna það, að fjelagið er ekki nógu fjesterkt til þess að hafa altaf nógu gott efni til að varpa út, og stafar það af því, að landsmenn hafa ekki viljað leggja fje í þetta fyrirtæki. Hann hefir sjálfur upplýst, að hann hafi ekki lagt einn einasta eyri í fjelagið, og mjer skildist það vera af því, að fjelagið væri gróðafjelag. En jeg leyfi mjer að efast um, að ástæðan sje sú, því að jeg veit, að hann hefir ekki verið svo feiminn við slíkt, og enda jafnvel sjálfur stofnað gróðafjelag. Hinu gæti jeg betur trúað, að ástæðan hefði verið sú, að hann vissi, að það gæfi ekki eins mikið í aðra hönd eins og það stóra fjelag, sem hann stofnaði handa sjálfum sjer.

---

*) Óyfirlesin ræða.

Dóma þm. um það, hvað löglegt sje í þessu efni, met jeg ekki að neinu. Jeg tel mig hafa miklu betri ástæður til að dæma um það en hann.

Þá hefir þm. verið að dylgja með það, að jeg væri hluthafi í útvarpsfjelaginu, en um það veit stjórn fjelagsins miklu betur en hann, og hún hefir borið það til baka. Enda gat jeg það ekki, vegna aðstöðu minnar, þar sem jeg átti að veita fjelaginu sjerleyfið.

Það var gott, að þm. (HjV) nefndi nöfn þessara tveggja manna, sem með röngu hafi tekið fje af mönnum fyrir leyfi til vjelstjóra. Jeg skal nú rannsaka, hvað rjett er í þessu.

Um byggingu „Óðins" gat hann nú lítið sagt, en vildi halda því fram, að jeg hefði ekki valið góða menn til eftirlits í Kaupmannahöfn. En jeg get sagt hv. þm. það, að til þess valdi jeg það sama firma, sem framkvæmdastjóri Eimskipafjelags Íslands hefir jafnan skift við, og benti mjer á. Hv. þm. vildi láta líta svo út, að skipið hefði verið svo slæmt, að það hefði verið hætta að vera á því út. Jeg verð að líta svo á, að skipstjórinn á Óðni hafi haft betur vit á því en þm., og hann taldi það enga hættu, enda þurfti ekki annað en að setja kjölfestu í skipið til þess að það færi vel í sjó. Jeg veit heldur ekki til, að neinir af hásetunum á Óðni hafi verið hræddir við það að vera á honum til Kaupmannahafnar.

Það er vitanlega rjett, að stjórnin ákveður, hvar varðskipin halda sig, en það er algerlega rangt hjá þm. að halda, að hann geti gert stjórnina ábyrga fyrir því, ef yfirmenn skipanna rækja ekki skyldur sínar.

Það er algerlega óverjandi af þm. (HjV) að bera yfirmenn skipanna slíkum sökum, en þegar hann er krafinn sagna um það, hver hafi sagt honum þetta, þá neitar hann að svara. Jeg vil ekki nota það orð, sem hjer á við og er fullkomlega rjettmætt um slíkt athæfi, af því hvað það er óþinglegt, en jeg vona, að þm. sjái sjálfur, í hverjar ógöngur hann er kominn, og að sú brýning, sem hann fekk hjá hv. þm. Borgf. (PO), verki svo á hann, að hann sofi ekki fyr en hann hefir upplýst, hver hafi sagt honum þetta, eða játað, að hann hafi sjálfur búið það til. Það er sagt, að Gróa gamla á Leiti hafi verið vön að segja: „Ólyginn sagði mjer", en hv. þm. (HjV) vill ekki einu sinni segja þetta, heldur segir hann bara: Það er sagt.

Um lánið út á „Stefni" vil jeg segja það, að það er ekki verra en þau lán, sem hann hefir sjálfur veitt í Landsversluninni í fjarveru framkvæmdarstjórans. Það skal jeg standa við. Um leið og þm. sýnir fram á, að það hafi verið óforsvaranlegt, skal jeg sýna fram á hitt.

Þá vildi þm. láta draga úr tóbakstollgæslu í Reykjavík, en auka hana úti um land. Hann er sjálfur „general"-tóbakskaupmaður hjer í bænum, og þegar hann ætlar að nota sjer þannig aðstöðu sína sem þingmaður, verður það ekki skilið öðruvísi en að hann sje að „agitera" fyrir sinni eigin verslun. Hann er að kvarta um það, að menn sjeu sendir af stjórninni til þess að tollmerkja hjá honum vörur. Hann ætlast kannske til þess, að hann hafi einkarjett til þess að selja tóbak án þess að greiða toll af því?

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Jeg ætla fyrst að snúa mjer að hæstv. atvrh. (MG). Hann snýr alveg við orðum mínum, til þess að reyna að finna ástæður gegn þeim. Jeg veit ekki til, að jeg hafi kvartað yfir tollmerkingu hjá mjer sjerstaklega, enda er hægt að sjá það í ræðum skrifaranna. Jeg hefi aldrei sagt, að það væri sjerstaklega hjá Tóbaksverslun Íslands. Það er hreinn uppspuni hjá hæstv. atvrh. (MG). Hinsvegar hefi jeg sagt það, að öll tollmerkingin hjer væri hreinasta „humbug", sem kostaði landið 40—50 þús. kr. á ári, en úti um land er tollgæslan sama sem engin. Þar fá kaupmenn tollmiðana senda og setja þá á sjálfir algerlega eftirlitslaust. Annars heyrir þetta undir hæstv. fjrh. (JÞ), og það var hreinn óþarfi fyrir hæstv. atvrh. (MG) að vera að sletta sjer fram í þetta. Jeg held það væri betra að verja einhverju af peningunum til þess að auka tollgæsluna úti um land og senda menn til eftirlits, meðan ekki eru ákveðnar sjerstakar tollgæsluhafnir. Jeg veit ekki betur en hæstv. fjrh. (JÞ) hafi viðurkent það, þó að hann hafi ekki gert það hjer á þingi, að öll þessi tollmerking sje bæði óþörf og kostnaðarsöm, enda sjer þetta hver maður, því að til þess að tollmerkja vörurnar þarf eins marga menn eins og til að afgreiða þær. T. d. voru um tíma sex menn uppi í Tóbaksverslun Íslands við þetta. En það fyrirtæki hefir aldrei skorast undan því að greiða tollinn og mun ekki gera það; enda mun það greiða meiri toll árlega til ríkissjóðs en nokkurt annað fyrirtæki hjer á landi.

Hæstv. atvrh. (MG) talaði um eftirlitið með byggingu Óðins og segir, að það hafi verið ágætt. Jeg segi bara: Verkin sýna merkin. Hann var tilknúður að senda skipið út aftur til gagngerðrar breytingar.

Hæstv. ráðh. (MG) sagði, að ekki væri hægt að saka stjórnina um ljelega landhelgisgæslu, en jeg spyr: Á hverju ber stjórnin þá ábyrgð, ef ekki á þeim málum, sem undir hana heyra? Hæstv. ráðh. (MG) kallaði þetta dylgjur um landhelgisgæsluna, en hið sama mætti þá segja um hæstv. forseta Ed., sem sagði, að lögin væru þverbrotin í því efni. Hæstv. stjórn hlýtur að vita þetta. Mörg hundruð sjómenn á togurunum vita það, og yfirleitt allur almenningur hjer í bænum veit, að þetta er ekki annað en skrípaleikur.

Hæstv. ráðh. (MG) vítti mig fyrir, að jeg hefði lagt fje í ákveðið hlutafjelag, sem væri gróðafyrirtæki, en hefði ekki lagt í h.f. Útvarp. En jeg vil aðeins segja það, að hann veit ekkert um fjárhag minn, og honum kemur það ekkert við, í hvaða fyrirtæki jeg legg.

Það mátti heyra, að hæstv. atvrh. (MG) reiddist, er jeg sýndi fram á, að hann hefði bæði brotið lög og sett reglugerð, sem hann hafði alls ekki heimild til samkv. lögum.

Það má vera, að þau frv., sem jeg hefi borið fram, hafi sætt verri meðferð en frv. hæstv. stjórnar, en um það er það að segja, að jeg ber mín frv. fram fyrir hönd þess flokks, sem jeg tilheyri, og það eru andstæðingarnir, sem snúast gegn þeim. En frv. hæstv. stjórnar eru slík pólitísk viðrini, að andstæðingum hennar þykir ekki taka því að vera á móti þeim, en jafnvel fylgismenn hæstv. stjórnar segja, að

þau sjeu óþörf. Jeg veit ekki, hvort hæstv. atvrh. (MG) þykir það vera þingsigrar.

Jeg ætla aðeins að geta þess viðvíkjandi undanþágum vjelstjóranna, að það getur hæstv. stjórn látið rannsaka, og jeg hygg, að þá komi á daginn það, sem jeg hefi sagt, að menn hafi á stundum orðið að greiða fimmfalt verð fyrir leyfin við það, sem heimilt er. Og á þessu ber hæstv. ráðh. auðvitað ábyrgð.

Þá vildi jeg beina nokkrum orðum til hæstv. forsrh. (JÞ). Hann sagðist ekki hafa símað til útlanda beiðni um, að hann yrði skipaður. En það virðist svo, sem hann hafi pantað að nýju skipunina eftir að vantraustið kom fram. Skipunin mun hafa komið í símskeyti, dags. í gær, sem hann mun nú hafa upp á vasann.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. (JÞ) sagði um landskjörið, að íhaldsflokkurinn hefði haft meiri hluta við síðasta landskjör, skal jeg að nýju geta þess, að við landskjör hafa þeir einir kosningarrjett, sem eru 35 ára að aldri, en það hafa fleiri kosningarrjett til Alþingis en þeir, og er því ekki víst, að útkoman verði sú sama við almennar kosningar, og ef fara má eftir tölu hinna landskjörnu þingmanna, þá hefir íhaldsflokkurinn ekki nema helming þeirra.

Þá vil jeg leiðrjetta það viðvíkjandi Ísafirði, sem sagt hefir verið, eftir að jeg hefi fengið nýjar upplýsingar. Tveir menn frá Ísafirði töluðu í dag við tvo bankastjóra Íslandsbanka, og sögðu þeir, að í ráði hefði verið, að bankinn gerði út eftir nýárið alla þá báta, sem voru á hans vegum hjer syðra, og hefðu þeir átt að leggja fiskinn upp í Viðey til verkunar, en þetta hefði strandað á því, að ekki hefði fengist samkomulag við sjómennina ísfirsku um kaupgjald eða hlutaskifti. Jeg hefi nú fengið upplýsingar frá verkalýðsfjelögunum á Ísafirði. Það er alger uppspuni, að nokkuð hafi staðið á sjómönnum á Ísafirði í þessu efni, því að engar málaleitanir hafa borist þeim um breytingu á kaupgjaldi eða hlutaskiftum. Hvort þessi uppspuni er runninn frá stjórn Íslandsbanka eða útibússtjóranum á Ísafirði læt jeg ósagt, en þessum orðrómi er nú algerlega hnekt. Um þetta hefði hæstv. ráðh. (JÞ) getað aflað sjer upplýsinga, hefði hann viljað, fyrir löngu síðan, og getur því ekki haft það til varnar. Það undrar mig, hve hæstv. ráðh. (JÞ) er ánægður með að vera ásakaður. Það virðist svo, sem hann sje ánægður, svo lengi sem hann er ekki sakaður um glæp. Jeg er nú ekki að saka hann um neitt slíkt, heldur aðeins um ljelega stjórn og ljelegt eftirlit með embættismönnum ríkisins og fjármálastofnunum þess, og að hann hafi látið sjer lítið ant um hag landsins. Öll fjármálastjórn hans hefir nú gert það að verkum, að alþýða manna er nú úttærð af álögum og tollum.

Þá vil jeg að lokum segja nokkur orð við hv. þm. Borgf. (PO), sem vjek að mjer nokkrum orðum. Hann skoraði á mig að segja til um heimildir mínar fyrir því, sem jeg sagði um landhelgisgæsluna, hverjir hefðu sagt mjer þær sögur. Jeg gæti vel sagt nöfn þeirra manna, ef jeg vildi. Það eru auðvitað sjómenn á skipunum, en jeg veit, hvað það mundi kosta, ef jeg nefndi nöfn þessara manna; það mundi kosta þá lífsuppeldi þeirra um óákveð-

inn tíma. Hinsvegar getur hæstv. stjórn, ef hún vill, komist fyrir sannleikann í þessu máli með rjettarrannsókn.

Mig furðar ekki, þótt hv. þm. Borgf. (PO) vilji eitthvað láta til sín taka í þessum landhelgismálum, svo hreystilega sem hann hefir fyr talað um rannsókn landhelgisbrota. En á hinu furðar mig, að hann láti sem ekki hafi áður heyrst, að ísl. togararnir stæðu framarlega í landhelgisbrotunum, og þar sem jeg kom með slíkar ásakanir, þá hvíli á mjer sú skylda að sýna heimildir. Jeg vil benda á ræðuhöld þessa hv. þm. í landhelgismálinu 1924, í Alþingistíðindum C. Á bls. 502 skýrir hann í ræðu frá því, að af 5 togurum, sem staðnir hafi verið að landhelgisbrotum, hafi 4 verið íslenskir.

Þá segir hann á bls. 513—14: „Þá vildi hv. þm. (ÁF) færa skipstjórunum það til vorkunnar, að þeim væri það of mikil freisting að sjá útlendingana altaf mata krókinn í landhelginni. Jeg hygg nú, að það sjeu Íslendingarnir, sem oftast ganga þar á undan hinum með þetta fagra fordæmi, og það á þeim stöðvum, sem skaðlegast er, að veitt sje á með botnvörpu, einmitt á bátamiðunum, og þá einkum þar, sem þarf kunnugleik til botnvörpuveiða sökum þess, hvernig botnlagi er háttað. Útlendingarnir koma svo á eftir. Lögbrot þeirra eru að nokkru leyti því að kenna, að innlendu skipstjórarnir ganga á undan með þessu ófagra eftirdæmi". — Mér finst þetta mjög röggsamlega og sjálfsagt rjettilega mælt, en hv. þm. (PO) nefnir engin dæmi til stuðnings. Ef það er skylda mín nú að nefna nöfn, þá var það engu síður skylda hans í þetta skifti. Jeg vil ráða honum til þess að kynna sjer fyrri afstöðu sína í þessum málum, áður en hann talar aftur, því að sjálfsögðu er ekki minna að koma með slíkar almennar yfirlýsingar um alla ísl. togarana heldur en að nefna ákveðinn stað. En vitanlega er hægt að fá þetta upplýst með rannsókn.

Þess má geta, að þáverandi þm. G.-K., Ágúst Flygenring, hjelt mjög eftirtektarverða ræðu um sama efni. Hann segir: „Útgerðarmenn hafa rekið skipstjóra sína fyrir það eitt að fiska ekki. Þeir hafa meira að segja gert það margsinnis. Vesalings skipstjórarnir hafa því blátt áfram sverðið hangandi yfir höfði sjer. Og við skulum nú taka dæmi til skýringar þessu máli. 40—50 erlendir togarar eru að veiðum í landhelgi austur við Landeyjasand. Íslenskur togari kemur þar að, er að veiðum fyrir utan línuna og fær ekki fisk úr sjó. Hvað á þá skipstjórinn að gera? Hvað mundum við gera í hans sporum? Auðvitað fara inn fyrir línuna. Svo ber varðskipið að. Einmitt þessi togari er ef til vill tekinn — og kannske eingöngu vegna þess, að hann vantar t. d. loftskeytatæki, sem hinir hafa. Og svo á skipstjórinn að missa skipið, en hinir sleppa með alt saman! Þeir fá feng og frægð, en sá eini handtekni skömm og skaða.

Í greinargerð fyrir frv. er þess getið, að fá dæmi muni vera til þess, að útgerðarmaður hafi svift skipstjóra skipi fyrir að vera staðinn að ólöglegum veiðum. Jeg vil benda á hið gagnstæða. Að því munu vera mörg dæmi, að skipstjórar hafi óbeinlínis verið sviftir skipstjórn fyrir að stunda ekki veiðar í landhelgi — eða með öðrum orðum: fyrir að fiska ekki nógu vel, af því að

þeir hafa hlífst við að fremja lögbrot". — Þetta er nægilegt til að sýna skoðun þingmanna úr íhaldsflokknum um það, hvernig landhelgisbrotin eru framkvæmd og af hvaða ástæðum.

Þá skal jeg fara nokkrum orðum um brtt., sem hjer er komin fram. Í fyrsta lagi er í raun og veru gengið inn á efni till. minnar, þó forminu sje breytt, þar sem till. er brtt. við vantraustsályktun mína og það er skýrt tekið fram, að stjórnin hafi minni hl. í Nd. Ef brtt. verður samþ., fellur sá úrskurður á málið, sem jeg óskaði að fá, það er að segja, hvort stjórnin hefði meiri eða minni hluta fylgi í deildinni. Í öðru lagi er tekið fram, að deildin skoði stjórnina ekki öðruvísi en starfandi bráðabirgðastjórn, og valdsvið hennar er þá þeim takmörkunum háð, sem slíku hlýtur að fylgja. Jeg get því fallist á efni þessarar brtt. að þessu leyti. Mjer hefði að vísu fundist hreinlegra að láta afhöfða stjórnina með öllu heldur en að láta hana verða fyrir þessari pólitísku limlestingu. En með þessu er þó stjórninni sett allmikil takmörkun og yfirlýsing gefin um það, hvernig deildin lítur á valdsvið hennar, og vil jeg því ekki greiða atkvæði á móti tillögunni.

Forseti (BSv): Jeg skal taka það fram, að mjer þykir svona athugasemd í lengsta lagi, þar sem frv. hv. þm. Mýr. (PÞ) um hálftíma athugasemd er ekki enn gengið í gildi.

Pjetur Ottesen: Mig undrar stórkostlega á því, hve hv. 4. þm. Reykv. (HjV) getur tekið sjer það ljett, þegar brýnt er fyrir honum, hvaða ábyrgð hvílir á honum í þessum áburði hans á foringjann á Óðni, og hvernig hann reynir að smeygja sjer undan henni. Sú tilraun hans, að lesa upp úr Alþt. ummæli mín og fyrverandi 1. þm. G.-K. (ÁF), er algerlega mishepnuð. Eða skilur hv. þm. ekki muninn á því, að því leyti til, að það veitir honum enga stoð í þessu máli, að í þessum ræðukafla, sem hann las upp eftir mig, eru aðeins almenn rök fyrir nauðsyninni á því að auka og bæta landhelgisgæsluna, en hv. þm. ber fram staðhæfingu um það, að foringinn á varðskipinu Óðni hafi vanrækt skyldu sína við ákveðið tækifæri. Jeg er alveg hissa á því, ef hv. þm. skilur ekki, hvílíkt regindjúp hjer er á milli. Jeg veit að vísu, að hann er búinn að reyna mikið á sig í dag út af þessu vantraustsvafstri sínu, og líklegast er, að hann hafi ofreynt sig. Það væri helsta afsökun hans. Jeg þarf raunar ekki að svara þessu frekar. En jeg get sagt hv. þm. (HjV) það, að hann ljettir ekki hót á samvisku sinni með svona lestri eða yfirleitt á annan hátt en þann að segja frómt frá þeim heimildum, sem hann hefir fyrir þessum áburði.

Loks skal jeg taka það fram, að þrátt fyrir þetta ber jeg þó enn það traust til hv. þm. (HjV), að hann hafi þá ábyrgðar- og rjettlætistilfinningu, að hann segi frómt frá atriðum þessa máls, svo að hægt sje að byggja rannsókn á frásögn hans og leiða sannleikann í ljós. En geri hann það ekki, sýnir það bara sorglegan skort á þessu hvorttveggja hjá honum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það eru aðeins fá orð til hv. flm. (HjV). En hann er nú svo aðfram kominn, að jeg skal hafa þetta ör-

stutt. Hann var að lýsa muninum á sínum frv. og frv. stjórnarinnar. Hann sagði, að ekki væri undarlegt, þó að þau væru ólík, því að hann bæri sín frv. fram fyrir sinn flokk. Þetta er alveg rjett. Munurinn er fólginn í því, að stjórnin ber frv. sín fram vegna allrar þjóðarinnar. Því er hennar frv. betur tekið en hans. Frá þessu sjónarmiði kallar hann frv. stjórnarinnar pólitísk viðrini, af því að þau falla ekki í smekk þessa eina flokks.

Þá sagði hv. þm. (HjV), að landhelgislögin væru brotin og gæslan skrípaleikur. Jeg neita því, að svo sje um gæsluna. En hv. þm. getur ímyndað sjer, að á jafnstórri strandlengju og hjer er um að ræða sje hægt að brjóta lögin, án þess varðskipin viti. En það er alt annað en að halda því fram, að varðskipin leiki sjer að því að svíkjast um sína eigin skyldu.

Þá nefndi hv. þm. tollmerkinguna og sagði, að jeg hefði ekki haft rjett til að svara þar til, þar sem jeg væri ekki fjrh. En við erum báðir þingmenn, og jeg læt hv. 4. þm. Reykv. (HjV) ekki segja mjer fyrir um það, hvenær jeg megi tala. En jeg segi bara það, að jeg sje enga ástæðu til þess að fara til aðaltóbakskaupmannsins í bænum til að fá svar hans við því, hvernig verjast skuli tollsvikum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg veit ekki, hvort það er gustuk að mæða meir á hv. flm. (HjV). — Það var ofmælt, sem hann sagði, að kaupmenn úti um land fengju tollmiða eftirlitslaust. En það er heimtað af þeim, að þeir leggi sjálfir til starfskraftana til þess að líma miðana á umbúðirnar. Jeg mundi telja það góða breytingu, ef stjórninni væri heimilað að krefjast þess sama af tóbakskaupmönnum hjer, enda væru þeir best að því starfi komnir.

Út af skipun forsætisráðherrans skal jeg geta þess, að eftir henni var ekki kallað með símskeyti, enda engin furða, þó að svar kæmi eftir 12 daga.

Um aukakosningarnar skal jeg bæta því við, að í þremur kjördæmum af fjórum hafði íhaldsflokkurinn hreinan meiri hluta og fekk 3 þingsæti af 5, en í 4. kjördæminu náði enginn einn flokkur meiri hl. við kosningarnar. Sömuleiðis má benda á, að íhaldsflokknum hefir bæst einn þm. í viðbót, frá því að hann var stofnaður og stjórnin tók við. Því er ekki til neins að halda því fram, að núverandi stjórn sje ekki þingræðisstjórn. Nú býður stærsti andstöðuflokkur stjórnarinnar henni hlutleysi fyrst um sinn, og það er gefið í skyn, að það hlutleysi standi til næstu kosninga, ef ekkert sjerstakt kemur fyrir. Þetta er gert með brtt. þeirri, er hjer er komin fram, eins og frá var skýrt í ræðu aðalflm. (ÞorlJ). Jeg get ekki neitað því, að mjer fanst verða lítið úr kappanum, hv. 4. þm. Reykv. (HjV), þegar hann lýsti því yfir, að hann gæti snúið frá vantraustsyfirlýsingu sinni og gengið inn á þetta hlutleysisloforð, aðeins af því, að það er að formi til borið fram sem brtt. við hans till., þó að allir skilji, að hjer er ekki um brtt. að ræða, heldur nýja till., sem ekki lætur einu sinni fyrirsögnina við till. hv. 4. þm. Reykv. (HjV) standa. Jeg vil nú ekki móðga hv. þm. (HjV) með því að fara lengra út í þessa sálma, af því hann á ekki kost á að taka til máls. En jeg get sagt það við hv. þm. Str. (TrÞ), af því að hann var að

vitna í húsdýrafræðina sína, að vegna þess, hvað hann er skörulegur og röggsamur stjórnarandstæðingur í orði, finst mjer hann nú helst minna á húsdýr, sem glamrar ákaflega hátt, en leggur síðan niður rófuna og skríður inn í holu sína.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal geta þess, af því að hæstv. forsrh. fann þörf á að bæta um fyrri ræðu sína í minn garð, að jeg sagði alt, sem jeg þurfti að segja, og mun standa við það, sem jeg lýsti yfir, að jeg ætlaði að gera. Hvort heldur hæstv. ráðh. biður mig að greiða ekki atkv. með vantraustsyfirlýsingunni eða hann ögrar mjer til að gera það, mun jeg halda mjer við tillögu mína og láta atkvæðin í deildinni skera úr, hvor okkar hefir á rjettu að standa um það, hvert sje hið pólitíska ástand stjórnarinnar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hið góða áform hv. þm. Str. (TrÞ), að segja ekki meira um þessa till. en hann er búinn að gera, er allrar virðingar vert. En jeg er bara hræddur um, að sá góði ásetningur hans lifi ekki nema nóttina yfir. Mjer er ekki grunlaust um, að hann muni gera till. að umtalsefni aftur áður en langt líður. Auðvitað heldur hann með till., úr því hann er einn af flm. hennar. En mjer finst hann hafa slíðrað sverðið ákaflega vel, þessi hv. forustumaður í fjölmennasta andstöðuflokki stjórnarinnar, þegar hann nú kaupir flokk sinn undan því að þurfa að sitja hjá í atkvæðagreiðslu um vantrauststillögu, með því að gerast sjálfur flm. að till., sem veitir stjórninni hlutleysi frá hálfu hans flokks.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla aðeins að minna hæstv. ráðh. (JÞ) á það, að við Framsóknarmenn greiðum atkvæði með þeim tillögum, sem við flytjum, hvort sem við erum aðalflutningsmenn þeirra eða ekki. Við hugsum málin vandlega áður en við berum fram tillögur um þau og stöndum svo við tillögur okkar, hvað sem hv. íhaldsmönnum þóknast að gera við sínar.

ATKVGR.

Brtt. 273, I (ný tillgr.) samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JakM, JG, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, BSv.

nei: JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK.

Einn þm. (HjV) greiddi ekki atkv.

Brtt. 273, II (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 14:13 atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis, með fyrirsögninni:

Till. til þál. viðvíkjandi núverandi landsstjórn (A. 280).

6. Ræktunarsjóður.

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um breyting á reglugerð Ræktunarsjóðs Íslands (A. 134).

Á 26. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31., 32., 33. og 34. fundi í Nd., dagana 16., 17., 18. og 19. mars, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var till. enn tekin til einnar umr. (A. 134, 214).

Flm. (Halldór Stefánsson): Við berum hjer fram þrír þm. áskoranir til ráðh. í þál.-formi um að breyta reglugerð Ræktunarsjóðs Íslands. Það má heita nýmæli, að byrjað er í sveitum að byggja rafmagnsstöðvar til afnota fyrir heimilin. Er vaknaður á því mikill áhugi og alment álitið, að þetta sjeu einhverjar þær þýðingarmestu framkvæmdir, sem hægt er að gera til umbóta í sveitum, bæði í menningarlegu og hagsmunalegu tilliti. Það hefir þá menningarlegu þýðingu, eins og vikið hefir verið að í sambandi við annað mál, að skapa húsþægindi, þrifnað og híbýlaprýði. Þá er hjer um hagsmunamál að ræða, en þar er mikill og margvíslegur vinnusparnaður og aflgjafi til ýmissa framkvæmda. Það má nefna t. d. kornmölun, sem af ýmsum læknum er talin hafa mikla heilbrigðislega þýðingu. Síðast en ekki síst hlýtur þetta að hafa mjög mikla þýðingu fyrir ræktun landsins, því að víða er enn notað og hlýtur að verða notað mikið til eldsneytis það, sem er í rauninni hinn besti áburður til ræktunar.

Nú er, eins og áður er sagt, vaknaður mikill áhugi víða á því að koma upp rafmagnsstöðvum. En fjárþröng hamlar mönnum frá að gera það, sem þeir gjarnan vildu í þessum efnum. Það er engin lánsstofnun nema Ræktunarsjóður Íslands, sem lánar til þessara framkvæmda. Það var nýmæli og góðra gjalda vert, er tekið var upp í reglugerð Ræktunarsjóðs, að lána mætti til rafmagnsstöðva. En það, sem þykir bresta á, er það, að lánskjörin eru að ýmsu leyti ekki nægilega rúm. Það er leyfilegt að lána aðeins til 10 ára, en lán til ýmissa annara jarðræktarframkvæmda eða húsabóta má veita til 20 ára. Þá er ekki leyft að lána nema út á hálft virðingarverð og ekki að borga út lánin fyr en mannvirkinu er lokið, en til ýmissa annara framkvæmda má lána $^3/_5$ hluta og jafnótt og verkinu miðar áfram. Yfir þessu er alment mikið kvartað.

Við flm. höfum borið það undir stjórn Ræktunarsjóðsins, hvort hún sæi nokkuð því til fyrirstöðu, að breytingar þær, sem till. bendir á, nái fram að ganga. Stjórnin hefir mikinn áhuga á þessum framkvæmdum og telur þær mikilsverðar. Þess vegna mælir hún með því, að till. okkar nái fram að ganga.

Við höfðum hugsað okkur víðtækari breytingar á reglugerðinni, en vildum þó ekki bera þær fram, ef það skyldi verða til þess, að menn ættu örðugra með að fallast á þessar mikilsverðustu breytingar, sem við höfum mestan hug á að samþyktar verði. Verði þær samþyktar, þá getur Ræktunarsjóðurinn í framtíðinni mætt sanngjörnum óskum lánbeiðenda.

Jeg vil nota tækifærið og benda á það, að þó að þessu fáist framgengt, þá vantar í raun og veru eitt skilyrði enn, sem nauðsynlegt er til þess að framkvæmdir þær, sem hjer ræðir um, megi vel takast. En það er, að kostur sje á aðstoð sjerfróðra manna, sem gætu sagt fyrir um rafveituskilyrði, gert kostnaðaráætlun og sagt fyrir um

byggingu rafstöðvanna. Úr þessu þarf að bæta og á þann hátt, að komið gæti að sem bestum notum. Jeg hygg nú, að Búnaðarfjelag Íslands hafi tekið að sjer að bæta úr þessu, en ekki veit jeg, hvort aðgerðir þess eru fullnægjandi í þessu efni. Ef það væri ekki, þá væri ástæða til þess, að ríkið hlutaðist til um, að menn ættu kost á þeirri sjerþekkingu og aðstoð, sem nauðsynleg er, til þess að þessi mannvirki verði svo vel uppsett og komi að svo fullum notum sem kostur er á.

Að lokum vona jeg, að háttv. deild geti fallist á þessa till. okkar, fyrst stjórn Ræktunarsjóðsins hefir tekið henni svona vel. Einnig vona jeg, að hæstv. stjórn verði fús á að verða við þessari áskorun, ef hún nær samþykki deildarinnar.

Jón Auðunn Jónsson: Við háttv. þm. Borgf. (PO) komum hjer fram með brtt. við till., sem fer fram á að færa lánstímann úr 20 árum upp í 25 ár. Það er ekkert efamál, bæði að mínu áliti og margra annara, að rafstöðvarnar verða drýgsta ráðið til þess að halda fólkinu í sveitunum. Því að þegar búið er að koma upp rafstöðvunum, verða sveitabýlin miklu þægilegri og meira aðlaðandi en þau eru nú. Jeg hefi átt tal við mann á Vesturlandi, sem bygði rafstöð síðastliðið sumar. Hann sagði, að breytingin við það hefði orðið miklu meiri en hann nokkurn tíma hefði búist við eða vonast eftir. Hann ætlaði í fyrstu að byggja íbúðarhús og fjós, en hann tók rafstöðina framyfir og sjer víst ekki eftir því. „Er jeg hefi nú fengið rafstöðina“, segir hann, „get jeg betur búið í hinum ljelegu húsakynnum heldur en þótt jeg hefði farið að byggja steinhús. Einnig er gamla fjósið nú gott, því að jeg hefi nóg rafmagn til þess að lýsa það upp og hita“. Þá taldi hann þann kost ekki hvað sístan af rafstöðinni, að alt heimilisfólkið, og sjerstaklega krakkarnir, vendist á umhyggjusemi og þrifnað. Þessir eru kostir rafmagnsins og fjölmargir aðrir. Hjer við bætist svo bæði peninga- og vinnusparnaður. Það er óhætt að fullyrða, að á meðalheimili er vinnusparnaðurinn einn mörg hundruð króna virði árlega. Þar sem erfitt er mótak, er sá sparnaður — eldiviðarsparnaðurinn — fleiri hundruð kr. árlega.

Þá er að athuga, hvort forsvaranlegt sje að lána úr Ræktunarsjóðnum til svo langs tíma, sem brtt. okkar fer fram á. Það er vitanlegt, að rafstöðvar endast ekki umbótalaust í 25 ár. Við bárum þó fram þessa brtt. vegna þess, að allir, sem til þekkja, eru þess fullvissir, að þar sem rafmagnsstöð er einu sinni komin, þar verði henni haldið við. Er því fylsta ástæða til þess að ætla, að rafstöðvunum verði haldið í góðu standi miklu lengra árabil en hjer um ræðir.

Þá er, eins og hv. aðalflm. (HStef) drap á, nauðsynlegt í þessu sambandi, að fengnir sjeu menn með sjerþekkingu hjer til að leiðbeina um byggingu rafstöðva. Er annars mjög hætt við mistökum. En sem betur fer, eru hjer allmargir menn, sem hafa fullkomna þekkingu og talsverða reynslu í þessum efnum.

Við vonum svo, að brtt. okkar verði vel tekið af hv. deild, því að jeg sje

ekki, að nokkur hætta sje á því að lengja lánstímann upp í 25 ár og gera þannig þeim mönnum sem ljettast fyrir, er byggja vilja hjá sjer rafstöðvar.

Sveinn Ólafsson: Jeg stend ekki upp til þess að mótmæla þessari till. Í þess stað ætla jeg að fara fram á það, að málið verði tekið út af dagskrá og vísað til nefndar, svo að tækifæri verði til þess að koma fram með brtt. Jeg skal þá líka gera nokkra grein fyrir því, hvers vegna jeg æski þessa. Mjer þykir vænt um, að stigið er fótmál í þá átt að gera almenningi auðveldara að koma upp ljósastöðvum í sveitunum, svo sem með þessari till. á að gera.

En það er fleira, sem athuga þarf í sambandi við reglugerð Ræktunarsjóðs Íslands en þetta atriði. Í 9. gr. reglugerðarinnar eru talin upp verkefni þau, er lána má fje til úr sjóðnum, og eru þau átta. Hið síðasta er þetta, sem hjer um ræðir, byggingar rafmagnsstöðva. En við samning reglugerðarinnar hefir fallið niður eitt verkefni, sem eftir tilgangi sjóðsins átti þar að teljast, en það er heimild til þess að lána fje til varnar landspjöllum eða vatnagangi og skriðum. Mjög víða verða jarðabætur ekki unnar fyrir slíkum hættum, eða ekki tilvinnandi að leggja í þær. Enda er algengt, einkum í fjallasveitum, að bæði tún og engi sjeu undirorpin skemdum af skriðum og vatnagangi, sjerstaklega í vorleysingum. Þessu má víða afstýra með hægu móti, ef fjeleysi hamlar ekki. En þar, sem þessar hættur vofa yfir, leggja menn trauðla út í jarðabætur, hve nauðsynlegar og aðkallandi sem þær annars kunna að vera.

Inn í 9. gr. reglugerðar Ræktunarsjóðsins þarf einmitt að komast ákvæði um lánveitingar til þessara mannvirkja.

Jeg hefi minst á þetta við stjórn Ræktunarsjóðsins. Hún álítur, að það liggi í hlutarins eðli, að veita megi fje til þessa, en hún hefir samt ekki treyst sjer til að fara lengra en svo í þessu að lána aðeins helming upphæðar þeirrar, sem mannvirkin kosta, og mun til þessa lítið hafa veitt af þessum lánum.

Önnur ástæðan fyrir því, að jeg óska, að málið sje tekið út af dagskrá og athugað í nefnd, er sú, að mjer er ekki grunlaust um, að þessi rúma lánsheimild verði ef til vill misnotuð, þegað ákveðið er að lána út fje með vægari kjörum til rafmagnsstöðva en annari búnaðarbóta. Slík misbrúkun getur auðveldlega orðið aðiljum óviljandi, ef nauðsynlegar leiðbeiningar vantar, er reisa skal ljósastöðvar. Það er alkunnugt, að þegar um vatnavirkjanir er að ræða, þá verður venjulega hver hestorka því ódýrari sem meira er virkjað og því dýrari sem aflstöð er minni. Mjer er kunnugt um margar af þessum innlendu ljósastöðvum, og hefir hver hestorka í þeim kostað frá 600 kr. og jafnvel alt upp að 2000 kr. Munurinn er geysilegur. Auðvitað getur verið arðvænlegt að setja upp ljósastöð þar, sem hægt er að fá hestaflið fyrir 600 kr., en öðru máli gegnir, þegar það kostar alt að 2000 kr. Einfalt reikningsdæmi sýnir, að ljós og hiti, sem það veitir, er þá komið í afarverð. Þetta skilst mjer að þurfi vandlega að athuga, þegar á að fara að veita fje í stórum stíl til ljósastöðva í sveitum. Eins þarf að athuga það, áður en mikið fje er veitt

til þessara hluta, hvar hægt er að virkja sameiginlega fyrir mörg býli. Þar sem því verður við komið og fjarlægðir eru ekki of miklar milli býlanna, þar er einsætt, að samvirkjanir verða að vera. Að setja upp margar smástöðvar, t. d. 2—3 hestafla, þar sem hægt væri með stuttum leiðslum að nota eina stærri stöð, er oftast afskapleg fjáreyðsla. Þess vegna þarf fyrst og fremst, áður en fje er veitt til þessara fyrirtækja, að rannsaka fallvötnin eða vatnsaflið í sveitunum og athuga, hvar hægt er að koma við samvirkjunum og hvar það er ekki hægt. Ef málið verður tekið af dagskrá og umr. frestað, gefst tækifæri til þess að koma fram með brtt., sem lagfærir þá annmarka, sem hjer hafa verið nefndir, og verð jeg að álíta, að það skifti miklu máli.

Jeg hjó eftir því við umr. um annað mál nýlega, að búið væri að lána úr Ræktunarsjóði $1^1/_4$ milj. kr. fram til þessa tíma. Það er ekki stór upphæð, er byggja þarf margar ljósastöðvar, rækta land, reisa bæi o. s. frv. Það er því augljóst, að það takmarkaða lánsfje, sem sjóðurinn ræður yfir, hrekkur skamt, ef stórfeldar eru framkvæmdir, en því meiri þörf er á að nota fjeð með varhygð og gát til þeirra fjárfreku fyrirtækja, sem till. ræðir um.

Flm. (Halldór Stefánsson): Viðvíkjandi brtt. á þskj. 214 skal jeg taka það fram, að þar sem hún fer í sömu átt og við flm. höfum hugsað okkur, og þó lengra, þá höfum við ekki ástæðu til annars en taka henni vel og vera þakklátir fyrir hana, ef hún nær samþykki. Út af því, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) fór fram á, að fresta umr. og vísa málinu til nefndar, þá skal jeg segja það, að auðvitað höfum við ekki á móti því, að mál þetta verði sem best athugað, þar á meðal þau atriði, sem hann nefndi. Jeg býst við því, að menn hafi fullan hug á því að haga virkjuninni þannig, að hún geti orðið sem ódýrust og hagnýtust, með því að reisa eina stöð fyrir fleiri heimili, þar sem þess er kostur. Þetta hygg jeg að ekki muni þurfa að benda mönnum á, og að því leyti sje óþarft, að málið fari í nefnd. En sem sagt, ef mönnum finst þörf á fresta umræðu um þetta mál og vísa því til nefndar, þá höfum við ekki á móti því. Hygg jeg, að þá sje rjettast að vísa málinu til landbn., og geri það að tillögu minni.

ATKVGR.

Till. vísað til landbn. með 15 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 54. og 56. fundi í Nd., dagana 13. og 20. apríl, var fram haldið e i n n i u m r. um till.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 23. apríl, var enn fram haldið e i n n i u m r. um till. (A. 134, 214, 238, n. 239).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Jeg hefi ekki margt um þetta mál að segja af hálfu landbn. Hún leggur það til, að till. verði samþ., og sömuleiðis leggur meiri hl. nefndarinnar til, að brtt. á þskj. 214 verði samþ. En um brtt. á þskj. 238 er það að segja, að um fyrri brtt. hefir nefndin óbundnar hendur, en um síðari till. leggur nefndin til, að hún verði feld. Ástæðan til

þess, að meiri hl. nefndarinnar er mótfallinn fyrri brtt. á þskj. 238 er sú, að hún lítur svo á, að þar sem rekstrarfje Ræktunarsjóðs er svo takmarkað, þá beri að láta þær framkvæmdir sitja fyrir um lán, sem taldar eru upp í reglugerð sjóðsins. — En viðvíkjandi staflið 2 á sama þskj. skal jeg geta þess, að þar er felt niður atriði, sem er í þáltill. sjálfri, um það, að þessi breyttu lánskjör nái einnig til þeirra lána, sem þegar eru veitt. Nefndinni þykir sjálfsagt, að þessi lánskjör — ef samþ. verða — megi ná einnig til lána, sem þegar er búið að veita. Að öðru leyti þykir nefndinni tillöguviðbótin ekki falla vel við form till., þar sem till. er stíluð til landsstjórnarinnar, en viðbótin er stíluð til lántaka. Hinsvegar telur nefndin viðbótarákvæðið óþarft vegna þess, að öllum má vera það hugleikið að gera framkvæmdirnar á þann hátt, sem hagfeldast er.

Fleira hefi jeg ekki að segja af hálfu nefndarinnar og sje ekki ástæðu til þess að ganga almennt inn á málið.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg hefi ekki margt um brtt. mína á þskj. 214 að segja. Jeg skýrði tilgang minn með henni við umr. um daginn. Jeg tók það þá fram, að hættulaust væri að lána til rafmagnsstöðva. Vænti jeg, að hv. nefnd geti fallist á það, því jeg er sannfærður um, að þegar rafmagnsstöðvar eru einu sinni komnar upp, þá verða þær ekki lagðar niður, þar eð viðhaldskostnaður við þær er svo hverfandi lítill í samanburði við hin miklu þægindi, sem að þeim er. En hinsvegar eru það mikil þægindi fyrir lántaka að geta fengið lán út á þær til langs tíma.

Sveinn Ólafsson: Hv. frsm. landbn. (HStef) hefir lagt á móti brtt. minni á þskj. 238. Fyrri liður hennar lýtur að því, að lán veitist til þess að forðast landskemdir og vatnagang, með sömu kjörum og jarðræktarlán almennt. Finst hv. frsm. (HStef), að ekki sje sjerstaklega aðkallandi þörf slíkra lána.

Jeg hefi, eins og jeg tók fram við fyrri umr. þessa máls, borið þetta undir framkvæmdarstjóra Ræktunarsjóðsins, og kannaðist hann við, að ákvæði um þetta vantaði í reglugerð Ræktunarsjóðs. Þó kvað hann stjórn sjóðsins hafa álitið sjer heimilt að verða við óskum manna um slík lán í stöku tilfellum, en mjög takmarkað og um stutt árabil. Eðlilega er ekki leggjandi fje í jarðabætur þar, sem landspjöll vofa yfir, og á slíkum stöðum er fyrsta og sjálfsagðasta jarðabótin einmitt landvörnin og þess vegna nauðsynlegt að taka upp í reglugerð sjóðsins ákvæði um lánsheimild til slíkra hluta.

Það er alkunna, að skriður og lækir skemma víða slægjulönd svo mjög, að ekki þykir tilvinnandi að bæta eða rækta landið. En víða er þó hægt að afstýra slíkum hættum með því að girða fyrir læki, sem bera fram aur, og mynda varnir gegn skriðum, en til þess brestur marga efni. Álít jeg, að viðleitni manna til þess að verjast þannig landspjöllum hafi eins mikinn rjett á sjer eins og ræktunarstarfið sjálft.

Um 2. lið brtt. minnar skal jeg geta þess, að með honum vildi jeg gefa

frekari áherslu því, sem vakað hefir fyrir mörgum, sem til rafstöðva þekkja, að nauðsynlegt er við byggingu ljósastöðvar að haga virkjun svo, að sem allra flestir geti orðið aðnjótandi rafmagnsins frá sömu aflstöð. Við fyrri umr. gat jeg þess, að víða hagaði svo til, þar sem bygt er t. d. fyrir eitt heimili, að hægt væri að sameina fyrir eina virkjun nokkur býli. Hefi jeg borið þetta undir sjerfróða menn, og er álit þeirra yfirleitt skoðun minni samstætt. Að setja smáljósastöðvar fyrir hvert einstakt býli er fjáreyðsla, sem sjálfsagt er að forðast.

Eftir upplýsingum, sem jeg hefi fengið frá sjerfróðum manni, má að öllum jafnaði ætla, að vel sje tilvinnandi að tengja saman fleiri en eitt býli um eina virkjun, þegar ekki þarf lengri leiðslur en 1—2 km. Mjer er ekki grunlaust um, að á nokkrum stöðum hafi verið settar upp stöðvar fyrir eitt býli, þar sem með hægu móti hefði mátt sameina fleiri býli um notkunina. Sjálfur veit jeg um tvær slíkar stöðvar, sem reistar voru þó fyrir eitt heimili. Eins og menn sjá, er þessi bending um samvirkjun enginn hemill á, að lán verði veitt samkv. aðaltillögunni, heldur aðeins hvöt um, að athugað sje í hvert sinn, hvort ekki geti verið fleiri býli en eitt um hverja stöð, sem með lánsfje úr sjóðnum er reist.

Brtt. á þskj. 214 get jeg ekki fallist á. Mjer finst ekki rjett að gera þessum rafveitufyrirtækjum hærra undir höfði um lengd lánstímans en ræktunarstarfinu sjálfu. Það verður að vera höfuðatriðið; a. m. k. má rafveitulánið ekki hafa meira en hliðstæðan rjett við ræktunina.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Eins og jeg hefi tekið fram áður, hefir nefndin óbundin atkv. um fyrri lið brtt. á þskj. 238. Nefndin telur það ekki miklu máli skifta, hvort þetta er samþ. eða ekki, en vill ekki leggja beinlínis með því, þar sem hún lítur svo á, að á öðru sé brýnni þörf, en fjármagn Ræktunarsjóðsins takmarkað. Síðari lið brtt. getur nefndin ekki fallist á, af því að þar er felt niður ákvæðið um, að þessi hugsuðu lánskjör megi ná til stöðva, sem búið er að reisa með láni úr Ræktunarsjóði. Ef hv. flm. hefði ekki felt þetta niður, má vel vera, að nefndin hefði fallist á brtt. hans. Það er víst enginn ágreiningur um, að rjett sje að athuga, hvort sameina megi fleiri býli um eina stöð, en það virðist ekki fara vel saman, þar sem till. er stíluð til stjórnarinnar, að ræða jafnframt um, hvað einstakir menn, sem lán ætla að taka, eigi að gera. En þetta er aðeins formsatriði. Eins og jeg hefi tekið fram, er það aðallega vegna þess, sem felt hefir verið niður úr till., að nefndin er á móti brtt. Ef viðbótin væri hinsvegar skeytt aftan við till. sjálfa án nokkurrar niðurfellingar, sje jeg ekkert verulegt á móti því, að hún væri samþykt.

Sveinn Ólafsson: Mjer láðist að minnast á athugasemd hv. frsm. viðvíkjandi niðurfellingu á heimild til að flytja þessa lánsheimild yfir á þau lán, sem þegar eru veitt. Jeg feldi þetta niður af ásettu ráði; ekki af því að jeg teldi slík lán óeðlileg eða ónauðsynleg, heldur með hliðsjón af því, hve sjóðurinn hefir yfir litlu fje að ráða. Það er engin hætta á, að þær stöðvar verði feld-

ar niður, sem þegar eru komnar á fót, en því fleirum er hægt að bæta við, sem meira fje er fyrir hendi. Þótt fram kæmi skrifleg brtt. um að setja þetta ákvæði inn aftur í till. mína, mundi jeg greiða atkv. móti því.

ATKVGR.

Brtt. 214 samþ. með 18:1 atkv.

Brtt. 238, 1 feld með 14:6 atkv.

Brtt. 238, 2 feld með 15:4 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 414).

7. Smiði brúa og vita.

Á 42. fundi í Ed., föstudaginn 1. apríl, og á 44. fundi í Nd., sama dag, var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um smiði brúa og vita hjer á landi (A. 292).

Á 6. fundi í Sþ., föstudaginn 22. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr

Á 7. fundi í Sþ., mánudaginn 25. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg hygg, að á erfiðum tímum og þegar atvinnuleysi sverfur að, sje það vilji alþjóðar, að það, sem hægt er að framkvæma í landinu, sje þar unnið og af landsmönnum sjálfum. Það, sem liggur til grundvallar þessari till. okkar flm., er það, að flogið hefir fyrir, að hæstv. stjórn hafi síðastliðið haust verið, ásamt vegamálastjóra, að yfirvega það, að láta smíða brýr erlendis. Á jeg þar við brúna á Hvítá í Borgarfirði. Það var ástæða til að ætla, að þessi brú yrði bygð á yfirstandandi ári, en þegar þessi orðrómur um hina erlendu brúarsmíði kom upp, þá sneru menn sjer til atvrh. (MG) og spurðu hann, hvort nokkuð væri hæft í þessu, en hann svaraði því á þá leið, að ekkert væri búið að ákveða um það, hvenær brú þessi yrði bygð, og því gæti hann engu um þetta svarað. Og söm voru svör vegamálastjóra. Svörin voru því þannig vaxin, að vel hefði mátt halda, að brúin yrði smíðuð erlendis. Nú stendur svo á, að um langt skeið hafa allar brýr landsins verið smíðaðar hjer innanlands. Og þegar hæstv. núverandi forsrh. (JÞ) var landsverkfræðingur, þá gekst hann fyrir því, að komið væri hjer upp fullkominni smiðju, sem smíðað gæti brýr og annað, sem landið þyrfti að láta gera, auk þess sem hann bætti mjög áhaldahús ríkisins að verkfærum. Í áhaldasmiðjuna voru þannig í landsverkfræðingstíð Jóns Þorlákssonar útveguð fullkomnari tæki en til voru í öðrum smiðjum í landinu, með það fyrir augum, að ríkið gæti sem best og mest bjargast við eigin smiðju. Vil jeg á engan hátt draga úr þeirri viðurkenningu, sem Jón Þorláksson á skilið fyrir þessar ráðstafanir sínar.

Eftir árið 1920 var myndað hjer í bænum hlutafjelag úr samsteypu af smiðjum einstakra manna. Var þangað keypt nokkuð af nýtískuvjelum, og þannig varð fært að leysa af hendi ýms verk, sem ekki hefir verið hægt að gera hjer á landi áður á smíðaverk-

stæðum einstakra manna. Síðustu ár hafa þannig ýmsar framkvæmdir viðvíkjandi brúm og vitum verið gerðar í þessu einkafyrirtæki.

Þó að það í sjálfu sjer þurfi ekki að hafa nein áhrif á sjálft verk það, sem þetta fyrirtæki leysir af hendi, að því er brýr og vita snertir, þá er það engu að síður mjög óviðkunnanlegt, ef satt er, sem heyrst hefir, að bæði forstjóri vitamála og forstjóri vegamála sjeu hluthafar í þessu fyrirtæki. Um vitamálastjóra er það svo, að hann hefir játað það opinberlega, að hann eigi hlut í fyrirtækinu, en að því er vegamálastjóra snertir, þá liggur ekki fyrir yfirlýsing frá hans hendi um þetta. Þó að það þurfi í sjálfu sjer ekki að vera neitt athugavert við það, þá getur það þó sett óþarflegan grun á þessa tvo menn, þegar ýmislegar framkvæmdir ríkisins, sem það ætti að geta látið sína smiðju inna af hendi, eru fengnar í hendur þessu fyrirtæki einstakra manna. En auk þessa hefir h.f. „Hamri" verið lánað ýmislegt af áhöldum ríkissjóðs til þess að vinna með að ýmsu fyrir ríkið. Fjelagið getur vitanlega ekki unnið álagslaust fyrir ríkið, enda mun fjelagið hafa haft mikinn hagnað af viðskiftum ríkisins við það. Nú sýnist mjer eðlilegast, að áhöldum ríkissjóðs sje haldið í smiðju hans, og að þar sje unnið það, sem ríkið þarf að láta gera og hægt er að gera þar. Með því móti færi landið ekki á mis við þann hagnað, sem aðrir taka fram yfir beina kostnaðinn við vinnuna. Á sumum tímum hefir álag „Hamars" verið talið 50—75% á vinnuna, en vera má, að það hafi lækkað eitthvað síðustu ár, en 1920—24 var lagt afarmikið á alla vinnu fjelagsins, vegna þess, að það hafði svo mikið að gera, að því var svo að segja alveg í sjálfsvald sett, hversu dýrt það seldi vinnu sína.

Með þessari þáltill. viljum við flm. í fyrsta lagi, að þær verklegar framkvæmdir, sem landið ræðst í, sjeu unnar hjer á landi, og í öðru lagi láta smiðju ríkisins inna þær af hendi, af því að við vitum, að það er hægt og að brýr og vitar hafa verið smíðuð þar í mörg ár. Vildi jeg heyra álit hæstv. atvrh. (MG) um þetta og hvort hann og vegamálastjóri hafi í hyggju að láta smíða erlendis ýms mannvirki, eins og t. d. brúna á Hvítá. Þó að það ef til vill yrði ódýrara að láta smíða slíkt í Noregi, þá mundi mismunurinn margfalt vinnast upp á því, að það fje, sem greitt væri í vinnulaun og fyrir notkun smiðjunnar, sem ríkið á, færi ekki út úr landinu. Menn þekkja dæmi til þess með öðrum þjóðum, að ýmsar framkvæmdir eru unnar í landinu sjálfu, enda þótt þær fengjust ódýrari annarsstaðar. Skal jeg í þessu sambandi minna á, að það var harðlega átalið í dönskum blöðum, er það kom fyrir ekki alls fyrir löngu, að Sameinaða gufuskipafjelagið sendi til Gautaborgar til viðgerðar eitt af skipum sínum, vegna stirðleika danskrar skipasmíðastöðvar. Þetta er aðeins eitt dæmi, en þau eru til mörg fleiri.

Þá vildi jeg í sambandi við þessa till. spyrja hæstv. atvrh. (MG), hvort honum sje kunnugt um það, hversu miklu af gasi vitarnir hjer eyða. Það er sem sje ekkert leyndarmál, að gasið er keypt af verksmiðju, sem vitamálastjóri er mikið riðinn við. Jeg spyr að þessu vegna þess, að mjer hefir verið

sagt, að verð h.f. „Ísaga“ á gasi sje hátt. Það er í hæsta máta óviðkunnanlegt og varhugavert, að vitamálastjóri skuli vera riðinn við þetta fyrirtæki, sem verslar beint við vitana, sem hann á að sjá um fyrir hönd ríkisins. Er altaf hætta á því, að ekki sje passað nógu vel upp á, þegar sami maður á að gæta hagsmuna beggja aðilja. Enda er lítið um það, að maður sjái, að vegaeða vitamálastjóri bjóði út smíði á opinberum mannvirkjum. Og þó að h.f. „Hamar“ sje stærsta smiðja hjer á landi, þá eru þó til hjer fleiri fyrirtæki í þeirri grein, sem tekið geta að sjer smíði. Nú hefir í einu af blöðum bæjarins kaupmaður einn fundið að því, að maður, sem stendur fyrir einu ríkisfyrirtæki, hafi ekki auglýst útboð með nægilega löngum fyrirvara. En ekki mætti síður áfellast það, að verk ríkissjóðs sjeu falin einu einstöku firma, án þess að leitað sje tilboða, og vítaverðast er það, ef ríkissmiðjan getur sjálf int þetta af hendi og ekki dýrar en önnur samskonar fyrirtæki.

Jeg þykist með þessum orðum hafa gert næga grein fyrir því, hvað vakað hefir fyrir okkur tillögumönnum, og jeg hefi beint fyrirspurnum til hæstv. atvrh. (MG) í þessu sambandi, sem jeg vænti að hann svari.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Þáltill. á þskj. 292 skilst mjer vera sprottin af því, að hv. flm. hafi heyrt því fleygt, að smíða ætti erlendis brú á Hvítá í Borgarfirði. Það er rjett, sem hv. flm. (JBald) sagði, að jeg var fyrir alllöngu síðan spurður að því, hvort hæft væri í þessu, en jeg svaraði eins og satt var, að jeg vissi ekkert um það þá, vegna þess, að enn þá væri ekkert ákveðið um það, hvenær brúin yrði smíðuð. En nú er málið komið á annan rekspöl en það var áður, þar sem nú er ekki gert ráð fyrir hengibrú, eins og áður var, heldur steinbogabrú, með 2 steinbogum og stöpli í miðri á. En slík brú verður ekki smíðuð erlendis. Það hefði aðeins getað orðið, ef um hengibrú hefði verið að ræða. En vegamálastjóri hefir sagt, að slík brú væri svo löng, að engin smiðja hjerlend mundi geta tekið að sjer smíði á henni. Og hann komst ennfremur að þeirri niðurstöðu, að steinbogabrú yrði ódýrari. Það, sem enn þá er eftir að rannsaka, er, hvort hægt sje að hafa stöpul í miðri á, svo tryggilegt sje. Jeg vona, að hv. flm. sjeu með þessum upplýsingum best leystir undan þeim ótta, sem þeir virðast hafa haft fyrir því, að brúin yrði smíðuð erlendis.

Að öðru leyti gengur þáltill. út á það: 1) að skora á ríkisstjórnina að láta smíða hjer á landi brýr og vita, sem fyrirhugað er að byggja, og 2) að nota áhaldasmiðju ríkissjóðs til nýsmíða og aðgerða, er landið þarf að láta framkvæma. Tel jeg, að þetta sje alveg sjálfsagt, ef það er hægt, án þess að dýrara verði ríkissjóði, svo að um muni. En jeg veit, að hv. flm. er kunnugt um það, að sumt af þessu verður að framkvæma erlendis, svo sem smíði ýmsra vitatækja, vegna þess, að ekki er hægt að smíða það hjer. En til þess að geta enn betur gert þetta, og til þess að öðlast betri þekkingu á þessu sviði, þá hefir aðstoðarmaður vitamálastjóra verið sendur til Stokkhólms, til þess að kynna sjer gerð vitatækja, svo að við verðum færari um að framkvæma slíkar smíðar hjer á landi.

Um síðari liðinn, að nota áhalda-

smiðju ríkisins sem mest til allra aðgerða, þá get jeg lýst yfir því, að það hefir verið gert, eftir því sem fært hefir þótt. Þessu til sönnunar skal jeg leyfa mjer að lesa upp kafla úr brjefum frá vegamála- og vitamálstjóra. Vitamálastjóri segir svo:

„. . . að jeg undanfarin ár hefi látið smíða hjer á landi alt til vitanna, sem hægt hefir verið að smíða hjer á viðunandi hátt og með hæfilegu verði, og að jeg hefi að öllu jöfnu notað áhaldasmiðju ríkissjóðs“ — þar er væntanlega átt við smiðju vegagerðanna — „jafnhliða verkstæði landssímans og verkstæði landsvitanna við allar þær viðgerðir og þau nýsmíði, sem hægt hefir verið að vinna þar“.

En vegamálastjóri segir svo:

„Hingað til hafa þar verið smíðaðar allar járnbrýr síðan 1912, öll járnhandrið á steypubrýr, þar er gert við allar bifreiðar og vjelar vegagerðanna, þar eru allir vagnar smíðaðir og margt fleira. Þar er og gert við flest áhöld vegagerðanna að vetrinum. Auðvitað er stundum hentugra að fá sumt smíðað eða við gert í öðrum smiðjum bæjarins, sumpart af því, að kostur er þar stundum á ódýrari akkorðsvinnu, sumpart af því, að það getur ekki borgað sig að hafa í áhaldasmiðjunni kunnáttumenn á öllum sviðum.

Rjett til þess að gefa nokkra hugmynd um það, hve lítið það er, sem þarf að koma til smíða annarsstaðar, skal jeg upplýsa, að í fyrra námu reikningar þeir, er við greiddum annari vjelasmiðjunni hjer fyrir ýmsar aðgerðir og smíði, samtals um 1260 kr., og var af því kostnaður við logsuðuaðgerðir kr. 231,00, en vinnulaun við aðra smíði kr. 653,00, — mest rennismíði og önnur fín smíði, sem ekki eru áhöld til í smiðjunni. Við hina vjelsmiðjuna höfum við ekkert skift, og munu reikningarnir hafa verið eitthvað svipaðir þessu undanfarin ár. Auk þess kom jeg fyrir í ákvæðisvinnu hjá 2—3 járnsmiðjum hjer í bæ smíði vagnajárna og skeifnasmíði og einhverju fleira smávegis fyrir nokkur hundruð krónur, af því að jeg taldi það hagkvæmara en að ráða sjerstakan smið í áhaldasmiðjuna —“.

Þetta eru aðalupplýsingarnar, sem þessir starfsmenn gefa. Jeg held, að ekki sje hægt að segja annað en að í þessu efni hafi alt verið gert, sem hægt er. En þar sem fyrri liður till. bindur ekki neitt við það, að brýr og vitar sjeu smíðuð í áhaldasmiðju ríkisins, þá hefi jeg ekkert við þann lið að athuga. Mjer skilst á hv. flm. (JBald), að hann vilji láta leita útboða um þessa hluti sem aðra, og taka þá innlendu boðunum, ef hægt er að annast þessa smíð hjer innanlands. En þetta er líka meining vitamála- og vegamálastjóra. Jeg hefi því ekkert á móti því, að þessi liður verði samþyktur. Um hinn síðari liðinn hefi jeg leitað álits og upplýsinga þeirra, er jeg las áðan upp, og jeg vænti þess, að hv. flm. telji með þessum brjefum upplýst, hvernig farið hefir verið að að undanförnu; býst jeg við, að eins verði farið að framvegis.

Um eignir starfsmanna ríkisins í einstökum fyrirtækjum er jeg lítið kunnugur. Jeg veit, að vitamálastjóri á í h.f. „Ísaga“. Hann kveðst hafa komið því hlutafjelagi á stofn til þess að spara vitunum fje. Jeg veit ekkert

um það, hvort áhöld hafa verið lánuð úr smiðju ríkisins, en jeg sje ekkert á móti því, að það sje gert, ef hægt er að vinna verkið ódýrara annarsstaðar, en þar vantar áhald, sem til er í smiðju ríkisins. Þá spurði hv. flm., hvað vitarnir eyddu miklu af gasi. Jeg get ekki upplýst það nú, en mun geta gert það síðar, ef hv. flm. æskir þess.

Jeg held, að ræða hv. flm. hafi ekki gefið tilefni til frekari andsvara. En samkvæmt reynslu þeirri, sem jeg fekk áðan í öðru máli, þá þori jeg ekki annað en biðja hæstv. forseta (MT) í heyranda hljóði um orðið aftur, áður en jeg sest niður, því að vera má, að jeg þurfi að taka aftur til máls.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg er nú ekkert óánægður með undirtektir hæstv. atvrh. (MG) undir þáltill. mína. Hann játaði það rjett vera, sem almannarómur sagði síðastliðið haust, að til mála hefði komið að byggja brúna á Hvítá erlendis. En það er gott, að ekkert verður úr því, en það virðist eingöngu vera því að þakka, að breytt hefir verið um gerð á brúnni. En hæstv. atvrh. og vegamálastjóri ættu að láta sjer umhugað um það, að öll slík verk væru unnin hjer á landi. Það er rjett hjá hæstv. atvrh., að jeg vil láta gera útboð, þegar um slíkar framkvæmdir sem þessar er að ræða, ef á annað borð er farið annað með þær en í áhaldasmiðju ríkissjóðs. Það var vikið að því í blaði einu í harðorðri grein, að vitamálastjóri hefði látið gera við „Hermóð" í „Hamri". Það sýndist eins og vitamálastjóra væri ant um að láta framkvæma vinnu þar. Það er þetta, sem jeg vil fyrirbyggja, að landssjóðsvinnan sje látin í ákveðnar smiðjur, án þess að útboða sje leitað. Annars held jeg, að smiðja ríkissjóðs sje svo vel útbúin, að ekki þurfi að leita annað með smíði fyrir ríkissjóðinn. Hæstv. atvrh. gaf þær upplýsingar, að síðastliðið ár hefði verið unnið fyrir ríkissjóðinn utan áhaldasmiðjunnar fyrir 1260 kr. En mjer er kunnugt um það, að á undanförnum árum hefir þetta numið meiru. Eftir 1920 voru aðaláhöld þau, sem notuð voru í áhaldasmiðjunni, lánuð út í „Hamar" og verkin framkvæmd þar. Og það virðist aðeins vera fyrir opinberar ávítur, að farið er að vinna eitthvað í smiðju ríkisins, og að áhöldunum hefir verið skilað þangað aftur. Annars er það leitt að þurfa að vera á hælunum á þessum starfsmönnum ríkisins til þess að fá þá til þess að nota áhaldasmiðju ríkissjóðs.

Hæstv. ráðh. gat ekki að svo stöddu upplýst, hve mikið gas vitarnir hjer á landi notuðu. Mjer þætti vænt um, ef hann gæti aflað sjer vitneskju um það fyrir 3. umr. fjárl. í Ed. Þá getur kannske orðið tilefni til þess að minnast á það. Hæstv. ráðh. sagði, að vitamálastjóri hefði stofnað „Isaga" til hagsbóta fyrir vitana. En það lítur út fyrir, að það hafi verið fult svo mikið til hagsbóta fyrir hluthafana, ef það er satt, að verð á gasi sje miklu hærra þar en annarsstaðar á Norðurlöndum. En það fer ekki vel á því, að vitamálastjóri sje helsti forkólfur í hlutafjelagi, sem selur vitunum þetta efni. Hann ætti helst ekki að vera neitt við það riðinn, og það ætti að vera samningur um það, að ríkið þyrfti ekki að kaupa þetta ljósagas hærra verði en hægt er að fá það annarsstaðar.

Hjeðinn Valdimarsson: Það mun hafa verið 1909, sem Jón Þorláksson, þáverandi landsverkfræðingur, kom upp vjelaverkstæði landssjóðs, til þess að gera við áhöld og smíða brýr og vita. Fyrirtæki þetta var hið þarfasta og gekk vel langan tíma, og er enginn vafi á því, að með þessu sparaðist ríkissjóði mikið fje. Skyldu menn halda, að þetta fyrirtæki, sem lengi hafði vel gefist, mundi ekki hafa gefist síður á síðustu árum. En það hefir verið lagt niður að miklu leyti fyrir nokkrum árum. Nú vil jeg spyrja hæstv. atvrh. (MG), hvaða ástæða hafi verið til þess, að landssjóðsvinnan hefir verið flutt úr þessu verkstæði eftir stríðið, aðallega til hlutafjelagsins „Hamars", einmitt á þeim tíma, sem vitamálastjóri og vegamálastjóri gerðust hluthafar í Hamri. Þetta er mjög tortryggilegt. Ríkissjóður hafði keypt dýr áhöld og vjelar til þess að annast sjálfur alla slíka smíði, hafði æfða og duglega smiði og fyrirtækið var alt í fullum gangi. Svo er fyrirtækinu tvístrað, vjelarnar leigðar „Hamri", mönnunum sagt upp, og þeir munu nú vinna í „Hamri", en húsin standa auð að miklu leyti. Hvernig getur slíkt borgað sig? Hæstv. atvrh. (MG) gat þess, að á s. l. ári hefði aðeins verið unnið fyrir 1260 kr. í „Hamri" fyrir vegagerð ríkissjóðs, en þar var þá jafnframt unnin mikil önnur ríkissjóðsvinna; t. d. voru smíðuð þar öll sjómerki fyrir vitamálastjóra, og undanfarandi ár mun ríkissjóðsvinnan í „Hamri" hafa skift tugum þúsunda.

Í sambandi við þetta er rjett að minnast nokkuð nánar á ýmsar ráðstafanir vegamálastjóra. Hann hefir umráð yfir miklu fje ríkissjóðs, og stjórnin virðist ekkert skifta sjer af því, hvernig hann fer með það. Hæstv. atvrh. (MG) hefir nýlega lýst því yfir í hv. Ed., að sjer væri ekki kunnugt um, hvaða kaup vegamálastjóri greiddi fyrir ríkissjóðsvinnu í Skagafirði og Eyjafirði. Það lítur svo út sem vegamálastjóri sje alveg einvaldur um þetta. En það minsta, sem hægt er að heimta af hæstv. stjórn, er það, að hún viti í stórum dráttum um kauptaxta ríkissjóðs og sjái um, að hann sje í nokkru samræmi við annað kaupgjald í landinu, mismunandi eftir staðháttum.

Rafmagn var fyrst lagt í vjelaverkstæði ríkissjóðs frá Völundi 1919. Síðar þykir vegamálastjóra rjett að breyta til, og er þá keyptur Ellwemótor og raflögnunum öllum breytt. Þetta er ekki löngu áður en bæjarrafmagnið kom, en þá var skift um að nýju, rafmagnið tekið hjá bænum og öllum raflagningum breytt aftur. Þetta alt eru einkennilegar ráðstafanir. En rafvirkjafjelag eitt hjer í bænum, sem vegamálastjóri á hlut í, lagði rafmagnið aftur í bæði skiftin, og Ellwemótorinn var líka keyptur af því fjelagi. En hjer gerast fleiri æfintýri. Eftir að mótorinn hefir verið tekinn úr vjelaverkstæðinu, er farið með hann í „Hamar" og þar gert við hann fyrir um 800 kr. Síðan er hann sendur til Hvanneyrar, gekk ekki þar, endursendur hingað vegna ónógrar viðgerðar og liggur nú ónotaður í ruslakistunni. Auðvitað var nýr Ellwemótor keyptur handa Hvanneyri. Hver hagnast á þessu? Ekki ríkissjóður, svo mikið er víst.

Jeg vil þá um leið beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvrh. (MG), hvernig sje hagað yfirleitt raflögnum í opinberar byggingar, hvort þetta sama

rafvirkjafjelag hafi þar enn einveldi, eða hvort útboð sjeu gerð, sem jeg raunar hefi ekki orðið var við í blöðunum.

Um 1920—22 eru keyptar 4 dráttarvjelar, 45 hestafla, og var tilætlunin að snúa með þeim grjótmulningsvjel. Það mun þó hafa sýnt sig, að til þess þurfti aðeins 8 hesta mótor, sem þá auðvitað var keyptur frá Noregi. Nú hafa tvær dráttarvjelar legið 2 ár ónotaðar í áhaldahúsinu, ein var seld Copland, en sú fjórða var seld fyrir gjafverð kaupsýslumanni einum hjer í bænum. Ríkissjóður virðist ekki hafa haft mikið upp úr þessum kaupum verkfræðingsins. Einnig voru nokkrir skurðplógar keyptir 1921 af þessum hagsýna embættismanni. Þeir liggja enn í umbúðum í áhaldahúsinu. Þá keypti vegamálastjóri Maxwell-fólksflutningsbíl til þess að skutla sjer um vegina. Hann var keyptur af venslamanni vegamálastjóra, en hann var lítið notaður, endą lítt nothæfur, og seldur í fyrra fyrir gjafverð. Mörg þús. kr. höfðu áður farið í viðgerð á honum. Þess má geta, að jafnvel verkfæraskerpingar eru nú gerðar hjá ýmsum járnsmiðum úti í bæ, og enginn járnsmiður er nú eftir í vjelaverkstæðinu, sem áður var sístarfandi.

Mjer finst, að þessi dæmi um framkvæmdir vegamálastjóra sjeu næg til þess að sýna það, að full þörf sje á því, að hæstv. stjórn hafi betra og nákvæmt eftirlit með því, hvernig þessi embættismaður veltir sjer í fje ríkissjóðs.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Út af orðrómi þeim, sem hv. fyrri flm. þessar þáltill. (JBald) gat um að gengið hefði um bæinn, um að smíða hefði átt Hvítárbrúna erlendis, þá vil jeg benda á, að vegamálastjóri áleit, að ef brúin ætti að vera hengibrú, mundi smíðið verða svo mikið verk og vandasamt, að ekki væri unt að smíða hana hjer á landi, og alls ekki á vjelaverkstæði ríkisins.

Þetta var ástæðan til, að það kom til orða að smíða brúna erlendis. En útboð hefðu auðvitað verið gerð, og innlendu tilboði tekið, ef það hefði verið hægt í samanburði við önnur framkomin tilboð. Mjer skildist hv. flm. (JBald) hala dálítið í land um útboðin. Hann áleit, að ætíð ætti að smíða í vjelasmiðju ríkisins, þegar unt væri, án tillits til kostnaðarins. Jeg álít, að þegar öllu er á botninn hvolft, eigi að smíða þar innanlands, sem hægt er að komast að bestum kjörum.

Hv. flm. sagði, að sjer þætti leitt að þurfa altaf að vera á hælunum á þessum starfsmönnum ríkisins, vegamálastjóra og vitamálastjóra. Jeg veit ekki, hve sárt hann tekur það, en mjer virðist þeir hafa svarað allvel fyrir sig, og þeir því geti látið sjer í ljettu rúmi liggja ákúrur hans. Hv. flm. á að sanna, að ekki sje rjett skýrt frá hjá þeim. Ef hann getur það ekki, verður hann að viðurkenna, að þeir hafa gert í þessu það, sem rjett var, stundum leitað útboða og fengið vinnuna annarsstaðar frá, ef það var ódýrara en í áhaldasmiðju ríkisins.

Hv. flm. sagði, að verð á ljósagasi í „Ísaga“ væri of hátt. Mjer er það ekki vel kunnugt, en jeg er reiðubúinn að leita upplýsinga um það. En út af ummælum hv. flm. um það, að mjög væri óviðeigandi, að vitamálastjóri væri við það fyrirtæki riðinn, vil jeg geta þess, að svo framarlega sem hann hefir

stofnað það til þess að vitarnir fengju ódýrara ljósagas en þeir fá frá útlöndum, finst mjer það rjett.

Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) spurði, af hverju hefði verið horfið frá smíðju ríkisins. Jeg vil spyrja hv. 4. þm. Reykv., hvort hann hafi verið viðstaddur, þegar jeg las upp úr brjefi vegamálstjóra. (**HjV**: Jeg heyrði sumt). Þetta er ekkert svar. Eins og þegar hefir komið fram, var áhaldasmiðjan notuð eins og hægt var. Annars verð jeg að segja, að hv. þm. bar fram svo margar og margvíslegar fyrirspurnir, að það er ekki hægt að ætlast til, að jeg geti svarað þeim þegar í stað. Ef hv. þm. vill fá svar, er best fyrir hann að láta taka málið út af dagskrá. Hann spurði mig um kaupgjaldið hjá vegamálastjóra. Hvernig getur hv. þm. ætlast til, að jeg viti, hvað hátt kaup vegamálastjórinn hefir borgað verkamönnum sínum í gær? Það er eins og ef jeg færi að spyrja hv. þm., hvað margir hefðu keypt af honum vindla í dag. Annars hefir vegamálastjóri fengið ákúrur frá fjvn. fyrir að borga of hátt kaup. Það fer að verða erfitt fyrir stjórnina að gera öllum til hæfis. Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) vill eflaust hafa kaupið sem hæst, en fjvn. vill láta lækka það frá því sem það var í fyrra.

Þá spurði hv. þm., hvernig hefði verið, þegar rafmagn var lagt inn í áhaldastofu ríkisins 1919. Hvernig veit jeg það? Jeg var ekkert við það riðinn. Þegar jeg fór að hafa með þessi mál að gera, var búið að leggja inn rafmagnið víðast hvar.

Hv. þm. kom fram með ýmsar aðfinslur í garð vegamálastjóra. Það er gamla sagan, að reyna að gera menn tortryggilega. Jeg vil endurtaka það, að ef hv. þm. vill fá svar við öllum sínum spurningum, verður hann að láta taka málið út af dagskrá, ef hann þá meinar nokkuð annað en að bera slúðursögur inn í þingið. Það er í fylsta máta ómaklegt að ráðast þannig á fjarverandi starfsmenn ríkisins, ekki síst vegamálastjóra, sem er mjög góður embættismaður. Jeg vil ráða hv. þm. til að bera spurningar sínar fram í fyrirspurnarformi. Á þann hátt, sem hann sækir málið, getur hann ekki búist við að fá svar við þeim.

Hjeðinn Valdimarsson: Mjer finst ekki nema eðlilegt, að talað sje um opinbera starfsmenn, þó að þeir sjeu fjarverandi. Það er ekki hægt að múlbinda þingmenn svo, að þeir megi ekki minnast á verk opinberra starfsmanna. Hæstv. stjórn ber ábyrgð á þeim gagnvart þinginu, og er því hjer rjettur vettvangur að finna að gerðum þeirra.

Jeg sje, að hæstv. atvrh. getur ekki svarað fyrirspurnum mínum. Það kann að vera, að sumar af þeim sjeu þess eðlis, að ekki sje hægt að svara þeim undirbúningslaust. En þá ætti að vera innan handar að svara þeim, þegar fjárlögin koma hjer aftur til umræðu. Aftur á móti eru sum atriðin þess eðlis, að hæstv. atvrh. ætti sem slíkur að vita um þau. Hann getur ekki varið það að vita ekki, í stórum dráttum, hvaða kaupgjald undirmenn hans greiða, og það er helsti illur vani, ef vegamálastjóri getur algerlega ráðið kaupgjaldi verkamanna við vegagerð, án þess að stjórnin hafi neitt þar um að segja.

Hæstv. ráðh. gat þess, að áhaldasmiðja ríkisins væri notuð eins og hægt væri. Jeg heyrði útdrátt úr brjefi vegamálastjóra, en jeg skil ekki.

hvernig maðurinn hefir getað skrifað þetta, því að minsta kosti þangað til í fyrra voru ýms helstu áhöld í láni hjá „Hamri", og nú vinnur þar enginn járnsmiður. Svörin eru því röng og ófullnægjandi. Þetta eru hlutir, sem hæstv. atvrh. á að vita um. Ef hann ekki veit þetta, er það af því, að hann fylgist ekki með eins og hann ætti að gera.

Jeg vil bæta því við, að jeg veit ekki betur en að nú sje verið að vinna að nýrri brú á Ferjukotssíki í Hamri. Það mætti eflaust gera í áhaldasmiðju ríkisins, og mundi hafa verið gert, er Jón Þorláksson var landsverkfræðingur.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg held, að undirrót þessarar tillögu og umtals þess, sem henni fylgir, sje að miklu leyti sú óánægja, sem vaknaði hjá einstökum mönnum, nefnilega starfsmönnum hins opinbera, sem þangað til höfðu starfað í áhaldasmiðju ríkisins, af því að hætt var eitt sinn um tiltekinn tíma að starfrækja þessa smiðju. Og þegar hv. 4. þm. Reykv. (HjV) spyr, af hverju ekki hefði þótt borga sig eftir stríðið að nota áhaldasmiðjuna, getur það ekki lotið að öðru en þessu atviki, en til þess lágu orsakir, sem mjer eru af tilviljun kunnar.

Á miðju sumri 1923, þegar þáverandi stjórn vegna fjárskorts ríkissjóðs stöðvaði ýmsar framkvæmdir, var lagt fyrir vegamálastjóra að hætta starfrækslu áhaldasmiðjunnar og segja upp þessum mönnum, og þeirri skipun hlýddi hann auðvitað. Af þessari stöðvun framkvæmda leiddi, að ekki var mikið verkefni þá fyrst um sinn fyrir smiðjuna. Eins og menn muna, stóð þessi stöðvun lítið breytt árið 1924. Það hafði ekki verið gert ráð fyrir miklum opinberum framkvæmdum í fjárlögum þess árs, og auk þess var afráðið, í samráði við hlutaðeigandi nefnd á þingi, að þeim litlu framkvæmdum, sem teknar höfðu verið á fjárlögin 1924, skyldi skotið á frest. Þannig stóð á því, að um langan tíma, jafnvel tvö ár, var ekki svo mikið verkefni fyrir höndum handa áhaldasmiðjunni, að fært þætti að ráða þangað fasta menn umfram það, sem nauðsynlegt var vegna viðgerða á verkfærum. Það gleður mig að heyra það af skýrslu hæstv. atvrh., að nú, eftir að framkvæmdir ríkissjóðs hafa aukist, er komin breyting á þetta. En það er með öllu rangt að álasa vegamálastjóra fyrir stöðvun þessa fyrirtækis 1923 og 1924.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla aðeins að segja örfá orð út af síðustu ræðu hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Hann sagði, að vegamálastjóri mætti búast við árásum hjer. Jeg er hissa á, að hann skuli ekki hafa látið mig eða vegamálastjóra vita, svo að hægt hefði verið að svara strax. Jeg skora á hv. þm. að fá mjer þessar sakargiftir uppskrifaðar, svo að jeg geti sýnt vegamálastjóra þær. Jeg gat ekki skrifað þetta alt upp, svo að jeg vona, að hv. þm. vilji lána mjer sín minnisblöð, svo að vegamálastjóri geti borið af sjer þessar þungu sakir, sem mjer virtust vera í því fólgnar, að hann hafi keypt ónýta hluti og látið þá grotna niður.

Um kaupgjaldið er það að segja, að þó að hv. 4. þm. Reykv. (HjV) þyki það undarlegt, veit jeg ekki á öllum stöðum hvað það er. En mjer er kunn-

ugt um, að það er 50—60 aurar á tímann úti um land. Það er sjálfsagt þetta, sem hv. þm. þykir of lágt, en það er ilt að þjóna tveim herrum.

Hvort verið er að smíða brú hjá „Hamri“ nú, skiftir ekki miklu máli. Tillögur hv. flm. ganga aðeins út á að láta smíða hjer á landi. (**JBald** og **HjV**: Ekki síðari liðurinn).

Flm. (Jón Baldvinsson): Hæstv. atvrh. (MG) er altaf svo viðkvæmur, þegar spurt er um einhverjar framkvæmdir landsins. Honum finst altaf, að verið sje að bera á sig og aðra hlutaðeigendur ógurlegar sakir, þó að menn vilji fá upplýsingar. En hæstv. ráðh. má ekki vera svo typpilsinna. Jeg veit, að hann mundi segja við andstæðinga sína, að annað eins og þetta kæmi af vondri samvisku hjá þeim. En fyrst hæstv. ráðh. er farinn að teikna upp hjá sjer fyrirspurnir, ætla jeg að leyfa mjer að bæta einni við. Hvað kostaði vitaskipið „Hermóður“? Jeg hefi heyrt 20 þús. kr. Hæstv. ráðh. (MG) getur kannske líka upplýst, hvað það kostaði hingað komið. Mjer hefir verið sagt 40—50 þús. kr. 1924 var svo gert við það í „Hamri“ fyrir 36 þús. kr., og 1927 var enn gert við það. (**Atvrh. MG**: Hv. þm. getur ekki búist við, að jeg sje eins fljótur að skrifa og hann að tala). Hæstv. ráðh. skal hlusta með andagt, og svo skal jeg hjálpa upp á hann á eftir. Einnig get jeg upplýst, að viðgerðin annaðhvort árið var þess eðlis, að vjelstjóri skipsins taldi sig vel geta framkvæmt hana. En hann var látinn fara sem verkamaður inn í „Hamar“ og gera við þetta þar. Jeg skal ekki fullyrða, að þetta hafi verið neitt dýrara, en óneitanlega var ankannalegt að hlaupa í smiðju, þegar engin þörf var á því.

Hæstv. ráðh. má ekki vera svona firtinn, þegar talað er um fyrirtæki, sem starfsmenn ríkisins eru eigendur að. Það hlýtur að vekja tortrygni. Enda þótt vitamálastjóri hafi ef til vill gert þetta í besta skyni, þá er engu síður óeðlilegt, að hann sje eigandi og versli við sjálfan sig fyrir landsins hönd. Hæstv. ráðh. sagði, að það sje verið á hælunum á þessum mönnum. En sannast að segja er ekki nema eðlilegt, að talað sje um sambandið milli þeirra og fyrirtækjanna. Atvikin gefa tilefni til þess.

Þá tók hæstv. forsrh. (JÞ) til máls og upplýsti það, að tillaga okkar væri fram komin út af óánægju þeirra manna, sem mist hefðu þarna atvinnu. Hafi verið lögð niður vinna í smiðju ríkisins að óþörfu, þá er þetta rjettmætt. Fyrst hæstv. ráðh. (JÞ) fór að minnast á þá menn, er þarna hafa mist atvinnu, þá er rjett að segja frá því, sem alkunnugt er, að vegamálastjóri sagði upp einum starfsmanna sinna fyrir nokkrum árum, fyrir þá sök eina, að honum líkaði ekki stjórnmálaskoðanir hans, og vegamálastjóri grunaði þennan mann um það, að hann hefði verið riðinn við grein í einu blaði borgarinnar, sem gagnrýndi gerðir vitamálastjóra. Það er eðlilegt, að menn, sem á þennan hátt verða fyrir rangindum, sjeu óánægðir. En ástæðurnar fyrir tillögunni voru ekki þær, sem hæstv. forsh. (JÞ) gat til, heldur þær ástæður, sem fram hafa verið færðar af flm. till., að ríkissjóður fær eins vel gerða vinnu í sinni eigin

smiðju, og auk þess ódýrar. Og það má gjarnan koma hjer fram, að hæstv. forsrh. (JÞ) sýndi mikinn og lofsverðan dugnað, þegar hann í sinni landsverkfræðingstíð setti áhaldasmiðjuna á stofn. Þá vildi ráðh. (JÞ) bera það af vegamálastjóra, að hann hefði átt frumkvæði að því að hætta að nota ríkissmiðjuna, heldur hafi þetta leitt af skipun ríkisstjórnarinnar 1923, þegar hún ljet hætta öllum verklegum framkvæmdum. Jeg skal ekkert um það segja, en hafi þetta verið gert samkvæmt fyrirskipun stjórnarinnar, þá var það jafnóviturlegt. Og vegamálastjóri, sem jafnan hlýtur að hafa talsvert mikið að segja á hærri stöðum, hann hefði átt að leiða stjórninni það fyrir sjónir, hversu afaróheppilegt það væri að loka smiðjunni, af því að óhjákvæmilegt yrði að kaupa þá vinnu, sem ríkissjóður hefði að öðrum kosti getað látið vinna í sinni eigin áhaldasmiðju. Því ávalt hefir ríkissjóður nokkrar framkvæmdir með höndum. Vegamálastjóri hefir því reynst stjórninni slæmur ráðunautur, að koma ekki í veg fyrir það, að áhaldasmiðju landsins væri lokað. Það hefir líka komið á daginn, að kaupa hefir orðið dýru verði ýmiskonar vinnu, sem hægt hefði verið að sleppa við, ef áhaldasmiðjan hefði starfað áfram. Og allmikil brögð hafa verið að því, að bæði vegamálastjóri og vitamálastjóri hafa leitað til „Hamars" um ýmsa vinnu í þarfir ríkisins, en vitamálastjóri þó gert meira að því. Það var ekki fyr en síðastliðið sumar, þegar farið var rekast í þessu, að áhöldum þeim, sem „Hamar" hafði fengið lánuð úr smiðju landsins, var skilað aftur, og þá um leið byrjað að vinna eitthvað í smiðjunni, en í smáum stíl. Þess vegna vona jeg nú, að þáltill. okkar hv. 4. þm. Reykv. (HjV) verði til þess, að þetta þjóðnýtingarfyrirtæki, sem hæstv. forsrh. (JÞ) kom á stofn, þegar hann var landsverkfræðingur, verði tekið upp aftur og rekið með dugnaði og ráðdeild.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 5. landsk. (JBald) þótti jeg úrillur, af því að jeg vildi ekki fallast á ómaklegar árásir hans á embættismenn landsins. Hann sagði líka, að jeg vildi engu svara spurningum sínum. En það er hægt að spyrja um svo margt og spyrja þannig, að ómögulegt sje að svara án þess að leita sjer upplýsinga. Jeg gæti t. d. spurt hv. þm. þeim spurningum, sem hann gæti alls ekki svarað, og koma honum þó við. Getur hann t. d. nú þegar sagt mjer, hvað marga snúða hann seldi í bakaríinu sínu 1. mars 1926? **(JBald:** Jeg get svarað því strax. Jeg seldi ekki einn einasta). Já, hann getur svarað því, að hann hafi ekki s j á l f u r selt þá, því að auðvitað leggur hann sig ekki niður við svo lítilfjörleg verk. En annars er svarið út í hött, því að vitaskuld er hann seljandi snúðanna, þó að hann afhenti þá ekki sjálfur. Og ef jeg vildi svara út af eða út í hött, gæti jeg það, en jeg tel það ekki samboðið ráðherra að svara þannig á þingi.

Annars mætti minna hv. 5. landsk. (JBald) á gamalt spakmæli, sem hljóðar svo, að einn heimskingi geti spurt um fleira en 10 vitringar geta svarað. **(JBald:** Hæstv. ráðh. er búinn að útslíta þessu nú á þessu þingi). Spurningar hv. 5. landsk. (JBald) gefa mjer

ástæðu til að minna hann á þetta spakmæli oftar en einu sinni.

Hann var að spyrja um, hvað vitaskipið hafi kostað. Það er mjer ókunnugt um. Jeg var ekki í stjórn, þegar það var keypt, og veit ekki annað en það, sem sagt var frá, að skipið muni hafa verið talsvert dýrt. Annars vildi jeg benda á, að öðruvísi er ástatt nú en á þeim tímum, er hæstv. forsrh. (JÞ) kom á fót áhaldasmiðju landsins. Þá var hjer engin vjelasmiðja, er gæti að sjer tekið að smíða það, sem landið þurfti að láta gera. Nú eru að minsta kosti 2 slíkar smiðjur hjer í bæ, „Hamar" og „Hjeðinn", sem jeg held að sjeu að ýmsu leyti betri og fullkomnari en vjelasmiðja ríkisins.

Hv. 5. landsk. (JBald) þótti vegamálastjóri ekki góður ráðunautur stjórnarinnar, úr því hann fekk hana ekki til þess að hætta við að leggja niður vinnu í áhaldasmiðjunni 1923. En skipunin um það var gefin út áður en vegamálastjóri átti kost á að vita um hana. Það var því ekki um annað að gera fyrir hann, sem undirmann, en að hlýða fyrirskipunum yfirboðaranna. Annars hefði mig ekki furðað á því, þó að hv. 5. landsk. (JBald) hagaði svona orðum sínum, ef íhaldsstjórn hefði verið hjer að verki. En af því að það var nú stjórn þess flokksins, sem hann hefir jafnan staðið í innilegu sambandi við, þá hjelt jeg, að hann mundi tæplega álasa vegamálastjóra fyrir það að fara eftir skipunum hennar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg ætlaði að svara þessu sama, sem hæstv. atvrh. (MG) hefir nú tekið fram.

Mjer finst það í mesta máta ómaklegt að segja það um vegamálastjóra, að hann hafi verið slæmur ráðunautur stjórnarinnar, þó að hann kæmi ekki í veg fyrir það sumarið 1923, þegar skipað var að loka áhaldasmiðju ríkisins, að það yrði gert. Með lokun smiðjunnar var hann ekkert annað að gera en að framfylgja fyrirskipun húsbænda sinna.

Það stendur nú svo á, að jeg get dálítið um þetta borið af eigin reynslu. Jeg veitti þetta sumar forstöðu stóru fyrirtæki, er ríkið kostaði, sem sje Flóaáveitunni. Jeg fekk líka skipun frá þáverandi stjórn um að stöðva verkið, og mjer kom ekki annað til hugar en að hlýða því. Og jeg verð að segja eins og mjer finst, að jeg tel mig ekki hafa verið slæman ráðunaut Flóaáveitunnar, þó að jeg gæti ekki komið í veg fyrir það, að verkið stöðvaðist, þegar engir peningar voru í kassanum til þess að láta vinna fyrir. Því verð jeg að endurtaka það, sem jeg sagði í upphafi, að það er mjög ómaklegt að kasta rýrð á vegamálastjóra, þó að hann fengi því ekki breytt sumarið 1923, að áhaldasmiðju ríkisins væri lokað.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það eru aðeins örfá orð til árjettingar því, sem jeg hefi áður sagt.

Jeg verð að halda fast við það, að þessir embættismenn eigi að vera ráðunautar stjórnarinnar um allar framkvæmdir, og þeir eiga umfram alt að vera stjórninni hollir í ráðum sín-

um. Hafi því svo verið, að stjórnin hafi skipað að leggja áhaldasmiðjuna niður, þá átti vegamálastjóri að sýna fram á, að það væri ekki hægt, en að hinu leytinu sjálfsagt að draga seglin saman. En að „loka búð og hætta að höndla" og flytja áhöldin vestur í „Hamar", það voru Lokaráð, sem sjálfsagt er að víta.

Hæstv. atvrh. (MG) þarf jeg ekki að svara miklu. Það hefir komið fram fyr en í dag, að honum er ósýnt um að svara fyrirspurnum þeim, sem til hans er beint um störf opinberra embættismanna landsins. Í staðinn fyrir að svara beint fyrirspurnum þeim, sem fyrir hann eru lagðar, fer hann inn á „prívat"-sakir manna. Hann hefir oftar en nú spurt um fyrirtæki, sem jeg er viðriðinn, og veit jeg ekki, hvað slíkt á að þýða, nema þá að draga athygli frá því, sem um var spurt. Það er þó alt annað að spyrja um starf opinberra embættismanna ríkisins en um rekstur einkafyrirtækis.

Jeg hefði nú getað skilið þessar gagnspurnir ráðherrans, ef jeg hefði t. d. spurt um, hvað margir hnappar væru í vestinu hans eða þvíumlíkt. Annars get jeg svarað þessari fyrirspurn hans um snúðasölu í Alþýðubrauðgerðinni þennan ákveðna dag, sem hann nefndi, ef það yrði nokkuð til þess að upplýsa það, hvers vegna áhaldasmiðja ríkisins ekki hefir verið notuð.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla aðeins að leiðrjetta dálítinn misskilning hjá hv. 5. landsk. (JBald).

Jeg var alls ekki að spyrja um snúðana hans í neinu sambandi við það, hvernig þetta fyrirtæki hans væri rekið. Það varðar mig ekkert um. En jeg tók þetta sem dæmi þess, að svo væri hægt að spyrja, að enginn kostur væri að svara því. Fyrirspurnir hans eru oftast þannig fram bornar, að þær eru bygðar að meira eða minna leyti á slúðursögum, sem hann segist hafa heyrt, en færir engin frekari rök fyrir. Og hvernig getur hann þá ætlast til, að slíkum spurningum sje svarað?

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 424).

8. Milliþinganefnd um landbúnaðarlöggjöf.

Á 6. fundi í Nd., þriðjudaginn 15. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöf landsins (A. 27).

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var frv. tekið til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 9. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til fyrri umr. (A. 27).

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. deild kannast við mál þetta frá síðasta þingi. Jeg flutti þá till. sama efn-

is, en hún kom of seint fram til þess, að tími ynnist til að ræða málið og ráða því til lykta.

Jeg get skírskotað til þess, sem jeg sagði um þetta efni þá, og finn ekki ástæðu til þess að endurtaka það nú eða fjölyrða neitt um málið, og því síður sem hæstv. atvrh. (MG) er veikur og getur ekki tekið þátt í umræðum. Jeg vona, að hann geti verið hjer viðstaddur, þegar málið kemur til síðari umræðu, því að jeg vildi gjarnan heyra álit hans. Jeg geri ráð fyrir, að flestir þdm. sjeu mjer sammála um það, að nauðsyn beri til að endurskoða þessa löggjöf og bæta nýjum lögum við. Því var skotið að mjer núna á fundinum, að Búnaðarþingið hefði samþ. að skora á Alþingi að kjósa nefnd til að athuga landbúnaðarlöggjöfina. Mjer þykir þetta vel farið og kemur heldur ekki á óvart, þó að þeir, sem kynt hafa sjer þetta mál, telji þörf á endurskoðun þessara laga og nýjum ákvæðum um ýmislegt, sem miklu varðar fyrir landbúnaðinn. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta nú, en legg til, að málinu verði vísað til landbn.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

A 28., 31., 32. og 33. fundi í Nd., dagana 12., 16., 17. og 18 mars, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., næsta dag, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 27, n. 128).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg sje ekki ástæðu til að tala mikið um till. þessa nú, því að áður hefir verið allmikið rætt um endurskoðun á landbúnaðarlöggjöfinni.

Landbúnaðarnefnd hefir orðið ásátt um að bera fram lítils háttar breytingar við tillöguna. Og er aðalbreytingin fólgin í því, að Alþingi kjósi tvo menn í nefndina, en atvinnumálaráðherra skipi þriðja manninn. Jeg hefði gjarnan óskað álits hæstv. atvrh. um till. þessa, en þar sem hann er ekki viðstaddur, er þess ekki að vænta. Verður það því að bíða þar til tillagan kemur til efri deildar, og geri jeg mig því ásáttan um það.

Vænti jeg svo, að háttv. deildarmenn sjái nauðsyn till. þessarar og samþykki hana.

ATKVGR.

Brtt. 128 samþ. með 15 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., mánudaginn 21. mars, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 215).

Á 34. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 35. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á. 60. fundi í Ed., næsta dag, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 215, n. 332).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Eins og hv. deild er kunnugt, er mál þetta flutt í hv. Nd. af 1. þm. Árn. (JörB). Í meðferð málsins þar tók það ekki öðrum breytingum en þeim, hvernig nefndina skyldi skipa. Landbn. Nd. fjelst á þessa till. eins og hún liggur hjer fyrir, og nú hefir landbn. þessarar deildar haft málið til meðferðar og borið það undir hæstv. atvrh., sem var því eindregið fylgjandi, að það næði fram að ganga.

Það liggja nú fyrir þessu þingi allmörg mál, sem dregist hefir að afgreiða vegna þess, að beðið er eftir því, hver verða afdrif þessarar till. Það virðist einhuga vilji meiri hluta þingsins, að till. nái fram að ganga, en þau önnur mál, er nú liggja fyrir þinginu, og eiga eftir þál. að heyra undir verkahring milliþinganefndarinnar, verði ekki afgreidd að þessu sinni. Hæstv. atvrh. (MG) hefir skýrt landbn. frá, að hann teldi sjer ekki fært að taka til undirbúnings fyrir næsta þing öll þau mál, sem nefndin á að fjalla um, og væntir landbn. þess því fastlega, að till. um skipun milliþinganefndar í þessum málum verði samþ. Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta, nema sjerstakt tilefni gefist til þess.

ATKVGR.

Till. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 459).

---

9. Kennaraskólinn.

Á 10. fundi í Ed., mánudaginn 21. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um kennaraskólann í Reykjavík (A. 37).

Á 11. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. fundi í Ed., fimtudaginn 24. febr., var till. tekin til einnar umr. (A. 37).

Flm. (Jónas Jónsson): Þegar kennaraskólinn var bygður hjer í Reykjavík, hafði staðið töluverð deila milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur um það, á hvorum staðnum hann skyldi bygður. Eins og kunnugt er, hafði fyrv. fræðslumálastjóri, Jón sál. Þórarinsson, komið á fót vísi til kennaraskóla í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg. Vildu Hafnfirðingar því, að skólinn yrði þar. Reykjavík lagði aftur á móti mikla áherslu á að fá hann hingað og bauðst til að gefa lóð undir hann. Það gerði hún, en þó ekki höfð-

inglegar en það, að lóðin var alt of lítil og lá utan bæjar. Mátti því segja, að Reykjavík færist ekki sem skyldi, þegar hún var búin að vinna sigur yfir Hafnarfirði. Á lóð þessari bygði landið svo timburhús, sem kostaði að mig minnir 25 þús. kr. En svo illa var frá því gengið, að varla hefir verið í því búandi. Þá hefir og lóð skólans ekki verið girt. Yfir höfuð að tala hefir svo illa verið til skóla þessa vandað, að slíks mun vart dæmi annarsstaðar um jafnvirðulega stofnun.

Þegar lóð landsspítalans var ákveðin, var hún höfð allstór, með tiliti til þess, að áður langt liði yrðu bygðar þar viðbótarbyggingar í viðbót við aðalbygginguna. Meðal annars er gert ráð fyrir að lengja hann með tveimur álmum. Þá hefir og verið talað um byggingu á baklóðinni. Á þar að koma viðbótarþvottahús fyrir spítalann og starfsmannabústaður. Þessari viðbótarbyggingu er einmitt ætlað að standa á lóð kennaraskólans, og vegur þaðan að Skólavörðunni verður látinn liggja yfir grunn hans.

Það er nú fyllilega ljóst, þar sem annarsvegar á í hlut jafnvegleg bygging sem landsspítalinn, og hinsvegar bygging eins og kennaraskólinn, sem lítil rækt hefir verið lögð við, þá verður hann að flytjast burtu. Að vísu getur það dregist um nokkur ár, að hann verði fluttur, en þó er óvíst, hvenær þingi og stjórn dettur í hug að láta gera þessar viðbótarbyggingar þarna, kannske þegar minst vonum varir.

Það, sem skólann vantar tilfinnanlegast nú, er heimavist, æfingaskóli, helst með 6 bekkjum, og herbergi fyrir bókasafn og ýmiskonar kenslu. Mjer finst nú leiða af sjálfu sjer, verði honum ekki mjög bráðlega ætlaður framtíðarstaður, þá verði ekki bætt úr vandræðum þeim, sem hann á nú við að búa. En það getur aftur haft skaðleg áhrif á uppeldi landsmanna, ef kennaramentuninni er lítið sint. Það, sem mest hefir hjálpað kennaraskólanum til þessa, er það, að hann hefir altaf, þrátt fyrir alt, verið mjög heppinn með starfsmenn. Þeir hafa gert mikið úr litlu, en hafa ekki nema að litlu leyti getað bætt nemendum upp öll þau óþægindi, sem ill húsakynni og margskonar vanræksla af hálfu hins opinbera hafa valdið.

Jeg vil nú beina þeirri áskorun til hæstv. stjórnar, að hún leitist fyrir hjá bæjarstjórn Reykjavíkur um það, hvort ekki muni hægt að fá góða lóð á hentugum stað handa skólanum. Reykjavík sótti mikið eftir að fá hann, og nú getur hún bætt úr sínum fyrri gerðum með því að skera ekki við neglur sjer lóð handa honum. Og jeg lít svo á, að framtíðarheimili hans eigi að vera við Skólavörðutorgið. Einmitt þar sem listasafnið er, þar sem háskólinn, stúdentagarðurinn og dómkirkjan verða, finst mjer aðalstofnun íslenskrar kennaramentunar eiga vel heima, auk þess sem búast má við, að þar verði afgangur af vatni úr Laugunum, frá 3—4 fyrstu byggingunum, sem þar verða reistar, er nægði til að hita skólann upp með.

Jeg geri nú ráð fyrir, að bæjarstjórnin sjái sóma sinn og haldi skólanum hjer, og láti því af hendi nægilega stóra lóð handa honum. Hvar í Skólavörðuholtinu hún ætti að vera, skal jeg ekki um segja, en jeg vil benda á, að samkvæmt uppdrættinum

er enn þá stórt svæði ótekið milli stúdentagarðslóðarinnar og listasafnsins. Þegar lóð þessi er fengin, sem jeg býst við að verði ókeypis, eins og lóð stúdentagarðsins, þá er í till. minni farið fram á, að stjórnin láti gera frumdrætti að nauðsynlegum byggingum, vegna skólans, sem miðaðir sjeu við þennan stað, og láti gera þá í samráði við forstöðumann skólans og kennaralið, því að þeir skilja best, hvernig byggingin þarf að vera. Er svo til ætlast, að þetta verði tilbúið fyrir næsta þing. Þó að alt gangi vel, er ekki ætlast til, að farið verði að ómaka húsameistara með að gera nákvæma teikningu af öllu því, sem skólinn þarf, heldur aðeins að fullgera teikningu og áætlun um heimavist fyrir alt að 40 nemendur. Og hefi jeg bestu von um, að hæstv. stjórn taki vel í það, þar sem hún hefir komið fram með frv. um stofnun heimavistar fyrir mentaskólann. En heimavist fyrir kennaraskólann er í raun og veru miklu nauðsynlegri. Því að margir þeirra stúdenta, er taka próf hjer, eru nemendur af Akureyrarskólanum og hafa því notið heimavistar þar, auk þess sem fjöldi þeirra á heimili hjer í bænum. En allir þeir, sem kennarapróf vilja taka, verða að taka það hjer og jafnframt að ganga gegnum skólann. Og það eru flest menn utan af landi, sem vinna fyrir sjer sjálfir, og er ilt, að þeir lendi í miklum skuldum á námsárunum, áður er þeir hverfa að hinu illa launaða starfi.

Jeg vona nú, að hæstv. stjórn sjái, að hjer er stefnt í rjetta átt, og bæti úr gamalli vanrækslu með því að taka vel í 3. lið till. minnar, og láti gera fullkomna teikningu af heimavist fyrir kennaraskólann. Að endingu skal jeg taka það fram, að það virðist engum vandkvæðum bundið, þó að nemendur yrðu að ganga af Skólavörðuholtinu niður í skólann, þangað til honum verður svift burt af lóðinni.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg tók ekki eftir því, hvort hv. flm. (JJ) ætlaðist til þess, að þessu máli yrði vísað til nefndar. (**JJ:** Jeg ætlaðist til þess). Fyrst hv. þm. hefur ekki beinlínis gert það að tillögu sinni, þá vil jeg leyfa mjer að leggja til, að því verði vísað til mentmn. Jeg skal því ekki hefja miklar umræður á þessu stigi málsins, en vil aðeins benda á, að stjórnin hefir á þessu þingi flutt frv. um samskóla Reykjavíkur. Vert er þá að athuga, hvort ekki er hægt að ætla kennaraskólanum pláss þar líka. Að minsta kosti hugsa jeg, að rjett sje að hafa lóðina, sem fengin verður í þessum tilgangi, svo stóra, að hægt verði að bæta við fleiri skólum, t. d. kennaraskólanum og stýrimannaskólanum, en þeir eru báðir í timburhúsum, sem verða lítt nothæf, er fram líða stundir. Bæði þetta og annað mun þá verða athugað í nefndinni.

ATKVGR.

Till. vísað til mentmn. með 12 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 61. fundi í Ed., föstudaginn 29. apríl, var fram haldið e i n n i u m r. um till. (A. 37, n. 434).

Frsm. (Jónas Jónsson): Það er nokkuð langt síðan þessi till. var fyrst til

umr., en hún hefir fengið allítarlega meðferð, fyrir það, að nefndin hefir fengið forstöðumann skólans, nokkra af hinum föstu kennurum skólans, fræðslumálastjóra og hæstv. fræðslumálaráðherra (MG) á sinn fund, og málið þannig skýrst mjög vel. Niðurstaðan hefir orðið sú, að nefndin leggur til, að samþyktir verði fyrstu tveir liðir till. Þar er í fyrsta lagi að ræða um að leita samkomulags við bæjarstjórn Reykjavíkur um ókeypis eða ódýra lóð handa skólanum við Skólavörðutorgið, og í öðru lagi að láta gera fyrir næsta þing frumdrætti að nauðsynlegum byggingum handa skólanum, miðað við þennan stað. Aftur á móti hefi jeg, til samkomulags við aðra hv. meðnefndarmenn mína, fallið frá að óska eftir, að gerðar verði teikningar af fyrirhuguðu heimavistahúsi, vegna þess, að það liggur mest á því fyrir skólann að fá sjer trygða lóð, þar sem það því miður að líkindum hlýtur að dragast, að hann fái viðbótarbyggingar. Jeg get verið stuttorður um þetta, þar sem jeg hefi prentað með nál. álit forstöðumanns skólans, tveggja kennara og fræðslumálastjóra um það, hvað þeir álitu að skólanum hentaði best í þessu efni, og vil jeg sjerstaklega taka eitt fram, af því að jeg held, að jeg sje þar í samræmi við báða meðnefndarmenn mína, nefnilega að við teljum vel við eiga, að núverandi forstöðumanni skólans, sem líklega starfar ekki við skólann, eftir að hann er kominn í þennan nýja stað, að það væri mjög æskilegt, að hann gæti verið með í ráðum um það, hvar skólinn fengi framtíðarstað í bænum, og hvernig húsum þar yrði hagað. Sjálfir hafa þessir aðstandendur skólans lýst því mjög greinilega, hvers hann þurfi með. Það skal að vísu játað, að landsspítalinn þarf ekki nákvæmlega þann stað, þar sem kennaraskólinn stendur, undir viðbótarbyggingar nú þegar. Þó er ekki hægt að byggja við hann, sökum spítalans. Þess vegna hefir forstöðumaður skólans snúið sjer til landsstjórnarinnar og beðið um, að skólanum væri útveguð lóð, þar sem núverandi lóð skólans á að leggja undir aðra byggingu, og er þessi till. fram komin til þess að ýta undir hæstv. stjórn til þess að vinna saman við bæinn, og jafnframt er hún bending um, hvar skólinn eigi að vera. Fræðslumálastjóri álítur, að það sje sjerstaklega valinn staður í nánd við Skólavörðutorgið, því að þá verði skólinn í nánd við væntanlega háskólabyggingu, sundhöll og barnaskólann nýja.

Jeg skal að vísu játa það, að það er ekki víst, að bærinn vilji láta lóð ókeypis undir skólann, þótt hann hafi gert það vegna stúdentagarðsins, og það er kannske meðfram vegna þess, eins og jeg tók fram áður, að bærinn hefir látið þessa litlu lóð ókeypis, sem nú er um að ræða, en þar sem landið tekur hana vegna landsspítalans og þar sem búast má við, að hann óski að afgirða sína lóð, þá verður að líta svo á að landinu beri að borga þessa lóð undir landsspítalann, og þess vegna hefi jeg tekið það fram, að hin nýja lóð ætti að vera ókeypis, ef bærinn vildi svo vel gera, eða að minsta kosti mjög ódýr. Jeg vona, að bæjarstjórnin líti svo á, að gott sje að hafa þessa stofnun hjer, úr því að bærinn sóttist svo mjög eftir því upprunalega.

Ingibjörg H. Bjarnason: Hv. 1. landsk. (JJ) hefir nú skýrt frá áliti mentmn., það sem það nær, en að því er snertir þörf landsspítalans til þessarar lóðar, þá hefi jeg þegar tekið það fram, og get fært sönnur á það, að þessi öld líður að líkindum svo, að ekki þurfi að taka lóðina til notkunar fyrir landsspítalann. En aftur á móti felst nefndin á það, að ekki sje tiltækilegt að byggja neina viðbót við þetta gamla timburhús.

Að lóðin fyrir skólann þyrfti endilega að vera þarna, í „háborginni", geta verið skiftar skoðanir um, og það er líka eftir að vita, hvort bærinn sjer sjer það fært að verða við þessari ósk nokkurs hluta nefndarinnar, og mjer fanst skólastjóri kennaraskólans ekki leggja eins mikið upp úr því, hvar skólinn stæði, eins og hv. 1. landsk. (JJ) virðist gera. Náttúrlega gekk hann inn á, að hentugast væri, að hann yrði reistur þarna í nánd við háskólann, en að sambandið sje svo náið milli þessara tveggja skóla, það get jeg ekki sjeð, því að í öðrum löndum er svo langt frá því, að svona óskyldar stofnanir standi mjög nálægt hvor annari, og ef það kemur fyrir, að sækja þarf fyrirlestra á háskólann, þá telur enginn það eftir sjer, þó að svo sem hálftíma leið sje á milli þeirra stofnana. En að fá bæinn til þess að leggja til lóð handa skólanum, verður vitanlega altaf erfiðara, því að það verður altaf meiri og meiri erfiðleikum bundið að fá góðar lóðir, þar sem lóðum bæjarins fer altaf fækkandi.

Jeg hefi hjer fyrir mjer uppdrátt af landsspítalanum, og þar þykist jeg sjá, að hann muni ekki þurfa að halda á lóð kennaraskólans í fyrirsjáanlegri framtíð. Jeg hefi líka fyrir mjer uppdrátt af lóð þeirri, sem kennaraskólinn stendur á. Samanburður á uppdráttum þessum bendir á engan hátt á, að nauðsyn sje á því að flytja kennaraskólann, vegna þarfa landsspítalans, og byggja yfir hann annarsstaðar; en að fara að byggja nýtt steinhús í viðbót við þetta gamla timburhús, nær vitanlega engri átt.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það stendur í greinargerðinni fyrir þessari till., að um leið og landsspítalanum hafi verið ákveðin lóð, þar sem nú sje verið að reisa hann, hafi verið ákveðið, að sú lóð, sem kennaraskólinn stendur á, skyldi falla til landsspítalans.

Jeg vil nú spyrja hv. flm. (JJ), hvar þá ákvörðun sje að finna. Jeg hefi ekki vitað um hana og ekki heldur getað fundið hana, og veit heldur ekki til, að það hafi verið ákveðið. En hv. flm. (JJ) getur máske vísað mjer á það.

Mjer sýnist nú annars yfir höfuð vera svo margt ógert hjer á landi, og þar á meðal óreistar svo margar opinberar byggingar, að það sje ekki tímabært að fara að ráðast í það, að losa sig við eitthvað af því, sem búið er að koma upp, og reisa nýtt í þess stað. Sömuleiðis ef það á að skoða þessa till. beinlínis til þess fram borna að fara að undirbúa byggingu nýs kennaraskóla, þá finst mjer það vera ótímabært. Það eina, sem mjer finst geta verið rjettmætt, eins og nú stendur, það er 1. liður till., að því leyti sem þar er að ræða um skipulagsatriði í byggingu Reykjavíkurbæjar, eða ákvörðun um það, að halda ónotuðu því svæði, sem menn í framtíðinni vildu taka fyrir kennara-

skólann. En þar er jeg hræddur um, að skoðanirnar um það, hvar kennaraskólinn sje best settur, kunni að breytast, og að því kunni að reka, að hann þyki ekki vel settur þar, sem tillagan ætlar honum stað. Jeg gæti t. d. vel hugsað mjer, að hann þætti það ekki, og meira að segja langt frá því. Mönnum þætti ef til vill betra að hafa hann utan við bæinn, og jeg hygg jafnvel, að sú skoðun hafi átt sinn þátt í því, að hann var upphaflega reistur þetta utan við bæinn, en þessi fjarlægð frá miðbænum hefir þó ekki verið nægileg, því að nú má heita, að skólinn sje inni í bænum.

Frsm. (Jónas Jónsson): Hæstv. forsrh. (JÞ) virðist halda, að það sje ofmælt, sem í grg. stendur, að það sje búið að ákveða að leggja lóð kennaraskólans undir landsspítalann.

Nú vil jeg benda hæstv. ráðh. (JÞ) á það, að fyrst og fremst veit húsameistari ríkisins ekki annað en að þetta sje ákveðið; hann hefir sýnt mjer uppdrátt, þar sem lóðin er tilgreind á þann hátt, sem hjer er frá sagt, og í öðru lagi er í fskj. á þskj. 434 drepið á hluti, sem snerta kennaraskólann, þar sem er að ræða um útmælingu lóðar undir landsspítalann, og hefir forstöðumaður kennaraskólans snúið sjer til stjórnarráðsins, til þess að fá leiðrjettingu á því, af því verið sje að leggja lóð skólans undir landsspítalann. Forstöðumaðurinn segir beinlínis, að hann hafi fyrir ári síðan, eða nánar tiltekið 17. des. 1925, ritað ríkisstjórninni brjef um málið, er hann vissi, að verið var að mæla út lóð handa landsspítalanum kringum kennaraskólann, til þess að tryggja skólanum lóð til frambúðar. Í viðbót við þetta skal jeg geta þess, að hv. 2. landsk. (IHB), sem er í landsspítalanefndinni, talaði svo í dag sem honum væri kunnugt um þessa ákvörðun. Það, sem hæstv. forsrh. (JÞ) kann að vanta, sje jeg ekki ástæðu til þess að gefa. Mjer finst, að þar sem hann er aðalhúsbóndi í stjórnarráðinu, þá eigi hann sjálfur að finna þau skjöl, sem við koma málunum, en vera ekki að leita til annara um það.

Hjer eru þá þrjú vitni, og ekki hvað síst forstöðumaður kennaraskólans, sem vill fá nægilega tryggingu fyrir því, að skólinn fái hentuga lóð, þar sem framtíðarskipulag landsspítalans tekur inn á lóð þá, sem skólinn nú er á, og því sje óhugsandi, að leyft verði að byggja nokkrar viðbótarbyggingar við hann, svo sem leikfimishús eða heimavist.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. landsk. (IHB) sagði um það, að jeg hefði fullmikið lagt upp úr því, sem forstöðumaður kennaraskólans hjelt fram, að hann teldi skólanum betur borgið uppi á Skólavörðuholti en við Laufásveg, þá skal jeg geta þess, að honum þótti, eins og segir á þskj. 434, staðurinn á Skólavörðuholti ágætur, en þó væru báðir staðirnir góðir. Sjálfum hafði honum líka dottið í hug staður við Laufásveg, en bjóst ekki við, að hann yrði neitt ódýrari.

Þá hefir núverandi fræðslumálastjóri fært rök fyrir því, að það væri fult svo hentugt fyrir kennaraskólann að vera við Skólavörðutorgið í framtíðinni.

Viðvíkjandi 2. lið till. sagði hæstv. forsrh. (JÞ), að ósjeð væri, hvenær hægt yrði að byggja. Játa jeg það auðvitað, því að það fer eftir kringumstæð-

um öllum og hag ríkissjóðs. En hann misskilur till., ef hann gerir ráð fyrir því, að flm. vilji kasta burtu núverandi húsi skólans. Skjölin benda einmitt á, að það þurfi viðbótarbyggingu á næstu árum, í sambandi við núverandi bygginga, meðan hún endist. Það er því alveg misskilningur hjá hæstv. ráðh. (JÞ), að jeg vilji fleygja burt þessu húsi og láta byggja einhverja höll. Hjer er aðeins verið að ræða um viðbætur, sem gera þarf í sýnilegri framtíð, og vitnisburður aðstandanda skólans er nægileg sönnun, hvers þar sje þörf.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 1. landsk. (JJ) hefir ekki getað upplýst, á hverju hann byggir það, að ákvörðun hafi verið tekin um það fyrir nokkrum árum, að lóð kennaraskólans skyldi falla til landsspítalans. Jeg hugsa helst, að sannleikurinn sje sá, að slík ákvörðun hafi aldrei verið tekin. Jeg veit ekki til, að fyrirætlanirnar um framtíðarbyggingu landsspítalans taki inn á lóð kennaraskólans, að minsta kosti ekki þær, sem jeg hefi sjeð. En þó svo væri, að teikningar húsameistara sýndu, að lóð landsspítalans teygði sig inn á lóð kennaraskólans, þá er það alls ekki sama og það, að lóð hans eigi að renna til landsspítalans. Jeg hygg helst, að það atriði sje óákveðið enn.

Hv. flm. (JJ) skýrði 2. lið till. svo, að mjer skildist, að þar væri átt við frumdrætti að viðbótarbyggingu við skólann. En það verður þá ekki sjeð af 2. lið eins og hann er. Jeg ætla þó að taka skýringu hv. flm. (JJ) góða og gilda.

Jeg verð nú að segja það um stað þann, sem valinn hefir verið handa hinum opinberu byggingum, að hann er vandræðastaður, vegna þess, meðal annars, að ekki má búast við, að vatnsveita bæjarins verði þannig í framtíðinni, að byggingar þær, sem verða þarna efst uppi á holtinu, hafi viðunandi vatn. Auðvitað eru það aðrir, sem ráða því, hvort þær verða settar þarna eða ekki, en jeg hefi þó sagt hlutaðeigandi mönnum það, sem mína skoðun, að það væru mistök að vera að safna sem flestum opinberum byggingum á þann stað, sem er illa til þess hæfur, nema þá fyrir þau hús, sem vegna lítillar notkunar hafa ekki sjerstaka þörf fyrir vatnsveitu í fullkomnu lagi.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg get verið stuttorð. Hæstv. forsrh. (JÞ) hefir tekið það fram, að engin vitneskja eða sönnun væri fyrir því, að kennaraskólalóðin fjelli til landsspítalans, önnur en sú, að á uppdrætti húsameistara af landsspítalalóðinni nær eitt horn hennar inn á lóð kennaraskólans. Nú er upplýst, að engin ákvörðun hefir verið tekin um, hvort þetta lóðarhorn verði nokkurn tíma lagt undir landsspítalann. En jeg skoða þetta, eins og jeg hefi sagt í samtali við hv. 1. landsk. (JJ), aðeins sem „Fremtidsmusik", ef jeg má viðhafa það orð. En reynist það nauðsynlegt í náinni framtíð að byggja t. d. heimavistir og leikfimishús við kennaraskólann, finst mjer öll skynsemi mæla með því, að ekki verði bygt við þetta gamla timburhús, sem þá verður orðið enn hrörlegra en það er nú. Að þessu athuguðu er sýnilegt, að talsverðar líkur geta orðið til þess, að skólinn verði fluttur, og væri því ekki úr leið að hugsa honum nú þegar fyrir lóð. En hvort heppilegra sje að

hafa hann á Skólavörðuhæðinni eða við Laufásveg, þar sem hann nú er, reynist lóð sú nægilega stór, um það hygg jeg verði skiftar skoðanir. Mjer hefir skilist, að skólastjórinn væri ánægður með að hafa skólann nálægt þeim stað, sem hann nú er. En með því að samþykkja till. hv. 1. landsk. (JJ) er því slegið föstu, að kennaraskólinn skuli standa á Skólavörðuhæðinni („háborginni").

Annars þarf jeg ekki að fjölyrða meira um þetta. Jeg hygg, að lóð landsspítalans missi einskis í, þó að þetta horn kennaraskólalóðarinnar verði ekki lagt til hennar.

Frsm. (Jónas Jónsson): Viðvíkjandi þeim vafa, sem er um það, hvort tilætlunin sje að leggja lóðina undir landsspítalann, vil jeg benda á, að forstöðumaður kennaraskólans bætti sjálfur í handrit mitt að fundargerð dagsetningunni og öðru, er snertir það, hvenær hann ritaði stjórninni og bað um nýja lóð. Það brjef sannar, að hann hafi staðið í þeirri meiningu, að það þyrfti að útvega nýja lóð handa skólanum.

Í raun og veru er hjer ekki um annað að ræða, eins og hv. 2. landsk. (IHB) tók fram, en að gagnlegt er að tryggja lóð handa skólanum í tíma, og ekki síst í samráði við þá menn, sem nú starfa við hann, þó að þeir komi ekki til að njóta þess, að minsta kosti ekki forstöðumaður hans. En þó á það ekki illa við að leyfa hinum mikilsmetna forstöðumanni að vera með í ráðum að tryggja skólanum framtíðarheimili.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg skal geta þess, til upplýsingar fyrir hv. þdm., að það hagar svo til, að kennaraskólalóðin er innan sama gatnaferhyrnings, sem afmarkar lóð landsspítalans. Hún takmarkast af götum á tvo vegu, en af lóð landsspítalans á hina tvo veguna. Það var því mjög eðlilegt, að forstöðumaður kennaraskólans benti á það í tíma, áður en endanleg tilhögun á lóð landsspítalans væri gerð, að ætla þyrfti skólanum nægilega lóð. Jeg skal ekkert um það segja, hvort hægt sje að útvega skólanum þar þá lóð, sem hann þarf í framtíðinni. En jeg veit bara ekki, hvort nokkuð er ákveðið um það, hvort skólinn skuli vera þarna eða ekki.

Jóhannes Jóhannesson: Afstaða mín í nefndinni var bygð á því, að búið væri að leggja lóð kennaraskólans til landsspítalans. En ef þetta reynist nú ekki svo, og ef líkindi eru til þess, að kennaraskólinn geti í framtíðinni haldið nægilega stórri lóð þar sem hann nú er, fyrir sig og viðbótarbyggingar þær, sem nauðsynlegar eru, þá tel jeg ekki þörf á að gera neitt nýtt í málinu. En þetta verður auðvitað rannsakað.

ATKVGR.

1. liður samþ. með 8 shlj. atkv.
2. liður samþ. með 8 shlj. atkv.
3. liður tekinn aftur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 470).

10. Sameining póststöðva og símstöðva.

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 9. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um sameining póststöðva og símstöðva (A. 346).

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 11. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 58., 62. og 64. fundi í Nd., dagana 23. og 29. apríl og 2. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., næsta dag, var till. enn tekin til einnar umr. (A. 346).

Flm. (Magnús Torfason): Jeg hefi ásamt hv. þm. Str. (TrÞ) borið fram þessa till. til þál. um sameining póststöðva og símstöðva, þar sem deildin skorar á hæstv. landsstjórn að rannsaka, að hve miklu leyti megi sameina rekstur síma og pósts. Tilefnið er fyrst og fremst það, að hjá flestum stórþjóðum eru þessar starfsgreinir reknar saman. Er það ákaflega eðlilegt, svo skyldar sem þær eru hvor annari; síminn í raun rjettri ekki annað en fljótari og að ýmsu fullkomnari tegund póstsendinga. Ennfremur er það vitanlegt, að fyrir þingi Dana liggur nú frv. þess efnis, að koma síma og pósti undir eina stjórn og sameina starfrækslu þeirra eins og unt er. Þar er þetta fyrst og fremst gert til sparnaðar, en vitanlega er það jafnframt til hagræðis fyrir landsfólkið. Hjer á landi kemur það sjer oft illa, einkum til sveita, að þurfa á tvo staði með símskeyti og brjef. Einkum á þetta við um símaávísanir, sem nú eru orðnar algengar hjer á landi og verða að fara gegnum bæði pósthús og símstöð. — En það, sem sjerstaklega fekk okkur flm. til að bera þessa till. fram nú, var það, að vænta má, að hægt verði innan fárra ára að koma þessari breytingu á, ef nú þegar er byrjað á undirbúningi þess. En annars mætti vænta, að það tæki miklu lengri tíma. Þannig stendur sem sagt á, að nú er símstjóraembættið laust, en póstmeistari, góðrar minningar, er aldurhniginn og verður því sennilega ekki mjög mörg ár enn í stöðunni. Ef símstjórastaðan yrði ekki veitt, ætti því innan skamms tíma að mega sameina stöðurnar, án sjerstaks tilkostnaðar.

Jeg skal taka það fram, að mjer kemur ekki til hugar, að annar en fagfræðingur megi standa fyrir símanum, og sama máli gegnir um póstinn. En jeg ætlast til, að þeir verði einskonar deildarstjórar, hvor fyrir sinni stofnun, en yfir þá sje settur maður, sem vinni að nánari samvinnu milli síma og pósts. Sá maður þarf fyrst og fremst að vera góður búmaður, víðsýnn og hagsýnn.

Svo þykist jeg ekki þurfa að fara um þetta fleiri orðum. Í raun og veru er nú alt sagt, sem með þarf að svo stöddu. Jeg býst við, að hæstv. stjórn sje fús til að athuga málið, eigi síður fyrir þá sök, að hvað mannahald snertir er verkefni síma og pósts hvors um sig misjafnt á ýmsum tímum. Símamenn hafa oft mikinn tíma aflögu, og eins er um póstmenn. Þess vegna er það, að þetta myndi nýtast betur, hvað mannaflann snertir, með því að þetta yrði haft sameiginlegt.

Þá vil jeg taka það fram um leið, að landið vill spara öll útgjöld, sem hægt er, en þessar stjettir, sem þykjast hafa orðið illa úti og vera lágt launaðar, þær ættu að geta bætt fyrir sjer með þessu að ýmsu leyti.

Jeg álít sem sje, að þessi till. sje mjög meinlítil, og vænti jeg, að henni verði vel tekið af hv. deild og hæstv. atvrh. (MG), því að það er vitanlegt, að það verður ekki komist hjá því að taka þetta mál til athugunar. Það eina, sem þessi till. myndi beinlínis hafa í för með sjer, er það, að landssímastjóraembættið mundi ekki verða veitt á meðan á þessari rannsókn stæði, nje heldur fyr en þingið hefði fengið að heyra tillögur hæstv. stjórnar um það.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Þetta mál er ekki nýtt hjer á þingi. Jeg held, að það hafi komið fram á þinginu 1922. Þá var, að mig minnir, skorað á stjórnina að láta eitthvað svipaða rannsókn fara fram eins og hjer er gert ráð fyrir, og það gerði stjórnin á sínum tíma. Það var hv. 1. þm. Rang. (KlJ), sem gerði það sem atvinnumálaráðherra, og síðan hefir ætíð þeirri reglu verið fylgt, þegar losnað hefir annaðhvort símastjórastarf eða símavarðar úti um land eða póstafgreiðslumannsstarf, þá hefir verið athugað, hvort ekki væri hægt að slengja þessum störfum saman, og landssímastjóri og póstmeistari hafa altaf ráðgast um þetta, samkvæmt fyrirmælum í brjefi, dags. 4. maí 1922, og það hefir verið með þeim árangri, að tekist hefir að sameina þessi embætti á 6 stöðum. Þessir staðir eru: Fáskrúðsfjörður, Borðeyri, Egilsstaðir, Eskifjörður, Siglufjörður og Stykkishólmur. En stundum hefir staðið svo á, að sá maður, sem eftir hefir verið í hinni stöðunni, hefir ekki treyst sjer til þess að taka við þeirri stöðunni, sem losnað hefir. En þessi athugun hefir farið fram altaf jafnóðum og stöðurnar hafa losnað, og jeg geri ráð fyrir, að því verði haldið áfram á sama hátt og verið hefir.

Eftir því sem hv. aðalflm. (MT) mælti fyrir till. sinni, þá virðist mjer hún ganga lengra en þál. 1922 að því leyti, að rannsakað verði, hvort ekki sje hægt að sameina yfirstjórn síma- og póstmála. Jeg skal fyrir mitt leyti ekkert hafa á móti því að láta slíka rannsókn fara fram, en hún þýðir auðvitað það, að það verður að hafa settan mann í landssímastjórastöðunni þar til á næsta þingi. Þetta er sjálfsagt ekki nein frágangssök, en jeg er hræddur um, að rannsóknin leiði aðeins í ljós, að það verði tiltölulega lítill sparnaður að sameiningunni og kannske enginn, því að þeir landssímastjóri og póstmeistari halda því báðir fram, að þeir menn, sem gegna þessum embættum, hafi sjálfir svo mikla persónulega vinnu, að slík sameining á störfum geti ekki átt sjer stað nema þá með því að taka mann í þeirra stað, til að losa þá við þessi störf, en hinsvegar halda þeir því fram, að það sje erfitt fyrir einn mann að vera framkvæmdarstjóri fyrir hvorttveggja, nema þá að hann sje mjög vel kunnugur öllum þessum störfum, svo að hann þurfi ekki að sjá alt með annara augum. Alt þetta er rannsóknaratriði eftir till., og skal jeg því ekki ræða það frekar, en aðeins lýsa yfir því, að svo framarlega sem hv. deild

óskar, að þessi rannsókn fari fram, þá er frá minni hálfu ekkert í vegi fyrir því, að hún verði framkvæmd.

Jeg get hugsað mjer, að þeim manni, sem nú er settur til þess að gegna embætti landssímastjóra, þyki verra að vera settur svo lengi, ef hann gerir sjer von um að verða skipaður í stöðuna, en jeg álít það ekki atriði, sem hafi svo mikla þýðingu, að það sje ástæða til að setja það sjerstaklega fyrir sig.

Jeg sje ekki, að þetta þurfi frekar að ræða, og skal aðeins endurtaka það, að jeg er fús til að láta þessa rannsókn fara fram, ef þingið óskar, að það verði gert.

Hákon Kristófersson: Hæstv. atvrh. (MG) benti til þess, að það væri þegar horfið að því ráði að sameina ýmsar af þeim stöðum, sem hjer er um að ræða.

Þetta gefur mjer tilefni til að spyrjast fyrir um það, hvernig ástatt sje með póstafgreiðslumannsstarfið í Flatey á Breiðafirði, sem jeg veit ekki til, að veitt sje enn þá, en ef svo er, þá hefði jeg talið, að fullkomlega hefði verið hægt að sameina þá stöðu við forstöðumannsstarfið við loftskeytastöðina, því að jeg býst við, að það gæti orðið nokkur sparnaður að því, þó ekki væri nema 2—300 krónur á ári. Sýnist rjett að stefna að því, þar sem slíkar sameiningar eru vel mögulegar, en á slíkum smástöðum sýnist það vera vel í hóf stilt, að farið sje eftir þessari till., sem hjer liggur fyrir.

Jeg vildi aðeins minnast á þetta til athugunar og ábendingar, ef hæstv. stjórn sæi sjer fært að hlutast til um, að það yrði gert, ef ekki þykir ástæða til að láta þessar stöður halda áfram að vera sjálfstæðar.

Viðvíkjandi því, sem fram kom um að sameina forstöðuna fyrir póst- og símamálum, vil jeg segja það, að þau störf eru alt annars eðlis, og býst jeg við, að það sje svo fráleitt, að sami maður geti gegnt báðum, að ekki þýði að hugsa til þess, því að þeir menn, sem slíkan starfa taka að sjer, verða að mínu áliti að hafa alist upp við þau störf, eða ef það mætti orða það svo, lifað sig inn í starfið, og það segir sig sjálft, að það er annar maðurinn hæfari til þess að veita forstöðu póstmálum og þvílíku, en annar máske hæfari fyrir hina stöðuna, og frá mínum bæjardyrum sjeð er það nauðsynlegt, að hjer sje um menn að ræða, sem hafi komið ungir að þeim störfum og einlægt farið stig af stigi, eða eins og jeg orðaði það áður, lifað sig inn í starfið. Sameining á svona ólíkum störfum get jeg ekki hugsað mjer að verði til mikilla hagsmuna fyrir þjóðfjelagið, ef þeim er slengt saman, og jeg skil þess vegna ekki, hve vel hæstv. atvrh. (MG) tekur í að láta rannsókn fara fram í þessu efni, og úr því að jeg skil það ekki, þá þætti mjer vænt um að fá að vita, hvernig þessi rannsókn ætti að fara fram. Jeg kem í svipinn ekki auga á það, hvernig á að framkvæma rannsókn hvað þetta atriði snertir.

En sem sagt, jeg álít, að sameining ýmissa smásýslana sje í rauninni það, sem eigi helst að stefna að, en það segir sig þá sjálft, að það verður að vanda vel menn í þessar stöður, ef þessi tvö trúnaðarstörf eiga að sameinast. Það verða að vera mjög trúverðugir og efnalega sjálfstæðir menn, því að þeir koma til að ráða yfir stórum fúlgum af opinberu fje, sem viðkomandi á að

standa skil á, svo að ábyrgðin verður þeim mun meiri, sem hún er margþættari. En jeg býst við því, og jeg slæ því alveg föstu, að hver stjórn myndi vanda til þessa starfs sem mest mætti verða, og að minsta kosti treysti jeg svo vel núverandi stjórn, og maður reynir að vona, að sama máli gegni um stjórnir í framtíðinni, að það verði aldrei settir í þessar stöður nema valinkunnir menn, sem treystandi sje til alls drengskapar í hvívetna.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg get verið þakklátur hæstv. atvrh. (MG) fyrir undirtektir hans við till., og þarf jeg ekki að taka annað fram en það, sem mörgum af þeim mönnum hefir fundist, sem athugað hafa póstmálaforstöðuna hjer á landi, að þeir þykjast ekki koma auga á mann, sem fylli sæti okkar gamla, góða póstmeistara, þegar til þess kemur. Það eru vitaskuld margir valinkunnir menn, sem starfa hjer á pósthúsinu, en það eru margt af þeim aldraðir menn, sem myndu ekki vera færir um að taka að sjer stöðuna, þótt þeir hafi verið góðir og gegnir menn á sinni tíð.

Að öðru leyti er það sýnilegt, að síminn er að bólgna og stækka ár frá ári, og veitir svo stórum mun meiri tekjur en póstmálin gera, svo að það er alllíklegt, að með tíð og tíma verði póstmálin ekki nema smábrot af hinu. Af því vildi jeg líka taka það fram í þessu sambandi, að eitt er það, sem ætti að geta orðið til mikils sparnaðar í þessu máli. Húsaleiga ætti að geta orðið mun minni, en það er, eins og við vitum, ekki óverulegur hluti af kostnaðinum, að minsta kosti sjer maður það á reikningum frá póstafgreiðslumönnum, að húsaleigan er allverulegur útgjaldaliður hjá þeim, og þá verður manni sjerstaklega að renna huganum til lóðarinnar hjerna við hafnarbakkann fyrir austan símahúsið, sem menn hafa í hyggju að kaupa fyrir of fjár. Mjer dettur í hug út af því, þegar byggja skal á þessu plássi, hvort þá er ekki rjett að athuga um leið, hvort byggingar á sínum tíma fara fram með það fyrir augum, að þetta hvorttveggja sje sameinað.

Hv. þm. Barð. (HK) ljet í ljós, að sjer fyndist það firru næst að hugsa sjer, að yfirmaður þessara stofnana væri ekki sjerstaklega kunnáttumaður. Jeg hefi ekki sagt það, að hann eigi ekki að hafa einhverja þekkingu á hlutverki sínu, og býst við, að sá maður yrði að hafa undirbúið sig á einhvern hátt. En að minsta kosti er þetta ekki fráleitara en það, að danska stjórnin og sú nefnd, sem hefir haft málið þar til meðferðar, hafa hnigið að því að sameina þessar greinir. En sá maður, sem á að hafa þetta mál með höndum, verður að vera maður víðsýnn og góður búmaður, en sjerkunnáttu þarf ekki meiri en svo, að sæmilega skynsömum mönnum, sem fengju slíka trúnaðarstöðu, myndi veita það ljett að setja sig inn í hana.

Þá spurði hv. þm. (HK), hvað ætti að rannsaka í sambandi við þetta, og hvort það ætti að sameina þessar æðstu stöður þarna. Rannsóknin fer vitanlega fram þannig, að það er athugað, hvort þetta getur samrýmst neðan frá og upp úr gegn, þessar tvær greinir samgöngumálanna; en hvað það atriði

snertir að láta einn og sama mann hafa æðstu ráð með höndum í þessum málum, þá getur maður kannske sagt, að ekki þurfi að rannsaka það beinlínis, en það þarf að minsta kosti að athuga það rækilega, en annars er það venja að nota þetta orð, rannsókn, í slíkum tillögum, meðfram af því, að það er ætlast til þess, að ráðherra fái umsagnir frá mönnum, sem hafa sjerþekkingu í þeim greinum, sem um er að ræða; það er ætlast til, að þeir athugi það og rannsaki.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 491).

11. Öryggis- og heilbrigðiseftirlit með verksmiðjum.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um öryggis- og heilbrigðiseftirlit með verksmiðjum (A. 428).

Á 62. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. maí, var till. aftur tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 67. og 68. fundi í Nd., dagana 5. og 6. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., næsta dag, var till. enn tekin til einnar umr. (A. 428).

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Í nágrannalöndunum er nokkuð langt síðan komið hefir verið á eftirliti með verksmiðjum. Í Danmörku er um það víðtæk löggjöf, og var þar fyrst leitt í lög slíkt eftirlit árið 1873. Síðan hefir þeim verið breytt á ýmsan hátt og aukið við þau. Þessi lög eru á þá leið, að ákveðnir eftirlitsmenn koma á þá staði, sem taldir eru verksmiðjur, eða þar sem 5 menn eða fleiri vinna og unnið er með vjelum. Eiga þeir að gæta þess, að loftrás sje heilsusamleg og útbúnaður vjela þannig, að hann sje ekki hættulegur heilsu manna eða slys hljótist af o. fl.

Nú er hjer lögákveðið að hafa skoðun á skipum, en á landi er ekki haft slíkt eftirlit. Einn af starfsmönnum stjórnarinnar hefir kynt sjer þetta mál, og það ætti því að vera auðvelt fyrir stjórnina að undirbúa þetta mál með hans aðstoð til næsta þings.

Verksmiðjur hafa margar risið hjer upp á síðari árum, svo sem síldarverksmiðjur úti um land og margvíslegar verksmiðjur í Reykjavík, og eru þær mjög misjafnt útbúnar. Það þarf varla að eyða orðum að því, hversu nauðsynlegt sje að tryggja heilsu og líf þeirra manna, sem þar vinna, með því að sjá um, að allur útbúnaður verði sem heilsusamlegastur og tryggastur, enda er það jafnframt til hagsmuna fyrir atvinnurekendur, að slíkt eftirlit sje með öllum verksmiðjum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guð-

mundsson): Það er rjett til getið hjá hv. flm., að engin ástæða sje til annars en taka þessari till. vel, einkum þegar þess er gætt, að einn af starfsmönnum ríkisins, Ólafur Sveinsson vjelfræðingur, hefir talsvert athugað þetta mál. Var það í samráði við mig, að hann gerði það í utanför sinni í fyrra.

Eru til talsverð drög að frv. um þetta mál, þótt það þætti ekki nægilega undirbúið til þess að leggja það fyrir þetta þing.

Það er fyrirsjáanlegt, að þessu eftirliti fylgir nokkur kostnaður, ef það á að ná til allra verksmiðja á landinu. Mun kostnaður við eftirlitsferðir vera það tilfinnanlegasta, en það er bót í máli, að þær má sameina við aðrar ferðir þessa manns, þar eð hann hefir eftirlit með skipum og bátum á hverju sumri. Væri eflaust heppilegt, ef hægt væri að sameina þetta tvent. Stjórnin hefir ekkert á móti að athuga þetta mál fyrir næsta þing, og mun þá sennilega koma með frv.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. í heild samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 525).

12. Stúdentaefni frá Akureyrarskóla.

Á 36. fundi í Ed., föstudaginn 25. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um styrk handa stúdentaefnum frá gagnfræðaskólanum á Akureyri (A. 248).

Á 37. fundi í Ed., laugardaginn 26. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 38. fundi í Ed., mánudaginn 28. mars, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Kristjánsson): Jeg var flm. að till. til þál. um, að stúdentaefnum væri leyft að taka próf við Akureyrarskólann, en hún fjell, eins og kunnugt er. Afstaða mín var og er fyrst og fremst sú, að gera norðanmönnum skólalærdóm sinn sem ódýrastan. Þegar jeg gerðist meðflytjandi að fyrri þáltill., hafði jeg ekki fyrir mjer umsögn háskólaráðsins í málinu, en hinsvegar hafði skólameistarinn á Akureyri sagt mjer, að ekkert mundi því til fyrirstöðu, að stúdentaefni fengju að taka prófið norður frá. En þegar um þetta var rætt á fundi í Sþ. nú á dögunum, var lesið upp brjef háskólaráðsins, þar sem tekið var fram, að eftir 17. gr. háskólalaganna sæi háskólinn sjer ekki fært að taka við þeim stúdentum, sem útskrifaðir væru á Akureyri, og teldi það sem brot á reglugerð háskólans eða háskólalögunum. Þessi yfirlýsing háskólaráðsins breytti stefnu minni í málinu. Jeg ætlaði mjer aldrei að etja kappi um þetta við háskólaráðið og sá því þann kostinn vænni, að fara þá leiðina, sem hjer er um að ræða, að stúdentaefnum gagnfræðaskólans á Akureyri verði veittur ferðastyrkur til þess að standast kostnaðinn við að taka prófið hjer. Fyrir mjer vakti aldrei annað en það, að piltum þessum væri

gert sem ódýrast fyrir að taka prófið, og það sama býst jeg við að hafi vakað fyrir meðflytjendum mínum. Hinsvegar lít jeg svo á, að full þörf sje á, að upp rísi lærður skóli í Norðurlandi, að það sem fyrst. En það er ekki hægt sem stendur, eða svo að það nái til þeirra pilta, sem stúdentspróf ætla að taka í vor, heldur verður að keppa að þessu í framtíðinni. Hjer er því ekki um annað að ræða en að ljetta undir með piltum og gera þeim kleift að taka prófið hjer.

Jeg vildi ekki bera ábyrgð á því, að stúdentaefnin á Akureyri yrðu gintir til þess að taka próf fyrir norðan, próf sem ekkert gildi hefir, svo að þeim yrði neitað um inntöku í háskólann hjer, ef þeir óskuðu þess, og sömuleiðis neitað um aðgöngu að háskólum erlendis, ef þeir leituðu þangað. Hefði þetta alt í för með sjer mikið aukinn kostnað, tímatöf og vonbrigði fyrir piltana. Á þessu vildi jeg ekki bera ábyrgð, og þess vegna fjell jeg frá till. um daginn, og reyni svo þessa leið, sem jeg verð að álíta þá einu og heillavænlegustu, eins og málið horfir við. Vænti jeg því, að hv. þdm. geti fallist á till. mína og greiði henni atkv. Þegar málinu er bjargað í bili á þann hátt og stúdentaefnum gert fært að taka prófið, er næst fyrir hendi, að áhugamenn þessa máls snúi sjer að því að fá fullkominn mentaskóla í Norðurlandi, sem enginn vafi geti leikið á, að hafi rjett til þess að útskrifa stúdenta.

Einar Árnason: Það er aðeins vegna lítillar fyrirspurnar til hv. flm. (JKr), að jeg kvaddi mjer hljóðs. Mjer fanst það ekki koma nógu skýrt fram í ræðu hans, hvernig þessum styrk skuli varið, og sama er að segja um greinargerð þá, er till. fylgir, að mjer finst ekki, að hægt sje að lesa út úr henni, hvað eiginlega sje meint með orðinu „ferðastyrk". Er það aðeins fargjald hingað suður og til baka norður? Eða er það meira? Er þar með átt við annan kostnað, sem af förinni leiðir, dvalarkostnað hjer í Reykjavík á undan prófinu og kostnað við undirbúning prófsins, sem gera má ráð fyrir, að piltar þurfi að kaupa?

Þessu vildi jeg gjarnan fá svarað, áður en jeg á að greiða atkv. í þessu máli, og eins er hitt, hvort samþ. þessarar þáltill. hefði það í för með sjer, að stúdentaefni, sem stundað hafa þetta framhaldsnám við skólann á Akureyri, megi vænta þessa styrks framvegis, eða á hverju ári. Mjer finst till. þessi, ef hún nær samþ., skapa einmitt slíkt fordæmi, og því virðist mjer nauðsynlegt, að það komi þegar fram í umr., hvernig eigi að skilja hana.

Eitt atriði var það í ræðu hv. flm., sem jeg finn ástæðu til að mótmæla. Hann sagði, að till. okkar, sem borin var fram í Sþ., um rjett Akureyrarskóla til þess að útskrifa stúdenta, hefði verið brot á háskólalögunum. Þessu var að vísu haldið fram í umr. um daginn í Sþ., en þó að það væri gert, get jeg samt ekki fallist á, að það sje á neinum rökum bygt. Enda hefi jeg fengið þær upplýsingar síðan deilt var um brjef háskólaráðsins í Sþ., að sjálft háskólaráðið hafi ekki verið sammála um, hvernig skilja eigi 17. gr. háskólalaganna. Tveir af fimm, sem þar eiga sæti, vildu taka það gilt, að Akureyrarskólinn útskrifaði sína stúdenta, en þeir beygðu sig fyrir meiri hl.

En þetta kemur ekki þessu máli við, eins og því er nú komið. Stúdentarnir hljóta að vera stúdentar, hvaðan svo sem þeir koma og hvað sem háskólinn segir um það. Enda væri ekki loku fyrir það skotið, að farin yrði sú leið, að erlendum háskólum gæfist kostur á að kveða upp sinn dóm í þessu máli, og þá á þann hátt, að þeir annaðhvort veittu þessum stúdentum viðtöku eða þá synjuðu þeim.

Flm. (Jónas Kristjánsson): Jeg skal með örfáum orðum svara spurningum hv. 1. þm. Eyf. (EÁ). Með ferðastyrk á jeg ekki aðeins við allan ferðakostnað fram og aftur, heldur og dvalarkostnað piltanna hjer um prófið og einhvern tíma á undan því, eftir því sem ætla mætti, að þeir þyrftu til undirbúnings. Það leiðir af sjálfu sjer, að úr því hjer er verið að hjálpa fátækum piltum, þá verður fjárstyrkur þessi að miðast við það, að greiða þann kostnað, sem af því leiðir að taka prófið hjer.

Um hitt, hvort þetta skuli vera standandi regla framvegis, þá er því að svara, að mjer er ekki kunnugt um, að piltar sjeu í undirbúningi um að taka stúdentspróf t. d. á næsta ári eða framvegis. En sje svo, tel jeg sjálfsagt, að þeir verði sömu hlunninda aðnjótandi, eða á meðan Akureyrarskólinn er ekki álitinn fær um að útskrifa stúdenta. Jeg mundi fyrir mitt leyti fylgja því eindregið, að fátækum, efnilegum piltum yrði veittur þessi styrkur áfram. En hinsvegar geri jeg ráð fyrir því, að þess sje ekki langt að bíða, að Norðlendingar leitist við að gera Akureyrarskólann að fullkomnum mentaskóla, og þá verður að líta á þennan ferðastyrk sem bráðabirgðaráðstöfun.

Jeg hefi engan dóm lagt á það, hvort till. okkar á dögunum hefði verið brot á háskólalögunum. Um það var jeg heldur ekki fær að dæma, enda benti jeg á, að þetta væri skoðun háskólaráðsins, og sömuleiðis sagðist jeg hafa spurt ýmsa löglærða menn um þetta og þeir fallist á skoðun háskólaráðsins í þessu efni. Og jeg get bætt því við, að einn háskólakennarinn, sem er prófessor í lögum, hefir sagt mjer, að það væri skýlaust brot á háskólalögunum að veita Akureyrarskólanum, eins og hann er nú, rjett til þess að útskrifa stúdenta.

Við þetta hefi jeg svo ekki fleiru að bæta, og getur verið útrætt um till. frá minni hendi.

Jónas Jónsson: Jeg vildi leyfa mjer að beina einni eða tveimur fyrirspurnum til hæstv. kenslumálaráðh. (MG). Í fyrsta lagi, hvað háan styrk hann getur búist við, að hægt verði að veita þessum piltum — þeir eru víst 10 talsins, sem hugsað hafa sjer að ganga undir próf á Akureyri nú í vor. Þetta eru alt bláfátækir menn, sem eytt hafa 3 árum í mentaskólanám þar, og engan styrk fengið. Jeg vildi vita, hvort styrkurinn yrði miðaður við námsstyrk mentaskólasveina, eða hafður hærri, með það fyrir augum, að piltarnir hafa engan styrk fengið áður. Í öðru lagi vildi jeg mælast til, að orðalagi tillgr. væri breytt. Það stendur, að ferðastyrkur þessi nái aðeins til vorsins, sem nú fer í hönd. En af því að gera má ráð fyrir, að strax á næsta vori þurfi líka að útskrifa stúdenta frá

Akureyrarskóla, þá virðist mjer, að standa ætti í till., að regla þessi gilti framvegis.

Jeg álít, að því sje ekki þannig farið, að þessir piltar eigi auðvelt með að taka stúdentspróf hjer. Jeg hefi talað við einn af kennurum mentaskólans og spurt hann að því, hvort það væri rjett, sem jeg hefi heyrt, að samtök væri milli kennara hjer um að neita þessum piltum um tímakenslu fyrir stúdentspróf. Hann sagðist halda, að ekki væri um nein samtök að ræða, en rektor mentaskólans hefði beðið sig að taka norðanpiltana ekki til kenslu undir stúdentspróf, og því kvaðst hann hafa lofað.

Jeg býst nú við, að fyrst rektor þótti það svona miklu máli skifta, að þessi stúdentaefni fengju ekki tilsögn hjer undir próf, þá hafi hann farið fram á þetta við fleiri kennara en þennan eina. Og þá ætla jeg, að hv. þdm. geti orðið það ljóst, að þessir norðanpiltar eiga kaldra griða að vænta hjer, þá er þeir koma til prófs. Jeg hefi aldrei heyrt, að rektor hafi nokkru sinni áður komið með slíka beiðni til kennara, vegna utanskólanemenda. Sumir kennarar geta ekki tekið pilta í tímakenslu undir próf, vegna tímaleysis, en aðrir, svo sem þessi kennari, sem jeg mintist á áðan, en það er dr. Ólafur Dan. Daníelsson, hafa aftur á móti hjálpað mörgum piltum. Utanskólanemendum — og til þeirra verða nemendur frá Akureyrarskóla nú að teljast — er það nauðsynlegt að fá að vita áður en til prófs kemur, hvað það er, sem kennarar leggja áherslu á, og að kynnast þeim, því að þá hafa þeir að mörgu leyti betri aðstöðu, er til prófs kemur.

Þessi beiðni rektors gerir piltum erfitt fyrir um próftöku og leiðir til þess, að þessir piltar falli fremur en aðrir, vegna þess, að þeir hafa verri aðstöðu við próf.

Jeg veit, að sumir af þessum piltum hafa nú, er þeir fengu vitneskju um þetta, fremur hugsað sjer að taka stúdentspróf erlendis. Og það skiftir landinu engu um styrk til þeirra, hvort þeir taka prófið hjer, í Noregi eða Danmörk, því að þeir fengju ekki meiri ferðastyrk til þess að taka próf ytra heldur en hjer. En það ætti hv. þdm. að vera ljóst, að óviðfeldið er að neyða pilta til þess að taka próf hjer, eftir það, sem á undan er gengið.

Byrjun málsins er sú, að nokkrir menn á Akureyri, þar á meðal bæjarfógeti og Böðvar Bjarkan lögmaður, hafa ritað brjef um prófrjettindi þessara pilta norður frá. Þessir tveir menn eru að minsta kosti eins góðir lögmenn og guðfræðisprófessor við háskólann. Hæstv. stjórn leitar svo álits rektors mentaskólans um það, hvort þessir piltar megi ganga undir próf nyrðra, og hann svarar aftur með mjög kuldalegu brjefi. Og upp á hans „autoritet" er svo beiðni piltanna synjað. En síðan, þegar það kemur til mála, að piltarnir fái að ganga undir próf hjer, þá eru hjer gerðar ráðstafanir, sem virðast miða að því að fella þessa pilta við próf. Um alla þessa framkomu er það vægast sagt, að hjer er stórhneyksli í uppsiglingu. Það á að neyða þessa pilta til þess að ganga undir próf þar, sem ekki á hið sama að ganga yfir þá og aðra. Ef prófið á svo að vera mælikvarði á það, hvað þeir eru vel að sjer í samanburði við aðra, þá fer að verða undarlegt rjettlæti í landinu.

Jeg hefi líka heyrt, að nemendur í 6. bekk mentaskólans óski einskis fremur en þess, að piltarnir komi ekki að norðan. Af hverju? Af því að þeir búast við því, að prófið verði þá gert miklu þyngra heldur en ella, til þess að gera norðanpiltum sem erfiðast fyrir.

Jeg álít, að þeir fylgismenn hæstv. stjórnar, sem hafa fylgt þessu máli fram í þeirri góðu trú, að þeir væru að gera rjett, muni nú eftir þetta eigi vilja halda áfram í sömu stefnu.

Vona jeg, að hv. flm. (JKr) og hæstv. stjórn vilji fallast á till. mína, að ákveða styrkinn hæfilegan, og að það sje ótiltekið, hvar þessi stúdentaefni taka próf, því að það kemur ekki Alþingi við.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 1. landsk. (JJ) spurði um það, hvað stjórnin mundi vilja veita háan styrk, ef till. þessi væri samþ. Stjórnin hefir ekki ákveðið neitt um þetta. Mál þetta er nú til fyrri umr., og þess vegna er varla við því að búast, að hún hafi ákveðið neitt í þessa átt.

Þá spurði hann og, hvort orðin „á næstkomandi vori" mættu ekki falla burtu, með tilliti til þess, að slíkur styrkur yrði oftar veittur. Jeg sje enga ástæðu til þess að fella niður þetta ákvæði, því að ef slíkur styrkur á að haldast, þá er hægt að koma ákvæði um það inn í næstu fjárlög.

Svo spurði hann líka um það, hvort ekki væri sama, þótt þessir nemendur tækju stúdentspróf erlendis. Í rauninni getur það verið sama fyrir ríkissjóð. en jeg er viss um, að það er verra fyrir piltana sjálfa að ganga undir próf á erlendu máli, og jeg býst ekki við því, að þeir sjeu færir um það, enda þótt þeir geti staðist próf hjer með lofi. Væri það því illa farið, ef þeir tækju það ráð.

Það sem hv. 1. landsk. (JJ) sagði um samtök meðal kennara hjer gegn norðanpiltum, þá er mjer ekkert um þau kunnugt. En ef slíkt skyldi eiga sjer stað, þá tel jeg það algerlega rangt. og jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á, að nokkur flugufótur sje fyrir þessu. Jeg býst heldur ekki við því, að það sjeu margir af norðanpiltum, sem hefðu getað notið aðstoðar dr. Ólafs Dan. Daníelssonar, því að jeg veit ekki betur en að þeir ætli sjer allir að taka próf í máladeild, en enginn í stærðfræðideild.

Þá sagði hv. þm. (JJ), að stjórnin hefði gert það upp á „autoritet" rektors mentaskólans að neita um, að piltar þessir tækju stúdentspróf á Akureyri. Þetta er ekki rjett. Neitunin er komin frá háskólaráðinu, því að það skilur háskólalögin svo, að einungis mentaskólinn hjer hafi heimild til að útskrifa stúdenta.

Jeg get ekki trúað, að kennarar hjer sjeu svo ranglátir menn sem hv. þm. (JJ) lýsti þeim, að þeir vilji níðast á þessum nemendum að norðan. Og jeg veit ekki, hvaða ástæðu þeir ættu að hafa til þess. Það hefir aldrei heyrst, að níðst hafi verið á utanskólanemendum, enda vita allir, að það er altítt, að utanskólanemendur taki próf, og hefir ekki þótt nein frágangssök.

Jón Baldvinsson: Mig langar til að beina þeirri fyrirspurn til hv. flm. (JKr), hvort honum hafi verið kunnugt um það, að háskólaráðið hafi verið skift um þá till. hans, sem lá fyrir Sþ. um daginn. Og jeg vil spyrja hann,

hvort honum sje kunnugt um, að samtök sjeu meðal kennara hjer gegn piltum að norðan?

Mjer finst, að ef menn vita um þetta, og það er rjett, þá sje það ekki annað en fals við Akureyrarpilta að fara nú að veita þeim styrk til að sækja próf hingað. Hæstv. atvrh. (MG) hefir alls ekki hnekt því, sem hv. 1. landsk. (JJ) sagði um þetta, og hafi hv. 1. landsk. rjett fyrir sjer, þá á nú að leiða þessa nemendur á höggstokk.

Mjer finst að svo komnu máli, að vísa megi till. til 2. umr., en mjer finst líka, að hæstv. stjórn ætti að hefja rannsókn út af ummælum hv. 1. landsk. (JJ), og ef þau reyndust rjett, þá ætti það að verða fyrsta verk þingsins að samþykkja við sex umræður í báðum deildum á einum degi að gera Akureyrarskóla að mentaskóla.

Flm. (Jónas Kristjánsson): Spurningum hv. 5. landsk. (JBald) er fljótsvarað. Skólastjórinn á Akureyri hafði sagt mjer, að háskólinn hefði ekki á móti því, að stúdentspróf færi fram á Akureyri, og jeg vissi ekki betur en það væri rjett, þar til hæstv. atvrh. (MG) upplýsti, að svo væri ekki.

Seinni spurningu hv. þm. (JBald) svara jeg neitandi. Jeg hefi aldrei heyrt minst á það atriði fyr en hv. 1. landsk. (JJ) gerði það áðan. Annars er fyrirspurnin svo illkvittnisleg og ósvífin, að hún er ekki svaraverð.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 5. landsk. (JBald) spurði um það, hvort hv. flm. (JKr) væri kunnugt um, að háskólaráðið hefði verið skift um till. sína. Mjer var ókunnugt um það, nema hvað jeg heyri nú, að það hafi verið skift, en það sjest ekki á brjefi því, sem jeg fekk frá því daginn áður en málið var til umr. í Sþ. Hin síðari fyrirspurn hv. 5. landsk. (JBald) er ein hin mesta ósvífni, þar sem hann spyr hv. flm. (JKr), hvort honum sje kunnugt um, að fella eigi þá pilta, sem hv. flm. (JKr) er að berjast fyrir og hjálpa til þess að þeir geti tekið próf.

Jónas Jónsson: Jeg get ekki sagt, að hæstv. atvrh. (MG) hafi leyst vel úr spurningum mínum. Hann vildi ekki gefa loforð um það, að till. hefði varanlegt gildi. **(Atvrh. MG:** Jeg tel ekki þörf á því). Það gæti þó sparað þinginu það ómak að ræða um þetta aftur að ári.

Þá virtist hann ekki átta sig á því, að það getur verið betra fyrir pilta að taka próf erlendis heldur en hjer hjá mönnum, er sýnast vera hlutdrægir fyrirfram í garð þessara nemenda. En eins og jeg sagði áðan, ber brjef rektors mentaskólans vott um mikinn kulda í garð nemenda í Akureyrarskóla.

Það hefir afarsjaldan komið fyrir, að Íslendingum hafi orðið hált á prófum á útlendum málum. Sjálfur hefir hæstv. ráðh. (MG) tekið að minsta kosti tvö próf erlendis, með sæmilegum árangri, og fjöldi Íslendinga hefir tekið próf í heimspeki við Kaupmannahafnarháskóla, eftir tiltölulega stuttan tíma og án mikilla kynna af dönsku fólki, eða jafnvel af kennurum þeim, er prófa í þessari grein, og er þess ekki getið, að málið hafi orðið neinum að fótakefli.

Brjef rektors ber með sjer þann kulda í garð þessara ungu námsmanna, að ekki er ósennilegt, að einhverjir

þeirra vildu frekar leggja út í próf erlendis en eiga á hættu að falla hjer vegna óvildar.

Hæstv. ráðh. (MG) sagði það ekki vera vegna orða rektors, að svo fór sem komið er. Hvers vegna var þá verið að bera málið undir hann? Vitanlega kom honum það ekki við. Enda mun orka tvímælis, hversu heppilegt það hafi verið af hæstv. stjórn að blanda honum inn í það, sjerstaklega vegna þess samkepnisanda, er kemur fram í umsagnarskjali hans. En jeg geri nú samt ráð fyrir, að ekki sje örgrant um, að einhverjir hv. þm. hafi látið það hafa áhrif á sig, úr því að hæstv. landsstjórn hafði útvegað skjalið sem sönnunargagn.

Þá vil jeg leyfa mjer að benda hæstv. ráðh. (MG) á, hve óverjandi sú aðferð hans er, að leggja fram í þinginu dóm meiri hluta háskólaráðsins, án þess að upplýsa, að ráðið skiftist um málið. Af því að hæstv. ráðh. gat veitt þessa heimild og löggilt skólann nyrðra sem prófstofnun, eins og hann líka kannaðist við, er hann sagði, að stæðu þeir sig vel í vor, mætti vel vera, að það yrði gert að ári, þá vantaði, eins og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) komst að orði, ekki nema ofurlitla góðvild og skilning á málinu.

Ef hæstv. ráðh. (MG) eða hv. flm. (JKr) hefðu skýrt frá því, að tveir frægustu prófessorarnir í háskólaráðinu álitu prófrjett fyrir stúdenta fullkomlega löglegan eins og málinu er háttað, og voru þar í fullkomlega samþykkir lögfræðingunum á Akureyri, hefði það breytt viðhorfinu töluvert við umræður málsins á þingi.

Hv. flm. (JKr) sagði, að maður mætti ekki leyfa sjer að hafa skoðun þvert ofan í álit lögfræðinganna. En ef þá greinir á? Einn lögfræðingur í háskólaráðinu segir það stríða móti lögum, sem tveir lögfræðingar á Akureyri fara fram á. Það er enginn sá hlutur til í heiminum, sem lögfræðingum kemur saman um. Það, sem einn segir lög, segir annar vitleysu og lögleysu. Málfærslumenn fyrir rjetti halda fram gagnstæðum skoðunum og sverja og sárt við leggja, að þeirra málstaður sje sá rjetti. Án þess jeg vilji fara að fræða hv. 6. landsk. (JKr) út af því, að ekki tjái að deila við lögfræðingana, þá vil jeg þó láta hann vita, að menn með sæmilega heilbrigðri skynsemi taka ekki trúanlegt nema það, sem þeim trúanlegt þykir af lögskýringum svokallaðra lögfræðinga, því að alkunnugt er um marga þeirra, einkum hjer á landi, að þeir hafa merkilega gáfu til að ályktа rangt.

Í ræðulok urðu tilburðir hæstv. ráðh. út af hv. 6. landsk. líkastir því, er endur á vorin reyna að verja ósjálfbjarga unga sína. Þó að hv. 6. landsk. (JKr) sje kannske hvítvoðungur, þá hefir hann þó hlotið alleinkennilega frægð fyrir ekki löngu, svo að mjer þótti hann sæta helsti mikilli niðurlæging af hálfu hæstv. ráðh.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mjer þykir leitt, að jeg heyrði ekki, hvað hv. 1. landsk. (JJ) sagði síðast. En eitthvað var hann víst að tala um hvítvoðung. Jeg býst ekki við, að það hafi verið svo merkilegt, að svaravert sje. **(JJ:** Hvítvoðungurinn svarar kannske sjálfur). Þeir eru nú venjulega sagnafáir. Hv. 1. landsk. (J-

J) væri víst best að tala altaf við hvítvoðunga. Þá þyrfti hann ekki að óttast að fá svör. (JJ: Jeg talaði við hænuna, en ekki eggið).

Hv. þm. (JJ) sagði till. betri, ef hún gilti lengur. Jeg veit ekki betur en það sje föst regla að borga ekki út eftir þál. nema einu sinni. Þær eru yfirleitt ekki löglegur grundvöllur til að borga út eftir. Það getur rjettlæst nú, af því að ekki eru til fjáraukalög fyrir árið 1927. En það er hægt að koma þessu í löglegu formi inn í fjárlög fyrir 1929.

Hv. þm. (JJ) hjelt, að betra væri að taka próf erlendis. Það er misskilningur, sem auðsær er, þegar þess er gætt, að jafnan verður að gera stóra ritgerð á því máli, er talað er í því landi, þar sem stúdentsprófið fer fram. Og þess er ekki að vænta, að stúdentaefni hafi þau tök á erlendu máli, bæði að tala og rita, að það hamli þeim ekki að ná jafngóðu prófi og ella. Jeg get sagt það um sjálfan mig, að hefði jeg átt að taka stúdentspróf á dönsku t. d., mundi það hafa háð mjer afskaplega mikið, og jeg hefði ekki treyst mjer til þess. Og út frá því dæmi jeg um þessa ungu námsmenn.

Fyrir 2. umr. skal jeg hafa aflað mjer upplýsinga. En jeg vil taka það fram, að jeg tel samtök í þá átt, er hv. þm. (JJ) vill vera láta, öldungis óverjandi, og jeg trúi ekki fyr en jeg tek á því, að þau sjeu til. Jeg skil ekki, að það sje samkepni, sem ræður áliti mentaskólans, því að aðsókn að honum er svo mikil, að hann rúmar ekki fleiri. Verður að leigja kenslustofur úti í bæ, svo er nemendafjöldinn mikill. Jeg býst ekki við, að rektor þyki á hann bætandi.

Um klofninguna í háskólaráðinu er það að segja, að jeg átti ekki hægt um vik að upplýsa um hana, þar eð jeg hafði enga hugmynd um, að ráðið hefði skifst um málið. Hv. 1. landsk. (JJ) hefir sjálfur lesið brjef þess og getur borið um, að það ber ekki neitt slíkt með sjer. Og brjefið barst í mínar hendur kvöldið áður en málið kom til umræðu í Nd., og því enginn tími til þess að kalla saman fund með háskólaráðinu, enda ekkert tilefni til þess.

Um ágreining lögfræðinganna er fátt að segja. Allar stjettir manna greinir á, lækna greinir á um sjúkdóma, kennara um kensluaðferðir o. s. frv. Fyrir fáum dögum átti jeg t. d. tal við tvo barnakennara um kenslubækur hv. 1. landsk. (JJ). Annar sagði þær vera ágætar; hinn sagði þær vera óbrúkandi. Hv. þm. (JJ) misskilur algerlega málfærslumenn fyrir rjetti. Þeir hafa tekið að sjer að færa fram alt, er verða má til málsbóta þeim aðilja, er þeir halda uppi vörn fyrir, en hvorki sverja þeir nje taka á sig ábyrgð, að þeir skilji lögin rjett. Þeir hafa leyfi til að skýra eingöngu frá þeirri hlið, er veit að skjólstæðing þeirra. Að þeir sverji fyrir rjettinum, er ekki annað en venjulegur misskilningur og fáviska hjá hv. 1. landsk. (JJ).

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þessi þáltill. fer fram á útgjöld úr ríkissjóði á þessu ári, sem ekki eru heimiluð í fjárlögum. Án þess jeg vilji beinast gegn till., vil jeg að gefnu tilefni taka það fram, að með því að búast má við, að tekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári verði rýrar, ber nauðsyn til að fara gætilega í öll fjárútlát. Jeg áskil því fjármálaráðuneytinu rjett til þess að hafa hóf á fjárupphæðinni.

Jón Baldvinsson: Jeg trúi hv. 5. landsk. (JKr), er hann segist ekki hafa vitað um samtök þau, er hv. 1. landsk. (JJ) upplýsti, að ættu sjer stað. (**Atvrh. MG:** Hann upplýsti ekkert). — Jæja, gerði ráð fyrir, með talsvert sterkum líkum, skulum við segja. En jeg viðurkenni alls ekki, að það hafi verið ósvífni að spyrja hann um það. Til þess var fullkomið tilefni.

Og eins vildi jeg enn mega spyrja hv. 6. landsk. (JKr): Er það nú alveg víst, að hann fylgi till. sinni áfram? Það er fylsta ástæða til að spyrja svo. (**Atvrh. MG:** Hefir hv. 5. landsk. leyfi til að spyrja, hvernig þingmenn muni greiða atkvæði?). Og ekki nema rjett eftir öðru, að hann hlypi frá henni.

Flm. (Jónas Kristjánsson): Mjer dettur ekki í hug að svara ósvífni hv. 5. landsk. (JBald). Hún ber vott um svo lágt siðferðisástand, að jeg vil ekkert við hann eiga. Þótt hv. 1. landsk. (JJ) hafi lagt mig í einelti og ofsótt, sem vottanlegt er, þá veit jeg, að honum gengur ekki einungis illgirni til, eins og hv. 5. landsk. (JBald), heldur er það hans andlegi sjúkleiki, sem því veldur, eftir því sem jeg hefi komist næst um sálarástand hans. Hann er ekki andlega heilbrigður, og því get jeg fyrirgefið honum.

Einar Árnason: Jeg gerði fyrirspurn til hv. flm. (JKr), og hann hefir svarað. Jeg skal taka það fram, að jeg er ánægður með svör hans viðvíkjandi því, hvað skilja mætti við orðið „ferðastyrk" í till. En mjer skildist á hæstv. forsrh. (JÞ), að hann myndi fara sínu fram um það, hvað hann borgaði. Mjer skilst, að hjer sje ekki bygt á neinum föstum grundvelli, og þó að hv. flm. (JKr) hafi skýrt, hvað hann ætlaðist til að greitt sje, þá fer ræða hæstv. forsrh. (JÞ) í bág við það, þar sem hann virðist áskilja rjett í sínar hendur um upphæð styrksins. Þetta atriði þarf því frekari athugunar við, áður en till. er til lykta leidd.

Magnús Kristjánsson: Jeg vil aðeins leyfa mjer að leggja til, að till. verði vísað til mentmn. að umr. lokinni.

Jónas Jónsson: Í ofanálag á það, að íhaldsflokkurinn hefir gert að flokksmáli að fella till. um stúdentspróf á Akureyri og kúgað flm. með endemum til þess að drepa sitt eigið frv., bætist nú það, að hæstv. dómsmrh. (MG) vill varna Akureyrarpiltum að nota þennan styrk annarsstaðar en í Reykjavík, og hæstv. fjrh. (JÞ) áskilur sjer rjett til að skamta styrkinn á stjúpmóðurvísu. Þótt ekki sje um stærra atriði að ræða en það, að kosta 10 pilta milli kaupstaða, þótt sinn í hvorum fjórðungi sje, og til skammrar dvalar meðan á prófi stendur, þá ætlar hann að telja mönnum trú um, að það sje fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð að hafa styrkinn sem minstan.

Hjer er beinlínis um „organiseraða" óvild að ræða. Og ekki bætir það úr skák, að hv. þm. Ak. (BL), stuðningsmaður hæstv. stjórnar, hefir verið manna djarfastur að leggja á móti þessu sjálfsagða metnaðarmáli síns eigin kjördæmis, sem jafnvel flestallir íhaldsmenn á Akureyri eru fylgjandi.

Hv. flm. (JKr) sagðist geta sannað með vottum, að jeg hafi viljað ofsækja

sig. Jeg vildi gjarnan, að hann sannaði það einhvern tíma við tækifæri. Af sambúð okkar á þingi er annars það að segja, að jeg hefi stutt tvö mál, sem hann hefir áhuga á, og greitt atkv. með frv., sem hann var flm. að, og datt mjer síst annað í hug en honum þætti sjer með því greiði ger. Ennfremur hefi jeg flutt frv. fyrir bræður hans, templara, sem þeir fólu mjer, og töldu tvímælalaust mundu njóta stuðnings hv. 6. landsk. (JKr). En það fór nú á annan veg, sem kunnugt er.

Meðan jeg ekki leita til hv. þm. (JKr) um læknishjálp, ætti hann að láta sjer hægt um mitt heilsufar og spara sjer tilboð um lækningar hjer á þingi. Hv. þm. (JKr) ætti að vera kunnugt um það, að hann hefir að baki sjer heima í hjeraði eitt hið einkennilegasta hneyksli, sem nokkur læknir á landinu hefir að baki sjer. Til hans kom kona, og hugði læknirinn hana fárveika af sullaveiki, lætur sækja nágrannalækni, leggur hana á skurðarborðið og ætlar að byrja að svæfa hana. En þá bendir hinn læknirinn honum á, að ekki muni þurfa að skera konuna upp, heldur muni hún fæða barn eftir fáa daga, enda reyndist sá sjúkdómur rjettur. Þar sem hv. þm. er svo seinheppinn við skyldulækningar heima í hjeraði, ætti það a. m. k. að vera honum bending um að vera ekki að bjóða fram sína fávísu aðstoð heilbrigðum mönnum í öðrum landshlutum. Það getur ekki orðið til annars en að menn fari að rifja upp, að hann er ekki eingöngu dvergur í landsmálum, heldur líka í lækningum.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv. og til mentmn. með 8:1 atkv.

Á 61. fundi í Ed., föstudaginn 29. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 248, n. 443).

Frsm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Eins og nál. mentmn. á þskj. 443 ber með sjer, felst nefndin á þá tillögu, sem hjer er um að ræða á þskj. 248. Eftir að hafa athugað tillöguna eins og föng voru á, er nefndin því samþykk, að veita ríkisstjórninni heimild til að greiða ferðastyrk þessum nemendum, fram og aftur, og nokkurn dvalarstyrk, sem þó fremur falli í skaut efnalitlum nemendum. Þetta telur nefndin sanngjarnt, í fyrsta lagi af því, að leyft hefir verið, að Akureyrarskóli veitti framhaldskenslu, að loknu gagnfræðaprófi, og leyft var að nota skólahúsið til kenslunnar. Okkur nefndarmönnum fanst þannig vera ýtt undir nemendur Akureyrarskólans að halda áfram námi, og því ilt að hefta för þeirra, er svo langt er komið.

Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta mál, en aðeins benda á það, að þessum stúdentaefnum væri lítill greiði gerður með því að leyfa þeim að taka próf nyrðra þvert ofan í 17. gr. háskólalaganna. Einnig hefi jeg fulla ástæðu til þess að mótmæla því, að þessir ungu menn hafi mætt nokkrum kala, hvorki af hálfu ríkisstjórnarinnar nje kennara mentaskólans, og jeg mótmæli því eindregið, að nokkur samtök hafi átt sjer stað gegn þeim hjer syðra. Eins og einn hv. flm. tók fram, þegar

þetta mál var til umr. í Sþ., vakti aðeins fyrir honum að hjálpa þessum piltum til að standast kostnaðinn við prófið.

Leyfi jeg mjer svo að vænta þess, að hv. deild samþ. tillöguna á þskj. 248.

Jónas Jónsson: Jeg vil nota þetta tækifæri til að fá hæstv. ráðh. (JÞ) til að láta í ljós álit sitt um framkvæmd þessarar till. Þegar hún var fyrst til umr. hjer í þinginu, skýrðu flm., hvað fyrir sjer vekti, sem sje það, að þessir piltar fengju styrk til að standast venjulegan ferðakostnað og dvalarkostnað. Þetta hefir nefndin fallist á, nema það sannist, að einhverjir námsmannanna sjeu beinlínis efnaðir, þannig, að óþarfi væri að styrkja þá. En hæstv. ráðh. (JÞ) ljet þau orð falla við fyrri umr. málsins, að hann teldi sig ekki bundinn af tillögunni. Jeg vildi heyra álit hæstv. forsrh. (JÞ) um það, hvort till., eins og hún er nú, er ekki svo vel í hóf stilt, að greiddur verði ferðakostnaður og dvalarkostnaður til þessara pilta, sem kunna að koma að norðan.

Þótt hæstv. mentmrh. (MG) sje ekki við, vil jeg samt nota tækifærið til að segja það, að jeg álít, að það sje orð í tíma talað, sem hann sagði við fyrri umr. þessa máls, að hann áliti það óforsvaranlegt, ef um samtök hefði verið að ræða á móti þessum aðkomumönnum frá kennurum mentaskólans. Jeg sagði, að jeg hefði haft það eftir einum kennara þar, að hann hefði verið beðinn um að kenna þeim ekki. Þetta vil jeg benda hv. 2. landsk. (IHB) á, að þegar þeir aðilar, sem höfðu haft þessa meðferð á málinu, hefðu fengið vissu fyrir því, að mentmrh. landsins var á móti þessu, þá myndu þeir hafa lækkað seglin, og eins og Alþingi sýnir þessum piltum nokkra samúð með því að styrkja þá, má vonandi vænta þess, að þeir verði ekki beittir neinni ósanngirni. En verði það samt gert, þá eru hjer þeir menn til eftirmáls, að það verður ekki látið ómótmælt viðgangast.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. 1. landsk. (JJ) var að spyrja um það, hvort þessari till. mundi verða framfylgt, ef hún yrði samþykt, og þá jafnvel, hvernig það myndi verða, og þó hv. þm. (JJ) spyrði ekki beinlínis um það, þá skildist mjer hann helst eiga við, hve mikill styrkur myndi verða veittur.

Það mun vera búið að lýsa yfir því, af þeim ráðherra, sem það mál heyrir undir, að hann muni framkvæma þá styrkveitingu, ef hún verður samþykt, og hefi jeg engu við það að bæta. Jeg vil þó leiðrjetta það, sem hv. 1. landsk. (JJ) sagði, að jeg hefði sagt, að jeg teldi mig ekki bundinn af till. Jeg sagði aðeins, að það mundi verða að gæta sparnaðar, eins og á öðrum sviðum, og til þess gefur till. líka fult tilefni, nefnilega að greiða ekki fje fram yfir það, sem nauðsynlegt er, þar sem till. fer fram á, að ekki verði greiddur ferðakostnaður, heldur ferðastyrkur, og skilst mjer það þá hugsað þannig, að þeir, sem væru svo efnum búnir, að þeir þyrftu ekki mikils með, fengju þá minna, en þeir, sem fátækari væru, nokkru meira, og þetta virðist mjer líka koma fram í nál., þó að þar sje ekki aðeins talað um ferðastyrk, heldur líka dvalarstyrk.

Frsm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Það

eru aðeins örfá orð, til þess að undirstrika þann skilning nefndarinnar á þessu atriði, sem hæstv. forsrh. (JÞ) tók fram, að fyrir okkur vakti ferðastyrkur, en ekki ferðakostnaður, því að það fanst okkur vera of rúmt, og sáum okkur ekki fært að samþykkja það. En eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, viljum við, að þessi styrkur verði miðaður við efni og ástæður þeirra manna, sem styrksins eiga að njóta.

Hv. 1. landsk. (JJ) gaf mjer ástæðu til að svara því, sem fram kom undir umr. þessa máls í Sþ., þar sem talað var um óvild, sem þessir piltar gætu mætt, og hafa þeir hv. þm., sem því hafa haldið fram, þóst hafa fyrir sjer orð merks manns um það, að rektor mentaskólans hefði farið fram á það við sig að taka ekki þessa pilta til kenslu. Það má fullyrða, að ekki er nokkur fótur fyrir þessu, því að mjer er alveg eins vel kunnugt um þetta samtal eins og hv. 1. landsk. (JJ). Viðtal rektors og dr. Ólafs Daníelssonar, sem þm. vitnar í, mun hafa átt sjer stað fyrir meira en ári síðan. Það var af alt annari ástæðu, að dr. Ólafur Daníelsson gat ekki tekið að sjer að undirbúa utanskólanemendur undir stúdentspróf; var það bæði vegna annríkis hans og þess, hvernig málið þá horfði við. Nú er málið öðruvísi fram komið, og verður leitt til lykta á skynsamlegum grundvelli, og þá geta þessi orð, sem misskilin voru og máske dálítið ýkt, gleymst, og má því slá striki yfir þau. Hitt er mjer kunnugt um, að piltar að norðan hafa ekki átt neinum andróðri að mæta, enda væri það ósæmilegt. Hefði svo verið, þá veit jeg, að íhlutun hæstv. mentamálaráðh. (MG) mundi hafa leiðrjett það, en slíkur andróður hefir aldrei átt sjer stað, svo að þessi ásökun er gripin úr lausu lofti.

Jónas Jónsson: Jeg held, að það hafi verið alveg óþarft fyrir hv. 2. landsk. (IHB) að fara að rannsaka þetta mál. En það hefir þó orðið til gagns fyrir málefnið, því að það skýrist þá enn þá betur, að hjer er um alveg ófarsvaranlega framkomu að ræða frá yfirmanni mentaskólans í garð þessara námsmanna.

Jeg vil benda hv. 2. landsk. (IHB) á það, að ráðuneytið hefir leitað álits rektors mentaskólans um prófaðstöðu Akureyrarskóla, án þess að tilefni væri til að spyrja rektor um það, því að það var vitanlega þingsins og stjórnarinnar að taka ákvörðun um það, og rektor mentaskólans kom það alls ekkert við. Ráðuneytið leitaði til rektors, og brjef hans var hjer til meðferðar, og hygg jeg, að ómögulegt sje að bera á móti því, að í þessu brjefi kom fram megn kali til Akureyrarskólans og óverðskulduð vantrú á honum, enda varð það niðurstaðan, að rektor fór að ráðleggja þingi og stjórn, hvernig skyldi leysa úr málinu, sem sje með því að neita um leyfið, og þar ofan á bætist svo sú upplýsing frá hv. 2. landsk., sem stórspillir aðstöðu rektors, að það er ekki fyrir einu ári, heldur tveim árum farið til eins kennara, sem venjulega hefir tekið pilta til kenslu, og einmitt í þeirri grein, sem utanskólamenn telja sig venjulega hafa allra mesta þörf fyrir kenslu í. En að yfirmaður skólans sýnir þá búmensku að leita til kennarans ári áður, er vottur um rótgróinn kala, bæði til skólans og þessara pilta.

Jeg þykist vita, að þessi gamla beiðni rektors hafi verið gerð af óvinsamlegri

tilfinningu. En jeg vænti, að sú opinbera „kritik", sem þessi aðferð hefir orðið fyrir hjer á þingi, og við það, sem hv. 2. landsk. (IHB) sagði, því að það lá játning í orðum þm., verði til þess, að forstöðumaður mentaskólans og allir samherjar hans snúi nú við blaðinu og hætti að láta hleypidóma og fávisku ráða í þessu máli.

Frsm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg mótmæli því, að hjer sje ný sönnun þess, að rektor mentaskólans hafi lagt hatur á nemendur frá Akureyri eða skólann þar. Mjer er betur kunnugt um þetta en hv. 1. landsk. (JJ). Það eru tilhæfulausar getsakir alt saman, og vil jeg ekki eyða tíma þingsins í það, að fara fleiri orðum um samtal þeirra dr. Ólafs Daníelssonar og rektors um kenslu utanskólapilta, og álít jeg nú, að umr. um þetta mál sjeu orðnar svo langar, að það sje meira en kominn tími til, að þeim verði lokið.

Jónas Jónsson: Það er aðeins til að minna hv. 2. landsk. (IHB) á það, að jeg sagði, að rektor mentaskólans hefði beðið kennara að kenna ekki þessum piltum, og þetta hefir hv. 2. landsk. (IHB) játað vera rjett, en aðeins afsakað það með því, að þetta hefði verið fyrir löngum tíma. En það er fylsta sönnunin fyrir sekt rektors í málinu. Mótstaða hans er langvinn og fyrirfram huguð.

ATKVGR.

Till. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 62. fundi í Nd., sama dag, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 248).

Á 64. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 65. og 66. fundi í Nd., dagana 3. og 4. maí, var till. tekin til f y r r i u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., næsta dag, var till. aftur tekin til f y r r i u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 19:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 16 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var till. tekin til s í ð a r i u m r. (A. 248).

Björn Líndal: Jeg vil eindregið mæla með því, að till. verði samþ., enda er hún í samræmi við það, sem jeg lagði til á þinginu í vetur, í formi rökstuddrar dagskrár, sem þá náði ekki samþykki deildarinnar, af ástæðum, sem rjettast er að tala sem minst um.— Jeg vil jafnframt taka það fram, að þessi styrkveiting til stúdentaefna frá Akureyri til þess að sækja próf hingað til Reykjavíkur getur hæglega gefið tilefni til þess, að stúdentaefni annars-

staðar frá á landinu sæki um samskonar styrk, og virðist mjer, að þeir eigi til þess jafnmikla sanngirniskröfu. Jeg vil því ekki láta skoða þessa styrkveitingu sem fordæmi fyrir slíku framvegis, heldur aðeins sem hjálp í þetta eina sinn, af því að nokkuð sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

ATKVGR.

Till. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis.

13. Hveraorka.

Á 67. fundi í Nd., fimtudaginn 5. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um eignar- og notkunarrjett hveraorku (A. 507).

Á 68. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 69. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jakob Möller): Jeg bjóst ekki við því, að svo fljótt kæmi að þessu máli, vegna þess, að miklar umr. mundu verða um málið, sem var næst á undan á dagskránni.

En það gerir ekkert til, því að jeg hafði ekki ætlað mjer að flytja neinn fræðifyrirlestur um þetta mál. Jeg hygg, að um þessa till. geti tæplega verið mjög skiftar skoðanir. Það er kunnugt, að á seinni árum er farið að nota hveri, bæði orkuna og svo ýms efni í gufunni, og það er augljóst, að hverir hafa í sjer fólginn mikinn auð, sem gæti orðið til mikilla nota fyrir landið, ef þeir lenda ekki í braski.

Jeg hygg því, að hv. þdm. geti fallist á það, að það sje ekki síður ástæða til að setja lög um eignar- og hagnýtingarrjett hveraorku heldur en vatnsorku. Þetta er að því leyti svipað, að það má nota orku hveranna til að framleiða rafmagn, auk þess sem nota má gufuna til hitunar. Annars er það svo margt, sem farið er nú að hagnýta hveri til, og vitanlega er það enn mjög rannsóknarefni, sem jeg tel naumast rjett að blanda inn í þetta mál.

Hjer er aðeins um það að ræða að skora á stjórnina að láta undirbúa löggjöf um þetta, á sama hátt og lög hafa verið sett um vatnsrjettindi. Mjer þykir leitt, að enginn úr hæstv. stjórn skuli vera hjer viðstaddur. Hæstv. atvrh. (MG) hvarf í skyndi af fundi, þegar jeg var að standa upp. En jeg vona, að stjórnin taki þetta eigi að síður til athugunar, ef samþ. verður, með því að jeg veit, að hún hefir fengið mjög einróma áskorun um þetta frá Verkfræðingafjelagi Íslands. Mjer þótti það rjett, að deildin styddi þessa ályktun fjelagsins, sem vitanlega styðst við sjerþekkingu á málinu.

Jeg geri ráð fyrir, að mál þetta heyri undir hæstv. atvrh. (MG), og vænti, að hann taki till. vel.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg gat því miður ekki hlustað á ræðu hv. flm. (JakM), en jeg get getið mjer til um efnið, eftir till. að dæma, og jeg skal lýsa því yfir, að

jeg hefi ekkert á móti því að athuga þetta mál eða láta athuga það fyrir næsta þing. Jeg skal geta þess, að jeg var í vetur boðinn á fund í Verkfræðingafjelaginu, og var þetta mál þar til umr., og talið, að löggjöf þyrfti um þetta efni, en tíminn var þá naumur til undirbúnings. En nú er hægt að taka það nógu snemma, svo að það komist fyrir næsta þing. Jeg skal svo aðeins lýsa því yfir, að stjórnin er þess albúin að taka við till. og athuga málið á þeim grundvelli.

Sveinn Ólafsson: Jeg stend ekki upp til þess að mótmæla till. Jeg álít einmitt, að hún eigi nokkurn rjett á sjer. Jeg vildi aðeins gera fáar aths. út af orðum hv. flm. (JakM). Hann virtist líta svo á, að eftir væri að setja lög um eignar- og afnotarjett hveraorku, en ekki annarar vatnsorku. En jeg lít svo á, að búið sje að setja lög um þetta hvorttveggja með vatnalögunum frá 1923, 9. og 10. gr. Þar er fastákveðinn eignar- og afnotarjettur landeiganda að hverum og meðal annars lagðar á hann þær kvaðir að láta hveraorku fala í þarfir almennings. Jeg held því, að löggjöfin sje í þessu efni fullkomlega skýr. En jeg get ímyndað mjer, að þörf sje á lögum um það, á hvern hátt þessi almenningsnot megi verða eða hvenær megi skylda eigendur til að láta orkuna eða heita vatnið af hendi.

Um sjálfan eignar- og umráðarjettinn tel jeg að sje alveg skýrt ákveðið í þessum tilvitnuðu greinum vatnalaganna. En jeg er við því búinn að greiða till. atkv., þótt jeg hafi annan skilning á verkefni stjórnarinnar við undirbúning frv. um þetta efni en hv. flm.

Flm. (Jakob Möller): Jeg geri ekki ráð fyrir, að það þurfi að vera ágreiningur um þetta efni milli mín og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg lít þó svo á, að vatnalögin taki fyrst og fremst til yfirborðsvatns, en hjer er um að ræða hveraorku, ekki beint vatnið, heldur gufuna, og til þess að hagnýta þessa orku þarf oft að bora langt niður í jörðina. Mjer skilst, að það geti verið vafamál, hvað rjettur landeiganda nær langt niður. (**SvÓ:** Að miðdepli jarðar). Um þetta skal jeg ekki deila, enda er nógur tími til þess, þegar frv. kemur fram um þetta efni. Jeg hygg, að það sje áreiðanlegt, að vatnalögin nái ekki yfir þetta.

Annars er þetta ekki eins þýðingarmikið atriði eins og sumir kunna að álíta. Aðalatriðið er, að afnotarjettinum, sem ríkið mundi öðlast, yrði ráðstafað til almenningsheilla. Það er það, sem meint er með till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 529).

14. Ríkisrekstur útvarps.

Á 67. fundi í Nd., fimtudaginn 5. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um ríkisrekstur útvarps (broadcasting) (A. 508).

Á 68. fundi í Nd., næsta dag, var till.

tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 69. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jakob Möller): Á tveim þingum, 1924 og 1925, bar jeg fram frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita sjerleyfi til að reka útvarpsstarfsemi. Frv. þetta var samþ. á þinginu 1925 og sjerleyfið veitt hlutafjelagi, sem stofnað var hjer í bænum, og hefir fjelag þetta nú starfrækt útvarpið um tíma.

Nú er það kunnugt, að allmikið hefir borið á óánægju meðal útvarpsnotenda með rekstur og fyrirkomulag útvarpsins, en út í það ætla jeg ekki að fara hjer. Jeg býst við, að menn geti orðið sammála um þessa till., þó að ekki sje þeim ástæðum til að dreifa.

Eins og sagt er í greinargerðinni, er það fyrirsjáanlegt, að útvarpið verður ekki rekið til lengdar á þeim grundvelli, sem nú er, og jeg hygg, að það sje skoðun manna, að þessari starfsemi verði best borgið í höndum hins opinbera, þegar til lengdar lætur. Þessari skoðun var líka haldið fram í upphafi, en hún mætti mótspyrnu, ekki síst af hálfu þáverandi landssímastjóra, sem nú er nýlátinn. Um afstöðu núverandi landssímastjóra er mjer ekki kunnugt, en þar sem nú útvarpið er komið á, og hinsvegar svo ástatt með það fjelag, sem hefir rekstur þess með höndum, að búast má við, að það verði að gefast upp vegna fjárhagsörðugleika, þá er það nauðsynlegt, að stjórnin taki málið til athugunar sem fyrst, til þess að vera viðbúin, ef að þessu rekur. En ef fjelagið getur haldið áfram, þá er það vitanlega í fullum rjetti sinn sjerleyfistíma, sem mun vera 7 ár.

Till. mín er bygð á þessu, að það hljóti innan skamms að reka að því, að hið opinbera verði að taka ákveðna afstöðu til þessa máls. Jeg sje ekki, að hægt sje að hreyfa rökstuddum andmælum gegn till., en geymi mjer rjett til andsvara, ef til kemur.

Jeg geri ráð fyrir, að skipun nefndar ætti ekki að verða sundurþykkjuefni. En hvort stjórnin telur sjer fært að ætla nefndinni að vinna kauplaust, veit jeg ekki. En fyrir hönd fjelags víðvarpsnotenda get jeg lýst því yfir, að það mun ekki verða til fyrirstöðu af þess hálfu.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal fyrir hönd stjórnarinnar lýsa því yfir, að hún hefir ekkert á móti því, að skipuð verði nefnd til að athuga og gera till. um þetta mál, eins og gert er ráð fyrir í till. Og jeg skal bæta því við, að jeg held, að það sje hyggilegt að rannsaka það. hvort ekki sje rjett að taka útvarpið til opinbers rekstrar.

Þó að fjelaginu, sem útvarpsleyfið fekk, hafi tekist að fá það fje, sem minst var áskilið, þá hefir það sýnt sig, að það var of lítið. Það hefir líka sýnt sig, að fjelagið á mjög erfitt uppdráttar án sambands við landssímann; einkum kemur það mjög ljóst fram, hve erfitt er að ná inn gjöldunum án hans stuðnings. En aðalþröskuldurinn í vegi þessa fjelags er það, hvað erfitt

það hefir reynst að fá nóg fje til rekstrar fyrirtækinu. Ef nóg fje hefði fengist, hygg jeg, að hefði mátt reka það með arði, svipuðum og t. d. síminn gefur. Jeg álít því margt mæla með því, að landssíminn taki við fyrirtækinu, því að það er ekki sjáanlegt, að hægt sje að fá nóg fje til að reka það með öðru móti. Ef það yrði ofan á, að það þætti ráðlegast, geri jeg ráð fyrir, að stjórnin mundi koma fram með frv. í þá átt á næsta þingi.

Í þessu sambandi vil jeg benda á það, að mjer er kunnugt um, að ungur Íslendingur dvelur nú erlendis, sem leggur fyrir sig aðallega þær greinar, sem að þessu lúta, og jeg veit, að hann mundi heldur vilja starfa hjer heima en erlendis, að loknu námi, og ef við fáum hann til að starfa við útvarpið, er þess að vænta, að hægt verði að koma þessum málum í gott horf. Af hálfu h.f. „Útvarps" hygg jeg, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að það vilji framselja sjerleyfið með góðum kjörum.

Jeg skal að lokum taka það fram, að jeg tek með ánægju við till. hv. 1. þm. Reykv. (JakM) og álít rjett að taka til athugunar, hvort ekki sje heppilegast að breyta um aðferð í þessu máli.

Klemens Jónsson: Það er í rauninni óþarfi að tala langt mál frekar, eftir þær undirtektir, sem hæstv. ráðh. (MG) hefir veitt. En jeg hafði ásett mjer að standa hjer upp til að styðja till., sem jeg álít mjög nauðsynlega.

Jeg held mjer sje óhætt að fullyrða það, að allir bæjarbúar hafi fagnað því, þegar hjer var stofnað fjelag í þeim tilgangi að reka útvarpsstarfsemi. Jeg get sagt það fyrir mitt leyti, að jeg varð mjög glaður og útvegaði mjer strax tæki og gekk í fjelagið. En jeg hefi orðið fyrir miklum vonbrigðum, og jeg hygg, að allur almenningur hafi líka þóst verða fyrir vonbrigðum.

Fjelagið ljet, er það var stofnað, í ljós það markmið, að það ætlaði að útbreiða útvarpið og gera það alment. En jeg held, að það hafi reynst svo frá allra fyrstu byrjun, að það hafi tafið fyrir útbreiðslu þess á ýmsan hátt. Í fyrsta lagi með háu gjaldi. Það ljet sjer ekki nægja minna en 50 kr. ársgjald, þar við bættust svo mjög dýr tæki og sjerstakt stofngjald, 85 kr., á hvern notanda.

Þetta var í byrjun alt of dýrt og sjáanlegt, að með því móti yrði útvarpið ekki alment menningarmeðal.

En hvað fengu svo útvarpsnotendur fyrir þessi háu gjöld? Ýmislegt gott, en fleira ljelegt. Við höfum fengið guðsþjónustur á hverjum sunnudegi, og er það auðvitað út af fyrir sig gott, einkum fyrir gamalt fólk, sem ekki er fært um að troðast inn í kirkjurnar hjer, sem venjulega eru fullar. Stöku sinnum eru haldnir fyrirlestrar, en þeir eru misjafnir, eins og gengur, og sumir mjög ljelegir. Hljóðfærasláttur er á hverju kvöldi frá sjerstöku kaffihúsi í bænum, og vil jeg sem minst um hann tala. Oft er ennfremur „grammófónmúsík", og geta menn alveg eins notið hennar heima hjá sjer á sitt eigið hljóðfæri, því að flestir, sem efni hafa á útvarpstækjum, eiga líka „grammófón", og er það sannarlega ljettmeti að bjóða fólki fyrir hátt gjald. Nú nýlega er farið að segja börnum sögur og æfintýr eitt kvöld í viku, og er það vitanlega vel þegið. Þá er daglega útvarpað

gengisfrjettum og veðurskeytum, og það kemur auðvitað að gagni, ef á annað borð er hægt að heyra það. En eitt heyrist þó altaf yfirgnæfa það, sem útvarpað er, og það er „tikk, takk, tikk, takk“ frá loftskeytastöðinni. Jeg veit ekki, hvernig heyrist á sjónum, en á landi nær stöðin skamt. Norður á bóginn heyrist ekki vel lengra en upp í Borgarfjörð og austur eftir ekki lengra en undir Eyjafjöll. Útvarpsstöðin hjer er því alveg ó n ó g.

Það er lítið gagn í að hlusta á fyrirlestra á kvöldin, ef svo er eilíft „tikk, takk“ frá loftskeytastöðinni til að trufla. Jeg verð að álíta, að þetta áhald sje mjög merkilegt fyrir Íslendinga, ekki aðeins til gamans og dægrastyttingar, heldur og til mikils gagns. Þykir mjer því full ástæða til að sýna málinu meiri sóma en þetta fjelag hefir gert.

Því miður hefir reynslan sýnt, að mikil mistök hafa orðið hjá fjelaginu. Því álít jeg tillögu hv. 1. þm. Reykv. (JakM) eðlilega og rjettmæta. Jeg er sammála honum um, að gott sje, að rekstur útvarpsins sje í höndum hins opinbera. Úr því að hæstv. atvrh. (MG) hefir tekið svona vel í málið, vænti jeg, að það nái fram að ganga.

Jón Guðnason:*) Jeg vil mæla hið besta með þeirri till., sem hjer liggur fyrir, og jeg veit, að mjög mikill hluti þjóðarinnar óskar, að málið verði tekið upp í þessu formi. Það eru ekki margar nýjungar, sem hafa vakið eins mikinn áhuga hjá almenningi og útvarpsmálið, en því miður verð jeg líka að segja, að það eru ekki margar nýjungar, sem hafa brugðist eins vonum manna og það hefir gert.

Um það, hvort fjelagið, sem hefir haft útvarpið með höndum, hefir rækt hlutverk sitt vel eða ekki, skal jeg ekki segja. Það er annað atriði í þessu máli, sem jeg vildi vekja athygli á og óska eftir, að yrði tekið til nákvæmrar íhugunar, sem sje sölufyrirkomulagið á viðtækjunum, sem notuð eru. Um þau er það að segja, að úti um sveitir landsins, að minsta kosti þar sem jeg þekki til, hafa þau reynst mjög svikul. Menn hafa ekki skilyrði til að geta metið gæði þeirra og kasta svo mörgum hundruðum króna alveg út í bláinn. Tækin eru í sífeldu ólagi, sem að vísu stafar að einhverju af því, að menn kunna ekki með þau að fara og sjá ekki, í hverju bilunin liggur. En til þessa hljóta að liggja fleiri orsakir, því að þó að fagmenn komi sunnan úr Reykjavík til að gera við tækin, bila þau jafnharðan aftur. Það er því ósköp eðlilegt, að þetta fyrirtæki verði fyrir tortrygni almennings, og ef ekki verður undinn bráður bugur að því að koma þessu í lag, hlýtur að reka að því, að menn verði beinlínis ragir við að taka upp þessa nýjung. Þýðingarmesta atriðið er einmitt það, að trygt sje, að tækin komi að tilætluðum notum og sjeu ekki of dýr. Það hefir að minsta kosti heyrst, að meira en lítið sje lagt á þessi tæki.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla aðeins að gefa svolitlar upplýsingar um aðgerðir á útvarpstækjunum. Það er svo, að ekki er fyrir almenning að gera við þau. Það er oft, sem fagmaður getur gert við tæki á svipstundu, þótt ólærður maður

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

í þessari grein geti það alls ekki, hversu langan tíma sem hann hefir. Mjer er ekki fyllilega kunnugt um, hvort tækin hjer eru góð, en jeg veit það, að í öðrum löndum koma fram samskonar kvartanir og hjer. Það er einmitt einn kosturinn við að hafa útvarpið í sambandi við landssímann, að þá er mun hægara að fá gert við þau. Þá getur stöðvarstjóri á hverjum stað kent mönnum að gera við algengustu bilanir.

Viðvíkjandi því, að sumstaðar á landinu heyrist ekkert, þá skal jeg viðurkenna, að stöðin er of lítil. En það er sama, hvað stóra stöð við fáum, það verða samt altaf svonefndir „dauðir blettir" hjer og þar, þar sem ekkert heyrist. Í Osló til dæmis er mjög stór „broadcasting"-stöð, en á stað, sem er 10 mílur frá Osló, heyrist ekkert, þó að alt í kring megi heyra og jafnvel mörg hundruð mílna í burtu. Það er ekki hægt að komast af með eina stöð, ef á að heyrast um alt land.

Í Osló í fyrra var jeg boðinn af British North-Western Electric að hlusta á þeirra eigin stöð. En þegar jeg kom, heyrðist ekkert. Eigendurnir sögðu, að þetta stafaði af truflunum í borginni og kæmi fyrir svo að segja í viku hverri. „Við vitum ekki, hvernig við eigum að fyrirbyggja það", sögðu þeir, „við getum að vísu styrkt hljóðið eins og við viljum, en þá margföldum við um leið hávaðann í loftinu".

Þetta vildi jeg aðeins taka fram, til að sýna, að þó að stundum sjeu mistök á, er það ekki altaf stöðinni að kenna. Jeg vil vekja athygli á því, að loftskeytastöðin hjer truflar afskaplega, einkum gamla stöðin. Gerð hennar er orðin úrelt, og er ómögulegt að heyra neitt í útvarpinu, þegar hún er notuð.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 530).

---

15. Landsspítalinn.

Á 56. fundi í Ed., laugardaginn 23. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins, að því er snertir byggingu landsspítalans (A. 405).

Á 58. fundi í Ed., þriðjudaginn 26. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 72. fundi í Ed., fimtudaginn 12. maí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Á þinginu 1925 flutti jeg þáltill. um viðbótarbyggingu við geðveikrahælið á Kleppi og um landsspítalann. Jeg skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa þann lið, sem snerti landsspítalann:

„Árið 1926 veitist stjórninni heimild til að verja alt að 100 þús. kr. úr ríkissjóði til byggingar landsspítala, gegn jafnmiklu framlagi úr landsspítalasjóðnum, enda hafi á árinu 1925 verið

varið til hennar að minsta kosti 100 þús. kr. úr þeim sjóði. Þingið gerir ráð fyrir, að þessu verki verði hagað samkvæmt síðari spítalateiknun húsameistara ríkisins, með þeirri breytingu, er síðar kynni að þykja nauðsynleg og framkvæmanleg án verulegs viðbótarkostnaðar. Ennfremur ætlast þingið til þess, að verkinu verði haldið áfram á næstu árum og byggingunni lokið í árslok 1929, ef ekki ófyrirsjáanleg fjárhagsvandræði ríkisins gera ókleift að halda henni áfram".

Þessi till. var samþ. í einu hljóði hjer í deildinni. Mig minnir, að margir tækju til máls og allir legðust á þá sveif að styrkja afgreiðslu till. Hún var afgr. 24. apríl og send til Nd. Hún mætti þar engri andstöðu og var samþ. í e. hlj. Það var því í fullu samræmi við vilja þingsins, að stjórnin gerði samning við stjórn landsspítalasjóðsins. Sá samningur er í samræmi við og byggist á þessari þáltill. Það er því ekki rjett, sem haldið hefir verið fram við umræðurnar um fjárlögin í Nd. síðustu daga, að stjórnin hafi heimildarlaust gert þennan samning, heldur var það gert samkvæmt vilja, eða öllu heldur skipun þingsins. Samkvæmt þessum samningi, sem var undirskrifaður sama dag og málið var afgr. í Ed., skyldi landsspítalasjóðurinn leggja fram 75 þús. kr. árið 1925 og 100 þús. kr. árið 1926. Aftur á móti átti ríkissjóður ekki að leggja neitt fram 1925, en 100 þús. kr. 1926 og síðan 100 þús. kr. á ári til móts við landsspítalasjóðinn, meðan hans fje hrykki til. En eftir að hans fje væri þrotið, skyldi byggingunni haldið áfram á kostnað ríkissjóðs, uns henni væri lokið. En það er skýrt tekið fram í samningnum, að verkinu skuli lokið fyrir árslok 1929.

Nú horfir málið svo við, að því er framlög snertir, að fyrsta árið, 1925, lagði landsspítalasjóðurinn fram 50 þús. kr. Næsta ár, 1926, lagði hann fram 139 þús. kr., en ríkissjóður 155 þús. Báðir aðilar hafa því lagt meira fram það ár en samningurinn gerði ráð fyrir. Þótti það hagkvæmara vegna verksins að ljúka svo miklu það ár. Á árinu 1927 er búið að leggja fram 65 þús. kr. úr ríkissjóði, en úr landsspítalasjóði hefir ekkert verið lagt fram enn á þessu ári, en mun verða gert, ef verkinu verður haldið áfram. Alls er þá búið um miðjan vetur 1927 að leggja fram 409 þús. kr. Þegar við bætist það, sem landsspítalasjóðurinn leggur fram í ár, verður fyrir árslok að líkindum búið að verja til byggingarinnar hátt á fimta hundrað þús. kr., en gert er ráð fyrir, að verkið alt kosti 1200000 kr. Ef því á að verða lokið fyrir 1930, verður að leggja mikið fje fram þessi ár, sem eftir eru. Með tilliti til þess er þessi þáltill. flutt. Við lítum svo á, að fjárhagur ríkissjóðs sje ekki nú og muni ekki verða 2 næstu ár svo góður, að fært verði að leggja þetta fje fram að öllu leyti í fjárlögum. Því viljum við, að farin sje þessi leið, til þess að hægt sje að standa við gerða samninga, og ýta undir ríkisstjórnina að nota heimildina frá 1919. Það má að vísu segja, að stjórnin hafi þessa heimild án þess þáltill. komi til, en í henni felst þó hvatning til þess að nota þessi lög. Það er einkum með tilliti til hins örðuga fjárhags, sem þáltill. er borin fram. Með henni er ekki sagt, að stjórninni skuli skylt að taka lán, ef henni sýnist

kleift að ljúka verkinu fyrir 1930 án lántöku. Við mundum vitanlega sætta okkur best við þá úrlausn. Í þessum heimildarlögum frá 28. nóv. 1919 eru taldar upp 5 byggingar, sem heimilað er að taka lán til. Þrjár þeirra hafa verið reistar án sjerstakrar lántöku, en tvær eru eftir, landsspítalinn og húsmæðraskóli á Norðurlandi. Landsspítalinn er nefndur fyrst, og var gert ráð fyrir, að sú bygging yrði látin sitja fyrir.

Jeg vænti þess, að tillögunni verði vel tekið. Hún miðar að því, að við getum haldið samninga, sem þing og stjórn hefir gert við landsspítalastjórnina.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Af hendi stjórnarinnar vildi jeg segja það, að þó að hún álíti ekki tímabært að taka lán til þessarar byggingar að svo stöddu, af því hún vonar, að hægt verði að uppfylla gerða samninga án lántöku, þykir henni ekki nema gott, að bent sje með þáltill. á þessa heimild fyrir lántöku frá 1919, ef á þeirri heimild þyrfti að halda. Annars mætti kannske segja, að heimildin væri nokkuð gömul. En þegar hún er rifjuð upp á þennan hátt, hefir stjórnin betri aðstöðu til að vísa til þessarar heimildar, ef þörf gerist. Af hálfu stjórnarinnar er jeg því tillögunni samþykkur.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg vildi aðeins láta þess getið, að stjórn landsspítalasjóðsins er þess albúin að leggja fram fje, hvenær sem þess verður krafist. Að sjóðurinn hefir eigi lagt fram neitt fje það sem af er þessu ári, er aðeins af því, að þess hefir ekki verið farið á leit. Í þessu sambandi vil jeg þó geta þess, að í nóvembermánuði 1926 lagði landsspítalasjóðurinn, eftir tilmælum ríkisstjórnarinnar, fram kr. 14,000 af upphæð þeirri, kr. 100,000, sem honum ber, samkv. samningi, að leggja fram á árinu 1927. Jeg vil líka taka það fram, að við væntum þess fastlega, að verkið þurfi ekki að stöðvast í sumar, jafnvel þó að draga þurfi úr vinnukrafti að einhverju leyti. Við teljum betra, að haldið sje áfram, þó hægt fari, heldur en verkið sje látið niður falla í bili. Landsspítalasjóðurinn mun leggja fram sitt lofaða tillag, og ef til vill meira. Jeg hefi ekki neinu við að bæta það, sem hv. þm. Snæf. (H. Steins) sagði. Jeg tek undir með hæstv. forsrh. (JÞ), að gott sje að fá heimildina frá 1919 endurnýjaða með þessari till., og að það komi greinilega í ljós, að menn sjeu enn á sama máli og þegar lögin frá 1919 voru afgreidd, að landsspítalinn eigi að ganga fyrir öðrum byggingum, sem gert er ráð fyrir í áðurnefndum heimildarlögum.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi aðeins víkja því til stjórnarinnar, hvort hún gæti ekki látið ljúka við bygginguna á Kleppi í sumar með lántöku, samkv. heimildinni frá 1919. Jeg var að hugsa um að koma með brtt. við þessa þáltill., er færi í þá átt, en taldi þess naumast þörf.

Þá vil jeg spyrja hæstv. forsrh. (JÞ), hvort hann álíti, að lánsheimild í lögum fyrnist, þó að það bíði í nokkur ár að hún sje notuð? Mjer heyrðist hann telja þörf á að nýja upp þessi lög frá 1919 með þáltill., af því að þau væru farin að fyrnast. Jeg held, að þáltill. geti ekki lífgað þau upp, ef ekki er lífsgildi í þeim sjálfum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg skal svara spurningu hv. 5. landsk. (JBald) viðvíkjandi Kleppi. Eftir því sem stjórninni er frá skýrt, mun láta nærri, að sú fjárhæð, sem veitt er í fjárl. 1928 til byggingarinnar á Kleppi, muni nægja til þess að fullgera húsið, auk þess, sem veitt er á yfirstandandi ári. Mjer finst því ekki geta legið fyrir að taka lán til að fullgera bygginguna. Það er þá aðeins um það að ræða, hvort stjórnin treysti sjer til að leggja fram nægilegt fje í sumar, gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði á næsta ári. Um þetta get jeg ekki gefið ákveðið svar. Það hefir verið afráðið af stjórninni að sjá til fram á sumarið, áður en tekin væri ákvörðun um það, hvort hraða skyldi verkinu með því að taka nokkuð af fjárveitingu næsta árs fyrirfram. Um eiginlega lántöku skilst mjer að ekki geti verið að ræða.

Þá spurði hv. þm., hvort jeg hjeldi, að lög fyrndust. Það var ekki það, sem jeg átti við. En ef til kæmi, að taka ætti lán í útlöndum, má gera ráð fyrir, að lánveitanda þætti tortryggilegt, ef ekki væri hægt að vísa í neina yngri heimild en frá 1919. Efnahagsbreytingar og sveiflur í fjármálum eru svo tíðar nú, að það væri dálítið óvanalegt, ef stjórnin þyrfti að nota svo gamla heimild, og því væri betra að geta vísað í eitthvað frá nýrri tíma. Það mundi eyða allri tortrygni, sem fram kynni að koma um það, að með lántökunni væri verið að ganga fram hjá vilja löggjafarvaldsins, sem nú er.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 575).

16. Millirikjasamningar.

Á 9. fundi í Sþ., þriðjudaginn 10. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um milliríkjasamninga (A. 551).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skamt var liðið frá útbýtingu. Afbr. leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Sþ., föstudaginn 13. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti (Magnús Torfason): Að gefnu tilefni vil jeg minna hv. þm. á, að þegar ein umr. er í Sþ. um þáltill., þá fer um hana eftir því sem gildir um 2. umr. um frv.

Flm. (Jóhannes Jóhannesson): Eins og tekið er fram í greinargerðinni fyrir þáltill. þeirri, er hjer liggur fyrir, hafa hin Norðurlandaríkin fjögur, Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland, gert samninga um það sín í milli innbyrðis, að leggja öll deilumál sín, sem eigi verða jöfnuð á annan hátt, undantekningarlaust undir alþjóðadómstólinn í Haag til úrslita.

Af hálfu Noregs bar á nokkurri tregðu á að gera þannig lagaðan samn-

ing við Danmörku, en svo fór, að í febrúarmánuði s. l. samþykti norska ríkisþingið með talsverðum atkvæðamun slíkan samning.

Af hálfu Svía hefir því verið hreyft, hvort vjer Íslendingar mundum eigi vilja gera slíka gerðardómssamninga við hin Norðurlandaríkin, og þess vegna höfum vjer flm. þessarar till., eftir ósk hæstv. forsrh. (JÞ), kynt oss málið að nokkru og komist að þeirri niðurstöðu, að alt mæli með því, en ekkert í móti því, að Ísland fylgi dæmi hinna annara Norðurlanda í þessu efni, og því leyft oss að bera till. fram í samráði við hæstv. forsrh. (JÞ).

Ætlast er til, að samningarnir taki undantekningarlaust til allra deilumála, sem íslenska stjórnin og stjórn hins Norðurlandaríkisins, sem í hlut á, geta ekki jafnað með sjer, en að áskilið verði í samningunum, að þeir sjeu gerðir að áskildu samþykki Alþingis, þannig, að það þurfi að koma til, áður en samningarnir geti öðlast gildi.

Í hinum Norðurlandasamningunum eru þau ákvæði, að hvor aðila megi segja þeim upp með tveggja ára uppsagnarfyrirvara á hverjum 20 árum, og er ætlast til, að eins verði um samninga þá, er íslenska stjórnin gerir.

Í 17. gr. sambandslaganna eru sjerstök ákvæði um gerðardóm í ágreiningsmálum milli vor og Dana, um skilning á ákvæðum sambandslaganna, sem bæði ríkin eru að sjálfsögðu bundin við, og verður samningur vor við Dani því að verða með dálítið öðru móti en samningarnir við hin Norðurlandaríkin.

Með þessum fáu orðum leyfi jeg mjer, fyrir hönd flm. till., að mælast til þess, að hv. þing vilji samþ. hana.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg skal lýsa yfir því, að stjórnin er því samþykk, að þessir samningar við hin Norðurlandaríkin verði teknir upp, og verði till. samþ., þá mun stjórnin taka upp samningaumleitanir við hin Norðurlandaríkin, á þeim grundvelli, sem frá er greint í sjálfri till. Munu slíkir samningar auðvitað gerðir að því tilskildu, að þeir öðlist ekki fullgildingu fyr en þeir hafa verið lagðir fyrir Alþingi og samþyktir þar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 582).

17. Siglingaleiðir og hafnarbætur.

Á 70. fundi Nd., mánudaginn 9. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um uppmælingu siglingaleiða og rannsókn hafnarbóta (A. 537).

Á 71. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., föstudaginn 13. maí, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 537, 539, 547).

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg vil láta örfá orð fylgja till. úr garði, þótt ýmsir liðir hennar hafi komið inn á þing áður. Þannig flutti jeg 1922, ásamt núv. forsrh., till. um að mæla upp svokallaða „Grunnleið" á Húnaflóa. vestan Vatnsness. Árið 1923 kom hún aftur fram, og var þá gerð góð grein fyrir því af núv. 1. þm. Rang. (KlJ), þáv. atvrh., hvað gert hafði verið í málinu. Kom þá í ljós, að leitað hafði verið til flotamálastjórnarinnar dönsku og fengin áætlun um uppmælingu á þessari leið ásamt fleirum. Upplýsingar þær, sem fengust, hvað snertir þessa leið, voru þannig, að þurfa mundi til mælinganna 6—8 daga í góðu veðri, en aftur voru sumar uppmælingarnar svo erfiðar, svo sem undir Strandafjallgarði, að talið var, að til þeirra þyrfti 48 daga, þótt ekki væri nema 16 daga verk í góðu veðri.

Uppmælingar á innsiglingu Kollafjarðar og Bjarnarfjarðar var áætlað að tæki 10 daga. Allur kostnaður við þessar uppmælingar var áætlaður 60 þús. kr., og var þá auðvitað gengið út frá því, að fleiri uppmælingar kæmu til greina. Síðan hefir till. enn komið fyrir þingið, en ýmist verið óútrædd eða vísað til stjórnarinnar, svo sem á síðasta þingi, en ekkert verið gert í málinu frá hennar hendi.

Nú vil jeg mælast til þess, að að því verði horfið svo fljótt sem auðið er að mæla þessa leið. Get jeg drepið á helstu ástæðuna fyrir því, sem er sú, að stytta mjög mikið leið þeirra skipa, sem sigla um Húnaflóa og þurfa inn á Miðfjörð. Till. þessa flutti jeg fyrst að beiðni skipstjórans á „Goðafossi", sem kvaðst þess fullviss, að leið þessi væri fær. Hann kvaðst ekki mundu hika við að fara þessa leið, ef hann hefði minna skip í förum, en á svo stóru skipi sem „Goðafoss" væri áhættan of mikil, þar eð leiðin væri ekki mæld.

Svo hagar til, að þegar komið er austan að, verður fyrst að sigla til Grímseyjar, til þess að fá glögg mið af landi. En þótt siglt sje þangað, er ekki altaf hægt að ná Miðfirði, vegna þess, að landmiðin eru hulin þoku. Til Grímseyjar er tveggja tíma sigling, og væri því mikill sparnaður, ef hægt væri að taka af sjer þennan krók. Annað er þó, sem hefir enn þá meiri þýðingu. Vestan með ströndinni og fyrir vestan þessa siglingaleið legst oft mjög mikil þoka, þótt heiðskírt sje á austurflóanum og sömuleiðis á grynnri leiðinni. Hafa bæði „Goðafoss" og önnur skip oft orðið að bíða 3—4 daga við þokuvegginn og engu getað áorkað, en að öðrum kosti farið grynnri leiðina, ef hægt hefði verið. Þetta er því ekki sjerstaklega gert fyrir Miðfjörð eða aðrar hafnir, sem hlut eiga þar að máli, heldur fyrir öll þau skip, sem þarna eiga leið um, og þó sjerstaklega fyrir skip Eimskipafjelags Íslands.

Þá er 2. liður till., um uppmælingu á innsiglingu á Hindisvík á Vatnsnesi. Var í fyrra drepið á, hve mikil nauðsyn væri á, að þarna væri löggilt höfn, þar sem þarna er ef til vill einhver besti staðurinn til þess að gera höfn við Húnaflóa. Ef gert verður eitthvað í þá átt, verður þarna örugg og góð höfn og afdrep fyrir þau skip, sem stunda fiski á þessum slóðum.

Þá hefir aðalsíldveiðin undanfarin ár verið þarna vestur frá, og ef snögglega kemur óveður, er það eins og að fara í næsta hús fyrir skip þau, sem fyrir utan liggja, að leita sjer afdreps í Hind-

isvík. Kostnaðurinn við þessa uppmælingu ætti ekki að vera mikill.

3. liður, um uppmælingu á leiðinni frá Horni austur að Norðurfirði, er settur af hv. þm. N.-Ísf.

Jeg er ekki eins kunnugur þar, en jeg tel víst, að mjög mikil nauðsyn sje til þeirrar uppmælingar, þótt vera kunni örðugra að mæla þar.

4. liður, að rannsókn sje gerð á lendingar- eða hafnarbótum á Hvammstanga við Miðfjörð og gerð áætlun um. Við þetta hefir verið gerð lítilsháttar rannsókn og uppdráttur, en jeg hefi ekki grenslast svo nákvæmlega eftir því, að jeg geti farið nánar út í það atriði. En jeg tel víst, að það, sem gert hefir verið, sje góð undirstaða undir verkið, sem ætti því að verða ódýrara.

Jeg vænti þess, að hæstv. stjórn og atvrh. taki till. vel og sjái, að hún er aðeins flutt af nauðsyn, sem snertir öll skip, er þarna þurfa um að fara. Jeg vil líka taka það fram, að þótt verkið væri svona mikið eftir áætlunum flotamálastjórnarinnar, þá er önnur aðstaða nú. Jeg býst við, að varðskipin gætu framkvæmt þessar mælingar, og hægt væri að taka þau öðru hverju frá landhelgisgæslunni að skaðlausu. Ætti verkið þá ekki að verða jafndýrt og áætlað var. Jeg ætla ekki að byggja á því, sem sagt hefir verið hjer, að varðskipin lægju inni 12 daga í mánuði. En þrátt fyrir það ætti að vera hægt að haga þessu svo, að ekki væri til tjóns fyrir vörsluna.

Mjer finst eins mikill greiði gerður Eimskipafjelagi Íslands, ef uppmælingar þessar verða framkvæmdar og fjelagið hugsar sjer að hafa skipaviðkomur á Húnaflóa, eins og ef ríkissjóður legði fjelaginu fje til styrktar á annan hátt. Fjelagið mundi fljótt komast að raun um, að þeir peningar og fyrirhöfn, sem lagðir voru í uppmælingarnar, mundu borga sig.

Vona jeg svo, að till. fái góðar undirtektir. — Um brtt. get jeg ekkert sagt, en býst við, að þær sjeu fram komnar af sömu nauðsyn og till.

Tryggvi Þórhallsson: Á þskj. 539 á jeg brtt. um að skora á stjórnina, að samhliða þeim uppmælingum, sem getið er um í þáltill., verði framkvæmd mæling á tveim stöðum í mínu kjördæmi, í Bjarnarfirði og hafnarstaður við Kaldrananes og innsigling á Kollafjörð. Engum getur komið á óvart það, sem brtt. mín fer fram á, því að það hefir áður fram komið á Alþingi og þá jafnan samferða því, er þáltill. ræðir um.

Eins og aðalflm. gat um, liggja fyrir áætlanir um hvorttveggja, og eins samþ. frá fyrri þingum. Tilgangur minn er sá, að ítreka þá ósk, að þessi leið verði mæld, þar sem þetta er á sömu slóðum, eða rjettara sagt framhald af leið þeirri, er mæla á eftir þáltill. Jeg legg áherslu á, að þessar mælingar fari fram samhliða hinum. Jeg þarf ekki að gera grein fyrir því, hvað þetta er nauðsynlegt, vegna þess, að áður hafa legið fyrir þinginu rökstuddar áskoranir um þetta. Nú hefir enn á ný komið fram mjög eindregin áskorun frá þingmálafundum í mínu kjördæmi, að þessar leiðir verði mældar. Skildist mjer á hv. flm. (ÞórJ), að hann hefði ekkert við þessa brtt. að athuga.

Vegna þess, að hv. flm., sem er þm. eins kjördæmisins við Húnaflóa, hefir

bæði nú og fyr á þinginu látið í ljós óánægju yfir því, hvernig Eimskipafjelag Íslands hefir búið við íbúa þess hjeraðs, vil jeg um leið taka undir þær umkvartanir. Í mínu kjördæmi ríkir mjög mikil óánægja af sömu sökum.

Jeg býst ekki við því, að menn grípi til neinna sjerstakra ráða út af þessu, enda vonandi, að hægt verði að setja niður óánægjuna án þess.

Jón Auðunn Jónsson:*) Jeg þarf ekki að segja margt út af þeim lið þáltill., sem jeg hefi komið með, vegna þess, að hann er þegar kunnur af því, er hv. flm. sagði. Sá liður fer fram á að mæla leiðina frá Horni austur að Norðurfirði. Svæði þetta er mjög hættulegt skipum, þar sem það er mjög skerjótt, en þar er fiskisæld mikil. Þar er einnig stunduð mikil síldveiði. Nú hvessir oft fljótlega norður frá, og er þá erfitt að komast fyrir Horn. Þarna er ein góð höfn, en lítil, og ekki hægt að komast þangað, nema fyrir þaulkunnuga menn. Veit jeg, að Ísfirðingar leita oft þangað, vegna þess, hve kunnugir þeir eru. En enga veit jeg aðra, sem það hafa gert.

Jeg veit af upplýsingum þeim, sem fengist hafa, að talsverður kostnaður er við þessa uppmælingu. En hann mundi fljótt borga sig í auknum afla þeirra skipa, sem stunda fiski á þessu svæði.

Jón Guðnason:*) Jeg á litla brtt. við þessa þáltill., á þskj. 547, þar sem farið er fram á, að gerð verði rannsókn á lendingarbótum við Salthólma á Gilsfirði og gerð áætlun um.

Jeg hafði áður minst á þetta fyrirtæki við umr. fjárlaganna og fór fram á, að gerð væri bryggja við Salthólma, en fjell frá till., þar sem málið var ekki rannsakað til fulls. Nú hafa komið fram till. um uppmæling siglingaleiða og rannsókn hafnarbóta, og vildi jeg, að þessi staður fylgdi með, þar sem hann liggur ekki mjög langt frá þeim stöðum, er þáltill. og brtt. fjallar um. Hjer er um atriði að ræða, sem hefir mjög mikla þýðingu fyrir samgöngur þessa staðar og mundi gera gagngerða breytingu á því, hve hægt væri fyrir skipin að koma þangað og fá sig afgreidd.

Í Salthólmavík í Gilsfirði hagar þannig til, að þar er mjög mikið útfiri, svo að uppskipun verður að bíða marga tíma um fjöru, og er ekki hægt að koma henni við nema um hálffallinn sjó. En 200—300 faðma undan landi er hólmi nokkur, og er það hugmynd manna þar vestra að gera „bólverk" við hólmann og byggja þar vörugeymsluhús. Gætu skipin þá komið þar upp að og fengið affermingu hvernig sem stæði á sjó. Þó eru menn nokkuð hikandi við þetta og vilja ekki leggja út í slíkan kostnað fyr en þetta hefir verið athugað af verkfróðum mönnum.

Vænti jeg þess, að enginn hafi neitt á móti þessari till. minni, því að kostnaður við rannsókn og gerð bryggjunnar mun bráðlega fást endurgoldinn í því, hve miklu greiðara og kostnaðarminna verður fyrir skip að fá sig afgreidd þarna.

Hákon Kristófersson:*) Það er ekki til þess að andmæla þáltill. eða brtt., að jeg kvaddi mjer hljóðs. Jeg vil beina

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

því til hæstv. stjórnar, þótt jeg telji sjálfsagt, að till. verði samþ., að jeg lít svo á, að framkvæmdir þessa verks geti ekki farið fram á undan slíkum mannvirkjum, er áður hafa verið samþ. fyrir fleiri árum. Fyrir nokkrum árum flutti jeg, ásamt Magnúsi Pjeturssyni, þá þm. Str., þáltill. um uppmælingu á siglingaleiðum á Húnaflóa og Breiðafirði.

En framkvæmdir á þessu hafa farist fyrir, sumpart af fjárhagslegum ástæðum og sumpart vegna þess, að stjórnin hafði ekki verkfróðum mönnum á að skipa. Jeg hafði hugsað mjer að bera fram brtt., en sá þess ekki þörf, þar sem áður liggur fyrir áskorun til stjórnarinnar. Aftur á móti vil jeg beina þeirri ósk minni til hennar, að úr framkvæmdum verði hið allra fyrsta. Vil jeg um leið geta þess, að rannsókn á lendingar- og hafnarbótum og uppmæling siglingaleiða má fela sitt hvorum, og má því framkvæma þetta í tvennu lagi.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mjer kemur ekki annað til hugar en að taka till. vel. En út af þeim ummælum hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), að mál þetta hafi verið lengi á döfinni, vil jeg upplýsa, að það er sjerstaklega vegna þess, hve uppmælingin er dýr. Jeg vil þó segja, að langt sje frá því, að ekkert hafi verið gert til framgangs þessu máli. Hv. þm. upplýsti, hvað gert hafði verið 1922—23. En síðan málinu var vísað til stjórnarinnar í fyrra, hefir ýmislegt verið gert til þess að hrinda því í framkvæmd. Þegar yfirmaður flotastjórnarinnar dönsku kom hingað í sumar, átti jeg tal við hann um þetta mál. Hann skoðaði vitaskipið, og jeg ráðgaðist um það við hann, hvort hægt mundi að nota varðskipin til þessara uppmælinga. Hann kvað svo vera, ef hægt væri að taka þau til þess 2—3 mánuði samfleytt, því að þarna verður að sæta góðu veðri, og skipin þurfa altaf að vera til taks. Eftir skoðun vitaskipsins komst hann að þeirri niðurstöðu, að hægt væri að nota það, ef því væri breytt. Þá breytingu var ákveðið að gera í sumar, þar sem kostnaður við hana mundi ekki nema meiru en 4—5 þús. kr., og það er tiltölulega lítil fjárupphæð. Ennfremur lofaði yfirmaður flotastjórnarinnar að lána hingað vana menn, til þess að starfa að uppmælingunum, gegn því, að þeim væri greitt venjulegt kaup, og auk þess látinn vjelbátur, sem gæti verið skipinu til aðstoðar. Hann kvaðst verða að krefjast þess að hafa skipið til afnota 2—3 mánuði, því að verkið er mjög seinunnið. Hann benti og á, að ef á annað borð á að fá menn hingað upp frá Danmörku, þá mundi það ekki borga sig fyrir stuttan tíma.

Nú stendur svo á í sumar, að reisa á stóran vita eystra, og verður skipið upptekið við flutning til þess vita. Það varð því ofan á að fresta þessu til næsta árs. En það er loforð fyrir því að fá mennina næsta ár, með þeim skilmálum, að við kostuðum skipið og mótorbát. Jeg hefi talað um þetta við vitamálastjóra, og hvort hann gæti sjeð af skipinu um tíma næsta ár, svo að uppmælingarnar gætu farið fram, og hefir hann tekið því fremur vel.

Forstjóri flotamálaráðuneytisins danska áleit, að uppmælingin á Húnaflóa einum mundi taka 2 sumur, og á-

leit, að það gengi vel, ef hægt væri að ljúka því á þeim tíma. Kostnaðurinn mun ekki verða minni en 30—40 þús. kr.

Enda þótt hjer sje ekki höfð sú aðferð, sem venja er til um till., sem fara fram á fjárútlát, þá verður samt að líta svo á, þar sem uppmælingin hefir verið samþ. þing eftir þing, að stjórnin hafi heimild til þess að láta fje af hendi í þessu augnamiði.

Eftir því sem jeg nú hefi sagt, vona jeg, að hægt verði að byrja á uppmælingunum næsta ár. En jeg veit ekki, hvenær þeim mun verða lokið.

Af því að jeg er kunnugur, hvernig til hagar á Húnaflóa, þá skal jeg taka það fram, að það er mitt álit, að rjett sje að byrja á því að mæla grunnleiðina inn á Miðfjörð. Því eins og hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) tók fram, þá er það geysikrókur, sem skip verða að taka á sig, á meðan sú leið er ekki mæld upp. Það má að vísu vera, að svo reynist við uppmælinguna, að ekki verði hægt að komast þar inn á stórum skipum. En sjómenn halda þó, að hægt sje fyrir stór skip að sigla þar, ef gott er veður. Nú er skipum bannað að fara þarna um, enda þótt skipstjórar treysti sjer til þess. Eru það vátryggingafjelögin, sem banna það, meðan leiðin er óuppmæld.

Út af því, sem hv. þm. Barð. (HK) sagði, þá skal jeg geta þess, að enda þótt hann hafi ekki komið með till. um uppmælingu á Breiðafirði, þá álít jeg það ekki neitt verða til þess að seinka fyrir mælingu þar, vegna þess, að það liggja fyrir stjórninni ákveðnar óskir hjeraðsbúa um það, og svo samþyktir þingsins.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg vildi aðeins þakka hæstv. atvrh. (MG) fyrir undirtektir hans í þessu máli og fyrir það, hversu hann hefir aflað sjer upplýsinga um það.

Það má vel vera, að best sje að taka þetta alt fyrir í einu, að minsta kosti úr því að fengnir verða til þessa menn frá Danmörku. En það var álit mitt, að ef hægt væri að taka varðskipin í þetta, þá mundu vera menn á þeim, sem kynnu til þessa og gætu tekið eina uppmælingu í senn — en það er 6—8 daga verk — og gætu þeir gert þetta, þegar tækifæri væri best til þess. En jeg skal fúslega játa það, að úr því að fengnir verða menn frá Danmörku til þess að annast þessar mælingar, þá er það rjettasta leiðin að taka þetta alt fyrir í einu. Og þetta ber einnig að athuga í sambandi við vitaskipið. Annars hjelt jeg, að það mundi nú verða notað minna til flutninga að vitunum en hingað til, þar eð stjórnin telur það svo kostnaðarfrekt að halda skipinu úti. En út í þetta skal jeg ekki fara. En jeg vænti, að hæstv. atvrh. (MG) haldi málinu vakandi, svo að byrjað verði á framkvæmdum þegar næsta sumar.

Jeg gleymdi að taka það fram í fyrri ræðu minni, að vitanlega er það meining okkar flm., að till. heimili fjárgreiðslu úr ríkissjóði, ef hún verður samþ., enda þótt hún hafi ekki gengið í gegnum fleiri en eina umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg gleymdi að taka það fram áðan, að vitanlega er uppmæling tilgangslaus, nema búið sje til sjókort um leið. En til þess þarf „fagmenn" og dýr tæki. Með kleifum kostnaði sie

jeg því ekki annað ráð en að við setjum okkur í samband við flotamálastjórn Dana, sem hefir yfirstjórn sjókorta-„arkivsins".

ATKVGR.

1. liður tillgr. samþ. með 15:1 atkv.

2. liður tillgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

3. liður tillgr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 539 (nýr 4. liður) samþ. með 17 shlj. atkv.

4. liður tillgr. (verður 5. liður) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 547 (nýr 6. liður) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 585).

18. Verslanir ríkisins.

Á 68. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um verslanir ríkisins (A. 511).

Á 69. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 70. og 71. fundi í Nd., dagana 9. og 10. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., laugardaginn 14. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Frsm. (Magnús Jónsson): Fjhn. flytur þáltill. þá, sem hjer liggur fyrir. Það hefir tíðkast hin síðari ár að prenta með landsreikningunum rekstrar- og efnahagsreikninga þeirra fyrirtækja, sem rekin eru af ríkinu, og er þar bæði átt við verslanir og skip ríkisins. Þessir reikningar, þó birtir sjeu með landsreikningunum, tilheyra þeim auðvitað ekki á sama hátt og aðrir liðir. Yfirskoðunarmenn hafa þó farið yfir þessa reikninga, og sjerstaklega í þetta sinn skoðað vandlega bækur landsverslananna og fengið ítarleg plögg um allan hag þeirra, og út frá þeirri skoðun eru gerðar aths. 18, 19 og 20 í landsreikningunum nú síðast.

Mjer finst annars hálfóviðkunnanlegt að tala hjer um þetta mál, þar sem hvorugur hæstv. ráðh. er hjer viðstaddur til þess að andmæla. En það verður nú ekki í alt horft að því leyti.

Hv. þm. hafa sjeð, að það eru gerðar aths. við fleira en útistandandi skuldir. En jeg ætla eingöngu að halda mig við það, sem till. hljóðar um, sem sje skuldir þessara verslana. En hitt ætla jeg að láta bíða og ekki fjölyrða um, og setja aðeins fram málstað nefndarinnar með sem fæstum orðum.

1. liður till. er um áfengisverslunina. Skuldir hennar í árslok 1925 voru kr. 467,133,28, en skuldir í árslok 1926 kr. 430,679,16. Mismunur kr. 36,454,12.

Því verður ekki neitað, að þetta er geysilega mikið hjá verslun, er reka ætti svo að segja án útlána.

Í brjefi frá áfengisversluninni til

fjhn. er að vísu gefin sú skýring á þessu, að þar sem viðskiftin eru gerð upp til fullnustu um áramót, þá sjeu útistandandi skuldir hærri en vera mundi, ef beðið væri með að gera upp reikningana, því að talsvert er lánað með 2 og 3 mánaða gjaldfresti. Þetta er að vísu rjett, en eins og reikningarnir nú eru, sýna þeir einmitt alveg rjett útistandandi skuldir verslunarinnar á hverjum tíma.

Það er nú sameiginlegt álit yfirskoðunarmanna landsreikningsins og fjhn., að áfengisverslunin eigi ekki að reka lánsverslun. Með öllu er þó ekki hægt að komast hjá útlánum, vegna þess, að verslunin er í raun rjettri tvískift; hún verslar bæði með áfengi og lyf. Mun varla hægt að komast með öllu hjá því að veita læknum og lyfjabúðum ofurlítinn gjaldfrest með lyf. Þess vegna var ekki hægt að samþykkja þetta eins og það var orðað í þáltill. í Sþ. nú fyrir nokkru.

En um áfengisútsölurnar er alt öðru máli að gegna. Þær verða á engan hátt taldar þau nauðsynja- eða þjóðþrifafyrirtæki, að ástæða sje til þess að veita þeim gjaldfrest og stórlán til þessa atvinnurekstrar. Öllum hv. þm. er kunnugt um það, hvernig á því stendur, að þessar útsölur starfa, og jeg hefi enga löngun til þess að koma inn á það. En það sýnist engin ástæða til þess, að landið láni þeim stórfje, þegar svo mörg þörf og góð fyrirtæki eru lömuð af fjárskorti. Þótt eitthvað kynni að kippa úr þessari verslunargrein, þá mundu menn standa jafnrjettir eftir og vel það.

Eins og jeg sagði, mun ekki hægt að komast hjá því að láta eitthvað af lyfjum með nokkrum gjaldfresti. En þetta sýnist hafa verið gert í óhófi. Lyfjabúðirnar skulda t. d. um síðustu áramót kr. 162.580. Þetta er að mestu óþarfa útlán. Margar lyfjabúðirnar eru svo settar, að vel gætu tekið lyfin eftir hendinni, og engum ætti að lána mjög mikið. Sum af þessum fyrirtækjum munu að vísu vera traustir og góðir skiftavinir. En þó hefir svo farið, að margir tugir þúsunda munu vera tapaðir. Lyfjabúðirnar geta brugðist eins og önnur fyrirtæki.

Það er ekki nema eðlilegt, að læknar fái einhvern dálítinn gjaldfrest, en skuldir sumra eru alveg óeðlilegar og munu tapast. Einn læknir skuldar t. d. 10.000 krónur og nokkrir svo skiftir þúsundum. Varasjóður mun bera töp þessi, en þau eru jafnóafsakanleg og ill fyrir því. Þarf að taka hjer örugt og fast í taumana.

Þá kem jeg að öðrum lið till. Útistandandi skuldir gömlu landsverslunarinnar eru í árslok 1926 (aurum slept):

Reykjavík	.. .. kr.	252.176
Ísafjörður	.. .. —	28.626
Akureyri	.. .. .. —	60.034
Seyðisfjörður	.. —	54.774
	Kr.	395.610

Við síðustu áramót (1925) voru skuldirnar kr. 445.129. Borgast hefir því á árinu 1926 tæpar 50.000 kr., og af þeim eru 30.000 kr. borgaðar í Reykjavík og um 19.000 kr. á Akureyri. Hin útibúin standa í stað.

Það er um þessi viðskifti eins og önnur gömul viðskifti, sem löngu er lokið, að mjög erfitt mun verða um innheimtuna. Má sjálfsagt gera ráð fyrir því, að bróðurpartur inn af þessum skuldum sje tapaður, líklega ekki minna en 300

þús. kr. Í sjálfu sjer er ekki hægt að segja, að þetta sje neitt sjerlega stórkostlegt, og varasjóður verslunarinnar ber þetta tap vel, en rjett sýnist að vera ekki að halda þessum stóru upphæðum á pappírnum, heldur gera öll þessi gömlu viðskifti upp.

Útistandandi skuldir tóbakseinkasölunnar um síðustu áramót voru kr. 71. 554. Þessi viðskifti eru ekki jafnfyrnd eins og hin, en þó mun óhætt að fullyrða, að aldrei náist inn nærri helmingur af þessu.

Þá kemur steinolíuverslunin. Hún hefir þá sjerstöðu, að þar er um verslun að ræða, sem enn er í gangi. Þar er því ekki aðeins að ræða um útistandandi skuldir, heldur og um rekstur verslunarinnar. Skuldir hennar eru (aurum slept):

	Skuldir í árslok 1925	Skuldir í árslok 1926	Athugasemd
Reykjavík	112.343	132.601	Hækkun um 20.000
Akureyri	296.886	170.204	Lækkun um 20.000
Siglufjörður		104.667	
Seyðisfj.	258.918	301.315	Hækkun um 42.000
Eyrarb. Ö. Þ.	7.568	6.886	
— S. P. J.	9.159	13.051	
Vestm.eyjar	50.785	66.671	Hækkun um 16.000
Hafnarfj.	19.748	35.423	Hækkun um 16.000
Ísafjörður	24.881	72.005	Hækkun um 48.000
Samtals	780.288	902.823	Hækkun 122.535

Skuldirnar hafa hækkað hvorki meira nje minna en um liðlega 122½ þúsund krónur á árinu, og þar á meðal um 42000 hjá því útibúinu, sem varhugaverðast var áður. Að vísu hefir skuld reikningshaldarans sjálfs lækkað, að minsta kosti á pappírnum, um h. u. b. 15 þús., en hún er þó enn afarmikil, og þegar skuldaupphæð útibúsins í heild hefir hækkað svo gífurlega, má segja, að ekki hafi snúist til lagfæringar á árinu þar eystra. Því miður var ekki hægt að bera saman, hvar hækkanirnar liggja helst, en þó veit jeg að minsta kosti um einn viðskiftamann, sem í fyrra skuldaði mikið, og mjög er hæpið að geti staðið í skilum, en hefir samt hækkað skuld sína um mörg þúsund kr. á árinu. Þetta er náttúrlega alveg óafsakanlegt.

Reynt hefir verið að athuga með aðstoð kunnugra manna, hvernig skuldir verslunarinnar væru. Sú áætlun er auðvitað ekki nema mjög lausleg. En svo hefir talist til, að tapast muni:

Reykjavík	um	42000 kr.
Ísafjörður	um	24000 —
Vestmannaeyjar	um	15000 —
Eyrarbakki	um	10000 —
Hafnarfjörður	um	5000 —
Seyðisfjörður	um	90000 —
Siglufjörður	um	44000 —
Akureyri	um	70000 —
Samtals	um	300000 kr.

Áætlun þessi er, eins og jeg sagði, aðeins lausleg, en hætt er þó við því, því miður, að hún reynist fremur of lág en of há. Reynslan ein getur úr því skorið með vissu.

Þessi skýrsla um væntanleg töp steinolíuverslunarinnar er hjer ekki sett af neinni löngun til þess að lasta þá, sem með þessi mál hafa farið, heldur til þess að færa ástæður fyrir niðurlagsorðum tillögunnar, að framvegis verði gætt varúðar um útlán.

Það er einmitt sú hætta, sem því fylgir að láta landið reka þessa verslun, að gerðar eru meiri kröfur til hennar um útlán í vondu árferði en hægt

mundi vera að gera til einstakra manna. Þeir, sem versluninni stjórna, ráða ekki við, og áður en varir getur verslunin tapað stórfje. Það er því áreiðanlega ekki óþarft, að Alþingi sýni eindreginn vilja sinn í þessu efni og styðji með áhrifavaldi sínu þá forstjórn verslunarinnar, sem sýna vildi fulla gætni um útlánin.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er engin ástæða til annars af hálfu stjórnarinnar en taka þessari till. vel. Jeg get lýst yfir því, að það mun reynt að uppfylla þær kröfur, sem hún gerir, ef hún verður samþ. hjer. Að því er snertir fyrsta lið till., um áfengisverslunina, þá veit jeg ekki betur en það sje siður þar að gera upp bækur verslunarinnar 1. jan., en það er víða siður að halda bókunum opnum 2—3 fyrstu mánuði ársins. En þetta gerir það að verkum, að það sýnist minna útistandandi, þegar reikningunum er haldið opnum. Forstjóri verslunarinnar segir, að á fyrsta ársfjórðungnum komi inn mikið af þeim skuldum, sem útistandandi eru um áramót. Ef sú regla yrði upp tekin að taka við innborgunum frá liðnu ári fyrstu mánuði ársins, þá yrði minna reikningslega útistandandi. Þessi verslun veitir læknum þriggja mánaða gjaldfrest, en útsölunum tveggja mánaða. En af því leiðir, að það, sem sent er út á síðasta ársfjórðungnum, hlýtur að standa í skuld við áramót.

Þá vil jeg spyrja hv. frsm. (MJ), hvort hann eða nefndin telji vínanda undir lyf. Vitaskuld ætlast löggjafinn til þess, að vínandi sje aðeins notaður sem lyf, en jeg vil biðja um skýringu á því, hvort hv. nefnd ætlast til þess, að greint sje á milli þessara lyfja og annara.

Þá mintist hv. frsm. á skuld eins læknis og gat þess, að hann væri ekki embættislæknir. Í tilefni af þessu vil jeg upplýsa það, að þessi skuld stafar frá þeim tíma, er hann var embættislæknir.

Viðvíkjandi 2. liðnum, að gerð verði upp til fullnustu viðskifti eldri landsverslunarinnar og tóbakseinkasölunnar, skal jeg geta þess, að verið er á hverju ári að innheimta þessar skuldir, eftir því sem fært þykir. En þetta eru slæmar skuldir, sem orðnar eru eftir, og verður því að fara með lagi að þessu. Það er ekki hægt að heimta þær allar inn í einu, heldur hefir við suma verið samið um árlegar afborganir. Sumar skuldirnar standa líka inni í dánar- og þrotabúum, og verður því að bíða eftir skiftum.

Að því er snertir 3. lið till., um steinolíuverslunina, þá skal jeg geta þess, að hún mun nú eiga um 100 þús. kr. í varasjóði. Þótt mönnum þyki háar upphæðir útistandandi, þá er þess að gæta, að það er erfitt að neita um lán í þessum tilgangi, sjerstaklega þegar það hefir sýnt sig, að sama sem ekkert af steinolíu er flutt inn af öðrum, þótt ekki sje nú einkasala á steinolíu, svo sem kunnugt er. En eigi að síður er það sjálfsagt að gæta allrar varúðar við útlánin, og mun framkvæmdarstjórinn hafa haft það hugfast. En það er ekki gott fyrir hann að koma í veg fyrir lán útibúanna.

Að því er snertir skuldirnar á Seyðisfirði, þá er mjer kunnugt um, að þar hefir verið tekið veð fyrir stærstu

skuldinni, og hún hefir lækkað á síðasta ári, og lítur út fyrir, að hún muni einnig minka á þessu ári.

Frsm. (Magnús Jónsson): Það er rjett hjá hæstv. atvrh. (MG), og jeg gat líka um það í minni fyrri ræðu, að það breytir nokkru um útkomuna á útistandandi skuldum áfengisverslunarinnar, að reikningar hennar eru gerðir upp um áramót. En með þessu móti kemur betur í ljós hin raunverulega mynd af ástandinu heldur en ef reikningunum væri haldið opnum fyrstu 2—3 mánuði ársins. Annað mál er hitt, að það liti betur út á pappírnum, ef reikningunum væri haldið lengur opnum fyrir innborganir, svo að andvirði þess, sem selt er gegn víxlum, væri inn komið. Útistandandi skuldir reyndust þá minni, en myndin af hag verslunarinnar á hverjum tíma væri þá ekki eins rjett.

Það var ekkert um það rætt í nefndinni, hvort telja ætti spíritus til lyfja eða ekki. En jeg fyrir mitt leyti tel það alveg tvímælalaust, að það eigi að telja hann til lyfja. Jeg vil ekki „autorisera" hann öðruvísi en sem lyf, og það er ekki leyfilegt að versla með hann nema sem lyf. Annað mál er það, að hann kann að vera notaður öðruvísi en sem lyf, en það er ekki hægt að skilja þar á milli. Það væri óviðkunnanlegt að fara að áætla, hve mikið af spíritus sje notað sem áfengi og hve mikið til lyfja. Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil benda á það, sem hv. frsm. (MJ) drap á, að það virðast hafa verið allmikil mistök á útlánum steinolíuverslunarinnar á hinum ýmsu stöðum. Það er enginn að kenna forstjóranum um þetta; það leiðir af svona fyrirkomulagi. En það er undarlegt, að á Austurlandi, þar sem miklu minni olía er notuð en á Vesturlandi, skuli skuldirnar vera ferfaldar og oft sjö- til áttfaldar á við það, sem þær eru á Vesturlandi. Þetta er ófært, því að það eru skilamennirnir, sem verða að borga fyrir vanskilamennina. Flestir þessir menn selja sína síld að haustinu, en reikningum þeirra við landsverslun haldið opnum fram í febrúar og marsmánuð, og þó hafa þeir ekki lokið olíuskuldinni.

Eftir því sem jeg veit best, er það t. d. svo á Ísafirði, að þar er heimtuð trygging af bönkunum, ef hætta virðist á, að útgerðarmenn standi ekki í skilum. Nú er það undarlegt, að þessu skuli sjerstaklega hafa verið beitt við Vestfirðinga, og þeir hafa sennilega ekki betri ástæður til þess að greiða skuldir sínar heldur en Austfirðingar eða aðrir.

Jeg get heldur ekki látið vera að minnast á, út af þessum skuldalista, sem nefndin hefir fengið, að mjer finst óviðkunnanlegt, að útibússtjórar landsverslunarinnar skuldi stórar upphæðir, eins og t. d. á sjer stað um einn þeirra, sem skuldar versluninni nálægt 100 þús. kr. Jeg get ekki betur sjeð en að slíkur maður hafi fyrirgert svo trausti sínu, að það sje beinlínis skylda forstjóra landsverslunar að skifta þar um útibússtjóra. Það er líka vitanlegt, að þessi maður hefir varið fje, sem hann átti að gæta og ábyrgjast, í sinn eigin atvinnurekstur.

Annars er er mjer kunnugt um, að

einhverjir menn eystra hafa ekki þóst skulda það mikið, sem reikningur landsverslunarútibúsins þar ber með sjer. Það væri því sjálfsagt, að verslunin taki upp þá reglu, sem víða tíðkast, að heimta af útibúunum, að kvittanir skuldunauta fylgi eða viðurkenningar þeirra fyrir því, að skuldin sje rjett talin hjá útibússtjóra.

Að lokum vildi jeg aðeins segja það. að mjer finst óviðkunnanlegt að sjá í þessum skuldalista skuldir þrotabúa, sem færðar eru ár frá ári. Þær upphæðir eru vitanlega tapaðar og ættu því að strikast út. Að láta þær standa í reikningnum, gefur ranga hugmynd um afkomu landsverslunar.

Jón Guðnason: Það hefir áður, í Sþ. í vetur, legið fyrir svipuð mál og fyrsti liður þeirrar till., sem hjer er til umr., en var þá felt. Verð jeg því að lýsa ánægju minni yfir því, að málið er tekið aftur upp, þótt í öðru formi sje og þó að hjer sje ekki jafnskorinort eða fast að kveðið og jeg hefði óskað.

Skuldalisti sá, er lesinn var upp áðan, sýnir nauðsyn till. þeirrar, er jeg mintist á, að feld hefði verið. Þess vegna er mjer óskiljanlegt, að sú till. skyldi ekki hafa þann byr, að hún næði samþykki Alþingis.

Annars væri ekki mikið um þessar skuldir að segja, ef hjer væri um nauðsynjavöru að ræða. En það er nú eitthvað annað. Hjer hefir verið lánuð vara, sem teljast verður með öllu óþörf, en neytt hefir verið upp á okkur.

Ýmsir ágætir læknar álíta sig geta gegnt störfum sínum til fullrar hlítar án áfengislyfja. En af skuldalistanum liggur jafnvel beint við að ætla, að minst af því áfengi, sem lánað hefir verið, muni hafa farið til lyfja eða lækninga, enda ber skýrsla hv. fjhn. það með sjer, að þessi áfengisverslun muni vera alt annað en glæsileg.

Nú vildi jeg óska í þessu sambandi að fá að heyra, hvað hæstv. stjórn hugsar sjer að gera, hvort hún ætlar að láta halda áfram að lána læknum og lyfjabúðum áfengi ótakmarkað, eins og verið hefir, eða hvort hún hugsi sjer að takmarka þessi áfengisútlán að einhverju leyti framvegis. Þessar misfellur, sem orðið hafa á útlánum áfengisverslunarinnar, eru svo miklar, að hjá einum viðskiftamanni hennar nemur skuldin tug þús. kr., og er sá maður þó ekki embættislæknir. Er og upplýst, að sumt af þessum útlánum muni vera tapað fje. Þessi útlán áfengisverslunarinnar eru því varhugaverðari sem læknarnir sjálfir eru ekki sammála um nauðsyn áfengislyfja, enda skiftir mjög í tvö horn um notkun lækna á áfengi til lyfja.

Jeg hefi í höndum skýrslu, gefna samkv. rannsókn, sem fór fram á útgáfu áfengislyfseðla hjá læknum í Reykjavík mánuðina maí og nóv. árið 1924. Þar eru taldir upp 31 læknir, sem þá voru starfandi í höfuðstað landsins. Af þeim voru 7, sem enga áfengisseðla höfðu látið úti, 10, sem látið höfðu af höndum 1—14 áfengisseðla, og 3, sem voru með í kringum 50 slíka lyfseðla hver. En þegar þessum læknum sleppir, koma um 10 læknar, sem gefið hafa út þetta frá 115 og upp í 471 áfengislyfseðla, og mikill sægur af þeim seðlum var upp á yfir 210 gr., en fram úr þeirri grammatölu má hver einstakur

lyfjaskamtur ekki fara að öllum jafni, og er annað því að eins heimilað, að alveg sjerstaklega standi á.

Annaðhvort er nú, að mjög misjafnt hlýtur það að vera, sem læknar líta á nauðsyn áfengis til lyfja, eða þá að hjer er um stórkostlega misbrúkun að ræða, sem margir læknanna hafa gert sig seka í. Einkum hefir maður ástæðu til að álykta, að svo sje, þegar þess er gætt, að á meðal þeirra, sem örfáa eða enga áfengislyfseðla hafa látið úti, eru sumir bestu og frægustu læknar landsins. Mætti þar til nefna Guðmundana þrjá, Björnson, Hannesson og Magnússon, og af yngri læknum, sem mikið eru sóttir, þá Gunnlaug Claessen og Halldór Hansen. Þar sem allir þessir læknar, sem kunnugt er um, að haft hafa og hafa mikla aðsókn, gera svona lítið að því að nota áfengi til lyfja, og á hinn bóginn að á landsfundi lækna, þingi Læknafjelags Íslands, hefir verið samþ. áskorun til heilbrigðisstjórnarinnar um að fá áfengislyfseðlaleyfi lækna aftur numið úr lögum, þá virðist hjer ekki um þá nauðsynjavöru að ræða, sem ástæða sje til að lána út, og það eins takmarkalaust og gert hefir verið að undanförnu.

Það er ljóst af ræðu hv. frsm. (MJ), að hv. fjhn. telur þetta vandræðamál, sem þarfnist skjótrar og góðrar úrlausnar. Og þar sem hv. fjhn. hefir riðið á vaðið, þá ætti að vera hægra um vik fyrir hæstv. stjórn að framkvæma vilja þingsins. Mjer skilst, að þessar ráðstafanir til að hætta útlánum við verslanir ríkisins eigi fyrst og fremst að hefjast við þá verslunina, sem að flestra dómi verslar með tóman óþarfa, og það óþarfa, sem er og getur orðið til bölvunar og spillingar í þjóðfjelaginu.

Annars verð jeg að segja það, að mjer þykir undarlegt, hvað hæstv. stjórn hefir verið róleg fyrir þessu og látið reka á reiðanum á meðan skuldirnar voru að safnast. Einkum finst mjer þó þetta stinga í stúf við kenningar þær, sem haldið hefir verið fram af stuðningsmönnum hæstv. stjórnar — íhaldsflokknum — sem hefir hampað því utan þings og innan, að öll ríkisverslun sje óheppileg og að ríkið megi ekki við því að binda fje sitt í slíkum rekstri. Það voru einmitt þessir sömu menn, sem feldu niður tóbakseinkasölu ríkisins, verslun, sem jafnvel hæstv. atvrh. (MG) kvað hafa uppfylt sínar bestu vonir. Þó feldi stjórnarflokkurinn hana niður og hjelt því fram, að ríkissjóður mætti ekki festa fje sitt í henni. Þess vegna undrar mig, að frá þessum sama flokki og stjórn hans skuli engin óánægja heyrast um rekstur áfengisverslunar ríkisins, og er þó ástandið svo, að verslunin á útistandandi mörg hundruð þús. kr., og hjá einstökum læknum svo að skiftir þúsundum. Væri hjer um verslun með einhverja nauðsynjavöru að ræða, þá væri minna að segja. En þar sem eingöngu er um óþarfa varning að ræða, og það slæman varning, sem bæði veldur og getur valdið heilsu- og efnatjóni einstaklinganna, þá er undarlegt, að íhaldsflokkurinn og hæstv. stjórn skuli hafa gengið þegjandi fram hjá því, að fje ríkissjóðs er fest í þessum ríkisrekstri, eins og raun hefir orðið á. Og jeg vil segja, að það sje raunalegt, að á sama tíma og tóbakseinkasalan er afnumin, sem hæstv. atvrh. (MG) gaf þó svo

góðan vitnisburð, sem jeg áður sagði, skuli rekin í bannlandi verslun með áfengi fyrir ríkisfje, og henni auk þess hagað svo, að líkindi eru til, að mikið af hinum stórmiklu útistandandi skuldum hennar tapist.

Að svo mæltu vildi jeg geta þess í sambandi við 1. lið till., að þó að ekki yrði gengið lengra en svo, að lyfjabúðir fengju einhvern mjög takmarkaðan gjaldfrest hjá áfengisverslun ríkisins, þá ætti þó a. m. k. að taka fyrir það með öllu að veita einstökum læknum nokkurn gjaldfrest á áfengi. Þeir myndu þá e. t. v. nota dálítið minna af því, sumir hverjir, og verð jeg að álíta það alveg óhætt, þar sem sumir okkar bestu og frægustu lækna nota lítið eða jafnvel alls ekki neitt áfengi til lyfja.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það eru aðeins örfá orð til hv. þm. Dal. (JG). Hann getur ekki sannað neitt með margra ára gömlum upplýsingum, sem hann kom með, að læknar misnoti þann rjett, sem þeir hafa til þess að gefa út áfengislyfseðla. Síðan hefir ný reglugerð verið sett og eftirlitið miklu strangara en áður var.

Þá verð jeg að mótmæla því, að stjórnin eða íhaldsflokkurinn hafi ekkert gert til þess að draga úr því, að lánað væri jafnóspart við verslanir ríkisins eins og átt hefir sjer stað. Og þar sem einn maður úr flokknum hefir nú í dag sagt, að það væri fyrir tilmæli stjórnarinnar, að hv. fjhn. hefði tekið þetta mál til rannsóknar, þá verð jeg að segja, að menn, sem þannig haga orðum sínum eins og hv. þm. Dal. (JG), sjeu ekki vandir að virðingu sinni.

Það er rjett, að það er nokkuð misjafnt, sem læknir líta á notkun áfengis til lyfja. En á meðan læknar eru ekki á einu máli um að taka það út úr lyfjaskrá, verður ekki hægt að taka þennan rjett af læknunum, sem þeir hafa til þess að gefa út áfengislyfseðla. En hitt er reynt, að ganga svo frá þessu, að það verði ekki misnotað.

Um áfengismálið hefir annars verið rætt svo mikið á þessu þingi, að tæplega er ástæða til að bæta miklu við það. Það er alkunnugt, að Spánarvínunum var þröngvað að oss, og þar sem vjer getum alls ekki af fjárhagsástæðum sagt þeim samningi upp við Spánverja, sem nú gildir, er ekkert ráð vænna en fara að eins og Bandaríkjamenn gerðu, þegar Englendingar lögðu háan toll á te. Þeir hættu að drekka te. Það besta, sem við getum gert, er að drekka ekki vínin. Og það væri miklu sæmra að fara þannig að. Þetta ætti hv. þm. Dal. (JG) að athuga, og heldur berjast fyrir bindindi, og helst ganga í bindindi sjálfur, en ekki að reyna að nota þetta mál til pólitískra árása á andstæðingana, því að hann er ekkert síður sekur í þessu máli en aðrir, sem hann er að reyna að kasta steini að.

Annars virðist mjer það lítil sanngirni í garð stjórnarinnar að segja, að hún vilji ekkert gera í þessu máli, þegar hún hefir lýst því yfir, að hún ætli að taka till. til greina.

Út af því, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði um útibússtjóra landsverslunarinnar, að þeir hefðu reynst misjafnlega hæfir, þá er ekki nema sjálfsagt að taka það til athugunar og skifta þá um mann, ef ástæða er til þess.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla mjer ekki

að tala langt mál, enda geri jeg ráð fyrir því, að tillaga sú, sem hjer liggur fyrir, verði samþ. Í þessari till. er farið fram á það eitt, sem nauðsynlegt er og sjálfsagt að gera, og að því sje undið sem allra fyrst.

Í 1. lið till. er það skýrt tekið fram, að alls engan gjaldfrest má veita á neinum vínum öðrum en þeim, sem tekin eru upp í lyfjaskrá lækna og heimilt er, samkv. lögunum um aðflutningsbann á áfengi, að nota sem lyf. En jafnframt er það skýrt tekið fram, að gjaldfrest á lyfjum skuli jafnan sem stystan veita.

Þó að vitað sje um, að sumir af læknum landsins hafi misnotað læknisleyfi sitt að því leyti, að láta af hendi vín til nautnar, og hætt við, að freistingin til þess sje ekki með öllu útdauð enn, þá er ekki rjett, frá sjónarmiði bann- og bindindismanna, að stuðla að því, að nokkuð sje gert, sem talist geti viðurkenning á því, að eigi skuli altaf og undir öllum kringumstæðum skoða þann vínanda, sem tekinn er upp í lyfjaskrá, sem önnur lyf.

Þess vegna er rjett að láta, hvað þetta snertir, eitt og hið sama gilda um öll lyf.

Um hitt má altaf deila, hvort nauðsynlegt sje að taka vínanda upp í lyfjaskrá lækna, og innan sjálfrar læknastjettarinnar eru allskiftar skoðanir um þetta. En eins og kunnugt er, hefir þetta ákvæði verið þyrnir í augum bannmanna frá fyrstu tíð, en um það á ekki við að vera að fjölyrða frekar hjer, því að málið liggur ekki fyrir á þeim grundvelli.

Eins og minst hefir verið á, var till. ekki alls fyrir löngu til umræðu í Sþ., sem meðal annars fór fram á það að banna öll útlán á víni og vínanda úr áfengisverslun ríkisins. En af þeirri ástæðu, sem jeg áður nefndi, og að vitað var um, að sú till., sem nú liggur fyrir, mundi koma fram, náði þetta ekki fram að ganga.

Hvað þá till. snertir að öðru leyti, sem borin var fram í Sþ., þá stendur hún ekki í svo nánu sambandi við þetta mál, að það sje í rauninni heimilt eftir þingsköpum að ræða um efni hennar nú. En hv. þm. Dal. (JG) fór samt að draga hana inn í þessar umræður, sýnilega í þeim vesæla tilgangi annarsvegar að reyna að kasta skugga á núverandi stjórn og íhaldsflokkinn, en hinsvegar til að leiða athygli að því, hvað hann sjálfur væri hreinn og flekklaus.

Hv. þm. fór að blanda tóbaksverslun ríkisins, sem hann sagði, að hefði verið augasteinn og framtíðarvon þjóðarinnar, inn í þetta mál og kasta hnútum að núverandi stjórn og íhaldsflokknum fyrir að hafa beitt sjer fyrir því, að hún var lögð niður. Jeg held, að reynslan sje nú búin að sýna, að tóbaksverslun ríkisins var enginn sjerstakur bjargvættur fyrir þjóðina.

Hv. þm. Dal. (JG) þótti ekki gott samræmi í því hjá íhaldsflokknum að vilja leggja niður einkasölu á tóbaki, en halda uppi ríkisverslun á áfengi. Það kemur mjög skýrt fram í þessum ummælum hv. þm., að hann læst ekki skilja eða skilur ekki, hvaða ástæður það voru, sem lágu til grundvallar fyrir því, að eigi varð hjá því komist á sínum tíma að ganga að samningunum við Spánverja, og að þessar sömu ástæður eru þess enn valdandi, að það er ekki hægt að segja upp þessum

samningum, nje á það hættandi að gera nokkrar þær ráðstafanir, sem komið gætu í bága við þá.

Jeg get sagt hv. þm. Dal. það, að jeg þyrfti ekki neina brýningu eða eggjun, hvorki frá þessum hv. þm. eða öðrum, til þess að ganga fast fram í því að ljetta af okkur þessu oki, ef jeg sæi, að þær kringumstæður væru fyrir hendi, sem gerðu okkur það kleift. Jeg vænti þess, að ef hv. þm. í raun og veru getur gert sjer nokkra grein fyrir tilfinningum þeirra manna, sem eru andstæðir víni og vínnautn, þá sje honum það ljóst, hvað það hefir verið með ljúfu geði, er þessir menn neyddust til að greiða atkv. með því, að slík skerðing á aðflutningsbanninu væri gerð með samningunum við Spánverja.

Það er þess vegna harla hart og leiðinlegt, þegar verið er að núa gömlum, góðum og einlægum bann- og bindindismönnum því um nasir, að það sje áhugaleysi þeirra og kæruleysi að kenna, að svona er komið fyrst og fremst, og að þessu oki er ekki ljett af okkur.

Jeg vil svo að lokum segja hv. þm. Dal. (JG) það, að það skiftir miklu, þegar bornar eru fram till. um eitthvert mál, hverjir það eru, sem að þeim till. standa. Jeg held, að það þurfi ekki að gera sjer neitt glæsilegar vonir um mikinn árangur af starfi þeirra manna fyrir bindindis- og bannmálið, sem eru sjálfir með opið ginið í hvert skifti, sem tappi er tekinn úr Spánarvínsflösku, og mæna gráðugum girndaraugum á hvern dropa, sem fer ofan í aðra.

Forseti (SigurjJ): Hv. þm. Dal. (JG) hefir kvatt sjer hljóðs, en um leið og jeg gef honum orðið vil jeg óska þess, að hv. þm. haldi sjer við dagskrárefnið. Þingmaðurinn gaf tilefni til þess í síðustu ræðu, að umræður snerust að öðru.

Jón Guðnason: Mjer þykir það, er jeg sagði áðan, hafa orðið til þess að vekja óþægilegar tilfinningar hjá hæstv. atvrh. (MG), og þó einkum hjá hv. þm. Borgf. (PO). Jeg gat ekki betur fundið en að talsvert mikill móður væri í hv. þm. Borgf., þegar hann var að tala. Veit jeg sannast að segja ekki, hvað það hefir verið, sem fyrir honum vakti með því að standa upp og láta mælskuljós sitt skína á þann hátt, sem hann nú gerði.

Hv. þm. talaði um það, að þeir menn, sem hafa verið áhugasamir um bindindi og bann, mundu ekki hafa gert það með ljúfu geði að opna landið aftur fyrir víninu, eins og gert var með Spánarsamningnum. Þetta get jeg fallist á. Og jeg hefi heldur aldrei borið það yfirleitt á þessa menn, að þeir hafi gert þetta með ljettúð. Jeg talaði um þetta um daginn sem nauðung frá Spánverja hendi, sem við hefðum orðið að ganga að. Hitt er annað mál, að mjer getur ekki dulist, að það hefir ýmislegt komið fram síðan við urðum að slá þannig undan Spánverjum, sem sýnist bera þess vitni, að mönnum hafi ekki verið — sumum að minsta kosti — eins ljúf þessi undanlátssemi eins og maður hefði getað búist við.

Þetta mál horfir kannske nokkuð öðruvísi við þar, sem jeg þekki best til, heldur en þar, sem hv. þm. Borgf. (PO) er kunnugur. Þar, sem jeg þekki til, er það svo nú til margra ára — og það eins eftir að leyfður var innflutningur á Spánarvínum, að vínsala eða

drykkjuskapur hefir ekki átt sjer stað. En eigi að síður er almenn gremja yfir því, að hafa orðið að láta þannig undan útlendri þjóð um fyrirkomulag hjer heimafyrir. Og mjer er óhætt að segja, að það er ríkjandi skoðun þar, að okkur beri að gera alt, sem hægt er, til þess að losa af okkur þetta helsi, sem á okkur var spent. Það er skoðað sem stórt sjálfstæðisatriði fyrir okkar þjóð, að þetta megi verða. Jeg lít því á þetta mál sem hreint og beint sjálfstæðismál okkar gagnvart þessari þjóð, sem í þessu efni kúgar okkur, um leið og það vitanlega er siðferðismál, þar sem það hefir svo mikla þýðingu til þess að draga úr þeirri ofnautn áfengis, sem á sjer stað í landinu.

Jeg hefi ef til vill átt að skilja svo orð hv. þm. Borgf. (PO), að mjer færist ekki um þessi mál að tala, þar sem hann sagði, að mikið væri undir því komið, hver stæði bak við till. í þessa átt og bæri fram. Jeg vil í þessu efni algerlega vísa frá mjer þeim dylgjum, sem komu fram frá hv. þm. Borgf. Það er alveg satt, að jeg hefi aldrei verið í þeim hóp, sem ýmsir flokksbræður hv. þm. Borgf. kalla þröngsýna og einsýna templara; og jeg hefi heldur aldrei talið mig þurfa þess með, sökum þess, að jeg hefi sjálfur aldrei fundið til neinnar ástríðu gagnvart áfengi, þótt jeg ekki sjái neitt á móti því, að neyta þess í góðum kunningja hóp. Enda er það vitanlegt, að það, sem vakir að minsta kosti fyrir hinni íslensku þjóð út um landið, sem horfir á áfengisbölið álengdar, það er ekki neinn ofsi gagnvart öllum þeim, sem að einhverju leyti neyta áfengis. Það er óánægja yfir þeirri misbrúkun, sem hefir átt sjer stað, að því leyti sem það átti að nota til lyfja, og ennfremur óánægja út af því, hversu óþarflega virðist hafa verið gengið langt gagnvart Spánarsamningnum um það, að hafa svo marga vínsölustaði sem raun er á, og í þriðja lagi að gera áfengið svo aðgengilega vöru, með því að lána það út, eins og hefir átt sjer stað.

Jeg tek því þessi orð hv. þm. Borgf. (PO) sem vott um gremju, sem hjá honum býr yfir þeim ásökunum, sem komið hafa fram opinberlega í garð þeirra manna, sem ekki hafa viljað gera hinar ítrustu ráðstafanir, sem stungið hefir verið upp á til þess að fyrirbyggja misbrúkun áfengis. Jeg fyrir mitt leyti hefi í því efni ekki ásakað neinn eða neina fyrir neitt annað en það, sem hefir komið fram algerlega opinberlega. Jeg hefi vítt misbrúkun á þeim rjetti, sem læknum er gefinn og einnig að því er snertir áfengisverslunina, og jeg hefi vítt undanlátssemi að óþörfu við Spánverja. (Atvrh. MG: Hver á sökina á því?). Jeg gat um það um daginn, að í Spánarsamningnum er þess hvergi getið, hversu útsölustaðir ættu að vera margir. Hæstv. forsrh. (JÞ) bar af sjer sökina um þetta efni — og jeg hygg að hann hafi á rjettu að standa — en þá er sökin hjá þeirri stjórn, sem kom þessu í kring áður; jeg tek það fram, að mjer er engin ánægja að koma þessu á hæstv. núverandi stjórn.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 604).

19. Hafnarbætur og varnir gegn snjóflóðum.

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 26. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn á hafnarbótum í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu og vörnum gegn snjóflóðum á sama stað (A. 257).

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 28. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 48. og 49. fundi í Nd., dagana 6. og 7. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 8. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg þarf ekki að orðlengja um mál þetta, því að í greinargerðinni á þskj. 257 eru færðar fram þær ástæður, er jeg get látið nægja. Jeg veit að sönnu, að farið hefir fram rannsókn á því, á hvern hátt hægt sje að koma í veg fyrir snjóflóð á þessum stað, en hún var svo ónákvæm, að jeg get ekki talið hana fullnægjandi. Það kom þangað verkfræðingur og gerði mjög litlar athuganir, og á öðrum stað en þar, sem snjóflóðahættan er mest. Till. hans mun hafa verið sú, að flytja húsin af hættusvæðinu. Ekki þurfti nú að rannsaka neitt til að gera slíka till. Það mátti gera hana án allrar athugunar.

Á þeim stað, þar sem snjóflóðahættan er mest, er besta uppsátrið í Hnífsdal, og verður þar ekki komist af án þess að nota það. Þarna eru líka tvö stórhýsi, auk fiskihúsa, og ef útvegur í Hnífsdal á að haldast við, verða smærri bátar að hafa uppsátur einmitt á þessum stað.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil leggja það til, að máli þessu verði vísað til hv. allshn., og vona, að hv. flm. (JAJ) hafi ekkert á móti því. Jeg lít svo á, að málið þurfi að rannsaka í nefnd, vegna þeirrar skoðunar á þessum stað, sem fram fór árið 1916, enda þótt hv. flm. (JAJ) geri lítið úr henni.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Að sjálfsögðu samþ. jeg það, að málið fari til nefndar, en jeg vil biðja hana um það, að hún gefi mjer kost á því að ræða við sig um þau plögg, sem fyrir eru um rannsóknina frá 1916.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg sting upp á því, að þessu máli verði vísað til hv. samgmn.

Forseti (BSv): Er það tilætlunin, að umr. sje þá frestað nú, og málinu vísað til nefndar á þessu stigi?

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Já, og jeg held fast við, að málinu verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 17:12 atkv. og umr. frestað.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 11.

maí, var till. tekin til framh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á. 74. fundi í Nd., föstudaginn 13. maí, var framhaldið fyrri umr. um till. (A. 257, n. 544).

Frsm. (Árni Jónsson*): Allshn. hefir haft þetta mál til meðferðar og orðið ásátt um að mæla með því.

Viðvíkjandi sjálfri till. hefi jeg engu við að bæta þá ítarlegu grg., sem henni fylgir. En um síðari lið till. hefir nefndin átt tal við vitamálastjóra, og er hann vonlítill um árangur af því starfi, sem þar er talað um.

Við fyrri lið till. hefir nefndin borið fram brtt., að komið verði á hafnarbótum á Vopnafirði í Norður-Múlasýslu, og er það samkv. óskum, sem komu fram á þingmálafundi þar eystra síðastliðið haust, og raunar oftar.

Það er líkt á komið með Vopnafjörð eins og Hnífsdal, að höfnin þar er ekki góð og liggur að nokkru leyti fyrir opnu hafi. Það hefir lengi verið áhugamál manna á Vopnafirði að bæta höfnina og koma þar helst upp hafskipabryggju. Var mál þetta vel undirbúið, áætlun gerð, og hefði að líkindum komist í framkvæmd, ef stríðið hefði ekki skollið á. Nú hefir áætlun verið gerð að nýju, og kostnaður við að gera bátabryggju er talið að muni nema eins miklu og kostað hefði að gera hafskipabryggju fyrir stríð. Það er líka svo, að hæpið þykir, að hægt verði að koma þessari bátabryggju svo fyrir, að hún komi að fullu gagni. S. l. haust lá t. d. skip inni á aðalhöfninni, en vegna brims og storma var ekki hægt að athafna sig við það, vegna þess að bátarnir gátu ekki komist að því.

Með þessari till. er því tilætlunin, að láta rannsaka, hvort ekki sje hægt, án alt of mikils kostnaðar, að gera varnargarð úr skeri, er liggur í miðju sundinu milli Skipshólmans og lands. Jeg get að svo stöddu ekkert sagt um þann kostnað, því að vitamálastjóri gat ekkert um hann vitað. En tækist þetta, er jeg viss um, að það yrði til mikilla hagsbóta fyrir sveitirnar, sem sækja þangað í kaupstað, auk þess sem útgerð mundi vaxa þar til stórra muna. Fyrir 20—30 árum var Vopnafjörður einhver stærsti útgerðarstaðurinn á Austurlandi, en hefir hnignað, meðal annars vegna þess að höfnin er svo slæm og þykir ekki tryggileg fyrir vjelbátaútgerð.

Að endingu skal jeg geta þess, að vitamálastjóri hefir tekið vel í þetta, og vænti jeg því, að hv. þdm. geti fallist á till., með þeirri breytingu, er nefndin leggur til.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Þessi þáltill. fer fram á að láta rannsaka hafnarbætur í Hnífsdal og á Vopnafirði, þegar á þessu sumri, auk þess, sem rannsaka á jafnhliða snjóflóðahættuna í Hnífsdal.

Nú er það öllum vitanlegt, að stjórnin hefir ekki ótakmarkaðri aðstoð á að skipa í þessu efni. Það er aðeins vitamálastjóri og aðstoðarmaður hans. Að vísu var ráðinn aukamaður s. l. ár til bráðabirgða. En af því að stjórnin hefir úr svo litlu fje að spila, hefir verið reynt að borga honum með því, að hlutaðeigandi hjeruð, sem óskuðu eftir að-

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

stoð hans, hafa greitt að nokkru leyti laun hans.

Þess vegna vildi jeg skjóta því til nefndarinnar, hvort nokkrar líkur sjeu til, að þessi hjeruð vilji greiða þennan kostnað við rannsóknina. Það á að byggja stóran vita í sumar, og við það verður aðstoðarmaðurinn upptekinn, og vitamálastjórinn á ferðalagi til þess að líta eftir vitum landsins og sjómerkjum. Það verður því ekki um annað að gera en að hafa þennan bráðabirgðamann áfram, en það verður því aðeins hægt, að hjeruðin leggi eitthvað fram til þess að launa honum. Auk þess þarf þessi maður á meiri eða minni aðstoð að halda við mælingarnar, sem vanalegt er, að hjeruðin leggi bæði til og kosti.

Sem sagt: jeg vildi heyra álit hv. allshn. um þessa kostnaðarhlið málsins.

Frsm. (Árni Jónsson*): Fyrirspurn hæstv. atvhr. (MG) um það, hvort hlutaðeigandi hjeruð muni taka að sjer að greiða kostnaðinn við rannsóknirnar, get jeg að svo stöddu ekki svarað, enda hefir um þá hlið málsins ekki verið rætt í nefndinni. En mjer er kunnugt um, að þegar þessa var óskað á þingmálafundinum á Vopnafirði í haust, þá var engum vitanlegt, að í beinan kostnað mundi þurfa að leggja vegna rannsóknarinnar. Þess vegna get jeg ekkert um það sagt, hvernig Vopnfirðingar muni taka í það, að greiða kostnaðinn við mælingarnar.

Annars finst mjer, að þessi kostnaður þurfi ekki að vera mikill. Úr því að maður fer þarna austur til þess að líta eftir vitum, ætti honum að vinnast tími til, í sömu ferðinni, að framkvæma þessar mælingar. — Viðvíkjandi hinni spurningunni, um aðstoð við mælingarnar, þá þori jeg að svara henni játandi, að hjeraðið muni láta hana í tje eftir þörfum og ókeypis.

ATKVGR.

Brtt. 544, 1. samþ. með 17 shlj. atkv.

1. liður tillgr., svo breyttur, samþ. með 15 shlj. atkv.

2. liður samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 544, 2. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn þar með ákveðin.

Till., svo breyttri, vísað til síðari umr. með 16 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Till. til þál. um rannsókn á hafnarbótum og vörnum gegn snjóflóðum.

Á 75. fundi í Nd., laugardaginn 14. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 583).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis. (A. 605).

---

20. Lánsstofnun handa bátaútveginum.

Á 75. fundi í Ed., mánudaginn 16. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um lánsstofnun handa bátaútveg landsins (A. 610).

Á 76. fundi í Ed., næsta dag, var

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 77. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var till. tekin til einnar umr.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Þáltill. um skipun milliþinganefndar til að rannsaka hag bátaútvegsins var vísað til sjútvn. Nefndin hefir nú íhugað þetta mál og borið hjer fram aðra þáltill. um það, er henni þótti sjerstök ástæða til að rannsaka í þessu máli, og það er, hvernig megi verða auðveldara en nú er fyrir bátaútveginn að fá rekstrarlán, og þó með betri kjörum. Þetta fanst nefndinni ástæða til, að ríkisstjórnin rannsakaði, án þess að vísa því til milliþinganefndar; enda er verkefni hennar ærið fyrir því. Sjútvn. veit, að bátaútvegurinn á við afarmikla erfiðleika að stríða um rekstrarlán — vafalaust alstaðar á landinu, og ef ætti úr því að bæta að gagni, þyrfti mikið fje. Það er nú svo, að flestir útvegsmenn, smáir og stórir, þurfa lánsfjár við, og þau eru oft dýr og óhentug, t. d. kaupmannalán, eða þá víxlarnir, sem þeir fá hjá bönkunum, en verst af öllu er þó það, að bátaútvegsmenn eiga yfirleitt afarerfitt með það, að fá sjer lán til rekstrarins.

Fyrir skömmu var ræktunarsjóðurinn stofnaður fyrir bændur, og byrjaði hann með stofnfje, sem nam alt að einni miljón króna. Auk þess voru ræktunarsjóðnum ætlaðar tekjur með sjerstöku gjaldi af útflutningsvörum, og það er vitanlegt, að allmikill hluti þess fjár kemur frá sjávarútveginum.

Jeg verð að segja, að mjer fanst, þegar þessi skattur var lagður á, dálítið óeðlilegt, að hann rynni til ræktunarsjóðsins, og nær sýndist liggja, að honum hefðu verið ætlaðar tekjur beint úr ríkissjóði. Það virðist eðlilegra, að þessum tekjum af sjávarafurðum væri varið til að stofna eða styðja lánsstofnun handa sjávarútveginum heldur en ræktunarsjóðnum, þótt jeg fullkomlega viðurkenni nauðsynina á lánsstofnun handa landbúnaðinum. En samkv. lögunum frá 1925, um að hækka útflutningsgjald úr 1% upp í 1½%, þá átti þessi auking á útflutningsgjaldinu árin 1925 og 1926 að ganga til ræktunarsjóðsins, en $^1/_4$ aukningarinnar gengur áfram til sjóðsins, þar til ræktunarsjóðurinn á þenna hátt hefir fengið 1 milj. kr. En nú getur hæstv. stjórn upplýst, hversu langt muni enn líða, þar til þessari fjárhæð er náð, og athugað með hliðsjón af því, hvort tiltækilegt þætti að fara svipaða leið, að því er snertir lánssofnun þá, er hjer um ræðir. Einnig þarf að rannsaka það, hvort ekki sje ástæða til þess að koma upp mörgum lánsstofnunum, er starfi sjálfstætt, hver í sínu hjeraði, og einnig má þá athuga, hvort ekki mætti hafa þær í sambandi við sparisjóðina út um landið. Líka er sú leið, að hafa aðallánsstofnun í Reykjavík með deildum eða útibúum út um land, og að hún fengi styrk frá ríkissjóði eða henni væru ætlaðar sjerstakar tekjur eins og ræktunarsjóðnum.

Í góðum árum, eins og var 1924, gæti komið til mála að ákveða einhvern sjerstakan skatt af gróða á afla eða verði aflans, sem gengi til þessarar stofnunar.

Það liggur vitanlega í augum uppi, að

bátaútgerðin gæti gengið betur, ef menn ættu aðgang að betri lánskjörum en nú eru á rekstrarfje, til dæmis alls ekki hærra en 6% í stað þess, að nú verða menn að greiða 7½—8% af víxlum sínum í bönkunum hjer, sem að mestu eru framlengingarvíxlar og njóta því eigi hinna lægri vaxtakjara, sem þeir fá, er geta borgað víxla sína að fullu eftir fyrstu 3 mánuðina. Og svo er það, sem er mesta meinið: menn fá ef til vill alls engin lán til þessarar útgerðar, og annaðhvort geta ekki haldið úti bátum sínum, eða útgerðin verið þeim á ýmsa lund miklu dýrari, af því að þeir verða háðir viðskiftamönnum þeim, er lána útgerðarmönnum, og njóta því ekki bestu kjara. Þeir, sem þurfa t. d. að kaupa veiðarfæri á bátana, fá þau ódýrari, ef þeir hafa peninga í höndunum, og það munar meiru en því, sem þeir þurfa að greiða í vexti af þeim peningum. Og þó eru vextirnir svo háir, að nærri lætur, að tíunda hver króna fari í þá, og er því mjög skiljanlegt, að þessi atvinnuvegur eigi mjög erfitt uppdráttar.

Það má vel vera, að finna megi aðrar leiðir til úrlausnar á þessu máli en jeg hefi bent á. En þetta mál þarf að rannsaka, í samráði við þá menn, sem því eru kunnugastir, og er sjálfsagt að hafa þar í ráðum stjórn Fiskifjelagsins.

Þá vil jeg fyrir hönd sjútvn. taka það fram, að hún álítur bátaútveginn svo mikilsverðan þátt í atvinnulífi þjóðarinnar, að hann sje þess verður, að mikið sje á sig lagt hans vegna, svo að hann leggist ekki í rústir, vegna skorts á rekstrarfje og erfiðra vaxtakjara. Því sá arður, sem hann gefur af sjer, dreifist miklu víðar og kemur að betra haldi fyrir þjóðarheildina en arakstur inn af framleiðslu hinna stærri útgerðartækja.

Jeg vænti svo, að hæstv. stjórn taki vel í þetta og athugi, hvort ekki er hægt að hrinda á stað framkvæmdum í þessu máli sem allra fyrst.

Ekki má skiljast svo við þetta mál, að eigi sje minst á fiskiveiðasjóðinn, sem er lánsstofnun fyrir bátaútveginn. Að vísu er það einkum verkefni þessa sjóðs, að veita lán til kaupa á bátum: hann veitir engin rekstrarlán. Rjett er að athuga, hvort ekki megi auka og efla þessa lánsstofnun og gera hana færa um að inna af hendi það verkefni, sem í till. felst.

Jeg þarf svo ekki að fara fleiri orðum um þessa till. En í sambandi við hana vil jeg að lokum geta þess, að erlendis stofna menn sumstaðar svonefnd lánsfjelög, til þess að útvega peningalán til atvinnurekstrar, og þykja þau hafa gefist vel, þar sem þau hafa verið reynd. Hygg jeg, að hæstv. forsrh. (JÞ) kannist við þau. Vil jeg benda á þetta sem rannsóknaratriði, og sjálfsagt er margt fleira, sem komið getur til mála í þessu sambandi.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil fyrir hönd stjórnarinnar lýsa yfir því, að verði till. á þskj. 610, samþ., þá mun stjórnin hafa allan hug á því, að rannsaka þetta mál vandlega og athuga, hvort ekki er hægt að koma skipulagi á þessar lánveitingar, sem till. fjallar um.

Stjórnin er alveg sammála hv. frsm. (JBald) um það, hve mikilsverður bátaútvegurinn er fyrir okkar þjóð, og ekki síst af þeim ástæðum, sem hann nefndi, nefnilega þeim, hve víða

arðurinn dreifist, og svo vegna þess, hve aðgengilegt það er fyrir menn, að geta stundað þennan atvinnuveg ásamt öðru, t. d. landbúnaði.

Í niðurlagi ræðu sinnar nefndi hv. þm. lánsfjelög, og er það rjett, að þau eru notuð víða annarsstaðar, þar sem svipuðu augnamiði á að ná, og verður það auðvitað með því fyrsta, sem kemur til athugunar, hvort ekki sje rjett að styðja samtök manna í þessu efni.

Ástæðurnar leyfa ekki löng ræðuhöld, og jeg skal því ekki fara langt út í ræðu hv. frsm. (JBald), að því leyti sem hún ekki snertir efni till. beint. Hv. frsm. sagði, að það væri óeðlilegt, að útflutningsgjaldið af sjávarafurðum rynni til ræktunarsjóðsins. Um þetta er nú tæplega að ræða nú orðið, því að frá byrjun ársins 1927 fær ræktunarsjóðurinn ekki annað af útflutningsgjaldinu en það, sem áætlað var 1925 að mundi samsvara því, sem til fjelli af útfluttum landbúnaðarafurðum. Hinn hlutinn af útfluningsgjaldsaukanum gengur nú beint til ríkissjóðs, sem endurgjald fyrir það, að ríkissjóður kostar landhelgisgæsluna.

Því, hvað langt sje komið með að greiða miljónina til ræktunarsjóðsins, get jeg ekki svarað nú. Jeg er ekki við því búinn, en það vantar enn mikið á, að hún sje að fullu greidd, og það tekur enn mörg ár, að greiða það, sem eftir er.

Jeg hefi svo ekki meira að segja um þetta, en vil endurtaka það, að ef till. verður afgr., mun stjórnin taka henni hið besta.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Jeg vil aðeins þakka hæstv. stjórn fyrir hinar góðu undirtektir undir þetta mál, og hefi jeg að öðru leyti engu að bæta við það, er áður var sagt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 635).

B.
Feldar.

1. Milliþinganefnd í tolla- og skattamálum.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 24. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til að íhuga tolla- og skattalöggjöf landsins (A. 50).

Á 15. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 16. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til fyrri umr. (A. 50).

Flm. (Halldór Stefánsson): Till. þessi á þskj. 50 er allítarleg, og í greinargerðinni er drepið á helstu ástæðurnar fyrir henni. Samt ætla jeg þó lítilsháttar að víkja að þeim frekar.

Tolla- og skattamál eru ein hin áhrifamestu mál um almennings hag. Þau snerta hann svo beint. Þar af leiðandi eru þau líka viðkvæm mál, og er því nauðsyn að skipa þeim sanngjarnlega. Frumhugsun tollalöggjafar okkar er talin vera sú, að hafa fáa tollstofna og fyrirhafnarlitla og þar með ódýra tollinnheimtu. Sú er önnur frumhugsun hennar, að tolla aðeins hinar óþarfari vörur, svo kallaða munaðarvöru. Svona löguð tollalöggjöf hefir tvöfaldan tilgang, fyrst að gefa tekjur í ríkissjóð og jafnframt að hefta óþarfa eyðslu. Þetta tókst allvel á tímabilinu frá 1876 til 1911.

Fyrst var byrjað á að tolla tóbak og vínföng. 1889 bættist kaffi og sykur við, og 1901 te, kakó, súkkulaði og konfekt. 1911 eru svo sett heildarlög á þessum grundvelli, 1912 verða tímamót í tolllöggjöf okkar; þá raskast grundvöllurinn, er vínfangatollurinn fellur niður og vörutollur er settur í staðinn.

Með vaxandi útgjaldaþörf ríkisins komu fleiri tollstofnar, ekki aðeins innflutningstollar, heldur og útflutningstollar. Alt gekk í þá átt að skapa óvissu og óreiðu í tollmálunum. Árið 1924 var svo settur á verðtollur, og við það komst tollalöggjöfin á fullkomna ringulreið. Sem dæmi þess má nefna, að sumar vörur voru tvítollaðar, sem sje bæði með vörutolli og verðtolli. Það var eins og

leitast væri við að gera tollakerfið eins flókið og umfangsmikið og þar með eins dýrt og unt væri.

Í fyrsta staflið þessarar till. er bent til, hvort ekki muni hægt að færa tollalöggjöfina aftur sem næst hinu upprunalega horfi. Í b-lið er farið fram á að athuga, að hve miklu leyti sje rjettmætt að fullnægja tekjuþörfinni með tollum, og að hve miklu leyti með sköttum, með tilliti til þess, að þeir komi sem rjettlátast niður eftir gjaldþoli. Nú á síðari árum hafa heyrst allalmennar óánægjuraddir um, að það væri ekkert samræmi í hlutfallinu milli tolla og skatta. Sje gerður samanburður á tollum og sköttum til ríkissjóðs á tímabilinu frá 1876—1924, þá sjest, að á því tímabili hafa skattar nær fimtugfaldast, en tollar rúmlega fimtugfaldast, en ef tekið er til samanburðar styttra tímabil, tímabilið frá 1915—1924, þá hafa skattar nær nífaldast, en tollar rúmlega þrítugfaldast. Þess var þó að gæta, að tekjur sveitasjóða eru mest beinir skattar, og við það breytast hlutföllin. Sem sagt, út af þessu ríkir óánægja meðal almennings. Það kann að vera, að sú óánægja sje ástæðulaus, en slíkt þarf að rannsakast. Því að betra er að vita rjett en hyggja rangt.

Það er vitanlegt, að tollar og skattar eru taldir hafa mismunandi kosti og ókosti. Aðalkostur tollanna er talinn sá, að þeir eru vinsælli en skattar, menn greiða þá óafvitandi, án þess að þeir verði varir við það. En þess ber þá og að gæta, að þeir koma oft og einatt órjettlátlega niður og geta örmagnað gjaldþolið. Auk þess eru þeir dýrir í innheimtu, a. m. k. þar sem líkt er ástatt og hjer hjá okkur, að þeir eru innheimtir gegnum verslunina, svo að búast má við, að innheimta þeirra kosti jafnmikið og verslanirnar eru vanar að færa fram verð varanna fyrir verslunarkostnaði. — Skattarnir hafa hinsvegar þann kost, að þeir eru ódýrari í innheimtu en tollar, auk þess er hægt að láta þá koma rjettlátara niður eftir gjaldþoli manna. En hinsvegar eru þeir nokkuð óvissir, t. d. tekjuskatturinn. Ef misbrestur verður á tekjum einstaklinganna, sem oft vill verða, þá verður misbrestur á tekjuskattinum. Þetta alt er rannsóknarefni eins og áður er sagt, — betra að vita rjett en hyggja rangt.

Þá er í c-lið till. ætlast til, að tekið verði til athugunar, hvernig tollum og sköttum megi svo best fyrir koma, að þeir verki sem minst lamandi á einstaklings- og þjóðarhaginn, en efli og styðji innlenda framleiðslu í samkepninni við erlenda. Því þyngri sem álögurnar eru, því meiri nauðsyn er að koma þeim svo fyrir, að þær verki sem minst lamandi á þjóðarhaginn. En í því efni kemur margt til greina. Er þess þá fyrst að gæta, að álögurnar sjeu ekki of þungar í heild sinni. Þá er og þess að gæta, að þær komi ekki of misjafnlega niður eftir gjaldþoli. Ennfremur, að jafnvægi atvinnugreina þjóðarinnar raskist ekki vegna misþungra álagna. Yrði þá að ljetta og þyngja álögurnar á víxl eftir ástæðum. Þá má og nefna viðskiftaaðstöðuna gagnvart útlöndum. Landið þarf að selja mikið af framleiðslu sinni á erlendum markaði og keppa þar við framleiðslu annara landa. En tollalöggjöfin getur valdið miklum aðstöðumun í þessu efni.

Jeg skal nú víkja nokkuð nánar að

því atriði, hversu þungar álögur tollabyrðin ein er á landsmenn, og miða það við árið 1924. Það lætur nærri, að tollarnir sjeu þá 60 kr. á hvert mannsbarn á landinu. Nú er samkvæmt hagskýrslunum nálega annarhver maður á landinu á verkfærum aldri. Ef því er miðað eingöngu við verkfæra menn, þá kemur 120 kr. á mann. Nú er það vitanlegt, að það eru aðallega karlmennirnir, sem greiða tollinn. Ef gert er ráð fyrir, að karlmenn sjeu nálega helmingur þjóðarinnar, þá koma 240 kr. á hvern verkfæran karlmann á landinu. Það sjest nú af hagskýrslum, að um 60% af landsmönnum stunda beina framleiðslu. Ef skift er á þeim grundvelli, þá koma um 400 kr. á hvern vinnufæran framleiðanda í landinu. Það má og skifta þessu á annan hátt, t. d. eftir heimilum, en jeg sleppi því. — Nú er tollabyrði nálega $^3/_8$ af allri gjaldabyrði landsmanna að meðtöldum gjöldum til sveita- og bæjaþarfa. Ef allri útgjaldabyrðinni er því skift jafn niður á hvern vinnufæran framleiðanda, þá koma um 1100 kr. á mann. Það er nú athugavert, hvort ekki er of langt gengið með þessu, hvort gjaldþoli manna er ekki ofboðið. Í raun og veru eru allar álögur ágengni á eignarrjettinn, þótt það að vísu sje eftir heimild í stjórnarskránni, sem þó er takmörkuð við það sem almenningsheill krefur. En ef svo væri komið, að fólkið gæti ekki bjargast af afla sínum, vegna hinna þungu álagna, er þá ekki komið að því, að gengið sje nær eignarrjettinum en heimild er til samkvæmt stjórnarskránni? Þetta er ekki lítilsvert athugunarefni. Ef efnahagur almennings væri svo blómlegur, að ekki þyrfti að taka til opinberra þarfa nema hluta af því, sem menn hefðu umfram eigin þarfir, þá væri vandalítið úr að ráða. En því miður er ekki því að heilsa og þess vegna þarf að fara með varúð og gætni að öllu, og þá kemur til athugunar að reyna að koma því þannig fyrir, að hinir efnaminstu geti sem mest komist hjá álögunum, en það er ómögulegt, ef brýnar þurftarvörur eru tollaðar. Það er hætt við, að það hefni sín, ef hinum fátækustu er ekki gert mögulegt að hlífa sjer sem mest við álögunum. Það kemur fram þannig, að þeir falla öðrum til byrði á óviðfeldnari hátt, verða styrkþurfar.

Þá er að athuga það, hvort gjöld til almennra þarfa koma ekki ranglátlega niður vegna tilhögunar, og má í því efni minnast á fátækraframfærsluna, en hún er aðal útgjaldaliður sveitar- og bæjarfjelaga. Þessi útgjöld eru algerlega almenns eðlis, og því rjett, að þau væru greidd úr almannasjóði, ríkissjóði. En eins og kunnugt er, er landinu skift niður í mörg framfærsluhjeruð, og það hefir leitt til þess, að fátækrabyrðin kemur svo mjög órjettlátlega niður, sem alkunnugt er. Gjöld vegna fátækra eru svo misjöfn í hinum ýmsu hjeruðum, að ýms framfærsluhjeruð hafa komist í fjárhagsvandræði af þeim sökum. Auk þess hafa fylgt þessu fleiri ókostir ýmiskonar, s. s. skriffinska endalaus og málarekstur. Menn eru nú farnir að finna svo sárt til þessa misrjettis, að það hljóta að fara að koma almennar og hógværar kröfur um að ráða bót á því. Koma þá ýmsar leiðir til greina. Hugsunarlega rjettast væri að færa þessi útgjöld á hinn almenna sjóð, ríkissjóðinn, með því að afnema skiftinguna í framfærsluhjeruð. Þetta ber þó ekki að skilja sem tillögu frá mjer, heldur

bendi jeg á þetta sem leið til athugunar. Til eru auðvitað fleiri leiðir til jafnaðar. Það mætti t. d. hugsa sjer, að ríkissjóður greiddi einhvern hluta, þar sem þessi útgjöld færu yfir ákveðið hámark, en fengi aftur tillag frá þeim hjeruðum, þar sem fátækraframfærslan er lítil. En, sem sagt, þetta er rannsóknarefni.

Eins og vikið er að áður, getur tilgangurinn með tollum verið margvíslegur. Hann er í fyrsta lagi sá, að afla tekna, í öðru lagi getur hann verið sá, að draga úr óþarfaeyðslu og í þriðja lagi að vernda og styðja innlenda framleiðslu í samkepninni við erlendar, eða eina atvinnugreinina í samkepninni við aðra innanlands, eftir því sem þörf og ástæður knýja til. Aðeins tvö fyrstu atriðin hafa komið til greina í okkar löggjöf, svo teljandi sje. Jeg veit ekki til þess, að nokkur tollur hafi verið settur í því skyni einu að styðja innlenda framleiðslu, en vitanlega hafa sumir tollar hinna síðari ára lítillega verkað þannig. Þó eru verndartollar mjög merkilegt atriði og mikið beitt í viðskiftum þjóða á milli. Með þeim hefja þjóðirnar viðskiftastríð hver við aðra. Þjóðirnar hafa sjeð, að þeim er nauðsynlegt að búa sem mest að sínu og vera öðrum sem minst háðir með þarfir sínar, og leggja því kapp á að framleiða sem mest og fjölbreyttast heima fyrir. Í þessu skyni hefir verndartollunum verið beitt. Þetta er stórt mál, mjög um deilt stefnumál. Ef engar þjóðir beittu þessum tollum, þá væri ástæðulaust að tala um þá, en fyrst aðrar þjóðir beita þeim, þá verður varla hjá því komist að beita þeim á móti. Það gerir mikinn aðstöðumun, hvort verndartollum er beitt eða ekki. Jeg skal taka dæmi, máli mínu til skýringar, af íslenskum og norskum kjötframleiðendum. Norskir kjötframleiðendur njóta verndartolls á framleiðslunni í sínu eigin landi. En íslenskir kjötframleiðendur verða í fyrsta lagi að greiða toll af sinni vöru, þegar hún er flutt út, og svo innflutningstoll í Noregi, þann sama toll, sem norskum kjötframleiðendum er verndartollur í sínu eigin landi. Þetta atriði virðist því vera vert fullrar athugunar.

Þá skal jeg víkja að d-lið till., sem gerir ráð fyrir að finna nýja leið til að afla ríkissjóði tekna.

Tolla og skattabyrðin er nú orðin það þung, sem jeg hefi lítillega lýst. Það væri því æskilegt, ef hægt væri að fá tekjur í ríkissjóð án þess að íþyngja gjaldendum. Það, sem hjer er farið fram á, er ekki nýtt nje óþekt. Um það vil jeg benda á tillögur milliþinganefndarinnar, sem sett var eftir till. þingsins 1911, sem sumar hafa komist í framkvæmd, en reyndar að mestu leyti verið feldar niður aftur. Ef byggja skal á reynslu liðinna tíma um það, hver útgjaldaþörfin muni verða framvegis, þá má búast við, að hún fari vaxandi, meira að segja hraðvaxandi. Hún hefir gert það til þessa, og ef svo fer framvegis, þá verður eitthvað til bragðs að taka, því að gjaldþoli manna er nú þegar fullboðið. Þá er um tvent að gera, annað að draga úr útgjöldunum eins og verða má, hitt að auka tekjurnar, án þess að íþyngja skattþegnum.

Þá er í síðasta lið till. bent á, að taka þurfi til athugunar rjettlátari skiftingu á útgjöldum og tekjum milli sveitafjelaga og ríkis. Það má svo kalla, að

ríkið hafi á sínu valdi alla tekju- og skattstofna, nema brot af einum, því jeg tel, að tekju- og eignaskattur sje bygt á einum og sama stofni og sveitarútsvarið. En sveitirnar bera mikið af hinum almennu útgjöldum, svo sem t. d. fátækraframfæri og nokkuð af fræðslukostnaði. Það virðist vera misrjetti í þessu og að tekjustofnar og útgjöld eigi nokkurn veginn að fylgjast að í rjettum hlutföllum. Þetta misrjetti hafa menn fundið, eins og till. frá 1921 ber vott um, því að þar er skorað á stjórnina að útvega fasta tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarsjóði. En það er ekki kunnugt, að neinn árangur hafi af því orðið, nje að neitt hafi verið gert í þessa átt.

Það er ekki gott að segja, hvað nefnd sú, er um þetta mál á að fjalla, kann að leggja til málanna, en jeg býst þó við árangri til hins betra og geri þó ráð fyrir, að hún muni vilja halda í frumhugsun tolllaganna að halda háum tolli á óþarfa varningi og munaðarvörum.

Þá virðist mjer full ástæða til þess fyrir okkur að athuga, hvort við, eins og aðrir, eigum ekki að haga tollalöggjöf okkar þannig, að tollarnir væru að einhverju leyti verndartollar.

Það hefir verið venja á undanförnum þingum, þegar útgjaldaþörfin hefir vaxið, að leita að nýjum tollaleiðum og stundum með lögum, sem hafa átt að standa aðeins til bráðabirgða, en orðið síðan að föstum lögum. Jeg hygg, að finna mætti betri leið með því, að byggja meir á frumhugsun tolllaga vorra, tolla mestpart og þyngst hinar ónauðsynlegri vörur — og nú eru fleiri slíkar vörur en áður voru — hafa tollvörur sem fæstar, svo að tollinnheimtan gæti verið sem umsvifaminst og ódýrust, hafa svo tollana hreyfanlega — hækka þá og lækka — á þessum fastákveðnu tollstofnum, eftir því sem þörf krefði, í stað þess, sem verið hefir, að tolla svo að kalla allar vörur í „belg og byðu“ til að fullnægja hinni vaxandi tekjuþörf. Loks mætti hafa einhverja ákveðna tollstofna, sem væru hreyfanlegir á milli hinna einstöku atvinnugreina, eftir því sem þeim vegnaði misjafnlega vel í hvert sinn.

Jeg hefi þá leitast við að gera grein fyrir því, hvað fyrir okkur flm. vakir með þessari tillögu. Jeg veit, að ágreiningsatriði muni vera mörg í málinu, en jeg ætla ekki að gefa tilefni til þess að menn leiði hjer saman hesta sína um mismunandi stefnur í tolla- og skattamálum. Til þess er engin ástæða; hjer kemur ekkert til úrslita annað en það, hvort skipa á nefnd á milli þinga til að athuga alt þetta viðkvæma og vandasama mál.

Skal jeg svo ekki orðlengja frekar um þetta, nema tilefni gefist, og vona, að málið gangi til 2. umr.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg skal þegar taka það fram, að jeg álít ekki tímabært að skipa nú milliþinganefnd með því verkefni, sem þessi till. fer fram á. Og höfuðástæðuna til þess tel jeg þá, að á þessum tímum er ekki hægt að gera sjer grein fyrir útgjaldaþörf næstu ára. Höfuðástæðan til þess, að þetta yfirlit er ekki fáanlegt, er sú, að gildi peninga vorra er ekki fast enn. Jeg þarf ekki að skýra það fyrir hv. deild, að útgjöld ríkissjóðs eru að miklu leyti bundin við gildi peninganna. Meðan lággengi helst, verða útgjöldin meiri að krónutali en

ef peningar væru í fullu gildi. Þetta kemur meðal annars fram í dýrtíðaruppbót embættismanna og á fleiri sviðum, þar sem við höfum orðið að setja bráðabirgðaákvæði til þess að stilla hag ríkissjóðs í hóf, vegna dýrtíðar og lággengis.

Til þess að gera frekari grein fyrir þessu, er ekki úr vegi að minnast á feril þessa máls að undanförnu.

Vandkvæðin byrjuðu hjá okkur eins og öðrum í stríðinu, og við urðum of seinir að sníða tolla og skatta eftir vexti útgjaldanna. Gáfust því ríkissjóði ekki nægar tekjur, og söfnuðust honum skuldir vegna tekjuhalla á landsreikningum.

Svo þegar stríðinu ljetti, bjuggust menn við, að veruleg breyting mundi verða á efnahag landsmanna, og leyfðu sjer að láta ríkissjóð færast í fang enn meiri útgjöld en áður. Skal jeg þar t. d. nefna skipun barnakennarastjettarinnar o. fl. En þó margt slíkt sje eflaust nytsamt fyrir landið, þá borgar það sig ekki fjárhagslega. Fór því þannig, að útgjöldin hjeldu áfram að hækka, og reyndist því óhjákvæmilegt að gera þær endurbætur á skattalöggjöfinni, sem lögleiddar voru 1921. En það hepnaðist þó ekki á þennan hátt, að útvega ríkissjóði þær tekjur, er nægði fyrir útgjöldum, og kom þar fram það, sem altaf má búast við á jafnóvissum tímum eins og þá voru og eru nú. Tekjuhallinn hjelt áfram öll árin 1921—23.

Fyrir þinginu 1924 lá það að ráða bót á þessu. Má segja, að þá hefði mátt gera þær breytingar á tollalöggjöfinni, er í samræmi hefði verið við þær till., sem hjer hafa komið fram. En það var ekki gert, og jeg tel ákaflega vel farið, að heldur var farin sú leið, er samsvaraði ástandinu, sem sje að gera þær einar breytingar á tollalöggjöfinni, er höfðu á sjer þann svip að vera bráðabirgðaráðstafanir. Af þeim hefir orðið sá árangur, sem til var ætlast, og á þinginu í fyrra voru feldar niður ýmsar þessar bráðabirgðaráðstafanir. Jeg hygg, að þessi reynsla eigi að kenna okkur, að meðan slíkur hverfleiki er á peningamálum sem nú, að við eigum að gera á hverjum tíma þær ráðstafanir, sem útheimtast í þann svipinn, en fara ekki að hugsa um tollalöggjöf fyrir framtíðina, því að það mistekst.

Út af ræðu hv. flm. (HStef) mætti margt segja, en jeg skal ekki drepa nema á einstök atriði. Hann gerði samanburð á tollum og sköttum árin 1876 og 1911 og 1915 og 1925. Jeg verð að segja, að jeg tel óheilbrigt að taka árið 1925 með, því að það er mjög óvenjulegt ár. Tollar og skattar voru þá óvenjulegir, en þeir voru ekki notaðir til eyðslu eingöngu, heldur til greiðslu skulda.

Jeg get tekið undir það, er hv. flm. (HStef) sagði næst, að opinber gjöld eru orðin mikil á mann hjer á landi, hvernig sem reiknað er. Og jeg get vel tekið undir það, að löggjafarvaldið má ekki misbrúka skattalöggjöf þannig, að hún gangi of nærri ákvæðum stjórnarskrárinnar og almenningsheill. En það vil jeg benda hv. flm. (HStef) á, að fyrir þjóðfjelagið í heild sinni verða gjöldin til hins opinbera jafnþung, þótt skákað sje frá einum tekjustofni til annars.

Það má sjá, að hv. flm. (HStef) lítur hýrum augum til verndartolla og býst við, að eitthvað slíkt muni spretta upp

af starfi milliþinganefndar. Það er satt, að hverri þjóð er holt að búa að sínu, og þess vegna hafa verndartollar blómgast á síðustu árum í ýmsum löndum. En sú stefna er heimsböl, óyndisúrræði, er þjóðirnar hafa orðið að grípa til vegna stríðsins. Og ef nokkur þjóð í Evrópu ætti að óska þess, að verndartollastefnan ætti sjer sem stystan aldur, þá eru það Íslendingar, því að okkar velferð verður altaf undir því komin, að við getum selt sem mest til útlanda. Og ef við ættum nú að fara að koma á verndartollum hjá okkur, þá eigum við á hættu, að með samskonar verndartollum verði markaði lokað fyrir okkur erlendis. Við höfum þegar sjeð, að þetta getur komið fyrir. Norðmenn lokuðu saltkjötsmarkaðinum hjá sjer með verndartolli. Lík dæmi höfum við í Bandaríkjunum og á Spáni. Það hefir þó ráðist þolanlega fram úr þessum vandamálum fram að þessu. En við höfum ástæðu til að óttast það, að þeir, sem kaupa nú vörur okkar, útiloki þær með verndartollum. Við verðum að fara gætilega og styggja ekki þá, sem við viljum selja vörur okkar, því að þótt þar sje nú opnar dyr fyrir þær vörur, þá má fljótt skella þeim í lás. Við verðum að hafa það hugfast, að þessi hugsunarháttur er ráðandi nú í heiminum: „Ef þú gerir eitthvað fyrir mig, þá skal jeg gera eitthvað fyrir þig, en annars ekki".

Lögin um verðtoll verka nú á einstöku sviðum sem verndartollur, t. d. á kjöti. Auðvitað kemur þetta ekki þeim kjötframleiðendum að neinu gagni, sem verða að selja kjöt sitt til útlanda, heldur aðeins þeim, sem njóta innlenda markaðsins. Það heldur verðinu uppi í stærri kaupstöðum landsins, en gefur engar tekjur í ríkissjóðinn.

Jeg skal aðeins minnast á það, sem hv. flm. (HStef) skaut fram, að hafa mætti hreyfanlega tolla. Mjer er ekki vel ljóst, hvað hv. þm. hefir meint. En jeg tel óheppilegt að hafa tollaákvæði, sem breyta megi án þess lög komi til. Menn gætu ráðið af líkum, hvenær tollur mundi breytast og hagað viðskiftum sínum þannig, að þeir hefðu hagnað af tollbreytingunni. Jeg held, að best fari á að fylgja sömu reglu og tíðkast hefir síðustu árin, ef annars þykir nauðsyn á tollbreytingu, að gera það á þingi með lögum, sem geta gengið fljótt í gildi.

Jeg get getið þess að lokum, að mjer stendur á sama, þó að þessari till. sje vísað til 2. umr. og fjhn., ef hv. þm. sýnist svo.

Flm. (Halldór Stefánsson): Mjer þykir heldur fyrir því að heyra, að hæstv. forsrh. (JÞ) skuli vera á móti því, að till. þessi nái samþykki í þinginu. En þegar jeg lít til ræðu hans að öðru leyti, finst mjer næstum hvert atriði, sem hann tók fram, mæla með því. Mjer er ekki ljóst, hvenær við megum búast við að fá verðfasta peninga, en mjer skilst, að biðin geti orðið nokkuð löng, ef bíða á eftir því. Hæstv. forsrh. getur ef til vill gefið einhverjar upplýsingar um þetta efni.

Það er rjett, að endurskoðun á tollalöggjöfinni fór fram 1921, en mjer virtist hæstv. ráðh. viðurkenna, að hún hefði ekki fyllilega náð tilgangi sínum þá, af því að við hefðum orðið of seinir til. Því meiri ástæða ætti þá að vera til þess að fresta henni ekki um of nú.

Aðalástæða hæstv. ráðh. var sú sannfæring hans, að þetta mundi mistakast. Jeg get ekki sjeð, að endilega þurfi svo að fara. Jeg hefi bent á leiðina, að hafa mætti hreyfanlega tolla á tvennan hátt, fyrst misjafnlega háa hundraðstölu, og svo einhverja ákveðna tolla, sem mættu og ættu að vera hreyfanlegir á milli atvinnugreina. En þetta þarf að ákveða með skýrri hugsun. Jeg ætlast ekki til, að tollar sjeu hreyfanlegir án lagaákvæða.

Jeg þarf varla að minnast á tímabilið, sem jeg tók til samanburðar; jeg þori ekki að segja nema jeg hafi nefnt 1925 móti 1876, en jeg hefi 1924 skrifað hjerna fyrir framan mig, svo að mjer hefir þá orðið mismæli. En jeg mun hafa nefnt 1925 í öðru sambandi.

Mjer kom ekki á óvart, þó að hæstv. ráðh. hefði annað sjónarmið í verndartollastefnunni en fram kom hjá mjer. Jeg skal játa, að jeg mun ekki eins ragur við verndartolla og hann. En mjer fanst hann ekki gera neina grein fyrir, hvaða áhrif við gætum haft á þetta heimsböl, verndartollana, með því að sitja hjá. Jeg tók fram, að jeg mundi ekki hafa nefnt þá á nafn, ef þeir hefðu ekki verið fyrir. En spurningin er sú, hvort við eigum að kyssa á vöndinn hjá öðrum þjóðum eða haga okkur á móti eins og aðrir haga sjer við okkur. Mjer þykir það undarleg hugsun, að aðrar þjóðir muni endilega þurfa að styggjast og „skella í lás“ fyrir okkur, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, þó að við beitum sömu aðferðum og aðrir. Ef gert er ráð fyrir þesshátt ar siðgæði í heiminum, held jeg, að okkur geti staðið hætta af æði mörgu.

Þá sagði hæstv. ráðh. að það væri ekki rjett, sem jeg hefði sagt um aðstöðumun íslenskra og norskra kjötframleiðenda, þar sem jeg hefði ekki látið þess getið, að íslensk kjötframleiðsla nyti verndartolla. Jeg tók það einmitt fram, að atvinnugreinarnar nyti dálítils verndartolls, þar sem verðtollurinn væri, þótt ekki væri hann settur sem verndartollur. Annars fanst mjer þetta svo lítilsverð tollvernd fyrir kjötið okkar, að mjer datt ekki í hug, að á það yrði bent, enda hygg jeg, að það hafi enga þýðingu fyrir kjötframleiðendur. Það munu vera aðrar ástæður, sem ákveða kjötverðið innanlands.

Jeg get sagt það, að mjer er ekkert kappsmál að till. sje vísað til 2. umr., ef hún á ekki að fá að fara til Ed. Mjer finst hreinlegast, ef deildin vill ekki að till. komist áfram, að hún sje feld við þessa umr.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg verð að segja, að mjer virðist þessi þáltill. ekki nauðsynleg. Hún fer í þá átt, að skipuð sje nefnd til þess að íhuga tolla- og skattalöggjöf landsins. En það skortir alls ekki þekkingu á því, hvernig slík löggjöf eigi að vera. Í erlendum fræðibókum er auðvelt að sjá, hvaða fyrirkomulag í þessu efni er álitið rjettlátast. En meðan núverandi stjórn situr við völd, stendur hún í vegi fyrir því fyrirkomulagi, og hún mundi jafnt gera það, þótt málið væri rannsakað. Eina leiðin til að breyta þessari löggjöf er sú að steypa stjórninni. Þá væri hægt að fara þær leiðir, sem alment eru viðurkendar af frjálslyndum flokkum í nágrannalöndunum. Svona till. er ekki annað en uppgjöf í málinu, borin fram til þess að flokkurinn geti sagt við næstu kosningar: Þessi mál þarf ekki

að ræða, þau eru í nefnd. Jeg er mótfallinn því, að málið sje svæft á þennan hátt.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það getur vel verið, að þess verði langt að bíða, að við fáum verðfasta peninga og fast verðlag. Jeg skal engu spá um það. En jeg held hinu fram, að meðan ekki eru meiri líkur en nú til þess, að verðlag haldist óbreytt, sje ekki tímabært að reikna út, hvernig ná megi hæfilegum tekjum með einhverju skattakerfi. Við vitum ekki, hve margar krónur ríkið þarf í framtíðinni, nje hve mikið þjóðin getur borgað.

Mjer skilst nú á hv. flm. (HStef), að það, sem hann á við með hreyfanlegum tollum, sje aðeins það fyrirkomulag, sem nú er. Tollar eru einmitt nú hreyfanlegir með lögum. Alþingi getur breytt tollaákvæðum hvenær sem það vill, og sú heimild hefir verið notuð óspart. Það þarf alls enga milliþinganefnd til þess að útvega landinu þetta bjargráð.

Hv. flm. (HStef) spurði, hvaða áhrif við gætum haft á vernartollastefnuna í heiminum. Jeg treysti mjer ekki að meta, hvaða áhrif það kynni að geta haft, hvort hann legðist með eða móti. En það er sagt, að muni um mannsliðið, og jeg býst við, að það taki einnig til þessa hv. þm. Það hefir nú orðið æðimikið ofan á þessi síðustu erfiðleikaár að gjalda líku líkt í tollamálum, og jeg býst ekki við, að það mundi vekja neitt hneyskli í heiminum, þótt við gerðum það. En okkur hefir tekist hingað til að sleppa að miklu leyti við þau bönd, sem af verndartollum leiða, og því tel jeg varhugavert að þjóta nú upp og segja: Við tökum upp verndartollastefnu, af því að slíkt viðgengst annarsstaðar. Ef við erum svo miklir menn að geta rekið utanríkispólitík á þessu sviði, þá held jeg, að okkur henti best að bekkjast ekki við neinn að fyrrabragði í tollamálum, a. m. k. ekki þar sem við þurfum að hafa opinn markað fyrir afurðir okkar.

Mjer þótti hv. 4. þm. Reykv. (HjV) taka skynsamlega í málið. Hann sjer algert vonleysi fyrir sína skattamálastefnu, þótt skipuð sje milliþinganefnd, og þótt hann tali borginmannlega um lagfæringar, ef stjórninni yrði steypt, þá er hann nógu vel að sjer til þess að vita, að það er ekki stjórnin, sem stendur í vegi fyrir stefnu socialista, heldur kjósendur landsins. Hann verður því að byrja á því að steypa öllum þorra kjósenda.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hafði ekki gert ráð fyrir að taka til máls, síst við fyrri umr. þessarar till. En mjer finst hjer hafa komið fram svo undarlegir hlutir, að jeg get ekki orða bundist. Hv. 4. þm. Reykv. (HjV) kom fram með alveg rjettar forsendur, en hann dró af þeim ákaflega einkennilegar ályktanir. Hann kom með þær forsendur, að meðan núverandi stjórn sæti að völdum, væri vonlaust um, að breyting fengist til bóta á skattalögunum. Af því dró hann þá ályktun, að tilgangslaust væri að skipa milliþinganefnd. Hann gleymir því, að fyrir næsta þing fara fram kosningar, og það má telja víst, að eftir þær verði ekki framar íhaldsstjórn í landinu. Því væri mjög æskilegt, að búið væri að vinna undirbúningsvinnuna að því að breyta tolla- og skattakerfinu í samræmi við skoðanir frjálslyndra manna. Ástandið mun

breytast, og þá verður skattalögunum breytt, en það þarf að undirbúa þá breytingu.

Þá sagði hv. þm. (HjV), að till. mundi borin fram til þess að losna við umræður um skattamálin fyrir kosningarnar. Jeg lít alveg öfugt á þetta. Af því að kosningar eru fyrir dyrum og af því að málið er merkilegt, er einmitt nauðsynlegt, að það sje rætt. Og hvenær er meiri ástæða til að ræða málið en einmitt meðan milliþinganefnd starfar í því? Hvenær voru fossamálin meir á dagskrá en þegar þau voru í höndum milliþinganefndar? Forsendur hv. þm. voru rjettar, ályktanirnar rangar. Jeg öfunda ekki hv. þm. (HjV) af þeim meðmælum, sem hæstv. forsrh. (JÞ) gaf honum, að hann hefði tekið skynsamlega í málið.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg hjelt, að jeg mundi ekki þurfa að segja það tvisvar sinnum, svo að hv. þm. Str. (TrÞ) skildi, af hverju jeg tel ekki þörf á milliþinganefnd í skattamálum. Jeg held, að flokkarnir hafi hver um sig nokkuð ákveðna skoðun um það, hvernig skattamálum skuli skipað, svo að skoðanaleysi standi ekki í vegi fyrir breytingu á löggjöfinni um þessi mál. Jeg geri því ráð fyrir, ef íhaldinu verður steypt, að þá verði hægt að koma á frjálslyndari löggjöf í þessu efni, þó að besta fyrirkomulaginu fáist að vísu ekki framgengt fyr en jafnaðarmenn komast í meiri hluta. Því má bæta við, að þótt milliþinganefnd væri kosin nú, yrði hún ekki farin að starfa 1. júlí, þann dag, sem Framsóknarflokkurinn vill gera að kjördegi. Störf hennar gætu því ekki vakið umræður um málið fyrir kosningar.

Það virðist eðlilegast að líta svo á, að till. þessi sje borin fram í þeim tilgangi að svæfa málið við kosningar, enda skein út úr ummælum flm. (HStef), að hann ætlaðist til, að flokkarnir bræddu sig saman, nefndin yrði einskonar pólitískur grautarpottur, sem soðin væru saman í bæði íhöld deildarinnar.

Flm. (Halldór Stefánsson): Jeg hefi ekki ástæðu til að segja margt. Það var auðskilið á hv. 5. þm. Reykv. (HjV), að hann vill ekki ljá tillögunni fylgi. Hann vill ekki viðurkenna neina skoðun aðra en skoðun jafnaðarmanna. Þó að svo mætti skilja á honum, að ekki væri til nema ein allsherjarstefna, sönn og rjett, í þessu máli, skilst mjer, að hann eigi eftir að vinna það almenna samkomulag um þá stefnu. Það mátti heyra, að fyrir honum vakti, að það gæti verið kosningabeita, að þessi mál væru í sem mestri óreiðu. Hann um það. En jeg harma ekki svo mjög, þó að hann vilji skerast úr leik.

Hæstv. fjrh. (JÞ) þarf jeg engu að svara. Hann vjek ekki að svo mörgu. Þó hjelt hann því fram um hreyfanleik tollanna, að það væri ekkert nýtt, ef gera ætti það með lögum. Jú, það er rjett, en hefir því oft verið beitt? Jeg tel það hafa verið miklu rjettara að fara þá leið eingöngu 1924, að hækka tollana með gengisviðaukanum, ef tollkerfið hefði verið svo undirbygt, að það hefði verið hægt. Það sýnir sig best á hvaða ringulreið þetta er, að bæði skuli vera þungatollur og verðtollur á sömu

vörunni. Jeg hefi vikið að þessu áður og lýst, hvað það ylli miklu hringli og væri auk þess fyrirhafnarsamt og dýrt í framkvæmdinni.

Þá skildist mjer svo, að hæstv. fjrh. (JÞ) vildi láta skína í, að það væri lítið lið að mjer í þessu máli, og yfirleitt lítið lið að mínu fylgi hvar sem væri. (**Forsrh. JÞ:** Alls ekki!). — Um það skal jeg ekki deila, en jeg tel það meira máli skifta, til hverra hluta maður leggur lið. Hann hugsar sjer, hæstv. fjrh., að við gengjum fram fyrir aðrar þjóðir og segðum við þær: Gætið að ykkur. Nú ætlum við að fara að leggja á verndartolla. Mjer finst nú satt að segja, að það væri ekki alt of mikil lægni, að gera það á þann hátt. Jeg held, að við gerðum það þegjandi og hljóðalaust.

Annars sje jeg ekki, að það sje til nokkurs að fara að deila hjer um stefnur í tollmálum. Tillagan er borin fram til þess að fá gaumgæfna athugun á þessum málum, ef ske kynni, að það gæti hjálpað okkur að því takmarki að finna þá leið, sem oss hentar best.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er engan veginn einsdæmi, að þungatollur og verðtollur sje lagðir á sömu vörutegund, enda alls ekki óhentug tilhögun. Jeg get vel minst á, flokki hv. þm. (HStef) til verðugs lofs, að það var fjrh. þess flokks, sem fyrstur manna bar það upp að taka upp þessa tilhögun 1923. Tillaga hans var síðan tekin upp í nokkuð annari mynd.

Jeg játa það sjálfur, að tillagan á þskj. 50 gefur ekki tilefni til ummæla minna um verndartolla, heldur orð hv. flm. (HStef) sjálfs. Hann segir, að við getum sett á verndartolla þegjandi og hljóðalaust. Það má auðvitað komast svo að orði — við setjum þá á sama hátt og við setjum önnur lög — en hvert minsta atriði er jafnóðum tilkynt stjórnum allra ríkja í Norðurálfunni, sem hjer hafa nokkurra hagsmuna að gæta.

Jakob Möller: Hv. flm. (HStef) hefir tvísagt, að það hefði verið betra 1924, að við hefðum hallast að því að hækka þágildandi tolla, mjer skilst með gengisviðauka, heldur en að lögleiða verðtoll. Þetta kemur mjer undarlega fyrir, af því að við tveir vorum saman í minni hluta fjhn. um að vera á móti gengisviðauka, og fjhn. komst að þeirri niðurstöðu samróma, að það væri ógjörningur að hækka gengisviðaukann. Annars er ekki í sambandi við þetta mál ástæða til að fara út í þetta. Ef milliþinganefnd verður skipuð, verður þetta að sjálfsögðu tekið til íhugunar.

Hv. þm. Str. (TrÞ) var að tala um að koma skatta- og tollalöggjöfinni í frjálslynt horf. Ummælum hans má ekki vera ómótmælt í sambandi við einkasölu og verndartolla. Jeg þekki ekki þá frjálslyndu stjórnmálastefnu í nokkru landi, sem mundi ljá þessu fylgi.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg henti á lofti síðustu orð hv. 1. þm. Reykv. (JakM). Hann þykist sjálfur tilheyra frjálslyndum flokki, og hjer eru tveir þm. aðrir, sem tilheyra þeim sama flokki, og hafa þó báðir greitt atkvæði með einaksölu á tóbaki.

Jakob Möller: Hv. þm. Str. (TrÞ) fór ekki rjett með orð mín. Jeg sagðist ekki þekkja þá frjálslyndu stjórnmálastefnu, sem fylgdi fram einkasölu og

verndartollum. Um hitt, hvort einstakir menn í frjálslyndum flokkum kynnu að hafa sjerstöðu í þessu, sagði jeg ekkert. Eða þekkir hann nokkurn frjálslyndan flokk, sem fylgir fram einkasölu og verndartollum? (**TrÞ**: Já, þann íslenska).

Flm. (Halldór Stefánsson): Jeg viðurkenni að það er rjett hjá hv. 1. þm. Reykv. (JakM), að við vorum á móti gengisviðaukanum 1924. Eins og menn vita, var þá þörf svo mikilla aðgjörða til þess að leiðrjetta fjárhaginn, að við hjeldum, að ekki væri hægt að gera það með gengisviðaukanum einum, eins og tolllögin voru undirbygð.

Þá var um að velja, hvort ætti að fara báðar leiðir eða aðra. En jeg vil taka það fram til að fyrirbyggja misskilning, að jeg álít ekki koma til mála að hafa bæði verðtoll og þungatoll til frambúðar, og að jeg fyrir mitt leyti kýs þá óhikað verðtoll.

ATKVGR.

Tillgr. feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, IngB, JG, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BSv.

nei: BL, HK, HjV, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ.

Einn þm. (ÓTh) fjarstaddur.

2. Stúdentspróf við Akureyrarskóla.

Á 26. fundi í Ed., laugardaginn 12. mars, og á 28. fundi í Nd., sama dag, var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um stúdentspróf við Akureyrarskóla (A. 160).

Á 3. fundi í Sþ., miðvikudaginn 16. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 4. fundi í Sþ., fimtudaginn 24. mars, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Kristjánsson): Jeg vil ekki láta hjá líða að segja nokkur orð um þessa till., áður en atkvgr. fer fram um hana, og gera grein fyrir afstöðu minni til hennar.

Því verður ekki neitað, að þeir námsmenn, sem eiga heima á Norðurlandi, eiga erfiðari aðstöðu til að ná stúdentsprófi heldur en þeir, sem eiga heima í Reykjavík. Það er skylda þings og stjórnar að gera þennan aðstöðumun sem minstan, og miðar till. í þá átt. Því hefir með rjettu verið haldið fram, að margir hinna efnilegustu námsmanna hafi verið fátækir sveitapiltar, sem hafi með dugnaði brotist áfram á eigin spýtur og sem gátu það meðan aðstaðan til námsins var betri en nú er orðið. Meðan jeg var við nám, var aðstaðan sú, að duglegir piltar gátu komist af með sparsemi og dugnaði, og þar sem þeir fengu styrk, þá komust þeir af með sumarkaupi sínu ásamt þeim styrk, sem þeir fengu. Þetta mun hafa verið svona til aldamóta, en þá breyttist aðstaðan og varð erfiðari fyrir fátæka pilta utan af landi. Og nú er svo komið, að sumarkaup pilta og námsstyrkur hrekkur hvergi nærri fyrir

öllum námskostnaði, svo að ókleift er að verða fyrir fátæka pilta að komast áfram. Hinsvegar eru margir þessara manna þannig gerðir, að þeir njóta sín ekki nema þeir komist á rjetta hillu í lífinu, og þjóðin fer á mis við góða starfskrafta, ef hún missir þá frá náminu.

Þetta er það, sem veldur því, að hjer er farið fram á, að fátæk stúdentaefni geti tekið próf fyrir norðan, án þess að fara suður, og þannig sparað sjer kostnað, er af þeirri ferð leiddi. Þingið hefir áður litið á þetta mál með sanngirni, því að það hefir veitt þessum piltum styrk til að geta stundað nám sitt fyrir norðan. Nú eru þarna stúdentaefni fyrir norðan. Þá er spurningin: Er nokkuð á móti því, að þeir geti tekið prófið fyrir norðan undir eftirliti prófdómenda, sem Háskóli Íslands sendi norður til þess að sjá um, að prófið yrði ekkert „humbug", heldur í fullu samræmi við kröfur þær, sem gerðar eru við stúdentspróf hins alm. mentaskóla í Reykjavík?

Það er auðvitað minni kostnaður við það að senda einn prófdómanda norður á Akureyri heldur en við að veita piltunum styrk til að fara suður og taka prófið. En fengist ekki, að piltarnir mættu taka próf fyrir norðan, þá vildi jeg auðvitað heldur að þeir fengju styrk til að fara suður heldur en að þeir færu á mis við hvorttveggja. Þyrftu þeir þá ekki að missa neins í af því fje, er þeir þurfa til náms næsta vetur.

Jeg vil í þessu sambandi taka það fram, að kennararnir við gagnfræðaskólann á Akureyri eru mjög samviskusamir menn og færir, og þeir eru mjög vel hæfir til þess að búa þessi stúdentaefni undir próf, og þeir hafa lagt mikla áherslu á það.

Ef ekkert mælir á móti þessu að öðru leyti, þá sje jeg ekkert athugavert við það, að það sje framkvæmt. Mjer gengur ekkert annað til, er jeg mæli með þessari till., en það, að jeg vil hjálpa þessum fátæku stúdentaefnum, þar sem jeg veit, að efnahagur þeirra er erfiður. Mjer er það því viðkvæmt mál, að þeir fái að taka próf nyrðra. Mjer er kunnugt um, að þeir hefðu alls ekki getað stundað nám og búið sig undir próf annarsstaðar en fyrir norðan. Og þar hefir kostnaðurinn orðið þeim mjög lítill.

Ef þessi till. er ekkert á móti lögum háskólans, þá get jeg ekki sjeð, að neitt mæli á móti henni, þar sem hægt er að hafa við þetta fyrirhugaða próf eftirlit með því, að það sje í samræmi við kröfur háskólans.

Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta mál. Mjer er það áhugamál, að þessum stúdentaefnum sje gert ljett fyrir með að ná prófi, að því er til kostnaðarins kemur.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Í byrjun þessa þings barst stjórninni erindi frá nokkrum mönnum á Akureyri um það, að nemendum í 3. framhaldsbekk gagnfræðaskólans þar væri leyft að taka stúdentspróf fyrir norðan. Þetta erindi var sent kennurum mentaskólans til athugunar, og rektor hefir í brjefi dags. 21. febr. lagt á móti þessu af þeim ástæðum, að þar sem ekki hafi verið gefin nein reglugerð um, hvernig náminu skyldi hagað fyrir norðan og engin vorpróf haldin, og þar sem engar upplýsingar liggi fyrir um það, hvaða bækur þar hafi verið

notaðar við kensluna eða hvernig náminu hafi verið hagað að öðru leyti, þá geti þessir framhaldsbekkir Akureyrarskólans engan veginn jafngilt lærdómsdeild mentaskólans.

En þar sem þetta mál snertir háskólann, þótti rjett að senda þetta erindi til umsagnar háskólaráðsins. Svar kom frá því 21. mars, eða fyrir 3 dögum, og til að tefja ekki tímann með því að skýra frá innihaldi þess, ætla jeg að lesa upp nokkurn hluta þess, með leyfi hæstv. forseta. Það er svohljóðandi:

„Með brjefi hins háa ráðuneytis, dags. 14. þ. m., meðtók háskólaráðið til umsagnar:

1. Erindi nokkurra manna á Akureyri um stúdentspróf við gagnfræðaskólann þar.

2. Þingsályktunartillögu, sem komin er fram á Alþingi um sama mál, og

3. Umsögn rektors mentaskólans um málið.

Málefni þetta var lagt fyrir háskólaráðsfund 17. þ. m., og svarar háskólaráðið því á þessa leið:

Meðan ekki er komið á fót fullkominni lærdómsdeild við gagnfræðaskólann á Akureyri, verður skólinn ekki talinn jafngildur hinum almenna mentaskóla í Reykjavík. Stúdentspróf frá gagnfræðaskólanum getur, meðan svo er ástatt, eigi veitt rjett til innritunar við háskólann, samkv. 17. grein háskólalaganna. Að þessu athuguðu getur háskólaráðið ekki mælt með því, að þingsályktunartillaga sú, er hjer er um að ræða, verði samþykt".

Af þessu er bert, að háskólaráðið álítur, að það sje ekki heimilt samkv. lögum háskólans að láta þessa menn taka próf á Akureyri, heldur verði þeir að taka próf við mentaskólann í Reykjavík, þar sem hann hafi einkarjett til að útskrifa stúdenta, eftir því sem nú stendur, er aftur gerir það að verkum, að þeir einir, sem þaðan hafa tekið próf, hafa rjett til þess að fá borgarabrjef við háskólann. En tækju nú þessir piltar próf fyrir norðan, þá yrði afleiðingin sú, að háskólaráðið myndi ekki vilja láta þá fá borgarabrjef hjer við háskólann, og gætu þeir því ekki tekið próf við háskólann á sínum tíma.

Jeg ætla að leyfa mjer að lesa 17. gr. háskólalaganna, sem háskólaráðið vitnar í:

„Hver sá, kona sem karl, er lokið hefir stúdentsprófi við hinn almenna mentaskóla eða annan lærðan skóla honum jafngildan, á rjett á því að verða skrásettur háskólaborgari".

Þetta eru þau orð, sem háskólaráðið byggir sína skoðun á. Og það er rjett, sem háskólaráðið heldur fram, að Akureyrarskóli hefir aldrei verið löggiltur sem lærður skóli. Jeg lít því svo á, að það væri þýðingarlaust, þótt stjórnin fengi heimild til þess að láta þetta próf fara fram, því að háskólaráðið myndi aldrei veita þessum stúdentum að norðan viðtöku. Og 17. gr. háskólalaganna verður ekki skilin á annan veg en þann, sem háskólaráðið hefir skilið hana. Auk þess er það mjög óráðlegt að skora á stjórnina að framkvæma það, sem ekki er í samræmi við landslög.

Mjer skildist á hv. flm. (JKr) að tilgangur hans og flm. væri sá að ljetta undir með þessum fátæku piltum, hvað kostnaðinn snertir. Jeg get fyllilega tekið undir það með honum, að það væri æskilegt. Og jeg skal f. h. stjórnarinnar taka það fram, að hafi Alþingi

ekkert við það að athuga, að þessir piltar væru styrktir til suðurferðar til að taka próf, þá mundi jeg fús til að láta af hendi einhvern styrk í því skyni. En þetta getur aðeins komið til greina gagnvart þeim, sem eru fátækir, og má láta fara fram rannsókn á því. Kennarar gagnfræðaskólans myndu geta framkvæmt hana, þar sem þeir munu vera kunnugir högum þessara pilta, og myndu upplýsingar þeirra sennilega verða teknar gildar.

Björn Líndal: Þetta mál hefir frá upphafi verið sannkallað vandræðamál. Frá því fyrsta það kom fram hjer á þinginu 1924, hefi jeg verið þeirrar sömu skoðunar, að þar hafi verið lagt út á mjög óheppilega braut, þá braut, að gera þetta smámál að pólitísku æsingamáli. Það kom þinginu ekkert við, heldur aðeins stjórninni, því að þá var aðeins að ræða um að fá að láni eina stofu í gagnfræðaskólahúsinu á Akureyri til framhaldsnáms. Þetta gat stjórnin leyft án þess að spyrja þingið um, enda var því lýst yfir af kenslumálaráðh., að auðsótt mundi að fá þetta leyfi. Nú er hjer lagt ennþá lengra út á sömu óhappaleið og jafnvel svo langt gengið, að ætlast er til þess, að þingið brjóti landslög, með því að leyfa það í þingsályktunartillöguformi, sem landslög banna.

Um þessa hlið málsins ætla jeg ekki að fara fleirum orðum að sinni, þótt full ástæða sje til. En jeg vil vekja athygli á því, að það verða mikil vonbrigði fyrir þessa pilta að fá þetta svar, því að þeim hafa verið gefnar góðar vonir um, að þeir fengju að taka stúdentspróf fyrir norðan. Þessir piltar eru fátækir en efnilegir.

Að öllu þessu athuguðu legg jeg til, að þeim sje einhver greiði gerður, og ljett undir með þeim til að taka prófið í Reykjavík. Er það að vísu hættulegt fordæmi að styrkja þessa pilta til slíks af ríkisfje, því að ekki getur komið til mála að veita slíkan styrk eingöngu ungum mönnum, sem stunda framhaldsnám á Akureyri í einhverju sambandi við gagnfræðaskólann þar, en ekki utanskólamönnum annarsstaðar frá.

Jeg ætla því að koma fram með rökstudda dagskrá þess efnis, að heimilað verði að greiða af ríkisfje eitthvað af ferðakostnaði þessara ungu manna hingað til Reykjavíkur í þessum erindum. En jafnframt legg jeg mikla áherslu á það, að þótt þessi styrkveiting verði leyfð í þetta sinn, þá sje þar með ekki gefið neitt fordæmi fyrir slíkum styrkveitingum framvegis. Jeg ætla svo að leyfa mjer að lesa upp þessa dagskrá:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin sjái sjer fært að greiða að einhverju leyti ferðakostnað fátækum og efnilegum nemendum, er stundað hafa undirbúningsnám undir stúdentspróf við Akureyrarskóla, og hingað koma til Reykjavíkur til þess að taka stúdentspróf á næsta vori, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Flm. (Jónas Kristjánsson): Jeg verð að játa það, að mjer kom kynlega fyrir sjónir þetta svarbrjef háskólaráðsins, þar sem jeg einmitt hafði átt tal við Sigurð Guðmundsson skólameistara á Akureyri nú í vetur, og hann sagt mjer, að hann hefði fengið tilkynningu frá háskólaráðinu, þar sem tekið væri

fram, að ekkert væri því til fyrirstöðu frá þess hálfu, að stúdentaefni frá Akureyri fengju að taka próf þar. En þar sem mjer gekk ekki annað til með flutningi þessarar till. en að vilja ljetta kostnaði af þessum fátæku piltum fyrir norðan, við það að fara suður, þá get jeg sætt mig við það, að piltarnir verði látnir fá styrk til ferðarinnar suður, heldur en að fara að etja kappi við háskólaráðið og taka próf nyrðra í trássi við háskólann og missa af þeim rjettindum, sem hann veitir.

Jeg tel það vera hagsmunamál fyrir þjóðina, ef efnilegum mönnum er hjálpað áfram, þannig að þeir komist í þær stöður, sem þeim hentar best.

Eftir svari háskólaráðsins að dæma, er stúdentapróf það, sem hjer er farið fram á, brot á lögum háskólans. Jeg vil því ekki bera ábyrgð á því, að verið sje að etja kappi við háskólaráðið og koma ef til vill með því í veg fyrir, að þeir, sem tækju stúdentspróf við skólann á Akureyri, fengju inngöngu í háskólann. Til þess var till. vor ekki fram borin. Jeg get því, úr því sem komið er, fallist á rökst. dagskrá, er hv. þm. Ak. (BL) ber fram.

Bernharð Stefánsson: Því hefir verið haldið fram af hæstv. ráðh. (MG) og hv. þm. Ak. (BL), að till. sú, sem hjer liggur fyrir, komi í bág við gildandi lög. Áttu þeir sjerstaklega við 17. gr. háskólalaganna. Virtist líka, sem hv. aðalflm. (JKr) treysti sjer ekki til þess að mæla gegn því og mundi sætta sig við aðra lausn á málinu en till. gerir ráð fyrir. En jeg verð að segja það, að þótt jeg sje ekki löglærður maður, en þeir báðir lögfræðingar, er þessu halda fram, þá get jeg ekki fallist á skoðun þeirra. Það er og kunnugt, að fyrir norðan á mál þetta fylgi mikilsvirtra lögfræðinga, meðal annars manns, sem er í hárri dómarastöðu, og jeg skil ekki annað en honum sje vel kunnugt ákvæði 17. gr. háskólalaganna. Það er að vísu tekið fram í 17. gr. umræddra laga, að þeir einir hafa rjett til inntöku í háskólann, sem tekið hafa stúdentspróf við mentaskólann eða annan skóla jafngildan. En þegar þess er gætt, að samskonar kensla fer fram í framhaldsskólanum á Akureyri, eins og hjer í lærdómsdeildinni, þá verð jeg að telja, að líta megi svo á sem þessir skólar sjeu hliðstæðir. Að minsta kosti mun námið í aðaldráttunum vera hliðstætt.

Hæstv. dómsmrh. (MG) sagði, að erindi þetta hefði verið sent í tvo staði til umsagnar. Í fyrsta lagi til rektors mentaskólans, og hafi hann lagt á móti því. Jeg veit nú ekki, hvaða ástæða hefir verið til þess að senda erindið þangað. En hitt verð jeg að segja, að jeg get ekki lagt mikið upp úr því, sem rektor segir um þetta mál. Ekki á hann að taka við mönnum þessum, ef þeir ljúka prófi á Akureyri. Það má auðvitað líta svo á, að hann hafi þekkingu í þessum efnum. En þess verður líka að gæta, að ef Akureyrarskóli fær rjett til þess að útskrifa stúdenta, þá er hann orðinn keppinautur mentaskólans, og býst jeg við, að rektor verði þá tæplega talinn óhlutdrægur í þessu máli.

Hitt er miklu meira virði, hvað háskólaráðið hefir um þetta að segja og því eðlilegt, að umsögn þess væri fengin, þar sem þeir, er stúdentsprófið taka, fá rjett til inngöngu í háskólann. Annars kom mjer nú svar háskólaráðs-

ins ókunnuglega fyrir sjónir, því að í fyrra las jeg brjef frá því um sama efni, og var niðurstaðan þar alt önnur. En um þetta brjef, sem háskólaráðið hefir nú skrifað, var mjer ekki kunnugt fyr en hæstv. ráðh. (MG) las það upp. Hefi jeg því ekki gert ráðstafanir til þess, að hafa brjefið frá í fyrra við höndina. En jeg man það fyrir víst, að þá lagði háskólaráðið ekki á móti því, að stúdentspróf yrði haldið fyrir norðan.

Jeg hefi þegar tekið það fram, að framhaldsnámið á Akureyri væri í aðalatriðunum hliðstætt námi í lærdómsdeildinni hjer. Og jafnvel þó svo væri, að þar væri í einhverjum atriðum vikið frá þeim reglum, sem hjer eru hafðar, t. d., að bekkjarpróf hafi ekki verið haldin, eins og minst hefir verið á, þá sje jeg ekki, að það breyti miklu, ef stúdentsprófið fyrir norðan sýnir, að nemendurnir hafi eins mikla og góða þekkingu og sjeu eins hæfir og þeir, sem ná prófi hjer syðra. Það eru engin vandræði fyrir stjórnina og háskólann að sjá um að hafa svo ábyggilega menn fyrir prófdómendur, að ekki nái aðrir prófi en þeir, sem hafa til þess nægа þekkingu og þroska. Og ætti þetta þá að vera hættulaust fyrir háskólann.

Það er talað um að bæta úr þörf piltanna með því að veita þeim styrk til þess að koma hingað suður. Jeg játa, að þetta er betra en ekki neitt. En jeg býst við, að þeir, sem koma hingað til þess að taka próf hjá algerlega ókunnugum kennurum, standi alls ekki jafn vel að vígi og þeir piltar, er verið hafa hjer í skólanum og notið kenslu þessara kennara. Þannig verður þá misrjetti, enda þótt piltunum frá Akureyri yrði veittur styrkur. Er því hætt við, að prófið verði þeim hjer örðugra heldur en ef þeir tækju það fyrir norðan. Jeg býst við, að allir skilji þetta, sem gengið hafa undir eitthvert próf.

Hv. þm. Ak. (BL) kallaði þetta vandræðamál. Jeg get tekið undir það með honum. Það eru vandræði fyrir menn, sem numið hafa á Akureyri, að þurfa að koma hingað til prófs. Það eru vandræði fyrir þá menn, sem barist hafa fyrir rjetti Akureyrarskóla, að þurfa að feta sig svona stig af stigi, vegna mótstöðu hv. þm. Ak. (BL) og annara. Jeg játa, að það hefði verið eðlilegri lausn á þessu máli, ef samþykt hefði verið frv. það, er jeg bar fram á þinginu í fyrra um stofnun mentaskóla á Norðurlandi, heldur en sú leið, er hjer er farin. En ef þetta er vandræðamál, þá er það þeirra sök, sem standa gegn því, að þessi eðlilega og sjálfsagða krafa nái fram að ganga.

Þá sagði hv. þm. Ak. (BL), að ekki hefði verið gert annað á þinginu 1924 en að leyfa, að ein stofa yrði notuð til framhaldskenslu. Það var nú ekki neitt tekið fram um það, að það ætti að vera ein stofa, heldur var, eftir því sem þáltill. hljóðaði, leyft að nota húsrúm og kenslukrafta til framhaldsnáms, eftir atvikum, og ótiltekið, að hve miklu leyti.

Það getur verið rjett, að stjórnin hefði getað veitt þetta leyfi án þess að málið þyrfti að koma fyrir þing. En jeg efast um, að hún hefði gert það, ef ekki hefði komið áskorun til hennar frá Nd. Jeg tel því, að till., sem kom fram á þinginu 1924, hafi haft fulla þýðingu.

Hv. þm. Ak. (BL) var að tala um formleysi í þessu efni. En eins og jeg gat um í upphafi máls míns, veit jeg

ekki betur en að mjög góðir lögfræðingar hafi fallist á þessa leið og ekki sjeð neitt formleysi í þessu, heldur stutt eindregið að því, að till. þessi kæmi fram.

Jeg vænti þess, að hv. Alþingi taki sanngjarnlega í þetta mál og láti ekki blekkjast af dagskrártill. þeirri, sem fram er komin, heldur samþ. þáltill. eins og hún liggur fyrir.

Einar Árnason: Það hefir nú komið á daginn, að menn ætla sjer að fara krókaleiðir til þess að koma máli þessu fyrir kattarnef. Jeg get ekki betur sjeð en að hjer hafi verið kallaðir til aðiljar, sem ekkert hafa um málið að segja. Á jeg þar við rektor mentaskólans. Annars skal jeg ekki frekar fara út í álit hans. Hitt var auðvitað sjálfsagt, að leita álits háskólans. Í erindi hans er gefið í skyn, að hann ætli ekki að taka við þeim stúdentum, er ganga undir próf fyrir norðan. Ber hann fyrir sig 17. gr. háskólalaganna, þar sem talað er um, að mentaskólinn eða honum jafngildur skóli hafi rjett til þess að útskrifa stúdenta. En jeg verð að neita því, að háskólinn hafi nokkurt hæstarjettarvald til þess að dæma um það, hvort framhaldsdeildin á Akureyri jafngildi mentaskólanum eða ekki. Sá dómur verður fyrst kveðinn upp, er stúdentaefnin hafa tekið prófið að viðstöddum þeim prófdómendum, sem fullfærir þykja. Það er langt frá því, að það sje tilgangurinn með þessari till., að stúdentsefnin fyrir norðan komist ljettara út úr prófinu en stúdentsefnin við mentaskólann. Jeg vil einmitt tryggja það sem best, að nemendurnir fái þá mentun, sem nauðsynleg er til stúdentsprófs. En það er þá fyrst, er þeir hafa tekið prófið við skólann, að hægt er að dæma um, hvort framhaldsdeildin, sem þingið þegar hefir viðurkent, stendur lærdómsdeildinni í Reykjavík á sporði eða ekki. En þingið hefir viðurkent deildina að mínu áliti, í fyrsta lagi með því að leyfa hana, og í öðru lagi með því að veita henni fjárstyrk.

Hæstv. atvrh. (MG) og sömuleiðis hv. þm. Ak. (BL) voru að gefa í skyn, að till. kæmi í bága við gildandi lög. Jeg vil neita þessu afdráttarlaust. Það er ekkert annað en blekking að halda því fram. Jeg vil spyrja: Hefir mentaskólinn svo mikinn einkarjett til þess að útskrifa stúdenta, að Alþingi geti ekki ákveðið, að aðrir skólar geri það einnig? Jeg verð að segja, að ef svo er, þá er nokkuð mikil afturför frá því, sem var í gamla daga, þegar háskólarnir tóku við stúdentum, þó að þeir hefðu ekki gengið á neinn lærðan skóla.

Jeg vil í því sambandi minnast á Jón Sigurðsson forseta. Jeg veit ekki til, að hann gengi í neinn lærðan skóla, heldur var það prestur, sem kendi honum og útskrifaði hann. Býst jeg þó við, að enginn neiti því, að hann hafi verið jafngildur hverjum þeim stúdent, er á skóla hafði gengið og útskrifast þaðan. Nei, þetta er ekkert annað en blekking til þess að koma í veg fyrir, að fáeinir menn fái að ganga undir próf, þar sem þeir hafa hlutfallslega sömu aðstöðu og stúdentaefni mentaskólans.

Þó nú að hv. þm. Ak. (BL) ætli að þvo hendur sínar með dagskrártill. þeirri, er hann hefir borið fram, þá dettur mjer ekki í hug að taka það til

greina. Jeg vil að háskólinn felli sinn úrskurð um það, hvort hann treysti sjer til að neita að taka við stúdentunum, ef þeir ljúka góðu prófi á Akureyri. En ef hann neitar því, sem hann naumast mun treysta sjer til, þá er mál til komið, að þingið skerist í leikinn. Jeg vil ekki, að Alþingi fari fyrirfram að taka af háskólanum ábyrgðina á því að ákveða, hvort hann tekur við stúdentum eða ekki.

Jeg verð að segja það, að mjer þótti einkennilegt að sjá svar háskólaráðsins nú, því að í fyrra skrifuðum við þm. Eyf. og spurðumst fyrir um, hvort nokkuð væri því til fyrirstöðu, að stúdentspróf yrði látið fara fram á Akureyri. Og svarið var alt annað en það nú er. Það má vera — mjer er það ekki kunnugt — að aðrir menn sitji nú í háskólaráðinu en í fyrra.

Jeg gerðist flm. þessarar till., af því mjer er ljóst, hversu mikil vandkvæði eru á því fyrir piltana að fara hingað suður til þess að taka próf hjá kennurum, sem þeir engin kynni hafa haft af. Það liggur í augum uppi, að aðstaða þeirra er ólíkt lakari heldur en þeirra stúdentaefna, sem stundað hafa nám að miklu eða öllu leyti hjer við mentaskólann. Útkoman af prófi þeirra hlýtur að verða lakari heldur en ef þeir fengi að taka prófið þar, sem þeir hafa verið við námið, og hjá sínum eigin kennurum. Og því má heldur ekki gleyma, að lokaprófið er öllum nemendum viðkvæmt.

En ef um þetta mál fer svo, að þessir piltar neyðast til að leita hingað til prófs, þá er það eingöngu vegna hótunar háskólaráðsins um, að ekki verði við þeim tekið, ef þeir taka prófið fyrir norðan. En þrátt fyrir ákvæði 17. gr. háskólalaganna, þá fullyrði jeg, að háskólinn g e t u r tekið við þeim, ef hann aðeins vill, enda gaf háskólaráðið ekki neitt í skyn í fyrra, sem benti í gagnstæða átt.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það hefir verið vitnað í brjef háskólaráðsins um þetta mál frá í fyrra og sagt, að það væri í ósamræmi við brjef það, sem nú liggur fyrir. Jeg hefi ekki sjeð það brjef, en skólameistarinn á Akureyri hefir sent mjer útdrátt úr því, og jeg man ekki betur en að háskólaráðið segi þar, að það hafi ekkert á móti stúdentsprófi við Akureyrarskóla, ef það geti samrýmst gildandi lögum. Jeg býst við, að hægt verði að útvega brjefið, svo að úr þessu verði skorið. En mig minnir mjög fastlega, að þessi varnagli sje þar sleginn. Jeg stend því í þeirri meiningu, að munurinn sje ekki eins mikill á brjefunum og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) vill láta í veðri vaka. Annars er auðvitað æskilegast að ná afriti af brjefinu, til þess að hægt sje að sjá, hvort háskólaráðið hefir snúist í þessu máli. En jeg geng út frá, að svo sje ekki.

Það hefir verið tekið fram, að lögfræðingar væru ekki sammála um skilninginn á 17. gr. háskólalaganna. Það getur vel verið, og skal jeg ekki neita því. En sá aðilinn, er hjer ræður, er auðvitað háskólaráðið. Það er því ekki til neins að vera að deila um þetta. Þegar háskólaráðið hefir sagt, að það geti ekki tekið við stúdentum nema frá mentaskólanum, þá er ekki hægt að neyða það til þess, nema með því að breyta lögunum.

Þá er því haldið fram, að námið sje hið sama fyrir norðan og hjer. Það

getur verið, en það vantar bara sannanir. Jeg hefi átt tal við mann, sem tekið hefir þátt í kenslunni þar. Hann er nú kominn hingað, en hefir verið kennari við Akureyrarskólann. Og hann dró ekki dul á það, að kenslan væri töluvert öðruvísi. Einnig tók hann það fram, að það væri galli, að próf skuli ekki haldin að vorinu til. Var hann mjög óánægður yfir þessu og sagðist hafa gert það að skilyrði fyrir kenslu sinni þar, að vorpróf yrðu haldin, en samt var það ekki gert. Mál þetta mun hafa verið borið undir hann, er það var sent til mentaskólans, og mun hann ekki hafa mælt með því. Mjer dettur ekki í hug að kveða upp neinn dóm yfir kenslunni fyrir norðan. Til þess hefi jeg ekki nægilega þekkingu á skólanum. En jeg get skilið það, að þeir, sem taka við stúdentunum, vilji hafa tryggingu fyrir því, að námið sje ekki lakara en við þann skóla, sem nú hefir rjett samkvæmt lögum til að útskrifa stúdenta, sem háskólinn er skyldur að taka við.

Sumir hv. þm. hafa efast um, að rektor mentaskólans væri hjer rjettur aðili. En jeg efa ekki, að stjórnin hafi haft rjett til að leita álits hans, þar sem skóli sá, er hann veitir forstöðu, hefir um langan tíma haft rjett til að útskrifa stúdenta, og þess vegna ætti hann að vera færastur um að segja, hvaða skilyrði beri að setja í þessum efnum.

Hvað afstöðu rektors hins almenna mentaskóla snertir, þá er það satt, að álit hans er enginn hæstarjettardómur í þessu máli. Öðru máli er að gegna um álit háskólaráðs Íslands. Undir það verða menn að beygja sig. Jeg er því fullkomlega samþykkur, að þeir nemendur, sem koma utan af landi og verða að ganga undir próf hjá öðrum kennurum en þeim, sem þeir hafa notið kenslu hjá, standi að nokkru ver að vígi en þeir, sem prófaðir eru af þeim, sem hafa kent þeim. En samt sem áður verður því ekki neitað, að það eru fjöldamargir utanskólanemendur, sem tekið hafa próf við hinn almenna mentaskóla hjer, án þess að það hafi komið að nokkurri sök. Það má vera, að það hafi munað 2—3 stigum, sem þeir hafi fengið lægra en ella myndi orðið hafa, en það hefir eigi verið meira en svo, að fjöldamargir hafa tekið þannig próf, enda ætti það að vera vorkunnarlaust fyrir menn, sem eru sæmilega að sjer.Jeg verð því að mæla með dagskrártill. hv. þm. Ak. (BL), og skal benda á það, að ef till. verður feld, þá tel jeg vafasamt, hvort heimilt er að veita þessum mönnum styrk til þess að fara hingað suður og taka hjer stúdentspróf. Jeg skal og taka það fram, að þar sem í till. stendur ferðakostnaður, þá lít jeg svo á, að þá sje einnig átt við uppihald og dvalarkostnað, á meðan á prófinu stendur. Jeg skil ekki, að það geti verið mönnum neitt keppikefli að samþykkja till., sem ríkisstjórnin getur ekki borið neina ábyrgð á, að hlutaðeigendur, þ. e. háskólaráðið, telji löglega. Og það er óneitanlega lítil forsjá í því að halda svo fast fram þessari þáltill., þegar þess er gætt, að eigi er að vita nema háskólaráðið neiti að skrá þessa menn sem háskólaborgara. Jeg get því ekki sjeð, að það sje betra að haga málinu eins og farið er fram á í þáltill., heldur en að nemendur fái styrk til að

fara hingað suður til þess að taka próf hjer. Annað mál væri það, ef skólinn væri búinn að sýna það með því að senda hingað stúdentaefni, sem væru vel undirbúin, að hann væri fær um að útskrifa stúdenta. En háskólinn getur eins og nú stendur með sanni sagt, að hann viti ekki, hvernig kenslunni er háttað þar eða hvernig fyrirkomulag skólans er.

Hv. fyrri þm. Eyf. (EÁ) fór með 17. gr. háskólalaganna, en gleymdi, að það stendur þar „annan lærðan skóla honum jafngildan". En eins og menn vita, þá er Akureyrarskólinn ekki lærður skóli, og því ná þessi orð 17. gr. ekki til hans. Þessu heldur háskólaráðið einnig fram. Þá sagði hv. þm. (EÁ), að Alþingi hefði viðurkent þessa framhaldsnámsdeild með styrkveitingu til hennar. Þetta er að vísu rjett, en þar fyrir hefir þingið aldrei látið í ljós, að þessi deild ætti að útskrifa stúdenta, enda væri þá engin þörf á að fara fram á slíkt nú.

Jeg veit, að þessi þáltill. er borin fram af góðri meiningu, með það fyrir augum að gera mönnum námið ódýrara og þar með auðsóttara, en leið sú, sem farin er með því að veita mönnum styrk til þess að taka próf hjer syðra, leiðir til sama árangurs.

Þá mintist hv. fyrri þm. Eyf. (EÁ) á það, að menn hefðu hjer áður getað tekið stúdentspróf annarsstaðar en í skólum, og hann nefndi sem dæmi þess ákveðinn mann, en þeir menn þurftu að taka sjerstakt próf við þá háskóla, sem þeir ætluðu að stunda nám við.

Hv. þm. (EÁ) talaði um blekkingar í máli þessu frá minni hendi. Það er hinn mesti misskilningur hjá hv. þm. Hann spurði, hvort hinn almenni menta-skóli hefði einkarjett til þess að útskrifa stúdenta. Það hefir skólinn samkvæmt löggjöfinni, en hver sem er getur undirbúið menn og látið þá taka próf við skólann.

Björn Líndal: Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) gat þess, að full þörf hefði verið á því að flytja þáltill. 1924 um Akureyrarskóla, því að annars mundi leyfið ekki hafa verið veitt, að stofna undirbúningsdeildina þar undir stúdentspróf. Jeg hygg, að ekki sje of djúpt tekið í árinni, þó jeg segi, að hv. þm. (BSt) tali hjer gegn betri vitund, því hann fór fram á það við mig þá, að jeg gerðist meðflytjandi hans að þáltill., en jeg sagði honum, að óþarfi væri að flytja till. þegar af þeirri ástæðu, að hæstv. þáverandi kenslumrh. (JM) hefði lofað því, og jeg man ekki betur en að hann lýsti yfir því hjer í hv. deild, að hann mundi leyfa þetta án þess að til kasta þingsins kæmi um málið. Þótt mjer sje kunnugt um, að hv. þm. (BSt) nærist hjer því miður á þeirri pólitískri fæðu, sem mjög er snauð af drengskaparbætiefnum, vona jeg þó, að svo mikið sje enn eftir af hans meðfædda drengskap, að hann kannist við, að jeg fer hjer með rjett mál.

Mjer þykir það næsta einkennilegt, er hv. þm. (BSt) nefnir krókaleiðir annara í þessu máli. Jeg mundi í hans sporum forðast að nefna hjer krókaleiðir, eins og snöru í hengds manns húsi.

Þá leyfir hv. þm. (BSt) sjer að tala um blekkingar og lagabrot í sambandi við þetta mál. En hvaðan kemur honum vald að fullyrða, að hjer sje um lagabrot að ræða, þvert ofan í tvímælalausa yfirlýsingu háskólans? Hjer á bak

við standa ágætir lögfræðingar, sem halda því fram, að þessi heimild verði ekki veitt eins og farið er fram á með þáltill., eins og hjer er lagt til, þvert ofan í gildandi lög. Hv. þm. gat þess í þessu sambandi, að Alþingi gæti samþykt það, sem því sýndist. En er hv. þm. svo fáfróður að halda það, að hægt sje með venjulegri þáltill. að afnema gildandi lög? Annars er útrætt um þetta mál frá minni hálfu. — Jeg vona, að hv. deildarmenn hafi gert sjer ljóst, hvað hjer er um að vera. Annarsvegar ræðir um samþykt þáltill., sem gengur í berhögg við gildandi lög, en hinsvegar um samþykt till. um að hjálpa nokkrum efnalitlum og fátækum námsmönnum frá Akureyri með fjárstyrk til þess að fara hingað suður og ganga undir stúdentspróf.

Halldór Stefánsson: Hv. andstæðingar þál., sem hjer er um að ræða, byggja mótstöðu sína aðallega á tvennum ástæðum. Annarsvegar á mótmælum rektors hins almenna mentaskóla, en þau verður að telja einkisverð, þar sem hann er hjer ekki rjettur aðili, og hinsvegar á mótmælum háskólaráðs Íslands, sem reisir mótmæli sín á því, að háskólalögin veiti ekki rjett öðrum skóla en hinum almenna mentaskóla til þess að útskrifa stúdenta. Og hæstv. kenslumrh. (MG) felst á þessa skoðun háskólaráðsins. Það er nú upplýst, að þessi skoðun háskólaráðsins er bygð á orðalagi 17. gr. háskólalaganna, þar sem sagt er, að hinn almenni mentaskóli í Reykjavík, eða annar skóli honum jafngildur hafi rjett til þess að útskrifa stúdenta. Í þessari grein er sú framsýni, að ráð er gert fyrir því, að annar skóli geti haft þennan rjett, og því er það rangt að halda því fram, að hinum almenna mentaskóla sje ætlað að hafa einkarjett til þess að útskrifa stúdenta.

Jeg lít svo á, að nemendur þeir, sem um er að ræða, geti fullnægt algerlega orðalagi nefndrar lagagreinar, því að með leyfinu 1924 hafi framhaldsnámsdeildin við Akureyrarskólann í rauninni verið löggilt sem lærður skóli. En um það atriði, hvort hann sje jafngildur hinum almenna mentaskóla, segir prófið. Það virðist því í sjálfu sjer ekki nauðsynlegt að fá þetta leyfi nú, það ætti að leiða af sjálfu sjer, en það er aðeins farið fram á það til þess enn betur að árjetta það, að skólinn hafi fengið rjett til þess að útskrifa menn, sem hafi rjett til háskólanáms.

Álit háskólaráðsins nú og frá því í fyrra liggur því miður ekki fyrir hjer. En jeg hefi sjeð svar háskólaráðsins við fyrirspurn þm. Eyf., það sem hjer hefir verið rætt um, og eftir því sem mig minnir, þá var það alt öðruvísi en nú. Það var þá allóákveðið og ekki einróma eða í einu lagi. Hvorttveggja hlutinn þó með fyrirvara. Annar hlutinn sá ekkert á móti því, að nemendur Akureyrarskólans fengju þennan rjett til háskólanáms, ef það kæmi ekki í bága við háskólalögin. Hinn hlutinn taldi það ekki ríða í bága við lögin að veita skólanum þennan rjett, og var því ekki mótfallinn, ef nemendurnir fengju tilsvarandi þekkingu og ákveðið er um nemendur hins almenna mentaskóla. En reynslan í því efni er vitanlega prófið.

Nú gengur álit háskólaráðsins eindregið í þá átt, að það ríði algerlega í bága við háskólalögin að veita Akureyrarskóla þennan umrædda rjett, þótt

þeir fengju leyfi til að taka próf þar. Mjer dettur ekki í hug að leiða neinar getur að því, hvernig á þessum mismun á áliti háskólaráðsins stendur, en af því sem jeg nú hefi sagt, skal jeg taka það fram, að það er álit mitt, að nemendur frá framhaldsdeild Akureyrarskóla hafi fullan rjett til háskólanáms, ef þeir standast fullnaðarpróf við skólann, og að þeir hafi fullan rjett á að prófið fari fram þar, með fulltryggu eftirliti auðvitað. Af þeim ástæðum álít jeg dagskrártill. óþarfa, en þó rjettmæta, til frekari staðfestingar.

Umr. frestað.

Á 5. fundi í Sþ., sama dag, var fram haldið einni umr. um till. (A. 160).

Magnús Jónsson: Jeg skal nú ekki leggja mikið til umræðnanna um þetta mál. En af því að það hefir verið borið fram, að háskólaráðið hafi gefið umsagnir hvora á móti annari í fyrra og nú, þá vil jeg bera blak af því, þótt jeg eigi ekki sæti í því, því að þetta er ekki rjett. Jeg hefi náð í brjefið, sem háskólaráðið ritaði í fyrra, í tilefni af fyrirspurn frá þingmönnum Eyfirðinga, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu frá sjónarmiði háskólans, að gagnfræðaskólanum á Akureyri sje veittur rjettur til þess að útskrifa stúdenta. Jeg vil með leyfi hæstv. forseta leyfa mjer að lesa upp brjef þetta:

„Ef sama eftirlit er haft með stúdentsprófi á Akureyri og í Reykjavík, sjer háskólaráðið ekkert athugavert við það, að Akureyrarskóli fái rjett til þess að útskrifa stúdenta, svo framarlega sem það verður ekki talið koma í bága við háskólalögin". Með öðrum orðum, hjer eru nákvæmlega sömu skilyrðin sett og núna í brjefinu til hæstv. ráðh. og sami varnagli sleginn. En síðan bæta tveir menn úr háskólaráðinu við:

„Jafnskjótt sem Akureyrarskóli fær svo góða kenslukrafta sem Reykjavíkurskóli, virðist mega telja Akureyrarskóla jafngildan Reykjavíkurskóla, og mundu þá stúdentar frá Akureyri fullnægja skilyrðum háskólalaganna".

Mjer kemur það svo fyrir sjónir, að þessir tveir meðlimir háskólaráðsins gangi ekki á móti hinum, heldur bæti þeir við skýringu á því, hvað til þess þurfi, að stúdentar þessir fullnægi skilyrðum háskólalaganna, þ. e., að Akureyrarskóli hafi jafngóðum kenslukröftum á að skipa sem Reykjavíkurskóli. Það er ekki rjett, sem haldið var fram áðan, að það væri nóg, að menn tækju próf, sem jafngilti stúdentsprófi, til þess að geta innritast í háskólann. Í 17. gr. háskólalaganna stendur, að nemandinn verði að hafa gengið í skóla, sem jafngildi mentaskólanum. Það er að vísu rjett, að próf eru oft nægileg trygging, en það er þó mest trygging í því fólgin, að nemandinn hafi gengið í skóla, sem jafngildir hinum. Nú er það háskólaráðið, sem er hæsti „instans" í þessu máli. Það er ekki til neins að metast um, hvort úrskurður þess sje rjettur, honum verður ekki áfrýjað. Í brjefinu frá því í fyrra lætur háskólaráðið ekki annað í ljós en það, að ef Akureyrarskóli sje þannig úr garði gerður, að hann fullnægi skilyrðum háskólalaganna, þá hafi það ekki á móti því að taka á móti stúdentum frá honum. En með brjefinu til ráðuneytisins, 21. mars þ.

á., segir háskólaráðið, að Akureyrarskóli fullnægi ekki þessum skilyrðum. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stúdentspróf frá gagnfræðaskólanum getur, meðan svo er ástatt, eigi veitt rjett til innritunar við háskólann samkv. 17. gr. háskólalaganna".

Þessi tvö brjef eru því alls ekki í mótsögn hvort við annað. Rökstudd dagskrá frá hv. þm. Ak. (BL) er sýnu nær. Þingið hefir það þá á sínu valdi, hvort það vill veita styrkinn eða ekki. En þó er þessi dagskrá að sumu leyti óviðkunnanleg. Þáltill., sem felur í sjer fjárútlát, verður að ræða við tvær umræður. Því er hjer verið að fara á svig við þingsköpin með þessari dagskrá, sem auk þess kemur fram skriflega á þessum fundi? Mjer virðist ekki hægt að líta á þessa pilta að norðan öðruvísi en hverja aðra utanskólamenn. Jeg fyrir mitt leyti tók flest mín próf utanskóla og datt aldrei í hug að fara fram á styrk til þess. Jeg er ekki viss um, nema með þessu sje gengið inn á hættulega braut. Aðrir skólar, sem hafa góða kenslukrafta, geta farið að ala upp stúdentaefni og síðan heimtað þeim greiddan farareyri til Reykjavíkur.

Jón Guðnason: Mjer kemur einkennilega fyrir sjónir mótstaða háskólaráðsins gegn því, að stúdentar frá Akureyrarskóla fái inngöngu í háskólann. Jeg man eftir því, að á stúdentsárum mínum kom stúdent frá Ameríku hingað til landsins, og var hann umyrðalaust innritaður í háskólann. Hygg jeg þó, að kennarar háskólans hafi ekki haft neina aðstöðu til þess að tryggja sjer það, að skóli sá, sem stúdentinn útskrifaðist úr, væri svo líkur hinum almenna mentaskóla hjer sem þeir virðast nú álíta, að slíkur skóli þurfi að vera. Mjer skildist þá, að háskólinn ætlaði að hafa frjálslegt fyrirkomulag á því að veita inngöngu stúdentum frá öðrum háskólum, og er þá ekki ástæða til þess að gera strangari kröfur til innlendra manna en erlendra, nema síður sje. Það er auðvelt að hafa eftirlit með því, að stúdentspróf frá Akureyrarskóla jafngildi stúdentsprófi frá mentaskólanum, með því að hafa prófdómendur skipaða af stjórnarráðinu.

Hæstv. atvrh. (MG) lagði áherslu á það, að stúdentarnir fengju ekki inngöngu í háskólann nema trygging væri fyrir því, að þeir hefðu notið samskonar kenslu og í mentaskólanum. En mjer virðist fyrirkomulag kenslunnar ekki vera aðalatriðið; aðaltryggingin liggur í prófinu sjálfu. Jeg fæ ekki betur sjeð en ef þessi þáltill. verður samþ. og stjórnarráðið semur reglugerð um stúdentspróf við Akureyrarskóla, þá geti háskólaráðið með góðri samvisku tekið við stúdentunum, ekki síður en stúdentum frá skóla í Ameríku, sem það veit engin deili á. Í þessu áliti háskólaráðsins, sem hv. 2. þm. Reykv. (MJ) las upp, lýsir það sjer, að háskólaráðið hefir alls ekki viljað taka þá afstöðu að lýsa því yfir, að háskólalögin færu í bága við rjettindi stúdenta að norðan. Enda leiðir það af sjálfu sjer, þar sem háskólinn hefir gengið inn á að taka á móti stúdent frá erlendum skóla og leyft honum að ganga undir embættispróf, þá er eins auðvelt að veita skólanum á Akureyri sama rjett, þar sem það er innan handar að tryggja það, að þekking og

þroski stúdentanna þaðan sje nægilegur. Jeg sje t. d. ekkert á móti því, að háskólaráðið fengi að ráða skipun annars prófdómarans, ef það vildi.

Ef háskólaráðið sýndi skólanum á Akureyri sama velvilja sem hinum útlenda skóla, þá sje jeg ekki neitt því til fyrirstöðu að samþykkja þessa þál. Jeg mun því óhikað greiða henni atkvæði í trausti þess, að háskólaráðið sjái sig um hönd í þessu máli.

Bernhard Stefánsson: Hv. þm. Dal. hefir nú tekið fram margt af því, sem jeg þurfti að segja, og get jeg því verið stuttorður. En þó kemst jeg ekki hjá því að víkja að ýmsum ummælum, sem fallið hafa út af ræðu minni í dag. Það hefir verið um það deilt, hvort sama stefna komi fram í brjefum háskólaráðsins frá því í fyrra og nú. Hv. þm. hafa nú heyrt bæði brjefin og geta því sjálfir dæmt þar um. Jeg fæ nú ekki skilið mælt mál á annan veg en að á þessum tveimur brjefum sje töluverður munur frá því í fyrra og nú. Í fyrra er beint sagt, að háskólaráðið sje ekki á móti prófi við Akureyrarskóla, ef vissum skilyrðum sje fullnægt. En nú slær það því föstu, að slík ráðstöfun fari í bága við háskólalögin, og neitar að taka við mönnum með prófi af Akureyri. Það þarf ekki að deila neitt um skilning á slíkum brjefum. Hæstv. atvrh. (MG) sagði áðan, að sá aðili, sem hjer rjeði, væri háskólaráðið. Það væri ekki hægt að neyða háskólann til þess að taka á móti stúdentum. Mjer skilst nú, að þingið hafi yfir háskólanum að segja. En jeg skal þó ekki fara langt út í það efni. En jafnvel þó háskólaráðið neiti að taka á móti þessum mönnum í haust, þá er ekki þar með sagt að þetta próf eigi ekki fram að fara fyrir því. Það vill svo til, að til eru aðrir háskólar en Háskóli Íslands, og jeg efast ekki um, að þó að Háskóli Íslands sje svo þröngsýnn að vilja ekki taka við þessum mönnum, mundu aðrir háskólar gjarnan gera það, svo framarlega sem stúdentsprófið væri fulltryggilegt.

Hæstv. kenslumálaráðh. (MG) bar ekki á móti því, að kenslan við þetta framhaldsnám jafngilti náminu hjer í mentaskólanum, en hann sagði, að það vantaði sannanir fyrir því. Það er alveg rjett, enn þá vantar sannanir. En prófið á einmitt að sanna þetta eða ósanna. Ef prófið sýnir, að piltarnir hafa mentun og þroska á við stúdentaefni hjer, þá er þar með fengin sú sönnun, sem hæstv. ráðh. æskir eftir. Ennfremur sagði hæstv. ráðh., að háskólinn vildi fá tryggingu fyrir því, að piltarnir væru hæfir til þess að hann gæti tekið á móti þeim. Jeg lái háskólanum það ekkert, en sú trygging fæst með prófinu. Það má auðveldlega búa svo um, að sú trygging sje nægileg, til dæmis með því að skipa prófdómendur eftir tillögum háskólaráðsins.

Hæstv. ráðh. (MG) játaði, að utanskólamenn stæðu ver að vígi, þegar til prófs kæmi. En hann bætti því við, að fjölda margir hefðu tekið utanskólapróf hjer, og hefði það ekki komið að sök. Hið sama kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv. (MJ). En hjer stendur öðruvísi á. Á Akureyri hefir farið fram kensla í reglulegum skóla til undirbúnings undir stúdentspróf. Hvað er þá eðlilegra en að nemendurnir fái að taka próf frá þeim skóla? Auk þess er jeg alls ekki sammála hæstv. ráðh. um það, að utanskólaprófin hafi ekki komið að sök. Hið sama kom fram hjá hv. 2. þm.

Reykv. En jeg skal minna á það, að af sjerstökum ástæðum bar svo til um miðja öldina sem leið, að nokkuð margir menn þurftu að taka stúdentspróf utan skóla. Í hópi þessara manna voru ýmsir, sem síðar kom í ljós, að höfðu óvanalega mikla hæfileika, eins og t. d. Arnljótur Ólafsson, Steingrímur Thorsteinsson o. fl. Það er enginn vafi á því, að þessir menn voru vel að sjer, eftir því sem gerist um stúdenta, en þeim auðnaðist ekki að útskrifast nema með mjög svo ljelegum vitnisburði.

Þá sagði hæstv. ráðh. (MG), að þó að þessir menn tækju stúdentsprófið, mundi háskólinn neita að taka við þeim. Háskólinn um það. En jeg verð að segja, að jeg efast stórlega um, að hann standi við þetta. Ef mennirnir hafa tekið prófið og tryggilega hefir verið frá öllu gengið, þá trúi jeg því ekki fyr en jeg tek á, að háskólinn neiti þeim um inngöngu. En ef svo færi, þá stæði það ekki nema í eitt ár. Þingið mundi taka til sinna ráða og gera þær ráðstafanir, sem dygðu.

Hv. þm. Ak. (BL) hóf ræðu sína, eins og honum er gjarnt, með mjög stórum orðum, og bar mjer á brýn, að jeg hefði talað mót betri vitund. Jeg verð að segja, að jeg geri lítið úr slíkum ummælum. Jeg hefi aldrei borið hv. þm. Ak. (BL) slíkum sökum. Jeg hefi þó vitað hann segja rangt frá því, sem gerðist á lokuðum fundi hjer í þinginu. Hann hefir síðar kannast við það og sagt, að sig hefði mismint. Jeg efaði það ekki, en jeg verð að segja, að þegar honum er svona gjarnt til að ásaka aðra, fer jeg að verða veikari í minni góðu trú á honum. Mörgum er gjarnast til að álíta það um aðra, sem þeir finna í sínu eigin fari.

Jeg ætla að rifja ofurlítið upp, það sem gerðist í þessu skólamáli á þinginu 1924. Hv. þm. (BL) sagði, að mig ræki sjálfsagt minni til þess, að hann hefði komið til mín og sagt mjer, að þáverandi forsrh. hefði lofað að leyfa þetta framhaldsnám, án þess að þingið kæmi til. Þetta er satt, það sem það nær, og það er fjarri mjer að vilja væna þann látna heiðursmann um, að hann hefði ekki staðið við orð sín. En það er ekki nema hálfsögð sagan, því að hvorki hv. þm. Ak. (BL) nje heldur þáverandi forsrh. (JM) áttu við slíkt framhaldsnám, sem verið hefir. Í fyrstu fór jeg til hv. þm. Ak. (BL) til þess að fá hann til að flytja með mjer tillögu um þetta efni. Hann tók því ekki fjarri. Vildi hann leyfa kenslu í 4. bekkjar fræðum. — Koma þá heim orð hans í dag um eina kenslustofu —. Jeg vildi ekki fallast á þetta. Jeg vildi, að kenslan væri undirbúningur undir stúdentspróf. Þess vegna, þó að jeg efist ekki um orðheldni þáverandi forsrh., standa þau orð mín, að jeg hefði enga trú á, að þetta framhaldsnám í þeirri mynd, sem það nú er, hefði komist á, án gerða þingsins.

Hv. þm. (BL) bjóst við, að sú pólitíska fæða, sem væri á borð borin fyrir mig, væri ekki bætiefnalaus. Þetta er alveg rjett. En þá hefir hv. þm. meiri trú á gæðum minnar fæðu, en jeg á hans, því að eftir því sem mjer finst honum hafa farið aftur, skil jeg ekki, að í hans pólitísku fæðu sje nokkurt bætiefni. Þennan hv. þm. (BL) hefi jeg metið mikils, en jeg verð að segja, að

mjer finst hann hafa brugðist trausti mínu.

Þá sagði hv. þm. (BL), að það væri þingsins að skera úr, hvort veita ætti þessum piltum styrk til þess að koma suður og taka próf, eða samþykkja þál., sem að hans áliti er á móti lögum. Mjer heyrðist á flokksbróður hv. þm. (BL), hv. 2. þm. Reykv. (MJ), að hann vildi einnig telja dagskrártillöguna á móti lögum, og mjer fanst hv. 2. þm. Reykv. (MJ) hafa mikið til síns máls, að fullangt væri farið í því að skýra þingsköpin frjálslega, ef heimila mætti fje úr ríkissjóði með einfaldari dagskrá, þegar hver ómerkileg fjárveiting á fjárlögunum verður að ganga í gegnum allan þann hreinsunareld, sem skipað er fyrir. En þó að svo fari, að dagskráin falli og sömuleiðis þál. sú, sem hjer liggur fyrir, þá er ekki útilokað, að þeir, sem greiða atkvæði á móti dagskránni, geti á þinglegan hátt komið því til leiðar, að piltarnir fái styrk.

Þá ætla jeg að víkja að hv. 2. þm. Reykv. (MJ). Hann var að skýra 17. gr. háskólalaganna. Eftir því sem mjer heyrðist, hjelt hann því fram, að miðað væri við, að mennirnir hefðu gengið í skóla, jafngildan mentaskólanum hjer. Þetta er ekki rjett, heldur er miðað við, að þeir hafi tekið próf frá slíkum skóla. Annars kemur þetta ekki málinu við, því að þessir menn hafa gengið í skólann nyrðra, svo að nú er aðeins um það að ræða, hvort óhætt sje að líta svo á, að kenslan fyrir norðan jafngildi kenslunni hjer.

Áður en jeg lýk máli mínu, vil jeg geta þess, að jeg mun ekki óneyddur taka til máls aftur. Jeg vil gjarnan, að atkvæðagreiðsla komist af áður en fundinum er slitið, og jeg hefði kannske ekki talað nú, ef jeg hefði ekki þurft að bera af mjer þungar sakir, sem beint var að mjer að ástæðulausu.

Einar Árnason: Hæstv. kenslumrh. (MG) hafði það eftir einum kennara mentaskólans, að kenslan við framhaldsnámið á Akureyri hefði verið öðruvísi en kenslan hjer. **(Atvrh. MG:** Að því er prófin snertir). Já, það hafa ekki verið haldin nein próf. En það mátti líka skilja ummælin svo, að kenslan sjálf hafi farið öðruvísi fram, t. d. að ekki hafi verið notaðar sömu bækur. Þetta fer nú nokkuð eftir því, hvaða merkingu við leggjum í orðið „öðruvísi". En á þessu stigi málsins álít jeg ómögulegt um það að segja, hvort kenslan fyrir norðan hefir verið betri eða verri en hjer. Það verður prófið að sýna. En hafi kenslan farið öðruvísi fram, þá hlýtur það að vera enn örðugra fyrir nemendurna að ganga undir próf hjer. Þetta er einmitt mikilsvert atriði, því að mjer er nær að halda, að til þess að nemendur að norðan geti staðið á sporði meðalnemendum hjer, þegar til prófs kemur, þurfi þeir að vera sjerlega vel færir.

Þá kem jeg að þeirri margumtöluðu 17. gr. háskólalaganna. Jeg ætla með leyfi hæstv. forseta að lesa upp aðalefnið úr þeirri grein:

„Hver sá, karl sem kona, er lokið hefir stúdentsprófi við hinn almenna mentaskóla eða annan skóla honum jafngildan, á rjett á að verða skrásettur háskólaborgari". Jeg þarf ekki að lesa lengra. Þegar það er athugað, að stúdentspróf hjer veitir rjett til innritunar í háskólann, er þar með slegið föstu, að háskólinn getur ekki neitað þessum mönnum um inngöngu.

En hvað er lærður skóli? Jeg er ekki viss um, að við, sem sæti eigum hjer á þingi, sjeum einbærir um að dæma um það. Það verður að gera greinarmun á þessu tvennu: að hafa rjett til þess að útskrifa stúdenta, og að eiga kröfu á því að ganga í háskólann.

Till. sú, sem hjer liggur fyrir, fer ekki fram á kröfu fyrir mennina til þess að ganga í háskólann. Þess vegna er alt tal um það vægast sagt rugl. Hitt er annað mál, þegar til háskólans kasta kemur að úrskurða, hvort hann skuli taka á móti mönnunum. Jeg get vel hugsað mjer, að háskólinn taki við þeim. Ef hann gerir það ekki, gæti þetta orðið dómstólamál. Hjer er sem sje enginn vettvangur til þess að kveða upp dóm um það.

Hæstv. kenslumrh. (MG) sagði út af orðum mínum um utanskólanemendur, að háskólinn hefði látið þá ganga undir próf áður en hann tæki við þeim. Þetta er alveg rjett, en hæstv. ráðh. (MG) láðist að geta þess, að latínuskólanemendur voru undir sömu syndina seldir. Mennirnir höfðu sama rjett eða sama rjettleysi, hvort sem þeir voru úr skóla eða utan skóla.

Hv. 2. þm. Reykv. (MJ) sagði, að þingið yrði að löggilda Akureyrarskólann, ef stúdentar þaðan ættu að fá rjett til inngöngu í háskólann. Þetta er ekki rjett nema að nokkuru leyti. Þingið þarf ekki einu sinni að löggilda Akureyrarskólann. Það getur stjórnin gert án íhlutunar þingsins. Mjer er ekki heldur kunnugt um nein lög, sem mentaskólinn hefir í þessu efni. Eftir því sem jeg veit best, starfar mentaskólinn ekki undir neinum lögum frá þinginu, heldur er hann rekinn eftir reglugerð, sem sett er af stjórnarráðinu. Stjórnin getur alveg eins sett slíka reglugerð fyrir Akureyrarskólann. En þetta er alt annað mál heldur en það, sem till. ræðir um.

Mjer þótti hv. þm. Ak. (BL) vera óþarflega gustmikill í minn garð. Jeg hefi lítið að honum vikið. Í fyrri ræðu minni var jeg aðallega að svara hæstv. ráðh. (MG). Hv. þm. (BL) virtist vera mjög móðgaður af því, að jeg hafði talað um blekkingu. Þetta orð hefir ef til vill ekki verið heppilegt. Það hefði líklega verið heppilegra að segja um hans ræðu, að hún væri rugl. Hv. þm. talaði mikið um það, að hann væri löglærður, en jeg ekki, og að jeg ætti þess vegna helst ekki að leggja til þessara mála. Þetta er engin röksemd.

Hv. þm. (BL) sló því föstu, að jeg bæri ekki skyn á, að ekki væri hægt að breyta lögum með þál. Ójá, þetta vissi jeg vel, enda er í þál. ekki farið fram á að breyta neinum lögum. Eða hvaða lögum ætti hún að breyta? Það vil jeg biðja hv. þm. að upplýsa. Ekki eru það lög mentaskólans, af því að þau eru engin til, ekki heldur háskólans, af því að háskólinn hefir ekki rjett til að útskrifa stúdenta, svo að þetta heyrir ekki undir hann. Jeg vildi sem sagt gjarnan fá skýringu á þessu atriði hjá hv. þm. Ak. (BL).

Um dagskrána er það að segja, að hún er, eins og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) og jafnvel hv. 2. þm. Reykv. (MJ), hafa vikið að, mjög hæpin, svo að nærri heggur, að hún sje á móti þingsköpum, að minsta kosti eins og og hún var lesin hjer upp. Þá virðist svo sem hv. þm. Ak. (BL) sje ekki of vel að sjer í lögum.

Hv. þm. Ak. (BL) ætlar með þessari dagskrártill. að veita stúdentunum ferðastyrk hingað suður til þess að ganga hjer undir próf. En við, sem að þessu máli stöndum, förum fram á rjettindi skólasveinum þessum til handa, til þess einmitt að geta tekið sitt stúdentspróf við skólann á Akureyri.

Hitt má vel vera og er ekki óhugsandi, að hv. þm. Ak (BL) gefist tækifæri til á þinginu, að greiða atkvæði um styrk í þessu skyni. En það verður þá reynt að koma þeim styrk svo fyrir, að hann ríði ekki í bága við þingsköpin. Jeg get því ekki skoðað þessa dagskrártill. öðruvísi en tilraun hv. þm. (BL) að koma þessu máli fyrir kattarnef með nokkurskonar hundsbótum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) sagði þessa þáltill. óþarfa og bygði það á því, að stúdentar frá Akureyrarskólanum ættu heimting á upptöku hjer í háskólann. En hræddur er jeg um, að flestir skilji það ekki svo, því að annars væri ekki um neitt að deila, og gætu þá þeir, sem að till. standa, fallist á að taka hana aftur. En mjer hefir nú heyrst annað á sumum þeirra.

Viðvíkjandi hinni rökstuddu dagskrá, þá er það rjettilega tekið fram, að hún er ekki nægileg skipun um að borga þennan ferðastyrk. En jeg áleit, að hún gefi fyllilega í skyn, að stjórninni sje óhætt að greiða fjeð, því að það muni samþ. síðar. Það var þetta, sem jeg átti við í dag, þegar jeg sagði, að stjórnin mundi sjá sjer fært að greiða skólasveinunum að norðan ferðastyrk hingað suður, ef dagskrártill. yrði samþ.

Hv. þm. Dal. (JG) sagði, að á sinni háskólatíð hefði það komið fyrir, að ungum manni, sem var stúdent frá einhverjum háskóla í Ameríku, hefði verið veitt upptaka í háskólann hjer. Þetta getur vel verið rjett og í fullu samræmi við 17. gr. háskólalaganna, því að þar stendur skýrum stöfum, að upptöku í háskólann megi veita stúdendum frá hinum almenna mentaskóla og öðrum lærðum skóla. Ekkert tiltekið, að sá lærði skóli geti ekki verið erlendur, svo að dæmið um þennan Ameríkupilt er því ekki hliðstætt því, sem hjer er um að ræða.

Út af því, sem jeg sagði áður um umsögn háskólans um þetta mál í fyrra, þá vil jeg benda á, að þá sló hann þann varnagla, er hann var spurður um, hvort hann mundi veita upptöku stúdentum þeim, sem útskrifaðir væru á Akureyri, að hann mundi gera það, „svo framarlega sem það verður ekki talið koma í bága við háskólalögin". Nú hefir háskólinn rannsakað þetta, og afstaða hans til málsins er svar háskólaráðsins, sem vitnað hefir verið í í dag, og þar er tekið fram, að háskólinn geti ekki tekið við stúdentunum að norðan vegna þess, að það komi í bága við þá löggjöf, sem háskólinn starfar undir. Það má kannske segja, að það sje vingjarnlegri tónn í svari háskólaráðsins í fyrra en nú, en efni brjefanna verður ekki skilið nema á einn veg.

Það er rjett hjá hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), að Alþingi er yfir háskólanum, en til þess að breyta þessu, sem um er deilt, þarf sjerstök lög. Í 3. gr. háskólalaganna stendur, að háskólinn ráði einn öllum sínum málum. Það er því ekki hægt að kúga hann til að

taka við þeim stúdentum, sem hann telur sig ekki skyldugan til, samkv. lögunum. Að aðrir háskólar taki pilta þessa, má vel vera, þó held jeg, að óþarft sje að leggja svo mjög mikið upp úr því. En út úr landinu mundu þeir varla leita nema með styrk. En um utanfararstyrk háskólastúdenta fer svo, að hann er veittur eftir till. þriggja manna: rektors mentaskólans, manns, sem til er nefndur af háskólaráðinu, og manns, sem tilnefndur er af stúdentaráðinu, svo að eftir þessu held jeg, að ekki mundi blása byrlega fyrir þessum fátæku piltum að fá meðmæli um styrk til utanfarar. Bláfátækum piltum gagnar lítið á mentabraut sinni stúdentstitill frá gagnfræðaskólanum á Akureyri, ef þeir geta á engan háskóla komist, nema þá ef þeir hugsa ekki til frekara náms, og þá er titillinn ekki mikils virði. Ef við viljum gera eitthvað fyrir þessa fátæku pilta, þá eigum við að veita þeim þá hjálp, sem að gagni kemur, og það gerum við best með því að gera þeim kleift að taka stúdentspróf hjer syðra og opna þeim þannig leið að öllum háskólum á Norðurlöndum, og þó að víðar vildu þeir leita fyrir sjer.

Viðvíkjandi því, að það sje erfiðara fyrir utanskólasveina að taka próf, þá má það til sanns vegar færa, að aðstaða þeirra er dálítið verri en þeirra, sem lesið hafa við skólann og taka próf hjá sínum kennurum. En vitanlega veltur það mest á undirbúningnum. Það er enginn það gáfnaljós, að hann geti ekki fallið í gegn við próf, ef hann er illa undirbúinn. Aftur á móti getur hver greindur maður með sæmilegri kenslu tekið próf, þótt það sje hjá öðrum en kennara sínum.

Því hefir verið spáð, að háskólinn mundi beygja sig. Um það skal jeg ekkert segja, þótt jeg hinsvegar búist fastlega við, að svo verði ekki, þar sem hann nú hefir athugað málið og komist að þessari niðurstöðu.

Samkv. 3. gr. er háskólinn einn um að ákvarða, hvort hann skuli veita þessum stúdentum viðtöku eða ekki, og með tilvitnun í 17. gr. segir háskólaráðið, að hjer í landi sje enginn lærður skóli hliðstæður hinum almenna mentaskóla.

Það hefir verið bent á að fara þá leið í þessu máli að láta dómstólana skera úr þessum ágreiningi, en jeg fyrir mitt leyti sje ekki, hvernig þetta ætti að vera dómstólamál. Hvernig ætti t. d. hæstirjettur að dæma um það, hvort stúdentarnir frá Akureyrarskólanum hefðu fengið þann undirbúning, sem ætlast er til, að lærður skóli veiti?

Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hafði eftir mjer, að kenslan á Akureyri væri öðruvísi en hjer. En það sagði jeg ekki, heldur hitt, að kenslan væri að því leyti öðruvísi þar en hjer, að norðurfrá væru engin vorpróf haldin, sem svaraði til bekkjarprófanna hjer syðra. En það þekkja allir, sem í skóla hafa verið, að það er dálítið annað að vita af því allan veturinn, að ekki verði sloppið við prófið að lokum. Þessi árlegu próf eru því mikið aðhald fyrir nemendur, og síður hætta á, að þeir slái slöku við námið. Auk þess eru próf þessi „praktisk“, því að með þeim geta nemendur losað sig við sumar námsgreinir jafnóðum og þeir taka bekkjaprófin og þurfa svo ekki að ganga upp í þeim greinum, er þeir taka stúdentspróf.

Fyrir stjórninni liggja engar upplýs-

ingar um það, hvernig kenslunni hefir verið hagað norðurfrá. Og í greinargerð þáltill. stendur ekkert annað en að sótt er um rjettindi handa þeim skólasveinum að taka stúdentspróf á Akureyri, „sem notið hafa framhaldsnáms í gagnfræðaskólanum á Akureyri, sem er hliðstætt námi í hinum almenna mentaskóla í Reykjavík". Nú hefi jeg fengið að vita í samtali við einn af kennurum Akureyrarskólans, að kenslan í framhaldsdeildinni væri ekki með sama sniði og hjer, sjerstaklega þó að því leyti, að þar hafa engin vorpróf verið haldin.

Klemens Jónsson: Jeg get tekið undir það, sem sumir hv. þm. hafa sagt, að þetta mál er orðið hálfgert vandræðamál, þótt jeg fallist ekki á að hjer hafi verið um krókaleiðir að ræða.

Þó verð jeg að taka það fram, að jeg skil ekki, hvers vegna hæstv. stjórn hefir borið þetta mál undir rektor mentaskólans, því að þangað átti það ekkert erindi, og get jeg ekki heldur sjeð, að honum hafi komið það neitt við, hvort gagnfræðaskólinn á Akureyri útskrifar stúdenta eða ekki. Aftur á móti álít jeg ekki nema rjett og sjálfsagt að leita álits háskólaráðsins, eins og gert hefir verið. Háskólinn er sá aðili, sem taka verður tillit til, þegar um er spurt, hvort þessir stúdentar fái inntöku í hann eða ekki.

Það var auðsjeð í upphafi á þinginu 1924, hvert stefna mundi, þá var fingrinum stungið inn, og höndin hefir fylgt á eftir. Síðan hefir á hverju þingi verið veitt fje til framhaldsnáms við skólann á Akureyri, svo að þingið á beinlínis sök á því, að þessi þál. er fram borin til þess að ráða bót á því, sem þegar hefir láðst að gera. Því að eftir gangi málsins á undanförnum þingum eiga þessir piltar, sem notið hafa framhaldsnámsins, rjett til þess að taka stúdentspróf norður frá. Annars held jeg, að flm. þessa máls hefðu átt að fara aðra og heppilegri leið, sem sje þá, að bera fram frv. um sjerstaka lærdómsdeild við Akureyrarskóla. Þetta er orðið svo mikið metnaðarmál Norðlendingum, að þeir gera sig ekki ánægða með minna og hætta ekki fyr en þeir hafa fengið heimild til þess að útskrifa sína stúdenta frá sínum eigin lærða skóla.

Þetta er ekki heldur nýtt mál þar norður frá. Stefán heitinn Stefánsson skólameistari var mikill hvatamaður þessa máls og ljet sig það miklu skifta. Jeg á í fórum mínum mörg eldheit áskorunarbrjef frá honum um að styðja þetta mál. En jeg sá mjer það ekki fært, meðal annars vegna þess, að mjer hraus hugur við hinni miklu stúdentaviðkomu, sem altaf var að aukast, og vildi ekki verða þess valdandi, að stefnt væri í óefni með frekari fjölgun stúdenta. En nú er svo komið, að ekki verður lengur hægt að spyrna á móti broddunum. Einhver úrræði verður að finna, hjá því verður ekki komist.

Um það hefir verið deilt, hvort háskólanum beri skylda til að taka á móti þessum stúdentum, og sumir hafa haldið því fram, að úr því yrði aðeins leyst með dómi. Jeg geri ekki ráð fyrir, að stúdentar komi suður í haust og heimti sig setta inn í skólann með fógetavaldi. En þá er að fara í mál, og það tekur altaf sinn tíma. En eftir skilningi mínum á háskólalögunum býst jeg ekki við, að dómstólarnir líti

svo á, að Akureyrarskólinn hafi rjett til þess að útskrifa stúdenta samkv. fyrirmælum 17. gr. háskólalaganna, og tel jeg því eins víst, að piltar mundu tapa slíku máli. En hitt finst mjer geta komið til mála, að ef hæstv. stjórn vildi á góðfúslegan hátt taka máli þessu og með velvildaraugum líta á 17. gr. háskólalaganna, þá mundi hægt að leiða þetta mál svo til lykta, að allir gætu við það unað. Ef hæstv. stjórn vildi gefa út reglugerð um stúdentspróf við Akureyrarskólann og sendi menn hjeðan úr bænum til þess að vera við prófin, þá þykist jeg vita, að háskólinn mundi reynast velviljaður og sjá sjer fært að veita stúdentunum upptöku. Þá yrðu skilyrðin að vera hin sömu og við stúdentspróf hjer. Jeg skýt þessu aðeins fram, hæstv. stjórn til athugunar, en í þeirri von þó, að hjer sje fundin leið út úr ógöngum þeim, sem mál þetta er komið í.

Það hefir verið minst á það í dag, að menn hafi verið útskrifaðir utanskóla og reynst prýðilega. Sjerstaklega hefir verið nefndur einn af ágætustu mönnum þjóðarinnar, sem svo stóð á um. En það má nefna fjölda af nýtustu mönnum þjóðarinnar, sem líka hafa tekið slíkt próf utan við alla lærða skóla.

Hæstv. atvrh. (MG) mintist á, að þessir menn hefðu ekki orðið „akademiskir" borgarar, nema með því að taka aftur próf og þá við einhvern háskóla. En þeir gátu sótt um embætti, t. d. orðið prestar, án þess að taka próf við neinn háskóla. Jón Sigurðsson hefði getað sótt um brauð og hefði eflaust fengið það, ef hann hefði kært sig um, þó hann hefði aðeins stúdentspróf utan skóla.

Jeg sje ekki, að við getum lengur spyrnt á móti þessum broddum, og jeg sem gamall Norðlendingur þekki vel hug þeirra norður frá og veit, að þeir munu aldrei hætta fyr en þeir hafa fengið sinn lærða skóla, hliðstæðan mentaskólanum hjer. Þess vegna mun jeg greiða till. atkvæði og með því stuðla að því, að málið þokist inn á rjetta leið.

En þó að svo fari, að bæði þáltill. og rökstudda dagskráin falli, sem vel getur komið fyrir, eins og ástatt er í deildinni, þá mundi jeg telja stjórnina vítalausa fyrir það að veita stúdentaefnunum ferðastyrk hingað suður og dvalarstyrk hjer á meðan á prófinu stendur, enda væri það ekki nema bein afleiðing af því, hvernig málið hefir verið rekið á undanförnum þingum.

Flm. (Jónas Kristjánsson): Jeg get ekki orða bundist um það, að mjer finst mál þetta komið í mesta óefni. Jeg skal enn taka það fram, að það hefir aldrei verið meiningin fyrir mjer, að þessir piltar ættu að sleppa með ljettara próf heldur en tíðkast hjer syðra. Frá upphafi hefi jeg litið á kostnaðarhlið þessa máls, vegna fátækra pilta, sem þarna eiga hlut að máli.

Jeg vil segja, að það sje óheppileg leið, sem sumir vilja upp taka, að segja háskólanum stríð á hendur, því hvar kemur það niður annarsstaðar en á piltunum, sem meiningin var að bjarga. Með því tiltæki er málefnum stúdentaefnanna stofnað í hið mesta óefni. Það skynsamlegasta, sem jeg held þá, að hægt sje að gera, er það, að við flm. till. slökum til að þessu sinni og sættum okkur við, að þessum fátæku piltum verði veittur styrkur til þess að

standast kostnað þann, sem það bakar þeim að taka prófið hjer syðra. Með því að piltarnir taki prófið hjer, er hrundið því ámæli, að við ætlumst til, að þeir komist ljettara frá prófinu fyrir norðan. Því að vitanlega hefir með framhaldsnáminu þar aldrei verið annar tilgangur en sá, að gera fátækum piltum hægara fyrir að stunda skólanám sitt, af því að ódýrara er að lifa á Akureyri en hjer. Og hvar standa svo þessir ungu og efnilegu piltar í haust, ef háskólinn neitar að veita þeim upptöku í deildir sínar? Ekki er hægt að búast við, að þeir hafi greiðan aðgang að erlendum skólum. Jeg get vel skilið, að háskólinn vilji ekki lækka prófkröfur, sem gerðar er til þeirra, sem háskólanám ætla að stunda, því það gæti hæglega rýrt álit háskólans í augum erlendra háskóla og dregið ef til vill úr stúdentaskiftum þeim, sem hafa verið upp tekin á síðari árum.

Þess vegna vil jeg mælast til við hv. meðflytjendur mína, að þeir fallist á dagskrártill., þar sem farið er fram á að veita piltum ferðastyrk hingað suður. Jeg held, að þessi leið sje hin eina viturlega í þessu máli. Jeg fyrir mitt leyti lýsi því yfir, að jeg mun greiða rökstuddu dagskránni atkvæði mitt, til þess að forðast þau vandræði, sem annars geta af þessu hlotist. Ef prófið gengur vel — en jeg hygg, að nemendur geti talsverðu bætt við sig enn þá, — þá býst jeg við, að stórum steini sje rutt úr vegi skólans á Akureyri fyrir því, að fá máli sínu framgengt. En ef þetta mál er sótt af of miklu kappi, hygg jeg, að það leiði ekki neitt gott af sjer.

Árni Jónsson: Jeg skal ekki blanda mjer í deilur þær, sem hafa orðið um þetta mál, aðeins með fáeinum orðum leitast við að gera grein fyrir minni afstöðu til þess.

Það, sem er hjer sjerstaklega deilt um, er afstaða háskólaráðsins til þessa máls. Verð jeg að lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að jeg sje ekki, hvernig verður komist fram hjá yfirlýsingu háskólaráðsins í þessu efni. Það tjáir ekki að vitna í það, að ýmsir lögfræðingar utan háskólaráðsins líti þannig á, að það hafi ekki rjett til að meina stúdentum þeim, sem útskrifast samkv. þessari þáltill., inntöku í háskólann. Þeir hafa þar ekki valdið. Háskólaráðið eitt hefur lyklavöld þessarar stofnunar og hindrar eða veitir inntöku í háskólann. Nú er það svo um þessa menn, sem hjer er um að ræða, að þeir munu sennilega flestir leggja stund á háskólanám hjer í Reykjavík. Og jeg vil þá beina því til hv. flm., hvort þeir hafi athugað nógu vel, hvernig þessir menn líta á málið, eins og því er nú komið. Það hefur komið fram í umræðunum, að svar háskólaráðsins frá í fyrra hefur verið skilið á nokkuð annan veg en svar háskólaráðsins í ár. Jeg geri ráð fyrir, að þeir, sem ganga erinda Akureyrarskólans, byggi skoðun sína um það, að háskólinn muni veita Akureyrarstúdentum inntöku, á svörum háskólaráðsins í fyrra. En nú hefir komið skýlaus yfirlýsing háskólans um það, að hann taki ekki þetta próf gilt til inntöku í háskólann. Mjer finst, að það sje ekki rjett að fara að hvetja þessa nemendur fyrir norðan til þess að taka próf þar, með háskólanám fyrir augum að hausti, með því að samþ. till. þá, sem hjer liggur fyrir. Mjer finst þeim enginn greiði gerður, held-

ur beinlínis ógreiði, vegna þess að jeg geri ekki ráð fyrir, að háskólaráðið muni breyta afstöðu í þessu efni.

Þessu vildi jeg skjóta til hv. flutningsmanna til athugunar.

Því hefir verið haldið fram, að erlendir háskólar mundu líta öðru vísi á þetta. Má vera sumstaðar; en jeg hika ekki við að fullyrða, að hjer í nágrannalöndunum, þar sem yfirleitt eru sett samskonar skilyrði til stúdentsprófs og hjer, mundu háskólarnir ekki veita viðtöku þeim nemendum, sem háskólinn hjer heima synjaði viðtöku. Svo að þeir yrðu þá að leita eitthvað lengra. Mjer finst valdið í þessu efni einmitt vera háskólans, þvert á móti því, sem hv. 2. þm. Eyf. (BSt) heldur fram. Og þessu hæstarjettarvaldi háskólans verður alls ekki hrundið með þessari þáltill., heldur verður beinlínis að breyta lögum háskólans, ef þessu á að fá framgengt.

Með þessu er vitanlega ekki sagt, að nemendur frá Akureyri verði ver undirbúnir en nemendur hjeðan úr mentaskólanum. Jeg þekki þetta frá gamalli tíð, því að sjálfur er jeg einn af þeim fyrstu, sem komu hingað frá Akureyrarskóla. Þá var töluverður rígur á milli, en yfirleitt var það álitið, að norðanpiltar væru ekki lakar undirbúnir en þeir, sem lærðu hjer syðra. Og jeg fyrir mitt leyti vil ekki efa það fyrirfram, að þeir sjeu lakar undirbúnir en nemendur hjer.

Það er vitanlegt, að margir góðir menn hafa útskrifast áður úr heimaskólum, og er búið að vitna í það. En það kemur ekki þessu máli við, þó vitnað sje í það, að t. d. Jón Sigurðsson hafi útskrifast hjá presti, því að jeg hefi ekki heyrt neinar till. um að heimta af háskólanum að veita skilyrðislaust inntöku öllum, sem einhver mentamaður úti um landið kann að gefa vottorð um, að hann sje fær um að takast upp í háskólann.

Jeg get heldur ekki sjeð, að norðanpiltar sæti neitt illri meðferð, þótt rökstudda dagskráin yrði samþ. Mjer finst það þvert á móti mjög góð meðferð að greiða þeim bæði allan ferðakostnað og dvalarkostnað úr ríkissjóði. Og þegar tillit er tekið til þess, að þeir hafa notið þeirra hlunninda, sem alment eru skoðuð sem aðalmeðmæli með Akureyrarskóla, þ. e. a. s. ódýrari dvalar á Akureyri þrjá undanfarna vetur, þá skil jeg ekki, hvernig menn geta talað um vonda meðferð á þessum mönnum.

Hv. þm. Dal. (JG) sagði, að aðaltrygging háskólans lægi í sjálfu prófinu, og er það auðvitað alveg rjett. En það má einnig segja, að aðaltrygging fyrir nemendurna sjálfa liggi í prófinu, að þeir taki ekki próf fyrir norðan, þar sem háskólinn ekki viðurkennir það gilt. Jeg vil í þessu sambandi benda formælendum Akureyrarskólans á það, að bestu meðmæli með stofnun mentaskóla á Akureyri væri það, að þessir nemendur, sem hafa verið undirbúnir fyrir norðan, kæmu hingað og stæðust próf sitt, að minsta kosti á borð við utanskólanemendur alment. Það má ekki ætlast til, að þeir taki eins gott próf og nemendur, sem hjer læra; því að eins og menn þekkja, kemur þar margt til greina, en sjerstaklega það, að betra er að ganga undir próf hjá kunnugum kennurum.

Eins og sakir nú standa, vill háskól-

inn ekki viðurkenna próf frá Akureyrarskóla. Það er ómögulegt að hrinda þeim úrskurði, nema með því að breyta háskólalögunum og með því að stofna sjerstakan mentaskóla á Akureyri. En hvorugt þetta liggur fyrir. Þess vegna er farinn þessi millivegur, sem hv. þm. Ak. (BL) bendir til með þeirri dagskrártill., sem hann ber fram.

Eins og hv. aðalflm. (JKr) gat um, stendur það sem aðalástæða í greinargerð fyrir till., að þetta sje kostnaðaratriði. En ef þessi rökstudda dagskrá verður nú samþ., þá er þetta aðalatriði úr sögunni. Hinsvegar, ef menn hafa trú á kenslunni á Akureyri, sem jeg efa ekki, að forgöngumenn Akureyrarskólans gera, þá ættu þeir ekki að óttast það, þótt nemendur þaðan gangi undir próf hjer. Og ef þeir virkilega stæðust það próf „með glans", þá er það langsterkustu meðmæli með stofnun mentaskóla á Akureyri, sem gætu fengist.

Mjer finst þess vegna, að ef fylgismenn Akureyrarskólans slá hendinni algerlega móti þessari miðlunartill., sem hjer er komin fram, þá vilji þeir tefla málinu í mikla tvísýnu fyrir nemendur skólans; því að það er alveg óvíst, að prófið fyrir norðan verði til nokkurs gagns fyrir þá. Ef þeir vilja fella þessa till., þá verð jeg að segja, að mjer virðist þeir sækja sitt mál af meira kappi en forsjá.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg gerði sannarlega ekki ráð fyrir að þurfa að taka til máls um þessa tillögu. Jeg er sammála hv. 1. þm. Rang. (KlJ), og taldi það víst, að á grundvelli þess, sem hefir verið gert áður á Alþingi í þessu máli, myndi það nú verða auðsótt að binda endahnútinn á málið, eins og stefnt hefir verið að undanfarið, að norðlenski skólinn öðlaðist rjett til þess að útskrifa stúdenta. Vegna þess að flutningsmenn þessarar tillögu eru menn úr þremur flokkum, þá gerði jeg og hiklaust ráð fyrir, að nú loks kæmist samkomulag á um þetta sanngirnismál.

Nú er annað uppi á teningnum. Jafnvel er svo komið, að aðalflutningsmaður er fallinn frá að standa með þeirri tillögu, sem hann ber fram. Það, sem er sjerstaklega notað til þess að hindra framgang þál., er brjef háskólaráðsins. Það er skoðað sem hæstarjettarúrskurður. Jeg vil benda á, að frá mínu sjónarmiði hefir það komið fram í þessu máli, sem ekki getur með nokkru móti staðist. Í brjefinu er lagt út af því, að gagnfræðaskólinn á Akureyri geti ekki veitt rjett til að innrita í háskólann. Ástæðan er talin sú, að ekki er komin á fót fullkomin lærdómsdeild við þann skóla. Jeg vil benda á, að þessi rökstuðning getur alls ekki staðist samkvæmt því, sem gert er á hverju einasta ári. Hvenær sem er, getur maður, sem hefur lokið gagnfræðaprófi, látið innrita sig til stúdentsprófs, alveg án tillits til þess, hvort hann hefir gengið á einhvern skóla eða ekki. Ef hann stenst prófið, útskrifast hann sem stúdent, þótt hann hafi aldrei í lærdómsdeild komið í neinum skóla. Svo að jeg nefni einstök dæmi, vil jeg nefna þann eina, sem á sæti á þessu þingi, sem og er kennari við háskólann, hv. 2. þm. Reykv. (MJ). En hann lagði einmitt mikið út af brjefi háskólans. Hann hefir ekki setið í neinni fullkominni lærdómsdeild, en sat eitt ár í 3. bekk latínuskólans. Man jeg þó ekki betur en

að hann tæki betra stúdentspróf en nokkur þeirra, sem tóku próf um leið.

Annað dæmi ná nefna til þess að sýna, hvað þetta er fráleitt. Brjef háskólans er undirskrifað af núverandi rektor háskólans. Þegar hann tók sitt stúdentspróf, hafði hann ekki verið einn einasta vetur í latínuskólanum og í engum lærðum skóla. Samt er hann nú rektor háskólans.

Hv. þm. Ak. (BL) og þeir, sem fylgja hans till., ganga út frá, að þessir menn megi taka prófið hjer — að ef þeir koma hingað, eigi ekki að krefjast veru í fullkominni lærdómsdeild. Enda getur sú krafa ekki staðist með nokkru móti, hvernig sem á hana er litið. Það sem vitanlega er aðalatriðið, er, að mennirnir sjeu hæfir til að útskrifast. Jeg verð því að leggja þetta svo út, að ef á að banna skólanum fyrir norðan að útskrifa stúdenta, þá sje það vantraustsyfirlýsing á kennarana, þeirra hæfileika og gagnrýni til þess að dæma um þroska þessara manna. Sömuleiðis er það vantraust á hæstv. stjórn, að hún geti ekki skipað þá menn fyrir prófdómara þarna, sem hafa nægja þekkingu og eru nógu ákveðnir að skera úr um þroska nemendanna, hvort hæfir sjeu til stúdentsprófs.

Þetta vildi jeg láta koma skýrt fram, að þessar ástæður, sem aðallega er teflt fram, eru algerlega rangar, þegar betur er aðgætt. Jeg er í engum vafa um, að þær eru einungis notaðar að yfirvarpi, til þess að hindra Norðlendinga frá rjetti sínum. En jeg vona, að slíkt takist ekki með krókaleiðum og óhreinni aðferð. Jeg vil sjerstaklega vitna til þess, sem hv. 1. þm. Rang. (KlJ) sagði, að það er algerlega rangt hjá Alþingi, sem búið er að láta stíga fyrsta og annað sporið til þess, að þarna verði tekið stúdentspróf, ef það sjer ekki sóma sinn í því að leyfa að stíga þriðja sporið.

Hákon Kristófersson: Jeg vil ekki lengja umræður, en finn þó hvöt hjá mjer að gera grein fyrir mínu atkv.

Þegar það var rætt hjer í hv. deild, hvort leyft skyldi framhaldsnám á Akureyri, þá var það aðallega fært fyrir, að nám væri þar kostnaðarminna. Því var slegið föstu, að breytingunni fylgdi enginn kostnaður, aðeins vildu kennararnir fá leyfi til þess að bæta þessu á sig. Jafnframt var því haldið fram, að nemendur mundu eftir sem áður koma hingað til prófs.

Hv. þm. Str. (TrÞ) talaði um krókaleið í þessu máli; en jeg verð að segja, að ef um krókaleið er að ræða, þá er það hjá þeim mönnum, sem töldu mjer og öðrum trú um það, að það mundi ekki koma fyrir, sem nú er komið á daginn.

Hv. 1. þm. Rang. (KlJ) sagði, að þetta væri ekki nema framhald af því, sem gerst hefir, og nú dygði ekki að spyrna á móti broddunum. Jeg get ekki fallist á, að þetta sje rjett. Atkvæði mitt með því máli áður hjer í hv. deild bygðist á því, að jeg vildi gera fátækum piltum námið kostnaðarminna fyrir norðan, eins og flm. leiddu rök að.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagðist vænta, að Alþingi sæi sóma sinn í að samþ. till. Jeg fyrir mitt leyti þykist ekki drýgja neina vansæmd, þótt jeg standi á sama vettvangi og áður og vilji ekki lengra fara. Jeg mótmæli, að í því, sem

áður gerðist, hafi falist nein fyrirheit. Hvers vegna var ekki sú einlægni sýnd frá formælendum málsins, að þessa mætti vænta, þegar fram liðu stundir?

Jeg get ekki heldur tekið undir þau ummæli, er heyrst hafa frá sumum hv. þm., að það sje neitt undravert, að aðalflm. bregði á það ráð, sem vitrir menn ætíð taka, vegna málsins sjálfs, sem flutt er í fullri einlægni. Og þegar á að gera þessum góðu drengjum för sína hingað og dvöl svo kostnaðarlitla sem verða má, þá sje jeg ekki, hvernig hægt sje að segja, að Alþingi gæti ekki sóma síns. Jeg vildi óska, að Alþingi gætti hvergi miður sóma síns.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mjer heyrðist hv. 1. þm. Rang. (KlJ) kalla það krókaleið í þessu máli, að fengin var umsögn rektors mentaskólans um þáltill. Þetta kemur mjer mjög undarlega fyrir, sjerstaklega þar sem í till. standa ummæli um, að þetta framhaldsnám svari til náms í lærdómsdeild mentaskólans. Jeg tel það ekki nema sjálfsagt að fá álit mentaskólans, ekki síst þegar það er athugað, að einn þeirra, sem tekið hafa þátt í kenslunni fyrir norðan, er nú kennari við mentaskólann.

Að öðru leyti vildi jeg segja það út af orðum hv. þm. Str. (TrÞ), að mjer skilst hann gera háskólaráðinu rangt til, þegar hann heldur fram, að það hafi komið óhreint fram í þessu máli. **(TrÞ:** Það sagði jeg ekki). Eitthvað var hv. þm. að tala um krókaleið og rangindi af hálfu háskólaráðsins. Til þess að sýna hv. þm., að hann fer ekki með rjett mál, vil jeg benda honum á þá margnefndu 17. grein háskólalaganna, þar sem stendur, að stúdentar frá hinum almenna mentaskóla eigi kröfu á að komast í háskólann; og um aðra skóla verður að fara eftir áliti háskólaráðsins, sem samkv. 3. gr. þessara laga hefir úrskurðarvaldið í öllum þeim málum, sem snerta háskólann, samkv. reglugerð, sem konungur setur.

Björn Líndal: Gott þótti mjer að verða var við, að hv. 2. þm. Eyf. (BSt) er þó ekki svo langt horfinn frá sínum góða fyrra manni, að hann þrætti fyrir, að jeg hafi skýrt nokkurnveginn rjett frá okkar samtali 1924. En jafnframt leyfir hann sjer þó að telja ekki nákvæmlega rjett hermt frá. En það er svo lítilfjörlegt, sem á milli ber, að jeg nenni ekki að eltast við það. En jafnframt fann hann ástæðu til að bera mig þeim sökum, að jeg hafi skýrt rangt frá því, sem gerst hafi á lokuðum fundi í þinginu fyrir nokkru. Vitanlega er hjer ljett að tala, en erfiðara að sanna. Jeg vil benda hv. þm. á það, að þessum sömu sökum var borinn annar þingmaður, sem jeg veit, að hv. 2. þm. Eyf. (BSt) metur mjög mikils. Sakirnar bar hann ekki af sjer, og líklegast af því, að hann hefir talið það árangurslaust. Því að það mun jafnerfitt að sanna hvorttveggja. Ætla jeg ekki að fara lengra út í þá sálma.

Því næst sagði hv. 2. þm. Eyf. (BSt), að jeg hefði játað, að mjer hefði hjer misheyrst. Þessu leyfi jeg mjer að þverneita. Fyrst og fremst af því, að jeg er enn í dag sannfærður um, að mjer misheyrðist ekki — eða öllu heldur missýndist ekki. **(BSt:** Misminti). Við skulum láta það svo vera. Jeg endurtek það, að jeg þverneita, að jeg hafi sagt nokkurn tíma slík orð við hv. 2. þm. Eyf. (BSt). En jeg vil benda á

það, að hefði jeg sagt slík orð við andstæðing í stjórnmálum, er það þá ekki sennilegast, að jeg hafi sagt honum það í trúnaði, í fullu trausti þess, að hann væri sá drengskaparmaður að þegja yfir þessu? Þess vegna virðist mjer augljóst orðið, hvernig drengskapur þessa hv. þm. hefir farið í því pólitíska loftslagi, sem hann hefir lifað í undanfarin þing. Hv. þm. misskildi orð mín um drengskap. Jeg tók það fram, að jeg hjeldi, að þessi pólitíska fæða, sem hann hefir notið hjer í bænum að undanförnu, hafi verið snauð að drengskaparbætiefnum. Mjer finst framkoma hans benda á það, jafnvel þótt hann kunni að vera sannfærður um, að hann hafi rjett fyrir sjer, en jeg ekki. Efast jeg ekki um, að hann hafi átt við að búa þann pólitíska bætiefnaskort, að honum takist betur að sanna rangt mál en mjer rjett, ef fullnaðarsönnunin á að vera komin undir vottorðum og vitnisburðum þeira manna, sem hann hefir illu heilli valið sjer fyrir pólitíska sálusorgara. En þesskonar vitnisburðum beygi jeg mig ekki fyrir. Jeg ætla ekki heldur að fara í mannjöfnuð við hv. þm. (BSt), ætla ekki að metast við hv. þm. um það, hvor okkar hafi unnið sjer meira til sæmdar eða vansæmdar hjer í þinginu. Hann telur það afturför, sem jeg tel framför, og sennilega illa gert, sem jeg tel vel af hendi leyst.

Jeg hefi litlu við það að bæta, sem jeg hefi sagt um rökst. dagskrána, en hv. 1. þm. Eyf. (BSt) bað mig að benda sjer á þann stað í lögum, þar sem óheimilað væri, að stúdentspróf væri tekið á Akureyri. Þessu hafa aðrir hv. þdm. þegar svarað og vitnað þar um í háskólalögin. Jeg er ekki að hrósa mjer af því, að jeg sje lögfræðingur, en jeg get bent hv. þm. (BSt) á ágætan lögfræðing, sem er á sömu skoðun og jeg í þessu máli. Það er hæstv. atvrh. (MG). Hann hefir fullyrt, að þetta sje brot á 3. gr. í háskólalögunum, og hann hjelt því fram, sem rjett er, að ekki er hægt að breyta gildandi lögum með þingsályktun. Jeg leyfi mjer ennþá einu sinni að fullyrða, að hjer sje verið að berjast fyrir því að koma fram þáltill., sem fer í bág við gildandi lög.

Hv. þm. (BSt) gat þess, að jeg vildi koma málinu fyrir kattarnef, og sagði það hundsbætur, sem dagskráin fer fram á. Mín vegna má hann gjarnan nefna þetta hundsbætur, en það get jeg sagt hv. þm. (BSt), að það er miklu verra en hundsbætur að leyfa þessum námsmönnum að taka „stúdentspróf" á Akureyri, sem engin æðri mentastofnun tekur gilt eða metur að nokkru, próf, sem engin rjettindi fylgja.

Tryggvi Þórhallsson: Það, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði, að þeir einir hefði rjett til að fara á háskólann, er útskrifaðir væru úr mentaskólanum, er ekki rjett. Til þessa hafa einnig rjett þeir, sem tekið hafa samskonar próf við aðra skóla. Ákvæði það, sem hæstv. atvrh. (MG) benti á, hvílir ekki á lagagrundvelli, heldur á reglugerð. Það þarf því ekki annað en góðan vilja hjá hæstv. atvrh. (MG) til þess að setja sömu reglur fyrir Akureyrarskólann eins og gilda hjer um mentaskólann.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Eins og jeg hefi tekið fram áður, þá er mentaskólinn eini

skóli landsins, sem rjett hefir til þess að útskrifa stúdenta. Hitt er satt, að komið geta aðrir skólar til greina, er háskólinn tæki jafngilda.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að vandinn væri ekki annar en sá, að gefa út nýja reglugerð. Þetta getur verið rjett, að vissu leyti, að því er snertir framtíðina, en það getur ekki átt við um þetta mál, því að ekki er hægt að gefa út reglugerðir um það, sem snertir liðna tímann, t. d. að bækur skuli lesnar, sem alls ekki hafa verið lesnar.

Bernharð Stefánsson: Með því að svo stendur á, að aðalflm. till. virðist vera fallinn frá henni og hefir hjer á fundinum beint þeirri áskorun til okkar meðflm. sinna, að aðhyllast hina rökstuddu dagskrá, sem fram er komin, þá þykir mjer rjett að geta þess, að við meðflm. höfum borið okkur saman um þetta og getum alls eigi fallist á dagskrána, en höldum sjálfri till. fast fram. Það, sem valda mun þessari afstöðu hv. aðalflm. (JKr), er það, að hann býst við, að ef dagskráin verður feld og till. einnig feld, eða getur eigi komið til framkvæmda, þá sjeu þessir piltar ver farnir en annars og sjeu hreint og beint settir í hættu. En hann þarf alls ekki að bera kvíðboga fyrir þessu, eftir þeim hug til piltanna, sem hjer virðist hafa komið fram á fundinum, því að þótt svona kunni að fara, þá er altaf hægt að koma í gegn styrk handa piltunum með öðru móti.

Jeg ætla ekki að fara að munnhöggvast við hv. þm. Ak. (BL), enda voru ummæli hans nú hóglegri en áður. Hann sagði, að það hefði verið lítið, sem á milli bar árið 1924. En það gildir nú einu, hvort það var mikið eða lítið. Aðalatriðið er það, að jeg skýrði rjett frá. Hv. þm. Ak. var að mótmæla því, að hann hefði játað fyrir mjer, að hann hefði skýrt rangt frá því, sem gerðist á lokuðum fundi í Sþ. Þess hefði hv. þm. ekki þurft, því jeg hef aldrei haldið þessu fram. Nei, þau ummæli hans, sem jeg vitnaði í, sagði hann á opinberum fundi.

Mjer þykir leitt að geta ekki notið fylgis hv. þm. Barð. (HK) eins og jeg bjóst við í fyrstu, en við það verður nú að sitja.

Einar Árnason: Hv. þm. Ak. (BL) var enn að berja höfðinu við steininn og sagði, að það væri að fara í blóra við lög að koma fram með þessa till. Jeg nenni ekki að eltast við skilningsleysi hans. Í síðustu ræðu hæstv. kenslumálaráðh. kom það skýrt fram, að hann telur ekki tillöguna ganga í bága við lög, og það er mjer meira virði en gaspur hv. þm. Ak.

Jón Baldvinsson: Á fundum þeim, er haldnir voru á síðastliðnu sumri, var því haldið fram af formanni íhaldsflokksins, að þeir þyrftu ekki að gera ályktanir til að binda flokkinn, því að skoðanir þeirra væru svo líkar, og því hefði enn aldrei neitt mál verið gert að flokksmáli með samþykt. Trúi hver því, sem trúa vill. En mjer skilst þá, að í þessu máli sje það fyrirbrigði að gerast, að einn íhaldsmanna, sem er fyrsti flutningsmaður að tillögunni, sem nú er til umræðu, sje nú að ráðast gegn sínu eigin máli. Og hvers vegna skyldi hann gera það? Auðvitað hefir flokkurinn kúgað hann til þess. Og þetta er ekki óþekt í íhaldsflokknum; því fyrir fáum árum var einn af mektarmönnum þess

flokks kúgaður til þess að hjálpa til að nema úr gildi lög, sem hann sjálfur hafði barist fyrir að koma á og sagði, að hefðu reynst betur en hann hafði búist við.

Nú vill íhaldsflokkurinn koma í veg fyrir, að Norðlendingar komi upp hjá sjer mentaskóla. Till. er spor í þessa átt. Þess vegna leggja þeir alt kapp á að drepa þessa till., og þess vegna hafa þeir fengið flutningsmanninn til að verða drápsmann sinnar eigin till.

Mjer heyrist menn leggja mjög mikið upp úr tillögum háskólans í þessu máli og taka þær sem úrskurð í málinu. En hjer er það hvorki mentaskólinn nje háskólinn, sem eiga að ráða, heldur Alþingi sjálft. Og vilji Alþingi koma upp lærðum skóla á Akureyri, þarf það hvorki að biðja um leyfi mentaskólarektors nje háskólaráðs til þess. Þess vegna er það Alþingi, sem á að binda enda á mál þetta.

Jeg lýsi yfir því, að jeg ætla að greiða atkv. með þáltill., en ekki með dagskrá hv. þm. Ak. (BL), sem er aðeins blekking fyrir norðanmenn.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Mjer er sagt, að hv. 5. landsk. (JBald) hafi gefið í skyn, að íhaldsflokkurinn hafi þvingað aðalflm. till. til þess að breyta afstöðu sinni, en þetta er alveg tilhæfulaust. Það er eðlilegt og skiljanlegt öllum, nema þá hv. 5 landsk. (JBald), þó að aðalflm. (JKr), sem ber svo mjög fyrir brjósti hag stúdentaefnanna að norðan, vilji aðhyllast það að veita þeim einhvern fjárstyrk, til þess að koma hingað suður til prófs, er hann sjer, að sú leið, er hann hafði hugsað sjer fyrst, reyndist ófær. **(KlJ:** Atkvæði!).

Björn Líndal: Satt að segja er mjer óljúft að tala um þau atriði, sem ekki koma því máli við, sem er á dagskrá. En vegna þess, að hv. 2. þm. Eyf. (BSt) leiddi asnann inn í herbúðirnar og ljet svo um mælt, að jeg gæti ekki sannað mitt mál um það, sem jeg á að hafa sagt norður á Akureyri, þá er því einu þar til að svara, að hann skákar hjer í því skjóli, að það, sem hjer er um að ræða, gerðist á lokuðum fundi hjer í þinginu, án þess að það væri bókað og án þess að um það megi bera vitni. Þetta bragð hans læt jeg þing og þjóð dæma um, eftir því sem drengskapur er til, og læt svo útrætt um það af minni hálfu.

Bernharð Stefánsson: Það þýðir lítið, þótt við hv. þm. Ak. (BL) kýtum lengur um þetta. Hann segir það skorið, sem jeg segi klipt. Mínu máli til stuðnings hefi jeg gögn frá hinum opinbera fundi á Akureyri í stuðningsblaði hans „Íslendingi". Og á þeim geta menn sjeð, að jeg hefi rjett fyrir mjer, en hann rangt.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Ak. (BL) feld með 22:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BK, BL, HSteins, HK, IHB, JJós, JóhJóh, JAJ, JK, JÓl, JS, JÞ, JKr.

nei: JörB, KlJ, MK, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv, BSt, EÁ, EJ, GÓ, HStef, HjV, IngB, IP, JakM, JBald, JG, JJ, MT.

Tillgr. feld með 21:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KlJ, MK, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ,

ÁÁ, BSv, BSt, EÁ, GÓ, HStef, HjV, IngB, IP, JakM, JBald, JG, JJ, JörB, MT.

nei: MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BK, BL, EJ, HSteins, HK, IHB, JJós, JóhJóh, JAJ, JK, JÓl, JS, JÞ, JKr.

3. Skipun opinberra nefnda.

Á 42. fundi í Ed., föstudaginn 1. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um skipun opinberra nefnda (A. 288).

Á 43. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 45. fundi í Ed., þriðjudaginn 5. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Þessi þáltill. á þskj. 288 er, eins og í greinargerð segir, flutt samkvæmt áskorun fjölmenns fundar kvenkjósenda hjer í bæ, og þar stendur að baki mikill meiri hl., ef ekki allar kosningabærar konur þessa lands. Till. fer fram á, að færar konur — jeg undirstrika það, færar konur — fái sæti í hinum ýmsu nefndum, sem skipaðar kunna að verða í ýms mikilsvarðandi mál, t. d. öll fræðslumál, heilbrigðismál, byggingarmál o. s. frv., eins og sjá má í till. Till. er eins gætilega orðuð og mest má vera. Með vilja eru nefndar aðeins færar konur. Það er ekki verið að fara fram á að draga nein völd úr höndum karlmanna yfir til kvenna, heldur aðeins verið að gera tilraun til þess, að sjerþekking þeirra fái að njóta sín á ýmsum sviðum. Þetta má vel verða til þess, að málin verði athuguð frá fleiri hliðum en verið hefir, því „betur sjá augu en auga".

Till. nefnir nokkrar nefndir, sem konur ættu að fá sæti í. Það eru fyrst nefndir, er fjalla um fræðslumál. Ekki alls fyrir löngu var skipuð milliþinganefnd um þau mál, og þar átti engin kona sæti. Þó eru fræðslumálin þau mál, sem taka til allra kvenna ekki síður en karla. Það er engu síður áhugamál mæðra en feðra, að fræðsla barna og unglinga sje í lagi. Og þar var ekki hægt að afsaka sig með því, að ekki væri nóg til af færum konum, því að til eru margar konur, sem hafa kynt sjer skólamál ekki lakar en karlar.

Þá eru heilbrigðismál nefnd í till. Það liggur í augum uppi, að þar sem landið á því láni að fagna að eiga fjölmenna stjett ungra og áhugasamra hjúkrunarkvenna, er hlotið hafa hinn besta undirbúning undir starf sitt, að gott er að geta notið aðstoðar þeirra og sjerþekkingar í heilbrigðismálum.

Þá eru byggingarmál. Ríkið lætur árlega reisa margar byggingar, skóla, sjúkrahús, sjúkraskýli o. s. frv. Um það er snertir tilhögun innanhúss eru augu kvenna að mörgu leyti glöggskygnari en augu karla. Konur hafa meiri þekkingu og reynslu en karlar í því, sem spara má innanhúss í húsrúmi og öðru. Af þeirri ástæðu er sjálfsagt að skipa konur í byggingarnefndir.

Þá eru fátækramál, atvinnumál og tollmál. Þessi 3 mál má taka öll í einu. Í þessi mál hafa oft verið skipaðar nefndir, að vísu helst á stríðsárunum, en það getur altaf komið fyrir, að þörf gerist að skipa þær að nýju. Þá virðist mjer sjálfsagt, að konur fái þar sæti. Þessi mál varða konur ekki síður en karla, og jafnvel varða þau frekar konur. Því að hver fer með það, sem bóndinn aflar, frekar en kona hans? Hún verður því að þekkja bæði verðlag og vörugæði o. s. frv. En tollmálin eru einmitt undirstaða verðs á öllum nauðsynjavörum. — Loks eru nefndar móttökunefndir við hátíðleg tækifæri og undirbúningsnefndir. Hjer er átt við þau tækifæri, þegar íslenska þjóðin minnist mikilla viðburða úr sögu sinni, eins og t. d. 1000 ára afmælis Alþingis, einnig konungsheimsóknir o. s. frv. Þá efnir þjóðin öll til hátíðahalda, og er ekki sanngjarnt, að aðeins helmingur hennar, karlarnir, setji sinn svip á þau.

Þótt í slíkar nefndir hafi að undanförnu auðvitað verið skipaðir þeir karlmenn, sem hafa mentun og kunnáttu og þekkingu til þess að bera, hefir það þó þrásinnis komið í ljós, að vantað hefir þá íhlutun, sem konur einar hafa getað lagt til. Ef sú íhlutun hefði átt sjer stað, hefði margt farið betur úr hendi og óefað sparast tugir þúsunda. Þetta þykir ef til vill nokkuð djarflega mælt, en jeg hika ekki við að segja það. — Á landsfundi kvenna, sem háður var á Akureyri s. l. sumar, var beinlínis samþ. till. í þá átt, að konur fengju sæti í öllum nefndum, sem skipaðar verða til þess að undirbúa og starfa að væntanlegum hátíðahöldum árið 1930. Jeg býst við, að konur sjeu þegar búnar að bera ráð sín saman um, hvað þær geti lagt til þeirra mála. Eins og kunnugt er, var á síðasta þingi skipuð nefnd, er undirbúa skal væntanleg hátíðahöld árið 1930. En mjer er í öllu falli ekki kunnugt um árangur af þeirri nefndarskipun.

Jeg ætlaði ekki að vera langorð um þáltill. þessa. Jeg vil aðeins taka það fram, að þessi till. er ekki fram borin sem byltingartilraun eða til þess að trana konum fram. Jeg þarf ekki að afsaka framkomu þeirra í því efni, síðan þær fengu jafnrjetti fyrir nærfelt 12 árum. Tillagan er sprottin af þeirri rjettmætu tilfinningu, að rjettindum fylgi skyldur — og af því, að við konur, sem erum fullur helmingur þjóðarinnar, höfum hug og vilja á að láta þá reynslu og þekkingu, sem við höfum til brunns að bera, koma fram, þar sem lögð eru á ráð um úrlausn á opinberum málum.

Eins og jeg sagði áðan, eru liðin nærfelt 12 ár síðan konur fengu jafnan kosningarrjett á við karlmenn. Í öll þessi ár — jeg bið deildarmenn að taka eftir því — hafa þær verið að bíða eftir því að verða kallaðar til samvinnu í fleiru en því einu að ganga að kjörborðinu. Konum er farið að leiðast að vera aðeins þar taldar jafnokar karlmannanna; og það getur verið, að þær fari að trjenast upp á því að neyta rjettar síns á svo alt of takmörkuðu sviði. Konur hafa beðið eftir því, að karlmennirnir kölluðu þær til samvinnu um vandamál þjóðarinnar. Sú leið hefir reynst árangurslaus til þessa, og þess vegna er tillaga þessa fram borin. Ef karlmenn hefðu á þessum nærfelt 12

liðnum árum skilið það rjettilega — og þá sjerstaklega þingmenn — hvað fólgið var í rjettarbótum vorum frá 1915, þá mundum vjer ekki hafa þ u r f t að bera þessa till. fram. — Konum er það áhugamál, að karlmenn skilji, að þær óska jafnrjettis, en engra sjerrjettinda. Sjerrjettindi eru stundum nefnd í sambandi við jafnrjetti; en þau sjerrjettindi, sem jeg hefi heyrt þannig nefnd, met jeg að litlu. Jafnrjetti til starfa, jafnrjetti til þess að láta krafta sína og reynslu og þekkingu njóta sín í samvinnu við karlmennina og ásamt þeim, finna ýmsar leiðir til heillavænlegra úrlausna þeirra mála, sem varða allar konur og karla þessa lands. Það er þetta, sem tillagan fer fram á. Það er þetta, sem jeg vil biðja alla hv. deildarmenn að athuga og taka ekki sem glamur, heldur taka það sem vilja helmings þjóðarinnar, sem nú lætur sjer ekki lengur lynda orðin tóm, heldur vill sjá það á borði, sem löngu er samþ. í orði.

Jeg vona því fastlega, að hv. deild sjái sjer fært að samþ. till., eins og hún liggur fyrir.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Fyrir hönd stjórnarinnar vil jeg ekki annað segja út af þessari till. en það, að ef hún verður samþ., þá mun núverandi stjórn að minsta kosti að sjálfsögðu taka það til vinsamlegrar íhugunar í hvert skifti, hvort ekki sje völ á hæfum konum til þess að taka sæti í þeim nefndum, sem stjórnin annars skipar.

Um málið að öðru leyti vil jeg aðeins bæta því við, að það er náttúrlega svo yfirleitt, þegar skipað er í opinberar nefndir, að leitað er eftir mönnum, sem vegna sinnar fyrri starfsemi í sömu og hliðstæðum opinberum málum hafa sýnt bæði einhvern áhuga og einhverja sjerstaka þekkingu á þeim málum.

Það er nú svo, að þótt það sje orðið alllangt síðan konur fengu hjer fullkomið jafnrjetti móts við karlmenn, þá hafa þær það sem af er yfirleitt tekið miklu minni þátt í opinberum málum en karlmenn. Svo að það þarf engan að furða, að hingað til hefir frekar verið bent á karlmenn en konur, þegar átt hefir að finna þá menn, sem þegar hafa sýnt bæði áhuga og þekkingu á sjerstökum tegundum opinberra mála.

Einar Árnason: Jeg vildi aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þessarar till. Jeg finn sjerstaka ástæðu til þess, af því að mjer virðist þessi till. vera dálítið einstök í sinni röð. Það er eins og öllum er kunnugt, og hv. flm. till. (IHB) tók fram, að lagalegur rjettur karla og kvenna er orðinn jafn til þess að taka þátt í opinberum málum. Það var alveg sjálfsagt, að löggjafarvaldið ljeti það til sín taka, um þetta. En hitt finst mjer ekki alveg eins sjálfsagt, að löggjafarvaldið fari að grípa inn í á framkvæmdasviðinu um þetta efni. Mjer virðist, að með því sje í raun og veru verið að setja rjett kvenmanna hærra en karlmanna — að jafnrjettið verði misrjetti. Eins og till. er orðuð, þá er í raun og veru ekki hægt að skilja hana öðruvísi en svo, að stjórnin á hverjum tíma sje skyld til þess að skipa konur í allar nefndir — þar megi engin nefnd undan ganga. Og þá er stutt til þess, að allar nefndir verði skipaðar tómum konum. Og þá fer röð-

in að koma að okkur karlmönnunum að flytja þáltill. svipaða og þessa, sem hjer liggur fyrir.

Mjer virðist þessi till. binda of mikið hendur stjórnarinnar, þar sem jeg álít, að verði að skilja hana svo, að stjórnin sje altaf bundin því að tilnefna konur. Nú er eins og kunnugt er þáltill. á ferð hjer í Alþingi — hefir gengið gegnum Nd. og er nú í nefnd í Ed. — þar sem farið er fram á, að skipuð sje nefnd til þess að íhuga og samræma landbúnaðarlöggjöf landsins. Í till. er gert ráð fyrir, að þingið nefni tvo nefndarmenn, en stjórnin einn. Verði till. samþ., þá hlýtur hæstv. stjórn að nefna konu í þessa nefnd. Út af fyrir sig hefði jeg ekkert út á það að setja, þótt kona kæmist í þessa nefnd. Það má vel vera, að konur sjeu eins vel færar um þetta eins og karlmenn. En það er aðeins þetta, að jeg vil ekki láta binda hendur stjórnarinnar í eitt skifti fyrir öll. — Hitt væri annað mál, ef Alþingi, þegar það ákvæði um nefndarskipun, að það í hvert skifti gerði ráð fyrir því, að kona, eða konur, fengi sæti í þessari og þessari tilteknu nefnd. Ef Alþingi á í eitt skifti fyrir öll að binda hendur stjórnarinnar í þessu efni, þá ætti það ekki síður að binda sínar eigin hendur og ákveða í eitt skifti fyrir öll, að konur skuli eiga sæti í hverri nefnd, er það skipar. Að því leyti til virðist mjer, að till. gangi of skamt hjá hv. flm. (IHB).

Ef nú stjórnin verður ekki við þessu, sem till. ræðir um, og skipar nefnd eða nefndir, þar sem engin kona er í, ja, hvað verður þá? Ekki verður stjórnin dregin fyrir landsdóm fyrir það. Og ef þetta verður einu sinni gert, þá verð jeg að skilja það svo, að það sje vítalaust, að stjórnin framfylgi ekki þessari till.

Það er langt frá því, að jeg sje því andvígur, að konur fái sæti í opinberum nefndum. Jeg álít meira að segja alveg sjálfsagt að taka fylsta tillit til kvennanna, þegar um það er að ræða. En jeg held það sje til önnur leið heldur en þessi þáltill.-leið, sem sje jafnvel heppilegri, að minsta kosti fyrir konur hjer í Reykjavík. Jeg tel alveg sjálfsagt, að stjórnin, hver sem hún er og á hverjum tíma sem er, mundi taka fult tillit til þess, ef kvenfjelögin öll hjer í Reykjavík, eða eitthvert þeirra, minti á sig, þegar svo stendur á, að þær finna ástæðu til þess, að þær komi til greina, þegar nefnd er skipuð. Jeg geri sem sje ráð fyrir, að þegar kona er skipuð í nefnd, verði hún hvort sem er úr Reykjavík. Jeg efast um, að það sje rjett, sem hv. flm. þessarar till. sagði, að það stæðu ef til vill allar kosningabærar konur landsins á bak við þessa till. Jeg efast fyrst og fremst mjög mikið um það, að konum úti um sveitir landsins sje þetta nokkurt áhugamál. Enda býst jeg heldur ekki við því, þegar þessi till. kemur til framkvæmda, að það verði konur utan úr sveitum landsins, konur, sem þekkja náttúruna, þekkja baráttuna og lífsstríðið íslenska, sem verða valdar í þessar nefndir.

Hv. flm. (IHB) dvaldi nokkuð við það, að það væri vel við eigandi, að konur ættu sæti í nefndum, sem skipaðar yrðu við hátíðahöldin 1930. Hygg jeg, að hv. flm. hafi alveg rjett fyrir sjer. Jeg held, að konur eigi áreiðanlega að taka sinn þátt í þeim hátíða-

höldum. Og jeg efast heldur ekki eitt augnablik um það, að stjórnin muni gæta þess, þegar til kemur, að konur verði þar ekki settar hjá.

Hv. flm. lagði töluvert mikið upp úr orðinu „færar" í till. sinni, að skipa „færar" konur. Þegar jeg las till., þá var það einmitt þetta orð, sem jeg hnaut um, því að mjer fanst orðið óþarft. Maður verður að sjálfsögðu að ganga út frá því, að stjórnin á hverjum tíma, hvort sem er um konur eða karla að ræða, skipi þá menn, sem hún að minsta kosti álítur hæfa til þess að gegna þeim störfum, sem þeim eru í hendur fengin. En hinsvegar er það ómögulegt að mínu áliti fyrir stjórnina, hvort sem um karla eða konur er að ræða, að tryggja það fyrirfram, að það verði ekki vanfært um að framkvæma það starf, sem þeim er falið. Það getur meir en komið í ljós eitthvað það, sem sýnir, að kona verði vanfær um að gegna sínum störfum, og stjórnin alls ekki getur bygt fyrir. Þess vegna finst mjer þessu orði vera ofaukið. Það verður altaf að leggja það á vald stjórnarinnar, hverja hún telur færa og hverja vanfæra um að gegna þessum störfum.

Niðurstaða mín verður því sú, að það sje ekki rjett af löggjafarvaldinu að gefa neina almenna fyrirskipun í þessu efni. Þess vegna legg jeg til, að þessi till. sje afgr. með svohljóðandi rökstuddri dagskrá, sem jeg skal leyfa mjer að lesa hjer upp:

Með því að konur hafa að lögum jafnrjetti við karlmenn um þátttöku í opinberum málum, og þá að sjálfsögðu einnig um hluttöku í störfum þeirra nefnda, sem ríkisstjórnin skipar, og með því ennfremur að víst má telja, að þess verði gætt í framtíðinni, að konur fái sæti í opinberum nefndum, þegar ástæða er til, þá sjer deildin ekki ástæðu til að samþ. þessa till. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg get verið stuttorð um undirtektir hæstv. stjórnar, þar sem hæstv. forsrh. (JÞ) lýsti því yfir, að hann væri því ekki mótfallinn að minsta kosti, að óskir þær, sem felast í till., yrðu teknar til greina, þegar slíkar nefndir eru skipaðar, sem till. talar um. En hinsvegar þótti mjer hæstv. ráðh. undirstrika það fullmikið, að hann áliti, að taka þyrfti sjerstakt tillit til þess, að hingað til hefðu verið frekar skipaðir karlmenn í slíkar nefndir, og mundi því svo verða enn um nokkurt skeið, vegna áhuga þeirra og þekkingar á málunum fram yfir konur, og vegna þess, að þeir mundu þar af leiðandi leysa starf sitt betur af hendi. Við þessu er því að svara, að það er ekki hægt að fella dóm um þetta, fyr en reynslan hefir skorið úr málum. Það er yfirleitt ekki hægt að segja, hvað með manninum býr, fyr en jafnóðum og hann er reyndur. Þess vegna verð jeg að álíta þessa undirstrikun hæstv. forsrh. ekki sem heppilegasta, og engan veginn fullnægjandi. Hinsvegar tel jeg ummæli hæstv. ráðh., að stjórnin mundi taka tillit til þessarar till., ef hún yrði samþ., góð og gild, og þó ekki meira en jeg vænti.

Þá hef jeg ekki fleira að athuga við þau fáu orð, sem stjórnin ljet falla í þessu máli, en sný mjer að andmælanda till., hv. 1. þm. Eyf. (EÁ).

Það er ekki óvanalegt, þegar verið er

að ræða um annaðhvort rjettindi eða hæfileika kvenna, að það kveði við þennan tón hjá honum. Það er vantraustið, sem er ýmislega búið.

Hv. andmælandi vildi undirstrika, að rjettur karla og kvenna væri hinn sami. Auðvitað. Þetta tók jeg fram í framsöguræðu minni fyrir till. Þetta eru engar nýjar upplýsingar hjá hv. þm. Jeg gat nú ekki fest á pappírnum öll þau verðmæti, sem komu úr þessari átt. En meðal annars fanst mjer hv. þm. reyna að halda hlífiskildi fyrir hæstv. stjórn, þessari stjórn, sem hann ekki styður, og svo öllum stjórnum, sem kunna að koma, á þann hátt, að hann þóttist vilja losa stjórnina við þann bagga, sem till. þessi væri að binda henni. Hann kvað til of mikils ætlast af stjórninni að verða við tilmælum till., sem sje að skipa færar konur í nefnd. Jeg skal taka það fram, þessum hv. þm. til geðs, að við höfum af ásettu ráði sett „færar konur" — f æ r a r — af því að það hefir reyndar komið fram við skipun nefnda, að allir karlmenn eru ekki jafnfærir; og því er best að fara varlega, eins og konur hafa farið varlega í þessi 12 ár, þótt þær nú óski þess, að rjettindin með lögum frá 1915 sjeu eitthvað meira en orðin tóm.

Það er ekki nema útúrsnúningur að segja, að till. ætlist til, að stjórnin skuli á hverjum tíma skipa nefndir konum eingöngu. Hv. andmælandi sá svo langt, að í 5 manna nefnd verða tómar konur, þær eru búnar að bola karlmönnunum burt. Hann sjer langt fram í tímann. Hann mintist á millibinganefnd, sem nú liggur fyrir að skipa í þinginu, sem á að taka til athugunar búnaðarlöggjöf landsins. Þar á þingið að skipa tvo menn, en ríkisstjórnin einn. Þá blasir það svo við fyrir hv. andmælanda (EÁ), að ríkisstjórnin hljóti að skipa konu í nefndina. Við erum nú vanar því, konurnar, að það sje ekki á augnablikinu fullnægt öllum rjettindum, sem við eigum samkvæmt lögum. Svo að hann þurfti ekki að gera sjer miklar áhyggjur um, að í þessa nefnd yrði skipuð kona, enda þótt ríkisstjórnin hefði sýnt enn þá meiri skilning á rjettmæti þeirrar kröfu, sem felst í þessari till.

Hv. þm. hefir ekkert sjerstakt út á það að setja, að kona sje í þessari nefnd. Það er gott og blessað; enda er það vitanlegt, að t. d. hafa sumar ekkjur stjórnað búum sínum svo vel, að jeg efast um, að bændur landsins geri betur.

Hv. þm. fanst till. ganga of skamt, og skil jeg ekki almennilega, hvað hann á við. Hann virtist halda, að svo framarlega sem stjórnin á hverjum tíma ekki skipaði konur í sambærilegar nefndir þeim, sem tilnefndar eru á þskj. 288, þá mundi það lögbrot. Þó taldi hann vítalaust að verða ekki við þeim óskum, sem í till. felast.

Jeg var því miður ekki á landsfundi kvenna á Akureyri á síðasta sumri. En jeg hefi fyrir satt frá sannorðum og merkum konum, að þar hafi mætt konur hvarvetna af landinu, ekki einungis úr kaupstöðum, heldur einnig úr sveitum, og það engu síður; og þær konur voru allar sammála um, að óskir þær, sem felast í tillögunni, væru ekki einungis sjálfsagðar, heldur alveg nauðsynlegar.

En það taldi hann ekki aðeins sjálfsagt, heldur og nauðsynlegt, að konur tækju sæti í þeirri nefnd, er kynni að

verða skipuð til að undirbúa þjóðhátíðina 1930. Það taldi hv. þm. hættulaust eða jafnvel heppilegt, kannske fyrir þá sök, að það væri ódýrara, og konur ynnu jafn-vel þar sem karlar. Jeg vil ekki gera hv. þm. getsakir, mjer skildist helst meiningin vera þessi.

Að hv. þm. (EÁ) hnaut um þetta orð „færar" er ekki mín sök. Hv. þm. Eyf. (EÁ) er þá mjög gjarnt til að hnjóta, ef ekki þarf meira til. Jeg tók þannig til orða, aðeins til þess að sýna, að ekki væri um bylting að ræða, heldur bendingu um, að á hverjum tíma skyldi skygnast eftir þeim konum til þessara starfa, er til þess álitust færar. Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) vildi sanna, að orðið væri óþarft, því að annars yrði og að taka fram, að karlmenn skyldu færir vera. En það er misskilningur, því að jafnan ætti á hverjum tíma að hafa það fyrir augum, að færir menn veldust í opinberar nefndir.

Samanburður hv. þm. (EÁ) á færum konum og vanfærum átti víst að vera orðaleikur. En jeg kippi mjer ekki upp við slíkt. En það mælir hver þeirri tungu, sem hann er gæddur.

Hv. þm. taldi ekki rjett að gefa almenningi fyrirskipun um að skipa konur í nefndir, því ekki mundi þess ávalt kostur að framfylgja þeirri fyrirskipan. Hjer er jeg á öðru máli. Jeg tel sem sje víst, að gera megi ráð fyrir, að völ sje á konum, sem nægа þekkingu hafi til þess að taka sæti í þeim nefndum, sem nefndar eru í till., og öðrum nefndum hliðstæðum.

Nenni jeg svo ekki að rekja þetta mál lengur nje elta ólar við hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), en jeg verð þó enn að láta hann vita það, að dagskrá hans er í fylsta máta órjettmæt og hefir ekki við nokkur rök eða sanngirni að styðjast.

Og jeg vil skjóta því til hv. deildar, um leið og jeg fer þess á leit, að hún samþ. till. á þskj. 288, að hún athugi vel, áður en hún lætur til leiðast að ganga að þessari rökstuddu dagskrá — ef rökstudda skyldi kalla — að hjer er ekki á ferðinni nein bylting, nje um það að ræða, að konur sjeu að trana sjer fram, heldur það, að gætt sje nú og jafnan síðan þess rjettar, er konum ber til jafns við karla.

Jón Baldvinsson: Það er misskilningur hjá hv. flm. (IHB), að hjer sje ekki um bylting að ræða. Vitanlega er þetta endir og árjetting þeirrar byltingar, er varð, þegar konur fengu jafnrjetti við karla; það er fullkomnun þeirrar byltingar. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg sje mótfallinn till., hún er eðlileg krafa, og jeg er hlyntur þeirri hugsun, sem í henni felst. Jeg játa að vísu, að jeg er ekki allskostar ánægður með orðalag till., finst þar heimtað meira af ríkisstjórninni heldur en hún getur sjeð um, t. d. að konur verði líka skipaðar í milliþinganefndir. Flestar slíkar nefndir eru skipaðar með hlutfallskosningum, og þar ráða flokkarnir um.

En jeg skil vel, hvað felst í þessari till., þrátt fyrir orðalagið, og það er hægt að samþykkja hana, og stjórnin getur tekið hana til greina, að svo miklu leyti sem hún hefir vald til á hverjum tíma að fylgja fram því, er hún kveður á um. En í till. felst í raun og veru það, að konur eru að „demonstrera" gegn

því tómlæti, er þeim er sýnt, og vilja láta til sín taka landsins gagn og nauðsynjar.

Það er skiljanlegt, að konur sjeu ekki enn á öllum sviðum komnar jafnfætis körlum, svo stutt sem er síðan þær fengu jafnrjetti til þess að taka þátt í opinberum málum. Það er ekki við því að búast, að jafnstór hópur kvenna sem karla sje fær til að taka þátt í þeim. En það kemur kannske seinna með næstu kynslóðum.

Hitt þótti mjer undarlegt, hve háttv. ráðh. (JÞ) tók kuldalega í till.; ef til vill hefir hann sjeð vandkvæðin á framkvæmd hennar samkvæmt orðalaginu.

Út af því, sem háttv. flm. (IHB) sagði um konur, og hve fram hjá þeim væri gengið um opinber störf, þá finst mjer það aðeins hálfur sannleikur. Þar sem jeg þekki til er það ekki gert svo mjög. Í Alþýðuflokknum veit jeg ekki betur en konur taki þátt í öllum fjelagsstörfum. Og jeg vil gleðja háttv. 2. landsk. (IHB) með því, að við flokksbræður mínir höfum miklar mætur á starfsemi þeirra, því að þær sýna bæði dugnað, áhuga og samviskusemi eigi síður en karlar, nema fremur sje, enda hafa og konur verið í kjöri til kosninga af hálfu okkar flokks, nú síðast við landskjör í sumar sem leið tvær konur á lista Alþýðuflokksins. Eiga þessi ummæli háttv. flm. (IHB) því alls ekki heima um alla flokka jafnt, þótt þetta kunni að ganga allstirðlega í Íhaldsflokknum.

En sem sagt, það er hægt að taka til greina þann anda, sem í till. felst, og jeg mun greiða atkvæði með henni, en móti rökst. dagskrá háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ).

Það er ekki nema gott eitt um það að segja, að konur komi inn í ýmsar opinberar nefndir til þess að hrófla og rumska dálítið við körlunum, sem storknaðir eru orðnir í starfi sínu, t. d. í hreppsnefndum o. s. frv. Þessi till. er nú að vísu ekki um það, strangt tekið, en það er alveg sama máli að gegna um þær og ýmsar þær nefndir, sem getið er í till. — Ef menn ekki einblína um of á óheppilegt orðalag tillögunnar, má með vitund af góðum vilja taka til greina þá frumhugsun, sem liggur í till. og þær ástæður, er háttv. flm. (IHB) hefir fært fyrir henni.

Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Mjer er jafnkært að kannast við vingjarnlegar og sanngjarnar undirtektir eins og jeg tel mjer hinsvegar skylt að mótmæla ósanngirni.

Háttv. 5. landsk. (JBald) tók, að því er virtist, með fullum skilningi í þetta mál, og það er mikið rjett, að hans flokkur, Alþýðuflokkurinn, hefir sýnt í verki lofsverða forgöngu í þessu. Og að því kemur, að talið verður rjett, og ekki aðeins rjett, heldur líka nauðsynlegt, að í opinberum málum vinni saman karl og kona, eins og þau þurfa að standa saman á einkaheimilunum, til þess að hag þeirra sje sem best borgið.

Háttv. 5. landsk. (JBald) fanst farið fram á meira í till. en sanngjarnt væri að ætlast til af landsstjórninni. Ef maður les till. með skilningi — jeg hefi nú heyrt svo miklar aðfinslur um ófullkomið orðalag hennar — þá felst hvorki meira nje verra í henni en hver sanngjarn maður getur fallist á, og er tími kemur til framkvæmda á tilgangi hennar, verður orðalagið því ekki til fyrirstöðu, að vel lánist.

Ójá, satt er það, að milliþinganefnd-

ir eru skipaðar af flokkum. Jeg er ekki vön að vera myrk í máli og skal heldur ekki vera það nú. Það er nú svo, að kona skipar eitt sæti hjer á Alþingi. og hefir hún sannast sagt ekki orðið þess vör, að leitað væri hófanna við hana um að taka sæti í nokkurri slíkri nefnd.

Háttv. 5. landsk. (JBald) vildi halda því fram, að ekki væri gengið fram hjá konum um opinber mál meir en sem svaraði óhjákvæmilegri afleiðing þess, hve stutt er síðan þær fengu tilhlutunarrjett um þau. Má vel vera, og skal jeg ekki um það deila.

12 ár eru ekki langur tími, er litið er til baka yfir aldirnar, þar sem konan hefir skipað hinn lága sess, en jafnframt þann háa sess, að bera jafna ábyrgð á heimilinu, þótt ekki þætti hún bær til að ráða utan heimilis.

12 ár, mæld á langa stiku, eru hverfandi stuttur tími. Það er satt. En nútíminn er þannig vaxinn, að hann er hraðfara og óbiðgjarn. Hann getur ekki beðið 12 ár, eða tvenn 12 ár, eftir að sjá efndir gefinna loforða.

Jeg vil mótmæla því, er hv. 5. landsk. (JBald) sagði, enda þótt mjer fyndist hann að öðru leyti hafa skilið efni, eðli og framkomu till. rjett, að hjer er alls ekki neitt það á ferðum, sem hægt er að kalla byltingu. (**JBald**: Fullkomnun á byltingu). Ekki heldur. Kvenrjettindi voru viðurkend sem almenn og sjálfsögð mannrjettindi, en voru ekki knúin fram með „demonstrationum". Það gerir muninn.

Hvað myndar þjóðfjelagið? Karl og kona. Án hvors má vera? Hvorugs. Einu sinni var Alþingi Íslendinga svo skipað, að því þótti rjett að veita konum þessi ótvíræðu mannrjettindi. Jeg býst ekki við, að þessi þjóð, svo fámenn sem hún er, hafi frekar en aðrar þjóðir ráð á því að láta meira en helming þjóðarinnar vera án íhlutunarrjettar um mál, sem varða alla jafnt, karla og konur, unga og gamla, nútíð og framtíð.

Jeg hefi ekki enn látið sannfærast um, að konan geti aðeins rækt störf sín vel undir askloki því, sem kallað er að gæta bús og barna. Raddirnar, er um það gala, eru of hjáróma til þess að jeg taki þær sem gildar sannanir. En annars eru dæmin utan úr heimi, sem benda í gagnstæða átt, of mörg og auðsæ til þess að þörf sje, að jeg standi hjer og vitni!

Það er fjarri mjer að vilja með þessu bera á móti því, að karlmenn standi mætavel í stöðum sínum margir hverjir og vinni þarft verk í nefndum og á annan hátt, en — og það er það, sem jeg vil fá fram — það er alls ekki þar með útilokað, að konur kunni að gera það líka.

Mjer þótti vænt um að heyra, að hv. 5. landsk. (JBald) taldi ekki æskilegt að samþykkja dagskrártill. hv. 1. þm. Eyf. (EÁ). En hún er að minni hyggju vægast sagt nokkurskonar grímuklædd vantraustsyfirlýsing á konur.

Einar Árnason: Mjer fanst ekki laust við, að nokkurrar persónulegrar áreitni kendi og brigslyrða hjá hv. flm. (IHB) út af þeim fáu orðum, er jeg mælti áður. Sneiddi jeg þó hjá í ræðu minni að beina nokkru persónulegu að hv. flm., jeg ræddi aðeins málið, og jeg tek ekki á móti neinum brigslyrðum, er jeg tala um eitthvert málefni með fullum rökum og áreitnislaust.

Hv. flm. kvartaði yfir því að hafa

ekki getað náð öllu verðmætinu úr ræðu minni á pappírinn. Ræðan var ekki löng, svo að verðmætin hafa þá verið ekki svo lítil, úr því þau náðust ekki öll.

Annars þarf jeg litlu að svara, enda fanst mjer hv. flm. ganga frá till. sinni að miklu leyti. Taldi útúrsnúning hjá mjer að skilja till. svo, að stjórnin væri skyld að skipa konur í nefndir, og ljet í ljós, að t. d. bæri ekki að skilja hana svo, að stjórnin skuli skipa konu í þá nefnd, sem væntanlega verður sett á þessu þingi til þess að athuga landbúnaðarlöggjöfina. Þá veit jeg ekki, hvað meint er með till., ef stjórnin á ekki að gera neitt með hana. (**IHB:** Það hefir verið beðið lengur). Já, konur hafa beðið í 12 ár, sagði hv. flm. Það er ekki mikill tími, borið saman við hið stóra tímabil sögunnar. En 12 ár er vitanlega nokkur tími í æfi eins manns eða einnar konu, einkum þegar farið er að líða á æfidaginn. En það er alt of mikið bráðlæti að vilja láta þingið blanda sjer í þetta mál. Jeg held, að farsælast sje að láta það koma smátt og smátt, og jeg efast ekki um, að það komi. Svo er fyrir að þakka, að konur eru það vel af guði gerðar, að þær geta staðið karlmönnum á sporði um mörg störf; jeg segi ekki öll; það væri alls ekki rjettmætt að heimta af konum öll samskonar störf og karlmönnum.

Hv. flm. (IHB) lagði mikið upp úr landsfundi kvenna nyrðra í fyrra. Jeg skal ekki neita þýðingu þess fundar, en næsta lítil stoð er hann þeirri fullyrðingu hv. flm., að öll kvenþjóðin standi að baki till. (**IHB:** Það sannast á sínum tíma). Ef draga ætti líkindadæmi af fylgi kvennalistans við landskjörið í sumar sem leið . . . (**IHB:** Stóð ekki að honum, og get því ekki um það dæmt). Jæja, hv. 2. landsk. (IHB) afneitar þá kvennalistanum. En þótt hv. flm. (IHB) kasti að mjer kaldyrðum og hnútum fyrir það, að jeg sje á verði gegn því, að konur njóti rjettar síns, get jeg þó sýnt, að á þingi í fyrra reyndi jeg að verja konur fyrir því oki, er þessi hv. þm. vildi á þær leggja, að þær skyldu nauðugar viljugar taka sæti í öllum mögulegum nefndum, hversu sem ástatt væri fyrir þeim. Hefi jeg fyrir það hlotið þakklæti of margra kvenna úti um land til þess að jeg hirði um hnýfilyrði hv. flm.

Jeg held það sje þýðingarlaust að vera að deila um, hvað það merkir þetta orð: „færar". Jeg sagði, að mjer þætti það óþarft. En ef það er talið nauðsynlegt, vildi jeg mega benda á, að það er til annað miklu betra og fallegra orð, og það er „hæfur". (**IHB:** Þekki það líka. Má vel vera).

Jeg veit ekki satt að segja, hvers vegna hv. flm. (IHB) og hv. 5. landsk. (JBald) geta ekki samþ. dagskrártill. mína. Í henni er alt það sama, er mjer skilst á þeim að eigi að vera í till. Dagskráin er mjer að vísu ekkert kappsmál, en það er þinglegri leið að samþykkja hana heldur en tillöguna.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): *Jeg geri ráð fyrir,* að hæstv. forsrh. (JÞ) hafi sagt um till. það sem þarf af stjórnarinnar hálfu. Jeg sje ekki ástæðu til annars en að stjórnin taki vel í till. Jeg skil hana sem bending til stjórnarinnar um að skipa hæfar konur, þar sem hún hefir íhlutunarrjett. En hinsvegar kemur

það ekki til mála um þær nefndir, þar sem stjórnin hefir ekki þann rjett.

Þótt þessi till. nái ekki til annara nefnda en þeirra, er stjórnin skipar, getur það þó haft óbeinlínis áhrif úti um land, að Alþingi lýsi því yfir, að rjett sje, að konur eigi sæti í nefndum eftir hæfileikum. Þetta getur haft áhrif á nefndakosningar úti um land.

Jeg tel enga hættu á, að till. misskiljist, síður en svo, og jeg hefi ekkert á móti, að hún verði samþ. En jeg vil benda hæstv. flm. (IHB) á það, að í öllu falli vegna stjórnarinnar er nóg, að till. fari aðeins gegnum þessa deild. Mun hún eins taka hana til greina, þótt hún gangi ekki gegnum Nd. líka.

Flm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg verð fyrst að svara hv. 1. þm. Eyf. (EÁ). Hann talaði um, að jeg hefði farið með brigsl og áreitni í sinn garð. Sjálfur kvaðst hann hafa sneitt hjá þesshátttar, enda vænti jeg slíks af honum. Það var ekki heldur ætlun mín að veitast að þessum hv. þm. persónulega, og hafi honum fundist jeg gera það, hefir afstaða hans til málsins valdið því. En jeg finn ekki ástæðu til að taka neitt aftur af því, sem jeg hefi sagt. Hann talaði um „verðmæti" í ræðu sinni, sem jeg hefði ekki náð á pappírinn. Það má vel vera, að einhver verðmæti úr hans löngu ræðu hafi farið fram hjá mjer. En jeg reyndi að svara því, sem jeg náði, og fanst máli skifta.

Hv. þm. (EÁ) sagði, að jeg hefði gengið frá till. minni. Jeg mótmæli því. Það var ekki að hvika frá till., þótt jeg segði í sambandi við skipun milliþinganefndar í landbúnaðarmálum, að jeg byggist ekki við, að kona yrði skipuð í þá nefnd, af því till. kæmi svo seint fram og í nefndinni yrðu ekki nema 3 menn, 2 skipaðir af Alþingi og 1 stjórnskipaður. Jeg hefi ekki búist við, að kona yrði skipuð í þá nefnd, enda þótt fær kona á því sviði geti verið til. Jeg sagði þetta því vitandi vits, en ekki að mjer yrði mismæli eða væri í nokkru að hvika frá till.

Þá talaði hv. þm. um, að 12 ár væri ekki langur tími á vissu skeiði mannsæfinnar, og vildi gefa í skyn, að farið væri að halla undan fæti fyrir mjer. Það skiftir nú reyndar ekki miklu máli hjer. Jeg tók fram, að nútíðin væri meir hraðfara en fortíðin, og því yrði að krefjast fljótari framkvæmda nú en fyrir mannsaldri síðan. Hv. þm. taldi farsælast, að breytingin kæmi smátt og smátt. Hjer er ekki á ferðinni neitt ofurkapp eða byltingakrafa. Það er ekki verið að reyna að hrinda karlmönnunum úr vegi, heldur mælst til friðsamlegrar samvinnu við þá.

Þá kannaðist hv. þm. (EÁ) við, að konur væru eins vel af guði gerðar og karlmenn og því jafnhæfar til nefndarstarfa. Hann kvaðst líka jafnan hafa staðið á verði um það, að konur fengju að njóta rjettinda sinna. Jeg skal nú ekki lengja umræðurnar með því að rekja þau afskifti hans, en satt að segja hefi jeg aldrei orðið vör við þá hlið málaflutnings hans. Hann benti á, að í fyrra hefði hann viljað losa konur við það að vera teknar nauðugar til nefndarstarfa, sem ekki voru við þeirra hæfi. Þetta hefir nú kannske ekki verið sprottið af vantrausti á konunum. En jeg gat þess þá, að ekki væri ástæða til að ætla, að konur yrði teknar

nauðugar frá heimilum sínum til þessara hluta, ef þær ættu ekki heimangengt.

Loks taldi hv. þm. þinglegri leið að samþ. dagskrána heldur en till. Jeg er nú búin að láta í ljós skoðun mína um það. Auk þess get jeg bent á, að hæstv. ráðh. (MG) tók till. mjög vingjarnlega og ljet svo um mælt, að stjórnin sæi ekki neitt við það að athuga, að nefndir væru sumpart skipaðar konum, að því leyti sem stjórnin ætti um það íhlutunarrjett. Jeg er þakklát hæstv. atvrh. (MG) fyrir ummæli hans, því að hann tók mun sanngjarnlegar og hlýlegar undir málið en hæstv. forsrh. (JÞ, sem að vísu var ekki á móti því, en fór þó ekki um það sjerlega vingjarnlegum orðum.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi aðeins segja hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), að jeg get ekki fallist á dagskrá hans, af því að hún slær föstu því ástandi, sem er, og vísar auk þess spurningunni út í framtíðina. Að *formi* til væri líka samþykt hennar sama sem fall till., því að hún mundi heyra undir fallin mál, ef dagskráin yrði samþykt.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. Eyf. (EÁ) feld með 8:5 atkv.

Tillgr. samþ. með 8:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. til Nd.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 288).

51. fundi í Nd., laugardaginn 9. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 54. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. apríl, var till. tekin til einnar umr. (A. 288).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. feld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, MG, PO, ÞorlJ, HjV, JÓl.

nei: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÁJ, ÁÁ, BSt, IngB, JG, BSv.

HStef og HK greiddu ekki atkv.

Ellefu þm. (JörB, KlJ, MJ, MT, ÓTh, SigurjJ, ÞórJ, BL, JakM, JAJ, JK) fjarstaddir.

4. Áfengisvarnir.

Á 2. fundi í Sþ., laugardaginn 5. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um áfengisvarnir (A. 105).

Á 3. fundi í Sþ., miðvikudaginn 16. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. fundi í Sþ., fimtudaginn 24. mars, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., mánudaginn 25. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 105).

Flm. (Jón Guðnason): Það munu ekki vera skiftar skoðanir um það, að stærstu sporin, sem við Íslendingar höfum stigið í löggjöf okkar á síðustu árum, eða áratugum, sjeu þau spor, þegar bannlögin voru sett 1909, og svo þegar sambandslögin voru sett 1918. Þessi tvenn lög eru mjög sambærileg, þegar að því leyti, að bæði eru sett með óvenjulegum hætti. Það var ekki látið nægja, að Alþingi samþykti þau, heldur var einnig leitað um þau bæði álits allra kjósenda í landinu. Með þeirri aðferð við setningu laganna hefir því verið slegið föstu, að þessi lög bæði voru álitin mjög þýðingarmikil fyrir þjóðina, fram yfir önnur lög í seinni tíð.

Um sambandslögin þarf jeg ekki að fjölyrða. Sú mikla barátta fyrir þeim, sem var á undan gengin, er ljós vottur þess, hve mikið fjöregg þjóðarinnar lögin eru. En um bannlögin er sama máli að gegna. Þau lög komust á eftir mikla og langvinna baráttu og eftir að margir menn og mörg fjelög höfðu stefnt að því í mörg ár að koma þeim á.

Bannlögin eiga sammerkt í því við sambandslögin, að þau hljóta, allri löggjöf fremur, að vekja athygli á landi og þjóð út á við. Það er ekki aðeins, að við sjeum ein hin fyrsta þjóð, sem setur hjá sjer þesshátt löggjöf, heldur er löggjöf þessi einnig ávöxtur þeirrar hreyfingar, sem nú er einhver hin sterkasta alheimshreyfing. Má því fullyrða, að eins og örlög þjóðarinnar eru undir því komin, hvernig hún heldur á sjálfstæði sínu gagnvart öðrum þjóðum á komandi tímum, þá mun og það álit, er þjóðin nýtur úti í frá í nálægri framtíð, fara að miklu leyti eftir því, hvernig hún fer með þessa þýðingarmiklu löggjöf, bannlögin, í framkvæmdinni. Það hlýtur að vera svo, að til þeirrar þjóðar, er frammi fyrir öllum heimi hefir stigið svo stórt spor að setja aðflutningsbannslög, verði gerðar miklar kröfur. Má því segja, er litið er á afstöðu okkar út á við og athugað, hversu mikils við höfum að gæta til þess að halda áliti okkar þar, þá sje framkvæmd okkar á bannlögunum eitt af því, sem þar þarf að taka tillit til. Hvort heldur það er þjóð eða einstaklingur, er veitir okkur eftirtekt og myndar sjer skoðun um íslensku þjóðina og það þroskastig og siðferðisstig, sem hún stendur á, þá er eitt með því fyrsta, sem litið er á, meðferð og framkvæmd bannlaganna. Sú þjóð, er stigið hefir svona stórt spor, hefir frammi fyrir öllum heimi lýst yfir því, að hún ætli að gera miklar og áður óvenjulegar kröfur til sjálfrar sín um siðgæði og sterka framkvæmd á löggæslu í landinu. Og eftir því, hvernig hún stendur við þessa ákvörðun, fer dómur annara þjóða og seinni tíma manna, er kynna sjer sögu þjóðarinnar á þessum tímum. Það er óhætt að kveða svo að orði, að þó bannlögin sjeu fyrst og fremst mál, er snertir okkur sjálfa, þá sjeu þau jafnframt það af utanríkismálum okkar, er við verðum að gæta vel að, ekki síður en öðrum málum, er beint snerta viðskifti okkar og rjett gagnvart öðrum þjóðum. Um leið og bannlögin eru þannig einna þýðingarmesta atriðið í löggjöfinni um

afstöðu þjóðarinnar út á við, hefir það mikla þýðingu og víðtæka fyrir þjóðina inn á við, hvernig hún framkvæmir þessa löggjöf. Það hlýtur að hafa mikil áhrif á sjálfsvirðingu okkar, hvernig við stöndum við þá yfirlýsingu, sem við gáfum, þegar bannlögin voru sett. Þar hvílir ábyrgðin ekki aðeins á þeim, sem voru meðmæltir löggjöfinni, og að hún yrði sett, heldur hvílir hún á öllum einstaklingum þjóðarinnar. Það hljóta allir að verða að viðurkenna, að þó þeir sjeu ósammála um ýms mál, þá sje þó það, er snertir heiður þjóðarinnar út á við og sjálfsvirðingu, sameiginlegt mál allra. Þegar um afstöðu gagnvart bannlögunum er að ræða, þá kemur ekki til greina, hvernig menn litu á þau í upphafi, eða hvort þeir töldu heppilegt, að þetta stóra spor væri stigið eða ekki. Aðalatriðið frá sjónarmiði þeirra, sem lögunum eru meðmæltir, og eins hinna, hlýtur að vera það, að þessum lögum beri að halda uppi og í heiðri, svo sem mest má verða. Það hefir einnig sýnt sig, að ýmsir, sem voru í fyrstu hikandi við að stíga þetta spor, hafa síðar orðið í röð bestu talsmanna bannlaganna. Sú afstaða byggist á því, að þeim er ljóst, að hjer er um svo mikilvæga löggjöf að ræða, er grípur svo djúpt í líf þjóðarinnar, að sje hún ekki í heiðri höfð, þá sje hætt virðingunni fyrir löggjöf landsins í heild sinni, og þá sje sú hætta yfirvofandi, að virðingarleysi fyrir lögum landsins fari í vöxt og margvísleg óáran, er af slíku leiðir.

Það hlýtur að vera áhugamál allra góðra Íslendinga, hvernig svo sem þeir hafa litið á lögin í upphafi, að framkvæmd þeirra geti orðið sem mest með þeim hætti, að auka og efla sjálfsvirðingu þjóðarinnar og trú á það, að unt sje að koma í framkvæmd hjer þeim málum, sem reyna á siðferðisþrek þjóðarinnar og mátt löggæslunnar til þess að halda uppi lögum og rjetti. En eins og kunnugt er, hafa bannlögin brugðist mjög vonum þeim, er fylgismenn þeirra og þingmenn þeir, er settu þau, gerðu sjer í upphafi. Ástandið er nú svo, að flestum er ljóst, að við svo búið megi ekki standa til lengdar. Einhver breyting verði að eiga sjer stað frá ástandinu, sem verið hefir undanfarið, þó menn greini á um það, hvaða leið skuli fara til að afmá þann blett, er fallið hefir á þjóðina með framkvæmd laganna. En þá er spurningin sú, hverja leið eigi að fara til þess að komast út úr því ástandi, sem nú er ríkjandi í þessu efni. Á seinni árum hafa heyrst sterkar raddir um það, að bannlögin sjeu búin að reyna sig og gagnvart þeim sje ekkert annað að gera en afnema þau algerlega. Mjer finst, þegar þess er gætt, er gerst hefir síðan bannlögin gengu í gildi, að það sje furðulegt, að þessi skoðun skuli hafa fengið slíkan byr, eða svo mikla áheyrn, sem raun er á.

Þegar litið er á framkvæmd bannlaganna, hygg jeg óhætt að slá því föstu, að íslenska þjóðin hafi ekki framkvæmt þau átök um vernd bannlaganna, er geti rjettlætt það, að menn gefi upp alla von um það, að þau nái tilgangi sínum. En fyr gæti þjóðin ekki gert sjer þann vansa, að afnema þessi lög, en það væri komið svo greinilega í ljós, sem mest má verða, að búið væri árangurslaust að þrautreyna hverja hugsanlega aðferð til þess að efla og vernda bannlögin í framkvæmdinni.

Það er vitanlegt, og mátti búast við

því þegar í upphafi, að það mundi kosta langa og harða baráttu að koma framkvæmd þeirra í það horf, að þau gætu náð tilgangi sínum til fulls. Það var ekki nema eðlilegt, að svo hlyti að vera, og jeg tel meira að segja líklegt, að þeir, sem voru hvatamenn þess, að bannlögin komust á, hafi gert sjer það ljóst þá þegar í upphafi, en verið hinsvegar svo bjartsýnir og haft þá trú á áhuga- og siðgæðisþreki þjóðarinnar, að þeir hafi verið þess fullvissir, að sú barátta mundi enda með sigri. Þessi fáu ár, sem liðin eru síðan bannlögin gengu í gildi, eru ekki svo langur tími, að talist geti fullgildur prófsteinn á þau, eða rjettlætt, að þau verði afnumin í náinni framtíð. Einkum eru þau ekki nægileg, þar sem við getum sagt um sjálfa okkur, því miður, að við höfum ekki reynt til þrautar að vernda bannlögin svo og framkvæma samkvæmt tilgangi sínum, að það hafi getað komið fyllilega í ljós, að hve miklu leyti þau eru framkvæmanleg í raun og veru hjer hjá okkur Íslendingum.

Þar sem nú má slá því föstu, að sú skoðun, að bannlögin beri að afnema sem fyrst, eigi — jeg verð að segja — engan rjett á sjer, þá ætti það að skoðast sem sjálfsagt verkefni hinna þjóðkjörnu löggjafa á hverju einasta þingi að hafa glöggar gætur á, hvar stærstu veilurnar í framkvæmd bannlaganna sje að finna, og gera ráðstafanir til þess að ráða bót á þeim. Og því meiri hvöt ætti það að vera okkur löggjöfunum að gera þetta, sem fullyrða má, að mikill meiri hluti hinnar íslensku þjóðar geri til okkar kröfu í þessa átt. Og það, hve þessar kröfur eru háværar og víðtækar, sem láta til sín heyra um meiri alvöru og festu við framkvæmd bannlaganna, er því merkilegra sem mjög hefir verið prjedikuð nú á seinni árum sú skoðun fyrir fólki, að þessi lög væru óframkvæmanleg, og því bæri að afnema þau sem fyrst. Þær raddir, sem því hafa haldið fram, hafa á síðari árum gerst svo háværar, að þjóðin hefir mátt heita miklu fremur undir áhrifum þeirra en hinna, sem hafa haldið með bannlögunum. Einmitt þetta, að íslenska þjóðin heldur enn fullri trygð við bannlögin og hefir þrátt fyrir alt þá trú, að hægt sje að framkvæma þau, svo að gagni komi, sýnir, hversu mikil ítök þessi löggjöf á í þjóðinni sjálfri. Það sýnir, að hver sú viðleitni, sem gengur í þá átt að vernda þessa löggjöf, á vísan stuðning hjá meiri hluta þjóðarinnar. Það er enginn vafi á því, að þrátt fyrir útmálanir andbanninga, að ekki sje unt að framkvæma bannlögin, þá lítur þó mikill meiri hluti hinnar íslensku þjóðar svo á, að þar sem þau eru, sje um að ræða löggjöf, sem sett sje til að vernda og geti verndað það þrent, sem telja má, að sje mjög áhrifaríkt fyrir velferð þjóðarinnar á komandi tímum. Viðhald og framkvæmd bannlaganna er eitt hið stærsta f j á r h a g s m á l þjóðarinnar. Það er hverjum heilvita manni ljóst, hversu háskalegt það er að eyða svo miklum fjármunum í áfengi sem raun ber vitni að altaf verður, þar sem áfengi er til sölu takmarkalaust. Í öðru lagi lítur hin íslenska þjóð á bannlögin sem eitt sitt stærsta s j á l f s t æ ð i s m á l, og þess vegna mundi metnaður þjóðarinnar fyrir sjálfstæði sínu særður verða, ef bannlögin yrðu afnumin, og það má segja, að metnaður þjóðarinnar sje særður í hvert skifti sem þjóðin sjer mistök á framkvæmd bannlaganna. Í

þriðja lagi er óhætt að segja, að mikill hluti þjóðarinnar lítur á bannlögin sem eitt stærsta atriðið í heilbrigðis- og siðferðismálum sínum og skoðar þau sett sem víggarð, hlaðinn til verndar heilbrigði og siðgæði þjóðarinnar. Þrátt fyrir öll mistök, bæði óhjákvæmileg og þau önnur, sem ef til vill má kenna löggæslunni um og þjóðinni sjálfri, þá er óneitanlegt, að bannlögin hafa víða hvar á okkar landi haft víðtæka þýðingu í þessu efni fyrir siðferðislíf manna.

Í mörgum hjeruðum landsins er það svo, að drykkjuskapur eða önnur spilling, er af honum leiðir, er þar ekki lengur til. Yfirleitt eru það einkum kaupstaðir og sjávarþorp, sem hafa af þessu að segja. En í sveitunum held jeg mjer sje óhætt að segja, að bannlögin hafi reynst svo sem vonast var eftir af hvata- og forgöngumönnum.

Jeg gat um það áðan, að sökum þess, hve bannlögin eru mikilvæg, og sökum þess, að íslenska þjóðin, eða mikill hluti hennar að minsta kosti, hefir enn fullan vilja á að halda í þau, þá er það skylda löggjafanna á hverju þingi að gera sem best þeir geta til þess að vernda þessa löggjöf og gera framkvæmd þeirra svo, að þau geti notið sín sem best. Einmitt með þetta fyrir augum er það, að jeg og hv. 2. þm. S.-M. (IP) höfum komið fram með þá þáltill., sem nú liggur fyrir til umr. hjer í dag í Sþ. Við flytjum þessa till. í þeirri föstu trú, að þau atriði, sem í henni felast, hafi svo alvarlega þýðingu fyrir framkvæmd bannlaganna, til þess að hjálpa þeim til að ná tilgangi sínum, að ekki sje afsakanlegt, að ekki verði gert alt, sem unt er, til að framkvæma það, sem við förum fram á í till.

Jeg vil þá víkja nokkrum orðum að sjálfri till., og rekja lið fyrir lið.

1. liður er áskorun til hæstv. ríkisstjórnar að verða sem fyrst við óskum þeirra bæjarstjórna, sem farið hafa fram á, að lögð yrði niður útsala vína hjá þeim í kaupstöðunum. Eins og kunnugt er, þá er útsala á vínum frá vínverslun ríkisins víst í öllum kaupstöðum landsins, auk Reykjavíkur. Í flestum þessara kaupstaða hefir verið borin fram almenn ósk um það, að slík útsala væri lögð niður, en bæjarbúar hafa ekki hingað til fengið því framgengt, heldur hefir verið neytt upp á þá verslun með vöru, sem þeir ekki vilja að sje á boðstólum. Það er ekki hægt annað að segja en að þetta fyrirkomulag, að neyða upp á bæi vöru, sem þeir vilja útrýma frá sjer, beri vott um kúgun, sem þessi bæjarfjelög verða fyrir af hálfu ríkisvaldsins. Og þessi kúgun, hverjar sem orsakir hennar eru, er einn ávöxturinn eða afleiðing af þeirri kúgun, er við Íslendingar urðum fyrir af hendi Spánverja, er við neyddumst til að rjúfa skarð í þann múrvegg, er bannlögin áttu að vera. Svo er víst, að þá er Spánarsamningarnir voru gerðir, mun meiri hluti þjóðarinnar, þótt sárnauðugur væri, hafa verið þeirrar skoðunar, að ekki væri annars kostur en láta undan síga kröfum Spánverja, vegna þess, hve öll okkar fjárhagsafkoma er mikið undir þeim komin. En hins hefir þjóðin þó vænst, að ekki væri hopað undan Spánverjum meira en nauðsyn rak til samkvæmt viðskiftasamningi þeim, sem

gerður var við þá. En það hefir að minsta kosti enginn upplýst enn frammi fyrir hinni íslensku þjóð, að þurft hafi að setja svo víða útsölustaði sem gert hefir verið.

Jeg hefi hjer fyrir framan mig þennan viðskiftasamning, sem leyfir Spánverjum innflutning spænskra vína, og þar er ekki einu orði á það minst, hversu margir útsölustaðir skuli vera hjer á landi. Ef einhver skilyrði um þetta atriði hafa verið sett frá hendi Spánverja, þá hafa þau að minsta kosti ekki komið fram í dagsljósið, og má það merkilegt og óforsvaranlegt heita. En þá er spurningin: hvers vegna hefir þetta verið gert, að setja svo víða útsölustaði á áfengi? Ef ekki eru til aðrir samningar við Spánverja um þetta efni en þessi, sem birtur er í Stjórnartíðindunum árið 1924, og svo mun heldur ekki vera, þá vil jeg segja það með öllu ófyrirgefanlegt af hinni íslensku ríkisstjórn að hafa gripið til þessa tiltækis. Að minsta kosti hefði mátt láta bíða að fjölga útsölustöðunum fram yfir einn, þangað til Spánverjar kæmu með kröfu um slíkt. En það verður ekki sjeð, að nein krafa hafi komið fram um það.

Mjer virðist því, hvað sem líður skaðsemi áfengisnautnar, að með óþarfri undanlátssemi hafi verið særður rjettmætur þjóðarmetnaður okkar Íslendinga. Mjer virðist hjer gengið inn á hina háskalegustu braut, sem jeg get hugsað mjer, þá braut, að hvenær sem erlend áhrif þrýsta okkur til þess að gera eitthvað, sem við ekki viljum, að ganga þá lengra í þá átt heldur en við nokkurntíma erum knúðir til.

Þar til frekari upplýsingar eru fyrir hendi, tel jeg, að hiklaust verði að halda því fram, að þetta hafi verið ófyrirgefanlegt glapræði. Hvað sem áfengismálinu sjálfu líður, vil jeg segja, að hjer hafi framið verið það brot gagnvart hinni íslensku þjóð, sem seint verði fyrirgefið og síst sæti á þeim að gera sig seka um, sem halda vilja fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar í heiðri út á við.

Jeg vil í sambandi við útsölustaðina vekja athygli á því, að eins og nú er hagað til um þá, höfum við að sumu leyti gengið lengra í þá átt að leyfa áfengissölu heldur en gert var meðan innflutningur var algerlega frjáls. Áður en bannlögin voru sett munu bæjarfjelög og sveitarfjelög hafa haft sjálfsákvörðunarrjett, hvort þau leyfðu hjá sjer áfengisverslun eða ekki, og nú mun vera útsala á áfengi á sumum stöðum, þar sem hún var ekki áður en bannlögin gengu í gildi.

Það hefir oft verið um það talað, og með rjettu, að fyrir Spánverjum hafi ekki vakað að fá hjer neinn verulegan markað eða útbreiðslu á vínum sínum, heldur aðeins að fylgja þeirri reglu, er þeir vilja framkvæma gagnvart viðskiftaþjóðum sínum, að þær leyfi innflutning á þeirra vöru. Því hefði líklega ekki þurft að stranda á Spánverjum, þótt farið hefði verið vægt í sakirnar og ekki gengið lengra í útbreiðslu áfengis en við beint vorum neyddir til samkv. orðalagi samningsins við þá.

Jeg vænti þess, að í umræðum um þessa till. fáist upplýsingar um það frá hæstv. stjórn, hvernig stendur á því, að hún hefir gengið svo langt í þá átt, að fjölga útsölustöðum á áfengi, og úr því ekki er minst á í Spánarsamningnum, hversu margir þeir skuli vera, hvað sje þá því til fyrirstöðu, að kaup-

staðir, sem óska eftir að leggja niður vínsölu hjá sjer, fái þeirri ósk framgengt. Það verður ekki sjeð, að neitt sje því til fyrirstöðu. Og þjóðin á heimting á, að þessari ósk sje fullnægt, svo framarlega sem ekki er sannað skýrt og ótvírætt frammi fyrir alþjóð, að óframkvæmanlegt og óleyfilegt sje að fækka útsölustöðum víns frá því sem nú er.

Jeg læt nú útrætt um þennan fyrsta lið till. Jeg álít ekki þörf að tala frekar um hann, með því að hann mælir svo ljóst með sjer sjálfur.

Jeg kem þá að 2. lið till. okkar, um það að skora á ríkisstjórnina að leita nýrra samninga við Spánverja á bannlagagrundvelli. Það má e. t. v. segja, að það sje að berja höfðinu við steininn að fara fram á þetta, því að það sje fyrirfram vitað, að það sje ekki fáanlegt eða framkvæmanlegt. Til svars við slíku vil jeg segja það, að það mun vera svo með marga viðleitni manna og þjóða, sem mest kapp er lagt á að koma í framkvæmd, að útlitið er oft og tíðum ekki betra en svo í upphafi, að af mörgum, sem vantar áhuga fyrir málinu, er viðleitnin dæmd fyrirfram sem vonlaus og óframkvæmanleg. Og það, sem algerlega nægir til að rjettlæta það, að við Íslendingar höldum þessu máli vakandi, á þessum grundvelli, er ekki það, að það sjeu svo eða svo miklar líkur til, að við fáum þessu framgengt, heldur hitt, að við lítum svo á, að þetta sje svo mikið velferðar- og sjálfstæðismál, að við hvorki getum nje viljum láta það liggja kyrt.

Það má benda á svo margt úr sögu þjóðanna, og þá einnig úr sögu okkar þjóðar, um baráttu, sem af flestum var dæmd fyrirfram sem þýðingarlaus og vonlaus, en sem þó endaði að lokum annaðhvort með fullum sigri eða þá ávann þjóðinni samúð, bæði hjá samtíð sinni og eftirkomendunum.

Það eitt, að við erum beygðir undir ok Spánarsamninganna, álít jeg nóg tilefni til þess að vera altaf vakandi og leita eftir tækifæri til þess að semja við þá á þeim grundvelli, að við getum komið bannlögunum á hjá okkur eins og þau voru áður en samningarnir við Spánverja voru gerðir.

Jeg býst við, að það sje ekki svo lítill hluti þjóðarinnar, sem lítur svo á, að hjer sje um mjög mikilsvert mál að ræða, og að það sje skylda okkar að vaka yfir hverju tækifæri, sem kann að gefast um nýja samninga við Spánverja á þessum grundvelli, og leita eftir því, hvort slík tækifæri væru ekki finnanleg.

Jeg vil leyfa mjer að benda á það í þessu sambandi, að ekki alls fyrir löngu var mál hjer fyrir þinginu, sem telja má mjög hliðstætt þessu, að leita nýrra samninga við Spán á bannlagagrundvelli. Það mál var flutt hjer af hv. þm. Borgf. (PO), og var um það, að fá færða út hina íslensku landhelgi. Það mun mega segja um það mál, að það sje vonlítið fyrir okkur að leita samninga við önnur ríki um rýmkun landhelginnar. En þó munu flestir telja þetta í alla staði rjettmæta málaleitun, vegna þess, að hjer er um svo þýðingarmikið mál að ræða, og svo mikið í aðra hönd, ef þetta fengist, að það væri óafsakanlegt að hreyfa því ekki, jafnvel þó lítil von sje um framgang.

Jeg vil í þessu sambandi skjóta því fram, án þess jeg fullyrði neitt um það, hvort ekki væri hugsanlegt að komast að samningum við Spánverja með því að veita þeim einhverja ívilnun með aðra vöru en áfengið og fá í staðinn linun á ákvæðunum um það. Jeg hefi t.d. heyrt, að Finnar hafi gert slíka samninga viðvíkjandi innflutningi á ávöxtum. Jeg skal ekkert segja um það, hvort slík viðleitni mundi bera tilætlaðan árangur, en hitt get jeg fullyrt, að mikill hluti hinnar íslensku þjóðar ætlast til þess af okkur þm., að við sjeum vakandi í þessu máli, og hún mun ekki telja það eftir, þó nokkru fje væri varið til þess. Og íslenska þjóðin óskar að fá að sjá það í framkvæmdinni, hvort von er um, að við fáum nokkru framgengt í þessu efni. Slík framkvæmd eins og sú, sem hjer er farið fram á, mundi auðvitað líka óbeinlínis verða til þess að styrkja og efla baráttuna fyrir verndun bannlaganna. Því að það styrkir altaf baráttu einstaklinga og fjelaga að sjá, að löggjafarþing þjóðarinnar er vakandi í málinu.

Þá kem jeg að 3. lið till., um að skora á stjórnina að hlutast til um það, að hætt verði þegar í stað að lána vín út í áfengisverslun ríkisins.

Það er vitanlegt, að það er svo með allar vörur, að neysla þeirra eykst við það, ef þær eru lánaðar út, og vitanlega einkum ef það eru munaðarvörur. Að lána út slíkar vörur er því sama sem að gera ráðstafanir til að auka neyslu á þeim. Það er svo hjá okkur Íslendingum, því miður, að lánsverslun er ekki enn úr sögunni og verður ekki í nánustu framtíð, eins og högum vorum er nú komið. En þó ekki verði komist hjá henni sem stendur, þá munu allir líta á það sem böl, að hún skuli þurfa að eiga sjer stað. En vegna ástæðna, sem óþarft er að lýsa, verður ekki hjá henni komist.

En þegar um vöru er að ræða, sem engin brýn þörf er á að kaupa og menn komast miklu betur af með að vera án, þá er ekki ástæða til að láta lánsverslun eiga sjer stað.

Það mun vera talið, að nokkur hluti af áfengi því, sem vínverslunin lætur úti, sje nauðsynlegt, nefnilega til lækna og lyfjabúða, handa sjúklingum. Um það, hversu mikil þörf sje á þessu áfengi, hefir nú verið mikill ágreiningur, og einnig innan læknastjettarinnar, og það er eftirtektarvert, að fyrir utan það, að meðal leikmanna líta flestir svo á, að þörfin fyrir áfengi til lækninga sje lítil, þá líta allmargir merkir læknar á landinu svo á, að þörfin sje lítil eða engin. Á læknafundi norðanlands fyrir 2—3 árum var samþ. till. um að afnema hið svokallaða læknabrennivín.

Ef þessi skoðun læknafundarins fyrir norðan er rjett, þá er ekki sjáanlegt, að útlán þurfi að eiga sjer stað vegna lækna og lyfsala. Þörf þeirra er þá ekki svo mikil, að þeim sje vorkunn að greiða áfengi það, sem þeir þurfa, við móttöku þess. Það virðist því full ástæða til þess að gera undantekningu með áfengið frá öðrum lyfjum, að það sje ekki lánað út, þar sem það er kunnugt, að það er misnotað.

Mjer er ekki kunnugt, að hve miklu leyti lánin hafa gengið til lækna og lyfsala eða vegna sjúklinga, eða að hve miklu leyti til hinna annarra neytenda. En jeg verð að líta svo á, að þó það sje óþarft og jafnvel óafsakanlegt,

eins og meðferð lækna hefir sýnt sig að vera á áfenginu, að þeim sje lánað, þá sje alveg óverjandi í landi, sem á að heita bannland, að efla útbreiðslu áfengis með því að lána það út til almennra viðskiftamanna.

Á síðasta landsreikningi, fyrir árið 1925, má sjá, að útistandandi skuldir vínverslunarinnar í lok ársins hafa verið 467 þús. kr. eða nærri hálf milj. kr. Endurskoðendur landsreikninganna hafa auðvitað vítt þetta, og hæstv. stjórn hefir lofað að taka þetta til athugunar og koma í veg fyrir, að þetta eigi sjer stað framvegis, og er gott að eiga þetta loforð hennar um það. En það verður aldrei of mikil áhersla á það lögð, að slíkt ætti aldrei framar að sjást í hinum íslenska landsreikningi. Við getum naumast hugsað okkur nokkurn lið, sem gæti verið óafsakanlegri eða setti meiri blett á landsreikninginn en þessi liður.

Með því að gera nú ráðstafanir til þess, að hætt verði að lána út áfengi, þá gerum við sjálfsagða og hæverska ráðstöfun til þess að ganga ekki lengra í þá átt, sem kúgun Spánverja neyddi okkur, en nauðsyn er til. En með útlánum og hinum mörgu útsölustöðum höfum við, þegar útlend þjóð hafði neytt aðstöðu sinnar til þess að láta okkur hopa aftur á bak frá okkar eigin lagasetningu og vilja, ótilkvaddir og að óþörfu hopað mörgum skrefum lengra. Og hvað sem öllum áfengismálum líður, þá er þetta svo mikill blettur á þjóðarheiðri okkar, að slíkur blettur hefir naumast á okkur komið fyr, og er óskandi, að ekki komi á okkur framar.

Það lofar ekki fögru um sjálfstæði okkar og þjóðarmetnað, ef mörg slík spor verða stigin aftur á bak, og það að óþörfu.

Þá kem jeg að 4. og síðasta lið till., um það, að skora á stjórnina að birta í lok hvers ársfjórðungs í Lögbirtingablaðinu nákvæma skýrslu um það, hve mikið áfengi hver lyfjabúð og læknir hefir fengið og látið úti á undangengnum þrem mánuðum, samkvæmt lyfseðlum eða á annan hátt.

Þegar jeg tala um þennan lið, kem jeg að efni, sem mjög hefir verið rætt síðan bannlögin gengu í gildi, en það er afstaða læknanna til áfengisins og áhrif þeira á framkvæmd bannlaganna í landinu. Mjer er víst óhætt að segja, að íslenska þjóðin hefir skilið og kunnað að meta þýðingu læknastjettarinnar fyrir þjóðfjelagið; hún hefir sett sína bestu lækna í röð með sínum mætustu og ágætustu mönnum. Jeg gæti nefnt hjer mörg nöfn, en þess gerist ekki þörf.

Læknastjettin er sem sjálfstæð stjett tiltölulega ung í landinu, og það má segja, að þegar hin nýja læknakynslóð, sem svo hefir verið kölluð, kom til sögunnar fyrir hjer um bil 30 árum síðan, þá hafði hún farið glæsilega af stað og lofað miklu um það, hversu affarasæla þýðingu hún mundi hafa fyrir þjóðina. Jeg á hjer við það, þegar hinir ágætu læknar komu til sögunnar á síðasta áratug 19. aldarinnar og mynduðu svo að segja nýtt tímabil í sögu íslenskra heilbrigðismála. En áður en liðinn var hinn fyrsti aldarfjórðungur eftir að hin nýja læknakynslóð kom til sögunnar, þá hefir það skeð, að mikill blettur hefir fallið á hina íslensku læknastjett, að minsta

kosti í augum mikils fjölda manna meðal þjóðarinnar.

Það er víða meðal þjóðarinnar litið svo á, að ýmsir læknar landsins sjeu hreinir og beinir vínsalar, veiti aðgang að víni, án þess það sje á nokkurn hátt í þágu læknisstarfsemi þeirra, heldur til þess eins, að það sje misbrúkað á þann hátt, sem fer algerlega í bága við þær ráðstafanir, sem gerðar voru, þegar bannlögin voru sett. Jeg er ekki nægilega kunnugur þessu máli til þess, að jeg geti sagt um, hve mikill sannleikur er fólginn í þessu almenningsáliti. En jeg veit, að hann er nokkur, og vissulega of mikill. Jeg veit líka, að það eru til ýmsir læknar, sem ekki eiga þennan orðróm skilið, og þeim rennur til rifja sá blettur, sem fallinn er á læknastjettina út af þessu máli, og vildu fegnir, að ráðstafanir væru gerðar, sem orðið gætu til þess að afmá þann blett. Það hefir oft verið talað á þá leið, að rjettast væri að svifta læknana algerlega áfengi, og þetta hefir komist svo langt, að á læknafundi hefir slík tillaga einu sinni náð samþykki. Jeg skal ekki leggja dóm á það, hvort rjett væri að taka áfengið alveg af læknunum. Þó þykir mjer líklegt, að það mætti alveg að skaðlausu, því að fyrir því eru orð margra merkra lækna, að áfengi sje ekki nauðsynlegt til lækninga. Eins og við vitum, er mikil neysla áfengis í landinu umfram það, sem stafar af Spánarvínum. En hitt er ekki ljóst, hve mikið af þeirri neyslu stafar af ólöglegum innflutningi og bruggun, og hve mikið af svokölluðu læknabrennivíni. Þessi liður till. fer aðeins fram á, að upp sje tekinn sá siður, að gera skýrslur um áfengisnotkun lækna og lyfjabúða, en ekki að öðru leyti farið fram á að setja þeim aukið aðhald um notkun áfengis. Með þessu móti kæmi í ljós raunveruleg notkun hverrar lyfjabúðar og læknis á áfengi, skýr og óhrekjanlegur dómur um, við hve mikið almenningsálitið hefir að styðjast í þessu efni. Þegar þessar skýrslur kæmu út, gæti þjóðin sjálf dæmt um, hvort læknarnir ættu skilið þann orðróm, sem á þeim hvílir. Frá sjónarmiði þeirra lækna, sem á engan hátt misbrúka áfengið, væri slík ráðstöfun sem þessi mjög þýðingarmikil, því að hún bæri af þeim þann orðróm, sem á þá hefir fallið vegna aðgerða stjettarbræðra þeirra. Ef það kæmi í ljós, að áfengisnotkun lækna væri ekki um skör fram, þá væri mikið unnið, vegna þeirra, sem saklausir hafa orðið fyrir ámæli. Kæmi hinsvegar í ljós, að um misbrúkun væri að ræða, sæist, hvar sökin væri, og þá væri hægt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíka misbrúkun. Með þessu fyrirkomulagi ynnist m. a. það, að hægara væri að hafa eftirlit með því, hve mikið af áfengi því, sem notað er í landinu, stafar af ólöglegum innflutningi eða bruggun. Löggæslan á þessu sviði yrði þá hægari.

Jeg býst ekki við, að samþykt þessarar till. mundi valda gagngerðum umskiftum í bráð, að því er framkvæmd bannlaganna snertir. Jeg ætla þó, að Alþingi gætti þess í hvert sinn, sem það kemur saman, að gera einhverjar slíkar ráðstafanir, að þá mundi framkvæmd þessara laga smám saman komast í betra horf en nú er. Það veltur á miklu, að löggjafar þjóðarinnar og löggæslumenn sjeu sem best vakandi og geri sitt til þess að nema burt þær orsakir, sem mestu valda um drykkju-

skap í landinu og misbeitingu á framkvæmd bannlaganna.

Jeg sje ekki að svo stöddu ástæðu til að fjölyrða meira um þessar tillögur okkar, en leyfi mjer að vænta þess, að Alþingi taki þeim vel og að menn geti orðið sammála um, að hjer sje mjög hóflega í sakirnar farið. Jeg vænti þess, að allir hv. þm. líti á það sem sjálfsagt metnaðarmál fyrir okkur að halda þessari löggjöf okkar sem annari í þeim heiðri, sem unt er. Jeg þykist mega staðhæfa, þó að jeg sje ekki og hafi aldrei verið í neinum fjelagsskap þeirra manna, sem hafa unnið að því að koma bannlögunum á eða útrýmingu áfengis, að mikill hluti íslensku þjóðarinnar geri í huga sínum þá kröfu til löggjafa sinna, að þeir sýni fulla alvöru í því að vernda og framkvæma löggjöf okkar í áfengismálinu. Jeg vil fullyrða, að sá áhugi, sem er ríkjandi meðal þjóðarinnar í þessu efni, eigi ekki rót sína í ofstækisfullum hugsunarhætti manna, sem líta aðeins á eina hlið málsins. Jeg vil fullyrða, að bæði meðal þeirra, sem starfað hafa að bindindis- og bannmálum, og fjölmargra hinna, sem utan við hafa staðið, sje ríkjandi sterkur áhugi fyrir því, að hin íslenska þjóð verði ekki fyrir þeirri niðurlægingu og smán, að sýna sig aðgerðalausa og gefast upp í þeirri sjálfstæðis- og siðgæðisbaráttu, sem háð hefir verið í þessu máli, Jeg er sannfærður um, að þó að þær raddir, sem hæst láta gegn bannlögunum, sjeu svo háværar, að meira beri á þeim en hinum, sem hvetja til verndar og eflingar á bannlögunum, þá muni meiri hluti og besti kjarni hinnar íslensku þjóðar standa öruggur og fastur á þeirri braut, að hrinda þessu mikla fjárhags-, sjálfstæðis-, heilbrigðis- og siðgæðismáli áleiðis, svo sem frekast er unt.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. aðalflm. þessarar till. (JG) er nú með ræðu sinni búinn að nota allan þann tíma, sem hægt er að verja til þessa máls, án þess að tefja þingstörfin meira en góðu hófi gegnir. Jeg skal því verða stuttorður.

Fyrsti og annar liður þessarar till. snerta minn verkahring, að því er við kemur viðskiftasamningi okkar við Spánverja og aðrar þjóðir, sem njóta sömu kjara. Hv. flm. (JG) fór hörðum orðum um þá ráðstöfun, sem gerð var 1922 viðvíkjandi útsölustöðum á áfengi, er var á þá leið, að útsölustaðir skyldu vera í hverjum kaupstað. Hv. flm. spurði, því gengið hefði verið svo óþarflega langt. Jeg tel núverandi stjórn ekki skylt að svara til um þetta, þar sem hún er hvorki skipuð sömu mönnum nje studd af sama flokki sem bar ábyrgð á þáverandi stjórn. En jeg vil taka undir með báðum ráðherrunum, sem verið hafa á undan mjer síðan 1922, um það, að þá tilhögun um útsölustaði, sem upp var tekin í byrjun, verðum við að láta standa vegna samningsins við Spánverja, meðan við viljum hafa þann samning í gildi.

Eins og kunnugt er, varð það að samkomulagi við Spánverja, að við skyldum njóta þar lægstu tollkjara á fiski gegn tilslökun á bannlögunum, sem í fyrstu var gerð til bráðabirgða, með lögum 31. maí 1922 og konunglegri tilskipun sama dag. Í þessum lögum og tilskipuninni voru sett ákvæði um, hvers við þyrftum að gæta

um reglur innanlands viðvíkjandi útsölu vínanna, til þess að verða ekki af þeim hlunnindum, sem í boði voru af hendi Spánverja viðvíkjandi fiskversluninni. Þetta var þá orðað svo, að ákvæði til varnar misbrúkun við sölu og veitingar þessara vína megi ekki ganga svo langt, að þau „geri að engu" undanþágu vína þessara frá ákvæðum aðflutningsbannslaganna. Sama orðalag er tekið upp í tilskipunina frá 31. maí 1922. Það næsta, sem gerðist í þessu máli, var, að 18. júlí sama ár var gefin út reglugerð um sölu og veitingu þeirra vína, sem flytja má til landsins samkvæmt lögum 31. maí 1922. Í þeirri reglugerð er kveðið á um þá útsölustaði, sem settir skyldu á stofn. Í 5. gr. reglugerðarinnar stendur: „Útsölustöðunum stjórnar maður eða fjelög í hverjum kaupstaðanna". Síðan eru sett frekari ákvæði um tilhögun sölunnar.

Næsta ár, 1923, er svo endanlega gengið frá málinu með verslunarsamningi við Spánverja 23. júlí. Í þessum verslunarsamningi eru sett ákvæði um, hvers við verðum að gæta að því er snertir reglur gegn misbrúkun vínanna innanlands. Þetta var nú öðruvísi orðað en í lögunum frá 31. maí 1922 og tilskipuninni sama dags. Þessi verslunarsamningur við Spánverja er prentaður í Stjórnartíðindunum 1924, A, bls. 163, bæði á frakknesku og íslensku. En samningurinn var gerður á frakknesku eingöngu og gefinn út í tveim samritum á því máli. Íslenski textinn verður því að skoðast sem þýðing. Í þessari íslensku þýðingu er í niðurlagi 2. gr. viðhaft það orðalag um skilyrðin frá Spánverja hálfu, að íslenska stjórnin megi ekki setja ákvæði „sem koma í bága við undanþágu spánskra vína frá ákvæðum nefndra laga". Þetta orðalag, að „koma í bága við", er nokkuð ótiltekið, og það hefir verið deilt um það hjer innanlands, hvort hitt og annað fari í bága við undanþáguna. En nánari skýringu má fá í hinum gildandi frakkneska frumtexta. Þar er sett það skilyrði, að íslenska stjórnin „ne prenne pas par des dispositions régulatrices concernant l'abus du vin des measures qui servent à exténuer les effets de l'exemptions des vins espagnols de la dite loi".

Þeir, sem athuga þennan texta, munu finna, að frakkneska orðið, sem notað er, er „exténuer", sem þýðir „að gera rýrari" eða „að draga úr". Mjer er kunnugt um, að því hefir verið haldið fram í viðtali við erindreka okkar erlendis, með þennan frumtexta fyrir augum, að það væri ekki í samræmi við hann að gera ákvarðanir til þess að draga úr áhrifum eða verkunum undanþágunnar.

Hjer verður að líta á það, að samningurinn var gerður eftir að það skipulag komst á, með reglugerðinni 18. júlí 1922, sem við enn búum við. Jeg verð því að taka undir það með fyrirrennurum mínum, að stjórnin mun ekki sjá sjer fært að gera t. d. ákvæði um fækkun á útsölustöðum frá því, sem ákveðið var 1922, meðan þess er óskað af okkar hálfu, að samningurinn sje í gildi, af því að mjer sýnist slík ráðstöfun draga úr eða rýra (exténuer) verkanir undanþágunnar. Spánverjar mundu ef til vill telja slíka breytingu nóg tilefni til þess að segja samningnum upp, en jeg álít ekki, að við eigum á nokkurn hátt að

gefa tilefni til þess, af því að samningurinn felur í sjer svo mikilsverð hlunnindi fyrir fiskverslun okkar á Spáni. Ef ske kynni, að mönnum væri ekki í fersku minni ákvæði þau, er snerta toll á fiski til Spánar, ætla jeg að rifja þau ofurlítið upp.

Tolllög Spánverja eru þannig úr garði gerð, að fyrir flestar vörutegundir gilda tveir tolltaxtar, fyrri dálkurinn, sem er hærri, og síðari dálkurinn, sem er lægri. Á innfluttum saltfiski er tollurinn 96 pesetar fyrir hver 100 kg. eftir fyrri dálkinum, en 32 pesetar fyrir hver 100 kg. eftir þeim síðari. Þetta er miðað við gullpeseta og hækkar því hlutfallslega eftir því sem pappírspesetinn stendur lægra. Nú er það svo, að þær þjóðir, sem ekki hafa verslunarsamning við Spán, verða að greiða toll samkvæmt hærri taxtanum. Samningsþjóðir hafa aftur á móti greitt toll samkvæmt lægri taxtanum, og sumar eftir þeim taxta, að frádregnum 20%. Það þýðir, að fyrir hver 100 kg. af saltfiski eru greiddir 25,60 pesetar. En einstöku þjóðir, þar á meðal við Íslendingar, hafa komist að enn hagstæðari kjörum og greiða 24 gullpeseta fyrir hver 100 kg. Þessa njótum við að minsta kosti meðan nokkrar aðrar þjóðir eru til, sem ekki borga hærra aðflutningsgjald af sínum saltfiski en þetta. Af þjóðum, sem mjer er kunnugt um að hafa notið sömu kjara, vil jeg nefna Englendinga. En jeg hefi ástæðu til að ætla, að nú sje búið að ganga frá nýjum samningum milli Englendinga og Spánverja, sem gengið hafi í gildi í fyrradag, og eftir þeim samningi hefir tollur á enskum saltfiski hækkað upp í 25,60 peseta. Jeg álít, að ef til vill sje svo mikil tilhneiging hjá Spánverjum til að hækka yfirleitt aðflutningsgjald á saltfiski, að við ættum ekki á nokkurn hátt að ýta undir það, að samningnum verði sagt upp, jafnvel þó að þeir væru fáanlegir til að taka upp nýja samninga, því að það er hætt við, að þeir mundu enda þannig, að við yrðum að sætta okkur við tollhækkun.

Jeg skal minna á, að Danmörk hefir nú árum saman reynt að fá verslunarsamninga við Spán, en það hefir ekki tekist. Afleiðingin er sú, að „danskur" saltfiskur, það er að segja færeyskur saltfiskur, hefir sætt mun erfiðari kjörum en sá íslenski, og danska ríkið hefir orðið að borga í tollmismun á færeyskum saltfiski og öðrum 400—500 þús. kr. á ári.

Jeg get ekki talið það rjett af þinginu að samþ. annan lið till., svo framarlega sem þingið vill, að við höldum þeim kjörum um fiskverslun á Spáni, sem við höfum nú. Jeg veit ekki annað en að það sje skoðað sem algild regla, að ef við óskum eftir nýjum samningi við þjóð, sem við höfum áður haft samning við, þá þýði það uppsögn á eldra samningnum, eða að minsta kosti sje það vottur um það, að við sjeum ekki ánægðir með þann samning, sem í gildi er, og þess vegna sje það hinum aðiljanum tilefni til uppsagnar. Eins og þeir vita, sem hafa sjeð samninginn eins og hann er prentaður í Stjórnartíðindunum, má segja honum upp frá beggja aðilja hálfu, og fellur hann þá úr gildi þrem mánuðum eftir uppsögn. Jeg veit ekki, hvort það er ætlun hv. flm., að þeir vilji gera svo mikið úr því aðhaldi gegn áfengisnautn, sem fyrsta og önn-

ur tillögugrein stefnir að, að þeir fyrir það aðhald vilji vinna það til að missa samninginn. En sje það ekki skoðun þeirra, að þessir tillöguliðir sjeu svo mikils virði, að samþykt þeirra hjer megi kosta oss þetta, vil jeg fara fram á það við þá, að þeir taki þessa tvo liði till. aftur. Ef þeir vilja ekki fallast á það, vil jeg ráða þinginu til að samþ. ekki þessa tvo liði, af þeim ástæðum, sem jeg hefi greint.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla aðeins að segja fáein orð um tvo síðari tillöguliðina á þskj. 105. Fyrri liðurinn er um ráðstafanir til þess, að hætt verði að lána út vín úr áfengisverslun ríkisins. Hjer hlýtur að vera átt við annaðhvort hjeraðslækna landsins eða lyfjabúðir. Aðrir geta ekki fengið keypt áfengi, nema með því að borga strax. Jeg hugsa því, að hjer sje átt við greiðslufrest hjeraðslækna og lyfjabúða. Þessir aðilar hafa haft tveggja mánaða gjaldfrest, en útsölur úti um land þriggja mánaða gjaldfrest. Það ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu, að fyrirkomulaginu á útsölum úti um landið verði breytt þannig, að þær hafi vínið í umboðssölu. En það bætir ekki úr, nema síður sje. En það er ekki hægt að skylda útsölumenn úti um land til að borga alt fyrirfram. Það mundi líka verða skoðað sem tilraun til þess að fara í kring um samninginn. En gjaldfrestur hjeraðslækna og lyfjabúða er ekki lengri en svo, að tæpast er hægt að stytta hann, nema því aðeins að nema hann alveg í burtu og heimta andvirðið þegar í stað. Gagnvart læknum og lyfjabúðum finst mjer örðugt að heimta þetta. Um læknana skal jeg taka það fram, að gjaldfrestur þeirra gildir ekki einungis um vín, heldur einnig um öll meðul, af því að læknar hafa ekki heimild til að láta úti vín nema eins og hver önnur lyf. Þess vegna gilda sömu reglur um hvorttveggja. Ef farið væri að gera greinarmun á þessu tvennu, er af hálfu þess opinbera verið að gefa í skyn, að læknar noti vínið á annan hátt en önnur lyf, en það er samkvæmt gildandi lögum ekki heimilt.

4. liður till. er um það, að birta skuli í Lögbirtingablaðinu skýrslu um það, hve mikið áfengi hver lyfjabúð og læknir hafi fengið á undangengnum þrem mánuðum. Jeg veit ekki, hvort hv. flm. er það ljóst, að þeim skýrslum, sem hjer er gert ráð fyrir að safna, er þegar safnað, og altaf er hægt að fá upplýsingar um þetta atriði hjá áfengisverslun ríkisins. Þetta er einmitt einn hluti af starfi áfengissölustjórans. Jeg get um þetta vísað til reglugerðar frá 1. júlí 1925. Það eina, sem nýtt er í till., er það, að skrána eigi að birta í Lögbirtingablaðinu þrisvar á ári. Það má vera, að ýmsum sýnist það mikils virði, en jeg geri ekki mikið úr því. Aðalatriðið er, að haldnar sjeu skýrslur og skrár um þetta og að þeir, sem málið varðar, taki í taumana, ef misbrúkun á sjer stað. Nú, eftir gildandi reglum, er fastákveðið, hvað hver læknir má fá fyrir hvern íbúa síns læknishjeraðs. En ef hv. þm. þykir svo mikils um vert að fá skýrslurnar birtar í Lögbirtingablaðinu, er rjett af þeim að samþ. þennan lið. Aðeins vil jeg benda á, að vel er hægt að fá upplýsingar um áfengisnotkun lækna á annan hátt.

Einar Jónsson:*) Mig undrar ekki, þó að um þetta mál sje talað rækilega, þar sem flestum kemur saman um, að úrslit þess varði miklu fyrir alla þjóðina. En hitt undrar mig, þegar nýgræðingar þingsins gerast frsm. að einu eða öðru máli og taka sjer það fordæmi, að tala í tvo tíma um það, sem ekki er til annars en að tefja þingið. Það má segja á hálftíma. sem hv. flm. (JG) þurfti tvo tíma til að segja. Þetta er ekki þingmannlegt, og því síður prestlegt.

Jeg skal játa, að ræða hans var að ýmsu leyti skynsamleg. En jeg heyrði hann segja það, sem jeg býst ekki við, að allir sjeu honum sammála um, að engin lög hafi verið samþ., sem hafi verið betri og affarasælli en bannlögin. Um það atriði má mikið deila. Jeg er handviss um, að allir, sem samþyktu bannlögin, gerðu það í þeirri góðu trú, að þau hefðu þau áhrif, sem til var ætlast. En reynslan hefir orðið alt önnur. Jeg ætla ekki að fara að vitna í þau svörtu atriði, sem af þeim leiddi, en jeg játa, að best hefði verið, að trú manna hefði ræst. En ef vitnað er í öll þau lögbrot, sem af bannlögunum hefir leitt, má sjá það, að ef Goodtemplarareglan hefði verið ein um útrýmingu drykkjuskapar, þá hefðu menn eflaust drukkið minna „kogesprit" og gert minna að því að brugga heima o. s. frv. Þetta kemur að vísu ekki málinu við, nema að því leyti, að hv. flm. (JG) nefndi þetta. Tillagan fjallar ekki um aðflutningsbannið út af fyrir sig, heldur ráðstafanir, sem gera skuli í sambandi við það.

Jeg skal lýsa yfir því, að mjer finst fyrsti liður till. þess eðlis, að erfitt sje að vera á móti honum. Það ófrelsi þoli jeg ekki, ef á að fara að troða upp á menn vínsölu.

Hina 3 liðina get jeg ekki fallist á. En tveir hv. ræðumenn á undan mjer hafa minst svo rækilegt á þá, að jeg hefi þar engu við að bæta. Sjerstaklega finst mjer hæpið að fara fram á að breyta samningnum við Spánverja, nema við höfum vissu fyrir því, að það verði okkur ekki til skaða. Jeg minnist þess, þegar samningurinn var gerður, hvað vakti fyrir mönnum, og bindindismönnum engu síður. Það var hagur landsins. Menn sáu, hvað mikið var í húfi, og gengu að samningnum.

Um 3. liðinn skal jeg taka það fram, að ef jeg fæ vínflösku, þá borga jeg hana, en jeg veit ekki, hvað hinir gera. Að öðru leyti get jeg fallist á rök hæstv. atvrh. viðvíkjandi læknum og lyfjabúðum. En 4. liðinn álít jeg í hæsta máta ósanngjarnan. Hver er fær um að dæma gerðir lækna í þessu efni? Þeim er oft legið á hálsi fyrir að misnota þessa heimild sína. En jeg hugsa, að flestir læknar noti áfengið í bestu meiningu, og það er áreiðanlegt, að ýmsir menn skilja ekki, að til eru menn, sem verða að fá áfengi eins og hvert annað lyf, til þess að þeir geti haldið heilsu. Jeg álít, að það sje hæpið að fella þann dóm í þessu tilfelli, að læknar geri alt annað en það, sem þeir eigi að gera. Jeg álít því, að „fanatiskir" vínhatarar hafi hjer ekkert um að segja. Þeir eiga síst að dæma um gerðir þeirra manna, sem eru bæði lærðari og reyndari en þeir.

Jeg ætla ekki fremur nú en venju-

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

lega að halda langa ræðu til að gera grein fyrir atkvæði mínu. Aðeins vil jeg enn á ný geta þess, að jeg get ekki fallist á þrjá síðustu liði till. — Nú heyri jeg, að kirkjuklukkan slær fjögur, og þar sem jeg býst við, að hæstv. forseti vilji fresta fundinum, ætla jeg ekki að hafa þessi orð fleiri.

Ingvar Pálmason: Jeg býst við, að það sje í óþökk stjórnarinnar, að jeg kvaddi mjer hljóðs. Mjer skildist það nefnilega á tóninum í hæstv. forsrh. (JÞ), að það væri, frá honum sjeð, ekkert þarfaverk, sem við háttv. þm. (JG) værum að vinna með því að halda uppi umr. um þáltill. þessa. Jeg sje mjer þó ekki fært að verða við þeim tilmælum hæstv. stjórnar að láta umræðurnar falla niður, enda þótt ekki virðist blása byrlega fyrir till. hjá henni.

Það kom berlega fram hjá hæstv. forsrh. (JÞ), að hann taldi það ekki aðeins óþarft, heldur beinlínis hættulegt, að samþykkja till. þessa. En svo sem gefur að skilja, lít jeg sem flm. öðruvísi á þetta mál. Og það get jeg sagt hæstv. ráðh., að það var ekki fyrir augnabliksákvörðun, að jeg gerðist flm. að till. þessari, heldur var það að yfirlögðu ráði. Er jeg því ófáanlegur til þess að taka hana aftur, heldur þvert á móti vil jeg fá atkvgr. um hana í sameinuðu þingi.

Þá vil jeg víkja að ástæðum hæstv. forsrh. (JÞ) fyrir því, að tveir fyrstu liðir till. eigi ekki fram að ganga. Honum fórust svo orð, að við yrðum að láta standa við undanþáguna frá bannlögunum, sem veitt var 1922. Þar yrði engu um þokað. Jeg hygg jeg fari rjett með, að hæstv. forsrh., sem sæti átti á þinginu 1922, hafi ásamt fleirum þáverandi þingmönnum gefið út þá yfirlýsingu, að þessi undanþága væri veitt af nauðsyn, og að þess væri vænst, að við þyrftum sem skemst við þetta að búa. Jeg býst nú við, að honum, ásamt öllum, sem þessa yfirlýsingu gáfu, hafi verið þetta alvöruorð, og að hann líti svo á, að okkur beri að komast sem fyrst undan þessu oki.

1. liður till. okkar gengur í þá átt, að skora á stjórnina að leggja niður útsölu á Spánarvínum í kaupstöðum utan Reykjavíkur. Á þetta atriði lítur hæstv. ráðh. þannig, að nú sje það orðið samningsatriði, að útsölustaðirnir sjeu ekki færri, þó að það hafi ekki verið svo í upphafi. Um þetta er erfitt að deila fyrir þá, sem ekki eru lögfróðir. En jeg tel mig hafa rjett til þess að hafa mína skoðun á þessum hlutum, eins og hæstv. forsrh., og jeg lít svo á, að þar sem þetta hefir aldrei verið samningsatriði, þá sje það ekki heldur orðið það nú. Verð jeg því að telja, hættulaust, þó að lagðar sjeu niður útsölurnar, t. d. í Vestmannaeyjum og á Siglufirði, þar sem raddirnar eru háværastar um að losna við vínútsölur þessar. Fæ jeg ekki sjeð, að það gæti komið í bága við Spánarsamningana.

Nú stendur svo á, að Siglfirðingar hafa farið fram á, að dregið væri úr útsölunni hjá þeim meðal annars með því að láta ekki selja vín á laugardögum. En til þessa hefir stjórnin ekki viljað ganga inn á það. Auk þess hefði mátt draga úr sölunni á ýmsan annan hátt. En hjer er nefnilega sá galli á gjöf Njarðar, að það er freisting fyrir hæstv. forsrh., sem líka er

fjármálaráðherra, að láta ekkert draga úr vínútsölunum, til þess að rýra sem minst tekjur ríkissjóðs af þeim, og jeg er einmitt þeirrar skoðunar, að það sje ein höfuðástæðan gegn því að leggja útsölur þessar niður. En þetta er ekki rjett, því að það er enginn skattur, sem þjóðinni er ver við en sá, sem gengur til áfengiskaupa.

Þá er 2. liður till., um að leita nú þegar nýrra samninga við Spánverja á bannlagagrundvelli. Þetta taldi hæstv. forsrh. mjög varhugavert og jafnvel hættulegt, sökum þess, að ef byrjað væri á þessu, þá væri Spánverjum gefið tilefni til að segja upp samningunum. Jafnframt gaf hann í skyn, að samningarnir væru gerðir okkar vegna, en ekki vegna Spánverja. Jeg skal ekki neita því, að við eigum mikið undir samningum þessum, en hinsvegar má geta þess, að síðan þeir voru gerðir hefir ekkert verið gert til þess að minka áhrif þau, sem Spánverjar geta haft á fiskmarkað okkar með tollaákvæðum hjá sjer. Þvert á móti hefir þeim, með sendingu „legátans", verið aukið ásmegin til þess að halda okkur í þessari klípu.

Þegar nú þjóðin þykist hörðu beitt, finst mjer ekki nema eðlilegt, að reynt sje að rýmka til, og jeg verð að telja það harla undarlegt af hæstv. forsrh., sem jafnframt er utanríkisráðh., að halda því fram, að þegar við sjeum hörðu beittir, þá sje ekki annað fyrir en beygja sig. Slíkur hugsunarháttur hefir oft verið til hjer, og þegar hann hefir orðið ofan á, hefir okkur gengið illa að vinna okkur áfram. Þessar kenningar heyrðust líka oft, þegar við áttum í sjálfstæðisdeilunum við Dani, og hefðu þær orðið ofan á þá, myndum við enn þann dag í dag eiga að búa við sama stjórnarfyrirkomulag sem við höfðum um miðja 19. öld, ef ekki verra. En sem betur fór sáu góðir menn, að slíkur undirlægjuháttur var engri frjálsborinni þjóð samboðinn. Það var ekki Spánartollurinn, sem okkur var ógnað með þá, heldur var það önnur svipa, sem að okkur var reidd. En mjer er sama, hvort slík svipa er fljettum úr dönskum eða spönskum hryggslengjum. Mjer finst sú úr spönsku lengjunum ekkert betri.

Þá virtist mjer hæstv. ráðh. (JÞ) leggja fyrir okkur flm. spurningu um það, hvort við vildum eiga það á hættu, að missa af samningunum við Spánverja fyrir samþykt þessarar till. Jeg fyrir mitt leyti verð að segja það, að ef það er tilfellið, að Spánverjar hafi svo mikil tök á okkar háa Alþingi, sem svo er kallað, en sem þá er mjög lágt, að þar megi ekki koma fram með þær tillögur, sem taldar verða landi og þjóð til gagns, vegna Spánverja, þá mun jeg fyrir mitt leyti greiða atkvæði með þessari till., hvort sem hún verður þess valdandi, að Spánverjar rifta samningnum við okkur eða ekki. Því sje það svo, að Spánverjar hafi svo mikinn rjett í þessu máli, að þeir geti bundið fyrir munninn á okkur íslensku þingmönnunum, þá er best að það komi fram strax. Jeg verð að líta svo á, að það komi fram alt of mikill undirlægjuháttur í þeim vörnum, sem hæstv. ráðh. (JÞ) ber fram, og jeg trúi því tæplega, að hann sje svo runninn hæstv. ráðh. (JÞ) í merg og bein, að hann ætlist til, að allir alþingismenn, og einnig flm. till., beygi sig svo djúpt, að þeir taki

till. aftur. Nei, jeg tek það fram, og jeg krefst þess, sem einn af fulltrúum þjóðarinnar, að atkvæði gangi um þessa till.

Þá skal jeg láta þetta nægja til andsvara hæstv. forsrh. (JÞ). En jeg kemst ekki hjá því að athuga lítið eitt þau rök, sem hæstv. atvrh. (MG) færði gegn tveimur síðustu liðum till.

Það var út af 3. lið till., um lán úr áfengisverslun ríkisins, sem hæstv. atvrh. (MG) komst að þeirri niðurstöðu, að það væri nokkuð hart, ef ekki mætti lána hjeraðslæknum vín eins og lyfjabúðum, því að eins og allir sjá, þá á þessi liður till. aðeins við vín, en alls ekki við lyf. Jeg verð nú að segja rjett eins og það er, að mjer finst, þegar jeg hefi fyrir mjer ummæli ekki lakari manna heldur en þeirra lækna, sem hafa ótvírætt látið það í ljós, að vín sjeu undir flestum tilfellum óþörf sem læknislyf — get jeg vitnað þar til hv. 6. landsk. (JKr), sem nú á sæti hjer á þingi — þá fæ jeg ekki sjeð, að fyrir þessari ástæðu hæstv. atvrh. (MG) sjeu mikil rök. Jeg verð sem sje að halda því fram, að þörfin til þess að lána læknum vín sje svo ákaflega lítil, ef aðeins er að ræða um lækningar, og jeg verð einnig að halda því fram, eins og nú er ástatt um lækna hjer á landi, að þeir hafi ekki meiri þörf fyrir vín til lækninga heldur en það, sem þeim er vorkunnarlaust að greiða við pöntun. En jeg hygg, að allir sjái, að afleiðingin af þeirri ráðstöfun verði sú, að hlutaðeigendur panti þá að öllum líkindum ekki meira en þörf krefur.

Þá vjek hæstv. ráðh. (MG) að útsölunum úti um land og sagði, að þær hefðu 3 mánaða gjaldfrest, og að það sje ekki gott að komast hjá því, því að eitt af tvennu verði að gera, annaðhvort að þær fái nokkurn gjaldfrest, eða þá að þær verði að fá vínin í umboðssölu, sem hann teldi ekki gerlegt. Jeg skal viðurkenna það hjá hæstv. ráðh. (MG), að það væri alt að því ósæmilegt að láta þær fá vínin í umboðssölu, en hinsvegar sje jeg ekki, að það sje neitt brot á samningnum við Spánverja, að útsölustaðirnir fengju ekki vínin nema þeir greiddu fyrir þau við móttöku. Jeg gerði það vitandi vits að hafa þetta svo í till., því að jeg veit, að ekkert verkaði betur til að draga úr sölunni úti um land, og jeg held því fram, að það verði ekkert brot á samningnum, að ríkissjóður láni ekki vín.

Þá er spurningin um það, hvort ekki mætti taka mikið til fyrir söluna úti um land, og álít jeg það skyldu hæstv. stjórnar að reyna þessa leið, ef henni er nokkur alvara með að draga úr sölunni. En það er auðsjeð, að það hættulega liggur hjer á bak við, að ríkið hefir gert sjer þetta að tekjugrein, og að það er þessi tekjugrein, sem ekki má rýra. „Þar liggur hundurinn grafinn".

En hvernig sem jeg lít á þetta, þá finst mjer það vera lítt verjandi af hæstv. atvrh. (MG) að taka þessa till. eins óstint upp og hann gerði, því að það gerir ekkert annað en að sýna það berlega, að það er aðalatriðið hjá hæstv. stjórn í þessu máli að hafa sem mestar tekjur af vínunum. Því að hæstv. ráðh. (MG) datt heldur ekki í hug að berja því við, að það væri brot á Spánarsamningnum, ef gjaldfrestur væri afnuminn.

Hæstv. ráðh. (MG) sagði, að það væri ekki hægt að ætlast til þess, að vínsalar úti um land greiddu við móttöku eða pöntun, en að það væri ekki

mikill skaði skeður, þó að þeir gerðu það ekki. En jeg vil þá spyrja: Væri nokkur skaði skeður, þó að engin sala væri? Jeg býst nú alveg eins vel við því, að hæstv. stjórn eigi eftir að koma upp enn þá og sýna fram á, hvaða tjón ríkissjóður hafi af þessari óhæfilegu ráðstöfun. En jeg er við því búinn, því að jeg sje ekki, að það komi nein skynsamleg fjármálapólitík fram í því að fá í ríkissjóðinn eina krónu, en kasta fyrir hana mörgum í sjóinn, eða kannske miklu verra en það.

Þá andmælti hæstv. atvrh. (MG) allmjög 4. lið till., og var jeg sannast að segja alveg hissa á því. Hann fór að fræða okkur flm. um það, að til væru skýrslur um þetta alt, og að það þyrfti ekki að kosta einum eyri til að safna þeim saman, en að birta þær, það væri goðgá, og fanst það svo óviðeigandi, að hann lagði á móti till. af þeirri ástæðu. En jeg skil ekki, hvers vegna hæstv. ráðh. (MG) vildi ekki birta skýrsluna, en fór að gefa í skyn, að það væri ekkert óhreint við það mál. Það vona jeg líka, og því er þá ekki sjálfsagt að birta þessar skýrslur, til þess að uppræta þann grun á læknum landsins, að þeir noti þessa heimild óleyfilega? Jeg sje ekki, að það gæti gert neinn skaða, þegar ekki þarf að kosta neinu til nema pappír og prentsvertu í Lögbirtingablaðið. Og það er auk þess undarlegt, að það skuli vera lagst svo mjög á móti því að birta þessar skýrslur, ef það gæti leitt í ljós, að allir læknar landsins sjeu saklausir af að misnota þessa tilhögun. Hitt vekur grun, þegar okkur er vísað til forstöðumanns áfengisverslunar ríkisins og sagt, að þar getum við fengið allar upplýsingar. En það vill nú svo undarlega til, að þeim, sem t. d. hafa lækni austur á landi og hafa hann grunaðan um, að hann geri töluvert mikið að því að selja áfengi, verður það nokkuð dýrt að ferðast til Reykjavíkur til þess að rannsaka málið. En ef við þurfum ekki annað en að fá Lögbirtingablaðið lánað hjá hreppstjóranum til þess að athuga skýrsluna, þá er nokkuð öðru máli að gegna.

Jeg fæ ekki skilið, hvers vegna hæstv. atvrh. (MG) legst á móti þessari till., því að hún er svo sanngjörn, að honum ætti að vera það ljúft að birta þessar skýrslur, til þess að það kæmi skýrt fram, að hjer væri ekkert misgert. Hæstv. ráðh. (MG) gat þess, að hann sæi ekki, að þetta rjeði neina bót á misnotkun á áfengi í landinu eða dragi úr áfengisnautninni. Það má vel vera, að hann sjái það ekki. En hvað leiðir það misjafnt af sjer? Er nokkuð að athuga við það, þó að það komi fram og verði sannað svart á hvítu, að ekki einn einasti af læknum þessa lands misnoti það leyfi, sem honum er gefið til lyfseðlaútgáfu?

Í sambandi við þetta væri hægt að minnast á þetta svokallaða læknabrennivín. En jeg álít, að það eigi ekki við, því að till. snertir það ekki. En hinsvegar er það ekki alveg augljóst af landsreikningunum, að það sje rjett, sem hæstv. atvrh. (MG) gaf í skyn, að þessi nær ½ milj. kr., sem sagt var, að áfengisverslun ríkisins ætti útistandandi, væri alt hjá hjeraðslæknum og lyfjabúðum. Jeg hefi meira að segja töluverðan grun um það, að allmiklar upphæðir sjeu hjá alt öðrum mönnum. En það voru aðallega læknar og lyfjabúðir, sem hæstv. ráðh. (MG) bar fyrir brjósti, þegar hann var að tala um,

að það væri ekki sanngjarnt að krefjast greiðslu fyrirfram.

Jeg teldi nú, að þar sem ekki er um óverulegri upphæð að ræða en ½ milj. kr., væri full ástæða til fyrir Alþingi að taka í taumana og blátt áfram banna, að vínin væru lánuð, því að það er áreiðanlegt, að það er ekki að tilefnislausu, að sá liður till. er fram kominn.

Jeg mun nú láta þetta nægja að sinni til andsvara hæstv. stjórn: Jeg finn ekki ástæðu til að svara hv. 2. þm. Rang. (EJ) miklu út af ræðu hans, vegna þess, að mjer fanst hún beinast öllu meira að meðflm. mínum en að till., og geri jeg ráð fyrir, að hann svari hv. þm. (EJ).

Hv. þm. (EJ) sagði, að ef Goodtemplarareglan hefði haft völdin í höndunum árið 1922 og síðan, þá myndi öðruvísi hafa farið. Jeg skal segja það rjett eins og það er, að þessum hv. þm. (EJ) alveg ólöstuðum, að þetta er það viturlegasta, sem jeg hefi heyrt hann segja á þessu þingi. Það er enginn vafi á því, að ef Goodtemplarareglan hefði haft völdin um þetta mál, þá hefði öðruvísi farið, og hv. þm. (EJ) sannar það, að það erum við, flytjendur þessarar till., sem ættum að hafa völdin; það er okkar stefna, sem ætti að hafa völdin, vegna þess, að hún er nákvæmlega í samræmi við stefnu Goodtemplara.

Jeg vænti þess, að hv. þm. (EJ) hafi ekki meint það til mín, þar sem hann var að tala um „fanatiska“ vínhatara. En jeg verð samt að segja það, að þó svo að hv. þm. (EJ) hefði meint það til mín, þá teldi jeg það ekki lastmæli, því að auðvitað er það sameiginlegt hjá báðum flokkum, bannmönnum og andbanningum, að hvorirtveggja geta farið út í öfgar. En það var auðheyrt hjá hv. þm. (EJ), að hans megin voru öfgar.

Jeg held þá, að jeg láti sitja við þetta að sinni, og skal ekki vera langorðari, til þess að ekki verði með rjettu sagt, að jeg hafi teygt umr. úr hófi. En hitt tek jeg skýrt fram, að svo lengi sem jeg hefi rjett til að tala í þessu máli, þá mun jeg gera það óhikað, ef jeg finn verulega ástæðu til þess.

Bernharð Stefánsson: Það er aðeins 1. liður þessarar till., sem jeg ætla að minnast á. Þó þarf jeg ekki að hafa um það mörg orð, og það því síður, sem hv. 2. þm. S.-M. (IP) hefir tekið sumt af því fram, sem jeg vildi sagt hafa.

Í þessum lið er farið fram á það að leggja niður útsölustaði vína, utan Reykjavíkur, ef íbúar þeirra staða óska þess. Hæstv. forsrh. (JÞ) hefir nú mótmælt þessum lið, eins og till. í heild sinni, og sagði í því sambandi, að við yrðum að hafa þessa tilhögun, sem nú er á sölu vínanna, vegna Spánarsamningsins. Jeg hefi nú reyndar heyrt þetta fyr, en jeg verð að kannast við það, að hæstv. ráðh. (JÞ) hefir ekki getað sannfært mig um, að þetta sje svo, að minsta kosti ekki um það, að þetta komi í bága við lögin og reglugerðina frá 1922. Þar er að vísu tekið fram, að ekki megi gera þær ráðstafanir til hindrunar sölu vínanna, sem geri undanþáguna að engu. En jeg sje nú ekki, að þessi undanþága frá banninu, sem gerð var árið 1922, sje gerð að engu, jafnvel þó að útsala sje ekki nema hjer í Reykjavík einni. Því að þó

að sú tilhögun væri, þá er í raun og veru opinn vegur fyrir alla landsmenn til að geta eignast vín, þó að með meiri fyrirhöfn sje, heldur en ef vínsölustaðurinn er rjett hjá þeim.

Það er að vísu í reglugerðinni talað um útsölustaði í kaupstöðunum, en það er ekki tekið fram þar, eða ekki man jeg eftir því, að þessir útsölustaðir skuli vera í öllum kaupstöðunum. Hitt er annað mál, að það má kannske líta svo á, að verslunarsamningurinn frá 1924 sje þannig, að þessi 1. liður till. komi frekar í bág við hann. En þá er það aðeins af því, að gengið hefir verið lengra í honum heldur en lögin frá 1922 gáfu heimild til.

Að jeg er að tala um þetta atriði till., er af alveg sjerstökum ástæðum. Það er nú svo, að jeg býst við, að flestir kaupstaðir, utan Reykjavíkur, sem hafa vínútsölu, óski þess að vera lausir við hana. En hitt er jafnvíst, að þörfin á, að þetta sje tekið til greina, er ekki jafnmikil alstaðar. Held jeg því hiklaust fram, að á Siglufirði valdi vínsalan mestum skaða og því sje mest þörfin að leggja hana niður þar. Ekki sökum þess, að borgarar þess bæjar kunni ver með vín að fara en aðrir menn hjer á landi, heldur af því, að á sumrin safnast þangað fjöldi aðkomufólks um síldveiðitímann, og þegar þar er opin leið fyrir þessa aðkomumenn, útlenda og innlenda, til að fá vín, þá eru margir, sem nota sjer það að kaupa þau og drekka sig fulla af þeim, og af þessu leiðir, að borgarar bæjarins verða fyrir sífeldu ónæði af þessum mönnum. Það kveður stundum svo ramt að þessu, að borgarar bæjarins hafa ekki frið til að ganga um göturnar óáreittir, og jafnvel að húsfriði manna er raskað. Þetta er alveg óþolandi, og þó sjerstaklega vegna þess, að það skuli vera ráðstöfunum ríkisins að kenna, að ástandið er orðið svona.

Í sambandi við þetta vil jeg leyfa mjer að gera þá fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvort það sje rjett, sem jeg hefi heyrt, að frá Siglufirði hafi komið ósk um það, að ef ómögulegt væri að fá því framgengt, að vínsalan yrði lögð niður, þá að þessi vín væru ekki seld á laugardögum, eða að minsta kosti ekki síðari hluta laugardags, og að þetta hafi ekki fengist. Skip eru þar inni einna helst um helgar, og líka kjósa sjómenn helst að fá sjer í staupinu um helgar, vegna þess, að þá hafa þeir bestan tíma til þess, og þess vegna myndi mjög úr þessum vandræðum draga, ef þeir gætu ekki fengið vín um helgar.

Jeg skil nú ekki, að það gæti komið í nokkurn bága við Spánarsamninginn að hafa ekki búðina opna fram á kvöld einn dag vikunnar. Jeg skil ekki, að það gæti orðið til skaða eða orsakað það, að Spánverjar segi upp samningnum. Jeg verð að vænta þess, að 1. liður þessarar till. verði samþyktur, og að þá verði fyrst og fremst lögð niður vínsalan á Siglufirði.

En ef svo fer, að landsstjórn og Alþingi sjá ekki fært að verða við þessari kröfu Siglfirðinga, og haldi vínsala þar áfram, þá hefir ríkið sjálft áfengi á boðstólum handa útlendum og innlendum aðkomumönnum og á því að bera fulla ábyrgð á afleiðingunum. Jeg sje þá ekki annað en það sje hrein og bein skylda ríkisins að kosta nægilega sterka lögreglu á Siglufirði, yfir síldveiðitímann, til að halda þar uppi reglu og vernda borgara bæjarins fyrir uppi-

vöðslusemi ölvaðra aðkomumanna. Siglufjörður er vitanlega ekki stórbær og hefir ekki mikið fjármagn, en hann hefir nægilega sterka lögreglu yfir aðra árstíma. En yfir síldveiðitímann er ekki að vænta þess, að jafnlítill bær geti haldið uppi svo sterkri lögreglu sem þarf til þess að halda í skefjum fleiri hundruðum af drukknum útlendingum. En það getur komið fyrir á Siglufirði, að þess þurfi.

Jeg vænti þess, að enginn misskilji mig svo, að jeg sje að ráða til þess að koma upp varalögreglu á Siglufirði, í líkingu við það, sem stungið var upp á hjer á þinginu 1925, heldur vil jeg krefjast þess, að ríkið sendi þangað nokkra lögreglumenn og kosti þá þar yfir síldveiðitímann, ef það á að halda áfram að hafa vínsölu þar.

Þrátt fyrir þær upplýsingar, sem jeg hefi fengið um Spánarsamningana, þá tel jeg það forsvaranlegt að samþ. 1. lið, og mun jeg óhikað gera það. Legg jeg sjerstaklega áherslu á það vegna vandræða þeirra, er orðið hafa á Siglufirði vegna vínsölunnar þar.

Jónas Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að segja nokkur orð um þessa till., þar sem hún fjallar um eitt af stærstu málum á þessu þingi, þó að þingmenn virðist ekki skilja það, ef marka má burtveru þeirra. Er mikið ósamræmi milli þess tómlætis, er áfengismálin mæta, þegar þau eru rædd hjer, og þess áhuga, er hafður er fyrir þeim um kosningar.

Það er harla undarlegt af forsrh., sem ber ábyrgð á stjórn landsins, að minsta kosti síðustu mánuðina, að hann hefir látið sterklega í ljós, að hann vildi vinna gegn áfengi, eða svo sagði hann og hans flokkur að minsta kosti í haust um kosningarnar; þá höfðu þeir baráttu gegn áfenginu efst á dagskrá sinni. Báðir ráðherrarnir hafa talað hjer í dag, en í alt öðrum tón en fyrir kosningar. Sá eini, er talað hefir með einskonar samúð fyrir áfengisvörnum úr þeirra herbúðum, er hv. 2. þm. Rang. (EJ).

Jeg verð að telja það undarlegt mjög og óviðeigandi, að nokkur flokkur skuli leyfa sjer að lofa kjósendum sínum því um kosningar, sem hann ætlar sjer ekki að efna á þingi. Forsrh. (JÞ) vill leggja þann skilning í þetta mál, að Sigurður Eggerz hafi búið þannig um hnútana, að ekki sje hægt að framkvæma 1. lið till., og vitnar í reglugerð frá 1922, að ekki mætti gera að engu innflutning á vínum. Sá ráðh. ákvað útsölu á vínum í kaupstöðum landsins, en hvorki var það borið undir þing nje kjósendur. Ef svo hefði verið gert, hefði því verið svarað neitandi. Hjer var mótstaðan svo mikil, að bæjarstjórnin vildi ekki mæla með neinum til þess að hafa á hendi útsölu í bænum, og varð stjórnin því að setja þetta í hendur erlends manns, án meðmæla bæjarstjórnar. En ekki er nóg með það, heldur hafa allir kaupstaðir mótmælt.

Nú hafa menn komið sjer saman um að offra Reykjavík, sem er stærsti bærinn, en leita almenningsálits í öðrum kaupstöðum landsins og selja þar ekki vín nema fólk vilji.

Forsrh. vill halda því fram, að tveir síðustu fyrirrennarar sínir hafi verið sömu skoðunar og hann sjálfur. Það er mjer ókunnugt um. En ræður Sigurðar Eggerz bentu ekki í þá átt. Forsrh. reynir að verja sig með því, að samningurinn, eins og hann er birtur í

Stjórnartíðindunum, sje ónákvæmlega þýddur, og vill færa rök fyrir því. Það væri þó leiðinlegt fyrir stjórnina, sem líklega hefir látið einhvern sinna vildarmanna þýða samninginn, ef hann væri ekki rjett útlagður. En það er annað, sem forsrh. tekur ekki með í reikninginn, að báðar þjóðir eiga að njóta hinna bestu kjara í þessum efnum. Við látum engan hafa betri kjör, þó salan sje eingöngu í Reykjavík, og brjótum því ekki samninginn. Við fáum því aðeins hliðstæð kjör hjá Spánverjum viðvíkjandi fiskmarkaðinum, nefnilega þau bestu.

Nú hafa Spánverjar fengið undanþágu til að hafa hjer markað á vínum; alt, sem gert er til þess að draga úr markaðinum, er því brot á samningnum. Margt mætti upp telja, ef farið væri út í þá sálma. Og ekki væri það heppilegt, ef óvinir landsstjórnarinnar segðu Spánverjum, að stjórnin prjedikaði bindindi í Dölunum, og að stjórnarflokkurinn hefði á stefnuskrá sinni að hækka styrk til Goodtemplara, og helstu menn flokksins stofnuðu fjelög, til þess að vinna á móti áfengisnautn. Alt er þetta til þess að draga úr áfengissölunni. En miklu fleira mætti telja; t. d. mundi aukin fræðsla draga úr áfengisnautn.

Nú gætu hjer verið lög, sem ákvæðu, að hvergi mætti selja vín utan Reykjavíkur, nema þar sem hjeraðsstjórnir óskuðu eftir því. Setjum svo, að Húnvetningar óskuðu eftir áfengissölu í Kálfshamarsvík, þá myndi það óefað gera miklu minna til, þótt þar væri áfengisverslun í stað Siglufjarðar. Skýring ráðh. er því einskisvirði í þessu efni. Öllum er kunnugt, að margir þeir, sem á móti banni hafa verið, hafa kallað bannlögin þrælalög, og hafa ýmsir úr stjórnarflokknum fylt þann hóp.

Síðan sendir stjórnin þann mann til Spánar, sem er harðsnúnasti andstæðingur bannlaganna, til þess að tala máli okkar, meðan stóð á samningum um málið, og ekki nóg með það, heldur hefir hann verið sendur enn á ný og gerður þar að föstum starfsmanni. Þetta sýnir, að hjer eru margir menn, og líka meðal þeirra, sem fara með völdin, sem virðast gera sjer far um að storka þeim, sem vinna á móti áfengisnautn.

Þá kemur hæstv. forsrh. með þá ályktun, að það muni spilla fyrir okkur að leita nýrra samninga. Jeg veit ekki, hvort hæstv. forsrh. er kunnugt um, að Finnlendingar hafa gert samninga við Spán, án þess að veita nokkra undanþágu á vínum. Úr því svo er, þá væri það engin goðgá, þótt leitað væri samninga á nýjum grundvelli, þar sem Spánverjar hafa lítillækkað sig til þess að gera samninga við bannþjóð, án undanþágu á vínum. En þetta vill hæstv forsrh. (JÞ) ekki fara fram á; enginn gæti þó haft neitt á spurningunni.

Þá virðist hæstv. atvrh. (MG) vera ánægður með, að vínverslunin eigi mörg hundruð þús. kr. útistandandi í lánum. Segir, að það sje ekkert óeðlilegt, því margir úti um land þurfi að fá vín á þann hátt, og virðist hann helst vera hræddur um, að samningunum verði sagt upp, ef hætt sje að lána vín úti um land. Þingið hefir enga skýrslu fengið um það, hjá hverjum lánin eru; ólíklegt er, að það sje að-

eins hjá hjeraðslæknum. Ef það er hjá lyfjabúðunum, þá ættu þær að geta borgað. Það er opinbert leyndarmál, að í mörgum lyfjabúðum og hjá sumum læknum er opinber vínsala, og að það áfengi er ekki ætlað til lækninga, heldur nautna.

Ennfremur er það kunnugt, að sumir bestu læknar hjer, t. d. Halldór Hansen, nota ekki vín til lækninga. Og svo kemur hæstv. heilsumála-, mentamála- og dómsmálaráðherra og segir, að það þurfi að lána! Það yrði þá kannske til þess, að skuldin yrði ½ milj. kr. Þetta er ekkert annað en frekari tilraun til þess að selja sem mest af áfengi. Þetta er því fyllilega misbeiting af stjórninni, að lána lyfjabúðunum vín, til þess að selja út á mjög vafasama lyfseðla. Allir vita, að lyfjabúðirnar eru arðmestu verslanir landsins, og ættu þær því að geta borgað reikninga sína tafarlaust. Þetta er því aðeins tilraun til að láta þær selja sem mest, með því að láta þær hafa vín í umboðssölu. Mjer hefir ennfremur verið sagt, að sumir „praktiserandi" læknar þessa bæjar skuldi áfengisversluninni stórfje. Þetta mundi sýna sig, ef stjórnin legði skjölin á borðið. En það vilja hlutaðeigendur ekki. Fjhn. hefir sagt mjer, að hún hafi ekki enn fengið skuldalista áfengisverslunarinnar, þótt hún hafi heimtað hann. Jeg verð að játa, að jeg er mjög hissa á hæstv. ráðherrum og hv. 2. þm. Rang. (EJ), að þeir skuli allir vera mjög tregir við 4. lið. Um hann er þó ekki hægt að veifa neinni rauðri, spánskri dulu.

Ef læknarnir og lyfjabúðirnar yrðu að standa borgurum landsins skil á áfengissölu sinni, þá væri hægt að vita, hverjir notuðu vínleyfið á leyfilegan hátt, og hverjir ekki. Nú veit enginn um það, nema ef vera kynni landlæknir. Á fundi í Læknafjelaginu fyrir skömmu vildi meiri hluti verða af með vínleyfið, vegna þeirrar minkunar, sem vínlæknarnir hafa komið á stjettina með framferði sínu. Það er því hart, að hjer á Alþingi skuli þeir menn, sem segjast bera áfengismálin fyrir brjósti, tala eins og hæstv. heilsumála- og dómsmálarh. gerði í dag.

Ef 4. liður væri samþyktur, mundi áfengisnautn minka um helming í landinu, því að læknar og lyfjabúðir mundu þá kynoka sjer við að selja vín á óleyfilegan hátt og láta alla þjóðina sjá árangurinn. Aftur á móti getur læknabrennivínið verið forsvaranlegt, að einhverju leyti. Ef hæstv. heilsumálaráðherra legðist í lungnabólgu og læknir vildi láta hann fá koníaksflösku, væri auðvitað sjálfsagt að lengja líf hans með flöskunni. Hinsvegar sje jeg enga ástæðu til, að hvaða ræfill sem er geti ónáðað lækna um vín, aðeins til að verða fullur af því. 4. liður till. er þrauthugsað úrræði þeirra mana, sem bera áfengismálin fyrir brjósti, til þess að stöðva vínstrauminn. Óskandi væri, að stjórnin ljeti nú sjerfræðing sinn í áfengismálum, þann er að vísu kallaði sig dverg í landsmálum, draga af sjer slenið og tala hjer í dag um áfengi sem svikalyf. Ef rjett er það, sem hann heldur fram í ritlingi sínum, hvers vegna á þá að gera áfengi svo hátt undir höfði, að ekki megi gefa opinberar hagskýrslur um, hvað mikið læknar nota af þessu svikalyfi, og reyna að takmarka notkun þess?

Jeg legg mest upp úr atkvgr. um 4.

lið; því þótt 2. liður yrði samþyktur, og hætt yrði að lána út áfengi, mundi mikið vera misbrúkað samt. En hver sá, er greiðir atkv. gegn 4. lið, sýnir með því, að hann er fylgjandi óleyfilegrar vínsölu og vill láta þá menn halda henni áfram, sem hafa misbrúkað það traust, sem þeim hefir verið sýnt með vínleyfinu, og vilja búa til skálkaskjól fyrir spilta menn, er svíkja trúnað við landið sjer til gróða.

Þá vildi jeg leyfa mjer að spyrja hæstv. heilsumálarh. (MG) hvernig líði máli um tvo lækna á Ísafirði. Annar þessara lækna hafði orðið fyrir sjerstökum heiðri frá stjórninni, en samt var hafin rannsókn og málaferli á móti þeim í haust út af misnotkun víns. Báðir þessir læknar voru sýknaðir með hjeraðsdómi á Ísafirði, vegna þess, að þeir höfðu sett vellyktandidropa í áfengið, og yrði það því að teljast mengað. Líklega hafa þeir með því aðeins bætt áfengið fyrir drykkjuræflana. — Ætlar nú ekki stjórnin að áfrýja dómnum? — Hjer er tækifærið fyrir landsstjórnina að sýna, að það sje ekki aðeins fyrir kosningar, sem hún brennur í skinninu af áhuga til þess að halda áfengisbölinu í skefjum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Af því að umr. hefir verið slitið, vildi jeg mælast til þess við hæstv. forseta (MT), að hann gæfi 10 mínútna hlje áður en atkvgr. byrjar.

Forseti (MT): Samkvæmt tilmælum hæstv. forsrh. (JÞ), sem rjett er að verða við, verður veitt 10 mínútna fundarhlje.

ATKVGR.

1. liður feldur með 22:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, JörB, MK, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, EÁ, EJ, GÓ, HStef, HjV, IngB, IP, JakM, JBald, JG, MT.

nei: JKr, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BSv, BK, BL, HSteins, HK, IHB, JJós, JóhJóh, JAJ, JK, JÓl, JS, JÞ.

2. liður feldur með 28:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, JörB, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, GÓ, HjV, IngB, IP, JBald, JG, MT.

nei: JKr, KlJ, MG, MJ, MK, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BSv, BSt, BK, BL, EÁ, EJ, HStef, HSteins, HK, IHB, JakM, JJós, JóhJóh, JAJ, JK, JÓl, JS, JÞ.

Er hjer var komið, kvaddi sjer hljóðs

Magnús Jónsson: Jeg vildi aðeins geta þess, áður en 3. liður till. kemur til atkvgr., að till. mun koma fram, er felur í sjer sama efni og er í þessum lið, en í aðgengilegra formi en það er hjer borið fram.

3. liður feldur með 21:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, JKr, JörB, KlJ, MK, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, EÁ, GÓ, HStef, HjV, IngB, IP, JakM, JBald, JG, MT.

nei: JK JÓl JS, JÞ, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BSv, BK, BL, EJ, HSteins, HK, IHB, JJós, JóhJóh, JAJ.

4. liður feldur með 23:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, JörB, KlJ, MK, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, EÁ, GÓ, HStef, HjV, IngB, IP, JBald, JG, MT.

nei: JK, JÓl, JS, JÞ, JKr, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BSv, BK, BL, EJ, HSteins, HK, IHB, JakM, JJós, JóhJóh, JAJ.

C.

Afgreiddar með rökstuddri dagskrá.

1. Landsbankaútibú í Vestmannaeyjum.

Á 47. fundi í Ed., fimtudaginn 7. apríl, og á 49. fundi í Nd., sama dag, var útbýtt:

Till. til þál. um, að Landsbanki Íslands setji á fót útibú í Vestmannaeyjum (A. 327).

Á 6. fundi í Sþ., föstudaginn 22. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., mánudaginn 25. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Það hefir verið krafa frá aðalkaupstöðum landsins að koma á fót hjá sjer útibúum frá aðalpeningastofnunum landsmanna. Hefir Ísafjörður fengið tvö, Akureyri tvö og á Austurlandi eru nú sem stendur tvö útibú, sitt frá hvorum bankanum, Landsbankanum og Íslandsbanka. Þá er eftir, af aðalframleiðslustöðunum, Vestmannaeyjar. Þar er að vísu eitt útibú, frá Íslandsbanka, en Landsbankinn hefir ekki sjeð sjer fært enn sem komið er að verða við kröfum Vestmannaeyinga í þessu efni.

Þessi till., sem hjer liggur fyrir, er því flutt sem áskorun á hæstv. stjórn, að hún hlutist til um við Landsbankann, að komið verði á fót útibúi frá honum í Vestmannaeyjum.

Þegar athugaðir eru allir staðhættir, kemur í ljós, að engir staðir hjer á landi leggja meira til verslunarveltu landsins en Vestmannaeyjar.

Eftir hagskýrslunum 1920—1923 nemur innflutningur til Vestmannaeyja um 1½ miljón kr. á ári, og árið 1924 er hann um 2½ milj. kr.

Á sama tíma er útflutningurinn frá Vestmannaeyjum eins og nú skal greina:

Árið 1919	2½	milj. kr
— 1920	2¾	— —
— 1921	4¼	— —
— 1922	4	— —
— 1923	6½	— —
— 1924	5¾	— —

eða nánar tiltekið 5.800.000 kr. árið 1924.

Þetta sýnir, að hjer er um stórkostlega viðskiftaveltu og framleiðslu að ræða, og ekki nema von, þó að útibú

Íslandsbanka þar í Eyjum eigi erfitt með að standa straum af þessari veltu. Eftir því sem reikningur útibúsins ber með sjer, hefir aðalbankinn lagt til 1 milj. kr., og er það starfsfje útibúsins, auk 1½ milj., sem er innstæðufje sparisjóðseigenda.

En eins og viðskiftaveltan er, er þetta starfsfje auðvitað of lítið. Þess vegna hefir nú í vetur komið fram krafa frá Eyjaskeggjum um það, að komið verði á fót í Eyjunum útibúi frá Landsbankanum. Og ástæðan til þessa er í fyrsta lagi sú, að menn vilja losna við þá skuldaverslun, sem verið hefir manna milli, og haldist hefir vegna þess, að ekki hefir verið hægt að fá nóga peninga, hvorki til þess að greiða með verkkaup manna eða annað, sem kaupa þurfti. Í öðru lagi vilja margir menn heldur hafa viðskifti sín í Landsbankanum eða útibúi hans. Sumir þessara manna hafa lán sín í Landsbankanum, en verða þó að hafa til milligöngu í viðskiftum útibú það, sem á staðnum er, en mundu hverfa frá því, ef Landsbankaútibúið kæmi, og gætu þá hagað viðskiftum sínum á líkan hátt og menn gera annarsstaðar, hjá viðskiftabanka sínum. Í þriðja lagi finst Eyjaskeggjum ekki heppilegt, að útibú Íslandsbanka sje eitt um hituna að styðja atvinnurekstur Vestmannaeyja; þess sje full þörf, að Landsbankinn hafi með útibúi sínu nokkurn hemil á, hvaða viðskiftakjörum menn eru beittir.

Það eru þess vegna margir, sem standa á bak við þá kröfu, að útibú frá Landsbankanum verði komið á fót í Vestmannaeyjum. Þessi áskorun, sem síðast hefir borist, er undirskrifuð af á annað hundrað kjósendum. En þeim nöfnum var safnað í flaustri, og mundi eflaust bætast fjöldi við, væri leitað á ný undirskrifta.

Vænti jeg því, að hæstv. stjórn taki þessu máli vel og að till. verði samþ.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Verði till. þessi samþ., þá skal jeg taka spursmálið upp og ræða það við stjórn Landsbankans, hvort hún sjái sjer fært að sinna þessari málaleitun. Jeg fyrir mitt leyti lofa að leggja henni liðsyrði. Annars virðist mjer, að niðurlag till. sje óhöndulega orðað. Þar stendur, að bankinn komi á fót útibúi í Vestmannaeyjum, ekki síðar en 1. jan. 1928. Till. ber víst ekki að skilja svo, að flm. hennar frábiðji sjer, að þetta útibú verði stofnað, ef það verður ekki hægt fyrir þennan ákveðna dag. Jeg fyrir mitt leyti tel ekki ósennilegt, að það geti dregist fram yfir þann tíma, þó að jeg fullyrði ekkert þar um að svo stöddu.

Halldór Steinsson: Jeg finn ástæðu til að segja nokkur orð í sambandi við þetta mál.

Á þinginu 1919 bar jeg fram till. þess efnis, að komið væri á fót útibúi frá Landsbankanum í Stykkishólmi. Sú till. flaug í gegnum báðar deildir og var samþ. með miklum atkvæðamun. En lengra hefir þetta mál heldur ekki komist, enda er mjer kunnugt um, að hvorki hæstv. stjórn eða Landsbankastjórnin hefir neitt gert til þess að hrinda málinu áfram öll þau ár, sem liðin eru síðan till. var samþ.

Á þinginu 1919, þegar till. mín var til umr., spurði fjhn. Nd. Landsbankastjórnina, hvert álit hennar væri um það, hvort útibú mundi geta þrifist í Stykkishólmi eða ekki, og svaraði

Landsbankastjórnin því, að útibú mundi mætavel þrífast þar, og taldi þá sjálfsagt, að þetta kæmist í framkvæmd það bráðasta. En þrátt fyrir þessar góðu undirtektir hefir enn sem komið er ekkert orðið úr framkvæmdunum.

Því var það ekki ófyrirsynju, að jeg bar fram á síðasta þingi fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um það, hvað fyrverandi stjórnir og núverandi hæstv. stjórn hefðu gert til að koma þessu máli fram. Og jeg fekk ekki önnur svör hjá hæstv. fjrh. (JÞ) en þau, að hann skilaði frá Landsbankastjórninni, að hún hefði áhuga á að koma málinu í framkvæmd, þegar fjárhagsástæður bankanna leyfðu, en svo væri ekki enn sem komið væri.

Þegar málið liggur þannig fyrir, að liðin eru 8 ár síðan samþ. var að koma upp útibúi í Stykkishólmi, en ekkert frekar aðhafst til framkvæmda því, þá virðist mjer eins og verið sje að bera í bakkafullan lækinn að bera fram till. um að skora á hæstv. stjórn að hlutast til um, að stofnað verði í Vestmannaeyjum útibú frá Landsbankanum; yrði það auðvitað ekki fyr en eftir að útibúið í Stykkishólmi væri komið á fót.

Mjer er ekki kunnugt um hinn almenna vilja Eyjaskeggja í þessu máli, nje hvað margir menn standa á bak við þessar áskoranir, sem vitnað er í. Jeg hefi heyrt sagt, að það mundu vera rúmlega hundrað manns. En hitt er mjer kunnugt um, að alþingismanni kjördæmisins hefir ekki verið falið að flytja þetta mál, og virðist það benda til, að almenningsvilji standi ekki á bak við áskorun þessa, og þá varla um almenningsþörf að ræða. Í Vestmannaeyjum eru ekki nema um 3000 íbúar, og held jeg því, að eitt útibú nægi þeim fyrst um sinn. Hinu neita jeg ekki, að framleiðsla Vestmannaeyja muni vera hlutfallslega meiri heldur en sumstaðar annarsstaðar.

Jeg mun því ekki greiða þessari till. atkv., af því að jeg þykist sjá, að hjer sje hvorki um almenningsþörf að ræða nje almenningsvilja, og ekki heldur fyrirsjáanlegt, að þetta komi til framkvæmda í náinni framtíð, þegar sýnt er, að fyrst verður Landsbankinn að efna þau loforð, sem hann hefir gefið fyrir löngu um stofnun útibús í Stykkishólmi.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla með örfáum orðum að gera grein fyrir því, hvers vegna jeg verð að vera á móti þessari till. Og er þá fyrst að segja, að jeg held það sje með öllu óforsvaranlegt, ef þingið færi nú að ýta undir stjórn og Landsbanka um að koma á fót útibúi í Vestmannaeyjum, þegar litið er á, hvernig þau útibú hafa gefist, sem Landsbankinn hefir komið á stofn. Þau eru nú 4 starfandi, þessi útibú frá Landsbankanum, og er afkoma þeirra sú, að eitt hefir verið rekið svo að segja með engu tapi, annað með litlu tapi enn sem komið er, en má þó búast við að aukist, en um hin tvö útibúin er það að segja, að í rekstri þeirra skiftir tapið miljónum króna.

Ef svo er litið, í annan stað, á það almenna ástand í landinu nú, þá er síst ástæða til að mæla með slíkum till. sem þessari, þar sem það er vitað um þessi útibú, að Landsbankinn hefir orðið að leggja þeim til stórkostlega mikið fje, öllum nema einu. Það geta

allir sjeð, sem kynna sjer bankareikningana, að það skiftir miljónum kr. Og að fara nú að stofna til slíks útibús sem þessa, eins og nú standa sakir, nær ekki nokkurri átt frá mínu sjónarmiði.

Þriðja atriðið, sem og er aðalatriðið í þessu máli, er það, að ef Landsbankinn hefir yfir að ráða svo miklum fjármunum — nokkrum hundruðum þúsunda króna eða miljón —, sem hann gæti beint í einhverja ákveðna átt, þá álít jeg, að þeim peningum eigi ekki að beina til Vestmannaeyja eða yfirleitt til sjávarins. Jeg álít, að það, sem gerst hefir á síðasta ári og árum, hafi sýnt það greinilega, að við eigum ekki að sökkva fleiri miljónum í bili á því sviði.

Framtíð Íslands er betur trygð, ef við reynum að beina því fjármagni, sem við kynnum að hafa, í aðra átt. Það er til stofnun, sem heitir Ræktunarsjóður, sem þarf miklu meira fjármagn en það, sem við höfum nú yfir að ráða. Og að svo miklu leyti sem jeg greiði atkv. með áskorunum til Landsbankans um að beina fje í ákveðna átt, þá vil jeg beina því í aðra átt en þessi till. fer fram á.

Jóhann Jósefsson: Jeg tel mjer skylt, þótt mjer hafi ekki verið falið þetta mál til flutnings hjer á þingi — af því að málið snertir mitt kjördæmi —, að segja nokkur orð um það alment.

Það mun hafa verið 1919, að útibú Íslandsbanka var stofnað í Vestmannaeyjum. Áður hafði starfað þar sparisjóður, sem var stofnaður 1893 og var orðinn um 312 þús. kr. á því ári, sem útibú Íslandsbanka tók til starfa. Endurteknar tilraunir voru gerðar af einstökum mönnum í Vestmannaeyjum, áður en útibúið var stofnað, til að fá Landsbankann til þess að setja upp útibú í Eyjunum, og þá gengið út frá því, sem síðar varð raunin á, að sparisjóðurinn sameinaðist væntanlegu útibúi. Jeg var á þeim tíma þessu mjög fylgjandi og þó nokkrir aðrir, einkum af þeirri ástæðu, að við vildum heldur, að sparisjóðurinn lenti hjá Landsbankanum en Íslandsbanka.

En þetta fór nú svo, að Landsbankinn ákvað að setja upp útibú um líkt leyti á Selfossi, en Íslandsbanki setti aftur á móti upp útibú í Vestmannaeyjum, gegn því að fá sparisjóðinn. Vitaskuld var þörfin fyrir bankaútibú þá þegar orðin það mikil í Eyjum, að við urðum því fegnir, að annarhvor bankinn vildi koma þangað. Síðan hefir inn- og útflutningur í Vestmannaeyjum stórkostlega aukist, eins og hv. flm., 4. þm. Reykv. (HjV), hefir skýrt frá, og hefi jeg ekkert að athuga við þær tölur, sem hann nefndi; þær voru víst alveg rjettar, samkv. hagskýrslunum.

Þessi sparisjóður, sem gekk þarna inn í útibúið, var þá yfirtekinn ásamt varasjóði, sem var þá rúmar 17 þús. kr. Varasjóðurinn fylgdi með í bili, sem nokkurskonar trygging fyrir þeim töpum, sem skeð gæti, að bankinn hefði af útistandandi kröfum á sparisjóðinn, því að bankinn tók vitaskuld við honum með skuldbindingum hans og kröfum. En það reyndist svo, að eftir tvö ár skilaði bankinn rjettum aðilja þessum varasjóði aftur, því að ekki hafði orðið neitt tap á því, sem sparisjóðurinn átti útistandandi.

Síðan útibúið var stofnað hefir það starfað, eins og menn vita, áframhaldandi í Eyjunum, og viðskiftaveltan

hefir stórkostlega aukist ár frá ári. Hún var 1920 rúmar 17½ milj., en hefir svo farið nokkurnveginn stighækkandi þangað til árið 1926, að hún nam nær 38 milj. kr.

Jeg get nú ekki sagt annað en það, að fram að þessum krepputíma, sem nú hefir staðið um nokkurt skeið, þá hefir útibúið annað því nokkurnveginn að leggja fram fje til rekstrar útgerðarinnar. En hinu verður ekki neitað, að kreppan hefir komið við Vestmannaeyjar og útibúið þar, líkt og við aðalbankann sjálfan, Íslandsbanka, og raunar allar lánsstofnanir í landinu. Þannig get jeg vel skilið það, sem hv. 4. þm. Reykv. (HjV) sagði, að það væru ýmsir, sem óskuðu eftir því nú í Vestmannaeyjum að fá Landsbankaútibú stofnsett. Þessar óskir hafa þó hingað til ekki komið fram á þann hátt, að maður gæti sagt, að þær væru almennar. En nú hefir, eins og búið er að upplýsa, verið send áskorun um þetta efni til þingsins frá mönnum í Vestmannaeyjum.

Þrátt fyrir það, þótt jeg persónulega hafi frá byrjun haft tilhneigingu til að óska þess, að Landsbankinn væri þarna starfandi, þá hefi jeg þó ekki álitið mjer vera skylt að bera þetta mál fram á Alþingi, þar sem mjer hefir aldrei verið falið það, hvorki á þingmálafundum nje á annan veg. Það hefði meira að segja, vegna annarar aðstöðu minnar, kannske mátt misskilja það, ef jeg upp úr þurru hefði borið fram óskir um þetta efni.

Jeg held það sje ekkert ofmælt, þótt jeg segi það, að útibú Íslandsbanka í Vestmannaeyjum muni vera eitt af hans bestu útibúum. Það hefir líka leitast við að styðja atvinnuvegina í Eyjunum eftir því sem hægt er að ætlast til, eftir ástæðum undanfarin ár, bæði bátaútgerðina sjálfa og atvinnurekstur á landi, t. d. fiskimjölsverksmiðjur og fleira, sem stendur í beinu sambandi við útgerðina. Hver, sem kynnir sjer reikninga Íslandsbanka undanfarin ár, mun líka sjá, að Vestmannaeyingar hafa verið góðir viðskiftamenn. Þó er það svo nú, að á þessum peningaleysistímum væri það frá mínu sjónarmiði sjeð æskilegt, ef Landsbankinn sæi sjer fært að setja upp útibú þar. Þess eru líka dæmi, eins og hv. flm. lýsti, að bankarnir starfi á fleiri stöðum hjer á landi með útibú hvor við annars hlið. Eins og sakir standa, er raunar allur fjöldi manna í Vestmannaeyjum viðskiftamenn Íslandsbanka, en eftir því sem maður veit af reynslunni, jafnvel hjer við aðalbankann, þá er ekkert annað líklegra en að Íslandsbanki sæi ekkert eftir því, þótt einhverjir af hans viðskiftamönnum gætu fengið aðgang annarsstaðar. Jeg hefi heyrt, að Íslandsbanki sje ekki fráhverfur að gefa samþykki sitt til þess, að Landsbankinn yfirtæki útibúið í Vestmannaeyjum. Og jeg fyrir mitt leyti mundi síst hafa á móti því, ef það gæti tekist.

Jeg heyrði, að hv. þm. Snæf. (H-Steins) áleit, að ekki væri rjett að samþ., að fleiri útibú yrðu sett á stofn, þar sem fyrir lægi áskorun um Stykkishólmsútibúið, sem þegar er 8 ára gömul, og ekki farið að fullnægja enn þá. Jeg þekki ekki svo vel til á þeim stað, að jeg viti, hvað þörfin er brýn, en áreiðanlega er mikið minni atvinnurekstur þar en í Vestmannaeyjum.

Hv. þm. Str. (TrÞ) taldi ekki rjett að beina meira fje í sjávarþorpin að þessu sinni. En í því sambandi verð jeg að benda á það, o g l e g g j a á h e r s l u á, að færi svo, að Íslandsbanki eigi eitthvað erfiðara með það heldur en nú að fullnægja þörf á lánsfje til rekstrar, t. d. í Vestmannaeyjum, þá v e r ð u r ó h j á k v æ m i l e g t, að Landsbankinn hlaupi undir bagga eitthvað meira en hann gerir nú. Í því sambandi er rjett að geta þess, að þótt flestallir útgerðarmenn í Eyjunum sjeu viðskiftamenn Íslandsbanka, þá er þó talsvert fje lánað frá Landsbankanum til atvinnurekstrarins þar, og hefir bankinn þar þess vegna talsverðra hagsmuna að gæta.

Þótt jeg því hafi ekki fengið nein tilmæli um það frá Vestmannaeyingum að veita þessu máli atbeina, þá vil jeg við þetta tækifæri veita því liðsinni mitt, þar eð jeg hefi frá öndverðu verið því fylgjandi, að Landsbankinn setti þar upp útibú. Jeg tek því undir ósk hv. flm. um, að þáltill. á þskj. 327 sje samþ. nú á Alþingi, og vona, að með því sje betur trygður atvinnurekstur Vestmannaeyinga og að Landsbankinn sjái sjer fært að hrinda þessu máli í framkvæmd.

Jón Baldvinsson: Það verður ekki annað sagt en að hæstv. ráðh. (JÞ) hafi tekið vel undir þessa till. hv. 4. þm. Reykv. (HjV). Hann fann að vísu að orðalaginu, en jeg held það hafi ekki verið alvarlega meint; enda liggur í hlutarins eðli, að útibúinu verður ekki neitað, þótt það verði ekki stofnað fyr en 2. jan. 1928. Vestmannaeyingar munu sennilega taka því fegins hendi.

Andmæli hafa komið fram frá hv. þm. Snæf. (HSteins) og hv. þm. Str. (TrÞ). Jeg skil vel, að það er dálítil gremja hjá hv. þm. Snæf. yfir að vera búinn að bíða eftir útibúinu svona mörg ár, sem þingið samþ. að skora á stjórnina að koma upp. En þrátt fyrir það væri kannske ekki ástæða til fyrir hann að leggja á móti þessari till. Það má sem sje búast við, ef sæmileg ár koma í Vestmannaeyjum, að svo geti farið, að útibúið fæddi sig sjálft, ef svo mætti að orði komast. Mjer er sagt, að útibú Íslandsbanka þar hafi mestmegnis síðustu ár lifað á sínum sparisjóði.

En það var hv. þm. Str. (TrÞ), sem lagði fastlega á móti þessari till. Hann taldi mjög óforsvaranlegt að samþ. hana; áleit, að eftir þeirri reynslu, sem fengin er af útibúum, sje það ekki glæsilegt fyrir Landsbankann að leggja út í nýja slíka stofnun. En hv. þm. (TrÞ), sem er endurskoðandi Landsbankans, veit það hverjum manni betur, að í raun og veru er það Landsbankinn, sem „finanserar“ Íslandsbanka sem stendur, og náttúrlega útibú hans líka; svo að það er ekki nema eðlilegt, að Landsbankinn noti sjálfur þessa peninga líka á þeim stöðum, þar sem útibú eru ekki enn þá komin upp frá honum, en er mikil þörf, eins og t. d. í Vestmannaeyjum.

Það er kunnugt, að hv. þm. Str. (TrÞ) vill aðallega beina peningastraumnum til sveitanna og ræktunarinnar. En það er sannast að segja, að landbúnaðurinn fer ekki varhluta af þeim fjárveitingum, sem Alþingi hefir yfir að ráða.

Það kom fram hjá hv. þm. Snæf. (HSteins), og óbeint í ræðu hv. þm. Vestm. (JJós), að honum (JJós) hefði

ekki verið falið málið. Þar við er að athuga, að landskjörnir þm. eiga ítök í hverju kjördæmi. Alþýðuflokkurinn á ekki lítinn hóp kjósenda í Vestmannaeyjum, og jeg tel mig þingmann þeirra eins og annara og ber fram málefni, sem frá þeim kunna að koma, þrátt fyrir það, að Eyjarnar eiga sinn sjerstaka þingmann. Jeg veit, að hv. þm. tekur ekki sem neina móðgun, að við höfum flutt till. þessa. (**JJós:** Alls ekki. Fanst þingmanninum það koma fram í minni ræðu?). Nei; en jeg segi sem svo.

Hv. þm. Str. vildi jeg segja það, að þótt útibú Landsbankans hafi ekki gengið sem best, þá verður ekki hætt við að setja upp útibú. Og þarna er staður, sem hægt er að sanna með tölum, að hefir mikla framleiðslu, svo að það er miklu meiri ástæða til að hafa þar tvö útibú en sumstaðar annarsstaðar. Peningaverslunin er svo mikil og framleiðslan, að á sínum tíma voru sparisjóðsinnlög þar svo mikil, eins og jeg gat um, að þau gátu fætt bankann.

Jeg vænti því, að þrátt fyrir mótmæli hv. þm. Snæf. og hv. þm. Str. verði þessi till. samþ. og hæstv. stjórn geri sitt til þess að koma henni í framkvæmd sem fyrst.

Jeg hefi ekki talað við stjórn Landsbankans um þetta og veit ekki, hvort hv. meðflm. minn (HjV) hefir gert það. Jeg álít, að þessi mál eigi að ganga þessa boðleið, að vera borin fram í þinginu, og ríkisstjórnin eigi á eftir að semja við bankann. Það hefði verið skakt að fara fyrst til bankastjórnarinnar.

Forseti (TrÞ): Mjer hefir verið afhent af hv. þm. Snæf. (HSteins) svohljóðandi till. til rökstuddrar dagskrár:

„Með því að fyrir liggur óuppfyllt loforð um stofnun útibús frá Landsbankanum í Stykkishólmi, þykir sam einuðu Alþingi ekki ástæða til að samþykkja þessa till., og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá".

Þessi rökstudda dagskrá liggur þá einnig fyrir til umr.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Fyrst vil jeg þakka hæstv. fjrh. (JÞ) undirtektir hans. — Mjer fyndist ekki illa til fallið, ef þessi till. verður samþ., að útibúið byrji einmitt síðustu dagana, sem þarna er ákveðið, því að veiðitími Vestmannaeyinga byrjar um svipað leyti.

Hv. þm. Snæf. (HSteins) hugði, að það væri ekki vilji almennings í Vestmannaeyjum, að þetta útibú kæmist á fót, vegna þess, að málið væri ekki borið fram af þingmanni Eyjanna.

Nú er það svo, sem hv. þm. Snæf. mátti vera kunnugt, að þarna eru tveir flokkar, eins og víða annarsstaðar. Það er ekki nema eðlilegt, að okkar flokksmenn snúi sjer til okkar með þau mál, sem þeir vilja láta fram bera. Við höfum orðið við áskorun þeirra. En eins og heyrst hefir á þessum þingfundi, þá hefir hv. þm. Vestm. (JJós) verið með þessu máli, og jeg hefi heyrt síðan till. kom fram, að margir stjórnmálaandstæðingar okkar sjeu því fylgjandi. Þótt málið því sje komið frá minni hl. kjósenda í Vestmannaeyjum, þá má telja, að það hafi fylgi langmests hluta kjósenda að baki sjer.

Hv. þm. Snæf. (HSteins) hefir kom-

ið með rökstudda dagskrá um að vísa málinu frá, þar sem enn er óuppfylt loforð um útibú í Stykkishólmi. Jeg fyrir mitt leyti vil ekki leggja á móti útibúi í Stykkishólmi, hvenær sem það verður hægt; en jeg vil jafnframt minna á það, að það er þó til peningastofnun í Stykkishólmi, sem sje sparisjóður. Í öðru lagi eru ekki saman berandi atvinnuvegirnir, jafnvel þótt allur Breiðifjörður sje tekinn, við Vestmannaeyjar, eins og tölurnar sýna, sem við hv. þm. Vestm. (JJós) höfum getið um. Það mun því ekki vera eins mikil þörf fyrir eitt útibú í Stykkishólmi eins og tvö í Vestmannaeyjum. Þessi brýna þörf mundi að minsta kosti sjást, ef borinn væri saman innflutningur og útflutningur í Vestmannaeyjum við aðra staði, þar sem útibú eru, t. d. á Austurlandi.

Jeg vona því, að þessi rökstudda dagskrá verði feld; því að það má ekki gera einum rjett með því að gera öðrum rangt til. Og mjer finst, að ef hv. þm. Snæf. (HSteins) óskar, að útibú komi einhvern tíma í Stykkishólmi, þá eigi hann ekki að leggja á móti þessu, þar sem hjer liggja brýnni ástæður til.

Hv. þm. Str. (TrÞ) lagði á móti þessu af þeirri ástæðu, að ef peningar væru fyrir hendi, væri rjettara að leggja þá til landbúnaðar. Nú er það svo, eins og hv. 5. landsk. (JBald) gat um, að Landsbankinn leggur töluvert mikið fram í útgerð í Vestmannaeyjum gegnum Íslandsbanka. Í öðru lagi leggur hann fram annað fje, beint til viðskiftamanna sinna þar, sem kemur ekki fram á reikningunum sjerstaklega.

Það má ekki gleyma því, að það er nokkurs virði fyrir þá, sem viðskifti eiga í Vestmannaeyjum, að þeir þurfi ekki eingöngu að snúa sjer í þetta eina bankahús; að minsta kosti er mikil áhersla á það lögð í Vestmannaeyjum. Og þó það sje æskilegt, að veitt sje fje til landbúnaðarins, þá á það langt í land, að hægt sje að veita þangað stórum peningastraumi, enda er eftirspurnin eftir peningum þar svo miklu minni en hjá sjávarútveginum. Í móti þessu getur hv. þm. Str. (TrÞ) ekki mælt, og hann getur heldur ekki mælt því í mót, að Vestmannaeyjar gefa tiltölulega mesta framleiðslu af öllum stöðum í landinu. Og þótt þar hafi orðið tap á framleiðslunni síðasta árið, þá hafa Eyjarnar venjulega gefið landsmönnum stórfje, og útgerðin þar hefir fætt fjölda manns, eigi aðeins Eyjaskeggja, heldur einnig fjölda manna, sem leitar þangað atvinnu víðsvegar að af landinu.

Það mundi áreiðanlega bera ávöxt miklu fyr, að leggja fram fje til útgerðarinnar þar, heldur en að bæta enn að nýju við miljónum í Ræktunarsjóð.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Snæf. (HSteins) samþ. með 22:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, HSteins, HK, IP, JakM, JAJ, JG, JK, JÓl, JS, JKr, JörB.

nei: MK, HjV, ÓTh, IngB, JJós, JBald, JJ, MT.

JÞ greiddi ekki atkv.

Ellefu þm. (KlJ, SvÓ, ÞórJ, BSv, BK, BL, EÁ, EJ, GÓ, IHB, JóhJóh) fjarstaddir.

2. Sandgræðslugirðing í Gunnarsholti.

Á 18. fundi í Ed., fimtudaginn 3. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um notkun sandgræðslugirðingar í Gunnarsholti (A. 85).

Á 19. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 21. fundi í Ed., mánudaginn 7. mars, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Einar Jónsson): Aðalástæðan fyrir því, að till. þessi á þskj. 83 er fram komin, er áhugi ýmsra kunnugra manna fyrir góðri umönnun á hinni miklu girðingu, sem um er að ræða, og hagkvæmum notum hins afgirta svæðis.

Eins og getið er um í greinargerð till. þessarar, ritaði Gunnlaugur Kristmundsson skýra blaðagrein í nóvember síðastl., þar sem hann benti á, að hagkvæmasta leiðin til þess að hafa not þessarar stóru girðingar myndi verða sú, að stofna þar barnahæli og setja upp kúabú samhliða því. Á þann hátt mætti koma í veg fyrir, að hið mikla gras, sem er þar nú árlega, rotnaði niður ónotað. Í greinargerðinni er þess og ennfremur getið, að á svæði þessu myndi mögulegt að heyja 1500—2000 hesta á ári, alt kúgæft hey, ef slegið væri árlega. Við þessi stóru grassvæði er ekkert annað að gera en slá þau, því að beit er þar bönnuð. Sauðfje fær eðlilega ekki að koma þangað, því að það eyðileggur svo mjög gróðurinn. Þegar því það er horfið, fer gróðrinum svo fljótt fram, að því trúir enginn, nema sá, sem reynir.

Að mönnum datt í hug, að þarna gæti verið hentugur staður fyrir barnahæli, er meðal annars af því, að mjög er eftirsótt að koma börnum úr kaupstöðunum upp í sveit á sumrin, þar sem þau hafa betra loft og nóga mjólk. Ef þarna væri stofnað kúabú, gæti allmörgum börnum liðið þar vel.

Eins og tekið er fram í grein Gunnl. Kristmundssonar, eru góðar samgöngur að Gunnarsholti, bílvegur þangað alla leið hjeðan. En eins og öllum er kunnugt, er það aðeins á sumrin, sem hann verður notaður. Liggur því beint við að nota þennan stað á sumrin fyrir kaupstaðina, en á veturna fyrir sveitina, og verður því best fyrir komið á þann hátt, að hafa þar barnahæli fyrir kaupstaðabörn á sumrin, en barnahóp úr sveitinni til kenslu á vetrum. Þetta gæti verið hagkvæmt fyrir okkur Rangæinga, því að við erum, sökum strjálbygðar, alveg að komast í þrot með að uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru til barnafræðslunnar. Þannig hagar til, að það eru aðeins tvö heimili í sveitinni, sem eru svo sett, að börn geta gengið þangað frá 1 eða 2 næstu bæjum. Höfum við því neytt þessi heimili til að hafa skólann langt umfram það, sem þau hafa getað með góðu móti. En nú er svo komið, að þau sjá sjer það á engan hátt fært lengur. Erum við því orðnir alveg ráðþrota með þetta. Þegar því hin umrædda blaðagrein kom í haust, flaug okkur í hug, hvort við myndum ekki geta orðið í sambjörg við hið opinbera, að koma upp skóla fyrir okkar börn, um leið og það sæi sínum kaupstaðabörnum fyrir þægilegum sumarbústað. Jeg bið því

hv. deild að athuga, að hjer er um enga áskorun að ræða, heldur aðeins að íhuga, hvort þetta myndi ekki fær leið. Jafnframt þessu ber að athuga, að í þessa stóru girðingu er búið að leggja mikið fje fram úr ríkissjóði. Væri það því óneitanlega hagkvæmara, ef hægt yrði að koma þessu fyrir á þann veg, að hann fengi að einhverju leyti vexti af því fje, sem hann hefir lagt fram. Og það mundi helst verða með því að nota girðingu þessa á einhvern hagkvæman hátt í þágu hins opinbera. Það er því eigi aðeins ósk Rangæinga einna, að Alþingi leggi til við stjórnina, að þetta verði athugað, heldur og fjölmargra fleiri.

Eins og jeg tók fram áðan, er hreppur sá, sem Gunnarsholt liggur í, mjög strjálbygður. Aðeins á tveimur stöðum hagar svo til, að börn geta gengið í skóla heiman að frá sjer. Og er það síst að undra, þar sem lengd hreppsins er um 50 km. og breidd um 40 km. Það er því afarerfitt að framkvæma barnafræðslu þarna svo í lagi sje, nema því að eins að hafa fastaskóla.

Það má nú segja, að hreppurinn geti fengið styrk úr ríkissjóði til að byggja fastaskóla. Það er aldrei nema satt, og hefir komið til tals. En þetta er heppilegri leið, bæði fyrir ríkissjóð og hreppsfjelagið.

Jeg tók ekki upp í till. þessa, hver not mætti hafa af Stóruvallagirðingunni í Landsveit, en eins og kunnugt er, er það stór girðing. Hinsvegar finst mjer sjálfsagt, að það verði athugað um leið og athugað yrði, hver not mætti hafa af Gunnarsholtsgirðingunni.

Mjer dettur í hug, að fyrirsögn till. þessarar hefði betur farið á annan veg, en slíkt ætti ekki að verða til að skemma efni hennar. Óska jeg svo, að henni verði vísað til nefndar, og þá helst allshn. Annars get jeg sætt mig við, að hæstv. forseti stingi upp á nefndinni. (**JJ**: Mjer finst till. eiga best heima í mentamálanefnd). Jeg fel hæstv. forseta að skera úr, til hvaða nefndar hún skuli fara.

Jónas Jónsson: Hv. 2. þm. Rang. (EJ) hefir komið hjer með undarlegt mál, og sáust undarlegheit þess best, þegar fara átti að vísa því til nefndar, því þá gat það eftir efninu heyrt undir þrjár nefndir. Sem sandgræðslumál heyrði það undir allshn., sem þingsályktun um stofnun kúabús heyrði það undir landbn., og sem skólamál heyrði það undir mentmn. Eftir efninu hefði till. þessi frekar átt að heita till. til þál. um stofnun kúabús eða barnahælis.

Það mun mjög óvanalegt, að innihald till. eða frv. sje dulið svo í fyrirsögn sem hjer. Væri því ekki úr vegi fyrir háttv. flm. að athuga þetta til 2. umr. og breyta þá fyrirsögn tillögunnar í samræmi við innihaldið. Gæti till. þá komið til með að heita: Till. til þál. um stofnun kúabús, barnahælis og barnaskóla í Gunnarsholti.

Hv. flm. talar ekkert um kostnaðarhlið þessa máls. Hann gerir ráð fyrir, að þarna megi heyja árlega 1500—2000 hesta, alt kúgæft hey. Yrði því um töluverðan rekstur að ræða þarna, ef nota á allan þennan heyafla, auk þess sem hann myndi aukast árlega við notkun áburðar undan stóru kúabúi. Til slíks rekstrar þarf því áreiðanlega mikið fje. Jeg vil nú biðja hv. flm. að skýra frá, hvort hann ætlist til, að landssjóður byggi þarna hlöður og

gripahús tilsvarandi þeim heyafla, sem hann telur, að þarna megi fá. Jafnframt væri gott, að hann upplýsti, hversu margar kýr myndi þurfa til þess að jeta alt þetta hey.

Það mun nú sjaldgæft, að kennarar sjeu líka bústjórar fyrir stórum búum; að minsta kosti fer það illa saman, þegar kennarinn er kvenmaður. Jeg vil því ennfremur spyrja hv. flm., hvort hann hafi hugsað sjer að hafa þarna sjerstakan bústjóra, og þá hvort hann eigi að vera launaður af því opinbera eða hreppnum.

Þetta eru þá spurningar viðvíkjandi kúabúinu. Þá er barnahælið. Hv. flm. lýsti þeim erfiðleikum, sem þarna væru með barnafræðsluna. Jeg get vel trúað, að þeir sjeu miklir, og því vel skilið, að hans stóri hreppur vilji þiggja hjálp frá hinu opinbera, til þess að koma upp fastaskóla. En væri ekki gefið helst til mikið fordæmi með því að láta hrepp þennan fyrst fá girðingar fyrir fullar 20 þús. kr. og byggja svo á eftir yfir öll skólabörn hans og nokkra tugi nautgripa. Gætu þá ekki aðrir hreppar komið á eftir og beðið um annaðhvort, og jafnvel hvorttveggja. Mjer finst það liggja beint við.

Hefir nú hv. flm. gert sjer grein fyrir, að hjer er um þjóðnýtingu að ræða, og hana í stórum stíl? Jeg býst við því. En það virðist því undarlegt tákn tímanna, að hið fyrsta, sem hann flytur í þinginu, skuli vera um þjóðnýtingu, sje það satt, sem sagt hefir verið, að hann hafi eingöngu verið sendur á þing til þess að vera á móti öllu slíku. Smalar hans munu hafa haft á orði, að með kosningu hans ætti að tryggja, að hangikjötið í eldhúsrótinni hjá bændum í kjördæmi hans yrði ekki „þjóðnýtt“ handa einhverjum öðrum fátæklingum. — Hjer er sem sje um þrefaldan ríkisrekstur að ræða. Hv. flm. er því kominn þrefaldur í mótsögn við það, sem hann var kosinn til.

Vill nú hv. flm. upplýsa, hve mikið hann hefir hugsað sjer, að hreppurinn legði af mörkum í þetta þjóðnýtingarfyrirtæki, og hversu mikinn þátt hreppurinn eigi að taka í þeim tekjuhalla, sem hugsanlegt er, að verði á rekstri þess?

Þá kem jeg að því, sem hv. flm. hefði átt að minnast á, en það er sandfokið. Eins og till. ber með sjer, er þarna mikið sandfok, og hefir mjer verið sagt af bændum eystra, að börnin gæti hæglega fent þar á sumrin í sandsköflunum.

Jeg efast ekki um, að þessi uppástunga um þrefalda þjóðnýtingu á Gunnarsholti hafi verið gerð í góðri meiningu. En það virðist ógerningur að senda börnin úr rykinu hjeðan í hið mesta sandfok og ryk, sem fáanlegt er á landinu. Er því ekki hægt að búast við, að þeir fylgi þessu máli, sem börnin eiga, því að öllu athuguðu er ekki hægt að fá öllu óheppilegri stað á landinu fyrir barnahæli.

Þar sem hv. flm. ætlast til, að till. þessi verði samþ., þá hvílir á honum sönnunarskylda á því, að þetta sje gott og gagnlegt mál. Vil jeg því fastlega vænta þess, að hann svari skýrt og skorinort þeim fyrirspurnum, sem jeg hefi beint til hans viðvíkjandi því.

Og að síðustu vil jeg benda honum á, að hann er alveg kominn á móti umbjóðendum sínum með því að flytja þessa þjóðnýtingartill., því það væri

líkast, að hún væri flutt af hv. 5. landsk. (JBald). En vel má vera, að þar sem þeir sitja allnærri hvor öðrum, þá hafi átt sjer stað hugsanaflutningur á milli þeirra og að af því stafi tillagan.

Flm. (Einar Jónsson): Flest af því, sem hv. 1. landsk. (JJ) beindi til mín að svara, liggur í hutarins eðli að verður að bíða í eitt eða fleiri ár enn. Því nú þegar er ekki víst, hvort þetta fæst rannsakað, og því síður, hvort um nokkurn stofnkostnað verður að ræða. Meining tillögunnar er að fá þetta rannsakað. Þá fyrst, þegar það er búið, er tími til að athuga, hverjir eigi að byggja þar hlöður og peningshús o. s. frv. Þó finst mjer það liggja í hlutarins eðli, að það sje ríkissjóður, sem eigi að byggja, því hann á landið, og hann ljet girða á sinni eigin eign. Til Rangárvallahrepps hafa því engar 20 þús. kr. verið lagðar, svo sem hv. 1. landsk. heldur hjer fram.

Þá spurði hv. þm. (JJ), hversu margar kýr myndi þurfa, ef nota ætti allan heyaflann, sem þarna fæst. Að sjálfsögðu yrðu þær margar. En þær þurfa líka ekki að vera fleiri en það, sem þarf með vegna barnahælisins, því ekki er bundið við að nota allan þann heyafla, sem þarna fæst, því betra er að nota eitthvað af honum heldur en ekki neitt.

Þá var hann að reyna að skensa mig fyrir, að fyrirsögn till. væri öðruvísi en hún ætti að vera. Á þetta mintist jeg í fyrri ræðu minni, og jeg veit ekki, hvort jeg nenni að breyta því nú. Hefi enga trú á að leita ráða til hans í þessu efni.

Jeg veit ekkert, við hvað hv. þm. á með þessum hangikjöts- og þjóðnýtingarsögum; hefi aldrei heyrt þær fyr. Enda veit jeg, að hv. þm. hefir farið aðra leið en hann ætlaði að fara með því að minnast á þessa sögu, að jeg stæði á verði fyrir þessu þjóðnýtingarmáli. Jeg býst við, að það hafi verið kökurnar frá Stórólfshvoli, sem hv. flm. (JJ) hefir ætlað sjer að minnast á, því að þessa sögu hefir hv. þm. sjálfur fundið upp nú í sæti sínu, en þesskonar slúður gerir mjer ekkert til. Hv. þm. ímyndar sjer, að það sje líklegt, að börnin, sem ættu að vera á þessu svæði, gætu horfið í kaf í sandinn. Jú, jeg geri ráð fyrir, að ef barn er sett fyrir utan girðinguna, þá geti það farið í kaf, en það eru til enn þá óskemdar grasspildur, þar sem sandur er enginn. Nei, jeg held, að það sje alveg áreiðanlegt, að þau börn, sem þar yrðu geymd, kæmu svo þaðan aftur, að þau hefðu ekki grafist í sand. Það er nauðsynlegt að grenslast eftir því síðar, sem hv. 1. landsk. var að spyrja um, en hvað bústjórnina snertir, hefi jeg ekki hugsað mjer hana á annan hátt en að sandgræðsluvörður er nauðsynlegur á þessu svæði, og væri þarna maður, sem ætti að vera sandgræðsluvörður, þá mundi hann líka geta verið bústjóri, þó um nokkrar beljur væri að ræða þarna, því að jeg býst ekki við, að barnakennarinn geti það. Hvað það atriðið snertir, hve mikið við vildum leggja til, þá er óhugsandi að svara því strax, en jeg geri ráð fyrir, að við myndum komast eitthvað ljettara út af kostnaðinum, og á hinn bóginn yrði ríkissjóði líka gert nokkru ljettara fyrir með að byggja þarna barnahæli, svo að bæði ríkissjóði og Rangvellingum ætti að vera hagur að því að vera í fjelagi um þetta. En hvort þetta er eins skýr

mynd af þjóðnýtingu, eins og hv. 1. landsk. komst að orði, þá er því að svara, að því skýrari sem hún er, því rusari ætti hv. þm. (JJ) að vera til þess að nýta hana.

Að öðru leyti vil jeg engar þrætur vekja, en vil minna á það aftur, að þær fyrirspurnir, sem fram komu hjá hv. þm. (JJ), eiga helst ekki við fyr en búið er að ákveða, hvort nokkuð verði úr því, sem hjer er stungið upp á. Þá fyrst geta þær komið til orða.

Jónas Jónsson: Það kom í ljós hjá hv. flm. (ÉJ), að hann hefir ekki myndað sjer mjög greinilega skoðun um málið. **(EJ:** Það liggur ekkert á því). Hv. flm. fer fram á, að hjer sje gerð rannsókn á kostnað ríkissjóðs. Það mætti kannske verja eins miklu í hana eins og fyrirhleðsluna í Þverá í fyrra. Það er auðsjeð, að hv. þm. botnar ekkert í þessu sjálfur, enda er framkoma hans í þessu hálfbrosleg. Þegar ríkissjóður hefir varið svo miklu fje til að verja þetta land fyrir sandfoki, finnur hlutaðeigandi þm. upp eitthvert ráð til þess, að ríkissjóður þurfi að byggja þar líka. Hv. þm. veit ekkert um, hve mikið hreppurinn vill leggja til í þetta; það er aðeins ákveðið, að hann ætlar að nota það, sem gert verður, veit ekkert hvort á að hafa þar sjerstakan bústjóra, eða hvort á að hafa þar nógar kýr, til þess að geta notað alt þetta gras. **(EJ:** Jeg hefi enga heimild til þess að skipa fyrir um það). Nei, en hv. þm. hlýtur að hafa gert sjer einhverja grein fyrir því, hvert vit sje að leggja út í þetta fyrirtæki. Þar sem um 2000 hesta slægjur er að ræða, ætti innan skams að mega hafa þar álíka margt af nautpeningi eins og Guðmundur ríki hafði á Möðruvöllum. — Með nautpeningseigninni kemur áburður, og grasframleiðslan hlýtur að vaxa mjög mikið, og ef ekkert væri hægt að gera við alt þetta gras, nema hafa þar kúabú svo stórt, að alt grasið yrði notað, þá er það ekki nema eðlilegt, að hv. flm. ofbjóði kostnaðurinn, þegar bent er á, að ríkissjóður verður að leggja alt til.

Jeg hefi bent á, að grundvöllur till. muni vera rangur hjá hv. flm.; jeg hefi það frá bónda að austan, sem hjer var á ferð, að einmitt þarna liggi í nágrenni ágætar sauðfjárjarðir, og því ekkert eðlilegra en að þetta land væri lánað til slægna, á meðan sandflæmin eru að gróa upp. En að hv. þm. (EJ) vill fara að hafa hjer þjóðnýtingu, bendir á það, að hann er farinn að hallast að þeirri stefnu. En hv. þm. hefir játað, að hann vissi ekki neitt um málið og ekkert um kostnaðinn, hvorki hvað hann væri mikill nje hvernig ætti að skifta honum. Hann hefir aðeins borið nokkuð á móti því, að börnin mundu sálast af sandfoki þar, en jeg held, að þó að þau ekki köfnuðu þar, þá væri vafasamt, hvort foreldrar óskuðu eftir því að hafa börnin þar á sumrin, þar sem er meira og minna fult af sandi. Hv. þm. taldi þessa stefnu einskonar hangikjötsstefnu, en máske hefir það verið mismæli hjá hv. þm., en sennilega hefir þetta verið það fræga pólitíska hangikjöt, sem mest var talað um í Rangárvallasýslu í fyrra, og álitið er, að selt hafi verið út í Vestmannaeyjar af einum nafntoguðum íhaldskaupmanni til ágóða fyrir kosningasjóð íhaldsmanna. Jeg býst við, að hv. þm.

sje svo kunnugur í herbúðum íhaldsmanna í Rangárvallasýslu, að hann viti vel um það eina fræga hangikjöt, sem þar hefir verið á boðstólum. En þegar hv. þm. fer að tala um það, að jeg sje með þjóðnýtingu og ætti því að vera með þessu máli, þá er jeg eins og aðrir menn með þjóðnýtingu á ýmsum sviðum, þar sem skynsamlegt er að koma henni við, en get verið á móti henni á öðrum, og vitanlega er jeg á móti þessari þjóðnýtingu og skoða hana sem helbera vitleysu. Jeg vil líka benda hv. þm. á, að hann og hans flokksbræður, og þar á meðal einn ráðherra, hafa barist á móti allri þjóðnýtingu og hrópað hana niður með hverskonar „agitationum", og kosningasmalar þeirra hafa haldið á loft hinum fáránlegustu sögum um allan ríkisrekstur. En sjerstaklega vil jeg benda hv. þm. á það, að hann er svo illa að sjer, að fyrsta málið, sem hann leggur til á þinginu, er dýr þjóðnýting, og sennilega af því tæi, sem hann getur ekki fengið einn einasta mann til að líta við, og ekki einu sinni þann þingflokkinn, sem þó einmitt hefir þjóðnýtingu á stefnuskrá sinni.

Þá vil jeg benda hv. þm. á það, hvernig afstaða hans og hans flokksbræðra er í þessu máli. Þeir glamra manna mest og senda menn út til þess að rógbera samvinnumenn fyrir, að þeir svíki stefnu sína og sjeu með allsherjar ríkisrekstri. Hv. 2. þm. Rang. ætti að muna, að flokksbræður hans hafa drepið sjálfsögð gróðafyrirtæki landsins, eins og tóbakseinkasöluna, eingöngu af því að það sje þjóðnýting.

Flm. (Einar Jónsson): Jeg ætla ekki lengi að elta ólar við fjarstæður hv. 1. landsk. (JJ); honum tekst ekki að gera mig hlægilegan, þó að hv. þm. leggi fram alla krafta sína til þess, nje heldur þó að stagast sje á þessari fyrirsögn till., sem jeg viðurkenni, að hefði mátt orða öðruvísi, enda held jeg, að hv. þm. myndi ekki græða mikið á þeirri tilraun sinni, ef jeg færi að leita uppi alt óþinglegt, sem komið hefir fyrir hjá hv. þm. (JJ). Það myndi þá að minsta kosti eitthvað fallast í faðma, þegar ekki er um stærra atriði að ræða. En það gerir heldur ekkert til um fyrirsögn till., því að fyrirsögnin ein skiftir ekki svo miklu máli, en hvað það snertir hjá hv. þm., að þetta sje einhver sterkasta þjóðnýting, sem fundin verði, þá held jeg, að það sje ekki rjett. Þetta eru aðeins þau algengu „slagorð", sem hv. þm. er svo tamt að nota. Það keyrir satt að segja fram úr hófi, að hv. þm. skuli minnast á mig sem rógbera, því að ekkert er fjær mjer en slíkt, en það er eins og hv. þm. (JJ) sje tamast að bregða öðrum um það, sem hann er mest ásakaður um sjálfur, og skal jeg þá benda hv. þm. á eitt dæmi, þegar hann skrifaði í Samvinnufjelagsritið um tvo mestu merkismenn þar í sýslunni 1924, sem hann lýsir því yfir um, að þeir sje ljelega mentaðir og lítið greindir embættismenn. Annar þeirra prestur, en hinn sýslumaður, og svo var hv. þm. að tala um, að út frá þessum mönnum væri svo talsvert stór hópur af frábærlega bjánalegu bændaliði, sem alveg ljeti stjórnast af þeirra vilja. En mjer dettur ekki í hug að blikna nje blána, þótt mjer sje borið á brýn, að jeg sje ómenni og heimskingi, sem ekkert viti um það, hvað helst eigi að gera. Jeg stend alveg jafnrjettur fyrir því, þegar það kemur úr þessari

átt, svo að slík orð þýðir hv. þm. (JJ) þess vegna ekkert að setja inn í þingtíðindin. Annars skal jeg alveg hlaupa yfir þetta, aðeins benda hv. þm. (JJ) á, að slíkan áburð sem þennan get jeg ekki tekið að mjer, en jeg vil tala rólega um þessa till. og sýna fram á, að það er ekki ástæða til að vera að semja miklar áætlanir um þetta mál, eins og það er nú, heldur aðeins að athuga, hverjar leiðir sjeu færar til þess að geta notað þetta sandgræðslusvæði sem best með tímanum, og það mundi ekki kosta ríkissjóð neitt stórfje, þó að það yrði gert, að maður, sem til þess er álitinn fær, væri sendur þarna austur á Rangárvöllu til þess að athuga þetta. Það gæti verið sandgræðslumaður í samráði við hann, sem hann gæti fengið sjerstakar leiðbeiningar hjá. Og jeg get ekki skilið það, að hv. 1. landsk. finni svo mjög að því, að eitthvað af grasinu komi að notum, þótt það verði kannske ekki alt, því að það er þó betra að geta notað eitthvað af því, þó að það verði aldrei alveg 2000 hestar.

Það, sem hv. þm. (JJ) mintist á, að bændur á sauðjörðum þar í grend gætu notað sjer heyið, þá er því að svara, að jeg býst ekki við, að þeir láti hv. 1. landsk. skipa sjer fyrir verkum; jeg býst við, að þeir noti það eitt, sem þeim þykir sjer best henta, en það er satt, að það horfir svo við, að það er hægt að nota nokkuð af slægjum á þann hátt, en helst ekki nema í grasleysisárum. Tilfellið er því, að á þessu grasgefna svæði fúnar grasið sjálft niður, og verður því heldur til þess að skemma grasvöxtinn heldur en hitt.

Jón Baldvinsson: Jeg ætla ekki að auka eldana hjer, en vil lýsa yfir því, að jeg tel sjálfsagt að samþ. þessa till. og finst alveg ástæðulaust að vera að hafa á móti því, þó að nokkuð margt sje talið upp í tillögunni, vegna þess, að hjer er aðeins um algenga rannsókn að tala. Það, sem mjer skilst að liggi hjer til grundvallar, er það, að landið hefir eignast stóra jörð, þar sem hægt er að heyja upp undir 2000 hesta. Og hvernig á svo að nota þetta? Það er það, sem till. fer fram á að sje athugað, og mjer skilst, að þó að margt sje talið þar upp, þá sje það alls ekki meiningin að reyna að framkvæma það alt, heldur aðeins að athuga, hvort sje hyggilegra, að reyna að framkvæma þetta eða hitt, og jeg verð að segja, að mjer finst, að þær aðfinningar, sem hjer hafa komið fram, hafi ekki við sjerlega mikil rök að styðjast. Það vill nefnilega oft svo til, að hv. þm. hafa ekki mikinn tíma til að leggja það niður fyrir sjer, hvaða setningu þeir eigi að velja, ef um fleiri atriði er að tala, svo að það getur oft komið fyrir, að alt, sem frá þeim kemur, sje ekki svo nákvæmlega samið, að ekkert megi að því finna. Jeg hefi t. d. orðið fyrir því í dag, að jeg hefi verið beðinn um skýringu á orðalagi á einni grein í frv. frá mjer, sem mjer finst fullgreinilegt. Jeg álít fyrst og fremst, að það eigi ekki við, svona við 1. umr. málsins, þótt það sje ekki annað en þáltill., að vera að slíkri leit. Það á að reyna að finna kjarna málsins, því að ef formið er eitthvað gallað, þá er hægt að laga slíkt í nefnd. Annars hefir mjer

fundist það um hv. Framsóknarmenn, að það liggi eitthvað illa á þeim í dag, því að þeir setja sig á móti því, sem virðist horfa til ræktunar landsins.

Hv. 1. landsk. (JJ) talaði grimt á móti þessari till., af því að hún væri þjóðnýting, og í dag hafa Framsóknarmenn lagt á móti frv., sem jeg ber fram, af því, að því er mjer hefir skilist, að það miðar til ræktunar landsins. Jeg vil líka lýsa yfir því, að jeg á engan þátt í þessari till. hv. 2. þm. Rang. (EJ), því að hv. 1. landsk. (JJ) var eitthvað að gefa í skyn um, að það væri eitthvert samband okkar í milli um þessa till. Jeg álít, að þetta mál sje mikilsvert, og ríkisstjórnin hefir nóga ráðunauta, sem hún getur beitt fyrir sig; hún getur látið Búnaðarfjelagsráðunautana athuga þetta, og hún hefir auk þess fjöldann allan af starfsmönnum, sem jeg hygg að geri ekki annað þarfara en að athuga það, sem komið getur til álita um framkvæmdir með þessa jörð.

Þá vildi jeg segja það, út af þeim orðahnippingum, sem hjer hafa orðið um þjóðnýtingu yfirleitt, að jeg held, að það sje meira í nösunum, sem hv. þm. og einstakir flokkar eru að reyna að gera það orð að grýlu, því að meira eða minna vilja þeir allir hafa þjóðnýtingu, en þegar kemur að sjálfum atvinnuvegunum eða atvinnustefnunum, þá fara þeir að greinast í sundur, og þó að sett yrði upp þannig lagað kúabú, eins og hjer hefir verið minst á, þá er það alls enginn „sócíalismi", en jeg álít, að það ætti nú ríkið að reyna. Það gæti gert ýmsar tilraunir með það, hvernig þetta yrði best rekið, og jeg fæ ekki sjeð, að því yrði betur fyrir komið en að gera það á einhverri góðri jörð, sem ríkissjóður hefir eignast. En í augum þeirra manna, sem líta í greinargerð þá, sem till. fylgir, þá eru þetta afarmiklar eignir, sem hjer er um að ræða, og fyrir þá menn, sem hafa trú á uppgræðslu í sandahjeruðum landsins, eru framtíðarvonir bundnar við þetta, og máske verður þetta einhver mesta framtíðarjörð, ef vonirnar rætast.

Jeg vona, að þessi till. fái að ganga til nefndar, og að þingið samþ., að þetta verði rannsakað vandlega, jafnvel þó að einhverjir geti fundið út úr því, að þarna sje stefnt að einhverri lítilsháttar þjóðnýtingu.

Jónas Jónsson: Hv. flm. till. var alveg búinn að rjetta frá sjer alla anga, síðast þegar hann talaði. Hv. þm. játaði, að hann vissi ekkert um það, hve mikið hreppurinn vildi gera í þessu máli, svo að því leyti er hv. þm. búinn að sanna það, sem hann sagði, að staðið hefði í einhverri bók, að til sjeu bjánar í þessari sýslu, og mintist ennfremur á það, að dregið hefði verið í efa um gáfur einhvers sýslumanns og prests þar eystra. Jeg býst við, að best væri fyrir hv. þm. (EJ) að slá upp í einkunnabókum mentaskólans, til þess að sannfærast betur um þetta, ef hann vill. En jeg býst ekki við, að hv. þm. (EJ) hafi mikla ánægju af að athuga þar einkunnahæð fyrverandi prófasts og núverandi sýslumanns. Munu þessi rök nægja til, að ekki verði framar reynt að hæla þeim tveim mönnum fyrir mikla greind.

En viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði, að hann stæði ekki að þeim rógburði, sem væri um Framsóknarflokkinn þar eystra, þá eru það þó hans sam-

herjar, og eitt af skáldum landsins hefir nýlega sett ofan í við íhaldsflokkinn fyrir þá aðferð, sem hann notaði til þess að níða niður Framsóknarflokkinn við kosningar í haust. Jeg vildi biðja hv. þm. að athuga, hvort þessi maður, sem skrifað hefir í eitt aðal-íhaldsmálgagnið, væri ekki íhaldsmaður, og hvort ætla má, að hann beri á flokk sinn ósannar sakir. En verst er þó fyrir hv. þm., þegar hann rekur augun í það, að sá eini þm. í þessari hv. deild, sem kosinn er á þing til þess að berjast fyrir þjóðnýtingu, býður út faðminn á móti þessari uppástungu. Hv. þm. (EJ) getur þá sjeð, að hann hefir vilst frá þeirri einu sönnu frjálsu samkepni og er hjer að skoðunum til kominn í eina sæng með hv. 5. landsk. (JBald).

Flm. (Einar Jónsson): Jeg er ánægður yfir því, hve hv. 1. landsk. (JJ) er hjer sjálfum sjer samkvæmur í því að koma aldrei fram með nein rök, heldur ber hann höfðinu við steininn og endurtekur rakalausar staðhæfingar, hversu oft sem honum hefir verið sýnt fram á, að þær sjeu tóm lygi. **(Forseti:** (hringir): Þetta er óþinglegt orð). Jeg veit það. En það verður ekki hjá því komist, þegar maður talar til þessa sætis.

Hv. þm. (JJ) er að óska þess, að jeg lesi hitt eða þetta. En jeg sækist ekki eftir því, af því að jeg veit, að í því muni vera eitthvað eftir hann sjálfan, og þá veit jeg, að jeg græði ekkert á því. — Hver hefir sagt, að jeg sje beinlínis sendur á þing til þess að berjast á móti þjóðnýtingu? Það hefir enginn heyrt nema hv. 1. landsk. (JJ). Og þó svo væri, hvað hefi jeg þá brotið af mjer? Hv. 1. landsk. segir, að jeg hafi fallið í faðm hv. 5. landsk. (JBald). Ef hjer er nokkuð um það að ræða, að við höfum fallist í faðma, þá hefir hv. 5. landsk. (JBald) fallið í faðm minn, og met jeg hann ekki minna fyrir það, þótt hann hafi betri skilning á þessu máli en hv. 1. landsk. Að öðru leyti hirði jeg ekki frekar að elta ólar við útúrsnúninga hans (JJ).

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 7 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 85, n. 616).

Frsm. (Jóhann Jósefsson):*) Till. þessa, sem hv. 2. þm. Rang. (EJ) flutti hjer í vetur, hefir allshn. haft til meðferðar.

Niðurstaða nefndarinnar varð sú, eins og sjá má á þskj. 616, að hún sá sjer ekki fært að mæla með því, að ríkið ráðist í þessar framkvæmdir, sem till. fer fram á. En nefndin er hinsvegar sammála flm. um það, að ríkið eigi að fá tekjur af þessum jörðum, og ætlast til, að stjórnin taki til athugunar, á hvern hátt best megi ráða fram úr því máli. Þetta mál mundi krefjast svo mikillar rannsóknar, að það væri ofvaxið þingnefnd að leysa hana af hendi.

Nefndin leggur því til, að till. verði

---

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

afgr. með rökstuddri dagskrá, sem sjá má á þskj. 616 og hv. þdm. mun kunn orðin.

Einar Jónsson):*) Það mun þykja mjög líklegt, að jafnmiklir starfsmenn eins og eru í hv. allshn. fái þakkir frá mjer fyrir afgreiðslu þessa máls. En það er þó svo, að jeg get ekki hrósað þeim fyrir frammistöðuna, með því að það hefir tekið hv. nefnd 3—4 mánuði að afgreiða þetta mál.

Hinsvegar skal jeg lýsa yfir því, að afgreiðslu málsins get jeg vel unað, að svo stöddu. Það er aðalatriðið fyrir mjer, að ríkið fái vexti af því fje, sem það hefir lagt í kostnað á þessum jörðum, en hitt var ekki farið fram á, að sett yrði upp kúabú, nema það þætti rjett að aflokinni rannsókn. Þannig ætlaðist jeg til, að till. yrði skilin. Sem sagt, jeg sætti mig við dóm nefndarinnar og dagskrártill., þó að jeg geti ekki hrósað nefndinni fyrir dugnað.

Frsm. (Jóhann Jósefsson):*) Út af ummælum hv. flm. (EJ) skal jeg geta þess, að jeg hygg, að nefndin hafi skilið till. eins og hann ætlaðist til.

Hvað snertir dráttinn á afgreiðslu málsins, skal jeg bæta því við, að það lá í augum uppi, að þessu máli lá ekki á fram yfir önnur nauðsynjamál. Hv. flm. (EJ) hefir því ekki yfir neinu að kvarta. Það er enn nógur tími til, að dagskráin geti orðið samþ. fyrir þinglok, og málið er því nægilega fljótt afgreitt. Það er vitanlegt, að þó að það hefði verið afgr. fyr á þinginu, hefði ekkert verið gert í því fyr en eftir þinglok.

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

Einar Jónsson):*) Jeg vona, að hv. frsm. hafi skilið, að jeg er ekki að álasa allshn., en hitt sje jeg ekki, að hún hafi neina ástæðu til að stæra sig af frammistöðu sinni, því að það sjá allir, að seinna mátti það ekki vera að koma fram með nál., og litlu munaði, að það yrði of seint.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá allshn., á þskj. 616, samþ. með 10 shlj. atkv.

3. Kaup á húseign.

Á 20. fundi í Nd., fimtudaginn 3. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um kaup á húseigninni nr. 16 við Hafnarstræti (A. 87).

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 5. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 23., 25., 28., 31., 32., 33. og 34. fundi í Nd., dagana 7., 9., 12., 16., 17., 18. og 19. mars, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var till. enn tekin til fyrri umr.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Eins og segir í greinar-

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

gerðinni fyrir till., komst stjórnin að því á síðastliðnu hausti, að selja átti húseignina nr. 16 við Hafnarstræti hjer í bænum. Það var hinn nýlátni landssímastjóri, sem benti á, að festa bæri kaup á húseign þessari, þar sem þröngt væri orðið í landssímahúsinu og plássið þar væri ekki lengur nægilegt Hann benti ennfremur á, að 50 þús. kr. mundi kosta að flytja stöðina, vegna þeirra jarðsíma, sem liggja að henni. Hefir nú verið leitað samninga um kaup á eigninni, og fæst hún fyrir 115 þús. kr. Stjórnin gerði svo samninga á þessum grundvelli, með því fororði auðvitað, að Alþingi samþykti. Er nú hjer með farið fram á það.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málið, en legg til, að því verði vísað til fjhn. Mun jeg svo leggja þar fram kaupsamninginn, sem gerður er um húseignina, og gefa þær upplýsingar, sem nefndin telur þurfa. Eins mætti líka fresta þessari umr., ef deildin vill, á meðan nefndin athugar málið, og fengi það þannig þrjár umr. En jeg sje þó ekki ástæðu til þess.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., lokafundi deildarinnar, fimtudaginn 19. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 87, n. 586).

Jón Auðunn Jónsson: Með því að hv. frsm. fjhn. (BL) er fjarverandi, vil jeg aðeins fyrir nefndarinnar hönd leggja það til, að dagskrá hennar verði samþ. Jeg hygg, að það nægi, sem sagt er í nál., og skal því ekki fjölyrða frekar um málið.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg get ekki neitað því, að mjer þykir hv. fjhn. hafa haft þetta mál nokkuð lengi til meðferðar, og jeg er ekki vel ánægður með afgreiðslu hennar á því.

Nefndin vill afgreiða málið með rökstuddri dagskrá um það, að stjórnin rannsaki til næsta þings, hvernig best sje að ráða til lykta atriðinu um húsnæðisskort landssímans. En jeg vil benda á það, að með því að samþ. þessa rökstuddu dagskrá er ekki nein von um, að hægt verði að fá þetta hús, sem hjer er um að ræða, því að jeg býst við, að það verði selt áður, og jeg hygg, að það verði ekki hægt að ráða bót á þessum húsnæðisskorti eins vel á nokkurn annan hátt. Og jeg er viss um, að ef Forberg landssímastjóri hefði lifað, þá mundi þetta mál hafa fengið heppilegri afgreiðslu. Jeg er sannfærður um, að ekkert hús verður ódýrara og heppilegra en þetta, og segi jeg það af því, að jeg veit með vissu, að Forberg heitinn leit svo á, að það væri hægt að komast af með það húsrúm, sem landssíminn hefir nú, ef hægt væri að taka til afnota smátt og smátt herbergi í þessu húsi fyrir símann, og að þá væri hægt að komast hjá því að byggja yfir hann fyrstu 10 árin. Landssímastjórinn sagði, að kostnaðurinn við að flytja landssímastöðina mundi verða um 50 þús. kr., og hefði hann ekki gefið þessar upplýsingar, hefði mjer ekki dottið í hug að festa kaup á þessu húsi, því að það er ómögulegt að neita því, að

það er dýrt. En ef tekið er tillit til þess flutningskostnaðar, sem verður, ef á að flytja landssímastöðina á einhvern annan stað, þá er það ekki dýrt. En til þess að sýna, að það er ekki krafist hærra verðs fyrir þetta hús en tilboð eru um frá öðrum stöðum, skal jeg lesa hjer upp brjef frá hr. Jens Eyjólfssyni, byggingameistara, til eiganda hússins. Það er svohljóðandi:

„Reykjavík, 1/9 1926.

Herra E. Eiríksson, Reykjavík.

Leyfi mjer hjermeð að gera kauptilboð í húseign yðar, Hafnarstræti 16, að upphæð kr. 120.000 — eitt hundrað og tuttugu þúsund krónur — og fylgi með í kaupunum öll lóð tilheyrandi eigninni ásamt bakhúsum.

Tilboð þetta gildir til 1. okt. 1926.

Virðingarfylst.

Jens Eyjólfsson."

En þegar landsstjórnin komst að því, að það væri á döfinni að selja þetta hús, þá leitaði hún samkomulags við eiganda þess, og fekk hann til að slá 5000 kr. af verðinu, með tilliti til þess, hve öruggur kaupandinn væri. En nú er svo um þennan mann, sem gert hefir tilboðið, að hann er stóreignamaður, og að baki hans standa margir efnamenn, sem hafa í hyggju að byggja stórhýsi þarna.

Að því er húsnæðisskort pósthússins snertir, vil jeg geta þess, að aðalpóstmeistari hefir ekki kvartað yfir honum við mig að öðru leyti en því, að það væri heldur lítið rúm í kjallara hússins fyrir bögglapóststofuna. Hann hefir gert ráð fyrir því við mig, að hægt mundi vera að fá leigt í næsta húsi, en jeg veit ekki fyrir víst, hvort það er hægt. Aftur á móti veit jeg, að bæði landssímastjóri og aðalpóstmeistari óska að fara úr sínum húsum og fá önnur húsnæði, en jeg veit, að það fyrirkomulag verður dýrara heldur en að kaupa hjer umrætt hús. Ef byggja á nýtt pósthús, þá er jeg viss um, að það verður mjög dýrt; jeg geri ekki ráð fyrir, að þá verði hægt að komast af með minna en 1½ milj. kr., og ef við eigum að byggja nýtt hús fyrir landssímann og láta póststjórninni eftir gamla símahúsið, þá veit jeg, að það verður ekki kostnaðarminna, en auk þess er mjög hentugt að hafa pósthúsið og landssímahúsið nærri hvort öðru, og þess vegna getur ekki verið um það að ræða að taka lóð, sem er langt frá pósthúsinu.

Jeg geri ráð fyrir, að það verði aldrei hægt að fá ódýrari lóð í þessu skyni. En það er ekki aðeins það, sem jeg er að hugsa um, heldur líka byggingarkostnaðinn. Jeg veit, að bæði póstmeistara og landssímastjóra hefir dottið í hug að fá þá lóð, þar sem gamla pósthúsið stendur við Pósthússtræti, og ennfremur lóð fyrir vestan Eimskipafjelagshúsið, en jeg þykist viss um, að þær lóðir verði dýrari. En það er ekki aðalatriðið fyrir mjer, heldur það, hvað byggingarkostnaðurinn verður geysimikill. Það er nú svo um landssímann, að hann á mjög erfitt með að komast af lengi hjer eftir, án þess að fá húsnæðisviðbót.

Þessar upplýsingar vildi jeg gefa í tilefni af undirtektum hv. fjhn. En jeg segi það ekki af því, að jeg búist við, að þetta mál nái að fara í gegnum þingið, vegna þess að það er þingslitadagur í dag, og jeg býst varla við, að hjer verði að ræða um aðra afgreiðslu á málinu en þá, sem nefndin stingur upp á. En jeg vil benda á þetta, af því að

jeg er viss um, að það er stórkostlegur kostnaðarauki, sem fylgir því að sleppa þessu tilboði, sem hjer er um að ræða. og jeg verð að segja það, að jeg get ekki haft nokkra von um, að húseigandinn vilji bíða eitt ár enn. Um það hefi jeg samt ekki talað við hann, en jeg geri ráð fyrir, með þeirri eftirsókn, sem verið hefir eftir þessu húsi, að það verði selt á þessu ári.

Jeg hefi heyrt það utan að mjer frá sumum hv. þm., að þetta hús mundi ekki geta staðið nema örfá ár, en þetta er ekki rjett; það er hvergi fúið, nema ef einhverjar undirslár eru fúnar; það hefir ekki verið rannsakað, en það ber þó alls ekki á því. Jeg þekki þetta hús vel og veit, að viðurinn í því er alveg ágætur. Húsið er múrað upp í binding og með allra traustustu húsum í bænum, en kjallaralaust og getur því staðið mjög lengi enn þá.

Jakob Möller: Það er ekki svo að skilja, að jeg hafi gert ágreining í nefndinni, þó að nafn mitt sje ekki undir nál., það hefir fallið úr í prentuninni, og jeg stend þess vegna ekki upp til þess að gera grein fyrir neinni sjerstöðu í nefndinni, heldur er jeg fullkomlega sammála henni.

Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. N.-Ísf (JAJ) muni hafa talað fyrir nefndarinnar hönd og gert grein fyrir þeim ástæðum, sem hún byggir þessa afstöðu sína á, en jeg heyrði því miður ekki ræðu hv. þm., því jeg var ekki viðstaddur.

Af því að mjer fanst hæstv. atvrh. halda því allhart fram, að þetta væri misráðið hjá nefndinni, finst mjer rjett að segja nokkur orð um málið.

Hæstv. atvrh. (MG) viðurkendi, að þessi eign væri dýr, og jeg held, að það verði varla hægt að komast hjá að viðurkenna það, því að það er satt að segja eitthvert það óskaplegasta verð á húseign hjer í bæ. Húsið er, eins og allir vita, afgamalt, og það er enginn vafi á því, að ef á að nota það fyrir símann, þá verður að gera stórkostlega við það, en satt að segja held jeg, að það detti ekki nokkrum manni í hug að nota það öðruvísi en sem geymsluhús; það er lítt nothæft fyrir slíkar skrifstofur, sem síminn þarf að hafa. Um það, hvernig þessi húseign geti rentað sig, er kannske ekkert að segja, að því er snertir rentur af verðinu og kostnað af viðhaldi hússins, en að hún geti borgað nokkuð upp í verðið, getur ekki komið til mála, svo að kaupverðið er þá verð lóðarinnar og ekkert annað. En það er, eins og hæstv. atvrh. (MG) gat um, 115 þús. kr. Lóðin er eitthvað rúmir 300 ferm., en til samanburðar má geta þess, að lóðin við Pósthússtræti nr. 11, sem fáanleg mun vera fyrir 150 þús. kr., er rúmlega þrefalt stærri, og á betri stað, og á henni eru hús, að jeg hygg, fult svo góð sem þetta.

Hæstv. atvrh. talaði um, að það hefði verið gert tilboð í þetta hús, 120 þús. kr., í því skyni að byggja þar stórhýsi. En jeg vil vekja athygli á því, að það er ómögulegt, af því að lóðin er svo lítil, 300 ferm., og verður ekkert stórhýsi bygt á þeirri lóð. Jeg efa ekki, að þetta tilboð hafi verið gert, en jeg álít, að það hafi ekki verið gert í þeim tilgangi að byggja þar stórhýsi, því að það er ekkert vit í því, og hygg, að það hafi naumast verið gert til annars en

að sprengja upp verðið. Mjer sýnist yfir höfuð að tala, að hjer sje ekki um annað að ræða en það, að eigandinn sje að reyna að nota sjer það ástand, sem nú er, að það þarf að auka húsrúm landssímans og pósthússins, og svo ætlar hann að stinga í sinn vasa því, sem þyrfti til þess að flytja símastöðina á annan stað.

Jeg er ekki í neinum vafa um, að það er hægt að fá lóð undir símabyggingu, sem myndi kosta þeim mun minna, og svo er þess að gæta, að það er ekki víst, að til þessara miklu útgjalda fyrir símann þurfi að koma, vegna þess að ríkissjóður á þarna annað hús, pósthúsið, og það er áreiðanlegt, að þau tvö hús veita nægilegt húsrúm fyrir símann í fyrirsjáanlegri framtíð. Það er þá ekki um annað að ræða en að flytja pósthúsið, og það kostar ekkert. Hinsvegar er líka á það að líta, að þótt þessi eign verði lögð til símans, þá verður pósthúsið bráðlega að bæta við sig, og þá verður sjálfsagt ekkert smáræðisverð heimtað fyrir það hús, því að þótt þessi lóð sje góð, þá eru þó lóðirnar austur með Austurstræti enn þá dýrari, af því að það eru enn þá betri verslunarlóðir.

Hæstv. atvrh. talaði um, að pósthúsið þyrfti að fá aukið húsrúm, og þá er það, sem á að gera, að flytja pósthúsið og leggja hús þess smátt og smátt undir símann. En fyrir pósthúsið er ekki svo vandfenginn staður, að ekki sje auðgert að fá lóð með sæmilegu verði, og jeg efast ekki um, að lóð bæjarsjóðs við Hafnarstræti myndi fást með viðunandi verði, og ríkissjóður á sjálfur lóðir svo að segja í miðbænum, þar sem Arnarhólslóðirnar eru, og þótt ekki væri um aðrar lóðir að ræða en lóðina í Pósthósstræti 11, þá yrði hún tiltölulega miklu ódýrari, svo að það er enginn skaði skeður, þótt þessu tilboði sje hafnað. En hinsvegar efast jeg ekki um, að eigandi Hafnarstr. 16 muni bíða rólegur eftir því, að þetta verði rannsakað til hlítar.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg neita því ekki, að þetta hús, sem hjer er um að ræða, sje dýrt. En á hinn bóginn treysti jeg því, að það sje rjett, sem hinn látni landssímastjóri sagði, að það myndi koma nærri helmingur verðs í spöruðum kostnaði við flutning á landssímastöðinni, og mjer er ekki kunnugt um það, að hann hafi nokkurntíma í sinni embættistíð lagt til, að það væri keypt fyrir símann, sem ekki væri hagkvæmt, og jeg vissi, að í fyrrahaust var honum það ákaflega mikið kappsmál að ná í þessa eign. En það þykist jeg vita, að hann hefði ekkert haft á móti því að fá pósthúsið, og ef Alþingi vill heldur láta byggja nýtt pósthús, þá er ekkert því til fyrirstöðu. Það gerir landssímanum sama gagn, en það er ekki eins gott fyrir ríkissjóð, því að jeg er viss um, að nýtt pósthús myndi ekki kosta minna en ½ milj. kr. En það, sem landssímastjórinn ætlaðist til, var það, að hann gæti smátt og smátt tekið til afnota herbergi í húsinu í Hafnarstræti 16, en ætlaði svo að leigja hitt út, sem ekki þyrfti til afnota fyrir símann.

Það er þess vegna alveg villandi, þegar hv. 1. þm. Reykv. (JakM) segir, að hjer sje ekkert annað keypt en lóðin, því að hver getur bent á lóð, sem hægt er að hafa upp úr um 12500 kr. á ári? Auk þess er í húsinu mikill og góður

viður, ef það væri rifið, og sömuleiðis mjög mikið af múrsteini, og jeg er viss um, að það er ekkert því til fyrirstöðu, að húsið geti staðið í ein 20—30 ár enn þá.

Hv. þm. (JakM) sagði, að lóðin væri svo lítil, að það væri ekki hægt að byggja stórhýsi á henni. En það fer nokkuð eftir því, hvaða kröfur hv. þm. gerir til stórhýsa. Húsið stendur á hálfri lóðinni, og svo eru geymsluhús á bak við. Nýtt hús á allri þessari lóð gæti verið bæði langt og breitt. En hvað það snertir, að eigandinn muni vera að „spekúlera" í því að selja húsið eins dýrt og hægt er, þá er því ekki að neita, að húsið er dýrt, en það er ekki það, sem er aðalatriðið, heldur hitt, hvort það sjeu líkur til, að ríkissjóður komist ódýrara út úr þessu með öðru móti. En mjer finst það ekki nema eðlilegt, að eigandinn vilji fá það verð fyrir húsið og lóðina, sem hann getur fengið tilboð um frá vel stæðum mönnum hjer í bæ, og því ekkert rangt í því, þó að hann vilji fá þessa upphæð, ef hann selur ríkissjóði.

Það er ekki rjett hjá hv. þm., að jeg hafi lagst fast á móti dagskránni. Jeg gerði það ekki, enda er sýnilegt, að það er ekki til neins, þar sem komið er að þingslitum og málið verður því varla útrætt. En jeg vildi aðeins skýra málið og sýna fram á, að það væri hyggilegra að taka þessu tilboði en að þurfa að byggja nýtt hús fyrir póst og síma.

Klemens Jónsson: Þó að mál þetta hafi komið seint frá fjhn., er það ekki af því, að nefndin hafi ekki sýnt því fullan sóma. Það kom snemma fram á þinginu, og athugaði nefndin það á nokkrum fundum áður en hún gaf nál., og mátti taka það á dagskrá fyrir löngu, svo að hún á enga sök á því, þótt málið komi nú fram undir þinglok.

Nefndin gerði sjer far um að afla sjer upplýsinga um þessa lóð úr bókum borgarstjóra. Eftir þeim upplýsingum er fasteignamat á húseigninni, ásamt lóð, 49.800 kr., en brunabótavirðing á húsinu er 49.241 kr. En það er dýrtíðarvirðing, framkvæmd 5. ágúst 1919, og því ekkert að marka, því húsið sjálft er nálega einskis virði til niðurrifs. Ef maður reiknar nú út eftir stærð lóðarinnar, þá verður verðið á hverjum fermetra 360 kr., og er það óheyrilega hátt. Lóðin er sem sje talin samkv. fasteignamati 320.1 fermetrar, en 290.2 eftir lóðargjaldaskrá. Dýrasta lóðin hjer í Reykjavík, sem er lóðin á horninu við Austurstræti, mun vera metin um 150 kr. á fermetra. Sjest á því, að það var ekki ósatt, sem hv. 1. þm. Reykv. (JakM) sagði, að lóðin væri óhæfilega dýr, enda neitaði hæstv. atvrh. (MG) því ekki, en áleit það þó hagnað að kaupa húsið, af því að það mætti nota það fyrir pósthús í nokkur ár. En eftir því sem mjer skildist á settum landssímastjóra, þá er það aðeins tímaspursmál, hvenær víkja þarf pósthúsinu burt úr hinu sameiginlega húsi. Það rekur því brátt að því, að byggja verður nýtt pósthús, og er þá spurningin, hvort heppilegra er að byggja það á lóðinni í Hafnarstræti 16 eða á mun ódýrari lóð gamla pósthússins við Pósthússtræti, þar sem nú er íbúðarhús Olsens heildsala. Lóðin, sem því fylgir, er þrisvar sinnum stærri en í Hafnarstræti, og er fáanleg fyrir líkt verð, og húsið þar eins stæðilegt

og hitt. Þessi kjör og kaup eru því margfalt aðgengilegri.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að hið umrædda hús væri gamalt, en þó ófúið. Þetta hús mun nú að stofninum til vera eitt hið elsta hús hjer í bænum, bygt fyrir 100 árum, árið 1827 eða 1828. Hefir það auðvitað verið stækkað síðan, en að það sje ekki mjög fúið á jeg bágt með að trúa. Aftur á móti er litla húsið við Pósthússtræti töluvert yngra, og mætti líka fult eins vel nota það fyrir pósthús þangað til bygt yrði. Og það er víst, að lóð þessi við Pósthússtræti fæst, og það með mun lægra verði, samanborið við stærð hennar, en lóðin við Hafnarstræti. Íslandsbanki á lóðina, og vill hann selja hana fyrir 140 þús. kr.

Það er leiðinlegt, að hv. frsm. (BL) skuli ekki vera við, en hann var búinn að afla sjer ítarlegra upplýsinga um þetta mál og hafði sjerstaklega athugað alt viðvíkjandi húsinu í Pósthússtræti. Lóðin þar er miklu stærri, og er hægt að byggja þar reglulegt stórhýsi. En lóðin, sem fylgir húsinu í Hafnarstræti 16, er mjög lítil; það er bara rúmlega húslengdin. Hún var stærri áður, en nú hefir verið bygður þar skúr, sem gerir það að verkum, að ekki er hægt að byggja þar stórhýsi. (**Atvrh. MG**: En sú lóð fylgir). En sú kvöð hvílir á eigninni, að skúr þessi megi standa þarna. Aftur á móti má byggja stærra hús á lóðinni í Pósthússtræti. En nú hefi jeg heyrt, að ef til vill muni verða erfitt að fá að byggja þar, vegna þess að skipulagsnefndin hafi ákveðið, að þar skuli standa hótel. En mjer finst nú nefndin ekki hafa neitt vald til þess að láta lóðina vera ónotaða, þar til einhver kynni að vilja byggja þar hótel, hver veit hvenær. Jeg ímynda mjer, að skipulagsnefndin geti ekki sagt annað en að á þessari lóð skuli byggja stórhýsi og annað ekki. (**Forsrh. JÞ**: Þm. ætti að lesa lögin um skipulagsnefndina, sem sett voru á síðasta þingi). Já, en sá sami sem setti lögin hefir einnig valdið til þess að breyta þeim aftur, og ef þau eru gölluð mjög eða vitlaus, þá á að afnema þau, og er jeg viss um, að hæstv. forsrh. mundi fá atkv. þm. til þess. (**Forsrh. JÞ**: Jeg fekk þau ekki í fyrra). Jeg var þó ráðherranum samþykkur.

Fjhn. játar, að þörf sje á að fá hús fyrir póstinn, en telur rjett að láta það bíða til næsta þings.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Þó að það sje freistandi að fara frekar út í vald skipulagsnefndar í framhaldi af umr. um lögin, sem sett voru um hana á síðasta þingi og jeg barðist fast á móti, þá ætla jeg þó að stilla mig um það nú. En nefnd þessi hefir fult vald til þess að ákveða, að þarna skuli þessi opinbera bygging standa og þarna hin.

Jeg ætla annars að minnast ofurlítið á fjárhagshlið þessa máls. Jeg er sannfærður um það, að niðurstaða fjhn. er mjög fjárhagslega röng. Uppástunga hennar felur í sjer, að það eigi sem fyrst að byrja á að byggja pósthús, sem samsvarar kröfum framtíðarinnar, og hefir nefndin bent á lóð, sem hægt er að fá fyrir 140 þús. kr. Nú geri jeg ráð fyrir, að ekki þýði að nefna minni upphæð en 600 þús. kr. til þess að koma upp hinu nýja húsi, og mætti jafnvel hugsa sjer hana hærri, t. d. 700—750 þús. kr. Nú er

spurningin, hve fljótt ber þetta að, ef hafnað verður kaupunum á lóðinni í Hafnarstræti, og hve fljótt ber það að, ef landssíminn kaupir eignina. Um það verður nú ekki beinlínis sagt, en svo mikið er víst, að landssíminn er kominn í það öngþveiti, hvað húsrúm snertir, að hann verður á næstu árum að fá húsrúm í pósthúsinu, ef hann fær ekki að kaupa Hafnarstrætislóðina. En bygging nýs pósthúss tekur tíma, um 2—3 ár, og á næsta þingi yrði að fara að veita fje til þess. Jeg sje ekki, að ríkissjóði sje fært að leggja fram 200—300 þús. kr. í 2—3 ár til pósthússbyggingar, meðan bæði landsspítalinn og aðrar þær byggingar, sem nú eru í smíðum, hvíla á herðum hans. Það sýnist því vera nokkuð loftkastalalegt að ætla sjer þetta. Spurningin er nú aðeins, hve lengi við getum beðið með að byggja pósthús, ef landssíminn þarf ekki að fá húsrúm í núverandi pósthúsi.

Jeg er nú svo bjartsýnn, að jeg held, að komist verði af með gamla pósthúsið í ein 10 ár enn, ef ekki þarf að taka af því undir landssímann. En líka er þess að gæta, að það er rúm á efri hæðinni, sem lítið er notað, og þó að það sje að mörgu leyti óþægilegt að þurfa að sækja upp stiga, þá hygg jeg samt, að það megi nota það rúm, sem þar er uppi, í þarfir pósthússins.

Jeg vil nú athuga vaxtamuninn á því, að byggja 600 þús. kr. hús nú á næstunni, eða ekki fyr en eftir 7 ár. 7 ára vextir af 600 þús. kr. vega fyllilega upp á móti kaupverðinu á húseigninni í Hafnarstræti 16. Jeg er hræddur um, að ef slept verður því tækifæri, sem nú gefst, til þess að fá viðbót við húsrúm landssímans, þá verði fjárveitingavaldið að leggja stærri upphæð á ríkissjóðinn á næstu árum en hann getur risið undir. Mjer þykir mjög leitt, ef neitað verður um þá úrlausn málsins, er stjórnin hefir stungið hjer upp á.

Ef ofan á verður, af ástæðum, sem jeg nú ekki kem auga á, að nota ekki húsið Hafnarstræti 16 fyrir landssímann, þá er ekkert í hættu, þótt það sje nú keypt. Eignin rentar sig vel fyrir þeirri upphæð, sem hún á að kaupast fyrir. Það sýnist því áhættulítið að veita þessa heimild til að kaupa umrætt hús, þó að menn trúi því, að á næstu árum þurfi að byggja nýtt pósthús, en láta landssímann fá gamla pósthúsið. Frá hvaða sjónarmiði sem litið er á málið sýnist mjer fjhn. hafa komist að fjárhagslega rangri niðurstöðu.

Jakob Möller: Jeg neita því ekki, að það er oft gaman að hlusta á hæstv. forsrh. (JÞ), þegar hann er að tala um fjárhaginn. En það er vafasamt gaman að hlusta á aðra eins ræðu og hann hjelt nú áðan. Jeg þekki það, að þegar hæstv. ráðh. (JÞ) er að leita að rökum, þá grípur hann oft til þeirra, sem síst skyldi, og verða þá rök hans að rökvillum. Og eins fór nú, er hann sagði, að till. fjhn. í þessu máli væri ríkissjóði fjárhagslega óhagstæð. Það er mjer hulin ráðgáta, hvernig hann getur farið út í allar þessar bollaleggingar án þess að reka sig á, að það er alt saman hrófatildur, sem ekki þarf annað en snerta með litla fingri til þess að það falli saman.

Hæstv. forsrh. (JÞ) talaði um, að það mundi kosta um 600 þús. kr. að byggja nýtt pósthús, en hann talaði

ekki um, hvað sú bygging yrði dýr, er svaraði til eignarinnar í Hafnarstræti 16. En hvers vegna er verið að kaupa þessa lóð? Af því að það vantar húsnæði. En er þá ekki alveg eins hægt að nota húsið í Pósthússtræti eins og gamla húsið í Hafnarstræti? Auk þess er meira húsnæði í Pósthússtræti en á hinum staðnum. Jeg geri ráð fyrir því, að það sjeu engir aðrir en hæstv. ráðh. (JÞ), sem gera greinarmun á þessu, og jeg efast um, að þeir geti sannfært nokkurn mann um, að það sje rjett.

Spurningin er þá þessi: Á að byggja byggingu í Hafnarstræti 16 fyrir landssímann, eða í Pósthússtræti 11 fyrir pósthús? Það er að mörgu leyti hentugra að flytja póstafgreiðsluna í Pósthússtræti 11 en að flytja símann í Hafnarstræti 16. Það hefir enga þýðingu í sjálfu sjer, hvenær þarf að byggja. Fjárútlát ríkissjóðs verða væntanlega hin sömu, en þegar til lengdar lætur verða þau meiri, ef kaupa á húseignina í Hafnarstræti 16. Hún er dýr, en ekki nógu stór, og getur því ekki fullnægt framtíðarinnar þörfum. Það er líka játað, að flytja þurfi pósthúsið eða stækka það eigi að síður, þó að þessi húseign verði keypt.

Það er óþarfi að vera að nefna nokkra handahófstölu, en eins og hæstv. forsrh. nefndi 600 þús. kr., þá gæti jeg fult svo vel nefnt 1 milj. Svo dýr verður sú leið, sem stjórnin hefir bent á. Till. nefndarinnar aftur á móti er engin úrslitatill. Það má vel vera, að hægt sje að finna einhverja ódýrari leið.

Það var eitt atriði, sem hæstv. forsrh. tók upp og hæstv. atvrh. (MG) hafði drepið á, og það var verðmæti hússins í Hafnarstræti, að það mundi renta sig vel og borga upp kaupverðið. Þetta gæti nú staðist, ef ekki þyrfti að leggja stórfje í að gera við húsið. Það er vitanlegt, að því hefir lítið verið gert til góða nú um langan tíma, og er varla hugsanlegt, að opinberar skrifstofur geti verið þar nema gert sje rækilega við. Nú gefur húseignin af sjer um 10 % af hinu tiltekna kaupverði, en það er engin von um það, að húsaleigan geti haldist til lengdar, sem nú er. Auk þess hækkar verð hússins, ef gert er við það. Þar við bætast svo vextir og gjöld til bæjarins, og hvað verður þá eftir upp í afborganir af kaupverðinu? Þetta stendur óhrakið, því að þótt gera mætti ráð fyrir, að eitthvað hefðist upp úr húsinu, ef það væri rifið, þá er það ekkert upp í hið geipilega verð, sem sett er á eignina.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson: Jeg tók eftir því, að hv. 1. þm. Rang. (KlJ) upplýsti, að fasteignamat á húseigninni í Hafnarstr. 16 væri 49.800 kr. En nú er það kunnugt, að algengt er að selja eignir fyrir tvöfalt fasteignamatsverðið, því að matið er yfirleitt altaf mjög lágt. Munurinn sýnist því ekki vera ýkjamikill, og ef nálægð lóðarinnar við landssímann er nokkurs virði, þá vantar ekki mikið upp í þessar 15 þús. kr., sem umfram eru.

Það má vera, að núverandi landssímastjóri leggi ekki eins mikla áherslu á það að fá þetta hús og fyrirrennari hans, en þó verð jeg að segja það, að enn treysti jeg betur ráðum hins látna landssímastjóra, því að hann var búinn að sýna það, að enginn var „praktiskari“ fyrir símans hönd en hann. **(KlJ:** Það er alveg rjett; jeg

játa það fyllilega). En hugsun hans var að taka þetta hús til afnota smátt og smátt, og fyrsta árið ætlaði hann að nota þar aðeins eitt herbergi. Hann áleit líka, að ekkert þyrfti að gera við húsið, þó skrifstofa hans eða aðalskrifstofur símans yrðu fluttar þangað.

Því hefir verið haldið fram, að húseignin í Pósthússtræti 11 væri ódýrari, og er það rjett, ef tekið er tillit til stærðar lóðarinnar. En þess ber líka að gæta, að lóðin við Hafnarstræti 16 er öll framlóð, en í Pósthússtræti er mikið af henni baklóð. En verðið á þeim lóðum, sem vita að götunni, er altaf hærra. Það er því ekki alt upplýst með því að tala um stærð lóðanna.

Hv. 1. þm. Rang. sagði, að kvöð hvíldi á eigninni í Hafnarstræti 16, og hún er sú, að pakkhús eitt megi standa þar á mörkum lóðanna við Austurstræti og Hafnarstræti. Stendur annar helmingur þess á lóðinni við Hafnarstræti 16. En nú er það ekki lengur pakkhús, og má því fá það dæmt burt, ef vill.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) áleit, að hæstv. forsrh. hefði mælt of sterkum orðum um kostnaðinn. Jeg hallast þó mjög að því, sem hann sagði þar, enda kom þar fram sama skoðunin og jeg tók fram áðan. Það kemur auðvitað að því fyr eða síðar, að byggja verður nýtt pósthús, en það er ekki sama fyrir okkur, sem höfum nú svo miklar framkvæmdir í takinu, hvort við fáum frest á því eða ekki. (**JakM**: Það kemur í sama stað niður). Nei, það kemur ekki í sama stað niður. Og jeg verð að segja það, að jeg treysti betur hinum látna landssímastjóra en hv. 1. þm. Reykv. í þessum efnum. Hinn látni landssímastjóri áleit, að við mundum geta komist af með þetta hús. Átti jeg oft tal við hann um það, og sótti hann það mjög fast. Jeg sagði við hann, að þeir yrðu nú ekki ánægðir með það, er til lengdar ljeti, og kæmu brátt aftur og vildu þá fá annað nýtt. En hann sagði, að þetta mundi áreiðanlega nægja.

Það er ekki rjett hjá hv. 1. þm. Reykv., að húsinu hafi ekki verið haldið við. Það hefir einmitt verið gert mikið við það. Það hefir verið sett upp við leigjendurna, að þeir gerðu við húsið um leið og þeir fluttu inn. Þannig gerði Eimskipafjelag Íslands mikið við það á sínum tíma, þegar það hafði húsnæði þar. Þegar Forberg sál. landssímastjóri skoðaði húsið í haust, þá spurði hann alla leigjendurna um það, hve mikla húsaleigu þeir greiddu, og sagði þá við þá, að þegar hann væri orðinn umráðamaður hússins, þá mættu þeir gera svo vel og borga hærri leigu. Það er því heldur ekki rjett hjá hv. 1. þm. Reykv., að það þurfi að setja leiguna niður. Leigjendurnir búast frekar við hærri leigu en áður.

Jón Auðunn Jónsson:*) Af því að hv. frsm. (BL) er ekki viðstaddur, þá vil jeg leiðrjetta misskilning, sem stendur í nál. viðvíkjandi áliti landssímastjóra á þessum húsakaupum. Hann kveður það ekki hafa verið sína meiningu að leggja á móti húsakaupunum, en ummæli hans ber að skilja á þann veg, að hann treysti sér ekki til að nota hús þetta nema svo sem í 3 ár, án þess að gera breytingar á því. Annars skal jeg ekki fjölyrða um þetta hjer. Mál þetta var rætt allítarlega í

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

nefndinni, og þar ljet jeg í ljós, að ekki bæri að kaupa lóð undir pósthús meðan ríkissjóður á ágætar lóðir. Mjer virðist sjálfsagt, að neðsta hornlóðin á Arnarhólstúni verði tekin fyrir pósthúsið, þegar til kemur. Jeg hefi að vísu heyrt, að þar sje í ráði að byggja þjóðleikhús á sínum tíma. En mjer finst rjett að láta pósthúsið sitja fyrir þessari lóð. Það er mjög misráðið að kaupa dýrar lóðir undir pósthús, þegar til er svona heppileg lóð.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil aðeins geta þess út af ummælum hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að jeg held, að það sje búið að lofa lóð þeirri, sem hann nefndi, undir þjóðleikhúsið, og því er vitanlega ekki hægt að breyta.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá fjhn., á þskj. 586, samþ. með 13:5 atkv.

D.

Vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Yfirsíldarmatsmaður á Seyðisfirði.

Á 51. fundi í Nd., laugardaginn 9. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um yfirsíldarmatsmann á Seyðisfirði (A. 347).

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 11. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 58., 60., 62., 65. og 66. fundi í Nd., dagana 23., 27. og 29. apríl og 3. og 4. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., fimtudaginn 5. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Í greinargerð fyrir till. á þskj. 347 er flest það tekið fram, sem máli skiftir og þarf til skýringar því, að till. er borin fram. Aðeins fám orðum skal við bætt til frekari skýringar. Með lögum um skoðun á síld, frá 1919, er svo ákveðið, að yfirsíldarmatsmenn skuli vera fjórir á landinu, sem sje á Ísafirði, Siglufirði, Akureyri og Seyðisfirði. Jafnframt var landinu skift í umdæmi fyrir þessa fjóra yfirmatsmenn, og er umdæmi yfirmatsmannsins á Seyðisfirði einna stærst og erfiðast, því að það nær frá Reykjanesi sunnan og austan að Langanesi. Á nokkrum hluta þessa svæðis er þó lítil þörf á matsmanni, því að þar er síldarútvegur nær enginn. En á hinum eiginlegu Austfjörðum, frá Langanesi að Austurhorni, er oft fengsælt, þegar síld gengur að landi. Jeg ætla, að það hafi verið fyrst 1920, að skipaðir voru þessir fjórir yfirsíldarmatsmenn.

Sá, sem skipaður var á Seyðisfirði var maður aldraður og heilsubilaður, og þótt hann gegndi starfinu fram til síðasta árs, þá varð, heilsubilunar hans vegna, annar maður að annast störf hans, að minsta kosti 2 síðustu árin.

Eins og kunnugt er, andaðist þessi yfirmatsmaður næstliðið vor, og var þá enginn skipaður í hans stað. Sá, sem gegnt hafði störfum yfirmatsmanns, sótti um starfið, en var hvorki settur nje skipaður. Í þess stað var yfirsíldarmatsmaðurinn á Akureyri settur til

þess að líta eftir þessu svæði. Hann kom einu sinni í fyrrasumar austur og átti tal við nokkra menn, leit eitthvað eftir, en gaf víst fáar fyrirsagnir. En sumstaðar þar, sem veiðivon var mest, kom hann ekki. Undirmatsmenn voru þó, að jeg ætla, á 3 fjörðum eða 4, annarsstaðar engir.

Yfirmatsmaðurinn hvarf fljótlega á burtu og sást ekki til hans eða heyrðist í ágúst og september, meðan síldveiðin stóð yfir. Afleiðingin varð sú, að síldarmatið fór í handaskolum, þar sem ýmist vantaði matsmenn, eða lítt vanir menn áttu að sinna því.

Veiðin var í fyrstu talsvert ör, en vandhæfi á að selja síldina, því að fáir höfðu tök á að salta, enda bættist það ofan á, að sumstaðar fekst ekki mat á síldinni nýveiddri, svo sem 1. gr. nefndra laga mælir fyrir, og var ekki hægt að fylgja því ákvæði, en það aftraði enn frekar sölunni.

Á Mjóafirði, sem er einhver fengsælasti staðurinn, þegar um síld er að ræða, var enginn matsmaður. Þar fór því sem víðar, að síldarmat og síldarsala fór út um þúfur. Veiðin var í byrjun ör, og stöku menn tóku að salta fyrirsagnarlaust og ómetið, en sala til annara staða mistókst, meðfram vegna þess, að alt var ómetið. Aðkomumenn leituðu þangað til veiða, er leið á veiðitímann, jafnvel norðan af Eyjafirði, og urðu allir að verka síldina án fyrirsagnar. Einn aðalgallinn á þessari verkun reyndist síðar sá, að síldin var ekki flokkuð eftir stærð, og feldi það hana mjög í verði við söluna, enda er nokkuð af henni óselt enn, eftir því sem jeg veit best.

Á Reyðarfirði var matsmaður vanur starfinu, og þaðan tókst salan líka vel. Aðeins þar og á Seyðisfirði munu hæfir og vanir menn hafa metið.

Tjónið, sem af þessu skipulagsleysi leiddi, get jeg ekki tilgreint; veit aðeins, að það var geysimikið, bæði vegna þess, að það dró úr veiðinni og eyðilagði að nokkru leyti söluna, einmitt þegar síldin var þó að stíga í verði, í septembermánuði.

Jeg vil nú geta góðs til og ætla, að hv. stjórn hafi ætlað sjer að spara fje með því að skipa ekki yfirmatsmann eystra, en setja í starfið yfirmatsmanninn af Akureyri. Mjer er ekki kunnugt, hve mikið honum hefir verið greitt af þeim föstu launum yfirmatsmanns, en ferðakostnað hans hefir þó orðið að greiða, og hann öllu meiri en þurft hefði, ef maðurinn hefði verið búsettur á Seyðisfirði. Jeg hygg þess vegna, að sparnaður hafi lítill orðið að þessu fyrir ríkissjóð, og hitt veit jeg með vissu, að þessi ráðabreytni bakaði síldveiðamönnum eystra mikið tjón. Það var því fráleitara að setja síldaryfirmatsmann frá Akureyri til þessa starfs, sem hann var bundinn við síldarmat nyrðra yfir veiðitímann og auk þess háður öðrum störfum í þarfir Fiskifjelags Íslands. Setning hans var því hreint og beint málamyndaverk.

Jeg verð að telja það skýlaust brot á lögum um skoðun á síld, frá 1919, að kippa þannig yfirmatsmanninum burtu og setja mann til starfsins aðeins að nafni til, sem háður var öðru starfi og að engu liði varð. Um þetta hefði þó líklega ekki verið kvartað, ef ekki hefði viljað svo til, að veiði varð eystra með meira móti og stórtjón leiddi af fjarveru mannsins, þegar mest lá við. Tjónið kom auðvitað mest niður á veiðimönnunum, en einnig á ríkissjóði, sem

fær á aðra krónu í útflutningsgjald af hverri tunnu. Útflutningur síldar hefði sem sje orðið miklu meiri, ef þessi handvömm hefði eigi valdið.

Tillaga þessi er nú fram komin til þess að reyna að koma í veg fyrir það, að öðru sinni verði sama óhappið þarna. Ástæðan til þess að setja þarna eystra eða skipa yfirmatsmann er nú því meiri en áður, að nú hafa margir búið sig undir síldveiði, aflað sjer veiðarfæra og annara tækja, sem ýmsa skorti næstliðið sumar, af því að síldveiði hafði þá verið treg árum saman og tækin gengið úr sjer. Margir hafa búið sig undir veiði á þessu ári með því að kaupa net eða herpinætur og önnur þau gögn, er með þarf.

Það virðist með öllu óforsvaranlegt að framlengja þetta ástand og láta yfirmatsmanninn vanta á þessu viðlenda svæði, þar sem altaf getur að höndum borið stórfelda veiði, líkt og áður hefir komið fyrir. Jeg get ekki sjeð, að það spari eyri fyrir landssjóð, því að þótt minna kunni að vera goldið í kaup til hins setta matsmanns frá Akureyri, þá tapar ríkissjóður beinlínis á því, ef eins fer öðru sinni og næstliðið sumar, að síldin verði ekki flutt úr landi eða reynist óseljanleg, vegna illrar flokkunar. Hjer er um einfalt sanngirnismál að ræða, og jeg vil ekki ætla, að nokkur leggi á móti því, að þessar hrapallegu misfellur vegna vöntunar yfirmatsmannsins verði lagfærðar og þannig afstýrt nýju óhappi.

Jeg álít svo, að ekki þurfi fleiri orðum að eyða að þessu máli, nema nýtt tilefni gefist, og læt því bíða þess, er verða vill við atkvæðagreiðslu.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mig minnir, að það væri 26. júní, sem síldarmatsmaðurinn dó síðastliðið sumar.

Hann hafði á sinn kostnað og ábyrgð sett mann í sinn stað til þess að gegna þessum störfum í forföllum sínum, og gegndi sá maður þeim störfum, þangað til mikið var liðið á júlímánuð. Fór hinn setti maður ferð um Austfirði í fyrrasumar, til þess **að gefa** leiðbeiningar um mat. **(SvÓ: Áður en** hinn dó?). Nei, eftir það. **(SvÓ: Jeg neita** því). Jeg hefi reikninga fyrir því, sem sýna, að hann kom ekki úr þeirri ferð fyr en eftir að hinn var dáinn, og vilji hv. þm. neita því, óska jeg þess, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá, svo að jeg geti fært sönnur á mál mitt. Hann gegndi þessu starfi til þess 24. júlí, ef jeg man rjett, og hafði gert allan undirbúning fyrir síldartímann, sem í hönd fór. Þegar hann kom heim, óskaði hann eftir að verða settur eða skipaður á eigin ábyrgð, en þá tók stjórnin það ráð, að skifta starfinu á milli yfirsíldarmatsmannanna á Akureyri og Ísafirði. Það var þó mjög lítið svæði, sem matsmaðurinn vestra tók að sjer að líta eftir, sem sje Eyrarbakki og kaflinn vestan Lónsheiðar, eða rjettara sagt aðeins Eyrarbakki og Stokkseyri, sem komið gat til mála, að síld væri flutt út frá. Hv. flm. leit svo á, að þetta væri gert í sparnaðarskyni hjá stjórninni, og er það rjett athugað, en hinsvegar áleit hann það engan sparnað. Jeg vil því upplýsa, að þeir, sem settir voru til að gegna þessum störfum, hafa gert það fyrir ekki neitt, en að sjálfsögðu greiðir ríkissjóður ferða-

kostnað þeirra. Hann hefir verið mjög lítill, og því hefir sparast talsvert á þessari ráðstöfun.

Til þess að gefa yfirlit um það, hve mikið hefir veiðst af síld á Austfjörðum síðastliðin 10 ár, hefi jeg aflað mjer upplýsinga um það. Get jeg lesið upp skýrslu um það til fróðleiks hv. þm., en jafnframt tilgreini jeg útflutning frá öllu landinu, þó ekki með meiri nákvæmni en 1000 tn.

Útflutt var úr Austurlandsumdæmi:

Árið			Útflutt alls
1917	658	tunnur	90 þús. tn.
1918	423	—	15 þús. —
1919	486	—	208 þús. —
1920	0,5	—	183 þús. —
1921	1422	—	129 þús. —
1922	470	—	243 þús. —
1923	321	—	248 þús. —
1924	364	—	137 þús. —
1925	1404	—	246 þús. —
1926	9684	—	153 þús. —

Af þessari skýrslu er bert, að svo lítil síld hefir veiðst á Austfjörðum undanfarin 10 ár, að það er ekki nema lítill brothluti af því, sem veiðst hefir á öllu landinu, þó út yfir taki árið 1920, er ein einasta hálftunna er söltuð þar og metin til útflutnings. En það er líka sú dýrasta síldartunna, sem hjer hefir verið framleidd og flutt út, því að matið á henni kostaði hvorki meira nje minna en um hálft fjórða þús. kr. En þegar svo stendur á, að kostnaðurinn er mun meiri en tollur af útfluttri síld, er ekki nema eðlilegt, að stjórnin athugi, hvort ekki sje hægt að komast af án matsmanns, sem hefir 1600 kr. laun, auk dýrtíðaruppbótar. Það er blátt áfram hlægilegt að hafa fullgildan og dýran mann yfir svo litlu síldarmagni. Alt öðru máli er að gegna, ef síldveiðin þar eystra tekur að glæðast. Síðastliðið sumar var hún mun meiri en áður, og haldi það áfram, býst jeg ekki við, að neinn verði á móti að hafa þar yfirsíldarmatsmann. En síðastliðið sumar, er ekki lá annað fyrir stjórninni um síldveiðar eystra en skýrsla, er sýndi, að aflinn hafði undanfarin 10 ár verið ½—1422 tn. árlega, held jeg stjórnin verði ekki ásökuð, þótt hún skipaði ekki mann í þessa stöðu.

Jeg mótmæli þeim orðum hv. flm. (SvÓ), er hann viðhafði í ræðu sinni, og einnig standa í greinargerð till., að hjer hafi verið um vanrækslu að ræða af hálfu stjórnarinnar. Það var gert af ásettu ráði að skipa ekki mann í þessa stöðu, samkv. margyfirlýstum vilja þingsins, að stjórninni beri að sameina þau störf, sem verður við komið, og afnema öll óþörf embætti. En eins og jeg þegar hefi sýnt fram á, var ekki annað sýnna en þetta embætti væri með öllu óþarft. Enda sje jeg ekki betur en störfum þess hafi verið forsvaranlega ráðstafað, þar sem maður sá, er þau hafði annast, var búinn að fara eina eftirlitsferð áður en sýslanin var lögð niður. Og yfirsíldarmatsmaðurinn á Akureyri fór aðra ferð um umdæmið, til þess að líta enn eftir. Ef litið er á stærð umdæmanna — yfirsíldarmatsmaðurinn á Ísafirði hefir t. d. eftirlit með síldarsöltun frá Horni að Reykjanesi — þá sjer maður, að það er ómögulegt að ætlast til, að yfirsíldarmatsmaður sje við í hvert skifti sem síld er söltuð. Enda er það svo, að þeir gefa undirmatsmönnunum umboð til þess að gefa vottorð í sínu nafni, og það var gert hjer alveg eins og í öðrum umdæmum. Yfirsíldarmatsmaður-

inn á Akureyri skipaði undirmatsmenn alstaðar þar, sem þörf var á í þessu umdæmi, að svo miklu leyti sem þeir voru ekki skipaðir áður. Það er næsta undarlegt, ef matsmenn hefir vantað, eins og hv. flm. (SvÓ) segir, að sumstaðar hafi verið, að þeir skyldu þá ekki settir í ferð hins mannsins, áður en síldveiðin byrjaði fyrir alvöru. Jeg hygg það ekki rjett hjá hv. flm. (SvÓ), að vantað hafi síldarmatsmenn nokkursstaðar þar, sem mátti búast við einhverri síldveiði, enda fer það í bág við það, sem yfirsíldarmatsmaðurinn á Akureyri hefir tjáð mjer.

Annars er rjett eins og hv. flm. (SvÓ) búist við, að standa skuli yfirsíldarmatsmaður á landi, hvar sem menn leggja að og síld er veidd, reiðubúinn til þess að meta síldina strax, áður en hún er söltuð. En það er ekki svo eftir lögunum, að fyrirskipað sje að meta alla síld strax þegar hún kemur á land. Það er líka löglegt, þegar um tiltölulega lítla veiði er að ræða, enda venjulegasta aðferðin, að salta hana fyrst og fá hana síðan skoðaða og metna, er hún hefir legið vissan tíma. Hitt væri ókleift þar, sem veitt er á mjög mörgum stöðum, eins og t. d. á Austfjörðum, og jafnvel einstakir bæir veiða dálítið hver fyrir sig. En ekki er við því að búast, að síldarmatsmaður sje á hverjum bæ.

Þá var hv. flm. (SvÓ) eitthvað að tala um, að blandað hefði verið saman stærri og smærri síld. Mjer þætti gaman, ef hann vildi benda á, hvar það er fyrirskipað að aðskilja stóra og smáa síld. Mjer vitanlega er það hvergi fyrirskipað. En síldarmatsmennirnir geta gert það eftir beiðni hlutaðeigenda. Það er ekkert ólöglegt, þótt síldin sje ekki flokkuð eftir stærð, enda er matið framkvæmt þannig um alt land.

Hv. flm. (SvÓ) vildi halda því fram, að það væri brot á síldarmatslögunum að hafa ekki jafnan skipaða 4 yfirsíldarmatsmenn á landinu. En það er hin mesta fjarstæða. Það getur verið og er jafnan svo í hverri embættisgrein, að færri menn skipa stöður en lög mæla fyrir, sumpart af því, að stöður eru lausar í bili, sumpart af því, að þeim gegna menn, sem aðeins eru settir um stundarsakir, hvort sem þeir nú hafa öðrum störfum að gegna jafnframt eða ekki. Það væri þá t. d. líka ólöglegt, að kennari við kennaraskólann er settur fræðslumálastjóri og kensla í grísku hjer við háskólann er falin sjerstökum manni, sem gegnir henni fyrir þóknun, sem nemur ¼ af embættislaunum, ef skipaður væri maður í það. Jeg vil spyrja: Hvernig stendur á því, að þingið er að brýna fyrir stjórninni að steypa saman embættum, ef það er svo ólöglegt alt saman.

Öll ræða hv. flm. (SvÓ) virtist benda til, að hann álíti yfirsíldarmatsmennina hafa miklu meira með síldarmatið að gera en þeir hafa í raun og veru. Í einu umdæminu eru fluttar út á 2. hundrað þús. tunnur síldar, og getur hver maður sjeð í hendi sjer, að einn maður kemst ekki yfir að hafa eftirlit með svo miklu. Hann á að kenna undirmatsmönnunum, gefa þeim umboð fyrir sína hönd og hafa yfireftirlit með því, að matsreglum sje fylgt. Sú aðferð held jeg ætti líka að geta gengið á Austfjörðum, eins og annarsstaðar. ekki síst þegar tekið er tillit til þess, að síðastliðin 10 ár hefir verið flutt út þaðan að jafnaði langt undir 1000 tunnum síldar árlega. En haldi áfram

að veiðast eins mikið og síðastliðið sumar, eða fari afli jafnvel vaxandi, skal jeg fyrir mitt leyti ekki vera á móti, að skipaður verði yfirmatsmaður þar, en jeg vil fyrst sjá til lengur en eitt ár, hvort síldveiðin er virkilega að glæðast. Jeg veit, að hv. þdm. sjá, að það er engin meining að hafa mann með á 3. þús. kr. launum til þess að meta nokkur hundruð tunnur á ári. Að minsta kosti sje jeg ekki annað en það hafi verið sjálfsagt að spara launagreiðslur á þessu sviði á tímabilinu frá því síðasta síldveiðitíma lauk og þar til næsti byrjar, því að á því tímabili hafa yfirsíldarmatsmenn því nær ekkert að gera. Það er lítil hagsýni í því að kosta sjerstakan mann til að sjá um mat á ½—1422 tn. á ári. Árið 1926 veiddist að vísu á 10. þús. tunnur síldar. En það ár kemur hjer ekki til greina, þar eð ákvörðun um þetta var tekin á miðju ári, áður en veiðimagnið væri kunnugt orðið.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Hæstv. atvrh. (MG) hefir gefið einskonar fyrirheit um að verða við þeirri áskorun, sem felst í þessari þáltill., en á þann veg, að hann fái lengri reynslutíma til þess að ganga úr skugga um þörfina fyrir yfirsíldarmatsmann á Austurlandi. Hann vill þá ekki horfa í það, þótt landsmenn bíði öðru sinni, eins og næstliðið sumar, stórtjón vegna þess, að matsmenn vantar. Þetta er einkennileg hugulsemi, að miða við þær fáu krónur, sem ríkissjóði sparast, er landsmenn skaðast margfaldlega við ráðstöfunina, og get jeg ekki verið honum ógnar þakklátur fyrir þá hugulsemi. Hæstv. atvrh. (MG) benti á það til rjettlætingar gerðum sínum í þessu máli, að undanfarin ár hefði síldveiði verið svo lítil á Austfjörðum, að ekki tæki því að kosta sjerstakan mann til þess að hafa yfirmatsstarfið með höndum. En einmitt það sama hefir víðar skeð, t. d. á Vestfjörðum, að síld hefir brugðist, en enginn getur fyrirfram sjeð, hvenær svo verður. Áður fyrri var vorsíldargengd mikil á Austfjörðum, eins og líka næstliðið sumar. En það dró úr veiði, að fáir voru þá viðbúnir eða höfðu tæki til hennar. Þeir, sem öfluðu sjer þá tækja, þótt seint væri, urðu líka sumir fyrir því óhappi, að matið fór í handaskolum, þar sem ýmist vantaði matsmenn eða þeir voru verkinu óvanir. En þau atvik knýja fastast til þess að láta það ekki koma fyrir aftur.

Hæstv. atvrh. (MG) leggur mesta áhersluna á sparnaðinn, er hann telur þessari niðurfellingu starfans fylgja. Jeg var ekki að átelja þá sparnaðarviðleitni, heldur að kvarta yfir því, hve óheppilega hefði til tekist, að yfirmatsmanninn skyldi vanta, er mest lá við, og óska eftir því, að fyrirgirt yrði samskonar óhapp á næsta sumri. Það er alls ekki rjett hjá hæstv. atvrh. (MG), að það sje svo allsendis þýðingarlaust, hvort eystra er yfirsíldarmatsmaður eða ekki, því að þótt lítið hafi verið útflutt á þessu árabili, sem hann tiltók, þá hefir síldartollur af útflutningnum numið svo miklu, að ríkissjóður hefir grætt en ekki tapað á launum yfirsíldarmatsmannsins. Síldartollurinn er, eins og kunnugt er, á aðra kr. af tn. hverri, og þess vegna þar eystra á síðasta ári nálægt 12000 kr.

Þótt fyrirskipun um flokkun síldar standi ekki í lögum, eins og hæstv.

atvrh. sagði, þá mæla yfirsíldarmatsmenn auðvitað fyrir um slíka hluti, eins og sjálfsagt er, og gefa undirmatsmönnum fyrirsagnir um það og annað. Það var af því, að þær fyrirsagnir vantaði næstliðið sumar eystra, að svo fór hjá undirmatsmönnunum, að síldin var ekki flokkuð; en annarsstaðar fórst matið fyrir með öllu, af því að matsmenn voru ekki til.

Jeg veit, að það er leyfilegt, eins og hæstv. atvrh. (MG) sagði, að salta síld, þótt ekki hafi matsmaður skoðað hana nýja. En það er einmitt afleiðingin af því, þegar matsmaður er ekki við höndina, að þeir, sem veiða og salta síldina um leið, vita ekki, hvernig þeir eiga með hana að fara, og skemma vöru sína óviljandi.

Mjer þótti furðuleg sú yfirlýsing hæstv. ráðh. (MG), að hinn setti matsmaður síðastliðið sumar hefði unnið kauplaust. Ef svo er — og jeg vil alls ekki neita því, að það sje rjett, þótt mjer virðist það ósennilegt — þá verð jeg að segja, að það er allsendis óvenjulegt, að menn taki þannig að sjer opinber aukastörf ólaunuð, og vissulega eiga þeir menn þakkir skilið, sem það gera og vinna slíkt í guðsþakkaskyni. En ekki verður sagt í þessu tilfelli, að starf hins setta matsmanns hafi borið að sama skapi góðan eða glæsilegan árangur sem sjálfsafneitunin virðist mikil hafa verið. Líklega hefði best komið sjer, að hann hefði aldrei sjest austanlands.

Samanburðurinn, sem hæstv. ráðh. (MG) gerði um sameiningu embætta í öðrum tilfellum, svo sem eins og þegar kennarar taka að sjer störf fyrir aðra, kemur hjer ekki til greina. Samlíkingin á ekki við. Þar getur ekki verið um að ræða fjárhagslegt tjón eða skaða, eins og leitt getur og leiddi af þessari hálegu sameiningu norðan og austan, eða því, að ekki var settur maður á vettvangi, sem þekkingu hafði til þess að líta eftir síldarmatinu eystra. Jeg vil aðeins nefna það, út af skýrslu hæstv. atvrh. (MG) um síldarútflutning síðustu 10 ára frá Austurlandi, að jeg er viss um, að aflinn eða útflutningurinn hefði síðastliðið sumar orðið miklum mun meiri en hann varð — nær 10 þús. tn. —, ef ekki hefði þannig staðið á, sem fyr hefir frá skýrt verið. Margir hættu veiðum, af því að þá vantaði tunnur, salt og önnur skilyrði til þess að geta gert sjer síldina að vöru. Þeir, sem komu með veiðitæki, komu sumir of seint. Og ýmsir þeirra, sem vel veiddu, urðu í vanda með söluna, vegna misfellna matsins. Hefði maður verið á staðnum, sem hægt var að leita til, er svona stóð á, mundi veiðin hafa orðið að miklu meira gagni.

„Það má ekki búast við því, að yfirmatsmaður standi yfir söltun síldar", sagði hæstv. ráðh. (MG). Nei, þess þarf ekki. Það er ekki tilgangurinn, að þeir komi á hvern stað, þar sem síld er söltuð. Það gera undirmatsmennirnir. En sumstaðar voru þeir ekki einu sinni til, og á öðrum stöðum voru þeir óvanir starfinu og höfðu enga forustu eða fyrirsagnir, eins og reynslan sýndi. Undantekning var þó um Reyðarfjörð. Þar var maður, sem hafði þekkingu og reynslu í þessum efnum, og þar fór líka á annan veg; þaðan seldist síldin greiðlega og vel.

Björn Líndal: Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) virðist treysta meira á síldarmatsmennina heldur en þm. Ak., og hygg

jeg, að það sje fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að sá hv. þm. (SvÓ) þekkir minna til starfs þeirra og þýðingar þess fyrir síldarsölu.

Það er nú svo komið, að það er lítið eða ekkert gert með verk þeirra og vottorð á útlendum markaði. Það má heita hreinasta undantekning, ef hægt er að selja síld eftir vottorðum íslenskra síldarmatsmanna, og eina gagnið, sem við getum hugsað okkur af þeim mönnum, er það, að þeir geta stundum skorið úr ágreiningi, sem verður á milli kaupanda og seljanda á nýrri síld, og þegar það kostar kr. 1,50 að fá metna hverja síldartunnu, þá verður það nokkuð dýr dómstóll. Það er vitanlega gott, að við stjórnum þessu mati á okkar vísu, en okkar höfuðskiftavinir, Svíar, gera ekkert úr þessu mati; þeir taka síldina upp og meta hana eftir eigin geðþótta fyrir því, en fara alls ekkert eftir því, sem íslenskir síldarmatsmenn segja eða gera.

Jeg á dálítið erfitt með að trúa því, að hv. þm. (SvÓ) fari rjett með það sem hann segir, að ekki hafi verið hægt að salta síld á Austfjörðum síðastl. sumar, af því að enginn matsmaður hafi verið þar. Þetta gerum við oft, og fáum hana svo metna á eftir, og þess vegna getur það alls ekki verið rjett hjá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að þessi vöntun hafi dregið úr veiðunum. Það er firra, sem ekki þýðir að telja mjer trú um, því að jeg þekki of mikið til síldarsöltunar til þess.

Jeg verð að taka undir það með hæstv. ráðh. (MG), að það er dálítið einkennilegt að heyra mann, sem þykist berjast fyrir fækkun embætta og hverskonar sparnaði, vera að berjast fyrir að koma upp yfirsíldarmatsmanni á stað, þar sem vitanlegt er, að mjög lítið hefir fiskast af síld.

Það er vitanlega alveg rjett hjá hv. þm. (SvÓ), að yfirsíldarmatsmaður stendur ekki yfir hverri söltun, heldur gera undirmatsmenn þeirra það, en það hefir kannske ekki ætíð tekist sem best með valið á þeim. En það, sem yfirsíldarmatsmanninum er ætlað að gera, er að velja þessa menn, og það getur hann eins vel gert, hvort sem það á að vera vestur á Ströndum eða austur á Austfjörðum, eða hvar annarsstaðar á landinu sem er.

Jeg tel alveg rjett að fresta aðgerðum í þessu máli, þar til betur byrjar með síldveiðina á Austfjörðum, og jeg er á móti þessari till., og bið hjer með hæstv. forseta (BSv) að bera þá ósk mína til hæstv. stjórnar, að það verði ekkert gert í þessu máli fyrst um sinn.

Jón Ólafsson: Það er ekki nema eðlilegt, að hv. 1. þm. S.-M. tali ekki af nægri þekkingu um slík mál sem það, sem hjer liggur fyrir. Hann viðurkennir það, að yfirsíldarmatsmaðurinn á Akureyri hefði átt að hafa eftirlit með síldarsöltun á Austfjörðum. En það er mikill munur á því, hvort yfirsíldarmatsmaðurinn situr á Akureyri eða t. d. á Seyðisfirði. Hv. flm. (SvÓ) kannaðist við það, að skipaðir hefðu verið undirmatsmenn á þessum stöðum. En yfirsíldarmatsmennirnir geta ekki verið á hverjum firði, og verða þeir því að setja þar trúnaðarmenn í sinn stað.

Það er oft undir því komið, að upphaflega sje vel vandað til vörunnar, sem flytja á út, en að þetta sje aðalskilyrðið, dettur engum í hug, því þegar yfirmatsmaðurinn kemur til sögunnar, þá fær síldin það mat, sem nauðsyn-

legt er. Undirmatsmenn segja aðeins um það, hvort síld sje skemd eða eigi, en þeir kveða ekkert á um það, hvort salta megi síldina eða ekki.

Það er mjög handhægt fyrir hv. þm. (SvÓ) að segja, að Austfirðingar hafi orðið fyrir tjóni og þeir hafi ekki getað selt síldina, vegna þess, að vantað hafi matsmenn. En því er til að svara, að þeir, sem ekki seldu síldina í haust, gerðu það af alt öðrum ástæðum. Þeir drógu að selja hana í von um hækkandi verð á markaðnum, en ekki af því, að vottorð matsmanna vantaði. Það eru engar reglur til fyrir því, hver stærð eða fjöldi sílda eigi að vera í tunnu hverri. Það er samkomulagsatriði kaupenda og seljenda, en matsmaðurinn vottar, að það sje svo sem samningar standa til. Annars er það aðeins um heilbrigði vörunnar, sem matsmaður vottar.

Það er ekki rjett hjá hv. þm. Ak. (BL), að síldarmatið sje þýðingarlaust, því það hefir talsverða þýðingu fyrir kaupendurna. Hinsvegar þurfa þeir framleiðendur, sem gott nafn hafa á markaðnum, einskis mats við. Og vitanlega er matið misjöfn trygging þess, að um góða vöru sje að ræða.

Það er rjett hjá hv. flm. (SvÓ), að Austfirðingar voru illa undir það búnir í landi að taka á móti síldinni síðastliðið sumar, en með þeim samgöngum, sem eru á landi hjer, þá var hægurinn hjá að ná í nægan mannskap til þess að meta vöruna. Það nær engri átt, að menn hætti að veiða síld, vegna þess, að ekki náist til matsmanna til þess að meta hana. Það má lengi um það deila, hvort það eigi að vera sjerstakur yfirsíldarmatsmaður á Austfjörðum, en eftir því sem hæstv. atvrh. (MG) hefir upplýst, þá hefir til þessa mjög lítið verið að gera fyrir matsmann þar. Árið 1921 hafði hann 1400 kr. í ferðakostnað austur, en veiðin nam aðeins 400 tunnum. Hefði vel verið hægt að skipa einhvern til þess að annast þetta mat, en láta svo yfirmatsmanninn á Akureyri leggja yfir það síðustu blessun sína. Mjer virðist, að verið sje að líta á mál þetta með gleraugum hreppapólitíkurinnar, því þörfin er ekki sú á þessu, að ekki sje hægt að koma þessu fyrir á annan og hagkvæmari hátt en hjer er farið fram á, enda var það ekki af matsmannsleysi, að Austfirðingum mistókst að selja síldina í þetta sinn.

Jeg felst algerlega á ummæli hæstv. atvrh. (MG), að best sje að sjá til, hvort nokkur veruleg veiði verði á Austfjörðum. Ef svo verður ekki, þá verður fyllilega hægt að komast af með það fyrirkomulag, sem var á matinu þar síðastliðið sumar. Ef ekki voru hæfir menn við starfann í fyrra, þá er það aðeins bending um það, að vanda betur valið nú og fara í því efni eftir till. þeirra, sem best til þekkja.

Björn Líndal:*) Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) virðist hafa meiri trú á síldarmatinu en jeg, og vildi halda því fram, að það væri trygging þess, að kaupendur fengju ekki skemda vöru, en jeg get sagt hv. þm. (JÓl), að kaupendur kaupa vöruna ekkert frekar, þó þessi matsvottorð fylgi. En hitt er rjett hjá

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

hv. þm. (JÓ), að gott nafn framleiðandans eða seljandans er aðalatriðið í þessu efni.

Því er nú þannig farið, að enda þótt síld sje góð, þegar hún er sett í tunnurnar, þá verður hún vond, ef hún er illa hirt eftir að söltunin hefir farið fram. En eftir þessu líta matsmennirnir alls ekki. Því er það alment álitið á Norðurlandi, að síldarmatið sje kák eitt, þó það hinsvegar kosti ærið fje. En auk þessa hafa margir undirmatsmenn ekki næga þekkingu á því, hvað er góð síld, nje hvað sje áta í síld, en átan gerir hana ómögulega sem manneldisvöru. Það hefir komið fram, að á síðastliðnu sumri var mikið saltað af slíkri síld.

Þá er það annað, sem miklu varðar um gæði síldarinnar, en það er saltið. Mikið af síldinni skemmist, vegna þess, að saltið, sem notað er, er ekki nægilega gott. En þetta láta matsmennirnir sig engu skifta. Þannig er mat á nýrri síld gagnslaust.

Hv. flm. (SvÓ) veit, að það stendur fyrir dyrum að endurskoða matslögin, og mjer er kunnugt um það, að Norðlendingar vilja losna við undirmatið. Hið eina, sem missist við að leggja það niður, er, ef kaupanda og seljanda greinir á um það, hvort síld sje söltunarhæf eða ekki, að þá er hægt að láta matið skera úr um það.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg er ekki vanur að leggja mikið til málanna um slíkar till. sem þá, sem hjer er á ferðinni, enda ætla jeg mjer ekki að blanda mjer inn í málið sjálft. En hv. þm. Ak. (BL) hefir nú látið þau orð falla, að hann áliti síldarmatið „humbug". Þegar slík ummæli koma frá manni, sem þekkir jafn-vel til þessa atvinnurekstrar og telja má víst að hv. þm. geri, þá álít jeg skylt að taka það til athugunar. Er þá ekki einungis orðið um það að ræða, hvort skipa skuli þennan matsmann á Austurlandi, heldur jafnvel hvort yfirleitt skuli hafa nokkra síldarmatsmenn, eða þá hvort ekki sje nauðsynlegt að athuga um síldarmatslöggjöfina og framkvæmd hennar. Jeg legg því til, að málinu verði frestað nú og því vísað til sjútvn.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal geta þess, út af ræðu hv. þm. Str. (TrÞ), að stjórnin hefir þegar skipað nefnd manna til þess að athuga þetta mál, vegna þess, að hún hefir orðið þess vör, að menn hafa gert lítið úr gildi síldarmatsins. Og af þeim ástæðum meðal annars áleit jeg ekki rjett að skipa þennan matsmann á Austfjörðum strax. Ef síldveiði verður mikil á Austfjörðum í sumar, þá álít jeg rjett að setja sjerstakan mann til þess að annast matið þar. En hann verður aðeins settur, því jeg álít ekkert vit vera í því að skipa mann í slíka stöðu, með 2—3 þús. kr. árslaun, aðeins yfir sumarmánuðina. Jeg álít það skyldu mína að gera þetta ekki að föstu starfi, fyr en sjeð er, að síldveiðin sje að glæðast fyrir Austurlandi. En nú höfum vjer ekki á annari reynslu að byggja en þeirri, að á síðustu 9 árum hefir veiðst fyrir Austurlandi frá ½ tunnu og upp í um 1500 tunnur á ári, að undanskildu árinu 1926. Annars fellur mjer vel sú till., að málinu sje vísað til sjútvn.

Hv. flm. (SvÓ) sagði, að jeg hefði ekki viljað skipa síldarmatsmann eystra til þess að geta unnið Austfirð-

ingum tjón. Eru þetta óneitanlega miður vingjarnlegar getsakir í minn garð. Jeg hygg, að hv. þm. (SvÓ) eigi örðugt með að sýna fram á það, að Austfirðingar hafi beðið tjón af síldveiðinni í fyrra, vegna þess, að þá hafi vantað yfirmatsmann. Ástæðan er sú, að síld hefir stórfallið í verði, og nú er enn þá verið að selja Akureyrarsíld mjög lágu verði, og er það ekki því að kenna, að þar hafi vantað yfirmatsmann. Þá er og annað atriði, sem hv. þm. (SvÓ) hefir upplýst, og valdið hefir miklu um tjón Austfirðinga af síldveiðunum, en það er það, að þeir voru ekki við því búnir að taka á móti síldinni. Sýnir það, hversu lítil síldveiðin hefir verið fyrir Austurlandi undanfarin ár, og er því ekki nema eðlilegt, að stjórnin skipaði ekki yfirmatsmann, þegar Austfirðingar sjálfir eru ekki undirbúnir, hvorki með tunnur nje salt. Það kom til mála 1922 að leggja niður yfirsíldarmatsmannsstarfið, en það þótti þá nokkuð harkalega að farið, vegna þess, að þá átti hlut að máli gamall og slitinn maður, sem var í starfinu. Mjer þykir því næsta undarlegt, að stjórninni skuli álasað fyrir að hafa sýnt sparsemi í þessu efni nú. Jeg fæ ekki sjeð, að þetta hafi valdið Austfirðingum tjóni; á Eyrarbakka veiddist t. d. síðastliðið sumar allmikið af síld, en undanfarin ár ekki. Eyrarbakki er í umdæmi yfirfiskimatsmanns Austfjarða, — en hvernig hefði hann átt að geta sint mati þar?

Mjer kemur undarlega fyrir, að hv. flm. (SvÓ) skuli halda því fram, að undirmatsmenn hafi vantað. Jeg veit ekki betur en að yfirsíldarmatsmaður hafi farið um Austfirði í byrjun síldartímans til að undirbúa matsstarf þar. Jeg hefi brjef frá honum, sem sýnir, að hann hefir verið að fást þar við slík störf. Ef málið fer í nefnd, skal jeg afla fullkominna upplýsinga um, hvort það er ekki rjett, sem hv. flm. neitar, að hann hafi verið þar á ferð í júlíbyrjun.

Annars er jeg fús til að setja mann til að gegna þessu starfi í sumar þá mánuði, sem þörf er á, ef síldveiði verður að mun við Austfirði.

Halldór Stefánsson: Þessi tillaga hefir mætt andmælum fyrir þá sök, að talið er, að ekki sje þörf á yfirmatsmanni á Austfjörðum. Það er vitanlegt, að síldveiði hefir um tíma verið lítil við Austfirði, en það er líka viðurkent, að hún fari vaxandi hin síðustu árin. Við vitum frá undanförnum tímum, að síldargöngur breytast mjög. Þær hafa verið mestar fyrir Norðurlandi og við Vestfirði, en nú lítur út fyrir, að þær sjeu að færast austur með landinu. Við vitum líka, að um eitt skeið var mikil síldveiði fyrir Austurlandi. Þegar á það er litið, að síldveiði virðist fara vaxandi við Austfirði, sýnist óvarlegt að hafa þar ekki síldarmatsmenn. Þessar ástæður gera það líka skiljanlegt, hvernig á því stendur, að Austfirðir voru ekki fullvel undir það búnir að taka á móti síldinni, þegar síldin fór að leggjast þar að á ný. Nú kemur það fram annarsvegar, að sumir, sem kunnugir eru síldarverkun, eins og t. d. hv. þm. Ak. (BL), telja síldarmatið mjög gagnslítið. Jeg get ekki blandað mjer inn í þá deilu. En ef það er svo, þá á afleiðingin ekki að vera sú, að ekki eigi að vera síldarmatsmaður á Austfjörðum, eins

og öðrum stöðum, heldur á þá að afnema þá alveg. En þetta álit hv. þm. Ak. er enn ekki viðurkent, heldur er þetta atriði nú undir rannsókn, eftir því sem hæstv. atvrh. hefir skýrt frá. Meðan ekki er úr þessu skorið, verður að halda því fram, að rjett sje að hafa yfirmatsmann á Austfjörðum. Jeg verð að segja það, að yfirmatsmaðurinn á Norðurlandi hefir ekki mikið að gera, ef það á að vera trygt, að Austfirðir geti haft hans full not hvenær sem er. Að veiðitíminn sje stuttur og ekki ástæða til að hafa fastan starfsmann, má vera, en um það gegnir alveg sama máli á Austurlandi og á Norðurlandi. Mjer dettur ekki í hug að bera þær ásakanir á stjórnina, að hún hafi látið niður falla skipun síldarmatsmanns á Austfjörðum í því skyni að gera Austurlandi tjón. Það dettur sjálfsagt engum í hug að bera það fram. En hitt er annað mál, hvort það hefir ekki bakað Austfirðingum tjón, að ekki var skipaður þar síldarmatsmaður.

Pjetur Ottesen: Það hefir komið fram tillaga um að vísa þessu máli til sjútvn. Jeg býst við, að hv. flm. þeirrar till. (TrÞ) muni taka hana aftur, þegar það er upplýst, að skipuð hefir verið nokkurskonar milliþinganefnd til að athuga þetta síldarmatsmál alt í heild. Það var aðallega þetta, sem jeg vildi vekja athygli á. En úr því að jeg stóð upp, skal jeg gera grein fyrir, af hvaða ástæðum jeg er á móti þessari tillögu. Ástæður mínar eru aðallega þrjár. Í fyrsta lagi hefir síldveiði fyrir Austurlandi verið svo lítil undanfarin ár, að engin ástæða virðist til þess að hafa þar yfirmatsmann. Þegar á það er litið, að yfirmatsmaðurinn á Siglufirði hefir eftirlit alla leið vestur í Strandasýslu, þar sem oft er mikil síldveiði, þá virðist yfirmatsmaðurinn á Akureyri ekki hafa verri aðstöðu til að hafa þetta eftirlit á Austfjörðum. Það má náttúrlega segja, að lengri leið sje frá Akureyri til Austfjarða heldur en frá Siglufirði vestur í Strandasýslu. En eins og samgöngum er háttað um síldveiðitímann, skiftir munurinn á vegalengdinni ekki miklu máli. En hinsvegar er á það að líta, að undanfarin ár hefir verið um margfalt meiri útflutning að ræða úr Strandasýslu heldur en frá Austfjörðum. Austfirðingar hafa áreiðanlega ekki beðið tjón af því í sumar, eins og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) heldur fram, að vantað hafi þar yfirmatsmann, heldur af því, ef um tjón hefir verið að ræða, að ekki hefir verið nóg af vönum undirmatsmönnum, en það er ekki óeðlilegt í sjálfu sjer, þó svo væri á síðastliðnu sumri, þar sem nálega engin síld hefir veiðst um fjöldamörg ár á Austfjörðum, fyr en á síðastliðnu sumri.

Önnur ástæða mín gegn þessari till. er sú, að skipuð hefir verið af stjórninni sjerstök nefnd til þess að athuga síldarmatið. En ástæðan til þess er sú, að um það eru skiftar skoðanir meðal síldarútflytjenda, hve mikla þýðingu þetta mat hafi. Eitt verkefni nefndarinnar er að athuga, hvort nauðsynlegt verði að telja að hafa þetta mat áfram. Ef niðurstaðan verður sú, að leggja matið niður, þá er auðvitað fjarstæða að fara að skipa nú yfirmatsmann á Austurlandi.

Þriðju ástæðu mína tel jeg líka mikilsverða, en hún er sú, að á þinginu 1925 var samþ. þáltill. um að skora á stjórnina að veita ekki þau embætti,

sem losna kynnu, ef tiltækilegt þætti að sameina þau öðrum, og skyldi þetta líka gilda um sýslanir eins og þessa. Í þessu er fólgið nokkurt aðhald fyrir stjórnina, sem þingið ætti ekki að spilla, því að það er mikilsvert atriði, ef hægt væri að draga úr embættakostnaðinum.

Jeg mun greiða þeirri till. atkvæði, að vísa málinu til stjórnarinnar, og tel jeg það fullkomlega rjettmæta afgreiðslu.

Tryggvi Þórhallsson: Hv. þm. Borg. (PO) býst við, að jeg taki aftur till. mína um að vísa málinu til sjútvn., að fengnum þeim upplýsingum, sem hæstv. atvrh. hefir gefið. Jeg hefi ekkert að athuga við þessar upplýsingar hæstv. atvrh., en þær hafa það alls ekki í för með sjer, að ástæðulaust sje, að sjútvn. fái að athuga málið. Þvert á móti finst mjer allar upplýsingar benda til þess, að rjett sje, að nefnd, að venju, athugi málið, og held fast við þá till.

Sigurjón Jónsson: Jeg vil aðeins láta í ljós, að jeg held, að till. um að vísa málinu til stjórnarinnar eigi að berast upp fyrst.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Ef það verður ofan á að bera málið undir atkv. til úrslita nú þegar, þá vildi jeg þó fá tækifæri til að segja fyrst nokkur orð. Jeg get leitt hjá mjer að mestu athugasemdir hv. þm. Ak. (BL). Hann sagði, að það mundi ekki hafa dregið úr söltun síldar á Austfjörðum, að matsmaður var ekki við höndina. En það var nú samt svo, að menn vissu ekki, hvert þeir áttu að snúa sjer til þess að fá mat á síldinni samkv. fyrirmælum laganna, en þegar þeir buðu síldina til sölu, þá fundu kaupendur að henni eða höfnuðu kaupum, en matsmenn vantaði til að skera úr ágreiningi. Stundum þótti síldin of gömul, og urðu þá veiðimenn af sölunni. Það var því beinlínis vöntun á matsmanni, sem olli því, að þeim varð stundum lítið eða ekkert úr síldinni.

Jeg leiði alveg hjá mjer það, sem hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) sagði, því að mjer fanst það fara að mestu leyti fyrir ofan garð og neðan.

Hæstv. atvrh. (MG) kvaðst fús til þess að setja mann til þessa starfs næsta sumar, ef líkur yrðu fyrir síldveiði á Austfjörðum. En það er ómögulegt að benda á þær líkur fyr en veiði byrjar, og þá er orðið of seint að setja mann; hann fær þá eigi tíma til ferða og fyrirsagna, og sama sleifarlagið endurtekst. Hitt kannast jeg við, að rjett sje að veita ekki slíkt embætti sem þetta, en setja heldur mann til bráðabirgða. En það er jafnsjálfsagt að hafa þarna settan mann, til þess að ekki komi fyrir sama óhapp og síðasta sumar.

Jeg þarf ekki að svara hv. þm. Borgf. (PO). Hann tjáði sig á móti málinu, af því að til stæði að endurskoða þessa löggjöf um skoðun á síld og kosin væri til þess milliþinganefnd. Þessa milliþinganefnd þekki jeg ekki eða kosningu hennar. Skilst mjer, að atvrh. hafi sett einhverja stjórnarráðunauta til að rannsaka málið, og er jafnsjálfsagt fyrir því að s e t j a yfirmatsmann eystra um sinn. Yfirlýsing hv. þm. (PO) um, að útflutningur síldar sje meiri úr Strandasýslu en frá Austfjörðum, veit jeg ekki, hvort er rjett.

Getur átt við um einstök ár. En síldveiði hefir verið mikil við Austfirði og var hvergi meiri en þar á árunum frá 1880—1890. Hið sama getur vel komið fyrir aftur, og tel jeg því mjög óvarlegt að láta reka á reiðanum í þessu efni.

Jeg skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Jeg teldi langæskilegast, að sjútvn. fengi að fjalla um málið, og það mundi hafa þótt sjálfsagt um hvert slíkt mál annað.

Forseti (BSv): Það hefir komið fram till. um að vísa þessari till. til þál. um yfirsíldarmatsmann á Seyðisfirði til sjútvn., en áður var komin fram till. um að vísa málinu í heild sinni til stjórnarinnar. En nú hefir orðið samkomulag um, að bera megi hina síðari till. fyrst upp til atkv., og verður því till. um að vísa málinu til nefndar borin upp fyrst, og umr. frestað, ef hún verður samþ.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til sjútvn. feld með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, HStef, HjV, IngB, JG, JörB, KlJ, MT.

nei: SigurjJ, ÞórJ, BL, HK, JakM, JAJ, JK, JÓl, JS, MG, ÓTh, PO.

BSv greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (ÁÁ, BSt, MJ) fjarstaddir.

Till. frá þm. Ak. (BL) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 15:8 atkv.

2. Umboðsmaður sáttasemjara á Austfjörðum.

Á 65. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um, að sáttasemjari hafi umboðsmann á Austfjörðum (A. 492).

Á 66. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 68. fundi í Ed., laugardaginn 7. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Jón Baldvinsson): Austfirðir eru sá hluti landsins, sem erfiðast eiga með símasamband við Reykjavík. Það má yfirleitt heita ógerningur, að þaðan sje hægt að tala hingað, nema því að eins, að vel standi á og allar línur sjeu í ákjósanlegasta lagi. Að þessu leyti eru Austfirðir verst settir gagnvart starfsemi sáttasemjara í vinnudeilum. Alstaðar annarsstaðar á landinu getur sáttasemjari svo að segja á hvaða tíma sem er haft samband við aðilja og fengið þá til þess að fara eftir þeim bendingum, sem hann telur rjettar, og fengið menn til þess að miðla málum í kaupþrætum.

Fyrir þessa erfiðleika, sem Austfirðir eiga við að búa, þá telja verkamannafjelögin á Austurlandi rjett, að sáttasemjari hafi þar umboðsmann, sem gæti gripið inn í í vinnudeilum, þegar ástæða þætti til. Það er álitið hentugra, að hann hafi umboðsmann fyrirfram, því að altaf er dálítið erfiðara að setja slíkan mann, þegar deilur

eru byrjaðar; þá eru menn viðkvæmari um slíkt val og hættara við, að viðleitni umboðsmanns komi síður að gagni.

Nú býst jeg ekki við, að þetta þyrfti að kosta neitt verulegt; og þó að í lögum um sáttasemjara í vinnudeilum sje ekki beinlínis tekið fram, að hann setji umboðsmenn, þá er þó gengið út frá því í umræðunum um það mál á þinginu 1925. Það var beinlínis tekið fram af hendi framsögumanns í Nd., að svo sje til ætlast, að þar, sem sáttasemjari ekki nái til á landinu, geti hann sett umboðsmann fyrir sína hönd.

Nú hefi jeg átt tal við hæstv. atvrh. (MG) um þessa till., áður en jeg bar hana fram, og skildist mjer hann ekkert hafa við hana að athuga; hann vildi reyna að hlutast til við sáttasemjara, að hann framkvæmdi það, sem till. fer fram á.

Það getur haft allmikla þýðingu að hafa mann, sem getur gengið á milli í vinnudeilum, því að það er kannske örðugasti hjallinn í þessum deilumálum, að báðir málspartar nálgist hvor annan í samningum; því að sá, sem byrjar á samningum, á það á hættu, að hinn aðilinn telji hann veikari fyrir, og telji sjer því óhætt að halda sínu striki. En ef þriðji aðilinn getur gengið þarna á milli, geta í mörgum tilfellum samningar tekist, jafnvel þótt sá aðili hafi ekki vald til þess að segja, að samningar skuli gerðir.

Jeg vænti þess vegna, að till. þessi verði samþ. og hæstv. stjórn hafi ekki á móti að framkvæma hana, að svo miklu leyti sem í hennar valdi stendur.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Hv. flm. þessarar till. (JBald) sagði það, að hæstv. atvrh. (MG) hafi tekið þessari till. vel, þegar hann bar till. undir hann, og ekkert haft á móti henni. Hæstv. atvrh. er nú bundinn við umr. í Nd. og hafði beðið mig að svara um þetta mál. Og af því að mjer hafði skilist svo, að jeg ætti að gefa alveg gagnstætt svar þessu fyrir hans hönd, þá þótti mjer undarlegt að heyra þessi ummæli hv. flm., og fór þess vegna inn í Nd. til þess að fullvissa mig um það, hvað rjett væri í þessu efni. Jeg hefi nú fengið staðfestingu hæstv. atvrh. á því, að hann er þessari till. mótfallinn; og jeg get sagt það fyrir stjórnarinnar hönd, að svona till. má ekki koma til stjórnarinnar, eftir eðli málsins, frá öðrum en sáttasemjara sjálfum. Aðeins það, að till. kemur frá þeim, sem getur skoðast sem fulltrúi annars aðiljans, er nóg til þess að setja þann lit á slíka ráðstöfun, ef hún verður gerð, sem gæti orðið til þess, að ráðstöfunin alveg mishepnaðist.

Nú heyrði jeg ekki hv. flm. geta þess, hvort þetta hafi verið borið undir sáttasemjara sjálfan. En jafnvel þótt svo væri, þá álít jeg, að till. ætti beinlínis að koma frá honum til stjórnarinnar; og jeg efast ekki um, að stjórnin taki vel hverju því, sem sáttasemjari sjálfur finnur ástæðu til að stinga upp á til fyrirgreiðslu í sínu starfi.

Af þessum ástæðum, og án þess að fara sjerstaklega út í efni málsins, vil jeg fyrir mitt leyti gera þá till., að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Mjer kemur þetta dálítið undarlega fyrir, sem hæstv. forsrh. (JÞ) hafði nú eftir hæstv. atvrh. (MG). Mjer hafði fylli-

lega skilist á honum, að hann hefði ekkert við þetta að athuga, nema að einhvern kostnað mundi af leiða; annað var það ekki, sem hann ljet í ljós við mig. Hann hafði ekkert á móti till. En þetta var „privat"-samtal, og skal jeg ekki fara lengra út í þetta. Jeg verð þá að taka þessa opinberu yfirlýsingu stjórnarinnar sem afstöðu hennar í málinu, og þar með, að hæstv. atvrh. sje algerlega andvígur till. Mjer fanst hæstv. forsrh. tala af svo miklum þjósti gegn till., eins og hún yrði afskaplega hættulegt atriði í löggjöfinni, eða hættuleg þáltill., af því að hún kæmi frá mjer. Það er naumast, að hæstv. ráðh. er varfærinn og hræddur. Jeg veit, að það er ekki margt af því, sem jeg ber fram, sem hann leggur lið, en svona hræddur hjelt jeg hann væri ekki. Hæstv. ráðh. (JÞ) má vel sjá það, að það getur engin áhrif haft um framkvæmdir í málinu, frá hverjum till. kemur. Hæstv. ráðh. gat þá eins sagt, að það hefði verið ákaflega óheppilegt, að 5. landsk., sem þá var 2. þm. Reykv., var framsögumaður í málinu um sáttasemjara á þinginu 1925.

Það á þá að vera svo hættulegt að flytja till. um að skora á atvrh. að hlutast til um við sáttasemjara, að hann setji umboðsmann, bara af því, að till. kemur frá manni, sem hæstv. ráðh. telur að geti verið fyrirsvarsmaður annars þeirra aðilja, sem eiga að búa við þennan umboðsmann sáttasemjara.

Það má vera, að það hefði átt að bera þetta undir sáttasemjara ríkisins, jeg skal ekki þrátta um það; en mjer finst till. svo meinlaus, og ekki nema eðlilegt, að stjórnin leitaðist fyrir að koma þessu fyrir, til hægðarauka, og átti jeg því síst von á, að till. fengi þessar viðtökur.

Nú vill hæstv. ráðh. (JÞ) gera sjálfur till. um að vísa málinu til stjórnarinnar. Það er að minsta kosti alveg eins óeðlilegt, að hann geri till. um að vísa málinu til stjórnarinnar — til sjálfs sín — eins og þótt jeg beri fram till. til þál. um að vinna að framkvæmdum á lögum, sem löngu eru komin í gildi og til framkvæmda. En hvað á þetta að gera til stjórnarinnar? Ætlar hún að framkvæma till., eins og hún er, eða bara sofa á henni til næsta þings? Væri nógu fróðlegt að vita, hvað vakir fyrir hæstv. stjórn. Tvent getur það verið. Það getur verið milt form á því að fella till.; í öðru lagi, að stjórnin taki málið til rannsóknar og athugunar. En mjer þykir það ákaflega undarlegt fyrirbrigði, er stjórnin tekur svo óliðlega í þetta mál, því að jeg hefi sannast að segja haldið, að þetta væri eðlileg framkvæmd á lögum um sáttasemjara; því að það stendur svo sjerstaklega á um þennan landshluta, og óskir hafa komið frá verkamannafjelögum um það, að sáttasemjari hefði þar fastan umboðsmann. Jeg gat því síst af öllu búist við, að hæstv. stjórn mundi svona hastarlega leggjast á móti þessari áskorun til hennar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg talaði ekki af neinum þjósti áðan — jeg tala yfir höfuð ekki af neinum þjósti um landsmál — en hitt get jeg vel játað, að það er óviðkunnanlegt hjá hv. 5. landsk. (JBald), að hann grípi tækifæri, þegar hæstv. atvrh. er hjer ekki staddur, til þess að segja hv. deild rangt frá um afstöðu hans til máls.

þótt ekki sje neitt stórmál; það er nokkuð, sem ekki á að eiga sjer stað.

Jeg lít þannig á starf og stöðu sáttasemjara, að það sje ákaflega þýðingarmikið fyrir góðan árangur af hans starfi, að hann sje laus við íhlutun á sínu starfsviði, bæði frá þingi og stjórn. Það er auðvitað, að um stofnun þessa starfs hefir orðið að ákveða með lögum, og það er gert; en framkvæmdir í starfinu held jeg að fáist bestar á þann hátt, að hann sje laus við íhlutun frá þessum aðiljum. Andmæli mín gegn till. eru eingöngu á því bygð, að jeg álít ekki, að sinna megi svona máli, sem beinlínis snertir verk sáttasemjara sjálfs, nema því aðeins, að till. kæmi frá honum. Nú upplýsti hv. flm., að upptökin væru frá einhverjum verkamannafjelögum á Austfjörðum. En hverjum hafa verkamannafjelögin sent þessi tilmæli? Hafa þau snúið sjer til sáttasemjara? Það er nefnilega sú leið, sem ber að fara með slík tilmæli, sem beinlínis snerta starf sáttasemjara sjálfs. Það er ekki upplýst hjer, að svo hafi verið gert; og meðan það er ekki upplýst og ekki heldur um undirtektir sáttasemjara um slíka málaleitun, ef kæmi til hans kasta, þá held jeg það heyri ekki til að taka ákvörðun um málið nú. Hinsvegar vildi jeg ekki sýna málinu þá andúð að leggja til, að till. yrði feld.

Stjórnin tekur enga afstöðu til þess, hvort slíkur umboðsmaður ætti að vera á Austfjörðum ellegar ekki. En hún vill hafa frjálsar hendur, þangað til tilmæli og uppástungur um það koma frá sáttasemjara sjálfum. Fyr telur hún sjer hvorki skylt nje heimilt að gera neinar ráðstafanir í þá átt. En komi slík tilmæli frá sáttasemjara sjálfum, mun hún taka til vinsamlegrar yfirvegunar, hvort fært sje að heimta fje, sem til þyrfti.

Þar með hygst jeg hafa skýrt afstöðu stjórnarinnar gagnvart þessari till. og svarað öllu efni hennar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg verð að biðja hæstv. forseta að haga umræðum svo, að hæstv. atvrh. (MG) geti verið hjer við. Mjer þykir hart, þegar hæstv. forsrh. (JÞ) ber það á mig, að jeg noti tækifærið til þess að skýra rangt frá afstöðu hæstv. atvrh. Til þess að komast hjá milliburði hæstv. forsrh. (JÞ), vildi jeg gjarnan, að hæstv. atvrh. væri hjer í deildinni og hlýddi á umræður og segi til um, hvort jeg hefi ekki haft rjett eftir honum. Jeg ætla að láta skrifarana, er rituðu upp ræðu mína, taka upp ummæli mín strax — jeg geri ráð fyrir, að þeir hafi náð þeim óbrenglaðum — og láta hæstv. atvrh. (MG) svara þeim sjálfan. Jeg vona því, að hæstv. forseti gefi mjer frest, þangað til hæstv. atvrh. (MG) er hjer viðstaddur, og jeg fái þá að halda áfram ræðu minni. **(Forseti HSteins:** Sjálfsagt).

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg vil aðeins vekja athygli hv. 5. landsk. (JBald) á því, að þar sem hæstv. atvrh. (MG) heyrði ekki þessi ummæli, verður ekki komist hjá milliburði um þau. En annars skal það látið óátalið af mjer, að þingskrifararnir sjeu teknir gildari sem vitni en jeg.

Flm. (Jón Baldvinsson): Í framsöguræðu minni um þessa till. skýrði jeg

frá því, að jeg hefði borið till. undir hæstv. atvrh. (MG). Um viðtal okkar hafði jeg þessi orð, er nú skal greina (tekið orðrjett eftir hraðritaranum): „Nú hefi jeg átt tal við hæstv. atvrh. (MG) um þessa till. áður en jeg bar hana fram, og skildist mjer hann ekkert hafa við hana að athuga; hann vildi reyna að hlutast til við sáttasemjara, að hann framkvæmdi það, sem till. fer fram á".

Nú hefir hæstv. forsrh. (JÞ) skýrt svo frá afstöðu hæstv. atvrh. (MG), að hann væri öndverður till. **(Forsrh. JÞ:** Ekki voru það mín orð). Er nú hæstv. ráðh. (JÞ) að draga saman seglin, þegar vitnin eru komin? Hæstv. forsrh., sem orðin bar milli, kvað mig hafa notað tækifærið til þess að skýra rangt frá undirtektum hæstv. atvrh. (MG), er hann var ekki viðstaddur. Nú hafði mjer ekki skilist á hæstv. atvrh., að hann væri till. mótfallinn, en verð hinsvegar að taka afstöðu stjórnarinnar eins og hún er nú gagnvart till. **(Atvrh. MG:** Jeg skal skýra þetta strax og jeg kemst að).

Mjer finst hæstv. forsrh. gera of mikið úr því, að ekki megi bera fram neitt í þessa átt, nema frumkvæðið komi frá sáttasemjara. Það verður ekki sagt, að þetta snerti starfssvið sáttasemjara beinlínis, en óbeinlínis snertir það hann, að því leyti sem á að setja honum umboðsmann. En það er tilhögun á starfi, en ekki starfið sjálft.

Hæstv. forsrh. spurði, hvort óskir hefðu borist frá Austfjörðum um að bera fram þessa till. Því er einmitt svo varið. Verkamannafjelög báru fram þá ósk á sambandsfundi verklýðsfjelaga í vetur, að sambandsstjórnin hlutaðist til um, að slík till. yrði borin fram á Alþingi. Jeg hygg því, að hún sje komin rjetta boðleið. Ekkert hefði verið við það að athuga, þótt atvinnurekendur hefðu beðið stjórnina að hlutast til um, að settur yrði umboðsmaður. Það, að setja umboðsmann, hefir fyrirfram engin áhrif á vinnudeilur, nema hvað það kynni að verða til þess að setja niður deilur. Ef hæstv. forsrh. er á móti því, þá verð jeg að segja, að jeg skil ekki þá afstöðu hans.

Jeg held jeg hafi þá talað um alt, sem hæstv. ráðh. drap á. En jeg vil endurtaka þessa spurningu: Í hvaða skyni vilja hæstv. ráðherrar vísa þessu máli til stjórnarinnar? **(Forsrh. JÞ:** Jeg hefi þegar svarað því).

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg heyri, að hjer er rætt um samtal milli mín og hv. 5. landsk. (JBald) út af till. um skipun umboðsmanns sáttasemjara á Austfjörðum. Hv. 5. landsk. (JBald) kom til mín, þar sem jeg sat í mínum stól í Nd., og sýndi mjer uppkast að till. og spurði, hvað jeg segði um hana. Jeg kvaðst mundu athuga málið. Jeg benti á, að líklega mundi nokkur kostnaður af henni hljótast, en að öðru leyti tók jeg þá enga afstöðu til till. Nú skal jeg að vísu ekki leggjast fast á móti till. En jeg er hræddur um, að hún komi ekki að miklu haldi. Það verður ekki sjeð af lögunum, að sáttasemjari eigi að hafa umboðsmann á Austfjörðum eða annarsstaðar. Það, sem jeg býst við að hv. flm. gangi til meðal annars, er það, að erfiðara er um símasamband til Austfjarða en víðast hvar annarsstaðar á landinu.

Jeg hefi ekki haft tækifæri til þess

að tala við sáttasemjara, síðan þetta samtal mitt og hv. 5. landsk. fór fram, og veit því ekki um álit hans. En jeg tek undir með hæstv. forsrh um það, að mjer finst langeðlilegast, að slík tilmæli sem þessi komi frá sáttasemjara sjálfum. Það er ekki svo gott að fara að setja honum umboðsmann án hans samþykkis. (**JBald**: Hefir hæstv. atvrh. lesið till.? Þar stendur, að atvinnumálaráðherra skuli hlutast til um við sáttasemjara, að hann hafi o. s. frv.). Víst hefi jeg lesið hana, en ekki kunni jeg hana utan að. En það er eftir orðalagi till. ekki alveg ljóst, hvort hv. tillögumaður er því samþ., að ekkert verði gert viðvíkjandi þessum umboðsmanni án samþykkis sáttasemjara sjálfs. Annars er rjettast að vísa málinu til stjórnarinnar. Hún mun sjá til, hvað rjettast er að gera í þessu efni.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Mjer datt ekki í hug, að hv. 5. landsk. (JBald) hefði ekki fengið tilmæli einhversstaðar að um að flytja þessa till. á þingi. En sá aðili, sem tilmælin hafa komið frá, hefir ekki haft rjettan skilning á því, hvert ætti að snúa sjer, sem sje til sáttasemjara. Hv. 5. landsk. hefði átt að leiðbeina þeim, sem hlut áttu að máli, en ekki fylgja tilmælum þeirra í blindni. En hann virðist ekki svo mikið sem hafa talað við sáttasemjara. Er það síst máli til meðmæla, að farið er á bak við þann, er fyrstur allra ætti um það að fjalla.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það var með vilja gert að snúa sjer ekki til sáttasemjara. Vinnudeilur eru viðkvæmt mál. Ef Alþýðusambandið eða verkalýðssambandið á Austurlandi hefði snúið sjer til sáttasemjara og hann sett umboðsmann þar samkvæmt beiðni þess, hefði það þá ekki gefið tilefni til tortrygni, fyrir þá sök, að farið væri eftir einhliða ósk annars aðilja? Til þess að forðast slíkt ásteytingarefni var sú leið valin, er jeg tel þá rjettu boðleið, að fara til þingsins og þingið feli stjórninni að hlutast til um þetta við sáttasemjara. Hafa þá hvorki verkamenn nje atvinnurekendur ástæðu til að væna málsaðilja um hlutdrægni.

Jeg ætla ekki að svara hæstv. forsrh. (JÞ), en legg aðeins undir dóm hv. þdm. ummæli hæstv. atvrh. (MG), þau er hann nú viðhafði hjer, og hinsvegar þau ummæli, sem hæstv. forsrh. bar hingað í deildina. Jeg ætla að biðja hv. þm. að bera þau saman og gera upp, hvor muni hafa haft rjettara fyrir sjer um afstöðu hæstv. atvrh. (MG), jeg eða hæstv. forsrh. (JÞ). Það, sem hæstv. atvrh. sagði, var á alt aðra lund og með alt öðrum blæ heldur en það, sem hæstv. forsrh. (JÞ) bar fram hjer í deildinni.

Jeg vil mega benda á, ef mönnum þykir vafi leika á, að sáttasemjari megi setja mann fyrir sig, að í umr. um þetta mál á þingi 1925 er það skýrt tekið fram, að sáttasemjari geti sett umboðsmenn fyrir sig úti um land. Með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa upp fáein orð:

„En ekki virðist óeðlilegt, að hann gæti látið annan mann koma fram fyrir sig á öðrum stöðum á landinu, og mætti tiltaka það í erindisbrjefi hans". Þetta er frá frsm. í málinu. Og er meðal annars bygt á þessum ummælum, að

sú leið er farin, sem í till. felst, að skora á stjórnina að hlutast til um að koma þessu þannig fyrir og gera breytingar á erindisbrjefi sáttasemjara í samræmi við það.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg held, að hv. 5. landsk. (JBald) muni ganga illa að koma mönnum í skilning um ósamræmi í því, þótt hæstv. atvrh. (MG) segði, er hann fyrst sá till., að hann skyldi athuga málið, og síðar, er hann hafði athugað málið og við töluðum saman, að hann væri því mótfallinn, en þau ummæli hermdi jeg eftir honum hjer. Samtal hv. 5. landsk. og hæstv. atvrh. heyrði jeg ekki.

Hv. flm. hefir og staðfest, að þetta á að rjettu lagi að koma frá sáttasemjara sjálfum. Það er ekki rjett að fara að blanda pólitískri stjórn inn í starf sáttasemjara. Og þótt hv. flm. segi, að þetta, hvort hann hefir umboðsmann eða ekki, snerti ekki starf hans sjálft, heldur sje aðeins tilhögun á starfinu, þá býst jeg ekki við, að aðrir geti gert þennan greinarmun. Starfstilhögun hlýtur ávalt að snerta starfið að einhverju leyti.

ATKVGR.

Till. frá 3. landsk. þm. (JÞ) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 7:4 atkv.

3. Sparnaðarnefnd.

Á 67. fundi í Ed., föstudaginn 6. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um skipun sparnaðarnefndar (A. 509).

Á 68. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 69. fundi í Ed., mánudaginn 9. maí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Fyrir nokkru fluttum við Framsóknarmenn á þingi till. svipaða þessari. Hún var sett í nefnd, og eftir till. hennar breytt svo, að landsstjórnin skyldi útnefna menn í nefndina. Það var gert, og ef jeg man rjett, voru allir nefndarmenn launamenn hjeðan úr bænum. Þessi nefnd gerði nokkrar sparnaðartillögur til landsstjórnarinnar, sem svo lagði þær fyrir Alþingi. Eitthvað af þessu kann að hafa náð fram að ganga, en þó varð árangurinn ekkert í átt við það, sem við tillögumenn höfðum vænst og ætlast til. Í raun og veru var ekki heldur mikils að vænta af þessari nefnd, því að þótt sumum nefndarmanna væri trúandi til að koma fram með nýtilegar tillögur, voru þó aðrir beinlínis fulltrúar fyrir hið skipulagsbundna embættisvald og notuðu aðstöðu sína, sjálfrátt eða ósjálfrátt, til að sjá um, að ekki væri við því hróflað. T. d. virðist það alveg hafa farið framhjá hv. nefnd, að forstöðumaður áfengisverslunar ríkisins hefir $^1/_3$ hærri laun en ráðherrarnir. Ekki kom heldur frá nefndinni nein till. um að spara neitt af hinni miklu húsaleigu opinberra stofnana hjer í bæ. Nú þarf

að fella niður fjölda af fjárveitingum til síma og brúa, og menn búast við, að tekjur ríkissjóðs verði minni á næsta ári en vænst hefir verið til þessa. Þetta er farið að verða í áttina við það, sem menn hafa lengi kviðið, að landssjóður verði ekki fær um margt annað en að standa straum af vöxtum af skuldum sínum og föstum embættakostnaði, en verði í stað þess að fella niður verklegar framkvæmdir.

Það er ekkert áhlaupaverk að breyta hinu íslenska embættakerfi. Þó sjá margir ýmislegt, sem betur mætti fara. Jeg held t. d., að mikið mætti spara með betri verkaskiftingu hjá kennarastjettinni, en þeirri stjett er jeg kunnugastur.

Það er nauðsynlegt, að stjórnir landanna hafi opin augu fyrir þessu, enda hafa þær það sumstaðar, svo sem í Danmörku. Mjer er ekki kunnugt, hvernig gengur um embættaniðurskurðinn þar, en það er víst, að margir af stuðningsmönnum stjórnarinnar gera mjög ákveðnar kröfur í því efni.

Þetta land er miklu embættafrekara en flest lönd önnur, t. d. um lækna. Hjer skal ekki farið út í það, hvaða embætti helst mætti leggja niður. Þó má minna á, að fyrv. hæstv. landsstjórn lagði til niðurskurð á nokkrum sýslumannsembættum, sem Alþingi fjelst þó eigi á. Að sjálfsögðu hefði landsstjórnin átt að hafa forgöngu áfram um þetta mál, en fyrst hún gerir það ekki, er ekki um annað að ræða en að Alþingi taki sjálft að sjer forgöngu-una. Jeg tel það ekki koma að. haldi, þótt málinu verði vísað til landsstjórnarinnar á ný, því að þá eru allar líkur til, að hún skipaði í nefndina einmitt einhverja úr hópi þeirra manna, sem þjóðin gæti helst án verið. Atkvgr. um þetta mál sýnir það, hverjir vilja á ódýran hátt undirbúa, að farið verði að sníða af hinu mikla bákni, sem embættakerfið er orðið hjer á landi. Allir, sem það vilja, munu greiða till. atkv. Hinir, sem una vilja núverandi skipulagi á þessum málefnum, munu greiða atkv. annaðhvort á móti till. sjálfri eða með því að vísa henni til stjórnarinnar.

Jeg vil nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. forsrh. (JÞ), sem jafnframt er formaður bankaráðs Íslandsbanka, hvort ástandið þar sje ekki þannig, að ástæða væri fyrir hann að sjá um, að bankastjórarnir sjeu ekki látnir fá margföld laun á við þá, sem hæst eru launaðir af starfsmönnum ríkisins. Mjer er sagt, að einn bankastjórinn, sá, sem bankaráðið hefir valið, hafi 40 þús. kr. árslaun og hinir tveir sínar 25 þús. kr. hvor, og sýnist það óneitanlega ærið nóg. Jeg verð því að halda, að lítils góðs sje að vænta af hæstv. forsrh. (JÞ) um sparnað á embættum, úr því að hann hefir ekki einu sinni notað sína góðu aðstöðu til að lækka laun þessara manna, eða a. m. k. að koma samræmi á þau. Einnig hefir hann beitt sjer fyrir stofnun margra nýrra embætta; nægir þar að minna á varðskipafrv., sem hann fær sennilega afgr. sem lög mjög bráðlega, og frv. um samskóla Reykjavíkur, sem bráðum mun koma til umr. í þessari hv. þd. Þar álít jeg, að gengið sje inn á mjög hættulega braut um embættafjölgun, og yfirleitt finst mjer, að hæstv. landsstjórn hafi sýnt litla ráðdeild í þessum efnum.

Jeg legg til, að nefndin starfi launalaust, því að mjer finst óviðfeldið, að

sparnaðarnefnd eyði miklum peningum. Sumir kunna e. t. v. að ætla, að ekki fáist 3 menn á Alþingi, sem vilji gera þetta, án sjerstakrar þóknunar. Jeg held þó, að ástæðulaust sje að bera kvíðboga fyrir því, sakir þess, að í fyrra fengust 5 menn í þjóðhátíðarnefnd, sem vinnur algerlega launalaust, en hefir þó haldið marga fundi. En þó að þessi nefnd eigi að starfa meira landinu til gagns en sjálfum nefndarmönnunum, verður hún þó að hafa aðgang að öllum skilríkjum, er henni kunna að verða nauðsynleg. Því er það tekið fram í tillögunni.

Jeg geri ráð fyrir, að þessi till. mæti ekki sjerstakri mótspyrnu af hálfu hæstv. stjórnar. Henni ætti að vera þökk á því, að eitthvað væri gert til að ljetta útgjöldum af ríkissjóði. Því tel jeg ástæðulaust að tala lengur fyrir till. Jeg tel víst, að hún nái samþykki hv. þd., með tilstyrk hæstv. stjórnar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg verð að játa, að í þessari ræðu hv. flm. fekk jeg ekki miklar upplýsingar um það, hvaða starfsvið þessari nefnd er ætlað. Það kom ekki einu sinni fram, hvernig ætti að kjósa nefndina eða hver ætti að gera það. Till. bendir helst til þess, að hv. Ed. eigi að gera það, enda þótt það verði engan veginn sjeð með vissu. Jeg vildi gjarnan mega spyrja hv. flm. strax um þetta atriði. (**JJ:** Jeg svara því í næstu ræðu). Nú, hv. flm. er ekki búinn að hugsa málið enn þá. Ekki er undirbúningurinn of mikill. — Jeg mun þá fyrst um sinn gera ráð fyrir, að þessi hv. deild eigi að framkvæma kosninguna, því að mjer virðist, að till., sem aðeins fer gegnum aðra þingdeildina, geti ekki skuldbundið hina deildina eða sameinað þing.

Jeg heyrði, að hv. flm. gerði ráð fyrir, að 3 þingmenn yrðu kosnir í nefndina. Í till. er hvergi talað um þingmenn. (**JJ:** Það þurfa ekki frekar að vera þingmenn en aðrir). Hv. flm. tók fram, að 3 þingmenn mundu fást kauplaust. — Þetta atriði sýnir einnig flaustrið og vanhugsunina í till.

Það er af ýmsum ástæðum ákaflega nauðsynlegt að reyna að lækka útgjöld ríkissjóðs, og þá einkum rekstrarkostnað við fyrirtæki og stofnanir ríkisins. Þarna hvílir á ríkinu, eins og öðrum atvinnurekendum, sú krafa, að gæta þess, að innan hæfilegs tíma hafi allur tilkostnaður lækkað í samræmi við hækkað peningagengi. Á hinu hefi jeg enga trú, að með allskonar tilskákun á embættaskipun frá því, sem nú er hjer á landi, megi lækka útgjöld ríkissjóðs sem neinu nemur. Miklu líklegra tel jeg, að slíkt fálm yrði til þess að gera embættisfærsluna dýrari. Jeg skal t. d. nefna það, sem hv. flm. talaði um í sambandi við annað mál nýlega, að setja nýjan embættismann yfir landssímastjóra og póstmeistara. (**JJ:** Jeg hefi aldrei talað orð um það). Ójú. Hv. þm. er bara búinn að gleyma því; þetta var í umr. um sameining póststöðva og símstöðva. (**JJ:** Sú till. var í hv. Nd., og þar hefi jeg ekki málfrelsi). Það má vera, að þetta sje rjett hjá hv. þm. (JJ). En hafi það ekki verið hann sjálfur, hefir það verið einhver af hans allra nánustu fylgifiskum, sennilega hv. 1. þm. Árn. (MT).

Þegar menn kynna sjer útgjöld ríkissjóðs nákvæmlega, svo sem jeg hefi haft nokkurt tækifæri til, þá sjá þeir,

að það eru ekki embættismannalaunin, sem mest draga til sín, heldur er það kostnaðurinn við hinar og þessar stofnanir, sem ríkissjóður hefir með höndum. Embættismenn eru áreiðanlega ekki mikið fleiri en minst verður komist af með; um póst og síma er mjer sjerstaklega kunnugt, að þar er mannahald sparað eins og frekast er unt. En með því að fara vel í gegnum hin margháttuðu útgjöld til hinna og þessara stofnana og starfrækslu, hygg jeg, að margt mætti lagfæra. En það starf er þess eðlis, að jeg geri ekki ráð fyrir, að þriggja manna nefnd, sem starfaði launalaust, gæti miklu áorkað. Það eina, sem dygði, væri að fá menn til „krítiskrar" endurskoðunar, einn eða fleiri. Með því að fara í gegnum sundurliðaða reikninga stofnananna, ætti að mega benda þeim á ýmislegt, sem hægt væri að færa niður. Jeg óttast því, að till. hv. 1. landsk. (JJ) yrði til að sværa framkvæmdir í þessu góða máli, sem jeg sje að hann hefir löngun til að styrkja. Jeg ætla ekki að setja mig neitt sjerstaklega á móti því, að þessi nefnd verði kosin. En jeg held, að rjett sje að segja það hreinskilnislega, að ekki muni gott að finna þá þrjá þm., sem án þóknunar geti snúið sjer svo að þessu starfi, að nokkur von sje um árangur.

Hv. flm. sagði, að menn væru uggandi um, að afkoma ríkissjóðs yrði þannig, að hann gæti ekki annað en haldið uppi embættisfærslunni og greitt vexti og afborganir af lánum sínum. En það er ekki svo langt að minnast. Það eru ekki nema þrjú ár síðan þetta ástand var í landinu, og hafði þá verið um hríð. Og jeg er alveg sammála hv. flm. um að óska, að þetta þurfi ekki að koma fyrir aftur.

Það gladdi mig að heyra hv. flm. segja, að spara mætti nokkuð af kennarastjettinni með betra fyrirkomulagi. En um sparnað á þessu sviði hafa einmitt verið fluttar tillögur af núverandi stjórn, eftir tillögum sparnaðarnefndar þeirrar, er skipuð var um árið og hv. flm. vildi gera lítið úr. Þessar tillögur voru um að bæta meiri vinnu á kennara, án þess að hækka laun þeirra. Hið háa Alþingi vildi ekki fallast á tillögurnar, og skal jeg játa, að talsvert rjettlæti var þar í hugsun þess. Kennaralaunin eru ekki svo há, að vel sje hægt að heimta fyrir þau meiri vinnu en þegar er látin í tje.

Jeg skal segja hv. flm. það, ef hann hefir ekki veitt því athygli, að eitt af því, sem á síðustu árum hefir aukið mest föst útgjöld ríkissjóðs, eru hinar sívaxandi kröfur um aukna kenslu og aukin laun fyrir kenslu, sem hafa verið fram bornar bæði af þessum hv. þm. o. fl.

Þá sagði hv. flm. eitthvað á þá leið, að þeir, sem ekki vildu samþykkja till. hans, vildu láta alt sitja við það, sem nú er. Þetta er það, sem menn eiga að venjast frá hv. 1. landsk. Hann tekur eitthvert gott mál, ber fram um það frv. eða þáltill., vanhugsað eða illa orðað. Síðan hrópar hann, að þeir, sem á móti tillögunni sjeu, sjeu á móti málinu sjálfu. Svona eru t. d. tillögur hans og frv. um ræktun landsins, svo að eitthvað sje nefnt. Þessi tillaga hans er einnig svo úr garði gerð, að hann hefir engan rjett til að segja, að þeir sjeu á móti sparnaði í embættisfærslu, sem atkv. greiða á móti till.

Launum bankastjóra Íslandsbanka er algerlega óþarft að blanda hjer inn í umræður. Jeg skal þó geta þess, að laun þess bankastjóra, er valinn er af bankaráðinu, eru ákveðin með samningi, löngu áður en jeg fekk þar sæti.

Hv. flm. sýndi með sumum ummælum sínum, að honum er alls ekki ljóst, í hverju liggur mestur kostnaður ríkissjóðs, auk embættislauna og húsaleigu fyrir opinberar stofnanir. Af því mun hafa stafað misskilningur hans, er hann kallaði það óhæfu og embættafjölgun að setja skipverja á varðskipum ríkisins á föst laun. En jeg er svo kunnugur þessum málum, að jeg get fullvissað hann um, að einmitt með því að hafa föst grunnlaun og dýrtíðaruppbót er miklu hægara að koma kostnaðinum niður, í samræmi við minkandi dýrtíð, heldur en ef launin eru aðeins eftir samkomulagi. Erfiðleikarnir liggja einmitt í því að fá lækkuð laun ýmislegs þjónustufólks hins opinbera í samræmi við laun embættis- og sýslunarmanna. Því er það gagngerður misskilningur að halda, að ríkissjóði sje hlíft við útgjöldum með því að taka hina og þessa starfsmannaflokka undan launalögum. Það er þvert á móti. Undanfarið hygg jeg, að ekki hafi verið gengið nærri nógu langt í því að setja launalög um starfsmenn ríkisins. Á öllum þeim sviðum, sem launalög taka ekki til, þarf að framkvæma nákvæma rannsókn, og jeg er engan veginn vonlaus um árangur af því. Forstjórar stofnananna hafa ekkert aðhald um að lækka kaup starfsmanna sinna í samræmi við minkandi dýrtíð, þegar þeir eru ekki skyldaðir til að fylgja reglum launalaganna. Jeg held, að vel sje athugandi, hvort ekki ætti að setja launareglur fyrir alt þetta starfsfólk, sem hliðstæðastar ákvæðum launalaganna.

Hv. flm. hjelt, að vandalaust yrði að fá menn til að starfa kauplaust; vísaði hann þar í Þingvallanefndina til samanburðar og sagði, að hún hefði haldið marga fundi. En það starf, sem hjer liggur fyrir, er mjög svo annars eðlis en að það verði unnið á nefndarfundum, nema að mjög litlu leyti. Það er rannsókn á reikningum hinna og þessara stofnana og högum þeirra öllum. Þetta kostar ákaflega mikið starf. Jeg held, að það yrði best unnið með því að fá einn eða tvo reikningsglögga og hagsýna menn til að framkvæma það. Jeg sje vel, að fyrir hvaða landsstjórn sem er geta verið miklir örðugleikar á að framkvæma þetta. En helst yrði þó einhver árangur, ef landsstjórn, sem hefði vilja á að færa niður útgjöld, veldi til verksins einhverja starfsmenn, er góða þekkingu hefðu á málefninu og stjórnin bæri traust til. Jeg segi þetta alveg án tillits til þess, hvort þessi stjórn eða einhver önnur ætti að standa fyrir valinu.

Þótt jeg hafi nú sitthvað við þetta að athuga, þá skal jeg þó ekki setja mig á móti nefndarkosningu hv. þm. Komist nefndin á laggirnar, mun það sýna sig, hvort sannara reynist, trú hans eða vantrú mín.

Flm. (Jónas Jónsson): Hæstv. forsrh. (JÞ) er í vafa um, hver ætti að kjósa sparnaðarnefndina eftir tillögu minni. Jeg álít, að um tvent geti verið að ræða, og fari það alveg eftir því, hvað hæstv. forseta sýnist rjett að úrskurða, hvor leiðin verður valin. Að forminu til sýnist eðlilegast, að sú

þingdeild, sem ályktunina gerir, framkvæmi einnig kosninguna. En þar sem um svo lofsamlegt efni er að ræða, hafði jeg hugsað mjer að biðja hæstv. forseta að úrskurða, hvort kosningin skyldi fram fara hjer eða í Sþ. Það er óneitanlega meiri virðing við málið og sýnir meiri áhuga Alþingis, að sameinað þing kjósi nefndina. En till. bar jeg fram í þessari hv. deild, sakir þess, hve sjaldan eru fundir í sameinuðu þingi.

Það var undarlegur misskilningur hjá hæstv. forsrh. að halda, að endilega þurfi að vera eintómir þingmenn í þessari nefnd. Það er ekki sagt einu orði í tillögunni, heldur getur Alþingi kosið hverja þá menn, er það hefir best traust til. Sömuleiðis var það misskilningur, að jeg hefði talað um sameiningu póststöðva og símstöðva. Jeg hefi aldrei minst á það mál, enda var það til umr. í neðri deild en ekki hjer.

Það gladdi mig að heyra, að hæstv. ráðh. (JÞ) játaði, að þörf væri á nýju skipulagi, og fyrir honum virtist vaka eitthvað mjög svipað eins og mjer. Jeg skil hann svo, sem hann vilji láta fram fara nákvæma rannsókn á landsreikningnum og fylgiskjölum hans. En ákaflega fáir hafa aðgang að þeim fylgiskjölum, í raun og veru ekki aðrir en yfirskoðunarmenn landsreikninga og stjórnarráðið. En nú hefir hæstv. landsstjórn ekki komið með neinar sparnaðartillögur, bygðar á útreikningum úr fylgiskjölunum eða rannsókn á þeim. Það taldi jeg nægja sönnun þess, að hæstv. stjórn hefði lítinn áhuga á málinu. Það er einnig vitanlegt, að endurskoðunarmenn þeir, er starfa í stjórnarráðinu og nákvæmast skoða landsreikninginn og öll fylgiskjöl hans, hafa enga aðstöðu til að koma sparnaðartillögum á framfæri. Fyrir þessar sakir lagði jeg til, að Alþingi tæki sjálft að sjer forstöðuna fyrir þessu máli.

Jeg skal játa, að margt mælti með því að hafa nefndina launaða. Þá mátti ætlast til meiri vinnu af henni og að hún gæfi sjer betri tíma til starfa. Þó valdi jeg hina leiðina, mikið vegna þess, að mjer þótti óviðfeldið, að sparnaðarnefnd eyddi miklu fje, án þess að sjeð væri um eftirtekju af starfi hennar, a. m. k. í bili. Þótt Alþingi fjellist á einhverjar niðurskurðartillögur, þá eru þær oft lengi að komast í framkvæmd. Hefði því getað farið svo, að fyrst um sinn hefði nefndin aðeins orðið til að auka útgjöld ríkissjóðs.

Aðalgallinn á því fyrirkomulagi, sem mjer virðist vaka fyrir hæstv. ráðh. (JÞ), er sá, að ef skipaðir yrðu 1—2 menn úr hverri stjett, kennari til að endurskoða kennarastjettina, prestur prestastjettina o. s. frv. (**JÞ: Það hefir mjer aldrei komið til hugar**) — þá væri það sama eins og að ætla músunum að hengja bjölluna um háls kattarins. Og þótt þeir ættu ekki að vera úr sömu stjett, eins og nú er að heyra á hæstv. ráðh., þá mundi slíka endurskoðunarmenn vanta alt yfirlit. Það yrði alveg sami gallinn eins og þegar Sigurður Eggerz vildi fækka sýslumönnum. Það vantaði alt samræmi. Menn spurðu þá með miklum rjetti, hví ekki væri gripið niður víðar. Þegar talað var um að lengja vinnutíma hjá kennurum og hjá starfsmönnum stjórnarráðsins, var alveg sama máli að gegna. Og þá fór svo, að sumir af starfsmönnum þess-

arar háu stofnunar neituðu að hlýða. (JÞ: Sei-sei-nei!). Ójú; það var í atvinnumálaráðuneytinu. (JÞ: Rangt!). Nei, það er áreiðanlega rjett, enda hefir það sýnt sig, að þar er alveg komið í sama horfið og áður um vinnutíma. Þessar tilraunir hafa gengið svo illa sakir þess, hve skipulagslaust hefir verið að verkinu gengið.

Sparnaðinn verður að framkvæma þannig, að færri menn þurfi til að leysa verkin af hendi. Það er óhugsandi að spara mikið á því að breyta launakjörum hinna lægst settu embættismanna, kennara eða skrifstofumanna í stjórnarráðinu. Þar ber okkur hæstv. ráðh. (JÞ) og mjer enn á milli, því að mjer skilst, að hann álíti aðalmöguleikana fyrir minkandi útgjöldum í því að lækka laun ýmissa undirmanna við opinbera starfsemi.

Þá mintist hæstv. ráðh. lítið eitt á þau dæmi, er jeg nefndi af handahófi. Samninginn við þann bankastjóra Íslandsbanka, er 40 þús. kr. árslaun hefir, kvað hann vera gamlan og til orðinn áður en hann sjálfur kom í bankaráðið. En hann gat ekki um það, að samningurinn er aðeins gerður til nokkurra ára. Og þar sem hæstv. ráðh. er nú svo sparsamur, vil jeg leyfa mjer að spyrja hann, hvort hann hafi ekki hugsað sjer að beita aðstöðu sinni til að fá þetta lagfært, ef samningurinn rennur út, meðan hann er í bankaráðinu. Aftur á móti mintist hæstv. ráðh. ekki á 18 þúsundirnar, sem Mogensen fær í laun. Enda má víst telja, að þau laun sjeu löghelguð af stuðningsmönnum hæstv. stjórnar á Alþingi. Hv. Nd. hafði samþykt sparnaðarfrv. einmitt um þetta atriði, en þessi hv. deild kæfði það. Hinum atriðunum, um varðskipin og um það, að taka unglingafræðsluna í Reykjavík á landssjóð, svaraði hann aðeins að hálfu leyti. Ef samskólafrv. nær fram að ganga, er vitanlega óhjákvæmilegt að koma líku sniði á unglingafræðslu um alt land. Þar með starfsmönnum hins opinbera fjölgað, án þess að sett sjeu nokkur takmörk. Það, að hæstv. landsstjórn vill skapa svo fjölmenna embættismannastjett utan um unglingafræðsluna, sýnir, að hún er ekki hrædd við að sjá framan í nokkra embættismenn í viðbót. Hjer má einnig minna á frv. til l. um heimavistir við mentaskólann. Þar er farið fram á, að stofnað verði sjerstakt umsjónarmannsembætti, að því er virðist alóþarft, því að við tvo svipaða skóla hafa forstöðumenn skólanna þessa umsjón. — Enn ber að sama brunni um launin á varðskipunum. Hæstv. landsstjórn hefir samningsbundið þau svo hjá skipstjórunum, að ekki er hægt að fá þau lækkuð, þótt verðgildi krónunnar hækki um 20%.

Jeg tók það ennfremur fram í umr. um þetta mál, að það getur farið svo, að gildi peninganna breytist þannig, að til skaða verði fyrir landið að hafa fest þessa 40—50 menn á varðskipunum á samningsbundnum launum til langs tíma. Meðal annars er það undarlegt, ef kyndarar á þessum varðskipum þurfa að vera launaðir eins hátt og prestar, þar sem önnur stjettin þarf margra ára undirbúning, en hin engan.

Hæstv. ráðh. (JÞ) bjóst við, að það þyrfti ekki mikla nefndarfundi í slíkri sparnaðarnefnd. (**Forsrh. JÞ:** Jeg talaði um, að það þyrfti annað en nefndarfundi). Jeg tók þetta sem

dæmi, af því að þetta er að gerast, að nú situr 5 manna nefnd þingmanna á rökstólum og hefir lagt ekki óverulega vinnu — meðal annars með nefndarfundum — til þess að leiða til lykta ákveðið mál. Jeg trúi ekki öðru en stjórnin geti lagt til 1—2 menn í þessa nefnd, og þá trúi jeg ekki öðru en að andófsflokkarnir hjer legðu til 1 eða jafnvel 2.

Þótt þetta sje samþ., þá útilokar það alls ekki, að stjórnin geti þar að auki komið með allar þær sparnaðartill., sem fyrir henni kunna að vaka. Það getur á engan hátt rekið sig á. Því meiri og gagnlegri vinna sem framkvæmd er í þessu efni, því meiri von um árangur. Mjer þætti gott, ef hæstv. stjórn vildi muna vel eftir þessum tveimur dæmum, launum þessara manna við vínverslunina og till. stjórnarinnar um að koma allri unglingafræðslu yfir á ríkið, og athuga, hvort þar hafi gætt mjög mikillar umhyggju um það, hvernig ódýrast mætti koma þessu fyrir.

Það er yfirleitt venja, að hver stjett reyni að halda saman og halda því fram, að ekki sje hægt að spara hjá sjer. Þannig vil jeg ekki fara að, og nefni þá stjett, sem jeg tilheyri, en þó ekki af því, að jeg búist við, að hægt sje að spara þar meira en annarsstaðar. Og jeg tek það strax fram, að þær hugmyndir, sem jeg hefi um sparnað þarna, eins og í öðrum greinum, eru aðallega bundnar við samfærslur og fyrirkomulagsbreytingu, en ekki lækkun launa. Jeg skal benda á, að utan Reykjavíkur eru allmargir prestar, sem áreiðanlega gætu komist yfir meira verk en þeir leysa af hendi nú. Það má nefna, að einn prestur þjónar öllum Eyjafirði framan Akureyrar. Ef maður tekur önnur undirlendi landsins, þá eru kannske 2—4 prestar á álíka svæði. Og það var dálítið leiðinlegt, að það var feld nýlega till. í fjárlögum einmitt í þá átt, að úrvalsprestar gætu notið sín betur. **(Forsrh. JÞ:** Póstpresturinn?). Já, það er einmitt sá, sem með pósti átti að flytja það andlega verðmæti, en hæstv. ráðh. hefir ekki nægilega víðsýni til þess að sjá, að þetta er einmitt það, sem á að gera, að láta duglegu mennina, hvort sem þeir eru í prestsstöðu eða annarsstaðar, hafa nógu mikið að gera og hæfileg laun, en hafa svo ekki of marga. Jeg gæti enda trúað því, að það væri töluvert betra að hafa færri menn í stjórnarráðinu, en borga þeim betur; og ef til vill hafa stjórnirnar sýnt litla fyrirhyggju um það, hvernig þar var hagað vinnubrögðum á þeirra eigin skrifstofum.

Jeg ætla þá ekki að segja meira að sinni, ef svo stendur á, að hæstv. ráðh. ætlar að bregða sjer frá, að hann geti áður látið ljós sitt skína.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg met mál hv. 1. landsk. svo mikils, að jeg læt ekki draga mig inn í Nd., þótt mjer sje brýn nauðsyn á að vera við umr. þar á sama tíma.

Hv. 1. landsk. (JJ) sagði, að þessi stjórn hefði setið mörg ár og hefði ekki komið með neinar till. bygðar á reikningum yfir opinberan kostnað. Þarna kemur enn einn misskilningur á þessu máli. Stjórnin þarf ekki að koma með neinar till. til þingsins, þegar hún vill gefa forstöðumönnum stofn-

ana eða þeim, sem hafa opinbera starfrækslu, fyrirskipanir um það, hvað mikið þeir megi kaupa og hvað þeir megi borga. Það er fyrirkomulagsatriði, sem heyra undir stjórnina eingöngu. Hv. 1. landsk. skal varlega fullyrða, að ekkert hafi verið gert á því sviði, enda fullyrti hann það nú ekki. Hann vísaði í það, að slík rannsókn á þessu, sem hjer er um að ræða, hafi ekki verið gerð fyr, og kallaði aðgerðaleysi. Jeg hefi um þetta hugsað áður, og mjer hefir fundist, að ekki væri hægt að gera sjer von um, að slík rannsókn yrði framkvæmd með árangri, fyr en maður hefði reikninga ársins 1926 til þess að fara eftir. Jeg sá mjer ekki fært að taka reikninga stofnana fyrir 1925 og fara á þeim að byggja neinar aðfinslur. Það er vegna þess, að verðlag alt í landinu 1925 dró svo mikinn dám af því lággengi, sem var næsta ár á undan, að allar tölur 1925 hlutu að verða ósamræmanlegar við það, sem á að verða eftir því peningagildi, sem nú er og aðallega komst í sitt núverandi horf á haustinu 1925. Árið 1926 er fyrsta árið, að mjer finst, sem hægt er að líta á til rannsóknar á því, hvort forstöðumenn stofnana hefðu látið sín útgjöld fylgjast með verðlagsbreytingunni; og þá er ekki í raun og veru heldur hægt að veita neinar átölur fyrir það, þótt kostnaður á ýmsum sviðum 1926 hafi borið nokkrar menjar af því verðlagi, sem var hjer mestan hluta ársins 1925. Jeg geri sem sagt ráð fyrir því, að það rjetta í þessu máli sje það, að jafnóðum og reikningar fyrir árið 1926 koma inn — og þeir eru nýbyrjaðir að koma inn — þá eigi að taka til athugunar, hvers sje rjett að krefjast um niðurfærslu á starfrækslukostnaði. Mjer hefir aldrei komið til hugar að velja einn eða tvo menn úr hverri stjett til þess að rannsaka sjerstaklega útgjöld í þeirri stjett; með því fæst náttúrlega ekkert samræmi í starfið. Það verða yfirleitt að vera að einhverju leyti sömu „kritisku" endurskoðendurnir, sem ganga gegnum þetta á fleiri sviðum.

Svo fór hv. þm., eins og hans er vandi, út í allra handa útúrdúra, sem ekki komu þessari till. vitund við. Hann talaði um, að þegar stjórnin vildi spara mannahald í stjórnarráðinu með því að lengja starfstímann, þá hefðu starfsmenn þar neitað að hlýða. Þetta er alveg tilhæfulaust. (JJ: Sumir!). Engir. Það var lengdur starfstími í stjórnarráðinu úr 5 st. og upp í 6, hjá þeim, sem höfðu áður á annað borð takmarkaðan vinnutíma; skrifstofustjórar og einstakir menn aðrir vinna miklu lengur á degi hverjum en þessar 5 klukkustundir, sem skrifstofurnar eru opnar. En það var þingið, sem brást svo illa við till. núverandi stjórnar um þennan sparnað, að það feldi allar þær till., sem til þingsins þurftu að koma um lengingu á starfstíma opinberra starfsmanna. Og þá sagði stjórnin strax: Ef þingið vill ekki sinna þessu neitt á því sviði, sem til löggjafarvaldsins þarf að koma, þá mun stjórnin heldur ekki halda áfram þeim kröfum til starfsmanna stjórnarráðsins einna, að þeir, með þeim lágu launum, sem þeim eru goldin, bæti á sig starfstíma. Þetta vissi þingið áður en það feldi till. stjórnarinnar um að fjölga kenslustundum hjá kennurum, svo að heimtað yrði það sama af þeim og minst er heimtað í nágrannalöndunum. En þingið ljet sjer ekki segjast og feldi alt,

sem var farið fram á í því efni; þar með gaf þingið stjórninni yfirlýsingu um, að það óskaði ekki eftir, að starfstími starfsmanna í stjórnarráðinu yrði lengdur með óbreyttum launum. Þá var tíminn styttur aftur í 5 stundir, og það er algerlega þingsins verk. Svona hefir farið yfirleitt með aðrar sparnaðartill., sem voru þess eðlis, að þær þurftu þingsins samþykkis. Jeg er búinn að sjá svo mikið af því, að jeg er alveg sannfærður um, að það þýðir ekkert að halda áfram að brjóta upp á einu og öðru við þingið; það verður felt. En á því sviði, sem stjórnin ræður yfir, geri jeg ráð fyrir, að hægt sje að ávinna nokkurn sparnað með þeirri aðferð, sem jeg hefi nefnt, að koma verkunum þannig fyrir, að færri menn þyrfti, eins og hv. 1. landsk. líka nefndi, en það er venjulega ekki hægt að gera nema með því að lengja starfstíma, en láta launin halda sjer. Það hefir nú verið gerð tilraun til þess af núverandi stjórn að fá þingið til þess að ganga inn á þetta, en ekki tekist. Hvað snertir skólahald, hefir verið bent á það, að eitthvað mætti ávinna með því að færa saman skóla. Þá hugmynd hefir stjórnin viljað taka upp með frv. um samskóla, sem liggur fyrir þinginu. Þar er farið fram á að sameina 4 skóla, 3, sem nú eru til, og 1, sem þarf að stofna, til þess að hægt sje að hagnýta betur kenslukraftana.

Úr því að jeg nú mintist á þetta frv., þá vil jeg aðeins segja það, að það kemur enn þá fram sami misskilningur eins og áður hjá hv. 1. landsk. (JJ), að hann heldur, að það sje dýrara fyrir ríkissjóð að ákveða laun í launalögum með dýrtíðaruppbót heldur en að kaup sje ákveðið á annan hátt. Þessu til sönnunar skal jeg aðeins nefna það, sem allir vita, að bæði í Reykjavík og annarsstaðar hafa á þessu ári, og raunar á síðasta ári líka, lækkað talsvert mikið laun allra kennara, sem taka borgun eftir launalögunum. Sá kennari, sem fekk 178 krónur 1925, fær í ár ekki nema 144 kr. Mismunurinn er 34 kr., og nemur lækkunin um 20%. En hvað er um stundakenslukaup? Jeg veit ekki annað en að það sje enn í dag það sama hjer í bænum eins og 1925.

Þetta nefni jeg bara sem dæmi til að sýna, hvað erfitt það er að fá kauplækkun á því sviði, þar sem kaup er ekki ákveðið eins og gert er í launalögunum. Sparnaður á ríkisfje er í því fólginn að halda í hófi þeim framkvæmdum, sem ætlast er til að ríkissjóður kosti; en hitt er ekki sparnaður, að setja á stofn framkvæmdir og heimta, að ríkissjóður kosti, en neita um það, að kaup sje ákveðið þannig, að það lækki með lækkandi dýrtíð.

Það getur verið, að það geti, svona rjett fyrir kosningarnar, vilt einhverja kjósendur, sem ekki fylgjast ákaflega vel með í þessum málum, þegar hv. 1. landsk. fer að klifa á því, að hinir hafi viljað stofna svo og svo mörg embætti; en „jeg og mínir menn“ stóðu á móti. En jeg veit, að eftir þessar nákvæmu útskýringar mínar, þá veit hv. 1. landsk. það, að í hvert skifti, sem hann ber þetta fram, utan þings og innan, er hann að reyna að villa mönnum sýn.

Leiðinlegt þótti mjer það — þó að það kannske sje ekki með öllu óvenjulegt — að heyra hv. 1. landsk. segja alveg ósatt frá frv., sem nú er í meðferð í nefnd, sem hann sjálfur á sæti í, um heimavistir við hinn almenna mentaskóla. Hann sagði, að í því frv.

væri farið fram á að stofna eitthvert nýtt embætti. Mjer komu þessi um mæli á óvart og fór að hugsa um, hvort mjer hefði yfirsjest, las frv. og sannfærði mig um, að svo er ekki. (JJ: Handa hverjum er íbúðin?). Það stendur engin íbúð í frv. Hvað hv. Nd. hefir sett inn í frv., skal jeg ekki svara fyrir, en jeg hefi stjfrv. fyrir framan mig og veit, að þessi ummæli eru alveg tilhæfulaus. En þótt jafnvel einum kennara væri ætluð íbúð í þessu húsi, er það alt annað en stofna nýtt embætti.

Mjer þótti dálítið ósamræmi í því hjá hv. flm., þegar hann fór að tala um fækkun presta, hvað hún væri auðveld; í stað þess að benda á einhvern prest, sem hefir of lítið prestakall, þá bendir hann á einn, sem alment er altaf vitnað í, þegar talað er um of stór prestaköll, sem sje prestinn í framhluta Eyjafjarðar. En svo í næstu andránni fór hann að flytja harmatölur yfir því, að deildin hefði felt till. um að bæta einum í stjettina, sem sje póstprestinum. Mjer sýnist það sannast að segja ekki nógu hreinn sparnaðarhugur, sem kemur fram hjá hv. 1. landsk., þegar hann í miðju sparnaðartalinu getur verið að harma það, að staðið var á móti jafnalóþörfu embætti og þessi póstprestsmenska er.

Hv. þm. sagði, að stjórnin gæti lagt til menn í nefndina. (JJ: Hennar flokkur). Það er þá annaðhvort þing eða þingdeildir, sem eiga að kjósa menn í þessa nefnd. Og þó að stjórnin eigi náttúrlega að hafa mikið hlutverk í þjóðfjelaginu, þá má þó ekki gleyma því, að þegar þingið tekur rögg á sig til einhvers, þá er ekki meiningin, að það sje aðeins að nafninu til þingið, en í raun og veru sje það stjórnin, sem vinni verkið. Jeg tek það því fram, að það má ekki neinn hv. þm. samþ. þessa till. með þá hugsun, að stjórninni beri að leggja til mennina, þegar til kemur.

Jóhann Jósefsson: Það er víst óhætt að segja, að flestir hv. þm. vilja fylgja því, að sparað sje í útgjöldum ríkissjóðsins, eftir því sem við verður komið. Þessi till. á þskj. 509 er því í raun og veru ekki neitt nýtt í því efni. En viðvíkjandi þessari till. er það að segja, að það er nú komið fram, að hv. flm. hefir sjálfur heldur þokukenda hugmynd um, hvernig nefndin verði til og um starfstilhögun hennar. Enda virðist, af fenginni reynslu undanfarinna ára um störf slíkra nefnda, ekki vera mjög mikið útlit fyrir, að raunverulegur árangur yrði af starfi því, sem farið er fram á með þessari till., eða hv. 1. landsk. (JJ) virðist eiga við. Það er eiginlega ómögulegt að gera samjöfnuð á þessari nefnd, sem á að koma með sparnaðar- og umbótatill. um rekstur ríkisins, og Þingvallanefndinni. Það er náttúrlega hægt að hugsa sjer, að nefnd þessi sitji fundi og geri till. til skipulagsbreytingar; en reynslan hefir ekki orðið sú, að þingið hafi verið mjög fúst á að verða við till. um skipulagsbreytingu á embættum í landinu. Við megum vera minnugir þess, hvernig tekið var í þær till., sem fyrv. stjórn á sínum tíma kom með um samfærslu á sýslumannaembættum; að vísu munu þær till. ekki hafa verið neitt viturlegar, en í sparnaðaráttina áttu þær samt að ganga.

Hv. þm. virðist sjálfur ekki hafa neina fasta hugmynd í þessum efnum; það mátti ráða af því, er hann mintist

á tvö læknisembætti í sinni fyrstu ræðu, annað á Norðfirði, en hitt á Önundarfirði, og virtist gefa í skyn, að þau væru lítt þörf. Misjafnt líta menn á hlutina í þessum efnum sem öðrum. Frá Norðfirði kemur áskorun frá meiri hluta íbúa um að fjölga þar embættum, sem sje að fá bæjarfógeta. Þetta sýndi sig líka, þegar flokksbræður hv. 1. landsk. (JJ) í Nd. lögðust mjög á móti að spara að nokkru leyti laun fræðslumálastjóra með því að sameina það einu kennaraembættinu við kennaraskólann. Jeg veit ekki, hvernig hv. 1. landsk. leit á þetta, en svo mikið er víst, að margir flokksbræður hans í Nd. voru á móti þessum sparnaði. Því fer þess vegna mjög fjarri, að það sje sama sem að vilja engan sparnað í þessum efnum, þótt menn vilji ekki fallast á það, sem hv. 1. landsk. vill um framkvæmdir á sparnaðarhugmyndum. Langt frá. En jeg fyrir mitt leyti hefi ekki trú á, að menn, sem eiga að sitja í slíkri nefnd án þess að fá nokkuð fyrir það greitt — jafnvel þótt þeir hefðu besta vilja til — gætu komið fram með neinar ítarlegar till. um sparnað í ríkisrekstri. Þegar jeg segi ítarlega, á jeg við tillögur, sem byggjast á undangenginni rannsókn; en hún verður ekki framkvæmd nema með mikilli vinnu, eins og hæstv. forsrh. (JÞ) tók fram. Jafnvel þótt slíkar till. líti vel út á pappírnum, þá mundi líða langur aldur, þangað til þær kæmust til framkvæmda; og mjög er borin von um það, að þingið aðhýltist þær á sínum tíma. Að það mundi eiga sjer langan aldur, kom ljóst fram í ummælum hv. 1. landsk. sjálfs, sem sagði, að ómögulegt væri að koma fram sparnaði með því að lækka laun núverandi starfsmanna ríkisins. Hv. þm. talaði um, að sparnaði mætti ná með því að fækka starfsmönnunum. En þá kemur til greina, hverjir eiga að verða fyrir því að vera reknir frá. Um þetta atriði hygg jeg yrði skiftar skoðanir. Þrátt fyrir slíkar umbótatill., á alhliða sparnaður mjög langt í land.

En það er annar sparnaður, sem mætti ná með starfi, sem færi í líka átt og hæstv. ráðh. (JÞ) hugsar sjer, að settir verði glöggir menn og greindir til þess að rannsaka rekstur ríkisstofnana, skóla, sjúkrahúsa, opinberra skrifstofa, og verslana, sem ríkið rekur með steinolíu og áfengi o. s. frv. Getur það munað ríkissjóð tugum þúsunda, að tilhögun öll og tilkostnaður sje með sem hagkvæmustum og óbrotnustum hætti. Þykir mjer líklegt, að með skynsamlegri athugun og samanburði, gerðum af alúð og þekkingu, mætti sjá leiðir til þess að draga úr tilkostnaði við þessar stofnanir. Mundi þar þá þegar sparast stórfje. Jeg vildi fyrir mitt leyti óska þess, að hæstv. stjórn sæi sjer fært að vinda sem bráðastan bug að því, að slíkt rannsóknarstarf verði framkvæmt.

Mjer virðist af umræðum þeim, sem hjer hafa fram farið, og af orðaskiftum hv. 1. landsk. (JJ) og hæstv. forsrh. (JÞ), að skilningur hæstv. ráðh. (JÞ) á þessu máli sje að öllu leyti gleggri og skýrari en hv. 1. landsk. (JJ), og að till., þótt samþ. væri, mundi ekki bera þann árangur, sem annars gæti orðið, ef hæstv. stjórn tæki málið í sínar hendur og ljeti vinna að till. um sparnað á þessum liðum, sem jeg tilnefndi.

Jeg leyfi mjer því að leggja til, að

málinu verði vísað til stjórnarinnar með þeim forsendum, er jeg nú hefi haft.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg ætla aðeins að benda á, að hæstv. forsrh. játar, að hvorki hafi hann nje stjórn hans komið með neinar till. í þessa átt, að minka útgjöld ríkissjóðs með skipulagsbreytingum eða á annan hátt. Jeg hefi áður bent á, að af till. hæstv. stjórnar um stofnun nýrra embætta í tugatali verði ekki ráðið, að fyrir henni vaki neinn sparnaður á embættasviðinu. Þar fær alt að sitja með kyrrum kjörum, nema ef við er bætt. Er ástæða til þess að halda, að það stafi af því, að megnið af starfs- og embættismönnum landsins eru stuðningsmenn núverandi ríkisstjórnar, og vilji hún því ekki herða að kostum þeirra með embættasamfærslu.

Hæstv. ráðh. (JÞ) taldi verið að færa saman og spara á skólum með samskólafrv. En jeg sje ekki neinn sparnað við það að byggja stórhýsi í þessu skyni á stærð við landsspítalann og fjölga starfsmönnum þess opinbera, þ. e. kennaralið þessa fyrirhugaða skóla, eftir því sem þörfin útheimtir, eins og sagt er í frv. Þar að auki leiðir af þessari breytingu kröfur um samskonar skipulag á skólum úti um land, sífjölgandi föst embætti, launuð af ríkissjóði. Það er ekki vafi, að hæstv. forsrh. fer þar með rangt mál, er hann sagði, að ekki væri dýrara að reka slíkar stofnanir á ríkiskostnað beinlínis heldur en með opinberum styrk. Jeg bendi á kvennaskólann og mentaskólann sem dæmi til samanburðar. Nú er mentaskólinn að vísu stærri og þar af leiðandi fjárfrekari. En er maður athugar kostnað ríkissjóðs af hvorum þessara skóla og ber saman við nemendafjölda hvors um sig, kemur í ljós, að einmitt þetta skipulag á kvennaskólanum, að þar er ekki mikið um föst embætti, gerir það að verkum, að stofnunin verður hlutfallslega langtum ódýrari í rekstri. En föstu embættin gera ríkisskóla alt að helmingi dýrari en annað skipulag.

Jeg býst við, að það sje misráðið af hæstv. forsrh. og stuðningsmönnum hans að eyðileggja þetta mál núna, rjett fyrir kosningar. Því að vísa máli til stjórnar er, eftir minni reynslu, sem fengin er í þeim efnum, sama sem að koma því fyrir kattarnef. Kem jeg að því síðar.

Hæstv. ráðh. (JÞ) vildi ekki ganga inn á, að til nýs embættis væri stofnað með fyrirhuguðum heimavistum við mentaskólann. Í frv., sem nú er á döfinni um þetta efni, er gert ráð fyrir íbúð hana umsjónarmanni, og vitanlega er það ekki rektor, sem þar er átt við, því að hann hefir íbúð í skólahúsinu sjálfu. Rektor átti tal við nefndina og kvað ekki koma til mála, að skólastjóri hefði umsjón með heimavistunum. En ef kennari væri umsjónarmaður, gæti það gengið með því móti, að hann hefði þá ekki nema tiltölulega litla kenslu á hendi. Svona er nú því varið. Hinsvegar var hæstv. ráðh. að tala um stofnun fasts embættis með fjárveiting til fyrirlestrastarfsemi farandkennimanna. En það er öðru nær en þar sje um föst embætti að ræða, heldur á að verja því fje, sem sparast við það, að eitt eða fleiri prestaköll á landinu eru laus, til þess að láta duglega kennimenn ferðast um og messa yfir söfnuðum úti um land. Verður það því frekar kallað

fyrirlestrastarfsemi en embætti. Má í henni sjá vísi til skipulagsbreytingar á prestastjett landsins. Hæstv. ráðh. skildi það ekki, en aðrir skilja það sennilega. Þegar svo er komið, að bestu prestar geta náð til fleiri safnaða en sinna eigin — og mun í framtíðinni útvarpið að því stuðla mikið — þá kemur til greina skipulagsbreyting og sparnaður, sem leiðir af fækkun ónauðsynlegra manna í þeirri stjett.

Þá hefir hv. þm. Vestm. (JJós) talað fyrir og borið fram rökstudda dagskrá um að vísa þessu máli til hæstv. stjórnar. Áður en jeg minnist á það tiltæki hans, verð jeg að leiðrjetta missagnir í ræðu hans.

Hv. þm. (JJós) fór rangt með orð mín um Norðfjörð og Önundarfjörð. Jeg tók dæmi, að í allri Rangárvallasýslu væri ekki nema einn læknir. Jeg vildi mega biðja hv. þm. Vestm. að hafa í huga, að jeg tók dæmið til þess að sýna þörfina á að hafa opin augu fyrir því, hvar megi draga saman seglseglin, þar sem svo víða hjá okkur Íslendingum verður að hafa sjerstaka embættismenn, þrátt fyrir fámenni í einstökum sveitum. (**JJós:** Norðfjörður er fjölment kauptún). Þótt eitt þús. manna sje á Norðfirði, þá eru þó enn fleiri í Rangárvallasýslu. En dæmið er aðeins tekið til þess að sýna fram á, hve mikil þörf er á auga á hverjum fingri, þar sem svo stendur á, að sumstaðar nægir einn læknir fyrir þann mannfjölda, sem marga þarf til að gegna annarsstaðar.

Þá kem jeg að till. hv. þm. Vestm. Eins og jeg gat um áðan, er slík till. sem þessi vænlegust allra aðferða til þess að drepa mál, sem menn vilja gjarnan losna við. Það er nú einu sinni svo, að stjórnir verða nokkurskonar líkkistur þeirra mála, er til þeirra er vísað.

Má sjá þess glöggan vott af gangi eins máls, er var vísað til hæstv. núverandi landsstjórnar. Hún er nú búin að sitja að völdum síðan 1924 og hefir ekki enn getað lagt niður einn alóþarfan brennivínsseljandi lækni. Hin nýkjörna ríkisstjórn vildi sýna, hvað hún gæti, er krafist var niðurfellingar á embætti þessa manns. En raunin varð sú, að hæstv. stjórn eyðilagði málið, ljet vísa því til sín, valdi þá bestu menn, sem hún gat, til þess að athuga það, en niðurstaðan varð sú, að ekkert hafðist upp úr öllu saman. Reynslan sýnir, að það er með öllu vonlaust um árangur með því að fara þessa leið. Hæstv. stjórn hefir haft tækifæri til þess að sýna getu sína í slíkum efnum, en ekkert orðið úr til gagns.

Hv. þm. Vestm. kvaðst vonast til, að hæstv. stjórn mundi vinna að þessum sparnaðarundirbúningi með þekking og alúð. Ætli það yrði ekki sönnu nær að gera ráð fyrir, að þekking hennar og alúð beindist að því að stinga málinu svefnþorn, eins og þá er till. var flutt um að gera mögulegt að breyta ellegar leggja niður með öllu eitthvert aldýrasta og um leið óþarfasta embætti á öllu landinu. En 18 þús. kr. handa óvöldum, dönskum lyfsala þótti ekki of mikið þá, og þykir víst ekki enn, og hæstv. forsrh. leiddi hjá sjer að verja það. En jeg held einmitt, að þetta bendi til þess, að þekking og alúð hæstv. stjórnar sje ekki nægileg til þess að sjá um sparnað á þeim liðum, er hv. þm. (JJós) nefndi. Þegar hún

heldur í sinni þjónustu manni, sem ekki er hótinu starfshæfari en fjöldinn allur af hjeraðslæknum landsins, sem hafa þó ekki nema hálf laun á við hann, en gætu sem best annast embættið. Þrátt fyrir þetta tek jeg viljann fyrir verkið hjá hv. þm. Jeg hafði ástæðu til að halda, af því, hve hæstv. stjórn hefir verið aðgerðalítil í þessum efnum, að henni væri ekki um, að þingið tæki málið í sínar hendur. Nú vill hv. þm. afhenda það stjórn, sem búið er að reyna að láta gera eitthvað, en gerir ekki neitt.

Ef stjórnarflokkurinn samþ. þessa till., fæ jeg ekki skilið það á annan veg en þann, að hann vilji, eins og jeg líka óttaðist fyrirfram, eyðileggja þetta mál og sporna við, að nokkuð sje gert í því. En það er sjálfsagt að vona hið besta, þótt reynslan sje ekki góð. Jeg hlakka til að sjá framan í hv. þm. Vestm. á næsta þingi, er hæstv. stjórn, er við skulum gera ráð fyrir að lafi þá enn við völd, kemur með sína vönduðu útreikninga og áætlanir um sparnaðarráðstafanir við stofnanir ríkisins. Þá kemur í ljós árangurinn af „þekking og alúð" hæstv. stjórnar.

Guðmundur Ólafsson:*) Jeg bjóst ekki við, að neinn hv. þingdm. og síst hæstv. ráðh. (JÞ) mundi finna ástæðu til að mótmæla því, sem farið er fram á í till. þessari. Því að jeg sje ekki annað en þetta sje saklaus tilraun, þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum kostnaði. Enda var líka fyrsta ræða hæstv. forsrh. vinsamleg, og kvaðst hann jafnvel mundu geta greitt till. atkv. sitt. En er fram í sótti, kom upp þessi venjulegi nágrannakrytur milli hans og hv. 1. landsk. (JJ), og mátti þá frekar skilja, að hann vildi snúast öndverður gegn till. Eru þessar ýfingar með þeim hv. 1. landsk. og hæstv. ráðh. (JÞ) ekki svo óalgengar, að ástæða sje til að endurtaka þann leik á hverjum einasta fundi, sem þeir tala á.

En mig furðar á undirtektunum hjá hv. þm. Vestm., sem ber fram dagskrá um að vísa till. til hæstv. stjórnar til athugunar og rannsóknar. Verð jeg að taka undir með hv. 1. landsk., að það sje sama sem að eyða málinu. Allir játa, að þörf sje á að spara á opinberri starfrækslu, en þá skilur á um leiðir. Hv. þm. Vestm. segist trúa hæstv. stjórn best til þess að ráðgera og koma í kring þeim sparnaði. En það eru ekki allir, sem treysta henni eins vel, og margir hafa fallið um minna en það, að hæstv. stjórn, eftir eigin orðum, hafi getað gert eitthvað í þessa átt, en látið það ógert. Það var á þingi 1924 eða 1925, að hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) bar fram till. til þál. um fjölgun vinnustunda á stjórnarskrifstofunum. Var hún samþykt og kom til framkvæmda í fyrra, að því er mjer er sagt. En í sambandi við frv. Jóns heitins Magnússonar, fyrv. forsrh., um fjölgun kenslustunda við landsskólana, ljet hann þess getið hjer í deildinni, að hann mundi kippa að sjer hendinni um lenging vinnutímans á stjórnarskrifstofunum, ef frv. yrði felt. Hann kvaðst ekki þurfa að spyrja þingið um leyfi, hann hefði vald til þess sjálfur. Fór svo frv. frá þessari deild, en mun hafa verið drepið í hv. Nd. Hafi þessi fyrirrennari haft eins góðan skilning á lög-

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

um og hæstv. núverandi forsrh. (JÞ) — og það verð jeg að álíta — þá er það ekki rjett hjá hæstv. ráðh. (JÞ), að ríkisstjórnin geti ekki sparað við landsskólana og á sínum eigin skrifstofum, án þess að spyrja þingið leyfis, og nú væri ekki hægt að koma við sparnaði á þessu sviði, af því að þingið setti sig á móti. En mjer finst samt hægt að fella sök á hæstv. landsstjórn, ef hún sparar ekki við ríkisskólana og skrifstofur sínar, því að þess háttar þarf ekki til þingsins að koma, að áliti hins látna forsrh.

Að till. geti gert ógagn, fæ jeg ekki skilið, úr því að þessi sparnaðarnefnd á að vera launalaus. Jeg býst að minsta kosti við ekki minni árangri af starfi þessarar nefndar og að ekki færri af sparnaðartill. hennar nái að komast í framkvæmd, heldur en þegar hæstv. stjórn fór hjer um árið að koma með sínar sparnaðartill., sem aðallega beindust í þá átt að fækka sýslumönnum, og engin þeirra, svo jeg viti til, hefir orðið að gagni.

Mjer þykir það kynlegt af mönnum, sem viðurkenna þörf á sparnaði, að vera á móti því að gera tilraun, sem ekkert kostar, til þess að komast að heppilegri niðurstöðu um, hvernig spara skuli. Ef hjer væri um fjölmenna og launaða nefnd að ræða, skal jeg ekki bera á móti því, að jeg mundi vera mjög á báðum áttum, hvort greiða skyldi atkvæði með skipun slíkrar nefndar. En mjer finst ekki til of mikils ætlast, að hægt sje að fá 3 menn hjer í bænum, sem álitu þetta slíkt nauðsynjamál, að þeir vildu á sig leggja að starfa að því án launa milli þinga.

Jóhann Jósefsson: Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) gerir sjer miklar vonir um starf þessarar nefndar eins og hún er hugsuð samkvæmt till., (**GÓ:** Það er nú fært í stílinn.) — og þótti viðtökurnar ekki sem bestar hjá mjer. En jeg get sagt honum og hv. 1. landsk. (JJ) það, að mjer er eins vel að skapi og þeim, að sparað sje fje ríkissjóðs. En jeg er ekki eins fíkinn og þeir í að gera þetta mál að kosninga-„númeri". Að hv. 1. landsk. (JJ) sje það efst í huga, kom berlega í ljós af því, að hann ljet svo um mælt, að íhaldsflokkurinn ynni sjer í óhag með því að vísa till. um þetta mál til stjórnarinnar, svona rjett fyrir kosningar. Það er svo sem auðheyrt kosningahljóðið í strokknum þeim. Hv. 1. landsk. (JJ) fanst ekki sem best eiga við, að jeg talaði um, að vinna þyrfti að sparnaðarráðstöfunum með alúð og þekkingu. Ef ekki er unnið af alúð og heldur ekki af þekkingu, þá þykir mjer ekki vænlegt um árangur.

Jeg lagði til, að málinu yrði vísað til stjórnarinnar, með þeim forsendum, að hún beitti sjer af alvöru fyrir endurskoðun á rekstrartilhögun ríkisstofnana og till. í sparnaðarátt. Það er ekki rjett skilið hjá hv. 1. landsk. (JJ) og samflokksmanni hans, hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), að till. mín miði til þess að drepa allar sparnaðartilraunir. Till. mín er fram borin til þess að víkja á bug þeirri þokukendu og lopalegu nefndarskipun, sem þáltill. fer fram á. Verður ekki sjeð, að sú nefnd hefði neina aðstöðu til þess að verða málinu að nokkru liði. Hv. 1. landsk. (JJ) er einstaklega óheppinn í vali á dæmum, máli sínu til stuðnings. Nú

teflir hann fram því dæmi, og brýnir mig mjög í því, að einhverntíma hafi jeg verið mótfallinn breytingu á tilhögun vín- og steinolíuverslana ríkisins. Færði hann söguna í þann búning, að við, sem ekki vildum fallast á samsteypu þessara verslana hvað forstöðu snerti, hefðum gert það vegna einhvers dálætis á Mogensen lyfsala. En sá maður hefir haft forstöðu lyfjasölu og áfengisverslunar ríkisins og hefir til þess öll þau skilyrði, sem lög ætlast til. Hv. 1. landsk. (JJ) vildi láta forstöðu þessa falla saman við forstöðu landsverslunarinnar, sem þá seldi olíu og tóbak. Það gátum við ekki samþykt, þar eð vitanlegt var, að sá maður, er veitti landsversluninni forstöðu og stendur að vísu vel í stöðu sinni þar, hafði ekki þá þekkingu, er lögin krefjast á hinu sviðinu. Þótt sú sameining hefði komist á, er ekki líklegt, að neitt hefði við það sparast, því lyfjaversluninni verður vel mentaður sjerfræðingur að veita forstöðu. Hver hefði svo árangurinn orðið? Það getur verið, að skeytið, sem beint var að Mogensen, hefði hitt, ef till. hv. 1. landsk. (JJ) hefði þá verið samþ., en á embættisrekstrarkostnaðinum hefði enginn sparnaður orðið. Þá má líka minna á póstprestinn, sem átti að spara prestahald. Hv. þm. gleymdi því þá, að til væru önnur prestverk en prjedikunarstarfsemin. Jeg þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Jeg hefi bent á, hvað hægt væri að gera í þessu máli með öruggri vissu um sparnað á ýmsum sviðum, ef mín till. verður samþykt.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg heyrði ekki alt, sem hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) sagði, af því jeg var við umræður í Nd. En mjer skildist hann hafa eftir mjer, að ekki væri hægt að framkvæma sparnað nema með samþykki þingsins. Jeg sagði, að það hefði reynst ómögulegt að framkvæma sparnað á þeim sviðum, sem samþykki þingsins þurfti til, því að alt, sem stungið hefði verið upp á í þá átt, hefði verið felt í þinginu. Að vísu var samþykt fækkun embætta við hæstarjett, en sú ráðstöfun þykir nú orka nokkurs tvímælis. (**JJ:** Stjórnin bar það fram). Já, það hefir verið stjórnin, sem borið hefir fram flestar sparnaðartillögur, sem fram hafa komið, en hún hefir ekki haft þann meiri hluta hjer í þinginu, að tillögur hennar gætu orðið ofan á. Það er hv. 1. landsk. (JJ), sem stýrir mótherjunum, og hann hefir haft nægilega mikið bolmagn til þess að standa á móti sparnaðartillögum stjórnarinnar. Það getur verið, að bornar hafi verið undir þingið einhverjar breytingar í sparnaðarátt, sem stjórnin hefði kannske getað framkvæmt án lagabreytingar. En hv. þm. A.-Húnv. má ekki halda eða ætlast til, að stjórnin framkvæmi þær breytingar eftir að þingið hefir neitað að samþ. þær. Það er yfirleitt ekki gert í löndum, sem búa við þingræðisstjórn.

Það hefir komið fram till. um að vísa þessu máli til stjórnarinnar. Jeg tek enga afstöðu til þess. En ef það verður gert, mun stjórnin reyna að framkvæma það áform sitt, að taka reikninga opinberra stofnana til „krítiskrar" endurskoðunar, í því skyni að athuga, hvort ekki getur einhversstaðar verið um sparnað að ræða.

Guðmundur Ólafsson:*) Hæstv. forsrh. (JÞ) sagði, að stjórnir í þingræðislöndum leyfðu sjer ekki að framkvæma það, sem þingið gæfi ekki samþykki sitt til. En mjer þykir undarlegt, að stjórnin skuli vera að bera undir þingið það, sem hún hefir áhuga fyrir að framkvæma og getur framkvæmt, án þess að leita samþykkis þess. Það gefur ekki góðar vonir um röggsamlega afgreiðslu þessa máls hjá stjórninni, þegar hún er að bera sparnaðartillögur undir þingið, sem hún veit fyrirfram að þingið muni fella, en gæti komið fram sjálf upp á sitt eindæmi.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg hygg, að ummæli hv. þm. A.-Húnv. sjeu miðuð við tillögu, sem stjórnin bar fram á þinginu fyrir 2 árum, viðvíkjandi tölu á skyldukenslustundum kennara. Um suma skólana hafði stjórnin leyfi til að breyta gildandi ákvæðum, en um suma ekki. Því varð að ákveða þetta með lögum. Það hefði ekki verið rjett af stjórninni að breyta tölu kenslustunda í þeim skólum, sem henni var það heimilt, fyr en fengið var samþykki þingsins til sömu breytingar í hliðstæðum skólum. Úr því að stjórnin hafði ekki á sínu valdi að framkvæma þetta svo að samræmi væri í, var óhjákvæmilegt að leita samþykkis þingsins. Stjórninni gat ekki dottið í hug, að þingið feldi slíkar tillögur, eftir þær áskoranir, sem næsta þing á undan hafði samþykt, en sú varð þó raunin á.

Guðmundur Ólafsson:*) Jeg vil aðeins benda á, að jeg held, að fyrv. forsrh., Jón Magnússon, hafi ekki talið óhjákvæmilegt að bera þetta mál undir þingið. Jeg man ekki betur en að hann segði oftar en einu sinni, að ekki hefði þurft að leita samþykkis þess. Hæstv. forsrh. (JÞ) hefir líka gleymt að skýra frá, hvers vegna ekki var reynt að koma á sparnaðinum eftir þáltill. um stjórnarráðsskrifstofurnar.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg hefi áður sagt frá því, að þegar sást, hve mikil mótstaða var í þinginu gegn fjölgun skyldustunda í skólunum, hafi stjórnin lýst því yfir, að ef tillögur hennar á þessu sviði næðu ekki fram að ganga, þá treysti hún sjer ekki að halda áfram hliðstæðum ráðstöfunum gagnvart öðrum starfsmönnum. Þó að hv. þm. (GÓ) vísi til þess, að fyrv. forsrh. (JM) hafi sagt, að ekki þyrfti lagaheimild til þess að fjölga skyldustundum kennara, þá ætti hann sem þingmaður að vera svo kunnugur löggjöfinni að vita, að í barnaskólum er stundafjöldi lögákveðinn, svo að stjórnin hafði ekki heimild til að gera breytingar þar, og jeg hygg, að svo muni vera um fleiri skóla, þó að jeg muni það ekki í svipinn.

ATKVGR.

Till. frá þm. Vestm. (JJós) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EJ, IHB, JJós, JóhJóh, JKr, HSteins.

nei: GÓ, IP, JJ.

JÞ greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (EÁ, JBald, MK) fjarstaddir.

---

*) Ræðuhandr. óyfirlesið.

E.
Ekki útræddar.

1. Lækkun vaxta.

Á 7. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um lækkun vaxta (A. 30).

Á 8. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k y l d i.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Nd., laugardaginn 19 febr., var till. tekin til e i n n a r u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. febr., var till. aftur tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Magnús Torfason): Till. þessi, sem jeg hefi leyft mjer að bera fram í hv. deild, er komin hjer samkvæmt þingmálafundarsamþykt að Tryggvaskála 30. f. m. Þar var samþykt svohljóðandi till. í einu hljóði:

„Að gefnu tilefni mótmælir fundurinn því, að hækkað verði gengi krónunnar, og krefst þess jafnframt, að vextir verði færðir niður".

Það er ekki svo að skilja, að líkt þessu hafi ekki verið samþykt fyr á þessum stað. Mjer er óhætt að segja, að á hverjum þingmálafundi síðan um kosningar hafi komið kröfur frá kjósendum um lækkun vaxta. Jeg verð að játa þá synd mína að hafa látið farast fyrir að koma fram með þessa till. þar til nú. En ástæðurnar eru þær, að 15. febr. 1924, sama dag og þing var sett, var krónan lækkuð að mun, eða um 10%, þannig, að sterlingspundið varð 33 kr. í stað 30. Þetta var vitanlega svo mikil linkind gagnvart atvinnuvegum landsins, að ekki var ástæða til að fara fram á frekari lækkun. Aftur er frá því að segja, að á þingi 1925 var hjer alt í blóma og því ekki ástæða til að bera fram slíka tillögu, enda mjer kunnugt um, að annar bankinn hafði í hyggju að lækka vextina, og var það líka gert í október 1925, úr 8% niður í 7%. Nú er svo komið, að jeg hefi ekki sjeð neitt undanfæri að flytja þessa till. Eins og kunnugt er, hefir hagur manna hríðversnað nú talsvert á annað ár og orðið erfiðari með degi hverjum. Og það er mál manna, að landshagurinn sje jafnvel verri nú en 1923. En við, sem hjer sitjum, vitum, að þjóðin hugsaði þá

um það eitt að leysa úr fjárhagsvandræðunum.

Hagur landsins er ábyggilega verri nú að því leyti, að 1923 rofaði þó fyrir því, að rætast mundi úr. En nú eru engar slíkar vonir fram undan, a. m. k. ekki á nálægum tíma — alls engar vonir. Ástæðurnar eru líka að sumu leyti mun verri nú en 1923, og þarf ekki mörgum orðum um það að eyða, því það er alkunnugt. Bændur flýja bestu jarðir í sveitum, jafnvel hingað í atvinnuleysið, en það er glöggur vottur þess, að þeir eru að gefast upp. Sjávarútvegurinn er engu betur staddur, nema ver sje. Það hefir ekki fyr heyrst talað um, að atvinnuvegur í heilum landsfjórðungi væri kominn alveg á heljarþrömina. Þegar svona stendur á, vænti jeg þess, að hv. deild telji það skyldu sína að rjetta atvinnuvegunum, og þá sjerstaklega þeim, sem draga í búið, einhverja hjálparhönd.

Til þess geta verið margar leiðir. Beinasta og hægasta leiðin væri sjálfsagt sú, að lækka hreint og beint krónuna. Jeg hefi ekki viljað fara þá leið, af því að jeg held, að jafnvel alt þingið sje sammála um að gera það ekki, ef með nokkru móti verður hjá komist. Það langar víst engan til þess, að þjóðin þurfi að súpa þann kaleik aftur. Sú leið verður heldur ekki farin án þess menn lendi í stefnustríði um gengismálið, en þar er, eins og kunnugt er, hver höndin upp á móti annari.

Önnur leið, sem þingið gæti kannske farið, er sú, að lækka skattana. En sú leið þykir víst ekki fær heldur. Ríkinu veitir áreiðanlega ekki af tekjum sínum; a. m. k. hefir stjórnin ekki borið fram neitt frv. um að lækka skatta; þvert á móti mun hún líta svo á, að þörf sje á auknum sköttum, og eitt frv. hefir hún komið með í þá átt, þó lítið sje.

Þriðja leiðin er sú, að lækka vexti, Jeg hefi kosið að fara þá leið, af því jeg held, að hún sje sanngjörnust og rjettlátust. Eins og menn vita, fylgir hækkun krónunnar hækkun vaxta. Til að svara útlánsvöxtum af vissri upphæð þurfti bóndinn 5 dilka, meðan krónan stóð í 50 aurum, en nú, þegar hún stendur í fullum 80 aurum, þarf hann 8 dilka, að öðru jöfnu. Sama máli gegnir um sjávarútveginn. Sá, sem þurfti 50 skpd. til vaxtagreiðslu 1924, þarf 80 skpd. nú, til að greiða vexti af sömu upphæð. Þetta er vitanlega stór baggi á öllum atvinnuvegum landsins. Að því er innlánsvexti snertir, mættu eigendur innstæðna ekki kvarta, þó að vextir af fje þeirra lækkuðu, því að þeir hafa hækkað að sama skapi og útlánsvextirnir. Mjer finst þeir mega tæplega ætlast til að fá bæði í bak og fyrir, bæði hækkaða krónu og stórhækkaða vexti, enda mun nú vera svo, þegar öllu er á botninn hvolft, að þeir innstæðueigendur munu vera fáir hjer, sem ekki bíða meiri eða minni skaða við örðugleika atvinnuveganna.

Þess verður að gæta, að munurinn á innláns- og útlánsvöxtum er afar mikill, svo mikill, að jeg hefi ekki orðið þess var, að hann væri eins mikill hjá nokkurri kristinni þjóð, sem ekki lenti í ófriðnum mikla. Innlánsvextir eru 4½%, en útlánsvextir 7%, mætti fremur segja 7½, því að það er aðeins af nýjum lánum, sem 7% eru greiddir. Af öllum framlengingarlán-

um verður að borga 7½%, eða því sem næst.

Jeg hefi nú í svo fáum orðum sem unt var fært fram aðalástæðurnar fyrir þessari till. En fleiri mætti nefna. Jeg skal fyrst geta þess, að mjög þegnsamleg tilmæli hæstv. fjrh. (JÞ) í ræðu hans, er hann lagði fram fjárlagafrv., ýttu mjög undir þessa till. Hæstv. fjrh. óskaði þess, að þingið hjálpaði sjer til þess að leysa úr fjárhagsvandræðunum. Þessi till. er fram komin til að sýna lit á slíku. En það sem í upphafi varð til þess, að hert var á, að slík till. kæmi fram að Tryggvaskála, var nýársboðskapur hæstv. fjrh. (JÞ), er hann nýlega hefir árjettað í málgagni sínu. Þar er sýnilega gert ráð fyrir að halda áfram að hækka krónuna, hvenær sem því verður við komið.

Jeg vil leyfa mjer að mótmæla því algerlega, að krónan sje látin hækka meðan vextir eru jafngífurlega háir sem nú. 1925 voru vextirnir 8%. Jeg leit svo á, og hafði orð á því við þá menn, sem um þetta áttu að vjela, að ekki væri gerlegt að hækka krónuna svo gífurlega sem gert var, nema sýnt væri, að vextir gætu lækkað að mun. Lágir vextir sýna vitanlega, að fjárhagur þjóðarinnar sje kominn í eðlilegt horf. Meðan vextir eru háir, er sýnt, að fjárhagurinn og peningastofnanirnar eru ekki í góðu horfi. Því hefi jeg komið með þessa till. mína, og hún á þá jafnframt að vera mótmæli gegn frekari hækkun krónunnar, þar til peningamál landsins eru komin í það lag, að vextir komi sæmilega við.

Jeg skal að endingu taka það fram, að jeg hefi orðið var við, að menn líta svo á, að jeg ætli hæstv. fjrh. (JÞ) nokkuð mikið með þessari kröfu um vaxtalækkun; hann sje þess ekki megnugur að koma henni fram. En jeg lít svo á, að hann hafi nóg vald til að framkvæma þessa umbót.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Það er alveg rjett á litið af hv. flm. þessarar till., að það mundi hafa verulega þýðingu fyrir atvinnuvegi landsins, ef unt væri að lækka vexti. Þetta hefir stjórninni jafnan verið ljóst, og hún hefir sýnt það í verki, því að sú vaxtalækkun, sem hjer fekst síðast, í október 1925, komst fram, eins og áður hefir verið upplýst hjer í þinginu, fyrir ekki sjerlega litla eftirgangsmuni stjórnarinnar, sem tók þetta mál upp við bankana og fekk því fram komið, að annar bankinn lækkaði útlánsvextina um 1%, en hinn um ½%.

En þótt allir geti verið sammála um, að æskilegt sje vegna atvinnuveganna að hafa vexti lága, fer um verðlag á lánsfje eins og um verðlag á öðrum hlutum, að það fer eftir fleiru en menn kynnu að óska í þann og þann svipinn, og óskum um lækkun vaxta verður því aðeins framfylgt, að mönnum takist að skapa skilyrði fyrir því, að vextir geti lækkað. Það er ekki svo að valdboð stjórnar eða þings nái til þessa sviðs, nema að örlitlu leyti. Það er, eins og till. ber með sjer, farið fram á, að vextir aðallánstofnananna verði lækkaðir; en aðallánstofnanirnar eru bankarnir tveir og útibú þeirra. Nú eru þessir bankar báðir að meira eða minna leyti handbendi löggjafarvaldsins, og má því segja, að stjórn og þing hafi nokkur tök á þeim, en þó einungis að því leyti sem bankarnir

eiga sjálfir það fje, sem þeir fara með. En það er því miður svo, að sjálfseign beggja bankanna er tiltölulega lítil á móts við veltu þeirra. Hjer um bil alt það fje, sem bankarnir hafa til útlána, er ekki þeirra eign, heldur er það falið þeim af öðrum til ávöxtunar. Það gefur að skilja, að í sambandi við allar ráðstafanir víðvíkjandi vöxtunum verður að taka fult tillit til þess, að stofnanirnar geti haldið áfram og missi ekki það fje, sem þeim er trúað fyrir til ávöxtunar. Jeg veit, að því muni verða haldið fram af bönkunum, að ef farið verði of langt í að heimta af þeim niðurfærslu vaxta, megi búast við því, að svo og svo mikið fje verði tekið út úr bönkunum, af því að eigendurnir vilji þá heldur sjá um ávöxtun þess sjálfir.

Það er ýmislegt, sem hjer kemur til greina, sem mjer finst ekki hægt að fara út í núna. Jeg skal segja það strax, að jeg álít rjettast, að þessari umræðu verði frestað og till. vísað til fjhn., því til athugunar, hvort um sje að gera ráðstafanir til þess, að vextir lækki.

Jeg vil benda á, að ein hliðin á útlánsstarfseminni, sem í raun og veru hefir verið afrækt undarfarin ár, er fasteignalánastarfsemin. Hún hefir nú síðustu mánuðina komist í nokkurt horf, og jeg hygg, að óhætt sje að segja, að ef von á að vera til þess að almennir vextir lækki hjer, verði að sjá fyrir því, að fasteignalánastarfsemin haldin áfram óhindruð, til þess að ekki þurfi að bætast við úr þeirri átt óeðlileg samkepni um það fje, sem bankarnir hafa til annara útlána.

Jeg finn þannig ekki ástæðu til annars en að taka þessari tillögu vel og óska, að hún fái þá meðferð, sem líklegust er til að leiða til einhvers árangurs.

Út í ræðu hv. aðalflm. (MT) sje jeg ekki ástæðu til að fara, einkum í þau atriði ræðu hans, sem snertu gengismálið. Jeg býst við, að mjer gefist seinna tækifæri til þess, enda kýs jeg að gera það þá í samhengi, heldur en að vera nú að stikla á einstökum atriðum, eins og ræða hans gaf tilefni til. Jeg verð að segja, að það kveður við nokkuð annan tón nú en þegar stjórnarskiftin urðu 1924. Nú er gengislækkun sú, sem þá varð og olli almennum ótta og kvíða, í munni hv. flm. (MT) bara orðin linkind við atvinnuvegina.

Hv. flm. benti á, að til væri ein leið enn, til þess að ljetta á atvinnuvegum landsins, nefnilega lækkun skatta. Sagði hann, að stjórnin hefði ekki treyst sjer til þess að fara þá leið. Þetta er að því leyti rjett, að stjórnin hefir ekki lagt neitt slíkt fyrir þetta þing. En þessa leið er búið að nota. Á þinginu í fyrra voru samþyktar lagabreytingar, sem ljettu að verulegum mun gjöld á atvinnuvegum landsins, þeim, sem verst höfðu orðið úti. Þær lækkanir nema svo miklu, að stjórnin sjer sjer ekki fært að ganga lengra en þá var gert.

Það er ekki rjett hermt hjá hv. flm., að munurinn á innlánsvöxtum og útlánsvöxtum sje hjá okkur meiri en hjá öðrum kristnum þjóðum. Munurinn á innlánsvöxtum og útlánsvöxtum hefir allan þann tíma, sem jeg hefi þekt til, verið hærri á Englandi en hjer, og hafa Englendingar þó ekki

þótt eftirbátar annarra þjóða í peningamálum. En það hefir farið svo, að vextir af innlánsfje eru þar mjög lágir. Þó að þetta sje svo, væri mjög æskilegt, ef okkar bankar sæju sjer fært að hafa þennan mismun á innlánsvöxtum og útlánsvöxtum lægri en hann er nú.

Hitt, sem hv. flm. bar fram og snerti gengismálið að mestu leyti, ætla jeg ekki að fara út í. Jeg vil aðeins enda mál mitt með því að láta í ljós, að jeg get ekki neitað því, að mjer fanst hv. þm. (MT) mála upp meira vonleysi en nokkur ástæða er til, enda þótt ástandið sje erfitt. Því að það, sem kreppir að, er í aðalatriðunum það sama og svo oft áður, sem sje verðfall á okkar afurðum. Verð á þeim er svo miklum sveiflum undirorpið, að það er altaf tilfinnanlegt, þegar þær falla úr sæmilega háu verði niður í það, sem kalla má mjög lágt verð, í samanburði við alment verðlag í heiminum. Slíkt heldur áfram að koma fyrir, og er því ekki ástæða til að örvænta. Það lagast aftur. Á hinn bóginn er ekki rjett að miklast um of, þó að verðlag hækki aftur í eitt eða tvö ár, og telja sjer alla vegi færa. Það er best að líta á alt þetta með ró og yfir lengri tíma í einu.

Jeg vil sem sagt taka þessari tillögu hið besta, að því leyti sem hún er hugsuð sem tilraun til þess að koma einhverju fram í þessa átt. Tel jeg sjálfsagt, að henni verði vísað til fjhn.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg get lýst ánægju minni yfir því, hve hæstv. fjrh. (JÞ) hefir tekið vel í þetta mál. Hann staðfesti með eigin orðum þau ummæli mín, að hann hefði vald til að lækka vexti, með því, að hann kallaði bankana handbendi stjórnarinnar. Það er einmitt með tilliti til þessa, sem jeg hefi litið svo á, að hæstv. fjrh. gæti í raun og veru gert það, sem hann vildi. Hinsvegar vildi jeg ekki hafa farið svo hörðum orðum um ástand bankanna eins og fram kom hjá hæstv. fjrh. En eins og hann sagði, er svo margt utan um þetta, sem ekki er vert að draga mjög fram í umr. hjer.

Hæstv. fjrh. byrjaði með því að þakka stjórninni, að vextir hefðu lækkað 1. október 1925. Jeg skal ekki vefengja, að hann hafi stutt þar að. En áður en jeg fór heim af þingi vorið 1925, vissi jeg ekki betur en að annar bankinn hefði í hyggju að lækka vextina, og einu vonbrigðin mín urðu þau, að vextirnir voru ekki lækkaðir fyr en 1. október í stað 1. júlí. En til þess var fullgild ástæða, sem sje sú, hvað krónan hækkaði ört. Af því hljóta bankar að bíða meira eða minna tjón, sem þeir verða að reyna að vinna upp með nokkuð háum vöxtum.

Þá benti hæstv. fjrh. á það, að ekki væri nóg að heimta vaxtalækkun, heldur yrði að skapa skilyrði fyrir því, að hægt yrði að framkvæma þá lækkun. Jeg verð að játa, að þetta er rjett. En þá verður jafnframt að taka það fram, að sumarið 1925 voru öll skilyrði til fyrir vaxtalækkun, en krónuhækkunin eyðilagði þau skilyrði. Það hefði verið mun snjallara þá að lækka meira vextina en að fara eins ört í krónuhækkunina og gert var. Þá hefði verið nær að fylgja því heilræði hæstv. fjrh., að miklast ekki um of, þó að verðhækkun yrði á afurðum landsins í 1 eða 2 ár. Vextirnir hefðu verið lækk-

aðir og atvinnuvegunum gert kleift á sínum tíma að þola krónuhækkunina.

Mjer er kunnugt um það, að sjálfseign bankanna er lítil sem stendur, og þar kemur munurinn nú og 1923. Þá var hún að nafninu til mun meiri en nú. Nú eru engir sjóðir til að hlaupa upp á og skrifa af. Mjer hefir vitanlega ekki dottið í hug, að fara eigi ógætilega í niðurfærslu vaxta. Jeg vil sannarlega, að mál þetta verði vel og vandlega athugað. Hefði jeg verið hjer í deildinni, þegar ákveðið var, hvernig ræða skyldi málið, þá hefði jeg stungið upp á tveim umræðum. Það er full ástæða til að fara með þetta mál eins og önnur fjárhagsmál, sem fyrir þinginu liggja. Þegar talað er um, að ekki megi fara ógætilega í niðurfærslu vaxta, af því að bankarnir missi við það viðskiftafje, er þar um leið sú bót í máli, að þeir fá betri og vissari viðskiftamenn með lækkun vaxtanna. Að Landsbankinn stendur nú fult eins vel eða betur að vígi en Íslandsbanki, er að þakka lægri vöxtum. Jeg hjelt satt að segja, að það væri enginn skaði skeður, þó að ýms fjárglæfrafyrirtæki eða óviss atvinnuvegur, eins og t. d. síldarútvegur, væri rekið fyrir annað fje en bankanna.

Hæstv. fjrh. hefir nú með þessu, sem hann hefir lýst yfir, beinlínis látið í ljós, að þegar um vaxtalækkun sje að ræða, standi á bönkunum. Það hefði verið betra að sjá þetta fyrir 1925.

Þá fórust hæstv. fjrh. þannig orð, að ætla mætti, að niðurfærslu gjalda og skatta væri svo langt komið, að ekki yrði komist lengra á þeirri leið. Jeg vil einmitt vona, að við getum lækkað skattana talsvert, því 1924 voru lagðir á nýir, þungir skattar, og það er langt frá því, að búið sje að fella þá niður.

Það, sem jeg átti sjerstaklega við, þegar jeg lýsti því yfir, að stjórnin treysti sjer ekki til að lækka skattana, voru fjárlögin. Þar er gert ráð fyrir svo miklum útgjöldum, að ef þau verða ekki lækkuð að miklum mun, get jeg ekki sjeð, að við getum lækkað skattana. En jeg hjelt, að það væri hugsun hæstv. fjrh. og annara góðra manna hjer, að við mættum ekki stofna til fjárlaga með miklum tekjuhalla.

Hæstv. fjrh. gat þess, að Englendingar hefðu meiri vaxtamun en við hjer. Jeg skal ekki rengja hans orð, en hinsvegar er ekki nema hálfsögð sagan. Jeg veit, að þjóðbankinn enski hefir afarlága vexti, en það eru ekki vextir í eiginlegum skilningi. Hans fje er geymslufje, sem stórríkir menn eiga og vilja fyrir hvern mun halda í. En jeg vissi ekki, að munurinn væri svona mikill á Englandi yfirleitt. Jeg hjelt, að við hefðum fengið smjörþefinn af því, þar sem vextirnir af enska láninu voru talsvert háir. En það má vera, að hæstv. stjórn hafi verið alveg sjerstaklega óheppin, þegar hún samdi um það lán; um það má henni vera kunnugra en mjer.

Þá sagði hæstv. fjrh., að jeg hefði málað fjárhagsástæður þjóðarinnar fulldökkum litum. Það kann vel að vera. Jeg get sagt hæstv. fjrh. það, að einn af þeim mönnum, sem þekkja allra best fjárhag þessa lands, sagði við mig meðal annars, að Árnesingar væru nú að verða „skárstir“, og jeg hjelt satt að segja, að lengra mundi nú ekki þurfa að vitna. Hitt er vitan-

lega satt, og því hefi jeg aldrei neitað, að það verðfall, sem er á vörum okkar utanlands, í þessari kreppu, sem nú er, — og jeg hefi verið svo sanngjarn að játa það á þingmálafundum austur í Árnessýslu, — er ekki að öllu leyti gengishækkun að kenna. Mjer dettur ekki í hug að segja það. En hitt er víst, að hún hefir stórkostlega hert á.

Það er eitt, sem jeg svo að lokum vildi taka fram og brýna fyrir mönnum, og ekki síst fyrir hæstv. fjrh. Jeg held, að það sje áreiðanlega og ábyggilega víst, að ekki sje rjett að líta of björtum augum á framtíðina, því að jeg held áreiðanlega, að við eigum eftir afarþung ár, og munum eiga mjög erfitt með að komast fram úr þeirri kreppu, sem við erum í núna. Jeg segi þetta af því, að það er eins og hæstv. fjrh. í skrifum sínum líti aðeins til ókomna tímans og miði alt við hann, en það dugir ekki; við verðum fyrst og fremst að hugsa um ástandið eins og það er, því hvað gagnar okkur að grasið grói, þegar fyljan er fallin? Og jeg hygg, ef alt á að reka á reiðanum og ekki á að hugsa um það að bæta fjárhag þeirra, sem nú eiga erfiðast með að standa í skilum og reka sinn atvinnuveg, að við komumst þá ekki hjá því að láta krónuna falla. En þessi till., sem jeg kem með hjer, er einmitt meðfram gerð til þess að forðast það, ef hægt væri.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Mjer þykir sem hv. flm. (MT) hafi ekki haft neitt að athuga við þá meðferð málsins, sem jeg stakk upp á, að vísa því til fjhn., svo að jeg þarf ekki að fjölyrða um það, og í raun og veru kom ekkert nýtt fram í ræðu hv. flm., sem snertir þetta mál. Jeg verð þó að leiðrjetta það hjá hv. flm., þar sem hann sagði, að stjórnin hefði vald til að ráða vöxtum í landinu. Jeg benti þvert á móti á, að stjórnin hefði ekki vald til að gera það, en benti á, að þessir vextir verða yfir höfuð nokkuð mikið að fylgja viðskiftalögmálum, sem enginn getur rofið án þess að hitta sjálfan sig fyrir. Þá vildi hv. flm. hafa það eftir mjer, að jeg hefði sagt, að bankarnir væru handbendi stjórnarinnar. Jeg held, að jeg hafi ekki sagt það, heldur löggjafarvaldsins; meinti jeg þar með, að löggjafarvaldið hefir meiri afskifti af þeim en annarsstaðar er tíðkanlegt, og er ekkert merkilegt við það, því að annar þeirra er að nokkru leyti fyrverandi seðlabanki, og er það enn, en hinn er að nokkru leyti að byrja að taka við.

Hv. flm. sagði, að það hefði verið snjallræði að lækka vextina árið 1925, en hækka ekki krónuna. Jeg er ekki þeirrar skoðunar. Jeg hygg heldur, að snjallast hafi verið að gera hvorttveggja, eins og gert var. Ekki held jeg, að það lýsi nægum kunnugleika á högum bankanna hjá okkur, að hv. þm. (MT) heldur, að sjálfseign þeirra hafi verið meiri árið 1923 heldur en hún er nú. Það lýsir fremur ókunnugleika. Þegar jeg talaði um það, að bankarnir ættu á hættu að missa viðskiftamenn, ef þeir færðu vextina um of niður, þá átti jeg vitanlega ekki við lántakendur; það firtist enginn lántakandi af því, þótt þeir færi vextina niður, en hinu má búast við, að einhverju leyti, ef innlánsvextir eru færðir meira niður en hæfilegt þykir í hlutfalli við það, sem lántakendur bjóða í þessa peninga, að eitthvað hverfi úr bönkum af inn-

lánsfje. Það er undir venjulegum kringumstæðum ekkert ólán, þótt eitthvert innlánsfje sje á vöxtum utan banka, en bankarnir verða að fara sjerstaklega varlega á þeim tíma, sem erfitt er fyrir atvinnuvegina að borga nokkuð verulega af lánum. Ef innstæðumenn taka sitt fje út úr bönkunum, af því að þeir þykjast ekki fá nægilega háa vexti, þá verða bankarnir að heimta sömu fjárfúlgu jafnharðan frá skuldunautum sínum, atvinnurekendunum. Þetta er ástæða, sem jeg hygg að hv. flm. hafi fullkomlega komið auga á.

Hv. flm. benti rjettilega á það, að það er ekki búið að fella niður alla skatta- og tollahækkun frá árinu 1924. en jeg held það líka ákaflega hæpinn mælikvarða að gera sjer vonir um það, að við getum felt burtu allar þessar hækkanir. Og jeg vil minna á það, að næstu árin á undan 1924, áður en þessi hækkun kom til, var búskapur ríkissjóðs rekinn með árlegum tekjuhalla, sem svarar frá 2 og upp í 3½ milj. kr. Og að ástandinu svona ekki mikið breyttu, þá get jeg ekki sjeð, að það muni verða hægt að setja tekjur ríkissjóðs aftur í það sama far og þær voru í þessi tekjuhallaár.

Um vexti í Englandi er það að segja, að jeg hafði ekki svo mjög hugsað mjer vexti Englandsbanka, því að það er ekki óvenjulegt um hann, eins og aðra þjóðbanka og seðlabanka, að þeir gefi litla vexti af innlánsfje. Jeg átti þar við hina stærri viðskiftabanka, sem mest ber á í Englandi. Þeir borga ákaflega litla vexti af innlánsfje. Að nefna enska lánið frá 1921 kom ekkert við þessu máli, af því að þetta enska lán frá 1921 er alls ekki bankalán. Það er handhafaskuldabrjefalán, og ef erfið kjör á því láni ættu að sanna nokkuð hjer um, þá sannaði það náttúrlega mitt mál, að mismunur á þeim útlánsvöxtum, ef menn vilja kalla það útlán, og innlánsvöxtum banka í Englandi, er miklu hærri en hjer. En sá samanburður er ekki rjettur, af því að þetta var alls ekki bankalán.

Þá held jeg, að jeg verði að vera hv. flm. alveg ósammála um það, að vaxtalækkun sje ráð til að forðast lækkun gjaldeyris. Mjer skildist virkilega hv. flm. segja þetta. Hitt vita allir, sem nokkuð hafa kynt sjer þetta mál, að að því leyti sem mismunandi vöxtum er beitt til þess að hækka gjaldeyri, þá er það vaxtahækkun og háir vextir, sem „þjena“ til þess, ef svo má segja, að halda honum uppi eða hækka hann. Að það sje hægt að halda uppi eða hækka gengi gjaldeyris með vaxtalækkun, lýsir svo mikilli vanþekkingu á þessu efni, að slíkt má ekki heyrast í þingsal. En þótt jeg sje hækkunarmaður, þá vil jeg gjarnan bíða, því að jeg get mjög vel unnað atvinnuvegunum þeirrar hjálpar, sem hægt er, með lágum vöxtum, þótt jeg hyggi, að fræðimennirnir hafi rjett fyrir sjer í því, að það muni ekki verða til þess að hækka gjaldeyrinn.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg gleymdi í fyrri ræðu minni að geta þess, að jeg hafði hugsað mjer dálítið aðra meðferð heldur en hæstv. fjrh. á þessu máli. Jeg hafði hugsað mjer, að umr. væri aðeins frestað, en till. ekki vísað beint til nefndar. Svo stendur á, að við vitum, og jeg býst við, að hæstv. fjrh. viti það líka, að fjvn. hefir einmitt hugsað sjer að tala við ráðherrana um fjárhagsástandið yfirleitt, áður en

hún tekur nokkra ákvörðun um einstaka liði fjárlaganna, og þá hafði jeg hugsað mjer, að þetta gæti um leið komið til tals. En ef svo vill verkast, þá er ekkert á móti því, að nefndarmenn taki þá einnig þetta til íhugunar. Þess vegna er það fyrst og fremst mín till., að umr. sje aðeins frestað.

Hæstv. fjrh. vildi ekki kannast við það, að hann hefði vald til að ráða vöxtum bankanna. Já, mjer fanst það beint liggja í orðum hans, og jeg verð að segja, að jeg er þeirrar skoðunar, og jeg hjelt, að hæstv. ráðh. áliti það líka, að ef einhver maður er annars manns handbendi, þá hljóti hann að ráða við hann. Hæstv. fjrh. vildi segja það, að hagur bankanna hefði verið betri árið 1923. Jeg tók beint fram, eða mjer fórust þannig orð, að jeg vildi ekki deila um það, meðal annars vegna þess, að mjer er það mál of ókunnugt, bæði þá og nú, til að geta felt ábyggilegan dóm um það. En jeg sagði það, að ástandið hefði þá verið betra að nafninu til, og jeg vil meðal annars færa þessum orðum mínum stað, að minsta kosti hvað annan bankann snertir. Við vitum, hverju hlutabrjef Íslandsbanka standa í núna. Þau eru undir 30 krónum. **(KlJ.** og **fjrh. JÞ:** Nei, þau eru yfir 30). Jeg sá þó að minsta kosti í nýjum blöðum nýlega, að kaupandi vildi fá þau á 29 krónur, en hinn vildi selja á 30, og þetta bendir á, að þeir, sem að bankanum standa, hafi ekki mikið álit á fjárhag hans. En árið 1923 stóðu brjefin miklu hærra. En þess er líka að gæta, að krónan stendur miklu hærra nú en þá, svo að þau ættu að standa mun hærra.

Þá hneykslaði jeg hæstv. ráðh. (JÞ) með því að skjóta því fram, að jeg skoðaði þessa vaxtalækkun sem ráð til þess að halda uppi gjaldeyrinum. Jeg hefi aldrei ætlað mjer þá dul að vera nokkur sjerstakur gjaldeyrisfræðingur, þótt jeg hafi reynt að fylgjast með þeim málum. En jeg vil benda á, að jeg vissi vel um þessa kenningu og hafði meðal annars hugsað mjer, að það gæti ekki komið til mála, að bankinn lækkaði vextina, á meðan hann væri að vinna töpin upp af hækkuninni, en það, sem jeg vildi segja, var það, að ástæðurnar hjer innanlands eru þannig, að það er mikil ástæða til að efast um, hvort þessar almennu kenningar hafa nokkurt verulegt gildi á Íslandi. Þær geta verið í gildi þar, sem um stóra og fasta atvinnuvegi er að ræða, þar sem menn láta sjer nægja með mjög lítinn arð. Jeg efast ekki um, að þær gildi þar. En jeg hygg, að þær hafi ekki nærri eins mikið gildi hjer hjá okkur. Aðalatvinnuvegurinn, sem hjá okkur hefir sópað til sín peningunum, og vitanlega átt mestan þátt í hækkun og lækkun krónunnar, hann fer ekkert eftir því, hvort krónan hækkar eða lækkar; hjá slíkum atvinnuvegum getur verið að tala um 100% tap eða gróða á árinu. Sá atvinnuvegur fer mjög lítið eftir því, hve háir vextirnir eru, svo að þessi regla gildir ekki nærri eins alment hjer eins og annarsstaðar. En það er enginn vafi á því, að slíkt ljettir fyrir atvinnuvegunum, og sjerstaklega á þann hátt að auka þeirra vonir, og það er kannske ekki minst í það varið, einmitt þegar menn kúgast undir vaxtabyrðinni. Þeir eru kannske komnir að því að leggja alveg árar í bát, en ef þeir fá einhverja linkind, þá eykur það stórum þol og þrek þeirra, og það er máske mest gagn að því að

auka vonir þeirra, sem hagur þjóðarinnar stendur og fellur með. Það er að auka þeim ásmegin.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Jeg get vel gengið inn á það með hv. flm., að það er efasamt um þýðingu hárra vaxta fyrir gengið. En hitt dugir alls ekki, að snúa blaðinu við og segja: lágir vextir eru gengishækkandi hjer.

Jeg verð að halda fast við till. mína, að málinu verði vísað til fjhn. Þetta mál, ef það er meiningin, að það verði nokkuð annað en sýningarnúmer hjer á þinginu og út á við, stendur í sambandi við mál, sem hljóta að koma til meðferðar hjá fjhn., og óska jeg þess vegna, að þessu máli verði þangað vísað, eingöngu af því, að jeg hefi allan hug á því, ef mögulegt væri, að einhverju yrði framgengt í þá átt, sem till. fer fram á.

ATKVGR.

Till. vísað til fjhn. með 20 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 22., 24., 31., 32. 33., 34., 35. og 63. fundi í Nd., dagana 5., 8., 16., 17., 18., 19. og 21. mars og 30. apríl, var till. tekin til framh. einnar umr. (A. 30, n. 73).

Forseti tók málið af dagskrá.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

2. Milliþinganefnd um hag bátaútvegsins.

Á 18. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til að rannsaka hag bátaútvegsins og gera tillögur til tryggingar honum (A. 74).

Á 19. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 20., 22., 24., 28., 31., 32., 33. og 34. fundi í Nd., dagana 3., 5., 8., 12., 16., 17., 18. og 19. mars, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., mánudaginn 21. mars, var till. aftur tekin til fyrri umr. (A. 74, 122).

Flm. (Sveinn Ólafsson): Því er alment haldið fram, að landbúnaðurinn sje sú þungamiðja í starfi þjóðfjelagsins, sem alt eigi að miðast við, að hann sje sú atvinnugrein, sem mestu varði að þróist og aukist, en þverri ekki. Þessi skoðun er ekki á því reist, að landbúnaðurinn sje svo ýkja arðvænlegur nú á tímum eða leggi svo mikið til sameiginlegra ríkisþarfa, heldur hinu, að hann miðlar þjóðinni, auk vinnulauna starfsmannanna, þeim verðmætum, sem ekki verða í álnum talin, ekki metin af neinni gengisnefnd eða vegin á mangarans vog, en eru samt hyrningarsteinar undir menningu

hennar í fortíð og nútíð, og sennilega líka í framtíðinni.

Allir hugsandi menn kannast við það, að siðmennilegum og þá um leið andlegum og líkamlegum þroska þjóðarinnar er betur borgið í skjóli landbúnaðarins en annara atvinnugreina. Orsakirnar til þessa, að svo er, ætla jeg ekki að rekja. Þær eru margar, og þar kemur margt til greina. Aðeins eitt atvik til skýringar þessu skal jeg nefna, og er það í raun og veru undirstöðuatriðið, eða að minsta kosti eitt af undirstöðuatriðunum, sem sje það, að landbúnaðurinn framar öðrum atvinnugreinum skapar sjálfstæða og óháða atvinnurekendur, ekki aðeins búendurna sjálfa, heldur jafnvel oft og tíðum vinnufólk þeirra, sem að einhverju leyti á sameiginlegra hagsmuna að gæta við búendurna.

Þetta fólk, sem þannig starfar, er í hugsun og háttum talsvert frábrugðið þeim, sem vinna í eyrarvinnunni. Aldrei heyrist þar um verkföll eða vinnubann deilt. Þetta fólk stendur ekki í kaupdeilum eða gerir samúðarverkföll. Það skiftir beint við náttúruna, og hún geldur því kaupið eftir verðleikum. Það er ekki að leita fyrir sjer með lævíslegu prangi til þess að geta seilst sem dýpst í vasa náungans og lifað af sveita hans. Það þarf heldur ekki að leggja sig niður við þá auðvirðandi ástríðu að reikna út við hvert fótmál og handtak, hvernig það geti með minstri fyrirhöfn og framlögum fengið það mesta fáanlega hjá öðrum. En sú hugsun hefir fyr og síðar átt drýgstan þáttinn í því að gera hugsunarháttinn lágsigldan, þar sem fjöldinn verður að leita sjer atvinnu hjá öðrum. Einmitt þarna skiljast leiðir með þeim, sem móðurmoldina rækta, og hinum, sem leita á náðir stórútvegarins og hinna stórfeldari atvinnufyrirtækja og eiga verða alt undir þeim í kaupavinnu eða daglauna. Það er engin þörf á að draga líkur að því hjer, hvor leiðin muni hollari og líklegri til þess að ala upp föður- og móðurbetrunga í framtíðinni. Allir skilja það og vita, sem ekki eru blindaðir af fákænsku og ljettúð.

Viðurkenningin um skilning Alþingis á þessu kemur fram í þeim margvíslegu ráðstöfunum, sem það hefir gert til eflingar landbúnaðinum. Þær ráðstafanir hafa að vísu ekki allar borið eftiræsktan árangur, en þær eru samt ótvíræður vottur viðurkenningarinnar.

Einhverjum kann að koma til hugar, að þessi formáli eigi ekki sem best við till. á þskj. 74, um nefndarskipun til að athuga hag og horfur bátaútvegsins. En jeg verð þó að halda hinu fram, að hjer sje talsvert náið samband á milli. Bátaútvegurinn hefir frá fyrstu tíð haldist í hendur við landbúnaðinn og verið sameinaður honum á ströndunum strjálbygðu og landkostarýru. Bátaútvegurinn hefir verið annar aðalþátturinn í sjálfsbjargarviðleitni þjóðarinnar. Það er að vísu rjett, að hann hefir fært svo út kvíarnar á síðari árum í hinum stærri kauptúnum og verstöðvum, að hann hefir yfirskygt landbúnað nærsveitanna og dregið að sjer vinnuaflið úr sveitunum. En jafnvel þótt svona sje, felur hann í sjer framar stórútveginum og iðjufyrirtækjum, sem á fjársöfnunum eru bygð, skilyrði til að skapa heilbrigða atvinnuhætti og lífskjör handa fólkinu, sem hann stundar. Bátaútvegurinn er víðast hvar aðeins bygður á framlög-

um sjálfra fiskimannanna, en lítil auðsöfnun stendur þar að baki. Það er því sameiginlegt með bátaútvegsmönnunum og sveitabændunum, að hvorirtveggja sækja vinnukaup sitt í nægtabúr náttúrunnar, en þurfa hvorki að þiggja náðarbrauð af öðrum, nje heldur miða handtökin við lágmarksframlögin. Það er einmitt þetta, sem gefur bátaútveginum sjerstakt gildi, jeg vil segja menningarlegt gildi, og setur hann að vissu leyti við hlið landbúnaðarins.

Þá má einnig á það benda, að þar, sem bátaútvegurinn hefir dregið fólkið saman í fjölbýli á ströndum landsins, að vísu frá ræktunarstarfi sveitanna og stöðugri atvinnu að hæpnari atvinnu og tvísýnni, þar hefir nú á síðari árum bólað á talsverðum tilþrifum í áttina til landræktar og nýs landnáms út frá kauptúnunum og í kringum þau. Og jeg býst við, að einmitt út frá slíkum stöðum hefjist með tímanum það nýja landnám og landrækt, sem hugur þjóðarinnar stefnir að.

Á síðustu árum, eða nánar tiltekið frá því skömmu eftir aldamótin, hafa flest hin minni þorp og verstöðvar vaxið upp. Enn þá er nokkur gelgjubragur á öllum atvinnuháttum á slíkum stöðum. Fjelagsleg samvinna er lítil og frumbýlingsháttur á atvinnurekstrinum auðsær. Og nú á síðustu árum hefir komið lamandi afturkippur í bátaútveginn, sem sumpart stafar af þeim verðbreytingum, sem urðu á gjaldeyrinum fyrir tveim árum, og sumpart af þeim ástæðum, sem eru verri viðureignar, sem sje verðfalli sjávarafurða. Á þessu er að vísu nokkur munur frá einum landshluta til annars. Eftir því sem mjer hefir skilist, eru Austur- og Norðurland einna verst farin í þessu efni, enda munu síðustu vertíðir frekar hafa brugðist þar en vestanlands og sunnan. En þó að svona sje, er þessi útvegur að mörgu leyti hart haldinn og þjakaður af skuldum hvarvetna um land.

Það er mjög eftirtektarvert, að þar, sem svona er ástatt og atvinnan mistekst, þar kemur upp sú hugsun, að biðja um útlenda hjálp, biðja um leyfi til þess að mega kalla útlendinga til landsins og útlent fjármagn. Jeg veit, að hv. þdm. er minnisstætt, að hjer hafa legið fyrir óskir um að leyfa útlendum fiskiflota aðgöngu og landsvist, fólkinu til atvinnubóta. Ef jeg man rjett, hafa slíkar beiðnir komið frá þrem kaupstöðum. Slíkt öfugstreymi — og hefndargjöf, ef veitt yrði, — mundi umturna enn frekar en orðið er heilbrigðum atvinnuháttum þjóðarinnar og fjölga öreigalýð. Liggur miklu nær, eftir föngum, að reyna að styðja hinn innlenda, sjálfstæða bátaútveg en að selja staðfestuna þannig. Fyrir bátaútveginn hefir aðeins fátt verið gert frá opinberri hlið. Fyrir rúmum 20 árum var stofnaður Fiskiveiðasjóður Íslands, og það er hjer um bil það eina, sem gert hefir verið í þessa átt. Þessi sjóður er ekki stór. Hann mun nú vera um 550 þús. kr., og árlegar tekjur hans nema nálega 32 þús. kr. Ætla mætti, að þetta fje væri látið ganga til bátaútvegarins. En svo er ekki, nema að litlu leyti. Af höfuðstólnum mun vera í útlánum hjá bátaútveginum 180 þúsund krónur gegn 5% rentu. Alt hitt hefir farið til hafnarmannvirkja; þar á meðal 275 þúsund-

ir til Reykjavíkurhafnar, en 35 þúsundir til ýmsra annara hafna og 60 þúsundir nú fyrirheitnar Akureyrarhöfn.

Þannig hefir þessi eini fjárhagslegi stuðningur, sem bátaútveginum var fyrirhugaður, ekki orðið honum að verulegu liði. Hann hefir ekki fengið að njóta hans.

Það er rjett að taka það hjer fram, að í reglugerð fiskiveiðasjóðs felst einskonar heimild til að veita lán til hafnarbóta, en af henni er reyndar augljóst, að slíkar hafnarbætur eru hugsaðar frá öndverðu vegna bátanna, en ekki vegna stærri hafnarvirkja, eins og í seinni tíð hefir orðið ofan á. Hinsvegar má geta þess, að nýlega hefir verið lagður talsvert erfiður þröskuldur í veginn fyrir bátaútveginn. Á jeg þar við slysatryggingarlögin frá næstsíðasta þingi, sem einhliða lögðu á bátaútveginn, eða eigendur hans, iðgjaldagreiðslu alla vegna sjómanna, þá sömu iðgjaldagreiðslu, sem áður skiftist milli útgerðarmanna, ríkissjóðs og þeirra slysatrygðu. Jeg verð nú að halda því fram, að það hafi verið ófyrirsynju gert að leggja á þann útveg slíka byrði, og allsendis óþarft.

Jeg skal líka geta þess, að fyrir skömmu, — jeg hygg, að það hafi verið á síðasta þingi — lágu skýrslur fyrir úr ýmsum veiðistöðum á landinu um það, hver kjör útvegurinn byggi við á hverjum stað, og það virtist svo eftir þeim skýrslum, sem kjör hans, uppsátursgjald eða vervist, hafi verið allerfið og breytileg.

Þó að jeg hafi orðið til þess, ásamt öðrum hv. þdm. (ÁÁ), að bera fram þessa till., þá dettur mér ekki í hug að ætla, að jeg hafi nein sjerstök skilyrði til þess að benda á þær leiðir, sem hjer eigi eða þurfi helst að fara, enda verð jeg að geta þess, að jeg er að meira leyti sveitamaður en sjómaður. En þótt jeg ekki sjái mjer fært að koma með ákveðin ráð til umbóta á hag bátaútvegsins sem stendur, þá er mjer vel ljóst og skiljanlegt það, sem helst og einkum kreppir að honum, sjerstaklega þó í þeim landshluta, þar sem jeg er kunnugastur. Það er auðvitað, að víða á skorturinn á fjelagslegri samvinnu mikinn þátt í því, hve erfiðlega horfir fyrir þessum útvegi, og það er auðvitað líka, að skortur á hóflega dýru rekstrarfje er einhver allra erfiðasti hjallinn fyrir hann, því eins og jeg tók fram áður, þá hefir hann ekki nema að litlu leyti fengið að njóta þess rekstrarfjár eða lánsfjár, sem honum einu sinni var ætlað að njóta með vægum kjörum. Eðlilega er lítið veðhæfi bátanna, og skortur á veðhæfum eignum útvegsmanna oft þess valdandi, að vaxtakjörin verða erfið.

Við flm. höfum komist að þeirri niðurstöðu, að þó að með tillögum um breytingar á lögum um fiskiveiðasjóðinn, eða með tillögum um minni háttar breytingar á slysatryggingarlögunum, eða yfirleitt með tillögum um smávægilega hluti, sem snerta útveginn, megi veita honum stuðning, þá þarf miklu víðtækari ráðstafanir og marghliða aðstoð honum til bjargar, og þess vegna höfðum við þá líka talið sjálfsagt að skipa milliþinganefnd til að undirbúa allar þær ráðstafanir, sem fyrir hann mætti gera, og að sjálfsögðu verður að hugsa sjer, að til þess starfa verði valdir sjerstaklega hæfir menn. Verkefni þeirra hlýtur að verða töluvert margþætt, því að á margt er að líta, og tæplega við því að búast, að verkið verði leyst vel af hendi nema því aðeins, að

í nefndina verði valdir menn frá ýmsum landshlutum, sem hafi glögga og staðlega þekkingu á hag þessa útvegs hvarvetna á landinu.

Nú eru komnar fram brtt. á þskj. 122 við till. okkar hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sem lúta að því að færa aðaltill. út á víðara svið og láta hana ná yfir allan sjávarútveginn. Jeg fyrir mitt leyti verð að segja það, að jeg sje mjer ekki fært að hallast að þessum till., einkanlega vegna þess, að jeg álít, að verkefnið verði þá alt of umfangsmikið og tæpast viðráðanlegt. Auk þess finst mjer hjer vera að ræða um tvær eðlisólíkar tegundir atvinnu, þar sem eru bátaútvegurinn og stórútgerðin, og þótt svo sje, að sameiginleg úrlausnarefni fyrir hvortveggi greinar útvegs geti komið fyrir, þá ætti það ekki að spilla neinu eða rýra gildi nefndarstarfsins, þótt það um leið að einhverju leyti gæti orðið stórútveginum að notum. Og þeirra hluta vegna þarf ekki að teygja ákvæði till. út yfir stórútgerðina. Það er t. d. auðvitað, að markaðsleit og söluráðstafanir afurða, nýting fiskiúrgangs og trosfiskjar, verður altaf sameiginlegt, eins og líka reyndar ýmislegt annað. En svipaðan skyldleika má í raun og veru nefna milli allra atvinnugreina landsmanna; í raun og veru er það svo, að hver atvinnugreinin styður aðra, og eiga þær því allar eitthvað sameiginlegt.

Jeg hafði varla búist við því, að jeg mundi mæla fyrir þessari till. okkar hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Jeg hafði meira að segja, vegna sjúkleika, gert ráðstafanir til þess, að meðflm. minn (ÁÁ) gerði það, en hv. þm. (ÁÁ) hefir ekki komið hjer í dag (**Einhver þm.:** Þm. V.-Ísf. er veikur í dag.) — og þess vegna hefi jeg orðið að taka að mjer þessa framsögu, þótt ekki væri jeg undir hana búinn.

Nú mun þykja sjálfsagt, að mál eins og þetta verði athugað í nefnd, og jeg tel það líka allsendis óumflýjanlegt; vildi jeg þess vegna mælast til, að þessari umr. lokinni, að því yrði vísað til nefndar, og þótt jeg fremur hefði viljað kjósa til þess aðra nefnd en sjútvn., sem jeg á sjálfur sæti í, þá sje jeg þó ekki fært að gera það að till. minni, að því verði vísað til annarar nefndar.

Það má vel vera, að ýmsum sýnist, að óþarflega margir menn sjeu ákveðnir til starfans í milliþinganefnd, og skal jeg ekki um það deila. En fyrir okkur flm. vakti það, að af því að staðhættir eru svo breytilegir frá einum landshluta til annars, þá bæri nauðsyn til að taka menn frá öllum fjarlægari landshlutum í nefndina. En ekkert aðalatriði er það þó fyrir okkur, heldur hitt, að í nefndina, ef hv. Alþingi felst á till., verði skipaðir vel hæfir menn, sem mætti vænta að byggju eitthvað í haginn fyrir komandi tíma í þessu efni.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vil lýsa yfir því, að jeg er hlyntur þessari till. um skipun milliþinganefndar til að rannsaka hag bátaútvegsins og gera tillögur til tryggingar honum, en hefi þó komið með brtt. um, að fyrir orðið „bátaútvegur“ verði alstaðar sett orðið „sjávarútvegur“. Jeg get ekki fallist á þær ástæður, sem hv. flm. (SvÓ) kom með, að bátaútvegurinn væri það sjerstæður, að ástæða væri til að taka hann sjerstaklega úr samhengi við hinn hluta atvinnuvegsins og skipa milliþinganefnd til þess að athuga ástæður hans

eins. Það er kunnugt, að þótt hagur bátaútvegsins sje bágborinn hjer á landi, þá er hagur stórútgerðarinnar það engu síður, og því engu síður ástæða til að athuga, hverjar umbætur mætti gera hennar vegna, og líka er margt það við rannsókn bátaútvegsins, sem kemur að meira eða minna leyti við hag stórútgerðarinnar, t. d. nýjar vinnuvjelar og nýjar veiðiaðferðir, sömuleiðis að finna ný mið, sjerstaklega ef til Grænlandsútgerðar kæmi, og um skipulag á afurðasölu. Alt þetta mundi jafnt eiga heima um bátaútveginn og stórútgerðina, og svipað er um markaðsleit og eins það, hvernig hægt væri að nota fiskúrgang og verðlitlar fisktegundir. Það er aðeins eitt atriði, sem er sjerstætt, 4. atriðið, hver ráð muni til að útvega bátaútveginum ódýrt rekstrarfje o. s. frv., enda hefi jeg ekki komið með brtt. um að breyta þar orðinu „bátaútveginum" í „sjávarútveginum". Hjer er ætlast til, að kosin verði 5 manna nefnd, og finst mjer, að hún sje svo fjölmenn, að hún geti tekið að sjer að athuga sjávarútveginn allan, og ekki síst þegar tekið er tillit til þess, að hjer er á ferðinni í þinginu till. um þriggja manna nefnd til þess að athuga ástand landbúnaðarins. Þá ætti þetta fjölmennari nefnd að geta tekið að sjer rannsókn sjávarútvegsins alls.

Fiskiþingið hefir gert samþykt um að skipa milliþinganefnd til þess að rannsaka sjávarútveginn yfirleitt, og er það í samræmi við brtt. mína.

Jón Ólafsson: Um leið og jeg tek undir þann góða tilgang, sem vakir fyrir hv. flm. þessarar till., verð jeg að fara nokkrum orðum um hina einstöku liði hennar. Jeg skal strax taka það fram, að jeg er algerlega á móti því, að skipuð verði milliþinganefnd í þetta mál, og er það af þeim ástæðum, að jeg tel ekki, að hún geti leyst það starf betur en þeir kraftar, sem landið á í Fiskifjelaginu og ráðunautum þess. Og jeg held, að sú rannsókn mundi fara best í höndum þeirra manna, sem mest hafa hugsað um hag þessa útvegs. Annað, sem kemur mjer til þess að vera á móti skipun milliþinganefnda yfirleitt, er það, að mjer finst við ekki hafa fengið neinar verðmætar leiðbeiningar frá slíkum nefndum í þeim málum, sem þær hafa verið skipaðar til að vinna að. Jeg skal að vísu ekki segja um, hvort þær hafa látið eitthvert verðmæti eftir sig liggja fyrir söguna, en jeg hefi ekki getað fundið, í einum fimm nefndarálitum, segi og skrifa fimm, nokkuð verulegt til gagns fyrir þau mál, sem þær hafa átt að athuga, nema ef til vill aðeins til þess að samræma lög og lagabálka, t. d. milliþinganefnd til þess að rannsaka löggjöf landbúnaðarins í heild sinni.

Jeg ætla þá að snúa mjer að hinum einstöku liðum till., og skal jeg þá byrja á 1. liðnum. Það er eins og allir vita, að hver einasti maður, sem fæst við slíkan atvinnurekstur sem þennan, byrjar fyrst á því að athuga, hvað og hvar hann geti sparað og hvernig hann best geti farið að því að láta þann atvinnuveg bera sig, sem hann hefir með höndum. Þetta gerir hann með ýmsu móti, þar á meðal með því að gjalda minna kaup og láta menn sína taka hlutdeild í aflanum, og jeg held, að þetta atriði sje það, sem mest er barist um. Jeg hefi ekki trú á því, að menn nje stofnanir geti sett neinar betri

reglur um það en einmitt þeir, sem fara með þessa útgerð, og álít því 1. lið till. tilgangslítinn.

Þá er 2. liður till.: Hverjar breyttar eða bættar veiðiaðferðir megi honum að liði verða. Það er nú svo, að þetta mál hefir verið fyrir fiskiþinginu um þrjú undanfarin ár; það hefir verið skipuð nefnd í málið þar, og meðal annars yfirfarið, hvaða veiðiaðferðir okkur vantaði kringum landið, sem annars eigi við og notaðar eru í nálægum löndum við sama fisk og hjer er, og niðurstaðan hefir orðið sú, að okkur vantaði ekki neitt af viðeigandi veiðiaðferðum. Það hefir því ekki þótt ástæða til að gera neitt frekara í því efni. Hinsvegar hefir það komið til orða, að Austfirðingar væru á eftir með netaútgerð, og það hefir komið til orða að veita þeim einhvern styrk til þess að reyna að veiða þorsk í net, en auðvitað er það verk Fiskifjelagsins og fiskiþingsins að gera það, ef Austfirðingar hafa ekki þá manndáð í sjer að reyna sjálfir. Og jeg held, að milliþinganefnd geti ekkert skipað fyrir um þetta, eða að minsta kosti ekki betur en starfskraftar þeir, sem Fiskifjelagið hefir á að skipa. Þetta er leiðbeiningastarfsemi, sem Fiskifjelagið er fúst og skyldugt til að inna af hendi og mundi gera það, engu síður en milliþinganefnd.

Þá er 4. liður þessarar till., sem í raun og veru er sá liðurinn, sem mestu varðar og mest verður að byggja á, en það er í rauninni ekki heldur milliþinganefnd, sem getur gert neitt verulegt í þessu, og ekkert frekar en stjórn Fiskifjelagsins gæti gert í samráði við landsstjórnina. Jeg get ekki sjeð, að nefnd, sem eins og hv. flm. (SvÓ) tók fram, ætti að vera komin víðsvegar að af landinu, mundi koma fram með neinar þær tillögur, sem gætu verið betri en þær, sem Fiskifjelagið og ráðunautar þess geta gert, með þekkingu sinni á öllu því, sem gerist um land alt í þessu máli. En það er, eins og jeg tók fram, 4. liðurinn, sem er aðalefnið í þessu máli, og það er alveg rjett, að það er lítið gert fyrir þennan útveg, og vitanlega þyrfti að gera miklu meira fyrir hann. En það er allfróðlegt í þessu sambandi að líta yfir þetta atriði málsins síðan 1905, að fiskiveiðasjóðurinn var stofnaður með 100 þús. kr. framlagi úr ríkissjóði. Árlegar tekjur hans skyldu vera 6000 kr., sem ríkissjóður legði til, og $^1/_3$ sekta og $^1/_3$ seldra veiðarfæra þeirra skipa, er tekin væru í landhelgi við ólöglegar veiðar. Árið 1907 fær sjóðurinn enn sem tekjur 10% af útflutningsgjaldi af síld, en 1919 er svo þessi tekjuliður tekinn af sjóðnum, og 1920 eru allar sektir fyrir ólöglega veiði í landhelgi látnar renna í landhelgissjóð og þar með teknar af fiskiveiðasjóði.

Upphaflega lánaði sjóðurinn með 3% vöxtum og afborgunarlaust í 3—4 ár. Lánsupphæðin — hámark — var á 5—16 smál. bát kr. 2000,00, á 16—30 smál. bát kr. 5000,00 og gufuskip kr. 15000,00. Hámark lána hefir síðar verið hækkað, þannig:

úr 15 þús. kr. upp í 30 þús.
— 5 — — — - 10 —
— 2 — — — - 5 —

Sömuleiðis hafa vextir verið hækkaðir úr 3% upp í 6%, en ekki er mjer kunn ástæðan fyrir vaxtahækkuninni.

Við það að líta yfir starfsemi sjóðsins sjest, að hann hefir á fyrstu 9 ár-

unum, þ. e. til 1914, lánað til báta og vergagna kr. 220 þús., og er þá meiri hluti sjóðsins í útlánum. Upp frá þessu fer eftirspurnin, eða útlánin, minkandi, svo að við árslok 1924 eru aðeins 70 þús. kr. úti í lánum til báta. Aftur á móti eru þá nýlega lánuð stórlán úr sjóðnum til hafnarbóta; þá fær Reykjavíkurhöfn 250 þús. kr. lán, og í sjóði nú á seinni tímum eru 200 þús. kr. og þar yfir, sem ónotað er samkvæmt tilgangi sjóðsins.

Eftirtektarvert er það, að lánin til báta fara þverrandi frá 1914. En það ár eru sett lög um sjóveðrjett í bátum og skipum, sem gera öll önnur veð mjög óábyggileg. Og víst er það, að mjög standa lög þessi í vegi fyrir veðhæfi báta og smærri skipa fyrir lánum við allar lánsstofnanir.

Það er alveg rjett, sem hv. flm. (SvÓ) sagði, að sjóðurinn hefir meira beinst að því að lána fje til hafnargerða, og þó jeg álíti, að þessi sjóður eigi frekar að vera til hjálpar smábátaútveginum heldur en stórum hafnargerðum, þá verð jeg þó að segja það, að það er ekki hægt á neinn hátt að hjálpa sjávarútvegi betur en með því að sjá um, að hann fái góðar hafnir; því að enginn útvegur getur átt sjer stað, nema þar sem hafnir eru góðar, og það hefir sýnt sig t. d. á Akranesi, að þar er nú komin töluverð útgerð, einmitt fyrir þá lendingarbót, sem gerð var á bátahöfninni þar. En það er auðsætt, að í þessu máli er það aðalverkefnið að finna einhver ráð til þess að efla fiskiveiðasjóðinn og gera hann aðgengilegri fyrir þennan útveg en verið hefir. Því að jeg er sannfærður um það og samþykkur hv. flm. (SvÓ) um, að það er aðallega það, sem kreppir að bátaútveginum, að hann er orðinn skuldugur og á lítils úrkosta um hagkvæm lán. Það verður að leita einhverra ráða til úrlausnar, en það þarf ekki neina milliþinganefnd til þess. Það er hægt að fá nægar skýrslur um erfiðleika þá, sem útgerðin á við að stríða. Víst er það, að sjávarútgerð öll er illa stödd fjárhagslega nú sem stendur, og þarf því fyrst og fremst að finna einhver ráð til þess að bæta skilyrði hennar til hagkvæmra lána, og get jeg þá ekki sjeð annað ráð heppilegra en að efla þann sjóð, sem helst á að vera þessum atvinnuvegi til styrktar, en það er fiskiveiðasjóðurinn, sem jeg hygg að hafi nú í sjóði eitthvað um 200000 kr. En sjóðurinn allur mun vera eitthvað yfir ½ miljón kr., og mundu vextir af honum nægja nokkuð til áframhaldandi hjálpsemi. En þetta finst mjer alveg eins hægt að framkvæma með aðstoð stjórnarráðsins og þeim upplýsingum, sem Fiskifjelagið getur veitt um þessi efni.

Ýms atriði í ræðu hv. aðalflm. (SvÓ) voru smáskemtileg, og væri ástæða til að fara nokkrum orðum um þau, svo sem mótvægi stórútgerðarinnar, verndun menningar þjóðarinnar samanborið við stórútgerðina, mölina o. fl., en út í það skal ekki farið. Það er alls engin þörf á sjerstakri rannsókn á stórútgerðina, eins og hv. 4. þm. Reykv. (HjV) var að tala um. Menn geta fengið allar upplýsingar um útgerðina hjá þeim mönnum, sem hana reka. Og ef þeir sitja inni með einhvern vísdóm eða eitthvert ráð, ættu þeir heldur að segja það einhverjum útgerðarmanninum og láta gera tilraunir.

Það er altaf akur fyrir slíkar tillögur, sem hjer er um ræða, þegar illa

gengur. Þá lifna menn við og vilja gera umbætur, sem eru helst fólgnar í því að skipa nefnd og aftur nefnd. En víst er það, að nefndirnar geta ekki lagfært og komið þar fram umbótum, er einstaklingarnir eru frá gengnir.

ATKVGR.

Brtt. 122, 1—4 teknar aftur til síðari umr.

Tillgr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. apríl, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 23. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 74, 122, n. 368).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Jeg hefi sáralitlu við það að bæta, sem stendur í nál. á þskj. 368. Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með þessari till., þó með lítilsháttar breytingu. Ástæðurnar fyrir því, að till. þessi er fram borin, eru greinilega teknar fram í greinargerð þeirri, sem till. fylgir. Ennfremur gerði hv. aðalflm. hennar allítarlega grein fyrir almennum ástæðum í þessu máli, þegar till. var hjer til fyrri umr. Hefir nefndin fallist á þær ástæður, og nægir að vísa til þess, sem þá var sagt, að því er snertir málið alment. Nefndinni er ljóst, að af skipun þessarar milliþinganefndar hlýtur að leiða ofurlítinn kostnað. En hún lítur svo á, að í það sje ekki horfandi, ef ske kynni, að starf hennar yrði til hagsbóta fyrir þennan atvinnuveg, sem fjöldi manna í landinu á svo mikið undir.

Nefndin hefir orðið ásátt um að bera fram 2 brtt. við þessa till. Sú fyrri fer fram á, að í stað 5 manna verði aðeins 3 skipaðir í nefndina. Þetta er eingöngu fram borið af sparnaðarástæðum. en hinsvegar lítum við svo á, að ef þessir 3 menn eru vel vaxnir starfi sínu, þá sje þessi tala nefndarmanna nægileg. Þegar finna skal heppilegar lausnir vandamála, er lítið komið undir höfðatölu þeirra, sem þau ráð leggja til. Hjer ætti því starf þriggja manna að bera eins góðan árangur, en sparnaðurinn við fækkunina auðsær. Seinni brtt. er aðeins orðabreyting og þarf ekki frekari skýringar. Jeg skal taka það fram, að einn nefndarmanna (HjV) hefir sjerstöðu að því leyti, að hann vill hafa verksvið milliþinganefndarinnar víðtækara en till. gerir ráð fyrir, og vill hann láta það ná til sjávarútvegsins í heild. Hann flytur brtt. í þessa átt og mun sjálfur gera grein fyrir henni. En um brtt. nefndarinnar er hann samferða og mælir með að þáltill. verði samþ., þó að hans brtt. verði feld.

Hjeðinn Valdimarsson: Brtt. mín á þskj. 122 er á þá leið, að þessi rannsókn verði látin ná til sjávarútvegsins yfirleitt, og er það í samræmi við áskorun Fiskifjelagsins til Alþingis. Mjer finst það leiða af starfi því, sem nefndinni er ætlað, að ekki sje hægt að gera greinarmun á bátaútgerð og stórútgerð í rannsókn hennar. Það er talað um að rannsaka sölumöguleika, breyttar og bættar veiðiaðferðir og ýmislegt

fleira, sem er sameiginlegt fyrir báta-útveg og stórskipaútgerð, svo að varla sýnist mögulegt að takmarka rannsóknina við bátaútgerð eingöngu. Það kom nú raunar fram í nefndinni, að togaraeigendur hjer í Reykjavík mundu ekki óska eftir slíkri rannsókn sem þessari á togaraútgerðinni. En það virðist ekki næg ástæða. Ekki hefir útgerðin gengið það vel, að ekki sje æskilegt, að hún gangi betur, og það virðist full ástæða til að rannsaka, hvað veldur því, að hún ber sig ekki nema í allra bestu árum. Það varðar ekki aðeins togaraeigendur, hvernig sú útgerð gengur, heldur alt fólk, sem við hana vinnur á sjó og landi, og alla landsmenn. Það á að vera þeirra hagur, að útgerðinni sje sem haganlegast fyrir komið, notuð bestu tæki og aðferðir til þess að draga úr rekstrarkostnaði. Alt mælir með því, að brtt. mín verði samþykt. En eins og hv. frsm. (BSt) gat um, mun jeg fylgja till. að öðru leyti.

Jón Ólafsson: Jeg sje, að hv. sjútvn. hefir ekki viljað fallast á þá skoðun mína í þessu máli, sem jeg setti fram við fyrri umr., að heppilegast væri, að stjórn Fiskifjelagsins væri falið að rannsaka þetta mál í samráði við lögfræðilega aðstoð frá ríkisstjórninni.

Það einkennir annars þetta þing, að menn vilja setja hverja milliþinganefndina eftir aðra. Það er nú búið að fella eina slíka tillögu. Svo á að setja milliþinganefnd til að rannsaka landbúnaðarlöggjöfina, og það tel jeg að vísu rjett, því að þar er um að ræða víðtækt mál og margþætt, sem þurfa mun sjerþekkingu til, að góð lausn fáist á. En það er alt öðru máli að gegna um það, sem hjer liggur fyrir. Jeg veit annars ekki, hvernig þessari nefnd er ætlað að starfa. Eftir nál. að dæma er henni ætlaður stuttur tími, en eftir till. sjálfri allvíðtækt starfssvið. Ef hún á að grafa fyrir rætur-nar í þessu efni og koma með ráð, sem duga mega til að bæta hag útgerðarinnar, held jeg, að starf hennar yrði mikið og ekki á færi fárra manna að ljúka því á stuttum tíma, enda um sum atriði svo háttað, að ekki er á neinna manna færi að koma þar með ráð, sem duga. Það er spurning, hvort við höfum nokkuð með það að gera að fá skrifaða raunasögu ísl. útgerðarinnar, og ef til vill einhverjar tilgangslausar tillögur, ef þær yrðu þá nokkrar.

Í fyrsta lið till. er mikið lagt upp úr því, að finna þurfi ráð til þess að draga úr áhættunni við útgerðina og gera hana kostnaðarminni. Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) ætti að vita eins vel og jeg, að hver einasti maður, sem fæst við útgerð, er altaf á verði um þetta, reynir að draga úr útgerðarkostnaðinum með því að lækka kaup manna, reynir að komast að hagkvæmum innkaupum á því, sem til útgerðarinnar þarf o. s. frv. Jeg býst ekki við, að hv. 4. þm. Reykv. (HjV) vilji samþykkja, að settur sje lágur taxti um kaupgreiðslu á þessum bátum, en það er það eina, sem hægt er að spara á. Við getum ekki ráðið því, hvaða verð er á veiðarfærum og öðrum útlendum vörum, sem til útgerðarinnar þarf. Að því er snertir breyttar og bættar veiðiaðferðir, býst jeg ekki við, að orðið geti nein bylting. Fiskifjelagið hefir verið á verði í þeim efnum og reynt að greiða fyrir útgerðarmönnum með

því að benda á, hvað best mætti fara. Annað mál er það, hvort eftir þeim bendingum hefir verið farið. Því getur valdið bæði efnaskortur og svo vantrú útgerðarmanna á þau ráð, sem gefin kunna að hafa verið. Eins mundi fara um tillögur og ráðgjafir frá þessari milliþinganefnd. Útgerðarmenn mundu skoða í sinn eigin barm og leggja niður fyrir sjer, hvort það mundi borga sig að fara eftir skriffinsku þessarar nýju nefndar. Nýjum tilraunum fylgir altaf nokkur áhætta. Þær veiðiaðferðir munu nú yfirleitt notaðar hjer, sem bestar eru taldar á Norðurlöndum. Jeg geri ráð fyrir því, að þótt þessi nefnd settist á rökstóla, hefði hún ekki annað að bjóða en orð, orð, innantóm, eins og hv. sjútvn. þessa þings.

Þriðja atriðið, hvernig hagnýta megi fiskúrgang, hefir verið athugað á fiskiþinginu og af erindreka fjelagsins, en það mál strandar á því, að við höfum ekki hjer svo stórar fiskstöðvar, að það borgi sig að setja upp verksmiðju til þeirra hluta, nema ef það væri í Vestmannaeyjum og Sandgerði. Þetta hefir verið reynt á Vestfjörðum, en fallið niður, líklega af því að það hefir ekki borgað sig. Það má líka leita upplýsinga um þetta og gera áætlanir, sem byggja megi á, án þess að skipa milliþinganefnd til þess. Það mæfti t. d., blátt áfram sagt, fela Fiskifjelagi Íslands alla þessa rannsókn og að það leggi till. sínar fyrir næsta þing.

Jeg skal t. d. nefna 4. lið till., þar sem rannsaka á, hvernig hægt sje að útvega bátaútveginum rekstrarfje, jafnhliða því að gera bátana veðhæfa. Þetta er vitanlega aðalatriðið í till. En það er alveg eins hægt að segja það strax eins og síðar, að eins og stendur, eru bátarnir óveðhæfir og hafa verið það síðan 1914, að lögin um sjóveð voru sett. Því það gengur fyrir öllu, svo sem kunnugt er. Jeg býst ekki við, að það vaki fyrir hv. 4. þm. Reykv. (HjV) að taka þetta af bátaútveginum. En eftir minni hyggju ætti að ljetta þessu af honum, svo að þessi útvegur geti blómgast sem best.

En nú er svo komið, að fiskiveiðasjóður getur engin lán veitt, enda ekki hægt að veita lán, nema gegn tryggingu. Það hefir líka komið á daginn, að óhlutvandir útgerðarmenn hafa látið allan útgerðarkostnaðinn lenda á þeim, sem lánuðu fje til skipsins. Og á meðan svo stendur, eru lítil líkindi til, að þessi útvegur blómgist eða beri sig. En það þarf enga milliþinganefnd til þess að skipa fyrir um þetta atriði. Það er Alþingis sjálfs að gera það, eftir till. hæstv. stjórnar og Fiskifjelags Íslands.

Annars er mjer óskiljanlegt, að þessi leið skuli farin, þegar alt er gert til þess að spara ríkissjóði óþarfa útgjöld. Það er líka skoðun ýmsra, að sumir starfsmenn ríkisins sjeu ekki það störfum hlaðnir, að þeir geti ekki bætt þessari rannsókn á sig. En burtsjeð frá því, höfum við stofnun, sem hefir sjerþekkingu á þessum hlutum, og það er Fiskifjelag Íslands, og hvers vegna þá ekki að nota þá krafta?

Jeg hefi rekið útgerð alt frá róðrarbát og upp í togara, og jeg get ekki sjeð, að neinar ástæður mæli með því, að skipuð sje sjerstök milliþinganefnd á ríkislaunum til þess að rannsaka þetta efni. Á meðan reykurinn stendur upp í loftið og alt gengur sinn vana-

gang, þarf ekkert að gera. En þegar menn lenda í vandræðum og bátaútvegurinn lendir á glapstigum, þá á að grípa tækifærið og skipa milliþinganefnd til þess að bjarga úr vandræðunum. Það er alt annað að vekja svona öldu eða slá á hana, og það hjá mönnum, sem ekkert þekkja til málsins.

Um 5. liðinn, hverjar söluleiðir fyrir afurðirnar mundu álitlegastar, þá held jeg, að nægi að vísa til styrks þess, sem samþ. var hjer við 3. umr. fjárlaganna að veita í þessu skyni, og hv. þdm. ætti að vera í fersku minni.

Þó að jeg geti í raun og veru bent á margt fleira, sem mælir móti því, að þessi till. nái fram að ganga, þá ætla jeg þó ekki að telja fleira að sinni. En rök mín benda þó á, hvað mál þetta er lítið hugsað og illa undirbúið. Og jeg get ekki orða bundist að telja það mjög leiðinlegt að þurfa hvað eftir annað að fá mál frá þessari hv. nefnd, sjútvn., jafnvanhugsuð og illa undirbúin og þetta.

Ásgeir Ásgeirsson: Sem flm. vil jeg þakka nefndinni fyrir það, hve vel hún hefir tekið undir þessa till. Þó mun jeg ekki greiða atkvæði með þeim brtt., sem hún flytur. Það veitir ekki af að hafa 5 menn í nefndinni, svo að allir landshlutar fái hver sinn fulltrúa. Og fimm menn hafa betri skilyrði til þess að rannsaka það, sem með þarf, heldur en þrír. En sjerstaklega vil jeg áfellast það í áliti nefndarinnar, að 3 menn geti komist af með 3 mánuði til að ljúka störfum. Starfstíma nefndarinnar á ekki að ákveða í nál. Verkefnin eiga að ráða því, hve lengi nefndin situr.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) hefir mælst til þess, að málinu verði vísað til Fiskifjelagsins, er geri tillögur hjer að lútandi í samráði við einhvern lögfræðing. En sjálft Fiskifjelagið óskar eftir því, að sú nefnd verði skipuð, sem við hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) förum fram á. Fiskiþingið tók ákvörðun um þetta, og sú nefnd, sem þingið setti í málið, er ekki líkleg til þess að gera neitt verulegt. Hana vantar fje til daglauna, ferðakostnaðar o. fl. Þetta hefi jeg eftir mönnum úr stjórn Fiskifjelagsins, og ennfremur það, að þar eð nefnd sú, sem fjelagið kaus, hefði ekki tök á því að annast þessi störf, þá óskaði fjelagið eftir því, að milliþinganefnd verði sett á Alþingi til að greiða vandræði bátaútvegsins.

Verkefnið er ærið. Og þótt jeg sje ekki sjerfræðingur á þessu sviði, leyfi jeg mjer að hafa aðra skoðun en hinn ágæti útgerðarmaður, hv. 3. þm. Reykv. (JÓl). Jeg vil taka það fram, að verkefnið er þess eðlis, að útlit er fyrir, að þörf sje íhlutunar og aðstoðar ríkisvaldsins til þess að leysa það. Þetta á einkum við bátaútveginn, því að þar eiga hlut að máli margir en smáir útvegsmenn, sem ekki hafa getu til þess nje samtök að koma af stað þeim umbótum, sem kæmi þeim að mestu gagni. Það eru meiri líkur til þess, að stórútgerðin geti bjargað málum sínum. En þótt hún hafi tök á því, hvað snertir fjármagn, þá hafa stórútgerðarmennirnir ekki verið svo framtakssamir um útgerð sína nje samvinnuþýðir sín á milli sem ástæða hefði verið til.

Það eru engin smáhlunnindi að búa fast við bestu fiskimið heimsins og svo nálægt því landi, Englandi, sem hefir mesta þörf fyrir innflutning á matvæl-

um. Ef ekki ætti að vera hægt að búa vel í slíku landi á þessari öld, þá veit jeg ekki, hvernig aðrar þjóðir, sem hafa verri aðstöðu, eiga að bjargast. Örðugleikarnir, sem vinna þarf bug á, eru fyrst og fremst vegalengdin milli framleiðslunnar og neyslunnar. Það þarf að gera með fleiru en saltinu einu. Aðrar þjóðir viðhafa fleiri aðferðir, sem við ættum að notfæra okkur. Við höfum ekki enn „moderniserað" okkar útveg, þótt við höfum fengið togara. Það hafa aðrar þjóðir sýnt, að fleira má vinna á þessum sviðum en að eignast góð fiskiskip. Mjer er ekki fullkunnugt um hinn mikla verksmiðjurekstur Þjóðverja, sem lýtur að því að gera framleiðsluna verðmætari, án þess að þurfa að salta hana. En kunnugir menn eru þegar farnir að vekja máls á þeirri nauðsyn að feta í þeirra fótspor.

Fyrir þingnefnd hefir legið málaleitun, sem byggir á líkum grundvelli og tillagan, en er þó þannig varið, að engin líkindi eru til, að þingið taki undir hana. Og nú hefir forseti Fiskifjelagsins skrifað í eitt blaðanna um framtíðarfyrirkomulag fiskiveiðanna, þar sem hann vill, að smáútvegurinn sje dreginn saman á fáar hafnir, til þess að gera hann hæfari til iðnrekstrar.

Á vesturkjálkanum eru margir, sem telja vonlítið um útgerðina þar, meðan hinn svonefndi ruslfiskur og fiskúrgangur er ekki gerður markaðshæfur og verðmætur, en það er undir því komið, að iðnrekstur verði settur í samband við útveginn og skipulegur útflutningur ísfisks, sem aflað er á bátum, hefjist. En þetta er of stórfenglegt og nýstárlegt til þess að einstakir smáútgerðarmenn geti hrint því af stað einir síns liðs. En þá á ríkisvaldið að koma til hjálpar, til þess að rannsaka, að hve miklu leyti þess hjálpar og aðstoðar þarf til að koma smáútgerðinni í það horf, sem tímarnir krefjast.

Það má líta á þessa till. sem fyrstu tilraun af Alþingis hálfu til þess að fara út á þessa braut. En ef nefndarálitið eitt ætti að verða eini árangurinn af starfi nefndarinnar, þá væri lítið unnið. En mín trú er það, að starf nefndarinnar yrði til þess að hrinda af stað ýmsu, sem lengi hefir verið vanrækt að gera af þingsins hálfu, sjávarútveginum til eflingar. Engum má vaxa í augum kostnaðurinn. Þetta þing hefir samþykt það, sem meira kostaði, í þeim tilgangi að víkka markaðinn fyrir saltfisk og salta síld. Það hefir verið mikið um það talað, að auka þyrfti þennan markað, og þá má alveg eins verja nokkrum krónum til þess að rannsaka, hvernig breyta eigi vörunum, svo að markaðurinn geti stækkað af sjálfu sjer og verðmæti vörunnar aukist.

Jeg legg höfuðáhersluna á það, sem lýtur að því að rannsaka, með hvaða hætti megi gera afurðir okkar verðmætari og útvega markað fyrir tegundir, sem eru í lágu verði og þess vegna lítið veiddar, og meiri stund væri lögð á að afla, ef verðið hækkaði, og hitt, að sjá betur fyrir lánsþörf bátaútvegsins en nú er gert.

Það, sem nefndin á að rannsaka og gera till. um, er nú komið á það stig í blöðum og umræðum manna á milli, að ekki er úr vegi, að þingið tæki nú að sinna þessu máli. Viðfangsefnið leitar á. En þingið er ekki vant því að taka

stór skref í málum sem þessum, án þess að þau hafi verið athuguð af milliþinganefndum. Við flm. viljum því byrja á milliþinganefnd, í von um, að Alþingi láti sig málið meir skifta eftir en áður.

Jeg vil svo að lokum þakka nefndinni fyrir, að hún hefir tekið sæmilega í þessa till., og byggi á undirtektum hennar þá von, að Alþingi sinni málinu.

Sveinn Ólafsson: Það hafa komið fram mótmæli gegn þessari þáltill. á þskj. 74 frá hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), og jeg verð að segja, að mjer kom það næsta mjög á óvart. Að vísu hreyfði þessi sami hv. þm. nokkrum athugasemdum við þetta mál hjer við fyrri umræðu þess, en jeg skildi þær þá svo, að með þeim vildi hann gefa leiðbeiningar fyrir sjútvn. til frekari meðferðar málsins. Nú skilst mjer á honum, að hann leggi eindregið á móti skipun milliþinganefndar þeirrar, sem hjer er lagt til að skipuð verði. Hann hjelt því sem sje fram, að þetta verkefni, sem í till. er ætlað milliþinganefnd, væri hægt að leysa eins vel af hendi af Fiskifjelagi Íslands. Hv. meðflm. minn (ÁÁ) hefir svarað þessu og sýnt ljóslega fram á, að þess verður ekki vænst, að Fiskifjelag Íslands geti unnið að þessu verki svo vel sje. En hinsvegar ætti nefndin með fulltingi fjelagsins að standa vel að vígi að geta komið einhverju gagnlegu til leiðar og hafa góð skilyrði til þess að undirbúa þetta mál sem best fyrir næsta þing.

Af því að engin önnur rödd hefir látið til sín heyra gegn till., ætla jeg, að hún hafi mikil og almenn ítök í hugum hv. þdm. Fyrir þá skuld þarf jeg ekki að gera einstakar aðfinslur hv. 3. þm. Reykv. að umtalsefni. Hjá honum kendi og nokkurs misskilnings. Aðeins 1 töluliður af 5 í till. virtist honum eiga rjett á sjer, sem sje 4. liður: að leitað verði ráða til þess að útvega bátaútveginum ódýrt rekstrarfje með hagkvæmara móti en nú er. Þó mundi vera hægt að leysa það vandamál án nefndar, hjelt hann. Í því sambandi benti hann á það, sem mig furðaði mjög á, að ýmsir opinberir starfsmenn hefðu svo lítið að gera, að þeim væri ekki ofætlun að geta gert tillögur um þetta.

Af því virtist mega ráða, að hann teldi hvern opinberan starfsmann til verksins fallinn og fróðan um alt, sem að útvegi lýtur, eða stjórnina sjerfróða um þau mál. Líklega hefir hún þó verið valin með hliðsjón af öðrum eiginleikum. Og því fanst mjer þetta hjá hv. 3. þm. Reykv. algerlega utan við efnið. Yfirleitt þótti mjer lítið koma til athugasemda hans, og flaug mjer í hug, að hann hefði misskilið hlutverk sitt hjer sem útgerðarmaður, og með því að hann væri íhaldsmaður, teldi hann sjer skylt að toga aftan í hvert framfaramál, að sama skapi sem hann hefir togað aftan í annað mál, sem hjer var rætt á undan, bygging strandferðaskips.

Eitt var það, sem benti átakanlega á, að hann væri ekki fyllilega með á nótunum, sem sje það, að hann átaldi sjútvn. fyrir að hafa knúið fram till. um 8 þús. kr. fjárveitingu til markaðsleitar á Spáni. Jeg hlýt að minna hann á það, að þessi till. fjell og er alls ekki í fjárlagafrv. nú. Till. var heldur ekki bundin við markaðsleit á Spáni, eins og hann sagði, heldur var hún til komin vegna þarfar á markaðsleit yfirleitt,

hvar sem tiltækilegt þætti og vegna hvers kyns afurðasölu.

Hv. meðflm. minn (ÁÁ) átaldi það hjá sjútvn., að hún hefir fækkað mönnum í milliþinganefndinni úr 5 niður í 3. Jeg kannast fyllilega við, að það sje rjett, að 5 manna nefnd hafi betri skilyrði til þess að leysa af hendi þetta verkefni með góðum árangri, og að æskilegt væri, að þeir væru jafnvel fleiri. En með tilliti til þess, að vænta má góðrar samvinnu við Fiskifjelag Íslands, og í öðru lagi af því, að meðnefndarmenn mínir lögðu talsverða áherslu á að færa tölu nefndarmanna niður og draga þannig úr væntanlegum kostnaði, vildi jeg ekki etja kappi um þetta, með því líka að jeg get fallist á, að hægt sje að ná fyrirhuguðu takmarki, ef vel tekst um skipun nefndarinnar, þótt talan hafi verið færð niður.

Þá fann hann einnig að því, að sjútvn. hefði bent á vinnutíma fyrir milliþinganefndina og einskorðað hann mjög mikið. Það er rjett, að á þetta er drepið á nál. sjútvn., en ekki er kveðið ríkara að orði en svo, að nefndin búist við, að milliþinganefndin muni geta lokið störfum á 2—3 mánuðum. Slíkt bindur ekki, en má skoðast sem bending til væntanlegrar nefndar að hraða störfum sínum. Einnig þetta var samningsatriði í sjútvn. Varð til samkomulags að vinna nokkuð.

Eftir öllu, sem fram er komið í sjútvn. og hv. deild, þykist jeg mega vænta þess, að málið fái góða afgreiðslu hjeðan úr deildinni og jafnframt góðar undirtektir í hv. Ed. Mjer finst, en það er nú ef til vill af því að jeg er flm., að hjer sje um svo þarft og sjálfsagt mál að ræða, að það væri átakanlegt glapræði, ef ekki yrði frekar að gert í því en komið er. Og að lokum vil jeg taka undir það, sem hv. meðflm. minn sagði, að við verðum að feta, þótt hægt fari, fram á þær nýju leiðir, sem eru að opnast til þess að gera sjávarútveginn arðvænlegri en hann var og er, þær nýju brautir, sem við höfum enn ekki lokið upp augunum fyrir, en framundan liggja og benda til fjölbreyttari hagnýtingar sjávarafurða en tíðkast hefir.

Jón Ólafsson: Það kemur ljóst fram í ræðu hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að hann hefir tröllatrú á milliþinganefndum, enda verður ekki annað sagt en hann hafi reynsluna í þeim efnum. En annað er að vinna verk og fá það metið. Jeg held, að litlar yrðu nytjar af starfi slíkrar nefndar, eins og útkoman hefir orðið um allar þær milliþinganefndir, sem jeg veit til að hafa setið á rökstólum, þótt ekki vanti, að þær safni sögulegum fróðleik. Hv. flm. (ÁÁ) vildi halda við upphaflegu till., að láta hvern landsfjórðung hafa sinn fulltrúa í þessari nefnd. Það er náttúrlega hrósverð hugulsemi við fjórðungana. En það er nú svo, að yfirleitt þekkir hver útgerðarmaður hag hvers landsfjórðungs hvað útveg snertir, og Fiskifjelagið veit, hvar skórinn kreppir að í hverju einstöku tilfelli, og getur því best að þessu unnið með sínum starfskröftum.

Það má segja, að stjórn Fiskifjelagsins hafi ekki fje til slíkrar rannsóknar. En jeg verð að segja það, að fjelaginu er lagt til svo mikið fje, að jeg geri ekki ráð fyrir, að nein skotaskuld yrði úr að leggja fram fje til viðbótar við þá krafta, sem fyrir eru. Ekki hefir það vakað fyrir hv. 2. flm. (ÁÁ) að spara, því að hann hefir lýst því yfir, að þetta ætti ekki að vera partur af

starfi þessara manna, sem hafa þó öll skilyrði til þess að leysa það af hendi. En þar skilur okkar leiðir, og þykist jeg þó hafa þekking í þessum efnum fram yfir hv. þm. V.-Ísf.

Fiskiþingið hefir ekki skipað neina nefnd í þessu máli, heldur var það aðalfundur Fiskifjelagsins, sem haldinn var hjer í Reykjavík. Það er rjett, að þessi nefnd hefir ekki fje samkvæmt fjárlögum. En jeg geri ráð fyrir, að ef sú nefnd vildi starfa eitthvað, þá geti hún sótt sinn vísdóm, sem mjer skilst helst á hv. flm. (ÁÁ) að þurfi að sigla eftir, til forseta Fiskifjelagsins, sem hefir bæði áhuga og þekking á þessum málum og skrifaði nú nýlega um framkvæmdir til hagsbóta smábátaútveginum.En þar fylgir sá böggull skammrifi, eftir því sem ætlast er til og aðrar þjóðir hafa, að byggja verður hafnir, þar sem þær eru ekki til, og í landi stór „plön", þar sem fiskurinn verði aðskilinn, ísaður og geymdur. Það þarf fje til, að þessi aðstaða fáist, að jeg ekki tali um „ísverk", þar sem hægt sje að fá ís til frystingar á hvaða tíma árs sem er. Þetta felst í tillögum forseta Fiskifjelags Íslands, sem hann hefir sett fram „prívat" og mun enn gera í gegnum þessa væntanlegu nefnd, sem skipa á samkvæmt till. Því að jeg veit fyrir víst, að væntanleg nefnd muni sækja upplýsingar um þetta atriði til þess manns, er hefir athugað það og er samkvæmt stöðu sinni skyldur til að athuga það.

Þótt segja megi, eins og hv. þm. V.-Ísf. hjelt fram, að ekki sje búið að „modernisera" stórútgerðina svo sem vera ætti, þá verður þó ekki annað sagt, og það veit hv. þm. líka, en sú útgerð, sem kend er til togara, sje fullkomlega eins „moderne" og t. d. hjá Englendingum, hvað snertir ísfisksölu og það að búa til útgengilega vöru úr stórfiski þeim, sem aflast.

Ef meiningin er að vinna að hjálpsemi við smáútgerðina, þá er fyrsta skrefið, eins og forseti Fiskifjelagsins hefir upplýst, að byggja hafnir, ef þær skortir. Og þó að þær sjeu til, eins og t. d. á Vestfjörðum, þá vantar byggingar yfir væntanlega umhleðslu, „rögun" og innpökkun, og það vantar líka bryggjur, „ísverk" allvíða og stærri skip til þess að flytja fiskvarninginn á erlendan markað. Þó að skrifuð væri heil bók, sem færi með rjettar athugasemdir um alt, sem gera þyrfti í þessu máli, þá er, að jeg held, um svo stóra fjárfúlgu að ræða í sambandi við þetta mál, að það kynni að koma annar svipur á þá, er hlut eiga að máli, og er til kæmi, yrði kannske ekki annað eftir en bókin ein. Þetta er eðlilega og sýnilega nýtt í huga hv. þm. V.-Ísf., enda kennir hjá honum mjög ókunnugleika, því að mjer skildist á honum, að nýútkomin bók hafi borist honum í hendur, og þar hafi hann hitt á ýmsan nýjan fróðleik. Nú er kunnugt, hver þessi bók er, að það er bók Matthíasar Þórðarsonar, og hafi hann af þeirri bók fengið eitthvað nýtt, virðist það benda á, að lítil hafi þekkingin verið fyrir. Í þessari bók er ekkert, sem við eldri fiskikarlarnir höfum ekki vitað fyrir löngu. Þar kann að vera ýmislegt nýtt fyrir þeim, sem lítið þekkja til okkar fiskimiða, eins og t. d. Dönum, og eðlilegt, að þeir taki fegins hendi upplýsingum þeim, sem þar er að fá. Og sama er að segja um hv. þm. V.-Ísf. Það er ekki nema eðlilegt, að hann taki slíkri bók með hrifningu og haldi hana fjársjóð fyrir

okkur Íslendinga meiri en hún nokkurn tíma er.

Það er rjett, að ríkisvaldið komi til, ef ekki fást einstakir menn til að gera tilraun með þetta, svo sem eins og með því að koma upp því, sem tilheyrir slíkri útgerð, og það er frá mínu sjónarmiði það eina, sem hægt er að gera til hjálpar. En spurningin er, hvernig það borgar sig; þar rennir maður blint í sjóinn. Nú er það vitanlegt, að fiskurinn er á vissum stöðum og ekki ávalt þeim sömu, svo að eiginlega þyrfti að flytja slíka útgerð til, og því er það, að forseti Fiskifjelagsins talar um fiskihafnir sem víðast, til þess að geta flutt flotann, eftir því sem afli er á vissum tímum árs. En það finst mjer, þegar alt kemur til alls, vera okkur ofurefli enn sem komið er.

Jeg tel rjett, að upplýsingar um sjerhvað, er þetta snertir, felist forseta og stjórn Fiskifjelags Íslands, með þeim starfskröftum, er þessir aðilar hafa á að skipa. Það lítur út fyrir, að hv. sjútvn., að því er sjeð verður af nál., telji ekki svo mikinn kostnað leiða af þessari milliþinganefndarskipun, að í hann sje horfandi. En það eru þó þær krónur, sem mætti spara, og jeg álít að eigi að spara, þar sem ekki er von um neinn árangur fram yfir það, sem stjórn Fiskifjelagsins getur veitt.

Hv. flm., 1. þm. S.-M. (SvÓ), þótti mínar athugasemdir koma úr öfugri átt og kynlega fyrir. En jeg benti aðeins á þessa leið við fyrri umr., að Fiskifjelagið væri sá besti og sjálfsagðasti aðili til þess að koma með upplýsingar og bendingar í málinu, sem að gagni mættu koma, eða viðkomandi stjórnarvöld sæju sjer fært að vinna að því með fjárframlögum, ef á þyrfti að halda. Sami hv. þm. hjelt því fram, að meiri árangurs mundi mega vænta með þessari nefnd og fulltingi stjórnar Fiskifjelagsins. Það getur aðeins legið í því, að hv. þm. (SvÓ) hafi þá trú, að milliþinganefnd sje hið eina rjetta form fyrir meðferð slíkra mála. Það er aðeins yfirsvipur, sem mjer finst að hv. þm. V.-Ísf. vilji fá á þetta. En mjer finst sá svipur, sem málið á að hafa, geta orðið eins góður frá hendi „fag"-manna, sem starfandi eru nú þegar, og hjá væntanlegum „fag"-mönnum, sem gera má ráð fyrir, að skipaðir yrðu í nefndina af Alþingi.

Hv. þm. S.-M. (SvÓ) tók það heldur illa upp fyrir mjer, sem jeg sagði, að sumir starfsmenn þess opinbera hefðu ekki of mikið starf með höndum. Jeg er yfirleitt þeirrar skoðunar, að það megi gera meira en gert er að því að láta starfsmenn ríkisins hafa fult verkefni og borga þeim þá heldur ríflegar, svo að þeir geti lifað sómasamlegu lífi, en ekki iðjuleysi við sultarlaun. Það er nú reyndar ekki stórt atriði þetta — aðeins innskot, sem ekki kemur málinu við.

Þá hjelt hv. þm. (SvÓ), að landsstjórnin hefði ekki þekking á sjávarútvegsmálum. Hún þarf aðeins að vita, hvort hún á að hjálpa útveginum með fjárframlögum, eins og segir í 4. lið till., að gera bátana veðhæfari og afla ódýrara rekstrarfjár. Jeg geri ekki ráð fyrir, að hv. Alþingi sje tilbúið til nýrrar sjóðsstofnunar. En nú er þessi sjóður til, fiskiveiðasjóðurinn, þótt sama sem ekkert hafi verið notaður nú um nærfelt 12 ára skeið.

Þá þótti hv. þm. (SvÓ) jeg hafa sveigt um of að hv. sjútvn., og þótti það óþarft, þar sem hv. deild hefði felt till.

hennar um sendimann í Portúgal. Það lítur þá út fyrir, að jeg hafi haft rjett fyrir mjer, úr því að hv. deild feldi till. sjútvn. í þessu máli. Annars geri jeg þetta ekki að kappsmáli, en jeg vildi aðeins gefa þær bendingar, sem jeg hefi best vit á, og jeg hefi nú sagt, hvernig jeg áliti að fara muni. Það eru ekki nema tvær leiðir í þessu máli. Önnur er sú, að einstakir menn taki sig saman og ráðist í þetta, en hin er sú, að Alþingi veiti til þess ríflega fjárfúlgu. Er jeg fyrir mitt leyti hlyntur því. Jeg mun svo ekki hafa meiri afskifti af málinu að sinni, en læt hv. nefndarmenn og tillögumenn um það, sem eftir er.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Af því að hv. 4. þm. Reykv. (HjV) hefir nú gert grein fyrir brtt. sínum á þskj. 122, þá þykir mjer rjett, fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar, að geta þess, að meiri hl. getur ekki fallist á brtt. af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi hefir ekki, eins og hv. þm. (HjV) hefir minst á, orðið þess vart, að stórútgerðarmenn hafi óskað eftir því, að milliþinganefndin gerði till. um atvinnurekstur þeirra, og er því þess minni ástæða til að leggja áherslu á það atriði. Þess ætti heldur ekki að vera mjög mikil þörf, því eins og menn vita, hafa þeir menn, sem togaraútgerð stunda, með sjer fjelagsskap, sem ætti að hafa besta aðstöðu til þess að rannsaka leiðir til umbóta á þeim atvinnurekstri. En smábátaútvegsmenn eiga verri aðstöðu til sameiginlegra aðgerða, vegna þess að þeir eru dreifðir um land alt. Er því full ástæða til fyrir Alþingi að gera sjerstakar ráðstafanir til, að athugaðar verði leiðir til umbóta í því efni. Í öðru lagi mundi starf milliþinganefndarinnar, ef starf hennar ætti að ná til alls útvegarins, verða yfirgripsmeira og dýrara en ella, og er það önnur ástæða meiri hl. til að leggja á móti brtt. hv. 4. þm. Reykv. (HjV).

Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), sem sjerstaklega hefir lagst á móti þáltill., þarf jeg ekki að svara, þar eð hv. flm. (SvÓ og ÁÁ) hafa þegar gert það. Hann hefir nú talað aftur í þessu máli, en þær ræður, sem hann hefir haldið í dag, eru ekki annað en endurtekning á því, sem hann sagði við fyrri umr. Færi jeg að svara honum, mundi það aðeins leiða til þess, að það kæmi 4. eða 5. útgáfa af ræðu hans þá.

Hv. þm. (JÓl) hjelt því fram, að Fiskifjelagið ætti að inna starf það af hendi, sem milliþinganefndinni er ætlað að gera, en í nál. er það tekið fram, að ætlast sje til, að milliþinganefndin starfi í samráði við Fiskifjelagið. Það hefir haft þetta mál til meðferðar og skipað í það nefnd, en sú nefnd hefir ekkert fje til umráða og getur því ekki starfað að málinu sem skyldi. Það yrði því betur trygt, að vel væri að því unnið, ef Alþingi skipaði milliþinganefnd í málið. Mætti þá búast við því, að í þá nefnd yrðu skipaðir menn úr nefnd Fiskifjelagsins. En samþ. þessarar till. væri samt nauðsynleg, til þess að gefa þessum mönnum tækifæri til að starfa.

Út af 5. lið þáltill. hjelt hv. 3. þm. Reykv. því fram, að þegar væri búið að gera ráðstafanir í þá átt með fjárveitingu í fjárlagafrv. til markaðsleitar. En þetta er ekki rjett, því enda þótt veitt hafi verið fje til markaðsleitar, þá er það í raun og veru alt annað mál en farið er fram á í 5. lið till.

Hv. 3. þm. Reykv. hefir hvað eftir annað í vetur talað um þekkingarleysi sjútvn. á þeim málum, er undir hana

falla, og sagt, að hún hafi flutt margar ómögulegar till. Jeg skal fúslega játa það, að einn af nefndarmönnum sjútvn. hafi minni þekkingu en hv. þm. (JÓl) á útvegsmálum, og þessi maður er jeg. En hvað hv. samnefndarmenn mína snertir, þá er það ekki sannað mál, að þeir beri ekki eins gott skyn á þessi mál og hv. þm. (JÓl). Þar á t. d. sæti einn af stærstu útgerðarmönnum þessa lands, og hinir nefndarmennirnir allir hafa fengist við þau mál, er að útgerð lúta. Þetta er ekki annað en sleggjudómur hv. þm. (JÓl), sem engan rjett hefir á sjer.

Hv. þm. (JÓl) hjelt því fram, að allar milliþinganefndir væru gagnslausar. En reynslan sýnir hið gagnstæða. Skal jeg þar til nefna nýjasta dæmið, um „Brúarfoss". Jeg efast um, að það skip væri komið hingað enn, ef ekki hefði starfað að því milliþinganefnd. Og frá fyrri tímum eru til miklir lagabálkar, sem enn þá eru í gildi og undirbúnir hafa verið í milliþinganefndum. — Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta, en óska þess, að atkvgr. fari fram.

ATKVGR.

Brtt. 368, 1 samþ. með 17:1 atkv.

Brtt. 122, 1—4 feld með 15:1 atkv.

Brtt. 368, 2 samþ. með 16 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 15:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., mánudaginn 25. apríl, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 413).

Á 59. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., næsta dag, var till. aftur tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 61. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 9:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., mánudaginn 16. maí, var útbýtt nál. sjútvn. á þskj. 609.

Á 78. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, að lokinni dagskrá, kvaddi sjer hljóðs

Jón Baldvinsson: Jeg vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann tæki á dagskrá á væntanlegum fundi, sem verður haldinn í deildinni til þess að ráða til lykta a. m. k. einu máli, sem enn er óútrætt — þáltill. um skipun nefndar til þess að rannsaka hag bátaútvegsins og gera till. til tryggingar honum. Þessi till. á þskj. 413 var afgr. frá sjútvn. og gæti hæglega orðið afgr. frá þinginu. Ef gerð verður breyting á

henni hjer, má láta hana fara í sameinað þing, en þar er eftir að halda fund hvort sem er.

Af því að till. þessi er mikilsverð og snertir annan aðalatvinnuveg landsins, álít jeg ekki rjett af þinginu að láta undir höfuð leggjast að afgreiða hana.

Forseti (HSteins): Ef þingið þarf ekki að tefjast af öðrum ástæðum en vegna þessarar till., mun jeg ekki taka hana á dagskrá á morgun. Hinsvegar er útlit fyrir, ef neitað verður um afbrigði um þau mál, sem þurfa að komast fram, að þingið verði að framlengja, og getur þá till. komið til greina.

Jón Baldvinsson: Jeg var einn af þeim, sem neituðu um afbrigði í kvöld fyrir fyrsta málið á dagskránni (sölu á Mosfellsheiðarlandi). Jeg áleit, sannast að segja, fulla ástæðu til þess, þegar mál eru nýkomin í deildina og þeim á að hespa af með 2—3 umræðum sama daginn með stöðugum afbrigðum á nýjum fundum. Hinsvegar er ekki hirt um að útkljá önnur mál, sem bíða, mál, sem horfa mjög til almenningsheilla.

Forseti (HSteins): Jeg veit ekki annað en gert hafi verið ráð fyrir, að fundur yrði haldinn í sameinuðu þingi aðeins til þingslita, og geri því ekki ráð fyrir, að þetta mál yrði tekið þar á dagskrá.

Annars er umræðum um þetta lokið.

Þá las forseti dagskrá fyrir næsta fund.

Jón Baldvinsson: Mjer heyrðist hæstv. forseti tilkynna fundinn kl. 10 ½ árdegis. Mundi forseti ekki vilja breyta ákvörðun sinni og halda fundinn t. d. kl. 9 árdegis. Neðri deild heldur sinn síðasta fund kl. 10 árd.; hefir hún ekki nema eina þáltill. á dagskrá, og svo önnur þau mál, sem kunna að verða send frá efri deild. Ef við höldum fund kl. 10½ og einhverjar umr. verða, er sýnilegt, að hv. Nd. þarf að bíða lengi, eða hún slítur fundi, og komast þá málin ekki að.

Forseti (HSteins): Jeg geri ekki ráð fyrir, að þingslit verði fyr en kl. 5. Er þá nægur tími fyrir Nd. að skjóta á fundi fyrir þau mál, sem kunna að verða send hjeðan.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

3. Lögnám vatnsorku í Sogi.

Á 37. fundi í Nd., miðvikudaginn 23 mars, var útbýtt:

Till. til þál. um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnsorku allrar í Sogi (A. 236).

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 26. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Þar sem þetta er fyrri umr. um till. og jeg býst við því, að henni verði vísað til nefndar, sje jeg ekki ástæðu til þess að fjölyrða um hana nú. Jeg vænti þess, að hv. deild fallist á að láta till. fara umræðulaust til nefndar og geyma umr. um hana þar til hún kemur til síðari umr. — Geri jeg það að till. minni, að henni verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 14:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og tillagan var ekki á dagskrá tekin framar.

---

4. Uppbót til starfsmanna ríkisins.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. mars, var útbýtt:
Till. til þál. um uppbót til starfsmanna ríkisins (A. 275).

Á 43. fundi í Nd., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 48. og 49. fundi í Nd., dagana 6. og 7. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 8. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Það hefir orðið að samkomulagi milli okkar flutningsmanna þessarar þáltill. að leggja til, að umr. verði frestað að þessu sinni og málinu vísað til hv. fjhn. Ástæðan til þessa er sú, að við viljum ekki knýja fram atkvgr., hvorki um aðaltill. nje varatill., án þess að málið hafi fyrst verið athugað í nefnd. Vona jeg, að hv. þdm. fallist á það. Við viljum vísa málinu til fjhn. vegna þess, að fleiri slíkum málum hefir verið vísað þangað, en hv. fjvn., sem málið heyrir þó aðallega undir, hefir haft öll skjöl þess og skilríki til athugunar frá þingbyrjun og á þess vegna auðvelt með að láta í ljós álit sitt, þótt málinu sje ekki vísað til hennar.

Það væri gott, ef ekki yrðu miklar umr. um málið nú og ekki fyr en nefnd hefir athugað það. En jeg get fullvissað hv. þdm. um það, að kjör opinberra starfsmanna eru erfið nú. Þau voru erfið s. l. ár, en uppbótin á þó nú að lækka um 34%. Í raun og veru er hjer ekki farið fram á annað en rjetta framkvæmd laganna um dýrtíðaruppbót. Það var í upphafi litið svo á, að uppbótin ætti að reiknast af öllum launum hinna opinberu starfsmanna, eins og hún þá átti að reiknast. En svo var fundið upp á því, að taka mætti nokkrar vörutegundir, sem voru í háu verði, og reikna út uppbótina eftir verði þeirra. Var þetta gert til hægðarauka. En einmitt þessar vörutegundir, sem valdar voru, hafa lækkað mest í verði

síðan, og þetta hefir gert það að verkum, að dýrtíðaruppbótin hefir orðið lægri heldur en þingið 1919 ætlaðist til.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil aðeins geta þess, að mjer finst það formlegra, að mál þetta fari til hv. fjvn., og geri það að till. minni.

Flm. (Magnús Jónsson): Jeg skal ekki gera það að neinu kappsmáli, hvor nefndin, fjhn. eða fjvn., fær málið til athugunar. Jeg læt hv. þdm. alveg ráða því. En það hefir verið venja að vísa launamálum til hv. fjhn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjhn. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, HjV, JakM, JAJ, JG, JK, JÓl, JS, JörB, MG, MJ, ÓTh, BSv.

nei: ÞorlJ, BSt, BL, HStef, IngB, MT, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ.

HK greiddi ekki atkv.

Einn þm. (KlJ) fjarstaddur.

Umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

5. Flugvjel til póstflutninga.

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. mars, var útbýtt:

Till. til þál. um að kaupa eða leigja flugvjel til póstflutninga (A. 180).

Á 30. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 31. fundi í Ed., næsta dag, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg hefi látið stutta greinargerð fylgja þessari till. og þar tekið fram þau meginatriði, sem sögð verða til stuðnings þessu máli. Fyrsta atriðið er það, að við höfum sennilega einna ófullkomnastar póstgöngur, sem mögulegt er að gera ráð fyrir í nokkru mentuðu landi á 20. öld. Það er ekki svo vel, að það fari hjeðan póstur yfirleitt út um landsins bygðir einu sinni á mánuði. Í sumum hjeruðum er það enn sjaldnar. Jeg veit með vissu um einn fjörð á Austurlandi, þar sem landpóstur kemur aldrei á sumrin. Þeir, sem þar búa, verða að sækja póst sinn til næsta fjarðar. Ofan á þetta bætist, að það virðist vera eitthvert dæmalaust sleifarlag á póstflutningum að öðru leyti. Mjer er skrifað frá Reyðarfirði með Esju, þegar hún kom hingað frá útlöndum, að einn bóndi þar hjá kaupstaðnum hafi ekki sjeð eitt einasta Reykjavíkurblað frá því í nóvember. Blöðin, sem send voru með landpósti, hafa verið skilin eftir og voru ekki komin í febrúar. Þetta ástand póstmálanna er þannig, að jeg þykist mega fullyrða, að þjóðin uni því ekki til lengdar. Jeg sje ekki neinar líkur til þess, að hægt verði að bæta úr þessu á þann hátt, að póstgöngum verði komið í svipað horf og gerist erlendis, nema með flugvjelum. Þess verður eflaust

langt að bíða, að akvegir komi um land alt, enda eru þeir ekki bílfærir nema á sumrum.

Fyrir nokkrum árum hefði verið talið fjarstæða að láta sjer detta í hug að flytja póst í flugvjelum. En nú er nokkru öðru máli að gegna. Nú er fluglistin komin á það stig, að flugvjelar mega heita jafnalgeng flutningatæki og bílar voru svo sem 10 árum eftir að þeir voru fundnir upp. Svo örar eru framfarirnar á þessu sviði, að telja má víst, að innan fárra ára verði hættulaust eða að minsta kosti hættulítið að fljúga. Jafnvel nú þegar er svo komið, að slys eru að tiltölu litlu tíðari en á skipum og járnbrautum.

Jeg hefi að svo stöddu ekki álitið tímabært að leggja til að byrja flugferðir til farþegaflutnings. Áður en langt líður mun þó að því reka, að svo verði gert, því að þörfin þar er sú sama og um póstinn, sökum stærðar landsins og strjálbýlis, og enginn þektur vegur er greiðari en loftið. En flugið er svo dýrt, að ekki mundi þykja forsvaranlegt að greiða svo há fargjöld sem þyrfti til að láta það bera sig.

Öðru máli er að gegna um póstflutning, t. d. brjefapóst, þar sem hægt er að koma hundruðum eða þúsundum brjefa í rúm eins farþega. Jeg geri því ráð fyrir, að flug á Íslandi byrji með því að flytja póst.

Auk þess sem þetta er fyrst og fremst viðskiftaúrræði, getur það orðið stórkostlegt menningarmeðal. Jeg held, að þær umbætur, sem verða á póstmálum með flugvjelunum, verði góður liður í þeirri viðleitni, að gera fólki kleift og viðunandi að búa í dreifbýli, því að með fjölgun póstferða minkar einangrunin. Það er víst, að ein aðalhvötin til þess, að fólk flytur í kaupstaðina, er einmitt tilfinningin fyrir því, hve erfitt er að ná til annara, einangrun, fásinni, frjettaleysi.

Um kostnaðinn er ekki gott að segja. Það stendur til, að málið gangi gegnum 2 umr. í hvorri deild, og verður því eflaust athugað í nefnd, hvort kleift sje að ráðast í þennan kostnað, eins og nú háttar. Jeg vil geta þess, að ný ríki álfunnar, eins og t. d. Tjekkó-Slóvakia, láta árlega byggja 5—600 flugvjelar.

Það munu þegar liggja fyrir umsóknir ungra Íslendinga um að læra að fljúga, og þar kemur, að Íslendingar verða ekki eftirbátar útlendinga í þeirri list. En jeg hefi þó gert ráð fyrir, að fengnir verði svo sem 2 erlendir menn til þess að standa fyrir flugum fyrst í stað. Okkur ríður sem sje á að fá sem öruggasta og fullkomnasta stjórn, til að fyrirbyggja slys, meðan verið er að safna reynslu. Þá mun þess ekki langt að bíða, að hjer rísi upp ötul og örugg flugmannastjett, með hæfileikum slíkum sem bifreiðastjórar vorir og sjómenn, sem geta sjer góðan orðstír. Hjer er síst vant góðra manna.

Það er ekki hægt að segja, hversu örar ferðirnar skulu vera. Það leiðir af sjálfu sjer, að í því efni verður að feta sig áfram. En þegar þess er gætt, að fara má austur til Hornafjarðar á parti úr degi, er sýnilegt, að mikið er hægt að gera og koma pósti á skömmum tíma yfir alt landið.

Jeg geri ráð fyrir, að rjett sje að fara hægt í vetrarferðir, gera tilraunir fyrst að sumrinu og feta sig áfram og safna reynslu.

Að umræðum loknum legg jeg til, að málinu sje vísað til samgmn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var útbýtt nál. samgmn., á þskj. 629, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

6. Ungmennaskóli í Reykjavík.

Á 15. fundi í Ed., laugardaginn 26 febr., var útbýtt:
Till. til þál. um ungmennaskóla í Reykjavík (A. 62).

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 28. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 17. fundi í Ed., þriðjudaginn 1. mars, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Það er öllum kunnugt, að höfuðstaðurinn hefir orðið útundan um ungmennafræðslu, þó að það megi undarlegt heita, þar sem skólarnir eru hjer svo margir. Nú hefir komið til mála að hefjast handa til þess að bæta úr þessu, en þar sem það er fyrirsjáanlegt, að slík stórbygging, sem skólinn heimtaði, yrði mörg ár á leiðinni, og auk þess ekki alveg víst, að hægt yrði að byrja á henni á næstu árum, hefir mjer dottið í hug, að það væri ómaksins vert að athuga, hvort ekki væri hægt að byrja skólann — án mikils tilkostnaðar — þegar í haust. Þess vegna flyt jeg þáltill., sem þarf að ganga í gegnum báðar deildir, af því að henni fylgja nokkur fjárútlát.

Svo er ástatt hjer í bænum, að hjer er eiginlega ekki nema einn ungmennaskóli, sem sje mentaskólinn. Hann er að vísu nokkuð stór og fer vaxandi, en þess ber að gæta, að það er ekki tilgangur þess skóla að veita almenna unglingafræðslu, nje heldur getur komist í hann nema örlítill hluti þeirra, sem fræðslu þarfnast. Eins og menn vita, hefir einn kennari mentaskólans kynt sjer eitt og annað, er að skólamálum lýtur, og gert tillögur um stofnun sjerstaks skóla, en hann hefir þann ágalla, að vera mjög dýr. Byggingin ein kostar miljón króna, og eru engin líkindi til, að hægt verði að sinna þessu nú, þar sem bærinn er að láta byggja óvenjulega stóran og vandaðan barnaskóla.

Jeg hugsa mjer því, að væri sönnu næst að fela hæstv. stjórn, með aðstoð fræðslumálastjóra, að gera þegar í haust ráðstafanir til þess að byrja hjer almenna unglingafræðslu. Aðalhugmynd mín er að nota á eftirmiðdögunum landsskólana þrjá og auk þess stóran samkomusal, sem hægt er að fá fyrri hluta dags með mjög vægum kjörum. Hann er upphitaður allan daginn og tekur hátt á fimta hundrað manns. Þar yrðu engin bein útgjöld, nema til ræstingar. Jeg vil taka það fram, eiganda salarins, Bjarna Jónssyni frá Galtafelli, til verðugs lofs, að hann hefir oft látið í ljós, að hann væri fús á að lána hann bænum eða landinu, ef hægt væri með

því að greiða fyrir fræðslumálum. Jeg mun síðar víkja að því, að þetta eru sjerstök hlunnindi.

Það veltur mikið á því að hafa heppilegan forstöðumann, og þess vegna yrði að borga þeim manni eins og gerist við aðra fasta skóla hjer. Þó að ekki sje enn kunnugt um neinn sjerstakan mann, sem gæti tekið það starf að sjer — eini maðurinn, sem hefir látið til sín taka í þessu máli, er fastur kennari við mentaskólann — þá mundi sjálfsagt takast að fá góðan mann. Að öðru leyti mundi vera auðvelt að fá tímakennara. Hjer er einmitt fjöldi af mentamönnum, sem eiga erfitt uppdráttar og sækjast eftir að fá tímakenslu. Það er sem sje hægt að velja úr mönnum til þess að kenna hverja þá grein, sem yfirleitt er hægt að kenna hjer á landi. T. d. með kennara í ýmsum sjergreinum, svo sem teikningu og vinnubrögðum, er hjer um auðugan garð að gresja. Það er sjálfsagt fyrir landið að nota sjer það að fá hjer góða kenslu fyrir minna verð en annarsstaðar.

Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. stjórn taki ekki til þess, þó að í tillögu minni sje tekið fram á tveim stöðum, að fræðslumálastjóri skuli vera með í ráðum. Mjer er ekki kunnugt um, að stjórnin hafi haft eða hafi innan sinna vjebanda menn, sem hafa áhuga fyrir uppeldismálum, og er því um engan að ræða, nema fræðslumálastjóra.

Jeg býst við, að þetta mál kunni að mæta einhverri mótstöðu frá aðiljum skólanna, sem nota á til kenslunnar. Það þykir „flottara“ að hafa húsrúmið autt síðara hluta dags. En er ekki meiri þörf á að nota þetta húsrúm handa því unga fólki, sem að öðrum kosti yrði útundan um kenslu? Jeg er ekki í nokkrum vafa um, að það er rjettara að meta meira manneskjurnar en hitt, að húsin standi auð.

Það er tekið fram í aths., að með því að nota skólahúsin svona mikið, verður að gera sjerstakar ráðstafanir til ræstingar og lofthreinsunar. Alveg án tillits til þess, hvort skólarnir eru notaðir svona mikið eða ekki, er sjálfsagt að hafa alstaðar vatnshelda gólfdúka, sem auðvelt er að hreinsa. En það, sem menn reka sig fyrst á, er það, að loftræstingin er ófullnægjandi á þann hátt, sem hún er nú gerð. Þó er hægt með mjög litlum tilkostnaði að koma við rafmagnsloftræstingu, eins og t. d. er á öllum fullkomnum skipum.

Jeg býst við, að nægja mundi fyrst um sinn að nota $^1/_2$—$^2/_3$ af bekkjarúmi hvers skóla. Það þyrfti aldrei að reka sig á, þó að nemendur hefðu fundarhöld eða annað slíkt, og kent væri í nokkrum stofum frá kl. 5—7 eða 4—7.

Sem dæmi get jeg tekið það, sem gert var undir svipuðum kringumstæðum, þegar Möðruvallaskólinn brann. Í 2 vetur fór kenslan fram í barnaskólanum á Akureyri á eftirmiðdagana. Auðvitað var það óþægilegt fyrir fullorðna menn að sitja á sömu bekkjum og börnin, en þetta varð svo að vera, af því að landið var fátækt. Jeg var í skólanum annan veturinn og hafði ekki neitt ilt af því.

Einhverjum kann að finnast við fyrstu sýn, að örðugt muni vera að hafa sama skólann í mörgu lagi. En þetta er alls ekki óalgengt. Í sumum stærstu lýðháskólum frændþjóða okkar er stór fyrirlestrarsalur, þar sem einnig eru sýndar skuggamyndir og kvikmyndir,

en þegar til hinnar eiginlegu bekkjakenslu kemur, skifta menn sjer í minni hús og bekki. Þetta er hrein og bein umbót. Enginn skóli á hjer aðgang að jafnvönduðum og ágætum fyrirlestrasal og þessi fyrirhugaði unglingaskóli. Jeg hefi hugsað mjer, að fyrst um sinn væru sumar námsgreinarnar, t. d. Íslandssaga, bókmentasaga, mannkynssaga, landafræði og náttúrufræði, kendar með fyrirlestrum, og væru þá notuð þau ágætu tæki, sem salnum fylgja, bæði kvikmyndir og skuggamyndir. Þessi kensla gæti farið fram fyrri hluta dags, með fyrirlestrum, því að þá er salur þessi altaf auður, en síðari hluta dags færi aftur fram í landsskólunum tungumálakensla, reikningur, teikning og kensla í öðrum þeim greinum, þar sem ekki mega vera fleiri í bekk en 20—25 manns. Það yrði þá frá kl. 5—7 síðd., og þá hefðu nemendur bæði kvöldið og svo allmikið af fyrri hluta næsta dags til þess að búa sig undir tímana. Ef dugandi skólamaður stæði fyrir þessari kenslu, þá yrði það engum vandkvæðum bundið að hafa yfirumsjón með þessu, og það þó að alt að 2—300 manns væri í þessum skóla. Í þessu sambandi vil jeg benda á, að það er talað um það hjer í bænum, að bæjarstjórn og skólanefnd ætli sjer að hafa sama skólastjórann fyrir báðum skólunum, þó að þar verði um 2—3000 nemendur. Það er litið svo á, að sami maður geti vel litið þar eftir, þótt kent verði á tveim stöðum í einu. Ef hjer yrði stofnaður fastur unglingaskóli, myndi verða stofnað töluvert af föstum embættum, sem þá yrði allþungur baggi á bænum eða ríkinu. En jeg sje ekki, að á meðan skólinn er einskonar reynslustofnun, þyrfti að vera nema einn fastur maður, og jeg hefi lauslega reiknað út, að með því skólagjaldi, sem hjer tíðkast, mundi þessi skóli geta komist af með, svona fyrstu árin, 12—15000 krónur á ári. Það er aðallega skólastjórinn, sem jeg hefi hugsað mjer að væri borgað sjerstaklega, og svo dálítill aukakostnaður við fyrirlestra, en önnur bókleg kensla, ræsting og smáútgjöld, yrðu kostuð af skólagjöldum. Þegar það er athugað, að kvennaskólinn í Reykjavík borgar 8000 kr. í húsaleigu, og svo ljós og hita sjerstaklega, þá er það alveg ljóst, að hjer er hægt að komast af með tiltölulega miklu minni kostnað, þar sem húsaleiga getur að langmestu leyti fallið niður, og jeg þori að minsta kosti að fullyrða, að skóli með þessu fyrirkomulagi mundi verða miklu ódýrari en nokkur annar skóli hjer á landi, vegna þess að hann fær svo ódýrt húsrúm og getur orðið svo stór og ætti að njóta þess.

Hvaða fyrirkomulag ætti nú að vera á þessum skóla? Jeg hefi ekki reynt í þáltill. eins og þessari að fara nákvæmlega út í það atriði, og býst líka við, að jeg hafi dálítið aðrar skoðanir í því efni heldur en þeir menn, sem nú hafa verið að reyna að undirbúa till. um unglingaskóla hjer í Reykjavík. Jeg býst við, að fyrir þeim vaki svipuð kensla og er í gagnfræðaskólanum á Akureyri og í Hafnarfirði. Gagnfræðakensla þessara skóla er miðuð við þriggja ára nám, er að mestu leyti bókleg og leggur langmesta áherslu á að glæða hugmyndir þeirra um þau fræði, sem þeir geta lagt á minnið. Reynslukensla er nær engin, enda er aðallega verið að undirbúa þessa ungu

menn undir andlegt líf, þar sem hugsun og heili starfar, en ekki hendurnar. Þetta er mikill galli á þessum skólum, vegna þess, að líf vort hjer er þannig, að meiri hluti borgaranna getur ekki lifað án þess að reyna bæði á líkama og sál; fæstir geta lifað á gagnfræðinni einni saman, og það stafar meira að segja bein hætta af þessu skólafyrirkomulagi, af því að það býður opinn faðminn móti því, sem menn kalla böl aldarandans, nefnilega þeim hugsunarhætti, að unga kynslóðin reynir og vonast eftir því að geta komist hjá erfiðri vinnu fyrir sjálfa sig, og dreymir um það, að geta búið að einskonar andlegri vinnu. En það er þó öllum ljóst, að það getur ekki náð nokkurri átt, að þessi bær hagi þeirri fræðslu, sem þetta unga fólk, sjómenn, trjesmiðir, verkamenn og tilvonandi húsfreyjur, á að njóta, þannig, að hún beini hugum þeirra frá þeim störfum, sem það síðar verður að leggja fyrir sig, en að einhverjum mikilsverðum, andlegum lærdómi. Það er þess vegna, sem jeg held, að það mundi áreiðanlega fult svo hentugt fyrir þennan bæ, að því væri ekki algerlega slegið föstu, að þessi skóli ætti að vera eingöngu sniðinn eftir neðri deild mentaskólans, heldur að reynt yrði að sníða þennan skóla svo, að hann uppfylti og bætti úr þeim rjettmætu kröfum, sem þarf að gera til uppeldis starfandi fólks í þessum bæ. Þess vegna tek jeg til leiðbeiningar tvo alþýðuskóla hjer á landi; er annar þeirra orðinn nokkuð gamall, en hinn er ennþá ungur. Það eru þeir skólar, af þeim sem jeg þekki til, sem hafa gert mest að því að forðast að fjarlægja menn frá lífinu. Á báðum þessum stöðum hefðu kennararnir viljað ganga lengra í þessa átt, ef húsrúmið hefði leyft það. Jeg vil sjerstaklega taka það fram, að við skólann á Núpi er það álitið af öllum, sem kunnugir eru, að þessi mentastefna hafi mest og best verið samrýmd við andlegt uppeldi, án þess þó að fjarlægja menn frá starfslífinu, og þess vegna er það fullkomlega rjett að taka tillit til þeirrar reynslu, sem hjer er fengin í þessa átt.

Síðasti liðurinn er um það, að skora á landsstjórnina að láta gera áætlun og teikningu fyrir hæfilega stórt skóla-eldhús og verkstæði, og jeg vil taka það fram, að það lýtur sjerstaklega að þessari stefnubreytingu; jeg lít nefnilega þannig á, að það væri miklu heppilegra og betra fyrir ungar stúlkur að vera ekki í þessum skóla nema tvö ár, þar sem þær læra bæði nokkuð bóklegt og talsvert í íþróttum, og hafa svo kenslu í matreiðslu, og sömuleiðis væri það betra fyrir unga menn að stunda bóklegt nám í tvo vetur og geta svo verið einum vetri meira við verklegt nám, trjesmíði eða steinsmíði eða aðra þá iðju, sem reynslan sýndi, að hentaði mönnum hjer í bæ.

Jeg geri ráð fyrir, að allir, sem sjá þessa þáltill., reyni að skoða þetta mál frá þessu sjónarmiði. Jeg álít, að það eigi alls ekki að byrja á því að byggja hinn almenna skóla; það er hægt að komast af án þess enn um stund; mest nauðsyn er á, að menn fái tækifæri til að stunda verklegt nám, og svo væri hugsanlegt fyrir bæinn og landið í sameiningu að þoka þessu áfram smátt og smátt. Eftir 10—15 ár verður skólinn kannske búinn að eignast fullkomin

hús, því að vitanlega dettur mjer ekki í hug, að þetta skólaform leysi varanlega skólamálið hjer. En eftir fjárhagsástæðum bæjarins og landsins býst jeg ekki við, að hugsanlegt þyki, að slík bygging verði bygð bráðlega, því að mjer hefir skilist af manni, sem vel þekkir til um fjárhag bæjarins, að það muni þykja fullmiklir örðugleikar á, að hann geti lokið við barnaskólann, og ekki hægt að segja, hve fljótt honum verður fært að standast þann kostnað að byggja skóla yfir 3—400 manns.

Jeg geri ráð fyrir, að það mundi þykja full ástæða til, ef ekki væri nein hulin og ókunn mótstaða gegn málinu þar, að vísa þessari till. til mentmn.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg gat því miður ekki hlustað á aðalræðuna hjá hv. flm. (JJ), og heyrði þess vegna ekki, hvort fram kom till. um að vísa till. til nefndar. (**JJ:** Jú, til mentmn.). Jæja, þá sje jeg ekki ástæðu til að fara nákvæmlega út í till. við þessa umr., og mun jeg því geyma mjer það þar til síðar. En jeg vil geta þess strax, að jeg hefi ýmislegt við þessa till. að athuga, svo að hv. þm. (JJ) má ekki skilja ummæli mín svo, að jeg muni síðar fylgja honum að málum, þó að jeg mæli ekki á móti henni nú. (**JJ:** Jeg veit, að mentamálaráðherrann hlýtur að verða með þessu). Það kemur síðar á daginn.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv. og til mentmn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

7. Byggingar- og landnámssjóður.

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 28. febr., og á 17. fundi í Nd., sama dag, var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um byggingar- og landnámssjóð (A. 68).

Á 2. fundi í Sþ., laugardaginn 5. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 4. fundi í Sþ., fimtudaginn 24. mars, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Sþ., mánudaginn 25. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Síðan jeg bar fram þáltill. þessa, hafa komið fram 2 þskj., er snerta þetta mál. Annað þeirra er nú komið úr nefnd í hv. Nd., en hitt, sem er um skipun milliþinganefndar í búnaðarmálum, hefir gengið í gegnum hv. Nd. og verið samþ. við fyrri umr. í hv. Ed. Ef það verður samþykt, ætla jeg að breyta þessari þáltill. að formi, og óska því, að hún sje tekin út af dagskrá, þangað til útsjeð er um nefndarskipunina.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., föstudaginn 13. maí, var till. enn tekin til einnar umr. (A. 68, 566).

Flm. (Jónas Jónsson): Þessi till. kom fram snemma á þinginu, en með því að mál í líkri mynd hefir verið til meðferðar mestan þingtímann í Nd., þótti mjer ekki ástæða til að taka þessa till. til umr. fyr en útsjeð væri um afdrif frv. þess, sem lá fyrir hv. Nd. Það frv. komst til nefndar, en náði ekki samþykki deildarinnar. Mun það hafa vakað fyrir hv. Nd., að það þyrfti að rannsaka mál þetta ítarlegar í milliþinganefnd. Það, sem því gerst hefir í málinu í hv. Nd., er ekki annað en það, að deildin hefir sýnt samúð með hugmyndinni, en það er ekki vitað, hvað alt þingið vill gera í málinu. Því gefst nú tækifæri til að sýna það með orðum og atkvgr., hvernig menn standa að vissum atriðum þessa máls.

Það er sýnt, að hæstv. stjórn hefir ekki ástæðu til að undirbúa svona mál, en eftir að milliþinganefndin er skipuð, á hún að gera till. um það, og er mikils vert fyrir hana að vita, eftir hvaða línum þingið vill að hún fari.

Það eru aðallega þrjú atriði, sem mestu skifta, hvort þingið felst á. Þau atriði eru ekki bundin hvert við annað, og þingið vill ef til vill mæla með einu þeirra, þótt það geti ekki fallist á hin. Jeg hefi því hugsað mjer að athuga þessi atriði dálítið nánar.

Hv. Nd. hefir gengið inn á það í meðferð frv. frá hv. 1. þm. N.-M. (HStef), að rjett sje að fjölga býlum eins og hægt er og að endurbæta byggingar á þeim jörðum, sem eru að leggjast í eyði vegna slæmra húsakynna, og að rjett sje að veita lán úr ríkissjóði til þessara framkvæmda. En þar sem menn óttast, að fjárhagurinn verði ekki góður á næstu árum, vegna þeirrar kreppu, sem hæstv. stjórn og flokkur hennar hefir nú leitt yfir landið, er sjerstök ástæða til þess að sjá ríkissjóði fyrir auknum tekjum, um leið og nýir baggar eru lagðir honum á herðar. Það er oft stærsti gallinn á gjöf Njarðar, þegar þingið samþykkir einhver kostnaðarsöm lög, svo sem berklavarnalögin, að ekki er jafnframt sjeð fyrir tekjum til þess að standast kostnaðinn, og því er altaf hætta á, að jafnvel góð lög verði afnumin, þegar fjárhagurinn breytist til hins verra.

Jeg lít svo á, að á aðaltekjustofninn, hina almennu tolla, sje þegar fullhlaðið, eða ekki líkur til, að þar verði miklu á bætt. Ef við gerum samanburð — sem jeg skal þó ekki fara út í að sinni — á beinum og óbeinum sköttum hjer og hjá öðrum þjóðum, þá sjest það, að við erum mestu tollkóngarnir. Í Englandi hvíla á almenningi miklu minni tollar en hjer hlutfallslega, enda þótt ýmsar vörur, hinar svokölluðu óhófsvörur, svo sem vín og tóbak, sjeu þar hátt tollaðar nú, en margar vörur, sem við tollum hátt, eru lítt eða ekki tollaðar. Aftur á móti ná Englendingar miklum tekjum með beinum sköttum, en þar eru svo ríkir menn, að samanburður við okkur getur varla komið til greina. Samt eru beinu skattarnir, tekju- og eignarskattar, þyngri þar á hliðstæð efni en hjá okkur. Hjer mun því hægt að ná meiri tekjum en gert er, án þess að ganga nærri skattþoli einstaklinganna. Til þess að fyrirbyggja, að menn segðu, að hjer væri um rán að ræða og að hinn

nýi gróðaskattur yrði óbærilega ranglátur, hefi jeg orðað það svo í till., til leiðbeiningar fyrir nefndina, að þó gengið yrði inn á þessa braut, þá væri ætlast til, að eignar-, tekju- og gróðaskattur yrðu hlutfallslega aldrei hærri allir til samans hjer en í Englandi. Þetta er til að sýna öllum, sem um málið hugsa, að hjer er aðeins gert ráð fyrir, að þyngdur sje skattur á gróðamönnum og gróðafyrirtækjum, innan skynsamlegra takmarka, og er það ekki ósanngjarnt. Jeg sá ekki annan mælikvarða eðlilegri til að fara eftir heldur en þann, sem þroskuð og nokkuð íhaldssöm þjóð, eins og Bretar, hafa sett sjer að fara eftir, og ekki ættu íhaldsmenn hjer að telja það hættulegt að fylgja fordæmi þeirra.

Ef þetta verður þyrnir í augum einhverra hv. þm., þá ber það vott um, að þeir gera ekki ráð fyrir, að landið leggi fram fje til framkvæmda landnáminu, nema með því að þyngja almenna skatta, en það er hvorki rjettlátt nje hyggilegt, eins og nú er málum komið.

Annar liðurinn lýtur að því að beina til milliþinganefndarinnar að geta þess, að lánskjörin úr þessum sjóði verði það hagstæð, að kleift verði fyrir reglusaman og duglegan mann, sem getur lítið lagt fram nema sína eigin vinnu, að rísa undir byrjunarkostnaðinum. Jeg segi þetta af því, að einn maður í Nd., hv. 3. þm. Reykv. (JÓl), sem bar fram brtt. við frv. um landnámssjóðinn, um það, að hækka tillagið úr ríkissjóði, og hefir auðsjáanlega gert það af góðum hug við málið, hefir einnig gert till. um lánskjör, sem í sjálfu sjer eru mjög góð, miðað við lánskjör þau, sem nú fást til ræktunar, en sem jeg hygg þá, að ástæða sje til að óttast að verði drápsbaggi fyrir fátæka landnema, sem taka land til ræktunar og þurfa að koma upp húsum, girðingum o. fl. Jeg er mjög hræddur um, að það kunni að verða ókleift fyrir einyrkja að borga 400 kr. í vexti, fyrir utan afborgun, af 10 þús. kr. láni. Jeg ætla þó ekki að fara nánar út í þetta, en hefi orðað það alment, til þess að sýna, að tilgangurinn er að skapa landnemunum heilbrigð lífskjör.

Í Noregi, þar sem mikið hefir verið gert til þess að fjölga býlum og þar sem lánskjörin eru ágæt, hafa í vetur, er afleiðingar gengishækkunarinnar tóku að sverfa að atvinnuvegunum, flosnað upp margir nýbyggjar. Þeir þoldu ekki gengishækkunina, þó að vel væri að þeim búið. Sumir menn álíta, að sveitirnar verði að standa í ábyrgð fyrir lánunum, og svo er það erlendis. Og þegar smábændurnir flosnuðu upp í Noregi í vetur, þá auglýstu sveitarfjelögin býlin í tugatali og reyndu að fá nýja ábúendur. Þetta er þýðingarmikið atriði, að jörðin, mannvirki öll og ábúðarrjetturinn sjeu látin standa að veði fyrir lánunum, en ekki verið að blanda sveitarfjelögunum í það. Enda mundi það erfitt, því að altaf er hræðsla hjá sveitarfjelögunum við allar ábyrgðir, og ef þær eru ekki annað en formið eitt, þá eru þær líka í sjálfu sjer gagnslausar. Niðurstaðan verður því sú, að ef maðurinn stendur ekki í skilum með sanngjörnum afborgunum, þá er ekki annað að gera en að láta hann fara frá jörðinni. Þannig er líka reynslan í Noregi. Þá er þó eins gott fyrir sjóðsstjórnina að geta gengið að ábúandanum, enda væri það nægilegt aðhald, ef maðurinn misti ábúðarrjettinn, ef hann gæti ekki

staðið í skilum. Er þá gert ráð fyrir, að sjóðsstjórnin fengi nýjan mann á jörðina, og gæti býlið þannig haldist við.

Þriðja atriðið er gert til að benda væntanlegri milliþinganefnd á það, að það væri mjög óheppilegt, ef gengið væri inn á þá braut að taka land eignarnámi og skifta því með valdi. Jeg býst nú líka við því, að þingið mundi ekki samþ. lög, sem gerðu slíkar ráðstafanir, enda er það óþarft, þó að undir einstöku kringumstæðum geti slíkt komið fyrir. En hjer á landi ætti jarðaskifting að verða auðveld, um leið og fjármagn fæst með hæfilegum kjörum til þess að nota landið, sem til er. Jeg hygg, að það færi t. d. best á því, að systkini, sem eiga skiftanlegar jarðir, sætu fyrir lánum, af því að þá væri hægur og tryggur vöxtur framkvæmanlegur alstaðar á landinu, án nokkurs valdboðs. En það er fullvíst, að það mundi spilla fyrir landnámssjóðshugmyndinni, ef jarðir yfirleitt yrðu teknar með valdi til skiftingar. Nú hefir býlafjölgun einmitt víða gerst þar, sem minst flyst af fólki burt til kaupstaðanna. Jeg get t. d. tekið dæmi af fjórum systkinum, sem búa nú á einbýlisjörð í Þingeyjarsýslu.

Síðari liður 3. greinar tillögunnar á að tryggja það, að velgerningar ríkisvaldsins verði ekki misnotaðir, þannig, að jarðirnar komist í sölubrask og að millimennirnir stingi í sína vasa arðinum af þeim hlunnindum, sem ríkið hefir lagt til. Jeg þarf ekki annað en minna á það, að komið hefir fyrir, að jarðir, sem landið hefir selt, hafa hækkað tífalt á 2—4 árum. En það er enginn velgerningur að selja þannig jarðirnar, og hefði þjóðfjelagið betur átt þessar jarðir lengur. Úr brjefum, sem jeg hefi fengið víðsvegar af landinu, hefi jeg orðið þess áskynja, að ýmsir menn, sem bera þetta mál fyrir brjósti, leggja einmitt áherslu á þetta, að trygt verði, að verðhækkun og millimenska geti ekki gert hjer ógagn. Það getur vel verið, að það sjeu til aðrar leiðir en jeg hefi hjer bent á. Hjer er gert ráð fyrir, að til sje löggjöf, er leggi á þá kvöð, að ekki megi selja slíkar jarðir hærra verði en fasteignamatsverði. Má líka gera ráð fyrir því, að það sje hinn öruggi mælikvarði og lægra sje ekki sanngjarnt að fara. Sumum háttv. þm. kann nú að virðast sem þetta sje allmikil íþynging fyrir þá menn, er út í landnám leggja, en þjóðfjelagið gerir þetta ekki vegna þeirra einstaklinga, er fá jarðirnar, heldur vegna heildarinnar. Það sýnist því vera sanngjarnt, að um leið og þjóðfjelagið hjálpar, þá fylgi þessi kvöð sem trygging fyrir því, að árangur verði af hjálpinni.

Jeg ætla svo að ljúka máli mínu með því að segja frá úrræði, sem bóndi einn austur í Vestur-Skaftafellssýslu fann upp og framkvæmdi viðvíkjandi jörð sinni fyrir hjer um bil 20 árum. Þessi bóndi var Helgi Þórarinsson í Þykkvabæ. Hann hafði veitt því eftirtekt, hvílíkur ófagnaður það var, þegar jarðirnar hækkuðu mjög í verði. Þar sem duglegur bóndi gerir miklar umbætur á jörð sinni, þykir hækkunin eðlileg. Hann á ef til vill nokkur börn, og eftir hans dag er jörðin seld einu barna hans með svo háu verði, að hin börnin fái sem mestan arf. En barnið, sem kaupir, sligast svo undan umbótum foreldra sinna, vegna hins háa verðs. Helgi Þórarinsson vildi reyna að

sigla fram hjá þessu skeri, og því gaf hann sveitinni jörð sína, með því skilyrði, að sveitin bygði hana eftirkomendum hans eftir nánari reglum, og ákvað afgjaldið, að mig minnir, 120 kr. Það, sem vanst með þessu, var það, að jörðin varð þannig til varanlegra afnota fyrir ætt hans, með afgjaldi, sem var svo lítið, að það var sama sem að búið væri á henni leigulaust. Þetta gerir hverjum bónda auðveldara að bæta jörð sína og gera hana fullkomna og gagnlega framleiðslunni í landinu.

Jeg hefi svo ekki fleira að segja um till. að þessu sinni. Jeg veit, að enginn þm. getur misskilið, að með þessu er reynt að slá föstum nokkrum aðalatriðum viðvíkjandi meðferð milliþinganefndarinnar á þessu máli. Atriði þessi eru svo ljós, að enginn ætti að þurfa að vera í vafa um, hvort hann er með eða á móti þeim. Jeg býst nú reyndar við, að einstakir þm. sjeu á móti 1. lið till., af því að þar er lagt til að leggja hærri skatt á efnamenn. En þá vil jeg spyrja þessa sömu þm., hvar eigi að taka fjeð í þetta. Það er hægt að sýna viðhorf þingsins með því að láta greiða atkv. um hvern lið till. fyrir sig, og koma þá fram með- mæli eða mótmæli þingsins, að því er snertir hvern einstakan lið sjerstaklega.

Jeg þarf ekki að taka það fram um gróðaskattinn, að hann er mun rjettlátari en neysluskatturinn, af því að hann greiða ekki aðrir en þeir, sem hafa ákveðnar eignir og ákveðnar tekjur á tilteknu ári. En um leið og þeim gengur illa, hverfur skatturinn. Það er þess vegna, sem jeg stakk upp á því að afla sjóðnum tekna með gróðaskatti, þó að mjer sje það ljóst, að sá skattur er nokkuð misjafn, eftir því, hvernig árar, og þarf þá í mögrum árum að grípa til annara úrræða, samhliða megintekjustofninum.

Forsrh. og fjrh. (Jón Þorláksson): Fyrri hluti till. þessarar snertir skattamálin, og till. í heild sinni á að vera einn liður í þeirri löggjöf, sem á síðari árum hefir valdið því, að útgjöld ríkissjóðs hafa farið stöðugt hækkandi.

Jeg tel mjer skylt að minnast á þá hlið málsins, vegna þess að till. á að fara til milliþinganefndar í landbúnaðarmálum, sem svo á, eftir till., að semja viðauka við skattalöggjöf landsins. En það er tæplega gerandi, því að verkssviðin eru svo ólík, og þar sem þessir 3 menn verða valdir í nefndina með tilliti til þess, að þeir sjeu færir um að endurskoða landbúnaðarlöggjöf landsins, þá má ekki búast við því, að þeir verði eins færir um að stinga upp á breytingum á skattalöggjöfinni.

Sú leið, sem hv. flm. (JJ) benti á, að farin skyldi til tekjuöflunar, er ómöguleg. Jeg vil minna á það, að gjöldin á þeim fjárlögum, sem nú hafa verið afgreidd, eru um 10½ milj. kr., og er jeg yfirleitt viss um, að landsmönnum muni finnast sú upphæð í djarfasta lagi há, og munu ef til vill margir jafnvel vera hræddir um, að hún sje of há, eftir því sem gjaldþol landsmanna nú er. Af þessum 10½ milj. kr. er rjett um 9 milj., er fara til eiginlegra starfræksluútgjalda allskonar við þjóðfjelagsstarfsemina og ríkisfyrirtæki, og svo til þess að greiða vexti og afborganir af skuldum. En liðlega 1½ milj. kr. hefir þingið aftur sjeð sjer fært að ráðstafa til eiginlegra framfarafyrirtækja, það er að

segja til nýrra framkvæmda á ýmsum sviðum. Jeg er hræddur um, að það sje varhugavert að halda á næstu árum hratt áfram í því að bæta við löggjöf, sem hefir í för með sjer aukin árleg útgjöld fyrir ríkissjóð, heldur sje rjettara að sjá fyrst, hvort gjaldþol þjóðarinnar leyfir meira en það, að við höldum útgjöldunum afmörkuðum á grundvelli núverandi löggjafar. Jeg vil minna á það, að það er ógætilegt að bera saman á hverju einstöku sviði, hvað aðrar þjóðir hafa leyft sjer að gera, og svo hvað við getum gert. Það er ekki örugt, vegna þess, að við erum fátæk þjóð og af því að hæstu útgjaldaliðirnir eru til verklegra framkvæmda á þeim sviðum, sem aðrar þjóðir eru fyrir löngu búnar að leysa af hendi. Jeg vil t. d. nefna vega- og brúagerðir, þar sem við erum yfirleitt einni öld á eftir hinum Norðurlandaríkjunum, sem eru búin að inna af hendi öll nývirki á þessum sviðum, svo að útgjöldin til slíks eru aðeins til lítilla umbóta, til þess að fylgjast með kröfum tímans og til lítilfjörlegra aukninga á vegakerfinu. En við erum enn með fyrsta þriðjung eða að minsta kosti á fyrri helmingi þeirra framkvæmda, sem gera þarf, til þess að landið megi heita byggilegt og von sje um, að afkoma manna geti batnað. Það er varhugavert að vera að gera nýja útgjaldalöggjöf, sem hefir það í för með sjer, að við neyðumst til þess að draga úr framkvæmdahraðanum, þar sem við erum lengst á eftir.

Það er því rjett hugsun hjá hv. 1. landsk. (JJ), að um leið og brotið er upp á máli, sem gera má ráð fyrir að hafi til muna aukin árleg útgjöld í för með sjer úr ríkissjóði, þá þarf líka að útvega ríkissjóði nýjar tekjur. En hv. flm. mistekst, er hann fer að sýna milliþinganefndinni, hvernig hún eigi að afla þessara tekna. Það er auðfundið á öllu, að það stafar af því, að hann hefir ekki kynt sjer skattalöggjöfina og ekki gert þann samanburð við tilsvarandi löggjöf annara þjóða, sem óhjákvæmilegur var, úr því að hann miðar uppástungur sínar beinlínis við skattreglur annarar þjóðar.

Hv. flm. (JJ) sagði, að við værum mestu tollkóngar heimsins og að samanburðurinn á beinu og óbeinu sköttunum sýndi, að við tækjum mest af okkar tekjum með tollum, en ekki með beinum sköttum. En að því leyti sem þetta er rjett, þá verður að gera sjer grein fyrir því, af hverju það stafar. Er það af því, að beinu skattarnir sjeu lægri á hverjum einstaklingi hjer en annarsstaðar, þ. e. að skattstiginn sje lægri? Það verður ekki komist hjá að svara þessu, ef athuga á uppástungu þá, er hv. þm. ber fram við skattamálin. En hún er sú, að leggja gróðaskatt á skattskyldar eignir og tekjur, eignir, er nemi 50 þús. kr. og þar yfir, og tekjur, er nemi 15 þús. kr. og þar yfir. En hann tekur þó fram, hv. flm. (JJ), að eignar-, tekju- og gróðaskatturinn megi ekki samtals vera hærri en hliðstæðir skattar á Englandi.

Við skulum nú bera saman þá skatta, sem við höfum, og tilsvarandi skatta á Englandi, að meðtöldum gróðaskattinum (supertax), sem þar er greiddur. Jeg hefi gert þennan samanburð eins og skattarnir voru á Englandi fjárhagsárið 1925—26. Jeg skal geta þess, að skattarnir þar breytast eftir ákvæðum í hvers árs fjárlögum, en þó munu þeir nú vera óbreyttir frá því sem þeir

voru þetta tiltekna tímabil. Jeg tek hjer til hægðarauka ákveðið dæmi, og það eru hjón með 2 börn, því að það er frádráttur á Englandi, eins og hjer, að því er snertir börn og fjölskyldu, þó eftir dálítið öðrum reglum en hjer. Ennfremur verð jeg að geta þess, að löggjöfin í þessu efni er ekki eins í báðum löndunum, því að í Englandi er enginn sjerstakur eignarskattur, en tekjuskattsstiginn er aftur hærri fyrir tekjur af eign en fyrir tekjur af atvinnu. Hjá okkur er eignarskatturinn svo lítill, vegna þess að hjer er yfirleitt um litlar eignir að ræða, að tekjuskatturinn verður alveg yfirgnæfandi. Jeg tek því til samanburðar hjón með tvö börn, þar sem allar tekjurnar eru atvinnutekjur.

Þá kemur það fram, að af upp að 70—80 þús. kr. tekjum er skattur á Englandi, að meðtöldum gróðaskatti eða „supertax", lægri en tekjuskattur hjer. Þessu til skýringar vil jeg leyfa mjer að nefna örfáar tölur.

Af 1000 sterlingspundum, eða ca. 22 þús. kr., greiðir Englendingurinn 1825 kr., en Íslendingurinn 1921 kr. Af 2000 sterlingspundum er skatturinn á Englandi 5920 kr., en á Íslandi 6497 kr. Af 3000 sterlingspundum á Englandi 11300 kr., en á Íslandi 11697 kr. — Þá fyrst, þegar tekjurnar eru orðnar 4000 sterlingspund eða þar yfir, greiðir Englendingurinn örlítið hærri skatt, að meðtöldum „supertax", eða 17332 kr., en Íslendingurinn 17137 kr. Munurinn er aðeins tæpar 200 kr., og þar við má bæta því, að það er enginn gjaldandi til á Íslandi, sem hefir svo miklar tekjur, svo að það yrði heldur magurt tillag til byggingar- og landnámssjóðsins, sem þannig fengist, eftir uppástungu hv. 1. landsk. Út í fjelagaskattinn ætla jeg ekki að fara, en þaðan er ekki mikilla tekna að vænta, svo framarlega sem við höldum sama skattstiga sem nú er.

Hjer við bætist, að á Englandi er ekki nema þessi eini tekjuskattur, en hjer höfum við líka annan, alveg hliðstæðan, beinan skatt, sem sje sveitarútsvörin, sem yfirleitt eru, að minsta kosti hjer í Reykjavík, hærri en tekju- og eignarskatturinn til ríkisins. Það er heldur ekki að undra, þar sem það nemur helmingi meiru, sem þarf að jafna niður til bæjarþarfa, en það, sem greiðist til ríkissjóðs úr bænum. Það liggur því nærri að segja, að gjaldendur í Reykjavík beri skatt, sem er tvisvar til þrisvar sinnum hærri, tiltölulega, en gjaldendur með sömu tekjum á Englandi þurfa að borga. Það getur verið, að Englendingar borgi til bæjarþarfa eitthvað hærri fasteignaskatt en við. Jeg hefi hjer aðeins farið út í samanburð á tekju- og eignarskattinum, eins og till. gefur tilefni til.

Jeg vona, að þetta nægi til þess að sýna, að ef við erum mestu tollkóngarnir, þá er það ekki af því, að okkar lög um beinu skattana sjeu neitt mildari en annarsstaðar. En hjer er af svo litlum tekjum að gjalda, að við getum ekki náð af þeim eins miklum sköttum eins og aðrar þjóðir geta með svipuðum eða lægri skattstiga. En þær tekjur, sem við fáum með tekju- og eignarskattinum, eru einmitt góður mælikvarði á það, hvað við erum miklu fátækari en hinar eldgömlu menningarþjóðir, eins og Englendingar, og það þarf engan að furða.

Jeg sje ekki, að ástæða sje til að setja milliþinganefnd til þess að sníða

bætur á skattalöggjöf vora, eftir jafnfjarstæðri fyrirsögn eins og 1. liður till. hv. 1. landsk. er, og get því ekki greitt mitt atkv. með því. Eins og hv. þm. tók fram, fellur allur grundvöllurinn undan þessari hugmynd hans, ef ekki er hægt að finna nýjar tekjur handa sjóðnum.

Jeg ætla svo ekki að fara út í hina 2 liðina, en get búist við, að þeir verði athugaðir af þeim, sem þar eiga frekar hlut að máli.

Halldór Stefánsson: Þessi till., sem hjer liggur fyrir, hnígur, að efni til, nokkuð að því sama og frv., sem jeg flutti í hv. Nd. og afgr. var þaðan með þeim hætti, að því var vísað til stjórnarinnar, til þess að það yrði athugað af væntanlegri milliþinganefnd í landbúnaðarmálum. Tilgangurinn með þessari till. er að mestu sá sami, en munurinn kemur fram aðallega í fyrirkomulagsatriðum.

Fyrsti og aðalmunurinn kemur fram í fyrsta lið till., þar sem eru ákvæði um það, hvernig afla skuli þess fjár, sem væntanlegar framkvæmdir krefjast. Hjer er gert ráð fyrir, að þess sje aflað með ákveðnum skatti, en í frv. var ekki gert ráð fyrir, að tekna yrði aflað á sjerstakan hátt, heldur á sama hátt og annara tekna ríkissjóðs, og þá auðvitað gegnum almenna tolla- og skattalöggjöf.

Jeg hygg, að einmitt þessi munur sje ástæðan til þess, hve misjafnlega þessu máli hefir verið tekið fyr og nú af hálfu þingsins. — Jeg verð nú að líta svo á, að það sje eðlilegast, að tekna, sem verja á til útgjalda ríkissjóðs, sje jafnan aflað á einn og sama hátt, með tollum og sköttum.

Eftir því sem hæstv. forsrh. (JÞ) talaði, má álíta, að hann sje á móti frv., vegna þess að þar er ekki gert ráð fyrir sjerstökum tekjuauka. Hann ljet í ljós, að slíkri till. sem þeirri, er hjer liggur fyrir, þyrfti að fylgja sjerstök tekjuáætlun. Að vísu get jeg viðurkent það, að þegar litið er á þarfir ríkissjóðs, eru tekjurnar litlar, miðað við þarfirnar. En þessar 200 þús. kr., sem gert er ráð fyrir í frv., að ríkissjóður leggi árlega í þennan sjóð, nema þó ekki meiru en ca. 2% af tekjum ríkisins öllum, eins og þær hafa verið undanfarin ár. Auk þess má benda á það til samanburðar, að reynslan hefir orðið sú, að tekjurnar hafa að jafnaði farið 20—30% fram úr áætlun. Það er því auðsætt, að ekki þyrfti að spara mikið í fjárlögum til þess að ná þessari upphæð.

Þá er að athuga, hvort útgjöld í þessu skyni eru óþarfari en önnur. — Viðvíkjandi 2. lið till. gat hv. flm. (JJ) þess, að samkvæmt þeim till., sem fyrir liggja í frv., mætti vera, að kjörin væru samt of þung. Í frv. er gert ráð fyrir tvennskonar kjörum, einum fyrir þá, sem vilja reisa nýbýli, og öðrum fyrir þá, sem endurreisa hús á bygðum býlum. Til byggingar nýbýla á ríkissjóður að leggja stofnfje, með lágum vöxtum, sem ekki þarf að leysa inn, nema viðkomandi sjálfur óski þess. Það fer því algerlega eftir sjálfsvali og eigin mati viðkomandi manns á efnahag sínum, hvort hann telur sjer það fært.

Aftur á móti til að endurreisa hús á bygðum býlum er gert ráð fyrir vaxtalágum lánum til 42 ára.

Það má vera, að sumum finnist þetta nú samt of erfiður baggi, en þeim vildi jeg benda á það, að allur fjöldinn af búendum þessa lands verður að byggja upp býli sín án nokkurra slíkra vildarkjara, sem hjer eru boðin.

Á 2. lið till. og frv. er því enginn höfuðmunur, nema hvað flm. till. fanst ekki ákvæði frv. nógu hagkvæm. Þetta getur verið álitamál. Jeg fyrir mitt leyti tel þetta mjög sæmileg kjör, en vitanlega væri það gott, ef hægt væri að hafa þau betri.

Um 3. lið till. skal jeg taka það fram, að þar er enginn höfuðmunur í samanburði við frv. Bæði till. og frv. gera ráð fyrir nógu framboði af landi til ræktunar, og að ekki muni þurfa að taka það eignarnámi. Ennfremur er bæði í till. og frv. ætlast til að setja skorður við óeðlilegri verðhækkun, í till. með fasteignamati, en í frv. með mati skattanefndar. Fasteignamat fer fram aðeins tíunda hvert ár, en skattamatið fer fram árlega, og kemur þannig betur fram sú eðlilega verðhækkun, sem stafar af framkvæmdum þeim, sem gerðar hafa verið á býlinu, og eiga þær að sjálfsögðu að fá að njóta sín.

Jeg hefi nú leitast við að rekja og skýra þann mun, sem er á frv. og till., og þó að hann sje nokkur í einstökum fyrirkomulagsatriðum, þá sje jeg ekki annað en að það sje eðlilegt, að einmitt þessi atriði sjeu tekin til athugunar og samanburðar af þeirri nefnd, sem skipa á í þessum málum, og getur nefndin þá valið á milli þeirra leiða, sem bent er á í frv. og í till. Þess vegna get jeg, þó að jeg hafi stungið upp á annari leið en gert er í till., greitt henni atkv. mitt.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg get að ýmsu leyti tekið í sama strenginn og hv. 1. þm. N.-M. (HStef) hefir gert, að því er snertir samanburð á till. þeirri, sem hjer liggur fyrir, og frv. því, sem samþ. var í hv. Nd. og síðan vísað til stjórnarinnar, til þess að hún legði það fyrir væntanlega milliþinganefnd. Það var aðeins niðurlagið í ræðu hans, sem mjer kom einkennilega fyrir sjónir, þar sem hann lýsti því, að hann gæti greitt till. atkv., eða 2 síðustu liðum hennar, því að þá kæmu bæði frv. og till. til athugunar. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. (HStef) hefir tekið eftir því, að í upphafi till. er það tekið fram, að frv. það, sem milliþinganefndin semur, s k u l i bygt á grundvallaratriðum till. Ef till. verður samþ., er því þar með slegið föstu, að milliþinganefndin sje bundin við meginhugsun till. En nú hefir hv. þm. (HStef) sjálfur sýnt fram á muninn á till. hv. 1. landsk. (JJ) og frv. því, sem hann (HStef) flutti og fekk svo góðar viðtökur í hv. Nd., og því þykir mjer það einkennilegt, að hann skuli nú vilja yfirgefa þær till., sem hann gerði í frv., og skipa nefndinni að leggja alt aðrar till. til grundvallar.

Það er vitanlega gott, að till. úr sem flestum áttum komi til athugunar, en hitt nær engri átt, að binda nefndina fyrirfram við ákveðnar till.

Jeg verð að álíta það rjettast að láta nefndina hafa óbundnar hendur í sem flestum efnum. Hún á svo að vinna úr þeim till., sem fram koma, og taka það, sem henni þykir best, eða leggja til frá sjálfri sjer, ef hún hefir betra að bjóða.

Jeg get því ekki fallist á till., eins og hún liggur fyrir. Jeg geri ráð fyrir, að rjettast væri, að henni væri vísað til stjórnarinnar, til þess að hún legði hana fyrir milliþinganefndina, en jeg vil þó ekki koma fram með neina till. um það.

Brtt., sem fram er komin við 1. lið, hefir sama galla og aðaltill., sem sje þann, að hún bindur nefndina við ákveðinn grundvöll, sem bygt skuli á.

Í niðurlagi aðaltill. er gert ráð fyrir því, að jörðin, ásamt mannvirkjum og á b ú ð a r r j e t t i, skuli sett að veði fyrir láni úr sjóðnum. Mjer skilst, að ef jörðin er veðsett, þá hljóti ábúðarrjetturinn líka að vera það. Eignarrjettinum hlýtur að fylgja ábúðarrjettur, og sá, sem verður eigandi að jörð, hlýtur að öðlast ábúðarrjett um leið, þegar jörðin var áður í sjálfsábúð.

Flm. (Jónas Jónsson): Hæstv. forsrh. (JÞ) talaði aðallega um 1. lið till. og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri viðeigandi, að milliþinganefndin gerði till. í skattamálum.

Í því sambandi vil jeg minna hæstv. ráðh. á það, að í viðskiftum okkar í vetur út af útflutningsgjaldinu kom nokkuð svipað fyrir. Þá barst talið að því, að fyrir fáum árum setti Búnaðarfjelagið nefnd til þess að gera till. um Ræktunarsjóðinn. Sú nefnd kom síðan fram með ákveðnar till. um það, hvernig tekna skyldi aflað handa sjóðnum, og þeim till. hefir, í aðalatriðum, verið farið eftir. Það er þess vegna sögulega rangt hjá hæstv. ráðh., að fordæmi vanti. Það eru dæmi til, að saman fara tillögur um útgjaldaaukningar og tillögur um skatta.

Við erum sammála um það, hæstv. ráðh. og jeg, að það eigi að fylgjast að ný og varanleg útgjöld og tekjuauki. Þegar landhelgissjóðurinn var stofnaður, voru ákveðnar tekjurnar og eyðslan. Það er hinn mesti skaði, þegar lagt er út í einhverjar framkvæmdir án þess að hugsa sjer einhvern tekjuauka. Mjer finst það ástæðulaust að vantreysta milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum til þess að rannsaka jafneinfalt mál sem þetta, og sjerstaklega situr það illa á hæstv. forsrh. að vantreysta henni, þar sem hún verður þannig skipuð, að flokkur hans ræður einn manninn og stjórnin annan, en þeir eru þrír, sem nefndina skipa. Annars virðist vera skoðanamunur milli ráðherranna tveggja í þessu máli. Hæstv. atvrh. (MG) virðist geta gengið inn á aðalhugmynd frv., en hæstv. forsrh. (JÞ) er á móti allri hugmyndinni. Stjórnin er því klofin, og getur það vel orðið landnámsmálinu til tjóns, ef hæstv. forsrh. verður yfirsterkari.

Hæstv. forsrh. sagði, að það væri ógætilegt að bera okkur saman við aðrar þjóðir, þó að þær legðu mikið fje til nýbýla; við værum svo miklu fátækari en þær, og auk þess ættum við mörg önnur verkefni óleyst, og tók hann sem dæmi vegi og spítala. En við verðum að gæta þess, að þó að við sjeum fátækir og smáir, þá erum við lausir við stærsta útgjaldaliðinn, sem aðrar þjóðir hafa, útgjöldin til hermálanna. Við erum því betur staddir að þessu leyti.

Jeg hefi orðað tillöguna þannig, að hægt væri að miða þessa skatta við sambærilega skatta hjá Englendingum. En hæstv. forsrh. hefir ekki viðurkent,

að skattstiginn er sífelt á hreyfingu hjá Englendingum. Ef miðað hefði verið við ástandið í Englandi, þá hefði hæstv. ráðh. fyrir fáeinum árum orðið að borga um 80% í skatt af eignum og tekjum. Jeg vil ekki að svo komnu leggja til, að hjer sjeu hærri gjöld á hátekjunum en í Englandi. Það er og eitt grundvallaratriði í þessu máli að fá betra eftirlit með framtalinu. Hjer eru mörg fyrirtæki, sem komast langt upp fyrir þær tekjur, sem hæstv. forsrh. (JÞ) talaði um. Það er t. d. fullyrt af kunnugum mönnum, að óskabarn stjórnarinnar, Krossanesverksmiðjan, hafi haft yfir eina miljón króna í hreinar tekjur eitt árið. Það er því algerlega villandi, er hæstv. ráðherra vill láta líta svo út sem hjer sje aldrei nema um smátekjur að ræða.

Þá sagði hæstv. forsrh., að allur grundvöllur væri hruninn undan tillögunni, ef ekki væri gengið inn á gróðaskatt. Þessu verð jeg að mótmæla. Tillagan er í þremur liðum, og þeir eru allir sjálfstæðir. Það er hægt að samþykkja síðari liðina, þótt hinn fyrsti verði feldur. Hæstv. forsrh. óttast, að það verði lagt meira á hátekjumennina með þessu móti, og því vill hann ekkert við þessar framkvæmdir eiga. En þar sem fátækir menn á Íslandi borga með tollunum tiltölulega miklu meira til landssjóðs heldur en fátækir menn á Englandi, sýnist sanngjarnt, að efnamenn landsins beri hlutfallslega jafnþungar byrðar eins og efnamenn á Englandi. Ef það er nú svo, að hæstv. ráðh. vill hafa tiltölulega miklu þyngri skatta á fátæklingunum, en ljettari á stóreignamönnunum, þá virðist svo sem hann sje á móti þessu máli af tveimur mjög svo óviðurkvæmilegum ástæðum. Í fyrsta lagi vill hann ekki unna þjóðinni þeirrar blessunar, sem leiðir af aukinni ræktun landsins, og í öðru lagi tímir hann ekki, að hann sjálfur og efnalegir jafningjar hans borgi þá skatta, sem þeim ber að borga hlutfallslega við fátæklinga landsins. En jeg býst við, að hæstv. forsrh. sje það ljóst, að það muni reynast erfitt að fá tollmálalöggjafa Englands til þess að leggja samsvarandi byrðar á öreigana eins og hjer er gert.

Út af ræðu hæstv. atvrh. (MG) vil jeg geta þess, að hann virðist bera óþarflega mikla umhyggju fyrir hv. 1. þm. N.-M. (HStef), og meiri en sá þm. gerir kröfu til. Aðaluppistaðan í ræðu hans var sú, að reyna að sannfæra hv. 1. þm. N.-M. (HStef) um það, að hann gæti ómögulega verið með þessari till., af því að hún væri eins og frv. það, sem hann bar fram. Hv. 1. þm. N.-M. hefir látið í ljós aðrar skoðanir á sumum atriðum þessa máls; hann hefir kosið að ýta því áfram, án þess að koma að hinum veika punkti, hvar eigi að taka peningana, hverjir eigi að borga. En áður en lýkur, kemur að skuldadögunum, og einhversstaðar verður að taka peningana, og hjer í þessari till. er stungið upp á leið til að afla fjárins, og sú leið virðist ekki ósanngjörn.

Þá vildi hæstv. atvrh. (MG) láta vísa þessu máli til stjórnarinnar. Mjer þykir það nú næsta undarlegt, er stjórnin stingur sjálf upp á því að gera sig að líkkistu. Það sæmir betur öðrum að koma á stjórnina þeim óþægindum, sem fylgja því að drepa góð mál, en hitt er ofrausn, að biðjast eftir slíku. Jeg ber kvíðboga fyrir því, að hæstv.

atvrh. (MG) sje líkt farið og hæstv. forsrh. (JÞ), að hann sje ekki mjög hrifinn af þessu máli, þegar kemur til fjárútlátanna við að rækta land og fjölga heimilum. Hann er kannske með þessu nú fyrir kosningarnar, en það verður gaman að sjá hönd hans rjettast upp málinu til stuðnings, þegar greitt verður atkv. um tekjuauka þann, sem með þarf.

Hæstv. atvrh. sagði, að það væri of bindandi, ef einn eða fleiri liðir þessarar till. yrðu samþyktir. Þessu verð jeg að mótmæla. Ef þessir liðir verða samþyktir, þá lít jeg á þá sem aðallínur við rannsókn málsins. Ef fyrsti liðurinn verður samþyktur, þá á milliþinganefndin að gera tillögur um gróðaskatt, samkv. öðrum liðnum verða mönnum trygð svo hagkvæm lán til þessara hluta, að þeir geta staðist að taka þau, og samkv. þriðja liðnum er það í aðaldráttunum trygt, að jarðirnar hækki ekki óeðlilega mikið í verði.

Umr. frestað.

Á 12. fundi í Sþ., þriðjudaginn 17. maí, var till. tekin til framh. einnar umr. (A. 69, 566).

Forseti tók málið af dagskrá.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

8. Rjettarvernd fyrir samvinnufjelögin.

Á 66. fundi í Ed., fimtudaginn 5. maí, og á 67. fundi í Nd., sama dag, var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um aukna rjettarvernd fyrir samvinnufjelög landsins (A. 499).

Á 8. fundi í Sþ., þriðjudaginn 10. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. og 12. fundi í Sþ., dagana 13. og 17. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

Fyrirspurnir.

1. Fiskifulltrúi á Spáni.

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. mars, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um starf fiskifulltrúans á Spáni (A. 184).

Á 30. fundi í Ed., næsta dag, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð í e. hlj.

Á 39. fundi í Ed., þriðjudaginn 29. mars, var fyrirspurnin tekin til umr., með því að atvinnumálaráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál af dagskrá. Eins og kunnugt er, eiga að fara fram umr. í Nd. í dag um vantraust á stjórnina, og á jeg því erfitt með að svara fyrirspurninni í dag.

Jeg býst ekki við, að stjórnin verði svo bráðdauð, að ekki gefist færi á að svara á morgun eða hinn daginn.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., næsta dag, var fyrirspurnin aftur tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Ed., næsta dag, var fyrirspurnin enn tekin til umr. (A. 184).

Fyrirspyrjandi (Ingvar Pálmason): Fyrirspurn þessi er fram komin af þeim ástæðum, að margir af þeim, sem sjávarútveg stunda úti um landið, þykjast ekki hafa orðið varir við þær eftirtekjur af fulltrúastarfinu á Spáni, sem vænta mætti eftir því fje, sem til þess er varið. Eins og kunnugt er, eru til þessa starfs ætlaðar 30 þús. kr. Þar af eru veittar á fjárlögum 10 þús., og bankarnir greiða sínar 10 þús. kr. hvor. Nú sjest það á landsreikningnum 1925, að greiðsla ríkissjóðsins hefir orðið 12600 kr. Og ef þeirri reglu er fylgt, sem vænta má, að hvor bankanna greiði $^1/_3$ alls kostnaðar, þá virðist mega ætla, að til starfsins sje varið um 38 þús. króna.

Þetta virðist nú vera það mikil fjárfúlga, að vænta mætti, að árangur yrði drjúgur af starfinu. En eins og jeg tók fram í upphafi máls míns, er útvegsmönnum úti um landið hann lítt kunnur. Má vera, að árangur sje miklu meiri en kunnugt er. En þótt svo sje, er fyrirspurn mín síst óþörf, því að ef það upplýsist, að starfið sje virkilega

þess vert, að til þess sje varið slíku fje, þá ætti það að miða að því að fyrirbyggja þann misskilning, sem á sjer nú stað um þetta efni.

Jeg skal geta þess, að jeg tel nokkra ástæðu til þessarar óánægju úti um landið, þar sem þannig hefir viljað til, að einmitt síðan þetta embætti var stofnað þarna suður frá, þá hefir altaf hallað meir og meir á ógæfuhliðina með fisksöluna þar syðra. Það sje fjarri mjer að halda fram, að þetta sje að kenna þessu embætti. En hitt er ofur eðlilegt, þegar svona hittist á, að upp komi sú spurning, hvort því fje sje virkilega vel ráðstafað, sem varið er til þessa embættis. Það mun enginn vafi á því, að hver og einn, sem lætur sig sjávarútveg að einhverju leyti varða, muni alls ekki sjá eftir þessari upphæð, hvort heldur væri 30 þús. eða 38 þús. kr., til þess að bæta markaðsástand sjávarútvegsins úti um heiminn. Langt frá því. En hitt er annað mál, að upphæðin er það mikil, að full ástæða er til, að þjóðin fái vitneskju um það, hvort upphæðinni er vel varið og yrði ekki betur varið á annan hátt.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara út í þetta frekar, fyr en hæstv. stjórn hefir gefið svar við fyrirspurninni. Jeg hefi í stuttu máli reynt að lýsa, hvernig stendur á, að fyrirspurnin er fram komin. Undir svari hæstv. stjórnar geri jeg ráð fyrir að verði komið, hvort jeg finn ástæðu að taka til máls frekar um þetta mál. Jeg geri sem sje ráð fyrir, að hæstv. stjórn geti sýnt fram á, að störf fulltrúans hafi borið þann árangur, að fullkomlega sje þess vert að verja til þess svo hárri upphæð. En ef mjer á hinn bóginn virðist ekki svarið fullnægjandi til þess, þá getur það auðvitað gefið tilefni til að segja fáein orð síðar. Sem sagt: það má ekki að svo komnu líta á þessa fyrirspurn sem neina árás á þetta starf. Hinsvegar ætlast jeg fyllilega til, að ef um nokkra veilu er þarna að ræða, þá sæti hún fullkominni gagnrýni Alþingis. Fisksöluhorfur hjá okkur Íslendingum eru nú svo alvarlegar, að ef á þessum stað einum þarf að verja upp undir 40 þús. árlega til þess að halda í horfinu, ekki betur en tekist hefir þessi síðustu tvö ár, sem þetta embætti hefir staðið, þá verð jeg að segja, að við verðum að rista betur á, því að áreiðanlega þarf víðar að gæta hagsmuna okkar og gera tilraunir til rýmkunar á einhverjum fiskmarkaði heldur en á Spáni. Sje okkur nauðsynlegt að eyða þessu fje þarna, þá þurfum við áreiðanlega að verja miklu meira fje í þessu skyni, til þess að fisksalan geti komist í sæmilegt horf, þannig, að fiskveiðar geti borgað sig. En að svo stöddu skal jeg ekki fara lengra út í þetta, en vík sennilega að því síðar undir umræðunum, ef tilefni gefst.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. fyrirspyrjandi (IP) var eins og að vara við að skoða þessa fyrirspurn fram komna sem neinn fordóm um þessa stöðu þar syðra. Jeg hefi alls ekki tekið hana þannig. Hitt er mjer að vísu kunnugt, að hv. fyrirspyrjandi hefir altaf verið á móti henni, og þess vegna bjóst jeg ekki við, að hann líti hana sjerlega vingjarnlegum augum. Kann því að vera, að hann líti ekki sendimanninn og starfið alveg rjettu auga. — Annars er það ekki aðalatriði. Aðalatriðið er, að hann spyr

fyrst og fremst um, hver árangur hafi orðið af starfi fulltrúans á Spáni fyrir sjávarútveginn. Jeg veit, að allir, sem hjer eru viðstaddir, geta ímyndað sjer, að það er nokkuð erfitt að segja með vissu, hvern árangur slíkt ber. Þótt svo sje, að greitt sje fyrir markaði og útvegaður nýr, þá er það nokkuð, sem ekki er hægt að sanna. Og jeg geri ekki ráð fyrir, að það sje hægt með vissu að benda á neitt verulegt í þessu efni. En hitt get jeg upplýst, að þessi sendimaður sendir skýrslur um sín störf á hverjum mánuði og upplýsingar um markaðshorfur þar syðra, verðið á markaðinum, hversu miklar birgðir eru á hinum einstöku stöðum og hversu mikið hefir selst frá því síðasta skýrsla var send. Þessar skýrslur eru svo sendar Fiskifjelaginu, og þar geta hvaða fiskseljendur sem er fengið að vita, hvernig horfur eru þar suður frá. Þetta starf er aðallega í þágu þeirra, sem þurfa að selja fisk sinn innanlands; það er leiðbeining um, hvaða verð þeir eigi að heimta fyrir sína vöru. Áður var það svo, að það var ekki eftir neinu að fara nema því, hvað fiskútflytjendur vildu bjóða í fiskinn hjer. Þetta starf sýnist mjer því aðallega miða að því að vernda hag smærri framleiðenda, þeirra manna, sem selja sinn fisk til fiskútflytjenda.

Að öðru leyti er mjer kunnugt um það, að þessi sendimaður hefir oftar en einu sinni og oftar en tvisvar hjálpað út úr vandræðum, sem urðu út af aðfinslum á fiskfarmi. Þegar slík óánægja hefir risið og matið hefir verið talið rangt, hefir hann verið kallaður til og venjulega hepnast að kippa öllu í lag, svo að kaupendur hafa látið sína kröfu niður falla. Í þessum efnum er oft um stórfje að ræða, og jeg er í engum vafa um, að með þessari starfsemi sinni einni hefir hann unnið vel fyrir sínu kaupi öllu saman. Það er víst óhætt að segja, að með slíkri lagfæringu viðvíkjandi einum einasta farmi hefir hann unnið fyrir tvöföldum eða þreföldum árslaunum sínum.

Það er rjett, að bankarnir borga $^1/_3$ af kostnaðinum hvor, svo að allur kostnaðurinn hefir orðið það, sem hv. spyrjandi tilfærði. — Það er rjett hjá honum, að fisksöluhorfurnar eru alvarlegar og fiskverð hefir farið lækkandi upp á síðkastið. Hitt þarf ekki að taka fram, að sendimanninum verður ekki kent um það, enda hefir og hv. fyrirspyrjandi sjálfur nefnt það. En það segir sig sjálft, að því erfiðari sem markaðshorfur eru þar syðra, því nauðsynlegra er að hafa þarna mann til þess að aðstoða okkur, mann, sem getur gefið okkur áreiðanlegar upplýsingar um, hvernig markaðshorfur eru á hverjum stað.

Í öðru lagi spyr hv. þm., hvað fulltrúinn hafi gert til þess að afla íslenskum saltfiski álits utan Spánar, vinna nýja markaði og færa út áður þekta markaði. Um þetta er það að segja, að hann hefir staðið í brjefaskiftum og átt samtöl við mörg firmu, sumpart á Ítalíu og sumpart í Portúgal. Aftur á móti hefir hann ekki ferðast mikið og mjer vitanlega ekki staðið í sambandi við firmu annarsstaðar. Skal jeg þó ekki fullyrða, hvort svo er, kann að vera eitthvað á Balkanskaga. En mjer þykir það ekki líklegt. Og jeg get ekki bent á, að hann hafi útvegað nýja markaði eða komist í samband við firmu, sem ekki höfðu áður keypt hjer fisk. (**PO**: Á Spáni?).

Á Ítalíu og Portúgal, en fullyrt þetta get jeg ekki. — Annars er það svo yfirleitt, að þótt menn sjeu sendir til annara landa til þess að reka verslunarerindi, þá er ekki hægt að benda beinlínis á árangur eftir skamman tíma. Við höfum áður sent ýmsa, og er ekki hægt að benda á, að þeir hafi beinlínis útvegað nýja markaði. En þó efast jeg ekki um, að nokkurt gagn hefir orðið af för þeirra.

Jeg læt þetta nægja fyrst um sinn, þar til hv. fyrirspyrjandi lætur til sín heyra.

Jónas Jónsson: Jeg vil nota tækifærið, meðan þessi gamli kunningi er hjer í deildinni, til þess að fá nánari vitneskju hjá hæstv. ráðh. (MG) um það, hvers vegna kostnaður við þetta embætti hefir farið svo mikið fram úr því, sem gert var ráð fyrir. Það lítur út fyrir, að það muni hjer um bil 10 þús., sem embættið á þessum tíma hefir orðið dýrara en gert var ráð fyrir. Eins og hv. þdm. mun í fersku minni, sannaðist það við meðferð málsins, að stjórnin ætlaði þessum sendimanni sem næst helmingi meira en t. d. ræðismaður Norðmanna í einni helstu borg á Suður-Frakklandi hafði um það leyti. Jeg hafði nú búist við því, að þar sem svona miklu meira fje er varið til þessa sendimanns heldur en sambærilegir menn fá hjá frændþjóð okkar í álíka stöðu, þá væri það bygt á því, að hann færi ferðir til ýmissa landa, þar sem von væri að auka fiskmarkaðinn. En af skýrslum þeim, sem hjer hafa verið gefnar, lítur út fyrir, að hann hafi ekki mikið farið. Hæstv. atvrh. talaði um brjefaskifti við Portúgal, en hann hefir ekki einu sinni farið þangað.

Jeg vildi feginn fá að vita, hvað því veldur, að kostnaður hefir farið svo langt fram úr áætlun, og hvort hæstv. atvrh. búist við, að embættið verði hjer um bil 10 þús. kr. dýrara en áætlað var. — Ennfremur væri mjög fróðlegt að vita, hvernig samninga hæstv. ráðh. (MG) hefir gert við þennan sendimann. Það er ólíklegt, að hann hafi samið til margra ára; en ef svo væri, vona jeg, að hann skýri ástæður fyrir því. En ef þessu skyldi vera þannig varið, að engir samningar standi gagnvart þessum sendimanni, þá vildi jeg gjarnan heyra álit hæstv. ráðh. á því, hvernig færi, ef Alþingi vildi ekki borga meira í þetta embætti en ræðismenn Norðurlandaþjóðanna hafa á sömu stöðum, eða hvort hann hafi gert þær ráðstafanir, að embætti þetta hljóti að verða dýrara en ræðismannaembætti í Suðurlöndum?

Fyrirspyrjandi (Ingvar Pálmason): Jeg get þakkað hæstv. stjórn fyrir svar hennar við fyrirspurn minni. Þó verð jeg að játa, að jeg varð fyrir vonbrigðum. Hæstv. atvrh. (MG) sagðist sem sje ekki geta bent með vissu á neinn árangur af starfi fulltrúans syðra. **(Atvrh. MG:** Sagði jeg nú það?). Hann sagði, að það væri erfitt. **(Atvrh. MG:** Já, viðvíkjandi nýjum mörkuðum). Nei, það var fyrra atriðið. Ef hæstv. ráðh. (MG) hefir yfirsjest, er sjálfsagt fyrir hann að bæta úr því. Hann sagðist ekki geta bent á neitt sjerstakt, nema skýrslurnar. Mjer skildist svo, að þessi skýrslugjöf væri mikilvægasta starfið,

sem int væri af hendi fyrir þessar 38 þús. kr. En hver er hagurinn af þessum skýrslum? Jeg skal ekki bera á móti því, að í Reykjavík kunni þær að koma að nokkru gagni. En úti um land koma þær ekki að ýkjamiklum notum. Fyrst er það, að þær eru ekki birtar nema í mánaðarriti, sem Fiskifjelag Íslands gefur út. Fregnirnar geta því verið orðnar mánaðargamlar að minsta kosti, er þær birtast, og þar við bætist, að póstur kemur til Austurlands ekki nema á mánaðarfresti, og stundum kannske varla það.

Annað vil jeg líka benda á, til þess að sýna, hve tilgangslausar þessar skýrslur eru. Það er kunnugt, að í Noregi eru gefin út fiskimannarit, þar sem slíkar skýrslur sem þessar eru birtar. Og svo einkennilega vill til, að við Austfirðingar fáum þessi rit fyr en skýrslurnar, sem birtast í íslenska ritinu. Og þeim ber saman við „Ægi", svo að þær eru okkur oft þarflitlar.

Auk þess veit jeg ekki betur en þessar skýrslur hafi komið áður gegnum danska ræðismanninn á Spáni, og veit ekki nema svo sje enn. Fyrir skýrslurnar, eins og þær koma nú að notum, er ekki gefandi 38 þús. kr. á ári. Það er auðvelt fyrir okkur, sem stundum sjávarútveg úti um land, að panta norsk fiskitímarit. Það kostar ekki stórfje.

Jeg gat ekki betur sjeð af svari hæstv. atvrh. (MG) en að hann viðurkendi, að hinn sýnilegi árangur af starfi erindrekans væri ekki stórvægilegur. Jú, alveg rjett. Hæstv. ráðh. (MG) benti á eitt tilfelli, er þessi embættismaður hefði orðið að svo miklu liði, að hann hefði í einum rykk unnið fyrir öllu þessu kaupi. Hann hefði sem sje jafnað misklíð út af íslensku fiskimati. Jeg veit ekki, hvernig á því getur staðið. Jeg álít, að matið hljóti annaðhvort að vera löglegt eða ekki löglegt og úrskurður þessa manns geti ekki haft neitt gildi, hvorki til nje frá. Hann getur gengið frá samningum, en um matið hefir hans úrskurður ekkert gildi. Við verðum að ganga út frá því, að matið sje jafnan tekið gilt og ekki þurfi með hverri fisksending nein aukavottorð. Það væri að æra óstöðugan að eltast við slíkt. Og því síður höfum við efni á að halda jafndýran mann og Spánarfulltrúann til þess að standa í því stímabraki. Nei, ef gallar eru á matinu, þá verðum við að ráða bót á þeim hjer heima á annan hátt.

Þótt hann hafi leyst af hendi samninga fyrir einhverja fiskseljendur, þá getur það ekki heimfærst undir hans eiginlega starf og ætlunarverk þar syðra. Hann er ekki ræðismaður, heldur fiskifulltrúi, er gæta skal hagsmuna fiskútflytjenda yfirleitt, og það getur verið, að hann hafi gert það. Auk þess var aðaláhersla lögð á það í fyrstu, að þótt hann væri búsettur á Spáni, ætti hann að vinna að fisksölu í öllum Miðjarðarhafslöndunum og útfærslu markaðs þar. En er hæstv. ráðh. (MG) kom að afrekum hans á því sviði, virtist ekki fara betur. Jeg gat ekki skilið orð hæstv. ráðh. á annan veg en svo, að sendimaðurinn hefði ekki ferðast nema um Spán, en komist í sambönd við firmu annarsstaðar með símskeytum og brjefum, en ekki vildi hann fullyrða neitt um árangurinn. Verður ekki annað sjeð en hann hafi verið að mestu aðgerðalaus í þessu efni.

Í þessu sambandi gat hæstv. ráðh. þess, að fleiri menn hefðu verið sendir

utan, sjerstaklega í þeim erindum að útvega nýja markaði, og árangur ekki orðið betri af för þeirra. Þeir hafi gefið ýmsar bendingar, en um verulegan árangur sje ekki að ræða. Jeg skal ekki um það dæma. En það er áreiðanlegt, og því verður ekki mótmælt, að Pjetur A. Ólafsson hefir bent á leið, sem er fær, og það er ekki hans sök, þótt menn láti undir höfuð leggjast að notfæra sjer ráðleggingar hans.

En úr því minst er á sendiferðir aðrar en Spánarfulltrúans, vil jeg benda hæstv. stjórn á, að skrif þessa sendimanns á Spáni nú nýlega bera vott um alt annað en það, að honum sje sjerlega gefið um útvegun nýrra markaða utan Spánar. Hann er nú kominn í ritdeilur við annan sendimann út af nýrri markaðsleit. Skrif hans hafa meðal annars ýtt undir mig með að koma fram með þessa fyrirspurn. Í þessum skrifum hans kemur greinilega fram hans hreina trú, að við eigum ekki að vera að braska í að reyna að ná fótfestu um fisksölu í öðrum löndum en Spáni. Undir verndarvæng Spánverja eigum við að hreiðra okkur; þar sje okkur best borgið, og heimska að vera að brölta út úr því hreiðri.

Þegar þess er gætt, að hann var áður spánskur konsúll, er nú búsettur á Spáni og hefir því spánskar „interessur“ fult svo miklar sem íslenskar, þá er mótstaða hans í alla staði óframbærileg, og af manni í hans stöðu óviðeigandi að leggja á móti nýjum mörkuðum fyrir íslenskan saltfisk. Hann hefir ekki til brunns að bera neitt meiri þekking en erindreki sá, er sendur var til Suður-Ameríku og gefið hefir skýrslu um markaðshorfur þar.

Það er viðurkent, að við ýmsa annmarka er að stríða, en lítið verður okkur ágengt, ef við teljum ekki fært að koma fisksölunni í betra horf en nú er. Og sambandi okkar við Spán er svo varið, að ekki er heillavænlegt að eiga undir Spánverjum einum lífsskilyrði sjávarútvegsins. Hafa þeir gerst okkur allnærgöngulir, svo að jeg hjelt, að margir væru þess fyrir þær sakir fýsandi, að við gætum orðið dálítið óháðari Spánverjum en við erum nú um fisksöluna.

Jeg tel rjett að benda á, í framhaldi af áður sögðu, að jafnan hefir hallað á ógæfuhliðina með sölu þar syðra, síðan er fulltrúinn var sendur þangað. Kröfur Spánverja eru að verða banatilræði við íslenskan smábátaútveg. Jeg býst við, að það stafi af kröfum þeirra, að síðastliðið ár var ekki hægt að senda út og selja til Spánar fullþurkaðan þorsk minni en 20 þuml., sem altaf áður hefir gengið, þótt 18 þuml. væri, og eins það, að viss tala var tilsett í skippundið. Við því væri ekki mikið að segja, þótt Spánverjar krefðust þess, að stórfiskur væri flokkaður betur en gert hefir verið. Mundi jafnast upp verðmunurinn. En því er ekki til að dreifa. Því að allur fiskur 18—20 þuml. var því nær óseljanlegur síðastliðið sumar.

Ef nú þessi embættismaður þarna suður á Spáni hefði reynt að semja um þetta atriði og orðið eins vel ágengt og hæstv. atvrh. segir, er deilan reis út af matinu, þá hygg jeg, að hann mundi hafa unnið fyrir einhverju af launum sínum. Ekki var það síður samningsatriði heldur en fiskimatið íslenska. Þeim, sem til þekkja, er það kunnugt, að afli

smærri útvegsins er aðallega þorskur af þessari stærð, 18—20 þuml. Með þessu fyrirkomulagi er útilokað, að hann sje í nokkru verði. Það var ekki einu sinni svo vel, að fyrir hann fengist tilsvarandi verð og Labradorfisk, sem þó var lágt. Hve margra tuga þúsunda tjóni þetta hefir valdið, verður ekki tölum talið, en svo mikið er víst, að það er mikið.

Ef hæstv. ráðh. hefði sagt, að fiskifulltrúinn á Spáni hefði ekki getað við spornað, en væri að reyna að kippa þessu í lag og væri von árangurs, hefði hann bent á nokkuð, sem hlustandi væri eftir. Getur verið, að hæstv. ráðh. eigi eftir að benda á þetta, og væri betur. En mjer finst hann hafa með svari sínu til þessa mjög staðfest þann grun útvegsmanna um land alt, að embætti þetta væri óhæfilega dýrt, samanborið við árangur þann, er af því fengist. Það er því fullkomlega rjettmætt íhugunarefni, hvort halda eigi áfram á sömu braut, hvort ekki sje rjett að breyta til, t. d. í það horf, er við minnihlutamenn í Ed. 1924 vildum fá framgengt, sem sje að erindrekinn væri ekki búsettur syðra, heldur sendimaður hjeðan að heiman. Væri happasælla, að við Íslendingar hefðum með daglegri umgengni áhrif á hann, heldur en Spánverjar.

Jeg minnist þess, að 1924, er þetta mál var til umræðu, hjelt jeg því fram á Alþingi, bæði af því, er sagt var og kom fram í umr. á þingi, og því, er jeg varð áskynja í sjútvn. og af viðtali við menn, að aðaláherslan væri á það lögð að stofna fast embætti og að sjerstökum manni væri ætlað það. Það kom fram í heyranda hljóði á þingfundi, og ráðh. neitaði, að nokkuð væri hæft í því, og kvað stöðuna mundu verða auglýsta opinberlega og þeim veitta, er hennar væri verðugastur og best til hæfur. En hvað kom á daginn? Að þessi maður einn kemur til greina við veitingu, fær stöðuna, og fæ jeg ekki betur sjeð en hæstv. atvrh. (MG) hafi með því staðfest það, er jeg hjelt fram þá.

Í Nd. var gerð alvarleg tilraun til þess, að þetta yrði ekki fast embætti, að sama fjárupphæð yrði að vísu veitt, eins og við líka studdum, minnihlutamenn í Ed., en ágreiningur var um það, hvort fulltrúinn skyldi vera búsettur á Spáni og hvort embættið skyldi vera fast. Brtt. kom fram um að slá því föstu, að það skyldi ekki veitt nema til 5 ára. Það var felt; um að gera að gera embættið sem tryggast og feitast, en minni áhersla lögð á árangurinn. Reynslan hefir sýnt, að við minni hl. höfðum rjett fyrir okkur.

Jeg vona, að jeg hafi nú glögglega sýnt fram á, að það, sem hæstv. atvrh. benti á sem árangur af starfi fiskifulltrúans, er nauða lítils virði, nema ef vera skyldi þetta um samningana, sem hæstv. ráðh. segir að hann hafi komið á milli seljanda og kaupanda út af mati. Jeg skal ekki neita því, að svo kunni að hafa verið; jeg þekki ekki til þess. En jeg slæ því föstu, að einhver ráð verðum við að hafa til þess að tryggja okkar mat, önnur heldur en það, að halda dýran mann þar syðra, þó að mikið af fiskinum fari til Spánar. Það er mikið í húfi að hafa ekki matið í því horfi, að því sje fullkomlega treyst. Ef það uppfyllir þau skilyrði, sem sett eru fyrir mati og meðferð allri að lögum hjer heima, eigum við ekki að líða neinum kaupanda að vefengja það. **(Atvrh. MG:** Megum við

ekki líða það?). Nei, alls ekki líða það. Matið verður að standa; það má ekki vefengja. Ef kaupandi gefur ekkert fyrir matið, er það tilgangslaust og einskisvirði.

Jeg get nú látið hjer við sitja að sinni. Má vel vera, að hæstv. atvrh. eigi enn eftir eitthvað í fórum sínum af afreksverkum þessa embættismanns þar syðra. Ef svo skyldi vera, er það miður heppilegt að hafa geymt að draga þau fram í dagsins ljós, því að það hefir þá valdið misskilningi. Yfirleitt tel jeg varhugavert að taka vetlingatökum á þessu máli. Það er töluvert mikið í húfi, að embættisrekstur, annar eins og þessi, fari vel úr hendi.

Eitt tel jeg nauðsynlegt í þessu efni, og það er það, að þjóðin geti átt kost á að heyra og sjá viðkomanda sjálfan. Hún á svo mikið undir honum, að hún getur ekki sætt sig við að fá aðeins óljósar fregnir um afrek hans eða afglöp. Undir öllum kringumstæðum er tryggara, að umboðsmenska sje rekin af fullum áhuga, og það má ekki eiga sjer stað, að framkoma erindrekans gefi tilefni til þess að vefengja, að unt sje að afla fiskmarkaða utan Spánar sem víðast, og fisksalan dragist frá Spáni að einhverju leyti, en festist ekki öll þar.

En það er ástæða til að halda, út af skrifum þessa manns nú nýverið, að hann óski eftir, að við sjeum og verðum sem háðastir Spánverjum um fiskmarkaðinn.

Jóhann Jósefsson: Jeg átti á sínum tíma þátt í því, að fje var veitt til erindreka á Spáni til að starfa að aukinni fisksölu í Miðjarðarhafslöndunum. Af því og öðru hefi jeg talsverðan áhuga fyrir því, að sem mest gagn verði að þessari ráðstöfun, sem jeg fyrir mitt leyti vil fullyrða og þori að segja fyrir hönd þeirra manna annara, er að stóðu, að gerð var með það fyrir augum, að gera aðstöðu íslenskra fiskútflytjenda betri en áður.

Okkur var það kunnugt, að helsta samkepnisþjóðin á markaðinum þar syðra, Norðmenn, höfðu úti erindreka fleiri en einn í þessum löndum til þess að vinna að framgangi vöru sinnar. Það var því eðlilegt, að við hlytum að draga af því þá ályktun, að við mundum standa ver að vígi um sölu fiskiafurða, ef við ljetum undir höfuð leggjast að senda íslenskan erindreka suður þangað, til þess að gæta hagsmuna íslenskra fiskútflytjenda og styðja þá í samkepninni við Norðmenn. Jeg þykist líka viss um, þó að okkur kæmi þá ekki fyllilega saman um, hvernig þessu starfi skyldi háttað, mjer og flm. fyrirspurnarinnar (IP) og öðrum hv. þm., 1. landsk. (JJ), að við höfum allir verið sammála um höfuðatriði þessa máls, nauðsyn á útbreiðslu og upplýsingastarfsemi þar syðra, til þess að kynna þessa útflutningsvöru okkar og vekja athygli okkar á, hvað helst þyrfti að gera til þess að hún hjeldi því sæti, sem hún hafði þá þegar náð á Spáni. Það er rjett, sem hv. flm. (IP) hefir haldið fram, að ágreiningurinn milli mín og hans var aðallega um það, hvort heppilegra væri að senda mann við og við til markaðslandanna, eða hafa manninn búsettan syðra að öllu leyti, eins og jeg vildi. Hvaða álit sem menn kunna að hafa um gagnið af starfsemi þess manns, sem nú dvelur á Spáni, haggar það ekki minni skoðun. Jeg álít, að til þess að erindrekinn geti unnið okkur

gagn, verði hann að dvelja langvistum í þeim löndum, sem hann ætlar að starfa í. Jeg felst samt á hitt með hv. flm. (IP), að æskilegt væri, að erindrekinn kæmi hingað til lands við og við, svo að við, sem verkum og flytjum út fisk, ættum kost á að bera okkur saman við hann um ýms atriði, sem snerta verkun og útflutning. Þegar þess er gætt, hve stutt er síðan þessu starfi var fyrir komið svo sem nú er, og síðan hefir árað fremur illa í fiskverslun, er eðlilegt, að ekki sje hægt að benda á miklar umbætur, sem hægt sje að þakka þeim manni, er gegnir erindrekastarfinu nú sem stendur. En þótt ekki sje hægt að benda á ákveðin atriði í þessu efni, er óhætt að gera ráð fyrir því, að erindrekinn hafi hjálpað til að liðka ágreiningsatriði milli farmseljanda og farmsmóttakanda, en slík ágreiningsatriði koma fyrir í allri verslun í stórum stíl, og geta vissulega komið fyrir í fiskverslun, þó að lögskipað mat sje á fiskinum. Við höfum lögskipað mat á fleiri vörutegundum en fiski, en sú ráðstöfun, þó góð sje, er ekki nægileg trygging fyrir því, að aldrei geti ágreiningur risið milli kaupanda og seljanda.

Það er að vísu rjett, að erindrekinn kostar allmikið fje, og jeg get vel fyrir mitt leyti tekið undir með þeim, sem á það hafa minst, að mjer þykir ganga til hans nokkuð mikið fje. En auðvitað þurfa það ekki að vera miklar misfellur, sem lagfærðar eru, til þess að það vegi þar á móti. En jeg get ekki neitað því, að mjer finst árangurinn af starfi mannsins ætti að geta verið góður, þó að hann kostaði ekki svona mikið fje.

Hv. fyrirspyrjandi mintist á atriði viðvíkjandi fiskútflutningi frá Austurlandi og talaði um, að gott hefði verið, ef hægt hefði verið að benda á, að erindrekinn hefði greitt úr þessu, sem hann tiltók um stærðarflokkun fiskjarins. Það væri auðvitað mjög æskilegt, að erindrekinn gæti greitt úr sem flestu, sem miðar til óhags í verslun inni við Spánverja og aðra, sem kaupa fisk. En þess verður að gæta, að ásaka ekki þennan embættismann að ástæðulausu og gleyma ef til vill, hvar höfuðsökin liggur. Það má ekki skella skuldinni á erindrekann fyrir þetta eða annað, nema honum hafi verið gefið tækifæri til að beita sjer fyrir því að fá það lagfært. Hafa nú þeir, sem bíða óhagræði af þessum stærðarkröfum Spánverja, snúið sjer beint til erindrekans eða stjórnarinnar, og hefir beiðni þeirra ekki verið sint? Sú spurning hlýtur að vakna, þegar sagt er, að erindrekinn hafi ekkert gert til að ráða bót á þessu. En það er fleira en þetta, sem byrjaði á stríðsárunum, og hefir síst farið batnandi. Það er t. d. gerður óhæfilega mikill verðmunur á fisktegundum víðsvegar af landinu, verðmunur, sem virðist ekki standa í rjettu hlutfalli við gæðamismun vörunnar. En mjer finst ekki hægt að ásaka erindrekann fyrir að hafa ekki fengið þessu breytt, ef menn hafa ekki snúið sjer til hans með óskir í þá átt. En nú er kominn tími til, að þetta sje tekið til athugunar, annaðhvort fyrir milligöngu stjórnarinnar, eða með því að snúa sjer beint til erindrekans. Það er vafalaust margt, sem erindrekinn gæti unnið okkur til gagns. En við verðum að minnast þess, að þó að hann hafi skyldur gagnvart okkur, höfum við líka skyldur gagnvart honum. Við verðum að gefa honum bendingar um,

hvernig og hvar hann eigi að beita sjer fyrir umbótum á þessu sviði.

Það hefir oft komið hjer fram, að hv. fyrirspyrjandi gerir alt of lítið úr Spáni sem markaðslandi fyrir íslenskan fisk. Mjer væri auðvitað gleðiefni hvert spor, sem stigið væri til þess að auka markaðinn í öðrum löndum, en það má enganveginn gera lítið úr þessum mannsaldra gömlu viðskiftavinum. Við erum svo mjög háðir því, að Spánverjar kaupi og neyti íslenska fiskjarins. Það er ekki nema eðlilegur hlutur, að fyrst um sinn verði sá erindreki, sem gætir hagsmuna okkar á sviði fiskverslunarinnar, búsettur á Spáni, en ekki annarsstaðar. Hv. fyrirspyrjandi verður að skilja, að þetta álit mitt er ekki sprottið af andúð á því, að reynt sje að afla nýrra markaða. Jeg vildi stuðla að því eftir megni, að gerðar væru skynsamlegar tilraunir í þá átt. En jeg hvorki vil nje get lokað augunum fyrir því, sem á sjer stað. Það gleður mig að heyra frá hæstv. atvrh., að erindrekinn hafi útvegað ný sambönd á Ítalíu og í Portúgal. Jeg óska, að stjórnin ýti sem mest undir hann um að útvega nýja markaði utan Spánar, um leið og hann starfar að því að halda við hinu gamla og trygga viðskiftasambandi, sem verið hefir milli þessara tveggja þjóða um langt árabil. Jeg ber engan kvíðboga fyrir því, sem hv. fyrirspyrjandi taldi líklegt, að erindrekinn mundi bera hag Spánverja meir fyrir brjósti en hag okkar. Jeg býst við, eftir því sem jeg þekki þennan mann, að hann muni bera hag Íslendinga fyrir brjósti svo sem frekast verður krafist, og skýrslur hans og ráðleggingar okkur til handa sjeu gefnar af heilum hug. Það væri æskilegt, að fjárhagur okkar leyfði að hafa úti ekki einn erindreka, heldur fleiri, bæði fyrir þessa vöru og aðrar, sem nauðsynlegt er að koma að á heimsmarkaðinum. Jeg hefi altaf verið þeirrar skoðunar, að gagnsemi slíkra sendimanna byggist á því, að þeir dvelji langdvölum í landinu, sem þeir eiga að starfa í. Skyndifarir á þessum samkepnistímum geta naumast gefið staðgóðan árangur.

Hv. fyrirspyrjandi (IP) mintist á skýrslur erindrekans og sagði, eins og rjett er, að við, sem búum úti um landið, hefðum lítið af þessum skýrslum að segja. Jeg hefi tekið það fram áður, að jeg legði talsvert upp úr þessum skýrslum, ef þær væru útbreiddar meðal landsmanna á þann hátt, að þær mættu heita nýjar frjettir, þegar þær bærust út til þeirra. En það er ónóg, að þær berist með póstgöngum eða í blaðinu „Ægi“. Það vantar alt skipulag á, að þessar skýrslur geti komið þeim að gagni, sem úti á landi búa. En í því efni getum við síður ásakað erindrekann en okkur sjálfa.

Mjer þætti best fara á því, að þing og stjórn ynnu að því í sameiningu meir en gert hefir verið hingað til að koma vörum okkar á sem tryggastan markað, að gera sendimenn okkar sem best úr garði og vinna í sameiningu við þá að því að tryggja íslensku vörunum sem bestan markað. Það þarf að vera greið samvinna milli erindrekanna og stjórnarinnar, og sömuleiðis milli stjórnarinnar og útflytjenda, og mætti þá ýmsu kippa í lag, sem ábótavant hefir verið hingað til.

Magnús Kristjánsson: Jeg áleit, að umræðurnar um þessa fyrirspurn

mundu aðallega verða milli hv. fyrirspyrjanda og hæstv. atvrh. En úr því fleiri hafa fundið hvöt hjá sjer til að taka til máls, vildi jeg líka mega leggja orð í belg.

Jeg skal strax taka það fram, að jeg tel ekki ástæðu til að fárast mjög um kostnaðinn, sem þetta starf hefir í för með sjer. Frá mínu sjónarmiði er sá kostnaður, sem ríkið innir af hendi til þess að efla markað úti um heim fyrir íslenskar vörur, hverfandi lítill, jafnvel smánarlega lítill. En hinsvegar álít jeg, að vel megi til sanns vegar færa, að erfitt sje að gera sjer grein fyrir árangrinum af starfi þess fulltrúa, sem hjer hefir verið rætt um. Við því er heldur tæplega að búast. Jeg held, að menn hafi ekki enn gert sjer ljóst, á hvern hátt þarf að vinna að útbreiðslu markaðs. Jeg álít hjer um bil tilgangslaust að senda menn snöggva ferð, menn sem þjóta með hraðlestum borg úr borg, bjóða mönnum í veislur og þesshátttar. Hinsvegar held jeg, að okkur væri mikil þörf á að hafa einskonar trúboða — ef svo mætti að orði komast — hjer og þar, menn sem hefðu góða þekkingu hver í sinni grein og líklegir væru til þess að starfa með árangri. Jeg álít kannske einna minsta nauðsyn á að hafa fast embætti á Spáni. Ekki þó svo að skilja, að jeg leggi til, að þetta starf sje lagt niður, heldur breytt í það horf, sem að meira gagni mætti verða. Því er nú svo varið með útflutning og sölu þessarar vöru, að meginhlutinn er seldur hjer á landi. Þess vegna held jeg, að sú starfsemi þessa fulltrúa, að vera sáttasemjari á Spáni, sje þýðingarlítill, því að jeg held, að til slíks þurfi sjaldan að taka.

Eins og tekið hefir verið fram, er síst þörf fyrir fiskifulltrúa á Spáni. Aftur á móti er miklu meiri þörf fyrir hann á Ítalíu og í Portúgal, að jeg ekki tali um í Suður-Ameríku, því að þar er mikið verkefni fyrir slíkan mann. Viðskifti okkar á Spáni eru þegar komin í það horf, að þeirra vegna þurfum við síður fulltrúa þar. Kaupin eru oftast gerð hjer á landi, áður en vörurnar eru sendar hjeðan. En væri um það að ræða að bæta fiskmarkaðinn á Spáni, þá væri það helst með því, að þessi fulltrúi ræki þar nokkurskonar heildsölustarf, kæmi á þar í landi viðskiftum við þá menn, sem einhverra orsaka vegna kynnu að vera óánægðir með að skifta við þá, sem hingað til hafa keypt fiskinn af okkur. Þannig lagaðri starfsemi þyrfti að koma á fót sem fyrst, því að hún gæti haft bætandi áhrif á markaðinn. Hitt, að setja mann á Spáni, einungis til þess að ræða við þá fiskikaupmenn, sem þar eru fyrir, hefir að minni hyggju litla þýðingu. Með þessu er jeg alls ekki að gera lítið úr fiskifulltrúa þeim, sem nú er á Spáni, að hann sje ekki starfinu vaxinn, heldur hitt, að lítill árangur hafi orðið af starfi hans, vegna þess að starfssvið hans hafi ekki verið rjettilega ákveðið í upphafi. Við þurfum að hafa verslunarfulltrúa erlendis, sem hafa þá aðstöðu, að geta stofnað nokkurskonar miðstöð á þeim stöðum, sem líkur eru fyrir, að markaður geti myndast. Þessa útbreiðslustarfsemi þyrftum við að hafa fyrir fleiri vörutegundir en þorskinn, og má þar t. d. nefna síldina o. fl.

Jeg ætla ekki að fara langt út í að ræða um fiskimatið og fiskimatslögin. Það er alls ekki af því, að fiskimatið sje ekki nógu gott, að óánægja hefir

orðið um það, heldur stafar hún af því, að stundum hefir um of verið tekið tillit til ýmsra tilmæla, sem komið hafa frá ýmsum kaupendum um margskonar breytingar, sem ekki hafa reynst heppilegar, þegar frá leið. En matið á að framkvæma eftir föstum, ófrávíkjanlegum reglum; að innleiða slíkt hringl, sem verið hefir, getur verið stórhættulegt. Annars skal jeg ekki fara frekar inn á þetta nú, því að það liggur ekki fyrir.

Hvað snertir kostnaðinn við erindreksturinn á Spáni, skal jeg taka það fram, að mjer blöskrar hann ekkert, enda þótt hann fari dálítið fram úr þeim 10 þús., sem gert er ráð fyrir í fjárlögunum; það kemur okkur ekki á vonarvöl. Hitt er meira vert, að breidd sje út þekking á vörum okkar. Það má segja, að það sje nærri því hlægilegt að veita einar 5 þús. kr. til markaðsleitar erlendis, auk kostnaðarins við Spánarfulltrúann, eins og gert hefir verið að undanförnu, þar sem okkur vantar svo að segja markað fyrir nær því allar framleiðsluvörur okkar. Það hefir dálítið verið rætt um það undanfarið að bæta síldarmarkaðinn, og má þar til nefna tillögur, sem fiskiþingið sendi til fjárveitinganefndar neðri deildar. En þær fengu þar heldur kaldar viðtökur, en slíkar undirtektir tel jeg merki þess, að hlutaðeigendur misskilji sitt rjetta hlutverk. Annars skil jeg ekki, hvernig stendur á því, að þeir menn, sem hafa aðstöðu til að bæta úr þessu, skuli skella við því skolleyrunum, og það því fremur, sem hjer á í hlut sá atvinnuvegur, sem á við hvað mesta erfiðleika að stríða og ber hærri tolla en hann með góðu móti getur undir risið, og það jafnt, hvort sem hann gengur vel eða illa. Mjer fyndist því sjálfsagt að gera eitthvað til þess að efla síldarsöluna, og það mundi áreiðanlega vera búhnykkur, því að ekki þyrfti að seljast meira en svo sem 10 þús. tunnur vegna aukins markaðs, til þess að greiða kostnaðinn að fullu. Skal jeg svo ekki fara frekar út í þetta nú, en jeg get ekki sjeð, að ótímabært sje að minnast á þetta hjer, úr því að rætt er um störf verslunarerindreka. Og að endingu skal jeg taka það fram, að jeg er viss um, að það fje, sem veitt yrði í þessum tilgangi, mundi bera margfaldan ávöxt, og það verður mönnum að vera ljóst, að ef þeir vilja uppskera mikið, þá verða þeir líka að sá einhverju. Eins er um það fje, sem lagt er fram til þess að bæta markaðinn fyrir framleiðsluvörur okkar; það kemur margfalt aftur. Get jeg því ekki annað en hneykslast á þessari 5 þús. kr. fjárveitingu, sem stendur í fjárlögunum í þessu skyni.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg get svarað hv. 2. þm. S.-M. (1P), þó ekki sje til annars en fylla þingtíðindin, því að mjer sýnast allþunnskipaðir bekkir hjer nú, og sýnir það ekki áhuga manna á málinu.

Hv. 1. landsk. (JJ) gerði fyrirspurn um það, hvers vegna kostnaðurinn við erindrekann á Spáni hefði farið fram úr áætlun. Að svo varð, stafar af því, að kaup hans var ákveðið í sterlingspundum, og var svo um samið, að hann hefði 100 sterlingspund á mánuði. Er það því gengismunurinn, sem þessu var valdandi. Þá spurði hv. þm., til hve langs tíma hefði verið samið við

Gunnar Egilson. Við hann var samið til 5 ára; er því ekki rjett hjá hv. 1. landsk., að sendimaður þessi hafi lífstíðartryggingu fyrir stöðunni. Þá var það heldur ekki rjett hjá honum, að jeg hefði ekki bent á neitt, sem erindrekinn hefði gert. Jeg sagði þó, að sýnilegt væri, að hann hefði bjargað mikium verðmætum með því að jafna ágreining um mat tveggja skipsfarma, auk margs annars, sem ekki væri svo þægilegt að benda ákveðið á.

Hv. fyrirspyrjandi (IP) sagðist ekki hafa sjeð birtar neinar skýrslur frá sendimanninum. Þetta má vel vera, en jeg get ekkert gert að því. Skýrslur þær, sem birta mátti fyrir almenningi, voru birtar í „Ægi", og þó að hann hafi ekki komið auga á þær þar, getur það ekki verið mín sök.

Þeirri spurningu, hver árangur hafi orðið af starfi erindrekans, er ekki svo þægilegt að svara frekar en jeg gerði. Að spyrja þannig, er alveg sama og ef einhver spyrði um árangur af starfi einhvers þingmanns. Það getur verið, að ekki sje gott að benda á það. Maðurinn getur hafa verið nýtasti þingmaður, unnið mikið og gott starf í nefndum, þó að hann hafi kannske ekki talað mikið á fundum.

Þá sagði hv. fyrirspyrjandi, að ekki mætti „líðast, að fundið væri að" fiskimati okkar þar suður í löndunum. Jeg skil ekki, hvernig hv. þm. fer að segja þetta. Mjer finst það beinlínis heimskulegt; því hvað getum við gert að því, þó að Spánverjar finni að matinu. Það eina, sem við getum gert, er að hafa mann þar til þess að sýna þeim fram á, að aðfinslurnar sjeu ekki rjettmætar. En það er aldrei nema satt, að Spánverjar finna oft upp á því að segja, að fiskurinn sje ekki rjett metinn. Er því nauðsynlegt að hafa erindrekann þar, til þess að sýna þeim fram á hið gagnstæða. En að eiga það undir spönskum fiskikaupmönnum, held jeg að ekki væri holt, því að fjöldi dæma er til því til sönnunar, að það er nær því ómögulegt að ná rjetti sínum þar syðra, og þegar málin eru loks útkljáð, þá virðist manni það ekki vera gert hlutdrægnislaust. Annars þætti mjer gott að vita hjá hv. þm. (IP), hvernig við eigum að hindra það, að Spánverjar setji út á fiskimat vort. Jeg sje enga leið til þess, en hitt er annað mál, hvort aðfinslurnar eru á rökum bygðar eða ekki, og til þess að fá rjettan dóm um það, þurfum vjer að hafa sendimanninn á Spáni. Og einmitt með þessu gerir hann stórmikið gagn. Jeg sje ekki, að ritdeilan milli erindreka okkar á Spáni og Pjeturs Ólafssonar komi neitt þessu máli við. Erindrekinn hefir að sjálfsögðu rjett til þess að hafa sínar skoðanir, eins og aðrir. En því neita jeg harðlega, að hann láti sjer eins ant um hag Spánverja þar syðra eins og okkar. Tel jeg þetta ósæmilegar og óskammfeilnar dylgjur í garð þessa opinbera starfsmanns. Og ummæli hv. þm. (IP) um, að jeg hafi samið til langs tíma til að tryggja Gunnari Egilson stöðuna, eru hrein rakaleysa. Hv. fyrirspyrjandi sagði ennfremur, að nauðsyn bæri til, að fulltrúinn rækti starf sitt með áhuga. Þetta er alveg rjett, en jeg veit ekki um, að nokkur maður geti borið núv. fulltrúa áhugaleysi á brýn. En þegar hv. fyrirspyrjandi segir, að hann eigi að vinna að því að minka Spánarmarkaðinn, get jeg ekki lengur verið samþykkur. Hann á vitanlega að beita til þess kröftum sín-

um að auka markaðinn. Við getum altaf hætt að versla við Spánverja fyrir því, þótt við höfum náð hjá þeim góðum markaði.

Ræða hv. 4. landsk. (MK) gefur ekki tilefni til andsvara að öðru leyti en því, að jeg man alls ekki til, að neitt hafi verið hringlað með fiskimatið á síðustu árum frá landsstjórnarinnar hálfu. Ef nokkuð hefir verið breytt til, þá hafa fiskimatsmennirnir tekið það upp hjá sjálfum sjer.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Pálmason): Það gleður mig, að nú virðist svo, sem við hv. þm. Vestm. (JJós) sjeum að færast saman í þessu máli. Við höfum þá aðstöðu atvinnulega, að þetta er líka mjög eðlilegt. Jeg þarf ekki heldur miklu að svara af því, sem sá hv. þm. sagði. — Nú viðurkendi hann, að það væri mjög gott, að fiskifulltrúinn kæmi til Íslands við og við. Jeg hefi frá upphafi bent á, að hann mætti ekki sitja eins og assa suður á Spáni, og lagt áherslu á, að hann kæmi hjer öðru hverju til að kynna sjer, hversu hjer væri högum háttað, og til þess að gefa mönnum kost á að fylgjast með á Spáni. En sje hann altaf kyr á Spáni, er hætt við, að spánskar „interessur" eða hagsmunir verði fullofarlega hjá honum. — En þótt við hv. þm. Vestm. höfum nú nálgast þetta, ber þó enn margt á milli. Hann sagði, að eðlilegt væri, að ekki tækist að benda á stór stökk, sem leitt hefði af starfsemi fulltrúans. Hitt væri áreiðanlegt, að hann hefði mikið liðkað til um ýms ágreiningsatriði milli manna hjer og á Spáni. Jeg ber nú enganveginn á móti þessu, en álít það vera algert aukaatriði. Hitt er aðalatriðið, að gera markaðinn betri og tryggari.

Þá sagði hv. þm. Vestm., að við hefðum engan rjett til að ásaka fulltrúann fyrir það, sem aflaga færi, ef hlutaðeigendur hefðu ekki snúið sjer til hans um þessar misfellur. Mjer finst nú, að við verðum að gera þær kröfur til fulltrúans, að hann fylgist með, hvers virði það er fyrir sjávarútveginn, er Spánverjar gerbreyta alveg skilyrðunum fyrir sölu fiskjar, eins og í fyrra. Jeg álít það því beint nauðsyn, að fulltrúinn komi heim við og við, ef Íslendingar eiga að hafa not af honum. Hitt er mjer ekki kunnugt — og kemur ekki til hugar — að hann hafi neitað nokkrum manni um aðstoð, sem til hans hefir leitað, og vera má, að hann hafi með ráðleggingum unnið einhverjum fiskútflytjendum gagn. En það er líka hið eina gagn, sem hann hefir gert, ef marka má svar hæstv. atvrh.

Síðan kom hv. þm. Vestm. að því, að jeg gerði lítið úr fiskmarkaðinum á Spáni. Þetta er nú ekki alveg rjett með farið, en hitt er mjer fullkomlega ljóst, að við erum á rangri leið, ef við bindum okkur eingöngu við markaðinn á Spáni, og það er óheillavænlegt, ef fiskifulltrúinn gerir það líka. **(JJós:** Var ekki upplýst, að hann hefði útvegað markaði á Ítalíu og Portúgal?). Eitthvað var verið að tala um það, að með símskeytum hefði hann komist í samband við kaupmenn á þeim slóðum, en það var víst mjög lítið, og enginn markaður opnaður. — En í sambandi við Spán vil jeg geta þess, að markaðurinn þar er orðinn svo erfiður á ýmsan hátt, að óhugsandi er, að íslenskur útvegur þrífist, ef hann á ekki annað athvarf með

markað fyrir fiskinn. Við verðum að athuga, að við Íslendingar framleiðum einungis matvöru, og hingað til höfum við selt hana aðeins í söltuðu ástandi. En söltuð vara, hvort heldur er kjöt eða fiskur, getur aldrei talist til 1. flokks. Eftir því sem kröfurnar um nýmeti aukast í heiminum, verðum við að beygja okkur fyrir þeim. Kjötútflytjendur hafa fengið augun opin fyrir þessu. Sama verða fiskútflytjendur að gera. Annars hlýtur að reka að því, að útvegurinn getur ekki borið sig vegna samkepni. Við verðum þá að kannast við, að það er misskilningur, hve mjög við bindum okkur við Spán. Markaðurinn þar er orðinn úreltur fyrir Íslendinga. Við verðum að koma markaðinum þaðan, ekki aðeins vegna þeirra taka, sem Spánverjar nú hafa á okkur og löggjöf okkar, heldur sakir þess, að það er eina ráðið til að fá sæmilegt verð fyrir fiskinn. Við megum ekki stara blint á Spán, eins og hv. þm. Vestm. virðist gera.

Jeg held, að það sje mjög vanráðið, meðan við höfum ekki nema einn fiskifulltrúa erlendis, að hann vinnur ekki að því meira en hann gerir að útbreiða markaðinn fyrir utan Spán. Enda kom það greinilega fram hjá hv. þm. Vestm., að hann er mjög óánægður með, að fulltrúinn ferðast ekki um. Er jeg honum þakklátur fyrir, að hann ætlast til þess af hæstv. landsstjórn, að hún breyti til um þetta. Það sýnir, að þessum hv. þm. er það ljóst, að fleira þarf að gera en að hafa dýran embættismann á Spáni.

Hv. þm. hneykslaðist mjög á því, að jeg taldi hætt við, að fulltrúinn hefði augun eins mikið á hagsmunum Spánverja og Íslendinga. Jeg hefi bent á, að hættan liggur í því, að hann situr altaf á Spáni, kemur aldrei heim og kynnist þannig betur spönskum en íslenskum hagsmunum. Þá virðist mjög eðlilegt, að svo geti farið, að hann fari að horfa meira á það, hvað Spánverjum kemur vel, en Íslendingum.

Hv. þm. sagði, að það væri æskilegt, ef fjárhagurinn leyfði okkur að hafa fleiri sendimenn erlendis. Jeg er þessu öldungis sammála, en því litla fje, sem við höfum yfir að ráða til þessara hluta, þarf að verja rjettilega. Mjer líst þunglega á, að við getum fjölgað þeim mikið í fyrirsjáanlegri framtíð, ef hver þarf að kosta eins mikið og þessi og eftirtekjan verður ekki meiri. Hitt verðum við að gera okkur ljóst, að ástandið hjá íslenska sjávarútveginum er orðið þannig, að það þolir enga bið, að bót sje ráðin á því. Því verður að nota þetta fje, sem við höfum yfir að ráða, sem allra best.

Jeg vona, að þessi fyrirspurn og till. okkar hv. þm. Vestm. beri þann árangur, að hæstv. landsstjórn — hvort sem hún situr nú lengur eða skemur — geri ráðstafanir til þess, að fulltrúinn sitji ekki eins og assa á Spáni, heldur vinni að því að útvega nýja markaði. (Atvrh. MG: Ekki á Spáni!!!). Nei, alls ekki á Spáni; þar má kallast „fullnumið land“ í því efni.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um ræðu hv. þm. Vestm.

Hv. 4. landsk. (MK) sagði, að ekki mætti fárast út af þeim fjárupphæðum, sem fari í markaðsleitir. Það er svo langt frá því, að mjer vaxi í augum fjárhæðin; jeg vil heldur auka hana en minka. En hún er þó svo há, að sanngjarnt má teljast að fá eitthvað í aðra hönd fyrir hana.

Jeg þarf ekki að gera aths. við margt í ræðu hæstv. atvrh. (MG). Jeg hafði búist við fleiri skýrslum um afrek fulltrúans heldur en komu í ljós. Að vísu gaf hæstv. ráðh. í skyn, að uppi í stjórnarráðshúsi lægju einhverjar mikilsverðar skýrslur, en efni þeirra kæmi mjer og þessháttar fólki lítið við. Jeg get nú ekki dæmt um árangurinn af starfi fulltrúans eftir þeim skýrslum, sem jeg fæ ekki að sjá og veit ekki, hvers efnis eru. Það má nú vera, að ekki sje hentugt að birta þessar skýrslur opinberlega, en hæstv. atvrh. ætti þó að mega upplýsa þingheim um aðalefni þeirra, eða a. m. k. hvers eðlis þær eru og hvers virði. Annars neyðist jeg fyrir mitt leyti til að álíta, að þær sjeu lítils virði.

Hæstv. atvrh. upplýsti, að laun fulltrúans hefðu verið ákveðin í sterlingspundum. Þetta var víst öllum ókunnugt áður, því að ekki er gert ráð fyrir því í lögunum. Og það sjá allir, að sjeu launin ákveðin í sterlingspundum, er aldrei hægt að segja fyrirfram, hve mikil þau eru í íslenskum krónum; það fer alveg eftir genginu á hverjum tíma. Þó að hæstv. ráðh. (MG) hafi upplýst, að nú samsvari launin nálægt 30 þús. á ári, þá erum við þarna komnir á hála braut, því að enginn veit, hve lengi gengið stendur í stað. Það má teljast ávinningur af fyrirspurninni, að þetta hefir komið fyrir dagsins ljós. Jeg skal ekki leggja dóm á ráðstöfunina, en jeg tel hana þó mjög hæpna.

Það gladdi mig, að hæstv. ráðh. sagðist hafa tekið svo mikið tillit til krafna þeirra, er fram komu í hv. Nd. 1924. að hann hefði ekki ráðið fulltrúann til lengri tíma en 5 ára. Þetta hefir hæstv. ráðh. leyst sæmilega vel af hendi. (Atvrh. MG: Sei, sei!). En það er líka það eina, sem talist getur vel af hendi leyst í þessu máli.

Hæstv. ráðh. sagði, að ekki væri eðlilegt, að skýrslurnar væru birtar á annan hátt en jeg gat um, þegar enginn óskaði þess. En það er nú dálítið erfitt fyrir okkur, sem á útkjálkum búum, að þurfa altaf að snúa okkur til stjórnarráðsins og biðja um að fá nú að vita þetta og nú hitt o. s. frv. Ef skýrslurnar eiga að birtast á annað borð, þarf að birta þær þannig, að það komi að notum. Þótt hæstv. ráðh. tæki því fjarri að síma út skýrslurnar, finst mjer það vel geta komið til athugunar. Auðvitað ætti ekki að síma þær til mín eða annara einstakra útgerðarmanna úti um landið, heldur t. d. til erindreka Fiskifjelagsins, og til þeirra gætu svo útgerðarmenn snúið sjer. Mjer finst það einfalt mál, sem hver stjórn á að geta sjeð, að skýrslurnar verða að birtast svo tímanlega, að þær sjeu ekki orðnar 6—8 vikna, þegar þær berast til þeirra. sem eiga að nota þær.

Jeg vona, að nú hafi jeg gert skyldu mína um að benda hæstv. stjórn á, hvernig hún getur birt skýrslurnar öðruvísi en í „Ægi".

Hæstv. atvrh. taldi það ofur eðlilegt, að ekki væri hægt að benda á mikinn beinan árangur af starfi fulltrúans, og tók þar þingmenn til samanburðar. Jeg verð nú að segja, að ætti almenningur eins greiðan aðgang að því að kynnast starfi þessa fulltrúa eins og starfi þingmanna, þá væri ekki ástæða til að kvarta.

Hæstv. ráðh. sagði, að mjer hefði þótt undarlegt, að fulltrúinn hefði getað jafnað ýms ágreiningsatriði milli manna hjer og á Spáni. Jeg furðaði

mig aldrei á þessu, heldur hinu, að hann gæti skorið úr, hvort fiskimat hjer væri gilt eða ekki. (**Atvrh. MG:** Það hefi jeg aldrei sagt). Þar hjelt jeg að matið yrði að skera úr. (**Atvrh. MG:** Hvers vegna er hv. þm. að bera á móti því, sem jeg hefi aldrei sagt?). Jeg er alls ekki að því. Þá sagði hæstv. ráðh. að ástandið á Spáni væri slæmt; kaupmenn fyndu upp á hinu og þessu til að gera söluna ógilda. Það getur verið, að svo sje, en mjer virðist, að við höfum þá okkur til varnar fiskimatið hjer heima og afgerða samninga. Jeg sje ekki, að hjer sje fyrir hendi sú hætta, sem hæstv. ráðh. vildi vera láta, ef matið er í lagi.

Hæstv. ráðh. sagði, að hann gæti ekki sjeð, að ritdeilur Pjeturs Ólafssonar og fiskifulltrúans kæmu þessu máli við. Þar er jeg á alt öðru máli en hæstv. ráðh. Fulltrúinn heldur því fram, að fiskimarkaður vor sje og eigi að vera á Spáni, en jeg lít svo á, að okkur sje það lífsnauðsyn að útvega okkur markað utan Spánar, ekki einungis fyrir saltfisk, heldur og fyrir nýjan fisk. Jeg lít því svo á, að þessi ritdeila, sem fiskifulltrúinn á Spáni hefir átt í, komi mikið málinu við, því að hún sýni, að hann er ekki svo víðsýnn, að hann hafi hug á því, að leitað sje nýrra markaða fyrir fiskiafurðir landsins, og tel jeg það illa farið um mann í hans stöðu og að hann þess vegna sje ólíklegur til að vinna því máli gagn. Hæstv. ráðh. spurði, hvernig jeg hjeldi að fara mundi, ef Spánarmarkaðurinn legðist niður. Jeg get sagt hæstv. ráðh. það, að jeg þrái ekkert frekar í þessu máli en að við Íslendingar þyrftum ekkert að flytja út af fiski til Spánar. Svo ósanngjarnar hafa kröfur Spánverja verið um viðskifti okkar við þá, eins og hv. þm. Vestm. einnig játaði. Eins og nú standa sakir, er nauðsynlegt fyrir okkur að halda markaðinum á Spáni öruggum, en við eigum og hljótum að vinna að því öllum árum að fá markað fyrir fiskinn annarsstaðar en á Spáni; fyr er þetta mikilsverða mál ekki komið í gott horf. En þetta verður ekki gert fyr en við fáum atvrh., sem skilur nauðsyn málsins og fylgir því fram með festu og áhuga.

Hæstv. ráðh. mintist á það, að jeg hefði drepið á það, að ákveðnum manni hefði fyrirfram verið ætluð þessi fulltrúastaða á Spáni. Það er rjett, og jeg verð að játa, að jeg hefi enn þá ekki fengið neinar þær upplýsingar, er breytt hafi skoðun minni í því efni. Hann, hæstv. ráðh., gat þess, að staðan hefði verið auglýst, eins og venja er um aðrar opinberar stöður, og hann spurði mig, hvort jeg vissi nokkuð um það, hverjir hefðu sótt um hana. Nei, jeg veit það ekki, enda er jeg ekki með nefið niðri í öllu því, sem gerist í stjórnarráðinu. En hæstv. ráðh. nefndi annan mann, Þórarin Þórarinsson, og spurði mig, hvort jeg hefði heldur viljað, að hann hefði fengið stöðuna. Jeg geri ekki ráð fyrir, að verra hefði verið, þó annar hefði fengið stöðuna en sá, sem nú er í henni, og jeg geri einnig ráð fyrir því, að Þórarinn hefði ekki komist lengra en núverandi fulltrúi í því að gera ekki neitt.

Þá klykti hæstv. ráðh. út með því að lýsa yfir, að hann væri mótfallinn því, að markaðurinn á Spáni minkaði. En jeg óska honum þess — og óska þess af einlægni — að hann megi bera gæfu til þess að breyta þessari skoðun sinni, því jeg tel það sama og dauða-

dóm yfir íslenskum sjávarútvegi, ef æðstu menn atvinnumálanna hafa þá skoðun, að íslenskur fiskimarkaður á Spáni megi ekki minka. Jeg held, að hæstv. ráðh. verði ekki meiri greiði gerður en að honum verði óskað þess af heilum hug, að sjóndeildarhringur hans megi víkka í þessu efni. Og þess óska jeg einlæglega.

—

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg gæti vitanlega talað langt mál við þingtíðindin í sambandi við þetta mál, eins og hv. 2. þm. S.-M. (IP), sem hefir nú talað svo lengi, að menn eru farnir út bæði hjer úr hv. deild og af pöllunum. En jeg mun láta mjer nægja að bera til baka þær fullyrðingar hv. þm. (IP), að jeg muni hafa dregið undan eitthvað af störfum fiskifulltrúans á Spáni, til þess að geta bætt því við síðar. Mjer er fyrst og fremst ekki sú list lagin að draga neitt undan í ræðum mínum, enda hygg jeg, að jeg segi jafnan skoðun mína afdráttarlaust. Og í öðru lagi hygg jeg, að fiskifulltrúanum sje engin þökk á því, að jeg dragi neitt undan af verkum hans. En hvað þær skýrslur fulltrúans, sem ekki þótti rjett að birta, snertir, þá get jeg vitanlega ekki frekar nú en áður skýrt frá því opinberlega, hvað í þeim stóð, en ef hv. þm. (IP) vill fá að sjá þær hjá mjer sjálfur, þá er það öðru máli að gegna. Hv. þm. gaf það í skyn, að það væri og hefði verið ólöglegt að greiða fulltrúanum laun hans í pundum, en það hefir nú ekki komið okkur að tjóni enn þá, heldur höfum við þvert á móti grætt á því. Ef krónan fjelli í verði, mundi ríkissjóður tapa á því, en frá því að þetta var ákveðið þannig, þá hefir krónan altaf verið að hækka, svo að hingað til hefir ríkissjóður grætt á þessari ráðstöfun. Jeg skal í þessu sambandi taka það fram, að það var þegar í upphafi skilyrði af hálfu þessa manns, sem hlut á að máli, að hann fengi laun sín greidd í peningum, sem væru í gullgildi, svo að hann yrði ekki háður gengissveiflum.

Hv. þm. sagði, að hið eina, sem jeg hefði vel gert í máli þessu, væri, að jeg hefði ekki samið við fulltrúann lengur en til 5 ára. En hvað hefir hv. þm. (IP) gert þessu máli gott. Ekkert. Hann hefir aðeins reynt að spilla fyrir því, að starf sendimannsins á Spáni gæti borið góðan árangur.

Þá sagði hv. þm., að hæglega mætti síma skýrslurnar út um land. Jeg hygg, að það mundi verða ærið kostnaðarsamt, enda hefir enginn farið fram á það hingað til. Og þó að það yrði gert, þá er jeg ekki viss um, að hv. þm. (IP) þætti þær koma til sín í tæka tíð. Fiskifjelagið átti í upphafi að taka á móti skýrslunum, enda stendur það því næst að birta þær umboðsmönnum sínum úti um landið. Það er því best fyrir hv. þm. (IP) að beina skeytum sínum þangað.

Þá hefir hv. þm. misskilið orð þau, er jeg hafði um starf þingmanna. Jeg sagði, að það yrði erfitt að sanna það gagn, sem orðið hefði af starfi sumra þingmanna, en þó gætu þeir hafa int af hendi mikið og gott starf, t. d. í nefndum.

Þá sagði hv. þm., að umboðsmaðurinn á Spáni ætti ilt aðstöðu um að gera út um það, hvort mat á fiski væri gilt eða ógilt. Þar sem hv. þm. talar um gilt eða ógilt mat, þá vil jeg nefna það

rangt eða rjett mat, því að ef fiskurinn er t. d. seldur þannig, að hann má ekki vera undir ákveðinni stærð, þá er ekki um neitt ógilt mat að ræða, þó að hann fylli ekki þau skilyrði. En matsvottorðið er rangt, ef fiskurinn hefir ekki ákveðna stærð, og ætti fiskifulltrúinn fullkomlega að geta verið dómari í því efni.

Hv. þm. heldur því fram, að fiskimarkaður vor á Spáni sje fullplægður. Jeg get ekki neitað því, að mig furðar mjög á því, að hv. þm. (IP), sem ætti að hafa vit á þessu, skuli halda slíku fram. Annað mál er það, að sjálfsagt er fyrir oss að reyna að fá einnig markað annarsstaðar. Enda hefi jeg aldrei neitað því. Hv. þm. gerir mjer í því efni upp orð, sem jeg hefi aldrei sagt. Þá er það algerlega röng skoðun hjá hv. þm. og hættuleg, að vjer ættum að eyðileggja markað vorn á Spáni, fyrst og fremst af því, að oss getur aldrei orðið neinn óhagur að því, þótt markaður vor þar sje mikill, og auk þess gerist þess engin þörf, þegar af þeirri ástæðu, að vjer getum verið lausir við hann, þegar vjer viljum.

Þá kom hv. þm. með aðfinslur um það, hverjum þetta fulltrúastarf var veitt, en þó viðurkendi hann, að hann vissi ekki, hverjir sótt hefðu um starfið. Bendir það óneitanlega ekki á, að hv. þm. sje sjerstaklega samviskusamur í dómum sínum. Hann talaði um, að betra hefði verið að veita þetta starf öðrum, er um það sóttu. En jeg get frætt hv. þm. á því, að sá umsækjandinn, sem til greina gat komið annar en núverandi fulltrúi, tók umsókn sína aftur, vegna þess að honum þóttu launin of lág, en þriðji umsækjandinn gat ekki komið til álita.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Pálmason): Jeg vildi aðeins mega segja nokkur orð út af þeim orðum hæstv. ráðh., er hann sagði, að jeg gerði sjer upp orð, sem hann hann hefði aldrei sagt. Jeg sagði aðeins, að hæstv. ráðh. hefði lýst yfir því, að hann væri mótfallinn því, að markaður vor á Spáni minkaði. Þessi orð mælti hæstv. ráðh., og þýðir ekkert fyrir hann að mótmæla því, því jeg ritaði þau niður hjá mjer um leið og þau fjellu.

Hæstv. ráðh. sagði, að við hefðum hingað til grætt á því, að laun fulltrúans á Spáni hafa verið greidd í pundum. Jeg hefi hjer fyrir mjer landsreikningana, og af þeim er dálítið annað að sjá. Þar stendur það skýrum stöfum, að laun fulltrúans hafi árið 1925 verið að $^1/_3$ 12600 kr., í stað 10 þús. kr., vitanlega, eftir því sem hæstv. atvrh. upplýsti, vegna gengismismunar. Og þó að launin hafi ekki orðið meiri en 7300 kr. árið 1926, sem þau hafa þó vitanlega orðið, þá sje jeg ekki, að það geri mikið meira en vinna upp mismuninn 1925, svo að lítið verður þá úr gróðanum, sem hæstv. ráðh. talaði um.

Hæstv. ráðh. vísaði mjer til Fiskifjelags Íslands um skýrslur fulltrúans og sagði, að því bæri að birta þær umboðsmönnum sínum. Það má vel vera, að svo hafi um samist með stjórn Fiskifjelagsins og hæstv. landsstjórn, en mjer finst ekki fje það, sem Fiskifjelagið fær úr ríkissjóði, svo ríflega úti látið, að þess vegna hafi þurft að ákveða, að það tæki að sjer framkvæmdir, sem ríkisstjórninni sem slíkri eðlilega ber að hafa með höndum.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guð-

mundsson): Það, sem jeg sagði um Spánarmarkaðinn, var það, að oss gæti aldrei orðið neinn óhagur að því, þó markaður vor fyrir fisk væri mikill á Spáni, og að vjer gætum losnað við hann hvenær sem vjer vildum. En hv. fyrirspyrjandi heldur því fram, að verkefni fulltrúans á Spáni sje það, að þrengja markað vorn þar, og heldur, að hann geti snúið sjer til Portúgals um markað. En því er til að svara, að í Portúgal eru kjörin hin sömu og á Spáni. Eins og jeg tók fram áðan, þá var það samningsatriði milli sendimannsins og stjórnarinnar, að honum skyldu greidd laun hans í pundum, og jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvort fyrirspyrjandi álítur þá ráðstöfun hafa verið heppilega eða ekki.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Pálmason): Jeg vil aðeins lýsa yfir því, að jeg hefi ekki í ræðum mínum látið eitt orð um það falla, að þrengja bæri Spánarmarkaðinn fyrir íslenskan fisk, heldur hefi jeg aðeins haldið því fram, að oss sje það lífsnauðsyn að færa markaðinn þaðan.

Atv. og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ef þetta hefir verið meining hv. fyrirspyrjanda með orðum hans, þá talar hann öðruvísi en aðrir menn tala.

Jón Baldvinsson: Mjer voru það ekki mikil vonbrigði, þó að fram kæmi hjer í hv. deild einn maður úr hópi útvegsmanna og lýsti yfir því, að honum virtist lítið gagn að fiskifulltrúanum á Spáni, og kæmi fram með fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um starf hans.

Jeg átti í nokkrum deilum við hæstv. atvrh. (MG), þegar lögin um fiskifulltrúann á Spáni voru á ferðinni hjer í þinginu. Jeg gat þess þá, að jeg byggist við, að það væri fult eins mikið tilgangurinn með frv., sem þá lá fyrir, að tryggja ákveðnum manni fast starf í nokkur ár, eins og að verða fiskverslun landsins að gagni. Jeg hefi hvergi heyrt talað um það gagn, sem að honum væri, og nú er svo komið, að einn útvegsmaður hefir komið með fyrirspurn til hæstv. stjórnar um starf hans. Að gagnið af störfum hans sje ekki mikið, má ekki hvað síst sjá af skýrslum frá honum sjálfum, sem lesa má svo að segja í öllum blöðum landsins. Jeg vildi aðeins benda á það, að sú skoðun, sem jeg hafði á lögunum. er þau voru sett, hefir rjett reynst, að kostnaðurinn við þetta starf yrði meiri en hæstv. stjórn gerði ráð fyrir, því það hefir nú komið á daginn, að kostnaðurinn hefir orðið alt að 25% hærri. Og landið borgar þetta alt, þó að það sje ekki greitt alt beint úr ríkissjóði því fyrst og fremst ber ríkissjóður $^1/_3$, Landsbankinn $^1/_3$ og Íslandsbanki $^1/_3$ hluta kostnaðarins, en þetta er alt saman borið uppi með hærri útlánsvöxtum lánsstofnananna og þar af leiðandi hærra vöruverði o. s. frv. Það eru einnig engar sannanir fyrir því, að kostnaðurinn hlaupi ekki fram úr því, sem nú er. Það er meira að segja upplýst, að hann gerði það 1925. Jeg hygg, að hentugra hefði verið að fara þá leið, sem bent var á, þegar mál þetta var á ferðinni forðum, og margir vildu þá að farin væri, sem sje að hafa í staðinn fyrir þennan hátíðlega fulltrúa á Spáni fleiri umboðsmenn, sem hefðu náin

kynni af þessari framleiðslugrein — t. d. af saltfiskstilbúningi — sem færu um ýms lönd í því skyni að reyna að opna nýja markaði fyrir vöruna. Það hefði verið hægt að kosta 3 slíka sendimenn á ári fyrir þau árslaun, sem fiskifulltrúinn á Spáni nú hefir.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal taka það fram, að mjer kemur það ekkert undarlega fyrir, þó að þeir menn, sem mest hafa barist gegn þessu starfi, hafi ekki sannfærst um gagnsemi þess á þeim 2 árum, sem liðin eru frá því að það hófst, einkum þegar þess er gætt, að sumir þessara manna munu að jafnaði mjög tregir að viðurkenna fyrri mistök sín, jafnvel þó að þeir sjeu sannfærðir um þau.

2. Yfirsíldarmatsstarfið á Austurlandi.

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. mars, var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um yfirsíldarmatsstarfið á Austurlandi (A. 185).

Á 30. fundi í Ed., næsta dag, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð í e. hlj.

Á 46. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. apríl, var fyrirspurnin tekin til umr., með því að atvinnumálaráðherra hafði tjáð sig búinn til þess að svara henni (A. 185).

Fyrirspyrjandi (Ingvar Pálmason): Fyrirspurn þessi er borin fram í tilefni af því, að síðastliðið sumar andaðist yfirsíldarmatsmaðurinn á Seyðisfirði, og að honum látnum var gerð sú ráðstöfun á starfi hans, að það var falið yfirsíldarmatsmanninum á Akureyri, en enginn yfirsíldarmatsmaður settur á Austfjörðum. Nú hittist svo á, að einmitt um þetta leyti byrjaði síldveiði fyrir Austfjörðum, og í sumar var hún með allra mesta móti. Svo sem eðlilegt var, gat hinn setti yfirmatsmaður ekki ferðast um umdæmið nema einu sinni, og það fljótlega, því að hann varð að gegna starfa sínum á Akureyri. Hann mun að vísu hafa skipað undirmatsmenn á mörgum stöðum, en svo hagar til um síldveiði á Austfjörðum, að hún er stunduð inni í fjörðunum frá því nær hverjum bæ. Þar af leiðir, að þegar saltað er til útflutnings, fer söltunin fram á því nær hverjum bæ. Þar af leiðir enn þá meiri vandkvæði um matið en t. d. á Norðurlandi, þar sem ávalt er saltað mikið á sama stað, og því er auðveldara að hafa umsjón með söltuninni

Ráðstöfun hæstv. landsstjórnar á stöðunni vakti mikla óánægju á Austfjörðum, af því að mönnum þótti ástæða til að ætla, að það gæti bakað síldarútflytjendum töluvert tjón, að matið var ekki í góðu horfi. Auk þess eru ýmsir, sem álíta, að ráðstöfunin sje gerð eftir mjög vafasömum heimildum, og í þeirra hóp er jeg. Lögin um síldarmat frá 1919 mæla svo fyrir, að matsmenn skuli vera 4, og skuli einn vera búsettur á Seyðisfirði. Auk þess er nú liðinn svo langur tími frá því, er yfirsíldarmatsmaðurinn á Seyðisfirði fjell frá, að menn eru farnir að bera kvíðboga fyrir því, að enginn verði settur

í hans stað, og þessi skipun eigi að standa framvegis. Þess vegna hefi jeg haft fyrirspurnina í tveim liðum, og vænti svars við hvorum fyrir sig. Fyrst er sú spurning, eftir hvaða heimildum yfirsíldarmatsstarfið á Seyðisfirði hafi verið sameinað yfirsíldarmatsstarfinu á Akureyri s. l. sumar. Síðari spurningin er, hve lengi þessi ráðstöfun eigi að standa. — Mjer er ekki ljóst, hvað olli þessari ráðstöfun, en það er tvímælalaust, að skipunin hefir valdið óánægju og tjóni, auk þess sem hún er að mínu áliti þvert ofan í lög.

Nú ætla jeg ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, fyr en jeg hefi fengið svör hæstv. ráðh. (MG), því að jeg geri ráð fyrir, að hann færi fram ástæður, sem mjer hafa verið ókunnar.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. fyrirspyrjandi spyr. eftir hvaða heimildum yfirsíldarmatsstarfið á Seyðisfirði hafi verið sameinað yfirsíldarmatsstarfinu á Akureyri síðastliðið sumar. Heimildin liggur í þeirri viðurkendu reglu, að stjórnin er ekki skyld til að skipa menn strax í embætti, er einhver fellur frá, heldur má setja mann í embættið til bráðabirgða. Auk þess vil jeg benda á, að á þingi 1924 var samþ. þál. um að skora á landsstjórnina að veita ekki þau embætti, sem hægt væri að komast af án eða sameina öðrum. Þetta var ærið nóg til að rjettlæta ráðstöfunina, en þó er aðalástæðan enn ótalin. Hún var sú, að s. l. 10 ár hafði verið flutt út svo lítið af síld frá Austfjörðum, að það virtist tilgangslaust að hafa þar matsmann á fullum launum. Til þess að sýna fram á þetta, skal jeg gefa yfirlit yfir útflutta síld þaðan á árunum 1917—1926.

	Útflutt af Austfj.	Alls af landinu.
1917	658 tn.	um 89,6 þús.
1918	423 —	— 14,8 —
1919	486 —	— 208 —
1920	½ —	— 183 —
1921	1422 —	— 129 —
1922	470 —	— 242,5 —
1923	321 —	— 248 —
1924	364 —	— 136,5 —
1925	1404 —	— 245,6 —
1926	9684 —	— 152,8 —

Þetta yfirlit vona jeg að sýni, að það hefir verið lítill búhnykkur að hafa sjerstakan yfirmatsmann á Austfjörðum. 1920 hefir það t. d. kostað 3520 kr. að meta þá ½ tunnu af síld, sem út var flutt. En þó að ekki sje tekið þetta dæmi, heldur aðeins meðaltal áranna, sem jeg nefndi, sjest, að miklu minna kemur inn í tolli og útflutningsgjaldi af síldinni en nemur yfirmatskostnaðinum einum. Þegar þess vegna sá matsmaður, sem skipaður hafði verið, dó s. l. sumar, ákvað landsstjórnin að skipa engan mann í hans stað í bili, en þá vildi svo til, að óvenjumikið síldarhlaup kom að Austfjörðum. Þetta gat stjórnin auðvitað ekki vitað, er hún ákvað að veita ekki embættið. Jeg veit ekki, hvað hún hefði gert, ef hún hefði vitað þetta fyrir, en jeg hugsa þó, að hún hefði beðið og sjeð, hvort framhald yrði á þessu. Það nær ekki nokkurri átt að hafa mann á 2—3 þús. kr. launum til að annast yfirmat á 3—400 tn. af síld. Það vona jeg að allir sjái. Alþingi ætti því að vera stjórninni þakklátt fyrir að veita embættið ekki. Þessi matsmaður hefir sama sem ekkert að gera. Og þó að það kunni að vera rjett,

að metið sje á mörgum stöðum, kannske því nær hverjum bæ, er auðsætt, að yfirmatsmaðurinn getur ekki haft eftirlit með söltun á allri þeirri síld. Hann getur ekki verið alstaðar og verður að treysta undirmatsmönnum sínum.

Þá spyr hv. fyrirspyrjandi, hve lengi þessi ráðstöfun eigi að standa. Um það er enn ekkert hægt að fullyrða, en jeg skal geta þess, að yfirsíldarmatsmaðurinn á Akureyri gegnir starfinu fyrir ekki neitt, nema auðvitað er honum greiddur ferðakostnaður.

Þetta svar vona jeg að hv. fyrirspyrjandi láti sjer nægja. Jeg veit, að hann er svo sanngjarn, að hann sjer, að ekki er hægt að hafa sjerstakan mann til að meta þessar örfáu tunnur. En verði framhald á því, að eins mikil síld veiðist á Austfjörðum eins og í sumar sem leið, skal það tekið til athugunar, hvort ekki væri rjett að skipa mann í starfið á ný.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Pálmason): Jeg hefi nú heyrt svar hæstv. stjórnar, og verð að segja það rjett eins og það er, að það er dálítið utan við efnið. Hæstv. stjórn telur sig hafa leyfi til þess að setja mann í þetta embætti, eins og öll önnur embætti. Það er enginn, sem hefir neitt á móti því; það er ekkert kvartað undan því, þótt maður sje settur í embætti, heldur undan því, að staðan er lögð niður, og það er kvartað um, að það sje gert í fullkomnu heimildarleysi við lögin, og það er kvartað yfir því, að sá maður, sem á að gegna starfinu, sje látinn sitja á Akureyri, þar sem menn vita, að hann hefið miklum störfum að gegna og getur þar af leiðandi ekki verulega sint þessum störfum á Austfjörðum.

Jeg hefði ekkert haft við það að athuga, þótt hæstv. ráðh. (MG) hefði ekki veitt þessa stöðu, en aðeins sett mann í hana, en jeg held, að ef á að fara þessa leið, sem hjer hefir verið farin, sem gildir sama og niðurlagning stöðunnar, þá sje þó að minsta kosti viðkunnanlegra að breyta lögunum um síldarmat, svo að þau sjeu ekki þverbrotin svo lengi sem hæstv. stjórn þóknast, vegna þess að lögin mæla svo fyrir, að einn yfirsíldarmatsmaður skuli sitja á Seyðisfirði, og það er það ákvæði laganna, sem jeg hefi talið að væri brotið.

Þá kom hæstv. ráðh. að því, að það væri lítil ástæða til að hafa sjerstakan yfirsíldarmatsmann á Austfjörðum, af því að það væri svo lítið veitt af síld þar. Það er ástæða, sem má ræða. Og svo kom hæstv. ráðh. með yfirlit yfir metna síld á Austfjörðum síðastliðin 10 ár. Það yfirlit sýnir, að það hefir verið flutt út síld frá Austfjörðum öll árin nema eitt, og síðastliðið ár var það svo mikið, að hvað sem tollinum líður, þá er það áreiðanlegt, að ef um ljelegt mat er að ræða, þá getur það varðað hlutaðeigendur miklu meira fjárhagslegu tjóni en kaupi síldarmatsmanns nemur.

Jeg sje ekki, að það sje hægt að verja það, að þessi skipun hefir verið gerð, á þeim grundvelli, að síldarútflutningur hafi verið svo lítill, því að það vita allir, að auk þess, að hann var mikill síðastliðið sumar, getur hann aukist, þegar minst varir, eins og líka hefir sýnt sig síðastliðið ár, og þá er orðið of seint að byrgja brunninn, þegar stórtjón hefir af hlotist. Jeg held því, að það sje mjög hæpið, að hæstv. atvrh. hafi leyfi til þess að taka til sinna ráða um

opinbera starfsmenn og leggja niður störf, sem stofnuð eru með lögum, og jeg trúi því ekki, að hið háa Alþingi verði honum þakklátt fyrir það, þótt eitthvað kunni að sparast við það; og eitt er víst, að Austfirðingar verða ekki þakklátir hæstv. ráðh. fyrir þessa ráðstöfun, því svo er alment álitið fyrir austan, að stórtjón hafi af henni hlotist. Og sje það tilætlunin að halda þessu áfram, þá er það víst, að hlutaðeigendur láta ekki sitja við þessa fyrirspurn, sem jeg hefi borið fram; þeir munu gera eitthvað til þess að fá hlut sinn rjettan.

Jeg hefi áður í ræðu minni bent á það, að á Austfjörðum er sjerstök þörf á góðu eftirliti, vegna þess, hve saltað er á mörgum stöðum. Hæstv. atvrh. vildi segja, að það mundi ekki verða mikið bætt úr þessu með því, að þar sæti yfirsíldarmatsmaður, því að hann gæti ekki verið á öllum stöðvum, og jeg býst að vísu við því, að þó að skipaður eða settur verði annar yfirsíldarmatsmaður en sá, sem er á Akureyri, þá gæti hann ekki verið alstaðar. En víst er það, að ef hann getur ferðast um vikulega, þá verður eftirlitið miklu tryggara. Auk þess er það mjög hæpið, að undirmatsmenn hafi getað gefið vottorð fyrir þeirri síld, sem út var flutt.

Eitt af því, sem líka var í mikilli óreiðu á Austfjörðum, var skipun undirmatsmanna, því að þeirra hafði ekki verið brýn þörf á undanförnum árum nema á tveimur stöðum, en á síðastliðnu sumri á hverjum firði; þar af leiddi, að ekki voru nema tveir undirmatsmenn til, og það er dálítið erfitt, þegar svo stendur á, að yfirmatsmaður kemur ekki nema aðeins til að benda á, hverjir skuli vera undirmatsmenn, að fá reynda og vel hæfa menn til starfans. Þeir geta auðvitað orðið góðir undir eftirliti yfirsíldarmatsmanns, þótt það sje annars erfiðleikum bundið.

Jeg vildi mega benda á, að það getur átt sjer stað, þó að hæstv. atvrh. vilji halda því fram, að hjer verði ekki um mikinn síldarútflutning að ræða, að þau ár komi yfir þetta land, að aðalsíldarútflutningurinn verði frá Austurlandi; það hefir verið svo árum saman áður, og það er ýmislegt, sem bendir á, að sá tími sje að nálgast, að síldveiði fyrir Austurlandi fari að aukast. Á síðastliðnu sumri veiddu skip mikið af síld fyrir austan Langanes, og jeg skal líka benda á það, að frá Austfjörðum hafa gengið mörg skip til síldveiða undanfarin ár. Þessi skip hafa hingað til lagt upp á Siglufirði, en nú má telja víst, að þau muni eftirleiðis leggja aflann á land heima hjá sjer, á Austfjörðum, ef veiðin fer að verða svo nærtæk. Vona jeg því, þegar hæstv. ráðh. athugar þetta, að hann haldi ekki fast við, að það beri að leggja niður þetta starf á Austfjörðum, og þó að hann haldi fast við það, þá vona jeg, að hæstv. ráðh. kjósi þá þá leið, að gera það löglega, með því að breyta svo síldarmatslögunum, að það verði í samræmi við þau. Jeg efast reyndar um, að það muni takast, og þá virðist mjer það bersýnilegt, að þessi ráðstöfun hafi verið gerð í óþökk flestra hv. þm., og auk þess skapar hún mjög slæmt fordæmi um það, að stjórnin leyfi sjer að virða að vettugi greinileg fyrirmæli laga.

Jeg vil benda á, að það er sitt hvað, að skipa í stöðu til bráðabirgða, eða að leggja hana alveg niður. (**Atvrh. MG:** Það var settur maður í stöðuna). Því verður ekki neitað, að hjer var framið

lagabrot, því að það stendur í lögunum, að síldarmatsmenn skuli vera fjórir og einn sitja á Seyðisfirði. Hitt er alt annað, þótt maður sje settur í stöðuna, ef hann er búsettur á Seyðisfirði; jeg hefði ekkert við það að athuga, og mjer er það ekkert kappsmál, að staðan sje veitt, en hitt er mjer kappsmál, að hún verði ekki lögð niður, en það hefir verið gert með þeirri ráðstöfun, sem hjer hefir verið átalin.

Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. haldi sjer fast við það, sem fram kom í fyrri ræðu hans, að þessi ráðstöfun eigi að gilda áfram. En þá mun jeg verða neyddur til að fara aðra leið en að nota fyrirspurn, því ef það er meiningin að beita vissa landshluta slíku gerræði, þá liggur það í hlutarins eðli, að það verður að fara aðra leið til þess að fá þetta lagfært.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg vildi aðeins leyfa mjer að biðja hæstv. forseta um, að umr. verði frestað, vegna þess, að jeg þarf að vera við umr. í Nd.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Ed., næsta dag, var fram haldið umr. um fyrirspurnina (A. 185).

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg sje ekki, að jeg þurfi að segja nema fá orð til andsvara, en einkum vil jeg leiðrjetta þann misskilning hjá hv. 2. þm. S.-M. (IP), að þessi staða hafi verið lögð niður. Það hefir alls ekki verið gert, heldur hefir maður verið settur í hana um óákveðinn tíma. Það er ekki ótítt, að menn gegni tveim embættum í einu, enda er það aldrei svo, að ekki sjeu nokkur embætti í landinu, sem menn gegna auk sinna eiginlegu starfa, en fyrir það dettur engum í hug, að þau embætti sjeu lögð niður. Eða heldur hv. 2. þm. S.-M. t. d., að fræðslumálastjóraembættið hafi verið lagt niður, þótt sá maður, sem öðru embætti gegnir, hafi verið settur til að þjóna því? Eins og hv. 2. þm. S.-M. veit, er það algengt, að t. d. læknar gegni um tíma því hjeraði, sem næst er þeirra eigin hjeraði, enda þótt svo sje ákveðið, að læknir skuli búsettur innan þess hjeraðs, sem hann gegnir.

Hv. þm. sagði, að rjettara væri að breyta lögunum. Hann um það, hvort hann vill flytja frv. þess efnis. Jeg vil aðeins benda hv. þm. á, að engin ákvörðun hefir verið tekin af hálfu stjórnarinnar um það, hvort þetta síldarmatsmannsembætti verður lagt niður eða ekki. En þegar ekkert hefir verið að gera þarna í 10 ár, var sjálfsagt að veita ekki öðrum manni stöðuna strax. Það segir sig sjálft, að lítill búhnykkur er að því að hafa mann til þess að meta síldina, þegar það kostar verð síldarinnar að meta hana. Fari svo, að síldveiðin aukist þar austur frá, verður málið að sjálfsögðu tekið upp aftur, og þá býst jeg við, að væri heppilegra fyrir hv. þm. (IP) að vera ekki búinn að breyta lögunum.

Ummælum hv. þm. um, að jeg hafi ekki heimild til að leggja niður stöðuna, þarf jeg ekki að svara. Hv. þm. áleit, að matsmaðurinn gæti ferðast um vikulega, en það er misskilningur, þegar þess er gætt, að hv. þm. upplýsti, að síld væri söltuð svo að segja á hverjum bæ. Orð hv. þm. um, að stjórnin hafi virt að vettugi lögin, hafa við ekkert

að styðjast. Hv. þm. hótaði að fara aðra leið en fyrirspurnarleiðina, til þess að ná rjetti sínum. Hann má fara hvaða leið sem hann vill. Jeg skal altaf óhræddur verja það, hvar sem er, að jeg hefi sett mann til að meta nokkur hundruð tunnur af síld.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Pálmason): Það er sennilega þýðingarlítið að ræða þetta mál öllu meir en orðið er. Jeg vil samt, áður en jeg skilst við það, taka það fram, að enn hefir því ekki verið hnekt af hæstv. stjórn nje neinum öðrum, að lögin hafi verið brotin. Þau segja, að síldarmatsmenn eigi að vera 4. Þeir hafa ekki verið 4. Þessu er ekki hægt að neita, og yfir þessu er kvartað.

Hæstv. ráðh. segir, að maður hafi verið settur í þetta starf, og finst hann þá vera laus allra mála. Ef fjórði maður hefði verið settur og hann hefði setið á Seyðisfirði, þá hefði alt verið í lagi. En alt annað mál er það, að setja mann, sem er búsettur á Akureyri og hefir ærið nóg að gera þar, og er auk þess fastur starfsmaður Fiskifjelags Íslands. Sá maður er önnum kafinn og þurfti m. a. að fara til útlanda á síðastliðnu sumri vegna stöðu sinnar hjá Fiskifjelagi Íslands, svo að ekki er hægt að ætlast til, að hann geti auk alls þessa sint matsstarfinu á Austfjörðum.

Mjer virtist hæstv. ráðh. telja fullvel sjeð fyrir síldarmatinu á Austfjörðum með þessari ráðstöfun sinni, og taldi engan búhnykk að hafa þar sjerstakan mann. Jeg tel víst, að hæstv. ráðh. viti, hvað metið var þar síðasta ár. Það voru 9000 tunnur. Hver hefir gefið vottorð um þá síld? Ætli það verði ekki erfitt fyrir mig, sem salta síld á Austfjörðum, að fá vottorð um hana hjá manni á Akureyri, og ætli það verði ekki jafnerfitt fyrir hann að gefa slíkt vottorð, þegar hann hefir ekki sjeð síldina, áður en hún var söltuð?

Hæstv. ráðh. sagði, að jeg hefði haft hótanir í frammi. Það er hinn mesti misskilningur. En jeg hygg ekki, að hæstv. ráðh. taki mikið ofan, þó að hann játi, að rjettara hefði verið að setja mann í þetta starf á Seyðisfirði.

Það kom fram í fyrri ræðu hæstv. ráðh., að laun matsmannsins hefðu öll sparast. Það kann að vera, en jeg hefi grun um, að eitthvað annað hafi komið á móti. Jeg á ekki von á því, að maðurinn á Akureyri ferðist kostnaðarlaust. Jeg býst því við, að sá liður, sem hæstv. ráðh. telur sig hafa sparað, komi fram annarsstaðar sem ferðakostnaður. Að minsta kosti þakka jeg ekki þann sparnað, fyr en hæstv. ráðh. sannar mjer, að hann sje mun lægri en kostnaðurinn við að hafa settan mann á Seyðisfirði, jafnvel þó að engin bein laun hafi verið greidd þeim, sem hann telur að hafi verið settur til að gegna starfinu.

Jeg fæ ekki annað út úr svari hæstv. ráðh. en að hann telji, að þegar honum gott þyki, geti hann virt landslög að vettugi. Jeg geri ráð fyrir, að jeg verði neyddur til að flytja þáltill. síðar út af þessu máli, en hvernig um hana fer, skal jeg ekki segja. En vilji Alþingi staðfesta gerðir hæstv. stjórnar í þessu máli, verð jeg að segja, að þá fer að verða erfitt fyrir vissa landshluta að ná rjetti sínum. Að vísu kæmi mjer það ekki á óvart, þó að svo reyndist nú, sem svo oft áður, að Austfirðir væru hafðir að olnbogabarni.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guð-

mundsson): Hv. fyrirspyrjandi er altaf að tala um, að jeg hafi brotið lögin. Jeg skora þá á hann að kæra mig fyrir landsdómi. Hann segir, að síldarmatsmenn sjeu fyrirskipaðir 4, en sjeu ekki nema 3. Vill hann þá ekki kæra mig fyrir að hafa sett fræðslumálastjóra og fyrir að hafa ekki sett neinn í embætti Bjarna heitins frá Vogi? Og vill ekki hv. þm. yfirleitt kæra mig fyrir allan þann sparnað á embættiskostnaði, sem jeg hefi verið valdur að?

Það er eins og hv. þm. haldi, að yfirsíldarmatsmennirnir meti alla síld og líti á hverja tunnu. Jeg skil ekki, að hv. þm. sje svo fáfróður. Hann hlýtur að vita, að undirmatsmennirnir meta hjer um bil alla síld. Hvernig heldur hann t. d., að yfirsíldarmatsmaðurinn á Seyðisfirði geti gefið vottorð um síld, sem veidd er á Eyrarbakka, sem þó er í hans umdæmi? **(IP:** Hverjir gefa þá vottorðin?) Það gera undirmatsmennirnir í umboði yfirmatsmannanna, og ætti hv. þm. að vita þetta.

Hv. þm. áleit, að ferðakostnaðurinn næmi launum. Eitthvað er þá ferðast, þó að engin síld sje metin!! Eða heldur hv. þm., að yfirmatsmaðurinn á Akureyri taki peninga fyrir, þó að hann komi ekki á staðinn? Annars get jeg upplýst, að ferðakostnaðurinn í þessu umdæmi var lítill síðastl. ár.

Jeg finn enga ástæðu til að tala meira um þetta mál að svo stöddu. Það verður að bíða, þangað til hv. þm. flytur þáltill. sína.

Magnús Kristjánsson: Það víkur svo undarlega við, að einmitt á þeim tíma, sem þessi bráðabirgðaráðstöfun er gerð, fara síldveiðar að glæðast á Austfjörðum. Það er ekki langt síðan þetta mál var hjer til umr. Á þinginu 1923 kom fram frv. um að afnema yfirsíldarmatsmannsstarfið á Seyðisfirði, og var því haldið fast fram, að það næði engri átt að kosta það, þar sem reynslan væri sú, að mjög lítið veiddist. Jeg hjelt því þá fram, að slíkt væri hin mesta fljótfærni, af því að ekki væri hægt að búast við því, að síldin gerði boð á undan sjer, og of seint væri að skipa mann, þegar á þyrfti að halda. Þá var mikið um þetta deilt, og virtist talsverður byr vera fyrir því að leggja starfið niður. Þó komust menn að þeirri niðurstöðu, að það væri álitamál, og endirinn varð sá, að það var ekki lagt niður þá.

Þó að sparnaður sje auðvitað yfirleitt góður og virðingarverður, þá hugsa jeg, að þessi sparnaður sje þýðingarlítill, enda njóti hans ekki lengi við. Það eru áraskifti að síldveiðum. Þó að lítið hafi veiðst um nokkurt árabil, er ekkert líklegra en það, að veiðin glæðist aftur, eins og nú hefir komið í ljós. Þess vegna álít jeg óhjákvæmilegt að hafa fastan mann í þessu starfi.

Jeg geri ráð fyrir, að það hafi verið á 10. þúsund tunnur, sem veiddust á Austurlandi síðastliðið sumar. Jeg verð að álíta, að undir þessum kringumstæðum hefði verið mjög æskilegt, að þar hefði verið maður, sem hefði framkvæmt þetta mat, og eitt er víst, að undirmatsmennirnir hafa eiginlega aldrei fengið þá undirstöðu til þekkingar í starfi sínu, sem þarf til þess að matið geti verið í lagi, vegna þess að yfirmatsmaðurinn var heilsulítill og gat því ekki ferðast um sem þurft hefði, til þess að leiðbeina þeim.

Jeg skal aðeins geta þess, að á síð-

astliðnu sumri hefir orðið talsvert verðfall á útfluttri síld af Austurlandi, og hygg jeg, að það muni stafa að einhverju leyti af því, að matið hafi verið ófullnægjandi, og jeg veit, að utanlands liggur enn þá nokkuð af síld, vegna þess að kaupendur segja, að þar ægi öllu saman, stórri síld og smárri, og mjer er kunnugt um, að það er verið að reyna að taka síldina upp úr tunnum og meta hana og aðgreina. Jeg skal ekki segja nema þetta hefði getað átt sjer stað, þó að yfirmatsmaður hefði verið búsettur austanlands. En það er auðsjeð, að maður, sem er búsettur á Akureyri, getur ekki sint starfinu á Austurlandi, og því síður á Eyrarbakka og Stokkseyri. Það væri þó sanni nær, að síldarmatsmaður frá Seyðisfirði gæti sint þessu starfi þar, heldur en sá, sem búsettur er á Akureyri.

Jeg get ekki látið hjá líða að minnast á þetta mál, þar sem jeg áður hefi orðið að berjast fyrir því, að þetta starf yrði ekki afnumið, og því get jeg heldur ekki látið hjá líða að láta þá skoðun mína í ljós, að jeg hygg það ekki vel ráðið, ef meiningin er að láta engan yfirmatsmann sitja austanlands, sem geti sint því starfi, því þótt sum ár hafi lítið veiðst þar, þá má minna á það, að síðastliðið ár hefir líklega veiðst þar síld fyrir um ½ milj. kr., og hygg jeg, að það mundi hafa fengist meira fyrir þá síld, ef þeim, sem hana veiddu og söltuðu, hefði verið það ljóst, að það hefði þurft meiri nákvæmni við söltunina; má vera, að þá hefði fengist $^3/_4$ milj. fyrir hana, ef öll skilyrði hefðu verið til staðar fyrir því, að varan yrði rjett með farin til þess að geta talist góð verslunarvara.

Það er ekki meining mín að fara að leggja nokkurn dóm á deilu þeirra hæstv. atvrh. (MG) og hv. 2. þm. S.-M. (IP). En jeg held því aðeins fram, sem jeg hefi áður haldið fram, að jeg álít það ekki hyggilegt að leggja þetta starf alveg niður.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ef hv. 4. landsk. (MK) hefði heyrt hvað jeg sagði, þá hefði hann vitað, að það er ekki meiningin að leggja starfið niður, og hv. þm. (MK) veit líka vel, að það mál, sem var hjer til meðferðar á þinginu fyrir nokkrum árum, var um það, að leggja starfið niður. Hjer er um ekkert annað að ræða en að leggja starfið niður um tíma og bíða og sjá, hvort síldveiðin við Austurland eykst, og verð jeg að segja það, út af orðum hv. þm. (MK) um matið, að jeg veit, að það hefir oft ekki þótt gott, þótt frá þeim stöðum væri, þar sem yfirmatsmaður hefir verið búsettur, og eftir því sem yfirmatsmaðurinn á Akureyri hefir sagt mjer, þá voru skipaðir matsmenn á öllum útflutningsstöðum, sem áður höfðu verið, nema á Vopnafirði. Þar veiddust einar 15 tunnur, og þær mat yfirsíldarmatsmaðurinn sjálfur. Á einum stað varð þó að skifta um matsmenn, af því að sá maður, sem áður hafði verið, gat ekki verið það lengur. Jeg get ekki sjeð, hvað við það er að athuga, þótt reynt sje að spara þessi yfirmatsmannslaun, á meðan útflutningurinn er ekki meiri en verið hefir. Jeg skal fúslega viðurkenna það, að síðastliðið ár var útflutningurinn miklu meiri heldur en hvert af átta árunum á

undan, og meira að segja meiri en öll hin árin samtals, en jeg vil aðeins sjá, hvort þessu heldur áfram.

Jóhannes Jóhannesson: Því miður hefir lítið verið um síldveiðina á Austurlandi, jeg held síðan árið 1909. Aftur á móti er það kunnugt, að síldveiðin byrjaði á Austfjörðum, og voru þar um langt skeið bestu síldveiðasvæðin. Mjer var sagt það af gömlum mönnum, að þeir hefðu veitt því eftirtekt, að síldin flytti sig kringum landið, og væri 30 ár að því, og mjer virðist margt benda á, að svo geti verið. Síldin hefir t. d. farið sunnan um land og norður með því að vestan, og svo austur um með Norðurlandinu, og um nokkur ár hefir miðstöð síldveiðanna verið á Siglufirði og Eyjafirði. En um nokkur ár hafa menn veitt því eftirtekt, að frá þessum stöðum hafa menn orðið að sækja síldina austur fyrir sig, og í fyrra veiddist töluvert af síld á Austfjörðum. Jeg á þess vegna sterka von á því, að síldaraflinn aukist á Austfjörðum, og það er mín von og trú, að sá tími eigi eftir að koma, að Austfirðir verði slík miðstöð aftur.

Jeg verð að telja það fullgilda ráðstöfun, sem gerð hefir verið, að skipa ekki fastan mann í þessa stöðu, því að þangað til í fyrra gat verið full ástæða til þess að athuga, hvort ekki hefði verið rjett að leggja starfið niður. Jeg held, að það sje einmitt heppilegt fyrirkomulag, sem nú er, að það er settur næsti yfirsíldarmatsmaður til þess að gegna stöðunni, því að þá má undir eins kippa því í lag, með því að setja sjerstakan yfirsíldarmatsmann á Austurlandi. Og jeg fyrir mitt leyti treysti hæstv. stjórn til þess, ef nokkurt útlit verður fyrir síldveiði á Austfjörðum í sumar, því að hún á hægt um vik, þar sem yfirsíldarmatsmaðurinn á Akureyri er settur til að gegna starfinu um tíma. En það skyldi ekki koma flatt upp á mig, þótt jafnvel á næstkomandi sumri yrði að gera þessa breytingu, og efast jeg þá ekki um, að hæstv. stjórn muni framkvæma hana, svo framarlega sem þess verður þörf.

Jón Baldvinsson: Jeg verð að taka undir með hv. fyrirspyrjanda (IP) um það, að mjer finst hæstv. stjórn nokkuð djarftæk um það, að setja ekki mann í þessa stöðu. **(Atvrh. MG:** Það var settur maður í hana). Og því frekar hefði stjórnin átt að hafa sjerstakan mann í þeirri stöðu, þar sem Alþingi hefir áður neitað að leggja niður þetta embætti, og það sýndi, að Alþingi taldi það ekki forsvaranlegt, jafnvel þó að um nokkur ár hefði ekki aflast þar síld. Mörgum þykir vera trygging í því, að þessir matsmenn sjeu á þeim svæðum, sem eftir bestu manna ráði hefir verið skipað niður í matsumdæmi á landinu, og þingið vildi ekki breyta þessu, og það var til engra bóta fyrir umdæmið að vera sett undir yfirsíldarmatsmanninn á Akureyri, þar sem það áður hafði verið sjerstakt umdæmi. Manni kemur þetta því ákaflega einkennilega fyrir sjónir. En raunar er það ekki meira en að víkja frá lögunum um atvinnu við siglingar, því að það er alt á eina bók lært hjá hæstv. stjórn. Hún virðist ekki skeyta mikið um það, þótt einstakar athafnir hennar sje hálfgerð mótsögn við þau lög, sem henni er ætlað að framfylgja.

Nú getur það verið, að það verði full

þörf á að halda þessu embætti fyrir Austurland, og það hefir sýnt sig, að nú þegar er eitt ár liðið, sem mikil síldveiði hefir verið þar, og þeir, sem undir því eiga að búa, telja það ekki forsvaranlegt að leggja þetta embætti niður. En undarlegast þykir mjer þó það, að einn af fyrirsvarsmönnum Austfirðinga hjer á þingi, eins og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), skuli telja þetta forsvaranlegt, einmitt af því að það er nú komið að því, sem hann trúir, að þessi 30 ára strandferð síldarinnar sje nú komin aftur að Austurlandi; þá finst mjer, að hv. þm. ætti að krefjast þess af stjórninni, að hún ljeti ekki þetta starf niður falla, heldur skipaði mann í starfið, sem þar ætti heima. Það er líka svo, að þó að hæstv. stjórn geri sig líklega til að lofa því, eða hv. þm. Seyðf. geri ráð fyrir því, að stjórnin muni skipa mann í embættið, ef síldveiðin eykst þar eystra, þá gæti farið svo, að hv. þm. brygðust þær vonir, eins og vonin um rannsókn á veg yfir Fjarðarheiði, sem hæstv. stjórn hefir, þrátt fyrir hans óskir og vonir, dregið að láta rannsaka. Jeg gæti líka hugsað mjer, að það væri of seint að skipa mann í starfið, eftir að síldveiðin væri komin í fullan gang, og mjer finst líka, að það ætti að auglýsa embættið og gefa mönnum kost á að sækja um það, til þess að hægt yrði að velja þann manninn, sem bestur og færastur þykir. En það getur verið of seint, þegar komið er fram á síldveiðitímann, því að einhvern frest verður að ætla mönnum til umsóknar. En þessi sameining á starfinu á Akureyri og Seyðisfirði fólst einmitt á bak við þá till., sem fram kom á þinginu 1923, og hefir þingið því í raun og veru fyrirfram neitað að samþykkja þessa gerð stjórnarinnar, og í öðru lagi með því að samþykkja það, sem nú er í lögum, að yfirsíldarmatsmenn skuli vera fjórir, og hefir hæstv. stjórn því farið í bág við vilja Alþingis, sem lýsti yfir því, að það vildi ekki leggja starfið niður.

Þá er þriðja atriðið, sem mest er um vert, að þessi gerð stjórnarinnar fer í bág við hagsmuni almennings, sem mest verður að taka tillit til, svo að hæstv. stjórn hefir brotið í bág við alt, sem hún hefði átt að telja sína helgustu skyldu að fara eftir.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg hefi litlu að svara hv. 5. landsk. (JBald), því að ræða hans var aðeins vatnsþynning á því, sem áður var búið að segja. En jeg vil benda hv. þm. (JBald) á, að það er lítill kjarkvottur að standa hjer upp í þinghelginni og brigsla öðrum um lögbrot, vitandi það, að ekki er hægt að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem sökina ber fram. Slík aðferð minnir mest á kjarklausa en ósvífna götustráka-ræfla, sem hrópa ókvæðisorð að vegfarendum, ef þeir vita sig óhulta.

Jeg man vel, að þegar þetta mál var hjer til meðferðar fyrir nokkrum árum, þá var aðalástæðan til þess, að menn vildu ekki afnema þetta embætti, að háaldraður maður gegndi því, og þótti það því vera mjög hart gagnvart honum að gera það.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg játa það, að jeg er ekki eins mikill „hreppapólitíkus“ eins og hv. 5. landsk. (J-

Bald). Hann má gjarnan leggja mjer það til lasts, en jeg vildi samt ekki skifta við hv. þm. (JBald).

Það er ekki satt, að hæstv. stjórn hafi dregið mig á því að rannsaka vegarlagningu yfir Fjarðarheiði. Drátturinn, sem varð, er vegamálastjóra að kenna.

Á þinginu 1923 var það felt, að leggja niður yfirsíldarmatsmannsstarfið á Seyðisfirði, en stjórnin hefir heldur ekki lagt það niður, eins og hjer hefir verið tekið fram; aðeins hefir þessi sýslan verið starfrækt á sama hátt og á sjer stað um margar aðrar sýslanir, og jeg verð að telja, að þegar sú ráðstöfun var gerð, þá hafi eftir undanfarandi ára reynslu sú ráðstöfun verið full-forsvaranleg. Og jeg tel það líka víst, að gerð verði breyting á þessu þegar á næsta sumri, ef þörf verður fyrir sjerstakan yfirmatsmann þar. Og eins og jeg tók fram áðan, þá hefir ekkert verið gert í málinu, sem geti hindrað það.

Jeg er nú ekki eins grimmur stjórnarandstæðingur eins og hv. sessunautur minn (JBald), og þess vegna dettur mjer ekki í hug að efast um, að hæstv. stjórn muni setja sjerstakan yfirsíldarmatsmann á Austfjörðum, ef mikið útlit verður fyrir síldarútflutning þaðan á næsta sumri.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi aðeins svara því, sem hæstv. atvrh. (MG) og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) halda fram, að embættið hafi ekki verið lagt niður. En hvað er það þá, sem gerist hjer? Það er skipað svo fyrir í lögum, að yfirmatsmenn skuli vera fjórir, en nú eru þeir aðeins þrír. Mjer skilst, að hæstv. stjórn hafi þarna felt niður eitt starf, sem ákveðið er í síldarmatslögunum. Þar er öllu landinu skift niður í fjögur umdæmi, en nú hefir hæstv. stjórn slegið tveimur umdæmum saman, sem lögin gera ráð fyrir að eigi að vera í höndum tveggja manna. Það er því svo, að hæstv. stjórn hefir sameinað tvö umdæmi í eitt, og það verður ekki með neinum lagaflækjum hægt að komast í kringum það.

Hæstv. atvrh. (MG) var að segja, að það væri lítill kjarkur í því fólginn að bera þungar sakir á menn. En hreinsi hæstv. ráðh. (MG) sig þá. Hann hefir hjer fult málfrelsi og getur borið fram þau rök, sem hann hefir.

Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) hælir sjer af því að vera ekki „hreppapólitíkus" eins og jeg. Það er náttúrlega gott fyrir hv. þm. (JóhJóh) að vera sjer þess meðvitandi, en hitt er ekki víst, að allir líti svo á starfsemi hv. þm. (JóhJóh) hjer á þingi, að þeir telji hann með öllu lausan við hreppa- og stjettapólitík.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það er eins og það sje erfitt að koma því inn í höfuðið á hv. 5. landsk. (JBald), að það sje annað að setja mann til að gegna einhverju starfi og að leggja það niður, en hv. þm. (JBald) veit það vel, að það er algengt, að menn sjeu settir til að gegna embættum jafnframt sínu, og það er það, sem gert er hjer. Og jeg mun hvergi standa bleikur nje rauður fyrir það, að hafa reynt að spara fje á þennan hátt, nje heldur með því að setja ekki menn í nokkur önnur embætti, sem hægt hefir verið að komast hjá. Jeg get sýnt, að það hafa verið sparaðar 20 þúsund krónur í ár á þenn-

an hátt, og ætla jeg að standa óskelfdur fyrir hv. 5. landsk. (JBald) og hv. 2. þm. S.-M. (IP) fyrir þau verk mín.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Pálmason): Það eru aðeins fáein orð út af þeirri fullyrðingu hæstv. atvrh. (MG), að hjer hafi verið sparað, án þess að það hafi komið að sök. Það er algerlega órannsakað mál, því að það hefir annar hv. þm. (MK) bent á það, að hjer hafi orðið töluvert tjón af þessari ráðstöfun.

Jeg skal svo ekki lengja meira umr. að sinni. Jeg geri ráð fyrir, að hvorir haldi sinni skoðun. En mjer kemur það dálítið undarlega fyrir sjónir, ef sagt er, að þinghelgin sje notuð til þess að bera sakir á hæstv. stjórn. En að minni hyggju á einmitt að gera það þar. Einmitt þar getur hún borið þær sakir af sjer, og hvergi annarsstaðar betur.

Það hefir verið bent á það, að oft væri sameinuð embætti, þegar svona stendur á. Jeg þekki dæmi til þess, að hjeraðslæknir hefir verið settur til að þjóna í næsta hjeraði við sitt eigið. En það hefir altaf verið af knýjandi ástæðum og aðeins um stuttan tíma, og jafnvel hefði mátt segja af því, að ekki hefði fengist maður í stöðuna. En hjer er um alt annað að ræða en að sameina embættin í bili, því að hæstv. atvrh. (MG) hefir lýst yfir því, að þessi ráðstöfun eigi að standa þar til síld fer reglulega að fiskast fyrir austan, og er þá ekki gott að segja, hve mikið tjón kann að hafa hlotist af þeirri ráðstöfun.

Síðastliðið sumar fiskaðist þar um 9 þús. tunnur af síld, og auk þess allmikið, sem notað var þar fyrir austan, og ef við hugsum okkur nú, að næsta sumar fiskist þar helmingi meira, þá verður manni að spyrja, hve lengi þetta á að ganga svo. Jeg hygg, að þótt hæstv. ráðh. (MG) geti máske fundið einhverja afsökun fyrir því, að þetta hefir verið látið vera svona hingað til, þá sjái hann sjer ekki fært að láta við svo búið sitja, bæði þvert ofan í skýlaus fyrirmæli síldarmatslaganna, og svo þegar litið er á þann geysimikla skaða, sem slík ráðstöfun getur bakað síldarútflytjendum á Austurlandi.

Atv.- og dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg hefi ekki mikla trú á því, að hægt sje að sýna fram á það með rökum, að þessi ráðstöfun hafi komið að sök, og að minsta kosti hefir það ekki verið gert enn. En í sambandi við þetta vil jeg upplýsa, að síldarmatsmaðurinn á Seyðisfirði dó seinast í júní í fyrra, og mestan hluta júlímánaðar gegndi starfinu maður sá, er það hafði gert í sjúkdómsforföllum hins látna. Hann fór eftirlitsferð um Austfjörðu í júlí, til þess að undirbúa matið í fyrra, en í ágústbyrjun mun yfirsíldarmatsmaðurinn á Akureyri hafa tekið við starfinu, og hann ferðaðist einnig um umdæmið. Starfið hefir því verið rækt forsvaranlega, og það, sem verið er að finna að, er það, að ekki hafa verið greidd laun fyrir haust- og vetrarmánuðina, meðan engin síldveiði var og ekkert að gera. Jeg sá og sje enga ástæðu til að borga þannig fje úr ríkissjóði fyrir ekki neitt, og má ávíta mig eins og vill fyrir það. Jeg læt mig það litlu skifta; en þá, sem sýna svo litla sanngirni, met jeg minna eftir en áður, og þeir geta tæpast vænst að komast langt með þeirri aðferð.

Um að skipa mann í stöðuna lofa jeg hv. 2. þm. S.-M. (IP) engu. En eins og jeg hefi tekið fram, verður matið tekið til athugunar, ef út lítur fyrir talsverða veiði á Austfjörðum í sumar.

VIÐBÆTIR

Alþingisreikningur

frá 1. janúar til 31. desember 1926.

(Yfirlit).

TEKJUR:

I.	Fyrir seld Alþingistíðindi og Landsreikninga	kr.	1383.00
II.	Fyrir seldan prentpappír	—	480.00
III.	Vextir af innstæðu í hlaupareikningi við Landsbankann	—	28.32
IV.	Ávísað samkvæmt ávísana- og og viðskiftabókum þingsins	—	245142.97
V.	Greitt af frímerkjafje	—	1.00
	Samtals	kr.	247035.29

GJÖLD:

I.	Þingfararkaup alþingismanna *(fylgiskjal I)*			kr.	94194.82
II.	Goldið starfsmönnum:				
	A. Föst laun	kr.	7195.33		
	B. Lausum starfsmönnum [skrifst. og prófarkal. (þar í aðstoð við útgáfu á umræðum) kr. 11425.72, skjalavarsla og afgreiðsla kr. 1515.00, lestrarsalsgæsla kr. 1488.00, innanþingsskriftir kr. 14766.00, dyra- og pallavarsla kr. 3566.00, þingsveinsstörf kr. 1620.50]	—	34381.22		
				—	41576.55
III.	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda og Landsreikninga og önnur prentun:				
	1. Útgáfukostnaður Alþingistíðinda:				
	A. Skjalapartur og þingskjöl [Samningur 22. mars: Arkarverð með sjerprentunum kr. 181.90, kápuverð kr. 16.50]:				

a. Samkvæmt munnlegum samningi: 20 arkir A-deildar án sjerprentana, 1 kápa . . . . . kr. 2894.14

b. Samkvæmt samningi 22. mars: 117½ örk A-deildar með sjerprentunum, 6 kápur . . . . . — 21472.25

kr. 24366.39

B. Umræðupartur [Samningar 20. og 22. mars: Arkarverð kr. 130.60, í aðalefnisyfirliti kr. 200.75, kápuverð kr. 16.50. Upplag B-, C- og D-deilda aukið úr 700 upp í 750]: B-deild (152 arkir, 8 kápur) kr. 19983.20; C-deild (92 arkir, 5 kápur, uppprentun á ½ örk) kr. 12163.00; D-deild (45 arkir, 3 kápur) kr. 5926.50; Aðalefnisyfirlit (5½ örk, 1 kápa) kr. 1130.62; Viðbætir (yfirlit um alþingiskostnað 1925, 1 örk, munnl. samn.) kr. 176.60 . . . — 39379.92

C. Pappír í skjalapart og umræður o. fl., keyptur í heildsölu erlendis (486¾ ris) *(fylgiskjal II)*. . . . . — 5647.02

D. Útsending (burðareyrir kr. 2716.78, vinna við umbúnað, afgreiðslu og útburð kr. 493.50, umbúðir kr. 55.50) . . . . . — 3265.68

kr. 72659.01

2. Útgáfukostnaður Landsreikninga ásamt launum yfirskoðunarmanna:

A. Til yfirskoðunarmanna (þriggja), 1000 kr. til hvers + verðstuðulsuppbót (67⅓%) . . . . . kr. 5019.99

B. Prentkostnaður og heftingar . . . . . — 3204.90

— 8224.89

3. Önnur prentun (lagaprentun o. fl. kr. 1517.64, brjefhausa, aðgöngumiða o. fl. kr. 87.00, fjölritun á dagskrám o. m. fl. með tilfæringum kr. 1278.75) — 2883.39

— 83767.29

Yfir um kr. 219538.66

		Handan að kr.	219538.66
IV.	Bókband (kr. 539.50), bækur (kr. 253.90), ritföng (kr. 619.30)	—	1412.70
V.	Ljós, hiti, ræsting og viðhald á húsi og munum:		
1.	Ljós (kr. 827.98) og ljósfæri (kr. 71.95)	kr. 899.43	
2.	Hiti	— 2877.05	
3.	Ræsting (ræstingarvinna kr. 2480.10, ræstingarvörur kr. 515.70)	— 2995.80	
4.	Viðhald á húsi (kr. 2958.78) og munum (kr. 1827.16)	— 4785.94	
		—	11558.22
VI.	Önnur gjöld:		
1.	Aðstoðarvinna (þar í lagaþýðingar o. fl. fyrir Interparlamentarisches Jahrbuch kr. 599.55)	kr. 689.55	
2.	Kostnaður við einstakar nefndir (þar í þóknun til skrifara fjárveitinganefnda kr. 475.00 og ferð allsherjarnefndar Nd. til Þingvalla kr. 649.00)	— 1142.80	
3.	Símagjöld Alþingis (talsímaleiga o. fl.)	— 569.30	
4.	Símanot þingmanna (símtöl og símskeyti kr. 2740.90, forsetaskeyti o. fl. kr. 14.95, símavarsla kr. 1152.00)	— 3907.85	
5.	Þinghúsgarðurinn	— 237.80	
6.	Opinber gjöld	— 2309.30	
7.	Ýms gjöld:		
A.	Minning látinna þingmanna og fyrv. þingmanna (Sigurðar Jónssonar, Sigurðar Sigurðssonar, Jóns Þórarinssonar, Kristjáns Jónssonar, Jóns Magnússonar, Bjarna Jónssonar frá Vogi og Eggerts Pálssonar), minningargjafir, silfurskjöldur og blómsveigar; blómsveigur á leiði Benedikts Sveinssonar á 100 ára afmæli hans	kr. 1590.00	
B.	Ferðastyrkur til Klemens alþm. Jónssonar til að sækja norrænt þingaþing í Kaupmannahöfn sumarið 1926	— 1300.00	
C.	Risnukostnaður forseta	— 1055.55	

D.	Undirrjettarkostnaður í málinu: Húsnefnd Goodtemplarahússins gegn forsetum Alþingis	— 1417.50	
E.	Kostnaður af þingskrifaraprófi	— 143.50	
F.	Auglýsingar, frímerki o. fl.	— 162.56	
			— 5669.11
			— 14525.71
			Samtals kr. 247035.29

Skrifstofu Alþingis, 5. febrúar 1927.

Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

Þingfararkaup alþingismanna 1926

og símanot á kostnað Alþingis s. á.

Nöfn	Dagpeningar og verðstuðulsuppbót			Ferðakostnaður	Þingfararkaup alls	Símanot á kostnað Alþingis
	Dagpeningar	Uppbót 67⅓ %	Dagpeningar og uppbót alls			
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Ágúst Helgason, 6. landsk. þm., í Birtingaholti	1332.00	896.88	2228.88	180.00	2408.88	37.50
Árni Jónsson, 2. þm. N.-M., í Reykjavík	1188.00	799 92	1987.92	. . . .	1987.92	42.90
Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf., í Reykjavík	1188.00	799.92	1987.92	. . . .	1987.92	70.25
Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ., í Reykjavík	1188.00	799.92	1987.92	. . . .	1987.92	4.55
Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf., á Þverá	1344.00	904.96	2248.96	355.00	2603.96	39.65
Bjarni Jónsson, þm. Dal., í Reykjavík	1188.00	799.92	1987.92	. . . .	1987.92	. . .
Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., í Reykjavík	1188.00	799.92	1987.92	. . .	1987.92	18.35
Björn Líndal, þm. Ak., á Svalbarði	1320.00	888.80	2208.80	155.00	2363.80	132.90
Eggert Pálsson, 1. þm. Rang., á Breiðabólsstað	1320.00	888.80	2208.80	194.00	2402.80	17.00
Einar Árnason, 1. þm. Eyf., á Eyrarlandi	1332.00	896 88	2228.88	329.00	2557.88	142 95
Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv., í Ási	1368.00	921.12	2289.12	285.00	2574.12	162.75
Gunnar Ólafsson, 5. landsk. þm., í Vestmannaeyjum	1296.00	872.64	2168.64	50 00	2218.64	148.50
Halldór Stefánsson, 1. þm N.-M., á Torfastöðum	1512.00	1018.08	2530.08	258 00	2788.08	100.40
Halldór Steinsson, þm. Snæf., í Ólafsvík	1296.00	872.64	2168.64	120.00	2288.64	87.60
Hákon Kristófersson, þm. Barð., í Haga	1440.00	969.60	2409.60	105.50	2515.10	103.30
Ingibjörg H. Bjarnason, 4. landsk. þm., í Reykjavík	1188.00	799.92	1987.92	. . . .	1987 92	. . .
Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ., í Fjósatungu	1368.00	921.12	2289.12	402.00	2691.12	168.00
Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., á Norðfirði	1476.00	993.84	2469.84	157.00	2626.84	46.60
Jakob Möller, 3. þm. Reykv., í Reykjavík	1188.00	799.92	1987.92	. . . .	1987.92	2.20
Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., í Vestmannaeyjum	1272.00	856.48	2128.48	50.00	2178.48	141.50
Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., í Reykjavík	1188.00	799.92	1987.92	. . . .	1987.92	14.75

Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., á Ísafirði	1308.00
Jón Baldvinsson, 2. þm. Reykv., í Reykjavík	1188.00
Jón Kjartansson, þm. V.-Sk., í Reykjavík	1188.00
Jón Magnússon, 2. landsk. þm., í Reykjavík	1188.00
Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., á Reynistað	1380.00
Jón Þorlákssson, 1. þm. Reykv., í Reykjavík	1188.00
Jónas Jónsson, 3. landsk. þm., í Reykjavík	1188.00
Jörundur Brynjólfsson, 2. þm. Árn., í Skálholti	1332.00
Klemens Jónsson, 2. þm. Rang., í Reykjavík	1188.00
Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf., í Reykjavík	1188.00
Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv., í Reykjavík	1188.00
Magnús Torfason, 1. þm. Árn., á Eyrarbakka	1260.00
Ólafur Thors, 2. þm. G.-K., í Reykjavík	1188.00
Pjetur Ottesen, þm. Borgf., á Ytrahólmi	1224.00
Pjetur Þórðarson, þm. Mýr., í Hjörsey	1332.00
Sigurður Eggerz, 1. landsk. þm., í Reykjavík	1188.00
Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf., á Ísafirði	1308.00
Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., í Firði	1176.00
Tryggvi Þórhallsson, þm. Str., í Reykjavík	1188.00
Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk., í Hólum	1536.00
Þórarinn Jónsson, þm. V.-Húnv., á Hjaltabakka	1344.00
Samtals	53748.00

880.72	2188.72	76.00	2264.72	153.85
799.92	1987.92	. . . .	1987.92	. . .
799.92	1987.92	. . . .	1987.92	58.05
799.92	1987.92	. . . .	1987.92	. . .
929.20	2309.20	230.00	2539.20	141.10
799.92	1987.92	. . . .	1987.92	5.60
799.92	1987.92	. . . .	1987.92	147.50
896.88	2228.88	185.00	2413.88	34.25
799.92	1987.92	. . . .	1987.92	8.00
799.92	1987.92	. . . .	1987.92	. . .
799.92	1987.92	. . . .	1987.92	6.50
848.40	2108.40	130.00	2238.40	69.60
799.92	1987.92	. . . .	1987.92	1.90
824.16	2048.16	25.00	2073.16	98.50
896.88	2228.88	179.00	2407.88	44.15
799.92	1987.92	. . . .	1987.92	8.90
880.72	2188.72	76.00	2264.72	82.95
993.84	2469.84	105.00	2574.84	63.35
799.92	1987.92	. . . .	1987.92	28.15
1034.24	2570.24	415.00	2985.24	157.60
904.96	2248.96	195.00	2443.96	149.30
36190.32	89938.32	4256.50	94194.82	2740.90

Fylgiskjal II.

Skilagrein

fyrir prentpappír í Alþingistíðindi 1926.

I. Pappírsleifar frá f. á. samkv. síðasta þingreikningi	480¼	ris,	kr.	7138.06
II. Pappír, keyptur erlendis á árinu	486¾	—	—	5647.02
Alls	967	ris,	kr.	12785.08

Jafnaðarverð ca. kr. 13.22 rísið.

Af pappír þessum hefir farið:

1. Í *skjalapart og þingskjöl*	163¼	ris,	kr.	2158.40
2. Í *umræðupart*	265 3/10	—	—	3507 64
3. Til *fjölritunar á dagskrám* o. fl.	3¾	—	—	49.06
Seld hafa verið 24 rís á 20 kr. hvert	24	—	—	480.00
	456 3/10	ris,	kr.	6195.10
En eftir er óeytt	480¼	ris,	kr.	6589.98